- 2 Um þessi málefni almennt, sjá Björn Björnsson, „Um hjúskaparmál í lútherskum sið.“ *Lúther og íslenskt þjóðlíf*. Reykjavík 1989, bls. 141-152.
- 3 Um mál hennar, sjá Skúla Helgason, *Saga Þorlákshafnar til loka áráskipaútgerðar* III. Reykjavík 1988, bls. 65-70.

Ákvörðun faðernis óskilgetinna barna var líka tekin mjög alvarlega, enda hætt við blóðskammarbrotum í framtíðinni ef ekki var rétt að hlutunum staðið: „Um þau börn sem lausakonur svo ala að ei geta grein gjört á vissu faðerni... virðist oss að börnin tengist ekki til ektaskapar í hvorugs þess manns ætt sem kennt var sökum vareygðar við óvissa blóðskömm... og að því sé lýst í þeirri sókn sem þau uppalast og staðfestast einu sinni á tólf mánuðum frá því börnin eru tólf vetra fram til þess þau giftast“ (bls. 133). Til greina kom meira að segja að kona sem ekki hafði getað feðrað barn sitt mætti ekki giftast öðrum manni (bls. 255).¹ Einstakt er málefni mállausrar og heyrnarlausrar konu á Brekku í Mjóafirði sem á þingi heilsaði ungum manni með kossi og rétti öðrum barnið (bls. 285), en jafnvel enn örðugra er að meta hvernig prestur átti að bera sig að í máli Halldóru Jónsdóttur. Hún lýsti Guðmund Ólafsson föður að barni en hann vann eið fyrir samræði við hana um þann tíma sem getnaður átti sér stað. Hún stóð við orð sín, varð „harmi þrungen“ og hrópaði „oflaga um sannleik sinnar sagnar“ (bls. 217). Mál sem þetta urðu til þess að árið 1651 tók Brynjólfur saman einkar frumlega greinargerð um meðgöngutíma kvenna eftir fornum ritum, sem hann svo las á alþingi ásamt hvatningu til sýslumanna um að láta ekki karla komast upp með hvað sem væri (bls. 151-153).²

Galdur og galdramál eru ekki áberandi í prestastefnubókum Brynjólfs. Ályktað var örstutt um kuklara í Otrardal árið 1647 (bls. 133) og tíu árum síðar óskaði séra Jón Magnússon á Eyri í Skutulsfirði eftir því að prestar á Þingvöllum liðsinntu sér gegn ásóknum galdramanna (bls. 213).³ Séra Páll Björnsson í Selárdal sendi bréf svipaðs ógnarerindis á prestastefnu árið 1669 og fékk daufar undirtektir, líkt og séra Jón, því biskup, sem var svili Páls, vék sér undan því að skrifa konungi bréf á móti galdramönnum á þeirri forsendu að „ös og fjölskylda bannar langan umþenkingartíma að hafa, þar hann þykist hér til þurfa“ (bls. 283). Athygli vekur að galdramál skólapilta í Skálholti árin 1650 og 1664 komu ekki fyrir prestastefnu.⁴ Vera má að Brynjólfur hefði líka helst viljað komast hjá því að stefna séra Lofti Jósefssyni dómkirkjupresti eftir áburð Jóns Sigurðssonar skólapilts, sem lagðist veikur fyrir jóln 1669 og var illa haldinn fram yfir áramót. Munu Loftur og Jón hafa keppt um hylli Ragnheiðar Torfadóttur, frænku biskups, sem Jón átti síðar. Jón var sonur Sigurðar Jónssonar lögmanns í Einarsnesi, góðvinar biskups, sem skrifaði lögmanni um veikindi sonarins 13. og 29. janúar 1670. Þá var altalað að veikindin væru „af vondra óguðlegra manna völdum“, en ekki var biskup trúður á það. Jón

1 Sjá annars Má Jónsson, *Blóðskömm á Íslandi*, bls. 165-166.

2 Bréf Brynjólfs er áður prentað í *Alþingisbókum* VI, bls. 292-296.

3 Um samhengið, sjá *Píslarsögu séra Jóns Magnússonar*. Útgefandi Matthías Viðar Sæmundsson. Reykjavík 2001, bls. 49 og 299-300.

4 Þórhallur Guttormsson, *Brynjólfur biskup Sveinsson*, bls. 59-61; Jón Halldórsson, *Biskupa-sögur* I, bls. 271; *Úr bréfabókum Brynjólfs biskups Sveinssonar*, bls. 166-174.

sakaði Loft opinberlega um galdragjörninga í Skálholti 9. febrúar og aftur 11. mars. Fjórir galdrastafir sem séra Loftur átti að hafa afhent Jóni eru teiknaðir í bókinni (bls. 299). Sigurður lögmaður tók son sinn trúanlegan og fékk Jón Vigfússon sýslumann til að halda þing á Vatnsleysu 10. mars. Hann krafðist þess líka að Brynjólfur boðaði presta til Snæfugsstaða. Þar var haldin prestastefnan 29. mars og mikið viðhaft næstu mánuðina, en málaferlum lauk á Þingvöllum 3. júlí 1671 á því að séra Loftur féll á tylftareiði, missti embættið og var dæmdur til konungs náða (bls. 294-303, 315-331).¹

Drjúgur tími fór í það hjá Brynjólfi að ráða fram úr málum undirmanna sinna. Barneignir presta utan hjónabands eða ógiftra komu fyrir hann og prestastefnu með reglulegu millibili. Séra Gottskálk Oddsson eignaðist barn fram hjá konu sinni Jóhönnu Einarsdóttur árið 1646 og var virt til vorkunnar að hún væri alræmd „af stórsinni, ofsa og æslum.“ Hann missti embættið, en hjónabandinu varð ekki slitið fyrst Jóhanna neitaði því ekki að hún hefði „samlagað sig við Gottskálk upp frá því hún vissi hann fallinn vera í þetta mál“ (bls. 114-118). Málið kom til dóms á Þingvöllum 30. júní og kann að hafa orðið til þess að fógeti spurði kennimenn að því hver venjan væri í þessum efnum í landinu (bls. 109-110). Líklega þóttu svörin óljós og 10. desember gaf konungur út bréf um hórdómsbrot og frillulífi presta. Þar var kveðið á um embættismissi og áttu menn undir náð konungs hvenær þeir fengu embætti aftur. Bréfið var lesið á alþingi sumarið 1647 og vildu jafnt prestar sem leikmenn að frillulífisbrotin fengjust afgreidd innanlands, þá væntanlega hjá höfuðsmanni og biskupi.² Næsta mál af þessu tagi á prestastefnu var mál séra Þórarins Eiríkssonar árið 1654, en hann þverneitaði faðernisáburði Guðrúnar Sæmundsdóttur og hafði falsað vottorð um opinbera aflausn hennar, en féll á eiði og missti embættið (bls. 165-177, 181-193). Ári síðar var komið að séra Birni Þórðarsyni, ókvæntum (bls. 178-180). Séra Jón Jónsson í Reykjadal, ári eftir það, var kvæntur (bls. 202-204, 207-211), og séra Þorsteinn Björnsson sömuleiðis árið 1660 (bls. 232-233, 235-242). Séra Henrik Jónsson á Eiðum kom til úrskurðar þremur árum síðar (bls. 253-255) og loks séra Einar Eiríksson árið 1672 (bls. 337-340). Einar var reyndar einungis borinn því að eiga vingott við trúlofaða stúlku og hafði meðal annars beðið hana að fara með sér í berjamó: „hvað undarlegt þótti“ (bls. 338). Málið hjaðnaði niður og hann hélt embættinu.³

Framfæri aldraðra og veikra presta var tíðum brýnt úrlausnarefni (bls. 72, 86, 89, 159, 277, 280), ekki síður en vandi prestsekkna (bls. 77, 97, 130, 139,

1 Ólína Þorvarðardóttir, *Brennuöldin. Galdur og galdratrú í málaskjölum og munnmælum*, bls. 147-149, 257 og 390; *Úr bréfabókum Brynjólfs biskups Sveinssonar*, bls. 249-254.

2 *Lovsamling for Island I*, bls. 233; *Alþingisbækur VI*, bls. 212. Í handriti er dagsetning prestastefnu í máli séra Gottskálks 3. júní (bls. 108), en 30. júní er áreiðanlega rétt. Um barneignir presta, sjá Loft Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 163-164.

3 *Íslenzkar æviskrár I*, bls. 345.

218, 245, 353). Enn flóknari úrlausnar var óróleiki einstöku manna eða vanræksla. Séra Halldór Jónsson á Staðarhrauni varð sér til skammar drukinn í kaupstað (bls. 257-258) og séra Þorleifur Magnússon á Sandfelli réðst með fárra ára millibili á tvo bændur í sinni sveit. Fyrir það var hann sviptur embætti, enda biskup langþreyttur á að taka við kvörtunum undan „óróa og ófriðsemi“ hans (bls. 128-129, 194-196). Séra Þórður Tómasson í Garpsdal missti patínu við messu og var fyrirgefið vegna elliburða og hvattur til að láta af störfum (bls. 53-55). Kaleikur sem séra Hávarður Sigurðsson kapellán í Kirkjubæ ábyrgðist í ferð á milli kirkna féll í Jökulsá á Fjöllum (bls. 71). Séra Þórður Jónsson í Bitruþingum virðist hafa staupað sig við embættisgjörð (bls. 381-382) og Sesselja Árnadóttir sakaði séra Ólaf Böðvarsson í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd um að hafa „borið og dregið dauðra hrossa kjöt“ um landareign kirkjunnar (bls. 118-120). Sóknarbörn í Laxárdal höfðu áhyggjur af holdsveiki séra Erlends Einarssonar í Hjarðarholti (bls. 233-234), en skyndilegt og viðvarandi heyrnarleysi séra Torfa Snæbjarnarsonar á Kirkjubóli í Langadal varð þess valdandi að íbúar kröfðust annars prests (bls. 153-155, 405-408). Úr þessu reyndi Brynjólfur að greiða, en óreiðu og óróa var líka mætt með almennum ákvörðunum á borð við að prestar mættu ekki ferðast úr kalli sínu án leyfis frá prófasti (bls. 52) og yrðu jafnt að fylgja ráðum hans (bls. 218) og hlýða stefnum (bls. 235). Hvorki prófastur né sóknarbörn gátu þó haldið prestum nauðugum, jafnvel ekki biskupinn sjálfur (bls. 222, 235).

Eignir kirkna, jarðir jafnt sem innbú, voru á ábyrgð presta og staðarhaldara, en deilur þar að lútandi bárust iðulega til biskups eða hann var beðinn um álit, eða spurði presta. Árið 1639 bað höfuðsmaður um nákvæma úttekt á eignum kirkna í landinu og fór þess jafnframt á leit að gagnslausir búsmunir yrðu virtir, væntanlega með sölu í huga (bls. 62).¹ Biskup tók þessu vel en fór reyndar undan í flæmingi og þóttist lítið geta gert. Hann fagnaði áhuga höfuðsmanns og fór fram á stuðning við presta sem stóðu í deilum vegna eigna sem höfðu gengið undan kirkjum sem þeir þjónuðu (bls. 63). Reglan var sú að prestur átti að skila af sér jafngóðu búi og hann tók við, en oft tókst það ekki og algengt var að miklu munaði. Minnstur vandi var að greiða úr slíku á prestssetrum, þar sem ekki fór á milli mála að forveri í embætti og erfingjar hans voru ábyrgir. Verra var að eiga við bændakirkjur, þar sem eignarmaður jarðarinnar átti að halda henni og kirkjunni við. Þannig lenti séra Vigfús Árnason á Hofi í Vopnafirði í deilu við Bjarna Oddsson sýslumann út af kirkjunni á Torfastöðum, sem biskupi tókst að leysa (bls. 71). Brynjólfur var reyndar gallharður á því að þessi málefni kæmu sér ekki við og lét samþykkja nokkrar ályktanir í þá veru á prestastefnum (bls. 91, 127, 259), en skrifaði þar að auki séra Böðvari Sturlasyni á Valþjófsstað harðort bréf árið 1671 eftir að hann hafði fullyrt á prestastefnu að biskup ætti að sækja forvera og erfingja

¹ Beiðnin er í *Atþingisbókum* VII, bls. 25-26.

hans til saka fyrir „þennan yðar kirkju og staðar byggingarþrest“ (bls. 290). Ef á reyndi hlutu kirkjur að bera skaðann sjálfar eða leita aðstoðar á grundvelli persónulegrar samúðar, til dæmis þegar skriða féll á Reynivelli árið 1642 (bls. 90-91) og þegar Tyrkir rændu kirkjuna í Berufirði árið 1627 en skoskir reyfarar kirkjuna á Klyppstöðum fjórum áratugum síðar (bls. 287).

Oft voru eignadeilur á mörkum kirkjuréttar og veraldlegs réttar. Þá gat reynt á landamæri valdskiptingar á milli kirkjunnar annars vegar en konungs og embættismanna hans hins vegar. Brynjólfur hóf starfsferil sinn á því að boða afnám helmingadóma, þar sem leikmenn og kennimenn áttu jafnmarga dómsmenn (bls. 47-48). Í svari hans við tilmælum höfuðsmanns og fógeta tveimur árum síðar gætir tregðu í flestum atriðum (bls. 60-62). Með Vælugerðisdómi árið 1645 hnykkti hann á ýmsum réttindum kirkjunnar og dómi sínum til styrkingar safnaði hann undirskriftum presta um allt land næstu árin (bls. 74-77).¹ Viða gætir spennu í samskiptum Brynjólfs og presta hans við ráðamenn á Bessastöðum og nægir að nefna ummæli presta í dómi um Tómas Nikulásson fógeta árið 1657, en séra Sigurður Torfason hafði sett hann út af sakramenti fyrir að láta veiða í Elliðaáam á sunnudegi: „því það þykjast kennimennirnir vita að hvör íslenskur sem þvílíkt hefði aðhaft hefði ekki sloppið hjá opinberri aflausn“ (bls. 213). Ekki leikur samt vafi á óskoraðri hollustu biskups og allra presta við konung, svo sem sjá má í yfirlýsingu á prestastefnu 1662, að Henrik Bjelke höfuðsmaður var ókominn og prestar sem bjuggu í fjarlægð vildu komast heim. Til stóð að sverja Friðriki þriðja nýjan „arfhyllingareið“ í tilefni af einveldistöku og eftir að skipaðir voru fulltrúar úr nærsveitum til að bíða höfuðsmanns klykkja prestar út með lofgjörð til konungs: „Svo viljum vér jafnan sem skyldugt er alvarliga að biðja Guð almáttugan að spara og bívara hans kóngliga *majestet*, og staðsetja hans konungliga *regiment* lengi og vel, sínu heilaga nafni til dýrðar, kóngligu *majestets* tignarveldi til gagns og góða, oss allra fátækustu hans undirsátum til huggunar og hugsvölunar í Jesú nafni *amen*“ (bls. 240).²

Ólík afstaða birtist reyndar ári síðar þegar Bjelke fór fram á fjárframlag „vegna þess háskasamliga tilstands sem nú yfirhangir af kristinnar óvinnar Tyrkjans æðigangi, hvör nú skal hafa fullan ásetning í þessi Norðurhöf til rána og herleiðinga að sigla“ (bls. 243). Bjelke hafði dottið í hug að Íslendingar kostuðu smíði herskips. Það leist kennimönnum ekki á og þeir bentu margfaldlega á „vor fátæklig efni“ í von um „að oss leggist ekki óbærilig þyngsl uppá til þessarar *contributionis* sem vær erum öngvaneginn efnaðir til“ (bls. 244). Að höfðu samráði við Gísla biskup Þorláksson að Hólum, sem var

1 Björn Karel Þórólfsson, „Vælugerðisdómur Brynjólfs biskups.“ *Nordæla. Afmæliskveðja til prófessors, dr. phil. & jur. Sigurðar Nordals*. Reykjavík 1956, bls. 40-54. Þar er dómurinn gefinn út og útskýrður; sjá einnig Pál Eggert Ólason, *Seynþjófaöld*, bls. 129-130.

2 Um þessi atvik hefur mikið verið skrifað og er samþykkt prestanna hvergi nefnd, en greinargott yfirlit gefur Helgi Þorláksson, „Undir einveldi“, bls. 150-155.

staddur á Þingvöllum, var ákveðið að prestastéttin leggði fram 300 ríkisdali (bls. 243-245, 252).¹ Hér var þó ekki á ferðinni andóf gegn konungi heldur rótgróinn ótti við breytingar og skortur á hagsjórnarlegu áræði, sem jafnframt birtist í einkennilega þröngsýnu viðhorfi til samfélagsins. Árið 1650 þótti prestum helst koma til greina að láta lausamenn og letingja annast vegagerð á fjöllum (bls. 150) og við umræður um hrörnun hússtjórnar ári síðar var sjálfræði og óhlýðni vinnufólks kennt um allt sem illa gekk, auk þess sem engar skordur væru settar við giftingum: „því varla von að þeir kunni aðra í Guðs ótta og góðum siðum upp að ala sem sjálfir eru illa vandir“ (bls. 156). Eina framfaramálið sem unnið var að í biskupstíð Brynjólfs voru holdsveikra-spítalar, sem prestar að frumkvæði konungs lögðu til árið 1650 að yrðu stofnaðir í öllum fjórðungum (bls. 150). Það samþykkti konungur tveimur árum síðar, að skilgreindum tekjustofnum, en biskup nánast gafst upp þegar árið 1657 vegna þess hversu mikil fyrirhöfn og kostnaður fylgdu því að safna svonefndum hospitalshlutum úr dreifðum byggðum landsins og koma þeim til skila (bls. 199-201, 431-436).²

Mörg af þeim málum sem komu fyrir prestastefnu og birtast í þessari bók má finna í umfangsmiklum bréfabókum biskups, sem varðveittar eru í fjórtán bindum frá og með árinu 1652. Svo dæmi sé nefnt er til vitnisburður Brynjólfs um Odda Oddason sem kom fyrir prestastefnu fjórum árum áður, sakaður um að hafa markað leiguá ólöglega (bls. 159). Boðunarbréf til héraðsprestastefnu um málefni séra Björns Þórðarsonar (bls. 178-180) er fært í bréfabók og getuleysismál Magnúsar Árnasonar (bls. 103, 139, 395-398) nefnir biskup í bréfi 3. júlí 1652.³ Sumt efni bréfabóka sem tengist prestastefnudómum hefur Jón Helgason gefið út og má nefna samtal séra Jóns Jónssonar í Reykjadal við konu sína (bls. 202-204) og bréfaskipti um viðskilnað séra Þórðar Sveinssonar við Aðalvíkurstað (bls. 218-222).⁴ Hér er engin leið að fylgja öllum þráðum og vandalítið að elta uppi mál eftir mannanöfnum og atriðisorðum í registri sem Páll Eggert Ólason vann árið 1908 eftir eigin afriti bréfabókanna og Guðmundar Þorlákssonar.⁵ Að minnsta kosti skilnaðarmál Ástríðar Jónsdóttur og Magnúsar Jónssonar í Vigur árið 1675 hélt áfram á fyrstu prestastefnu

1 Páll Eggert Ólason, *Seyjanda öld*, bls. 139-140.

2 *Lovsamling for Island* I, bls. 237 og 244-246; *Alþingisbækur* VI, bls. 313-317; Erla Dóris Halldórsdóttir, *Holdsveiki á Íslandi*. Reykjavík 2001, bls. 41-55; Helgi Þorláksson, „Undir einveldi“, bls. 146-149.

3 Stofnun Árna Magnússonar. AM 268 fol. Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1652-1654, bls. 6 (Magnús); AM 269 fol. Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1654-1656, bls. 101-102 (Björn); AM 270 fol. Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1656, bls. 364-365 (Oddi).

4 *Úr bréfabókum Brynjólfs biskups Sveinssonar*, bls. 93-95 og 97-100.

5 Handritadeild Landsbókasafns-Háskólabókasafns. Lbs. 1091 4to. Registar yfir bréfabækur Brynjólfs Sveinssonar biskups eftir Pál Eggert Ólason, unnið 1908; Lbs. 1077-1090 4to. Bréfabækur Brynjólfs biskups Sveinssonar. Eftirrit Guðmundar Þorlákssonar og Páls Eggerts

Þórðar Þorlákssonar.¹ Önnur gögn um einstök mál hafa annars ekki verið könnuð vegna þessarar útgáfu, en forvitnilegur ágreiningur um kirkjusókn Skeggjastaða og Sauðaness (bls. 69-70) kom til úrræða Þorláks biskups Skúlasonar á Hólum og afbrot Arnórs Eyjólfsssonar á Álfstöðum í Hrafnfirði voru tekin fyrir á alþingi (bls. 351-353).² Góðar og notendavænar skrár fylgja útgáfu alþingisbóka. Í fornbréfasafni eru líka skjöl sem getið er í dómum í þessari bók og má nefna Heggstaðadóm frá 14. ágúst 1566 og Húsatóftadóm frá 3. október 1567 um eignir og viðhald kirkna (bls. 260-261), sem og bréf Eiríks Snjólfsssonar frá 18. janúar 1566 (bls. 72-73).³

Handrit og frágangur texta

Prestastefnur Brynjólfs eru í biskupsskjalasafni í Þjóðskjalasafni Íslands í Reykjavík og gegna safnmarkinu *Bps. A III-1. Prestastefnubækur Skálholts 1639-1674*. Bækurnar eru raunar tvær, báðar í arkarbroti, bundnar saman í gamalt band með tréspjöldum. Hefti liggur á milli þeirra og dálítill samtíningur að auki. Fyrri bókin tekur til árána 1639-1654 og er hreinrit skrifað með einni hendi að Brynjólfi látnum. Sama rithönd er á heftinu og á úttekt á spítölum frá 1676 sem liggur með því. Upphaflegt blaðsíðutal í handriti er 1-252 (sjá hér á bls. 47-187.) Við útgáfuna leyfði ég mér þrjár tilfæringar í þágu tímaraðar. Ég færði prestastefnuna í Otrardal árið 1647 fram fyrir í rétta röð (bls. 131-134; í handriti á bls. 246-252) og bréf Brynjólfs um faðerniseiða sömuleiðis (bls. 151-153; í handriti á bls. 241-243). Bréf um útróðrarmenn í Þorlákshöfn er síðari viðbót í bókinni og fær sæti aftar hér (bls. 429-430; í handriti á bls. 252).³ Eitthvað vantar í textann, sem merkja má af þrennu. Í dómi um málefni Árna Magnússonar frá Hóli í Bolungarvík árið 1653 er vísað í „biskupsins og prestanna samþykki *in synodo generali* að Þingvöllum anno 1649“ (bls. 161). Samþykktin er ekki framar í bókinni og hefur því verið sleppt við afritun eða gleymst. Undir lok dóms um vafasama skírn árið 1651 er líka eins og skrifari nenni ekki að skrifa allt: „segist hún vera nú svo að aldri (með öðru fleiru sem í *synodals* bókinni greinir, sem er framburður þeirra sem við voru staddir og fólksins í Vaðnesi sem biskupinn hafði með bréfi kalla látið að bera þar um hið réttasta og sannasta sem þeir vissu og heyrt

Ólasonar, gert 1899-1907. Þaðan er greið leið yfir í frumritin í Stofnun Árna Magnússonar í Reykjavík: AM 268-281 fol. Bréfabækur Brynjólfs biskups Sveinssonar 1652-1674. Ljósrit af registrinu er í Stofnun Árna Magnússonar í Reykjavík.

¹ Þf. Bps. A-III, 2. Prestastefnubók Skálholts 1675-1697, bls. 1-2; má og nefna eftirleitni séra Böðvars Sturlasonar um Valþjófsstað á bls. 27 og 29

² *Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar*, bls. 117-118; *Alþingisbækur* VI, bls. 114; VII, bls. 273-274 og 301.

³ *Íslenskt fornbréfasafn* XIV, bls. 457-458 og 521-523; XV, bls. 24-26.

⁴ Um það mál, sjá Skúla Helgason, *Saga Þorlákshafnar* I, bls. 77-87.

höfðu“ (bls. 158). Hér vantar í textann. Eins virðist skrifari hlaupa yfir ályktun presta í máli Jóns Indíafara, þar sem segir: „orð fyrir orð hljóðandi sem eftirfylgir. Þetta álit heiðurlegs kennimanns“ (bls. 259).

Hin bókin tekur til árána 1655-1674. Hún er frumrit með sjálfstæðu blaðsíðutali (bls. 1-286), sem reyndar sést illa vegna slits. Safnvörður hefur sett nýtt blaðsíðutal með blýanti til samræmis við það sem á undan er komið: bls. 323-624 (hér á bls. 189-369). Spássíugreinar eru víða með hendi sama manns og skrifar fyrra bindið. Ekki er í bókinni álit prestastefnu árið 1658 um ákæru séra Jóns Magnússonar á hendur Þuríði Jónsdóttur um galdra og enginn vegur að vita hvort fleira vantar.¹ Á milli bókanna eru þrjú stök bréf (bls. 430 og 436-437; í handriti á bls. 259 og 270-271) og úttekt um spítala frá 1676 (bls. 431-436; í handriti á bls. 261-269). Mestu varðar þó vænt hefti með sjálfstæðu blaðsíðutali (bls. 1-46) sem geymir afrit af úrskurðum Brynjólfs í vísitasíuferðum (bls. 371-405; í handriti samkvæmt nýrri merkingu á bls. 273-318). Eins og þegar er getið er heftið með sömu hendi og fyrri prestastefnubókin. Úr heftinu tók ég prestastefnu á Egilsstöðum árið 1663 og skaut henni inn í texta síðari bókar samkvæmt tímaröð (bls. 252-255; í handriti á bls. 309-314). Annað fékk að vera á sínum stað. Augsýnilegt er að skrifari hefur flett vísitasíubókunum og tínt úr þeim efni sem viðkom prestastefnum eða biskup hafði ályktað um á ferðum sínum. Vandalaust er að finna þessa texta í vísitasíubókunum eftir staðsetningu og dagsetningu. Skrifarinn sleppti hins vegar sambærilegu efni eða sást yfir það og athugun mín á vísitasíubókunum leiddi í ljós eitt og annað sem mér fannst að ætti hér heima líka (bls. 405-420). Því er raðað hér eftir bindum: Vatnsfjörður, Selárdalur og Skarð á Skarðsströnd úr sjötta bindi vísitasíubóka (þar á bls. 114-116, 172-176, 190-191 og 372-373); Oddi og Neðri-Hvoll úr sjöunda bindi (bls. 206-209 og 223-224); Skeggja-staðir, Hof, Kirkjubær og Egilsstaðir úr áttunda bindi (bls. 310, 314-316, 319, 388-389, 426-430 og 475-476). Þá stóðst ég ekki freistinguna að birta stórfróðleg sýnishorn af því hvernig landsmenn forðuðust yfirheyrslur biskups og presta með því að mæta seint og illa til kirkju. Fyrir valinu urðu sóknir á Suðurlandi og Vesturlandi árið 1652 í níunda bindi vísitasíubóka (bls. 177-181, 188-194, 200-201, 205-206 og 209-213; hér á bls. 420-428).² Víðar munu leynast áhugaverðir og gagnlegir smámunir til viðbótar sem koma í ljós þegar stafrænni útgáfu vísitasíubóka Brynjólfs lýkur sem unnið er að á vegum Örnefnastofnunar.

Bindunum báðum og heftinu fylgir samtíðar efnisyfirlit, í þrennu lagi (bls. 253-258, 319-320, 619-624), og er hér (bls. 5-22) byggt á þeirri vinnu með óbreyttu orðalagi, en tilhliðrunum og viðaukum eftir þörfum.

¹ *Aþingisbækur* VI, bls. 431-433.

² Sjá skrá yfir vísitasíubækur Brynjólfs í heimildaskrá hér á bls. 41. Í tunda bindinu, sem er með hendi séra Jóns Erlendssonar í Villingaholti, er úrval efnis úr hinum bindunum, raðað í sóknaröð. Það nýttist á nokkrum stöðum vegna óvandaðrar skriftar eða skemmda í frum-

Í vísitasúbókunum er nokkuð um texta sem einnig eru í prestastefnu-bókunum. Í sjötta bindi er prestastefnan í Otrardal árið 1647 með eigin undirskriftum viðstaddra (bls. 133-138); einnig ályktanir biskups á Melgraseyri (bls. 252), Kvennabrekku (bls. 282-284), Sauðafelli (bls. 284-285) og Bæ árið 1656 (bls. 290-295); sem og á Kvennabrekku (bls. 348-349), Hjarðarholti (bls. 350) og Hvoli í Saurbæ (bls. 353-355) fimm árum síðar. Svo yndislega vill til að í áttunda bindinu er fyllri texti prestastefnu í Vallanesi árið 1641 (bls. 78-85). Í prestastefnubók lýkur textanum á fimmta lið, en í vísitasúbók er viðbót til enda, með eiginhandar undirskriftum presta og spássúgrein með hendi biskups. Þessi viðbót er prentuð hér á bls. 70-74. Einnig eru í áttunda bindinu ályktanir frá árinu 1651 í Kirkjubæ (bls. 254-255), Skriðuklaustri (bls. 260-261), Heydölum (bls. 265-266), Berunesi (bls. 267), Kálfafelli (bls. 272) og Hofi í Örafum (bls. 272-275), en jafnframt prestastefna á Egilsstöðum árið 1663 (bls. 398-402) og mál séra Guðbrands Jónssonar níu árum síðar (bls. 483-484). Í níunda bindi eru úrskurðir um rænuleysi Guðrúnar Oddsdóttur og klukku á Reynivöllum (bls. 194-199), sem og um getuleysi Egils Egilssonar (bls. 264-274).

Útgefinn texti í þessari bók nemur 180 þúsund orðum. Gefur auga leið að ýmis vandkvæði fylgja frágangi á svo miklum texta. Skrift í handritum er víðast skýr og vandálítið að ráða fram úr henni, en á köflum er texti torræður, einkum í síðari bókinni, þar sem skriftin er hröð og talsvert um breytingar á milli lína eða á spássfum. Hér eru smávægilegar ritvillur leiðréttaðar athugasemdalaust og jafnvel þótt meiru sé breytt. Má taka dæmi af þremur manna-nöfnum sem eru í nefnifalli í handriti en hljóta að eiga að vera í eignarfalli (bls. 233: „Sigurðar... Hallssonar“). Athugasemdum neðanmáls er haldið í lágmarki og þess eins getið sem skiptir máli fyrir merkingu setninga og málsgreina. Ekki er reynt að gera óskiljanlegan texta skiljanlegan, svo sem þegar skrifari endurtekur setningu með orðamun (bls. 309: „við hans stirðu mannorði ... fjarlæggar sveitir“). Ekki er heldur hróflað við stöðum sem gætu verið villa, heldur er handriti fylgt, og má sem dæmi nefna að hugsanlega ætti að standa „með óréttu“ í lok eftirfarandi setningar: „Hér með sýnist oss *ordinantian* tilhalda kirkjuverjurunum, þar sem nokkuð er nokkurs staðar frátekið, bóndagarður, akur, engi, skógur, fiskivatn eður nokkuð slíkt, með óréttu, þá skulu þeir vera þar um að það megi koma þar til aftur með réttu, og það bjóðum vér og bífölum vorum lénsmönnum að þeir gjöri þeirra kostgæfni þar til aftur ef það er frá komið með réttu“ (bls. 127). Hér reynir á að lestur sé nákvæmur, sem vonandi er í þessari bók, en aldrei verður víst komist hjá einhverjum rangtúlkunum. Hornklofar [] eru settir utan um bókstafi sem ekki verða lesnir vegna skemmda á fáeinum stöðum í handriti, oftast vegna þess að skorið hefur verið af spássfum. Líkleg eða hugsanleg lausn er sett innan klofa, en [00] ef engin leið er að ráða í gloppuna og jafnmörg núll höfð og bókstafir eða orðabil þar sem ólæsilegt er.

Spássúgreinar eru í báðum bindum Brynjólfs, upprunalegar í því fyrra en bætt við í frumritshlutunum með hendi skrifara hins hlutans. Þær eru hér ýmist settar sem feitlettraðar millifyrirsagnir í megintexta eða sem spássúgreinar. Mat á því hvor kosturinn var valinn tók mið af tengslum greinanna við textann. Reynt var að koma spássúgreinum fyrir sem næst þeim setningum sem þær vísa til. Undirskriftir í síðari bókinni, sem er frumrit, eru settar í dálka sem líkast því sem þar er. Það er þó ekki alltaf hægt, til dæmis þegar þær eru í þremur dálkum eða dálkar eru missíðir. Því ber að forðast túlkun á röð manna án athugunar á handriti. Afbrigði auðkenningar fyrir yfirlýsingu manna um undirskrift *með eigin hendi* og *eigin hönd* eru hér samræmd sem *meh* eða *eh*, en haldið er *mm* og *mmh* á fáeinum stöðum fyrir *með minni* og *með minni hendi*, en latínuafbrigðið *manu propria* er ávallt *mpp*. Ekki veit ég hvað séra Sigurður Eyjólfsson á Kálfatjörn átti við með bókstöfunum *ckt* (bls. 302, 317, 320, 327).

Uppskriftin er orðrétt og stafsetning færð til nútímahorfs, en leitast við að halda sérkennum í máli skrifara. Fylgt er viðmiðunum sem ég hef áður stuðst við.¹ Engin sértákn eru notuð. Sérhljóðar eru samræmdir og fjöldi samhljóða lagaður að nútímahætti, svo sem *ransak* -> *rannsak*. Stafsetning *ph* fyrir *f* í mannanöfnum er ekki látin halda sér, til dæmis *Joseph* -> *Jósef*. Nöfn íslenskra manna eru að jafnaði skrifuð að nútíðarhætti. Myndin *Tumas* er þó látin halda sér og ýmis afbrigði sérnafna, til dæmis *Elín* og *Elen*, *Voknaðjörður*, *Eyðalir* og *Heydalir*, *Snaðjöll* og *Sræðjöll*. Nöfn danskra manna, sem stundum lúta íslenskri beygingu, eru höfð eins og í handritinu en stafsetning samræmd. Margvíslegt ósamræmi annað fær að njóta sín, svo sem *biskupnum/biskupinum* og *dómnum/dóminum*, *stikti/stífti*, *atgjörð/aðgjörð*, *játun/játan* og *iðrun/iðran*, sem og *bevísa/bívísa* og *befala/bífala*; ekki/ *eigilei*, *eðaleður*; *heim/heima*, *auk/auki*, *milli/millum*. Einnig er haldið beygingum á borð við *lýsing* og *kenning* í þolfalli og þágufalli eða *festingina* og *föðurs*. Beyging orðanna *dóttir* og *bróðir* viku frá því sem algengast er í nútímamáli. Í handriti er iðulega skrifað *-dóttir* fyrir *-dóttur* en aftur á móti *bróður* fyrir *bróðir*. Þessu er leyft að standa, sem og orðmyndunum *vér* og *vær*. Eins er haldið í *öngvan* og *engan*, *hvör* og *hver*, en vitaskuld haft *hvor* þegar tveir einstaklingar eiga í hlut, sem með fáeinum undantekningum er greinilegt af samhenginu; enn fremur *annra* og *þessra* og *annara* með einu *r*-i. Orðið *erlegur*

¹ Yelena Sesselja Helgadóttir lagði fyrstu drög að samræmingu á grundvelli athugunar á stafsetningu og málfari prestastefnubókanna, með hliðsjón af eftirfarandi umfjöllun: *Dulsmál 1600–1900*, bls. 53–54; *Til merkis mitt nafn. Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Íscajardarsýslu 1711–1729*. Útgefandi Már Jónsson. Reykjavík 2002, bls. 34–36; Haraldur Bernharðsson, „Málfar og stafsetning.“ *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, bls. 55–74; Jóhannes B. Sigtryggsson og Haraldur Bernharðsson, *Samræmingarkver. Mál og stafsetning á heimildautgáfum*. Fjölrit, Reykjavík 2004, einkum bls. 23–36.

fyrir *ærlegur*, sem einnig kemur fyrir, er látið standa, og endingarnar *-lig* og *-leg* sömuleiðis. Beygingarmyndum sagna sem einkenna 17. öld er haldið, til dæmis miðmynd *beiddustum* og *þykjunst*. Af orðmyndum öðrum sem haldið er ber að nefna *orðsök*, *öðruvís*, *samvitska*, *þrjótska*, *varðveitsla*, *vangætsla* og *votsbúð*. Ekki er hins vegar gengið svo langt að halda myndunum *fridlu* fyrir *frillu*, *hendta* fyrir *henta* og *midlum* fyrir *millum*. So er samræmt sem svo.

Samræming á einu orði og tveimur er vandræðamál. Hér er stefnan að hafa löng orð frekar en keðjur orða, séu orðhlutar ekki fleiri en þrír, til dæmis *Skálholtsstifti* en *Egilsstaða prestastefna*. Á þessu eru þó undantekningar, til dæmis *Eyðalakirkjusókn* og *Melgraseyrarkirkja*. Reynt er að hafa sem flestar samsettar sagnir í einu orði, jafnvel þótt það kunni að verka framandlega á lesendur. Má nefna *tilsegjast*, *tildæmast*, *viðvera* og *áðurskrifuð*, *framleggja*, *frambæra*, og svo framvegis. Fyrir kemur hér að sagnorð og forsetning eða atviksorð skrifast í tveimur orðum en lýsingarháttur með sömu orðum í einu orði: *saman koma*, en *samankomnir*. Lítil von er að algjört samræmi takist í þessu efni og verður að virða viljann fyrir verkið í von um að árangur sé viðunandi. Í einu orði er skrifað *uppá*, *úttí*, *inní* og svo framvegis, líkt og í handritinu.

Erlend orð úr latínu og grísku eða dönsku eru að jafnaði skrifuð með settlettri í handriti. Þau eru skáletruð hér, óháð því hvort þau beygjast á íslenska eða erlenda vísu í handriti. Stundum er vandgreint á milli erlends orðs sem slíks og erlends orðs sem hafði öðlast fastan sess í íslensku ritmáli og getur því gætt ósamræmis í skáletrun. Annars er settletrun í handritinu frekar óregluleg og miður áreiðanleg. Þegar fyrir koma orð sett saman úr tveimur rótum, þar sem önnur er íslensk en hin erlend, er gripið til þess að brjóta þau upp og hafa erlenda hlutann skáletraðan: laga *process* og *visitatiu* bók. Danskir textabútar eru samræmdir að mestu og latína löguð örlítið til, sem og grískar setningar í Vælugerðisdómi (bls. 74-77). Mánaðaheiti eru á latínu í handriti en höfð á íslensku hér.

Orðið *Guð* er haft með stórum staf, en þannig er að jafnaði í handritinu og á vel við í þessu samhengi. Orðin *biskup*, *embætti*, *staður*, *sýslumenn*, *lög* og fleiri eru aftur á móti ýmist með stórum eða litlum staf í handriti en eru hér með litlum. Að jafnaði er leyst úr skammstöfunum og haft *séra* þar sem tákn- að er *s.* eða *sr.* í handriti, en *magister* fyrir lærdómstítul Brynjólfs, sem í handriti er ávallt auðkenndur með stóru *M*. Konungur er tilgreindur á fjölbreytilegan hátt og er það ekki samræmt: kóng, kóngrs eða kóngleg *maystet* eða *majestet*. Rómverskum tölum í handriti er breytt í arabískar, en þegar tölur eru skrifaðar með orðum er því haldið. Reynt var að virða setningaskipan handritsins, en víða var ekki hjá því komist að hnika henni til í þágu rennslis og merkingar, ýmist með því að stytta setningar eða lengja. Greinarmarkjasetning í þessari útgáfu er nokkurn veginn með nútímahætti og reynt að hafa kommur sem fæstar. Enginn punktur er hafður í fyrirsögnum þótt svo sé í handriti.

Greinaskilum er víða bætt við til að léttu fyrir lestrinum og fáeinum tvípunktum á undan tilvitnunum.

Registur í bókarlok, að fyrirmynd útgáfuraðar Þjóðskjalasafns á bókum Hólabiskupa, tók í vinnslu af mér völdin og varð viðameira en til stóð. Próförk raskaðist síðan dálftið á endasprettinum og einhverjar vísanir í blaðsíðutöl kunna að vera rangar, en þá er skammt að leita færslunnar einni blaðsíðu framar eða aftar. Um tímatal var notast við skýringar Þorsteins Sæmundssonar á www.almanak.hi.is/rim.html og ekki tekið tillit til breytingarinnar árið 1700. *Íslenzkar æviskrár* nýttust við sundurgreiningu á prestum, sem kann að hafa mistekist í einhverjum tilvikum ef alnafnar voru uppi á sömu árum.

Þakkir

Prestastefnubókum Brynjólfs kynntist ég við athuganir á siðferðisbrotum Íslendinga á 17. og 18. öld og notaði þær við samningu doktorsritgerðar sem kom út árið 1993.¹ Haustið 2001 hóf ég að vélrita texta eftir fölnuðum ljósrítum og notaði nokkra tugi blaðsíðna sem handritalestursverkefni í námskeiðinu *Íslandssaga 1550-1830* við sagnfræðiskor Háskóla Íslands, en fór í framhaldinu að velta fyrir mér útgáfu í tilefni af 400 ára afmæli biskups. Á haustmisseri 2003 og vormisseri 2005 unnu nemendur í áfanganum *Verkefni í handritalestri* verkefni upp úr bókunum. Þakka ég þeim öllum frábært framlag: Aðalheiður Ófeigsdóttir, Anna Lilja Oddsdóttir, Bjarni Harðarson, Bryndís Björgvinsdóttir, Erla Birna Birgisdóttir, Guðmundur Beck, Gunnar Örn Hannesson, Gunnar Marel Hinriksson, Gunnhildur Finnsdóttir, Ingólfur Margeirsson, Jón Þór Pétursson, Jóna Gróa Sigurðardóttir, Kristján Pálsson, Magnús Aspelund, María Jóhannsdóttir, Oddný E. Magnúsdóttir, Pálmi Gautur Sverrisson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Sigríður Þorsteinsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Stefán Geirsson, Torfi Stefán Jónsson, Tómas Albertsson, Yelena Sesselja Helgadóttir og Þórður Þorsteinsson. Jón Þór skrifaði nokkuð til viðbótar sumar og haust 2004. Yelena Sesselja vann ötullega við yfirlestur og athuganir frá sama hausti fram á síðasta dag, en Gunnar Örn skrifaði eftir vísitasíubókum Brynjólfs og athugaði bréfabækur hans. Svavar Hrafn Svavarsson þýddi latínubréf, hafði umsjón með grískum orðum í Vælugerðisdómi og lagði á ráðin um latneska fallbeygingu, en Haraldur Bernharðsson hafði úrskurðarvald um mikilvæg atriði varðandi samræmingu á texta. Haraldur, Yelena Sesselja og Skúli Ólafsson lásu uppkast að inngangi og gáfu góð ráð um betrubætur. Einn ber ég ábyrgð á öllu sem kann að hafa misfarist. Þjóðskjalasafni, einkum Eiríki Guðmundssyni, er þakkað fyrir afnot af stafrænum

¹ Már Jónsson, „Barnsfeðrun og eiðatökur á 17. öld.“ *Ný saga* 3 (1989), bls. 34-46; Sami höfundur, *Blóðskömm á Íslandi*, bls. 159 og 166.

ljósmyndum af bókum Brynjólfs, en Gísla Baldri Róbertssyni og Jóni Torfasyni fyrir liðveislu við lestur fáeinna torskilinna orða í blálökin. Kristnihátíðarsjóði og Aðstoðarmannasjóði Háskóla Íslands þakka ég fyrir styrki sem veittir voru til vinnslu verksins og Menningarsjóði enn frekar fyrir ómetanlegt fé til útgáfunnar (og til Jónsbókarútgáfu minnar í fyrra, sem gleymdist að geta í inngangi þar). Alda Lóa Leifsdóttir, Sverrir Sveinsson og Olgeir Skúli Sverrisson hafa, sem fyrr, unnið óaðfinnanlega að sínum verkþáttum og gott betur, en Sigurður Gylfi Magnússon fylgdist grannt með framkvæmdinni. Allra helst þakka ég Margréti Jónsdóttur eiginkonu minni og sonum okkar Ara, Bergþóri og Snorra fyrir biðlund og þrautseigju á meðan ég vann að bókinni, einkum á langdregnum lokaspretti við registursgerð í sumarleyfi í Soria og Barcelona.

Heimildaskrá

Handrit:

Þjóðskjalasafn Íslands

Biskupsskjalasafn

Bps. A, II-6. Vísitasíubók um Vesturland og Vestfirði 1639-1671.

Bps. A, II-7. Vísitasíubók um Suðurland 1641-1670.

Bps. A, II-8. Vísitasíubók um Austurland 1641-1672.

Bps. A, II-9. Vísitasíubók um Suðurland og Vesturland 1642-1670.

Bps. A, II-10. Eftirrit séra Jóns Erlendssonar úr öðrum vísitasíubókum Brynjólfs Sveinssonar.

Bps. A-III, 1. Prestastefnubók Skálholts 1639-1674.

Bps. A-III, 2. Prestastefnubók Skálholts 1675-1697.

Bps. A-III, 3. Prestastefnubók Skálholts 1698-1734.

Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

AM 268 fol. Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1652-1654.

AM 269 fol. Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1654-1656.

AM 270 fol. Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1656.

Handritadeild Landsbókasafns-Háskólabókasafns

Lbs. 1077-1090 4to. Bréfabækur Brynjólfs biskups Sveinssonar. Eftirrit Guðmundar Þorlákssonar og Páls Eggerts Ólasonar, gert 1899-1907.

Lbs. 1091 4to. Registor yfir bréfabækur Brynjólfs Sveinssonar biskups eftir Pál Eggert Ólason, unnið 1908.

Prentuð rit:

Alþingisbækur Íslands. Sautján bindi. Reykjavík 1912-1990.

Björk Ingimundardóttir, „Sett út af sakramentinu.“ *Kvennaslóðir. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*. Reykjavík 2001, bls. 140-151.

Björn Björnsson, „Um hjúskaparmál í lútherskum sið.“ *Lúther og íslenskt þjóðlíf*. Reykjavík 1989, bls. 141-152.

Björn Karel Þórólfsson, „Vælugerðisdómur Brynjólfs biskups.“ *Nordæla. Afmæliskefja til prófessors, dr. phil. & litt. & jur. Sigurðar Nordals*. Reykjavík 1956, bls. 40-54.

- „Inngangur.“ *Biskupsskjalasafn. Skrár Fjóðskjalasafns* III. Reykjavík 1956, bls. 7-76.
- Brefabók Guðbrands biskups Þorlákssonar*. Útgefendur Jón Porkelsson og Páll Eggert Ólason. Reykjavík 1919-1942.
- Brefabók Þorláks biskups Skúlasonar*. Útgefandi Jón Þ. Þór. Reykjavík 1979.
- Darmon, Pierre, *Trial by impotence. Virility and marriage in pre-Revolutionary France*. London 1985.
- Dulsmál 1600-1900: fjórtán dómar og skrá*. Útgefandi Már Jónsson. Reykjavík 2000.
- Ein Kirkju Ordinantia, eftir hvörri að allir andlegir og veraldlegir í Noregs ríki skulu leiðrétta sig og skikka sér*. Hólum 1635.
- Einar Arnórsson, *Réttarsaga Alþingis*. Reykjavík 1945.
- Einar G. Pétursson, *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða. Þættir úr fræðasögu 17. aldar*. Tvö bindi. Reykjavík 1998.
- Erla Dóris Halldórsdóttir, *Holdsveiki á Íslandi*. Reykjavík 2001.
- Forordninger, Recesser og andre kongelige Breve, Danmarks Lovgivning vedkommende 1558-1660*. Sex bindi. Ritstjóri Vilhelm Adolf Secher. Kaupmannahöfn 1887-1918.
- Guðbjörg Snót Jónsdóttir, „Vinátta Brynjólfs Sveinssonar biskups og Hallgríms Péturssonar.“ *Kirkjuritið* 70:2 (2004), bls. 19-21.
- Guðmundur Kamban, „Daði Halldórsson og Ragnheiður Brynjólfsdóttir.“ *Skírnir* 103 (1929), bls. 36-83. Endurprentað með inngangi Kjartans Sveinssonar: *Daði og Ragnheiður. Söguleg frásögn*. Reykjavík 1969.
- *Skálholt*. Fjögur bindi. Reykjavík 1930-1935. (Önnur útgáfa 1958; þriðja útgáfa 1969; fjórða útgáfa 1982.)
- Gunnar Harðarson, „Heimspeki og fornmenntir á Íslandi á 17. öld. Um fræðaiðkun Brynjólfs biskups Sveinssonar.“ *Hugur* 1988, bls. 89-100.
- Haraldur Bernharðsson, „Málfar og stafsetning.“ *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*. Útgefandi Már Jónsson. Reykjavík 1004, bls. 55-74.
- Helgi Þorláksson, „Undir einveldi.“ *Saga Íslands* VII. Reykjavík 2004, bls. 1-211.
- Hörður Ágústsson, „Meistari Brynjólfur byggir ónstofu.“ *Saga* 12 (1974), bls. 12-68.
- *Skálholt. Kirkjur*. Reykjavík 1990.
- Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940*. Fimm bindi. Páll Eggert Ólason tók saman. Reykjavík 1949-1952.
- Íslenzkt fornbréfasafn*. Sextán bindi. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857-1972.
- Jóhannes B. Sigtryggsson og Haraldur Bernharðsson, *Samræmingarkver. Mál og stafsetning á heimildauitgáfum*. Fjölrit, Reykjavík 2004.
- Jón Halldórsson, *Biskupasögur*. Tvö bindi. Útgefendur Jón Porkelsson og Hannes Þorsteinsson. Reykjavík 1903-1915.

- Jón Helgason, „Bókasafn Brynjólfs biskups.“ *Árbók Landsbókasafn Íslands* 3-4 (1946-1947), bls. 115-147. Endurprentun: *Afmæliskeðja til Halldórs Hermannssonar*. Reykjavík 1948, bls. 57-89.
- Jónas Gíslason, „Molar um meistara Brynjólf.“ *Rit Röð Guðfræðistefnunar* 11 (1997), bls. 63-69.
- Jónsbók. *Lögbók Íslendinga*. Útgefandi Már Jónsson. Reykjavík 2004.
- Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar. Kristni á Íslandi* 3. Reykjavík 2000.
- Lovsamling for Island*. Tuttugu og eitt bindi. Kaupmannahöfn 1853-1889.
- Már Jónsson, „Barnsfeðrun og eiðatökur á 17. öld.“ *Ný saga* 3 (1989), bls. 34-46.
- *Blóðskömm á Íslandi 1270-1870*. Reykjavík 1993.
- *Árni Magnússon. Ævisaga*. Reykjavík 1998.
- Ólína Þorvarðardóttir, *Brennuöldin. Galdur og galdratrú í málskjölum og munnmælum*. Reykjavík 2000.
- Páll Eggert Ólason, *Seyjanda öld. Hæfuðþættir*. Reykjavík 1942.
- Páll Sigurðsson, *Brot úr réttarsögu*. Reykjavík 1971.
- Pétur Pétursson, „Æfisaga Brynjólfs biskups Sveinssonar.“ *Tímarit Hins íslenska bókmentafélags* 5 (1884), bls. 36-67.
- Píslarsaga séra Jóns Magnússonar*. Útgefandi Matthías Viðar Sæmundsson. Reykjavík 2001.
- Prestastefnudómar og brefabók Gísla biskups Þorlákssonar*. Útgefendur Bjarni Vilhjálmsson og Júníus Kristinsson. Reykjavík 1983.
- Sigurður Pétursson, „Brynjólfur biskup og fólkið frá Bræðratungu.“ *Árnesingur* 1998, bls. 179-200.
- Skúli Helgason, *Saga Þorlákshafnar til loka áraskipaútgerðar*. Þrjú bindi. Reykjavík 1988.
- Skúli Ólafsson, „Prestastefna Skálholtsstiftis ræðir heimilisofbeldi. Innsýn í afskipti kirkjunnar af lífi fólks í árdaga evangelískrar kirkju á Íslandi.“ *Kirkjuritið* 70:1 (2004), bls. 6-15.
- Til merkis mitt nafn. Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísa-
jjarðarsýslu 1711-1729*. Útgefandi Már Jónsson. Reykjavík 2002.
- Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm, *Brynjólfur Sveinsson biskup. Skáldsaga frá 17. öld*. Reykjavík 1882. (Önnur útgáfa, Reykjavík 1912; þriðja útgáfa, Akureyri 1949.)
- Torfi Jónsson, „Brynjólfur Sveinsson.“ *Merkir Íslendingar* 3. Reykjavík 1949, bls. 2-48.
- Úr brefabókum Brynjólfs biskups Sveinssonar*. Útgefandi Jón Helgason. Kaupmannahöfn 1942.
- Þórhallur Guttormsson, *Brynjólfur biskup Sveinsson*. Reykjavík 1973.

Prestastefnudómar og úrskurðir
Brynjólfs biskups Sveinssonar

SYNODALIA
virðuglegs og hálærðs herra biskupsins
magisters Brynjólfs Sveinssonar
Qvod foelix et faustum sit

Anno 1639. Kalendis Julii

1. **Generalis synodus skal árlega haldast á Þingvelli.** Var ályktað á Þingvöllum á almennilegri prestastefnu og samþykkt af biskupinum að héðan í frá skyldi haldast *generalis synodus* í sama stað og tíma. Og sökum þess allir landsprófastar kunna ekki vegna forfalla og fjærlægðar í greindan tíma saman að koma svo sem góð siðvenja er annarstaðar í löndum, en flestallt fellur til mála það sem kennimannlegu embætti viðvíkur í nefndan tíma, svo margir gjöra sér ómak austan og vestan að sækja fyrrgreindan samfund. Þá uppá það þessara nauðsynjum verði gegnt og allt megi skikkanlega tilganga, ályktum vér að þessir næstu héraðsprófastar úr Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Kjalarnessýslu, Borgarfjarðarsýslu, einn fyrir sunnan, annar fyrir vestan¹ Hvítá, og Snæfellsýslu, séu skyldugir til fyrrnefnds staðar að koma á Pétursmessu-aftan og það til málanna að leggja sem *ordinantian* og þeirra embætti þeim tilheldur, með skynsömum prestum sem sérhvör prófastur tilnefnir og honum þykja forfallanna vegna færir vera.

Prófastar sex skyldugir að koma árlega til þingis og nefna til þingreiðar skynsömum presta

2. **Um helmingadóma.** *Item* virtist oss horfa til mikilla vandamála um prestana, þeir sem hingað til hafa dæmt hálfan dóm með leikmönnum langt frá því sem siður og vani er til í öðrum löndum, og jafnvel í vors náðuga herra og kóngs ríkjum Danmörk og Noregi, svo oft og tíðum þá leitað er samþykktar biskupa og prófata uppá nefnda dóma, þora þeir þar varla að að gjöra, nema þeir slengi sér inn í veraldleg mál. En ef þeir dæma yfir prestum alleina, þá er dómurinn ekki nema hálfsetinn. Þar með hefur vor náðugasti herra kóngur aðgreint veraldleg og kirkjunnar lög, þá sýnist oss svo sem öll andleg mál eigi af andlegum einungis að dæmast og andlegar persónur fyrst

Andleg mál dæmist einungis af andlegum

1 *vestan*: eyða er fyrir einu orði og úrlausn augljós vegna samhengis

Prestar
sæki og láti
sækja rétt sinn
til veraldlegra
eftir lögum

innstefndar verða fyrir sitt næsta andlega yfirvald, þó að kóngdómsins sök og landslögum óforkrenktum, og fáist frávisun frá prófasti eður biskupi, til þess valdsmanns sem málið löglega tilfellur. En prestar sæki eður láti sækja rétt sinn við veraldlega eftir landslögum og eftir *ordinantiunnar* og annara kónglegrar *maystets mandata* skikkun.

Þeir sem
til kalla kjós-
ast hafi pró-
fastsins leyfi
skriflegt eður
persónulegt
að láta sig
heyra af pre-
dikunar-
stólnum

3. Um réttilega köllun kennimanna. Í þriðja lagi þykir oss umsjónarvert

að prestarnir séu löglega kallaðir til síns embættis sem Guð og yfirvaldið þeim tiltrúir og veitir. Og þykir oss héðan af enginn prestur löglega kallaður, sá ekki gengur öldungis eftir *ordinantiunni*, það er eftir vorri skynsemi, svo sem góður siðvani verið hefur og er í kónglegrar *maystets* löndum, að hvar ekki er löglegt *jus patronatus* kalli bændur sjö þeir skilvísustu innan tveggja mánaða síðan féll, og hafi áður sá sem til kallsins vill sig kjósa prófastsins leyfi skrifanlegt eður persónulegt, að hann eftir gjörða bæn af predikunarstólnum megi láta sína predikun heyra áður en hann er útvalinn, hvort sem hann er vígður eður óvígður. Og þeir sem aðra þjónustu hafa á hendi séu forfallalaust ekki léttilega kallaðir, nema þeir virðist hafa sérlegar gáfur eða nauðsynjar frekari söfnuðum að þéna eftir kónglegrar *maystets* útgefnu bréfi, og þá löglegt kalla á kirkju eftir embættisgjörð söfnuðinum hjáverandi og það vitnandi, ef þörf gjörist, að ekki hafi til köllunar gengið nema sú ein fyrir hugsun Guðs æru og dýrð og safnaðarins gagni fram að fylgja, en engin holdleg eða veraldleg forsorgun. Samþykki síðan prófastur, söfnuðinum ef mögulegt er nærverandi, og gefi svo bréf frá sér af öllum undirskrifað og af þeim er ei kunna sjálfir skrifa vottað með tveimur skilríkum handskriftum á sama bréf rituðum. Ríði síðan sá útvaldi til biskups og fái þaðan bréf til þess er kóngsvald hefur í hendi og myndugur er til honum það uppá kóngdómsins vegna að veita, síðan aftur til biskups með sitt *collationis* bréf og fái af honum skriflega ávisun til prófastsins að hann sé löglega kosinn og kallaður, og sé hann þar með *commenderaður* sókninni til réttilegs kennimanns af prófastinum af predikunarstólnum eða í hans forföllum af einhvörjum skilvísuðum presti af honum tilbeðnum, og gjöri sá prófastur eður prestur sjálfur predikan þann tíma, og sé sóknarfólkið skyldugt að gjöra skilvís boð prófastinum það fyrsta mögulegt er eftir prestsins fráfall. En *capellana* kalla prestar sér sjálfir með biskups ráði.

Til
köllunar sé ei
önnur orðsök
en Guðs æra
og safnaðarins
nytsemd

Sá útvaldi ríði
fyrst til bisk-
ups eftir kosn-
inguna, þá til
veitingar-
mannsins,
síðan til bisk-
ups aftur og
svo til pró-
fasts

Sóknarmenn
skyldugir að
gjöra prófasti
skilvíst boð
eftir prestsins
fráfall

4. Um þá menn er falla á tildæmdum eiðum eður forlíkun gjöra við yfirvaldið. Item um þá menn sem að landslögum eru dæmdir til sekta eður

eiða og fá ei unnið, og fellur sá eiður eður semja með bótum við yfirvaldið og sakaraberann að vottar viti eður við sé gengið í þeim sakaferlum sem opinber aflausn tilheyrir, en vilji síðan eigi veita viðgöngu og halda sig saklausa fyrir sínum presti, beiðast þó samt og krefjast kristilegra fríheita og *sacramentis* með heimuglegri aflausn, þá sé prestur skyldugur alla viðleitni við að hafa og eftir sínu embætti hið allra kostgæfilegasta þá að áminna, fyrst heimuglega, og það oftar en sjaldnar, svo sem hann vill fyrir Guði forsvara, en verði þá ekki áunnið innan fjórðungs árs, þar hann hefur allt kapp á lagt bæði fyrir sig

einungis og í tveggja eður þriggja guðhræddra dánnumanna viðurvist honum til iðrunar og yfirbótar og skyldugrar hlýðni við kirkjunnar *disciplinam* að snúa, þá sé næsta eftirkomanda misseri opinberlega af predikunarstólnum í þrjár reisir gjörð alvarleg áminning og lýst til bannfæringar við sömu persónu og sé á nafn nefnd eftir því sem kónglegrar *maystets forordning* útgefin anno 1629 þar um bífalar fyrir hans þrjótsku og óhlýðni, sem hann Guði og söfnuðinum auðsýnir, óttandist mannanna dóm meir en Guðs reiði og harðan áfellis-dóm yfir alla þverbrotna syndara. Þó sé prestur samt skyldugur þess í milli sama misseri hann heimuglega að áminna og við sínum skaða að vara, síðan sé allt málið lagt til prófasts og biskups, og framlagðir skilvísir vitnisburðir hvörnir presturinn hafi meðfarið og hann gegnir prestsins áminningum. Biskup ráðgist síðan um við lénsmanninn og verði af báðum samþykkt þá ske innan jafnlengdar opinberleg *excommunicatio*, einkanlega og sérdeilis þar hann finnst að vera harðsvíraður á móti undangengnum áminningum.

Var þetta skrifað og undirskrifað á Þingvelli ár og dag sem fyrr segir.

Peir sem
ekki vilja
gjöra að
prests
áminningum
innan fjórð-
ungs árs

Hvörnir
lýsa skal til
banns

Garpsdals *synodalia*

Í nafni heilagrar þrenningar voru þessir eftirskrifaðir menn samankallaðir til héraðsprestastefnu í Garpsdal í Gilsfirði af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni á hans löglegri *visitatiu* reið um Vestfjörðu anno 1639 þann 11. september, séra Jón Arason prófastur millum Hrútafjarðarár og Arnarness, séra Halldór Teitsson tilskikkaður prófastur millum Gilsfjarðarár og Langaness, séra Gísli Einarsson, séra Einar Sigurðsson, séra Torfi Snæbjarnarson, séra Ketill Jörundsson, séra Vigfús Helgason og séra Ásgeir Einarsson, prestar Skálholtsbiskupsdæmis, þessar greinir og *articula* að athuga og álíta er í greindan stað og tíma framkomu.

1. **Um prófast að skikka í Barðastrandarsýslu.** *In primis* kom fram ósk sýslumanna í Barðastrandarsýslu að þeir mættu einn löglegan héraðsprófast öðlast, hvörs þeir í langa tíma þóttust þarfnast hafa, en þó full nauðsyn til vera að einhvor tiltekinn væri. Kom fram fyrir oss að séra Halldór Teitsson hefði af biskupinum sáluga herra Gísla Oddssyni umbeðinn verið tilsjón að hafa í greindri sýslu þar til frekari staðfesta á kæmist, hvað hann og svo bónar vegna hafði á hendur tekist í nokkrum efnum. Og með því oss virðist velnefndur séra Halldór þar til hentugur og skikkanlegur tökum vér það upp með biskupsins ráði séra Halldór Teitsson til prófasts að nefna, en viljum þó ekki prestanna friðheitum sem *ordinantian* þeim gefur í neinu forskjóta, vonandi að þeir muni með oss á einu verða, hvað þeim ber hið allra fyrsta í sínu bréfi að auglýsa og með fyrsta fari og hentugleika til Skálholts senda. Og ef þeir hér um verða oss samþykkir lofar biskupinn séra Halldóri Teitssyni fullkomlegu bréfi að hann sé réttilega kallaður og staðfestur yfir Barðastrandarsýslu.

Sá er brýtur í
einni kirkju-
sókn skyld-
ugur að
afbiðja þar sitt
hneyksli, þó
honum verði
leyft annar-
staðar að
leysast

2. Um aflausn þess manns er legið hafði með dóttur prests þess er hann hafði uppalið frá barnsbeini. Fékk áminning fyrir tvöfaldan misgjörning. Í annari grein kom fram eftir undirtali sýslumannsins Magnúsar Jónssonar um aflausn Péturs Þorleifssonar, hvör brotlegur skal hafa orðið í frillulífi með dóttur séra Árna Jónssonar í Látrum, Oddrúnu að nafni, hvör Pétur Þorleifsson skal þó frá barnsbeini af prestinum uppfæði og framfærslu þegið hafa. Nú skal presturinn eigi treysta sér til honum sjálfur aflausn að veita, þar hann honum kvittun gefið hafi. Virtist oss prestinum vorkunn vera þótt hann afsakaður væri sitt bölg og angur sjálfur og sinna vanvirðu að ítreka, sem þó skikkanlegast færi að þar væri hvör afleystur sem brotið hefði. Sýnist oss hann því skyldugur alla viðleitni að hafa sér að koma það fyrsta mögulegt er til Flateyarkirkju og leita þar sinnar forlíkunar við Guð og menn með allri auðmýkt og tilbærilegu lítillæti. Væri þá vel ef presturinn kynni til láta leiðast honum aflausn og fyrirgefning að veita. En ef eigi svo tilfellur, þá viljum vér samt að hann afbiðji sitt hneyksli í söfnuðinum opinberlega og taki af sókninni með prestinum handskriftaða bívísing, hann hafi afbeðið sitt brot í söfnuðinum og söfnuðurinn með prestinum hafi honum fyrirgefið, og leyfi hvoru tveggju og biðji að hann sé þar afleystur fyrir þetta misferli sem hentugt þykir, en hann fari síðan með þennan vitnisburð til prófasts og leitist við um sína aflausn. Þyki prófastinum þá hann þar til rétt skikkaður, þá sjáum vér engin þau lög sem honum megi frá aflausninni hrinda, með því móti hann hafi og góðra manna vitnisburð um sína hegðan, þaðan úr sókn er hann dvalist hefur síðan hann kom úr Flateyjarþingum. Sjáum vér hér helst útí bágingu sóknarinnar og fjærlægð með torfærum eyjanna við landið, hvar oft kann svo fyrir setjast að ei má óhult á milli komast þegar vill, hvorki fram né aftur. En sá hann afleysir gjöri honum góða áminning fyrir tvöfaldan misgjörning, annan á móti því fjórða en annan á móti því sjötta Guðs boðorði.

3. Um hjónabandsmál áhrærandi *impotentiam*. Í þriðja lagi kom fram fyrir oss hjónabandsmál millum Björns Dagstygssonar og Þórunnar Fúsa-dóttur, hvörju svo skal varið vera, að eftir það hún hafði nærri eitt ár til samans við hann búið hafi kvittur og grunsemd uppkomið, svo sem hefði hún átt með annarlegum manni sig að samlaga. En hún skal sig undanfært hafa með þeim eiðstaf að hún hefur fyrir alla menn svarið síðan er komið var rykti á þennan mann, Björn Dagstygsson, sem skyldi hann til hjónabands óhentugur vera. Virtist oss að svo prófuðu sem framsett er það skikkanlegast tilfallið að nefndar persónur Björn og Þórunn séu til samans og haldi sínar hjónabands-samvistir í þrjú ár að reikna eftir það eiðurinn var unninn, og gjöri sér öngvar ónaúdsynlegar fjærvistir, og séu hér uppí reiknaðir þeir einir tímar er þau hafa langvistum saman verið. Báðum vér sýslumennina aðstoð að veita og til að sjá að þessi vor úrskurður megi magt hafa svo þau ekki lauslega sér í sundur slái. En hann leiti þeirra bragða sér til lækninga sem hann má með góðri samvitsku

gjöra og ekki er Guðs orði á móti. En sé svo þar ráðist engin bót á eftir fyrrskrifaða aðburði og vilji hún ekki tilleiðast láta með honum að vera, sanni hún sína sögu þá aftur með þeim eiði sem henni verður á hendur dæmdur. En hann þar eftir haldi sig frá öðrum kvenpersónum þar til aðrar aðgjörðir og ályktanir ganga á þetta málefni. Hún í sama máta haldi sig frá karlmannspersónum þangað til þau eru bæði forheyrð og skilvísleg ályktun skeður þeirra á milli, hvort eður hvoru þeirra leyfast má sig aftur að gifta.

4. Í fjórða lagi kom fram málefni Þorvarðs, hvör kallaður hefur verið Systra-Varði, hvör eð vænst skal hafa legorði með stúlku í Skálavík, dóttur Fúsa heitins Torfasonar, og sinn rétt staðið. En hún skal neita hans framburði en óvíst hvort hún hefur eið svarið, en hann gengur fram án aflausnar og kristilegra fríheita. Virtist oss það eigi mega svo lengi hirðulaust framganga, heldur hann skyldugan vera þangað í sýslu aftur að víkja sem málið er fallið og þar sína aflausn með prófastsins samþykki að taka. Óskum vér af sýslumanninum Ara Magnússyni að hann vildi hér til styrkja í þann máta að prófasturinn og sóknarpresturinn mættu fá víst að vita fyrir hvörja sök hann hafi dæmdur verið til refsingar, hvort sem vera mætti ósannur framburður eða hórdóms- eða frillulífisbrot, svo presturinn sig hér úti ekki forgrípi honum óréttu sakargift að gefa, og sé hann þá eftir hentugleika afleystur ef þess innvirduglega leitar.

5. **Sacramentis eiðar séu allshendis afteknir.** Um *sacramentis* eiða sem margir hafa leyft sér dárlega að sverja sínu máli til afsökunar og styrkingar, að þeir meina hvört straff þar skuli viðliggja eður hvörjum að beri sektina af þeim að taka, prestarnir í sama máta hvörju sekir skuli vera ef þeir með þeim meðvitandi eru hér úti, og styrkja svo þennan ósóma. Virtist oss þurfa *forordningarinnar* úrskurðar útgenginnar *anno* 1629, svo framt sem hún gengur hér í landi fyrir lög. En með því hún var nú ekki fyrir hendi og þetta mál skal í héraði dæmt vera til alþingis, þá erum vér þeim dómi þar úti samþykkir. En hvort andlegir eða veraldlegir eigi þar um að dæma mun þá frekar ályktast, þó oss sýnist málið í sjálfu sér andlegt vera. En sé héðan í frá forboðið bæði prestunum að veita og leikmönnum við að taka heilagt *sacramenti* í soddan óskikkanlegri og óhæfilegri meiningu.

6. **Um fríheit þess manns sem borinn er legorðssök en gengur á móti.** Í sjötta máta birtist fyrir oss framburður Ara Magnússonar, hljóðandi uppá málefni Bjarna Jónssonar, hvör af einni kvensnift skal borinn hafa verið legorðssök, en maðurinn giftur í þann tíð. Ber sýslumaðurinn að hann hafi fyrir fallið með stúlku í ektaskaparbrot en boðist þar fyrir að sverja. En nú er honum aftur dæmt til sjöttareiðs með héraðsdómi en eiðurinn skal enn nú ekki framkominn, en hann gengur fram án heilags *sacramentis* og aflausnar, með því hann þykist vera saklaus. Óskum vér sýslumaðurinn vildi fyrst gjöra sína skyldu og láta þetta málefni til lykta með veraldlegum aðgjörðum ganga, svo

Veraldlegir
umbeðnir fyrir
því máli að
greiða

hann á annan hvorn veg mætti úr skugga ganga, en áður en það er gjört þá kunnum vér ekki honum heilagt *sacramentum* eður heimuglega aflausn að leyfa. En biðjum hann þessum aðgjörðum tímanlega að framfylgja, presturinn er skyldugur hann að áminna.

7. Um konur sem með þunga eru á festingardegi. Í sjöunda máta óskar Ari Magnússon leiðréttingar á hvörninn höndla skal með þær konur sem láta gjöra sitt hjónaband en eru með þunga, fæða börn þar eftir innan viku, hálfis mánaðar eða lengra fráliðnu, en ganga þó með sín börn. Leist oss eftir líkindum hér um fara verða, hvort það væri auðsýnilegt öllum að kona væri þunguð eður ekki, en prestinn skyldugan þau að áminna og viðvara. En ef svo er að mögulegt er að hann getur með áminningum og góðum ráðum þau afleitt, þá list oss best fara að skjóti hjónabandinu á frest. En þó þykir oss presturinn eiga öngvar getsakir að gefa ef hann kemst ekki að réttri meiningu eftir líkindunum eða sjálfs meðkenningu. En eigi viljum vér hann gangi of frekt eftir hvörjum hégómaorðróm, ekki heldur eftir sinni eigin grunsemd, sérdeilis ef hún er ekki þess fastari byggð uppá sjón eður önnur líkindi. Og með því kristilegt og tilbærilegt er að menn reiði sig sem allra best til þess heilaga hjúskaparbands og búi sig þar til með sannri guðhræðslu, þá sýnist oss ósæmilegt að þeir sem sig vita í sökum vera leiti kirkjunnar bæna í hjónavígslunni fyrr en þeir hafa sjálfir iðran gjört og forlíkt sig við kristilega kirkju, misbrúka svo vígsluna með yfirhýlmingu sinna synda. Og viljum eigi skorða uppá prestana að þeir á móti sinni samvitsku veiti þeim vígslu, ef sú þeirra samvitska er uppá rök og líkindi byggð sem þeir fyrir Guði og sínu yfirvaldi vilja bikenndir verða.

8. Prestar mega ei ferðast frá sínum kirkjum, hvort heldur eru *beneficia* eður bænda eignir, nema með prófasts leyfi. Í áttundu grein kom fram eftir beiðni séra Jóns Arasonar hvort þeir prestar sem þjóna sínum eigin kirkjum, sem bænda eign eru, skuli eigi jafnskyldir vera að hafa leyfi af prófasti þegar þeir ferðast frá sínum eigin kirkjum svo sem þeir er *beneficia* halda eftir *ordinantiunni* og kóngsins útgefnum bréfum. Kunnum vér þar öngvan mismun á að gjöra, með því söfnuðurinn og sóknin þarf síns prests og þjónustu jafnt við hvort sem *beneficiatus* á í hlut eður annar þingaprestur og báðir jafnskyldugir sínu sóknarfólki, hvort sem betra kall er eður miður, en allir skyldugir frekustu hlýðni að sýna og kostgæfni að hafa, að hvorki undanfelli þeir þá virðing prófastinn að biðja (ef því er mögulegt við að koma), að ekki sé meira af í prófastsins að vitja um orðlofið heldur en ferðinni sjálfri, og að sóknirnar ekki heldur ofmjög forsómist vegna ónytsamlegs ferðalags, heldur sjá til á allar síður að allt megi sem skikkanlegast framfara á allar síður eftir kónglegrar *maystets* befallningu svo mikið sem mögulegt er við verði komið eftir landsins nauðsynjum.

9. Um þá sem afrækja sínar sóknarkirkjur. Í níunda máta var framborið hvörsu með skyldi fara þá menn sem afrækja sínar sóknarkirkjur á hátíðum

eður sunnudögum og vilja ekki leiðrétta sig eftir eina eður aðra áminning, í hvörri grein oss þykir vandlega skoða eiga persónurnar, staðarins og tímans háttalag, hvort meira valdi þrjóska, forsömun, hirðuleysi eða ánægjanleg forföll, vanheilsu, veikleika, vega eður veðráttu vegna, og hvörsu stór forsömun sé í sjálfri sér. Virtist oss presturinn eigi skyldugur þá að meðtaka til *sacramentis* sem forsóma sína sóknarkirkju forfallalaust, sérdeilis ef þrjóska veldur eður langvarandi hirðuleysi, fyrri en þeir sýna á sér gott hlýðni- og iðrunarmerki í ástundan Guðs orða heyrnar og lærdóms, hvar eftir presturinn má komast ef hann rannsakar fólkið, hvort það hafi lært úr predikuninni, eftir embættið þá hentugt þykir.

10. Í tíunda máta kom fram málefni séra Þórðar Tómassonar framborið af Jóni Ólafssyni, í hvörju hann talar það fyrst til séra Þórðar að hann hafi stefnt sér, sínum sóknarmanni, 16 vikna stefnu fyrir landamerkjaaðgreining sem þeim bar á millum. Leist oss þessi sök séra Þórðar embætti ekki mega hindra, með því þetta sýnist ekki af öfund gjört hafa verið. Í annan máta talaði Jón Ólafsson til séra Þórðar að hann hefði tekið vitnisburð af sínum náunga. Í þriðja lagi sagði hann séra Þórður hefði þann mann undir vitnisburð skrifa látið sem hann meinti ósannindi hafa verið ofan í svarin. Þótti oss þessar tvær sakir ekki áhræra prestsembætti, þó hann hafi komið að sér þeim vitnum sem hann meinti sínu máli stöða. En hafi nokkur brestur á vitnunum verið og Jón þykist þar nokkra sök á eiga, þá dæmum vér það undir landslög, því vér kunnum ekki að sjá að þessar sakir kunni séra Þórðar heiður eður æru að snerta.

11. **Um prest sem niðurfelldi patínu með brauði fyrir altari.** Sömu leiðis kom þar fram að títtnefndur séra Þórður hafi átt niður að fella patínu með brauðinu fyrir altarinu ófyrirsynju um vetrartíma fyrir kulda sakir. Voru þeir sóknarmenn sem við voru staddir aðspurðir, hvort þeir misgrunuðu séra Þórð að hann hefði í þann tíma drukkinn mátt verið hafa, eða hvort hann væri kenndur að nokkrum ölskap eður drykkjuskap, svo hann mætti þar fyrir misþenktur vera, en þeir neituðu þessu hvoru tveggju. Þótti oss þeirra meðkenning þessi mikið afsaka prestinn. Og með því vér skiljum kóngsins bréf útgefið um mistektir í *sacramentinu* uppá þá grein sem viðvíkur veru *sacramentisins* svo að meaning innsetningarorðanna skerðist. En þetta tilfelli sýnist *sacramentið* ekki skerða, þó að vér vitum og meðkennum að meðferð þess heilaga leyndardóms verði aldrei of vönduð. Því álitum vér hans aldurdóm, veiki og óstyrk og lúa, þar hann nú allareidu hefur þrettán um sextugt, þá virðist oss þetta tilfelli honum frá sínum heiðri eða embætti ekki hrinda mega, þótt oss hefði þótt honum áminning og útlát til fátækra borið hafa. En þar hann er félaus, fáraður og sjálfur sinna álna viðþurfandi, þá höfum vér honum um þessi féútlát vægt. En vilji hann sjálfur vegna sinnar veiki og elli af þessum þingum standa, ef hann kann ekki sem skyldi eða gjarnan vildi eða öðrum líkaði sínu embætti fram að fylgja, þá látum vér

honum það í sjálfræði, einkum og sérdeilis fyrst nokkrir af sóknarmönnum eru því samþykkir og hann því ekki fjärfelldur sjálfur.

12. Í síðasta lagi kom séra Einar Guðmundsson á Kleifum fram með útskrift af vitnisburði, hvörn hann meinar að séra Þórður hafi útgefið ásamt nokkrum öðrum uppá háreysti þeirra hjóna séra Einars og Sigríðar á Beru-fjarðarþingi. Enn annar vitnisburður var og framlesinn hvör tekinn skal hafa verið uppá orð séra Þórðar um málleysi séra Einars á nefndu þingi. Var séra Þórður spurður að hvort hann vildi þessum báðum vitnisburðum tilstanda og þá meðkennast, en hann þóttist það ógjörla muna hvort að þessir vitnisburðir væri svo orðrétt skrifaðir sem hann hefði gefið og talað. Virtist oss sá fyrri vitnisburðurinn eiga með eigin hendi séra Þórðar fram að koma eða af tveimur ærlegum vottum uppá hann sverjast að þessi væri rétt útskrift af hans útgefn-um og undirskriftuðum vitnisburði, en hinn seinni af þeim sem undir hafa skrifað með eidi sannast, og síðan trakterast eiga hvort þessir vitnisburðir væri svo hvor öðrum móttæðilegir að einn kynni með öðrum eigi sannur að virðast áður en presturinn félli að málinu. Og þeir skyldugir það fyrir að hafa að þetta sannprófst sem honum vilja frá heiðri eður æru hrinda.

13. **Um tvær konur sem hvorki vildu til kirkju koma né sacramentum taka.** Í ellefta¹ lagi kom fram um tvær kvenpersónur, meðal hvorra að önnur er í Gufudalsþingum en önnur í Garpsdalsþingum, hvörjar báðar svo eru for-blindaðar að hvorug vill til kirkju né Guðs borðs ganga hvörnin sem áminntar eru með hörðu eður góðu, en vilja ekki svara orði hvörnin sem við er leitast, en báðar skulu hafa kunnað sín fræði og nokkra sálma. Gangu þó svo fram eftir heiðinna manna vísu að eigi má við ráða, en í daglegri umgengni má ei stór missmíði sjá á þeirra högum. Og var óskað að nokkuð yrði staðfastlega ályktað hvað gjöra skyldi við þvílíkar manneskjur. Virtist oss athugandi vera hvort ei ylli um þrjótska heldur en veikleiki og að hreppstjórnarnir með bænd-unum og þeir aðrir sem helst hefði umgengni með þeim gjörðu þar um og virti hvað hér úti hindraði. Og ef þeim virtist foröktun og viljaleysi hér í sök vera, þá væri harðlega áminntar, jafnvel neyddar til kirkju. Vildi það þá ekki hrífa þá væri með refsingum tilreynt og segja þar til yfirvaldinu því veraldlega. En vildi refsingin ekki hjálpa, lýsa þá til bannfæringar þegar allar þessar áminn-ingar kunna ekkert að stoða. En þó alltíð áður og eftir með kristilegri bæn og áminningum heimuglegum og opinberlegum á að knýja ef samvitskan mætti kannski vakna. Síðan þegar allar lýsingarnar eru úti senda allt málið svo sem til hefur gengið til biskups, að hann megi með lénsmannsins samþykki umráðgast hvað hér skal endilega tilgjöra, hvort útilykja skal með bann-færingu frá Guðs söfnuði ellegar að svo búnu standa láta og þetta mál Guði befalla, og í allan máta svo hegða sem saman var tekið á alþingi nú í sumar á

1 *ellefta*: þannig í handriti og þar er númerið *II* á spássíu líka en lagað hér

almennilegri prestastefnu *articulo de excommunicandis*. En sýnist veikleiki eður vitfirðing mest valda, þá sýnist oss ánægja þótt við bæn til Guðs og hentuga áminning standi, ef menn meina að áminningin kunni nokkurn stað að hafa.

14.¹ **Séra Þórður resigneraði Garpsdalsþing.** *Item* afsalaði séra Þórður Tumasson sér Garpsdalsþing og sóknarkirkju sökum elliveiki og þess ósamþykkis sem á milli hans og nokkra sóknarmanna hafði orðið, viljandi sig svo í sínum aldurdómi í frið kaupa við hvörn mann heldur en með ósamlyndi saman að vera. Gjörði hér með frið og samþykki við þá menn séra Einar Guðmundsson og hans kvinnu Sigríði Erlendsdóttur og Jón Ólafsson með handabandi uppá lélegan kærleika og samvitskunnar frið að landslögum og rétti óforkrenktum, ef þar þættist annar hvor öðrum nokkuð með góðri samvitsku mega taltala. Fór þetta fram í viðurvist vor allra. *Item* gekk séra Þórður inn til Jóns Halldórssonar og sættist við hann að áheyrandi þeim tveimur mönnum séra Vigfúsi Helgasoni og Jóni Brynjólfssyni. Spurði Jón Halldórsson séra Þórð að hvort hann misgrunaði í nokkru sinn vitnisburð, hvar til séra Þórður svo svaraði að hann vildi það ekki gjöra. Gengu uppá það sama til Jóns Halldórssonar þrír menn, séra Fúsi Helgason, Jón Brynjólfsson og Hallur Árnason, og heyrðu slíkt hið sama af munni Jóns Halldórssonar sem áður er skrifað. Tilbauð biskupinn oss áheyrendum sóknarmönnunum sín *privilegia* eftir *ordinantiunni* annan prest í staðinn þess frávíkna sér að útvelja með prófastsins ráði og samþykki innan tveggja mánaða, og hann það fyrsta austur í Skálholt að senda, svo hann þar fái fyllilegt umboð þessa sókn að forsorga. En sóknarmennirnir fái af nálægustu prestum tilfallandi nauðsynjum að gegna svo ekkert forsómist.

15.² **Um þá sem sjálfir setja sig út af sacramenti.** Í síðasta máta var ósk að úrlausnar hvörninn fara skyldi með þá menn sem sjálfir setti sig út af *sacramentinu* sökum þeirrar ópykkju sem þeir hafa á sínum sóknarprestum, eður og sín á milli í söfnuðinum, hvort sem nokkurt tilhæfi eður orðsök kann vera eður ei. Þykir oss vandlega umsjáandi hvör að sé orðsök slíks ósamþykkis, hvort það er fyrir litlar eður öngvar, ellegar fyrir nokkrar eða þungar orðsakir sem ríða á lífi eður æru, hvörjar orðsakir presturinn rykti meðal þingunautanna en prófastur milli prests og sóknarmanna, og áminni sérhvör sína tiltrúaða að þeir slái niður öllum hugmóð og sturli ekki eining safnaðarins vegna þess hégóma sem þeim kann í milli að bera. En sé málið svo hátt að á nokkru ríði, ástundi þá sem áður andlegan samvitskunnar frið við sinn náunga, bæði sá sem óréttinn þykist liðið hafa svo sem hinn sem hann heldur afvaldan. Tali þó hvör sínu máli sáttsamlega fyrir lögum og dómi, þó kristilega án heiftar og

1 14: vantar í handrit

2 15: vantar í handrit

hefndargirndar, og sjái svo til fyrir Guðs sakir og kristilegs kærleika að fyrir ofurkapps sakir missist ekki heilags anda íbúð í hjartanu og samvitskunni, hvör að ekki vill byggja í hatursömu hjarta, með því enginn kann að elska sinn Guð og hata sinn náunga. Vilji þeir þá prestinum eða prófastinum hlýða og sig til friðar og kristilegs samþykkis með hjartans auðmýkt og lítillæti auðsýna, og sökin ríði hvorki á lífi né æru, og eigi meðkennd né vottföst þó orðrómur áleiki, þá viðvari presturinn þann sem fyrir hefur orðið en haldi ei frá *sacramentinu*. Í sama máta ef meðkennt er fyrir presti en enginn vitnisburður er annar eður opinber líkindi, sé með iðran meðtekinn þar til Guð sjálfur vill öðruvís opinbera. En sé meðkenning og orðrómur, sé fyrst áminnt heimuglega og afleyst svo lengi sem hentugt sýnist, en ef hann skorast þar freklega eftir með líklegum iðranarmerkjum sé enn í Guðs nafni meðtekinn. Nú fylgja líkindi orðrómi og meðkenningu, þó ei sé undir dóm borð, lengist áminninga-tíminn líkindanna vegna. Vilji hann sér ei með orðanna áminningu nægjast láta, óski aðgjörða veraldlegs yfirvalds eftir lögum og dómi, en komi þó aldrei upp með það sem honum hefur tiltrúað verið. En haldi uppi með huggunar-orðum og áminningum þar til aðgjörðir verða. Nú frestar dómi og knýr sá á sem fyrir sökinni verður og vill endilega fá sín fríheit, sé beðið í söfnuðinum heimuglega og opinberlega að Guð vilji náðarsamlega álíta slík vandræði og greiða á góðan veg. Og ef hans þægilegur vilji svo er, að hann þá vildi opinbera það sem hulið er í slíku máli, sér til lofs og dýrðar, þeim sem í hlut eiga til sálhjálp og kristilegri kirkju til leiðréttingar, og skal presturinn þetta gjöra að ónefndum öllum. En sé samt sem áður stöðugur að hann öngri upp um neinn komi, fylgi þá iðranarmerki vogum vér ei henni þar frá að halda fyrri en frekari bevísing er á hendur komin, því oss virtist ekki presturinn skyldugur neinu upp að koma fyrir en veraldlegt yfirvald er undangengið. Þó skjótum vér þessu vandamáli til álita og samþykktar annara frómrá manna. En allir þrjótskufullir og iðrunarlausir menn eftir löglegar áminningar eru af sjálfu verkinu sjálfsettir frá *sacramentinu* svo lengi sem þeir vilja ekki snúast með sannri iðran og umvendning frá sínu harðýðgi.

Var þetta allt sem fyrrskrifað stendur ályktað og samþykkt af oss öllum með biskupsins ráði og samþykki nærverendum og í dómssæti sitjendum að heilags anda náð tilkallaðri. Og til sanninda hér um setjum vér allir vor nöfn og eiginhandskriftir fyrir neðan þetta ályktunarbréf, hvört skrifað var í sama stað en degi síðar en fyrir segir.

Alþingis synodalia In nomine domini amen

Anno 1640 þann síðasta júní á almennilegri prestastefnu að Þingvelli voru þessir heiðurlegir menn til samans kallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni til að álíta og úr að ráða þeim málum sem þá voru framborin, séra Snæbjörn Stefánsson prófastur í Rangárþingi, séra Jón Jónsson prófastur í Þverárþingi fyrir sunnan Hvítá, séra Vigfús Oddsson í forföllum vegna föður síns séra Odds Stefánssonar prófasts í Árnesþingi, séra Þorsteinn Jónsson, séra Þorsteinn Oddsson, séra Guðmundur Guðmundsson, séra Jón Daðason, séra Gottskálf Oddsson, séra Ólafur Böðvarsson, séra Álfur Jónsson, séra Jón Oddsson, séra Magnús Jónsson, séra Björn Höskuldsson, séra Engilbrikt Nikulásason og séra Þorsteinn Björnsson, prestar Skálholtsbiskupsdæmis.

1. Í fyrstu kom fram eftir *synodali primo* þess fyrra ársins að af þeim próföstum sem þá voru tilnefndir að sækja þennan samfund voru nú eigi persónulega komnir nema tveir þeir áður voru nefndir, en forföll komu fram fyrir hönd prófastsins úr Árnessýslu sem voru elli og veiki. Í sama máta vitnaðist að prófasturinn úr Kjalarnesþingi hefði þá nærri hálfa aðra viku sjúkur verið. En af hendi þeirra tveggja prófastanna sem vestastir eru af þessum tileinkuðum, sem er úr Þverárþingi fyrir vestan Hvítá og Snæfellsýslu, kom ekki fram bréf né boðskapur sem þá afsaka mætti. Beiddist biskupinn þar á úrlausnar af prestunum hvort það mætti svo vítalaust og viðlaga undanganga, að hvörjum væri í sjálfræði kristilegar skikkanir og bifalningar samdar og settar á opinberlegri samkundu af réttum yfirdómara af sjálfs vilja ónýta og yfirtroða, og ekki svo mikla virðing auðsýna að gefa pappírsblað aftur sér til afsökunar. Hvað *synodo* sýnist að vera til óhlýðni við yfirvaldið og nokkrar afræktar við embættið, og ekki líðast mega fyrir utan nokkra tilbærilega *mulctam*, um hvörja, eftir því vér höfum ekki annað vissara eftir að ganga, oss virðist ekki óviðurkvæmilegt að standi eftir þeirri upphæð sem lögmálið skikkað óforfölluðum lögréttumanni þeim sem ekki kemur til þings í tilsettan tíma, og leggist sú sekt til fátækra í þeirri sveit sem hvör prestur búandi er, nema þeir beri fyrir sig löglega afsökun, nema æðra yfirvaldi virðist hér um annað réttara. En í sama máta beiddust prófastar með prestunum sem kallaðir á þessa *synodum* af biskupinum aðstoðar og leiðréttingar um þeirra ómakslaun fyrir þeirra reisu, hvað biskupinn lofaði að setja inn fyrir velburðugan höfuðsmann.

2. **Um causas pendentes.** Í annari grein var sett undir prestanna ályktun og úrskurð, hvör skikkun og regla hentugust þætti um meðferð og höndlun kristilegrar aflausnar, sérdeilis í vafasökum, þar annaðhvort væri málið ekki aldeilis til lykta rekið ellegar þá bókstafnum lögbókarinnar sýndist af veraldlegum dómi fullnægja gjörð vera, þá væri þó engin lögleg undanfærsla sken

Mulct þeirra
presta sem
nauðsynjalaust
forsóma að
koma til
synodum

De
αὐτοφωρία
contestata
dubitatum est,
Staðarstað
anno 1642
5. september,
dum ad huc
pendet

af hans hendi sem fyrir sökinni verður, en þeir sem í hlut eiga þykjast saklausir þó eiðaföllin séu opinber, því þeir kenna þar um öllu öðru en sínum verðugleikum. Finnast dæmi til hér í landi að nokkrar persónur hafa útiluktar verið frá heimuglegri aflausn og *sacramenti* þá sök er gefin, þó þar sé engin raun á orðin hvort sú sök fellur þeim á hendur sem borinn var eður ekki. En oss þykir prestunum þetta ekki óhætt vera að geta til hvör þeirra sakaður muni verða og eiga síðan undir hættu hvort hann hefur rétt á hitt, og kann sig svo á sínu embætti léttilega að forgrípa. Framar virðist oss með heilagri aflausn og *sacramenti* rögsamlega og skynsamlega fara eiga, og eigi af skör fram eður af lausri meiningu þar frá að setja. Fyrirbýður einninn kóngleg *maystet* að gefa mönnum getsakir. Vær skiljum og einninn sama *mandatum* og framfór á gefnum getsökum, það er efasömum, óreknum og óprófuðum. Því dæmum vér fullkomlega að héðan af skuli enginn prestur frávísa *sacramenti* og aflausn sem ekki sé fullkomlega bevisað og satt gjört, heldur bíða í soddan efasömum sökum þangað til lögleg ending er á þeim málum gjörð, svo hvorki komi presturinn sér sjálfum í hættu né ánetji heldur þá samvitsku sem saklaus má vera, með því móti hann leiti kristilega og skikkanlega *sacramentis* með iðran og auðmýkt, því harðúð, tráts og öll Guðs orðs foróktun og hans þénara setur af sjálfu verkinu út af *sacramenti* þar til betrun á verður.

3. **Um aflausn þeirra sem falla á eiðum.** En um eiðföllin kunnum vér ekki neinn endilegan úrskurð á að gjöra, því hér virðist stór vandi á báðar síður, að eigi séu ofþyngdar samvitskurnar þeirra sem má vera saklausir séu þó þeir þarfnist undanfæris, sérdeilis þar ekkert *examen* er hér tíðkanlegt í landi á eiðvættunum fyrir hvörja sök þeir gangi frá og vilji ekki sanna. Þá með því móti að hinum standi ekki sín eigin kynning fyrir af öðrum málum, því oss þætti skikkanlegast að eiðvættin bæri fyrir sig nokkra skjallega ástæðu ef þurfa þætti sannandi, heldur en sérhvörjum væri það í vild og vilja eftir sínum eigin geðþótta, hvörn hann kallar samvitsku án nokkrar orðsakar, hvörn hann vildi felldan fella og uppreistan reisa. Og hér til áminnum vér kristilegt yfirvald að fara hér sem næst að vanda sitt embætti, að hér sé rélega meðfarið, þar svo mikið er í húfi að eins manns sök og sakleysi er undirkomid eftir vorum landslögum. En öngva strákavörn eður skálkaskjól viljum vér hér af gjöra til að stæla þá forhertu og iðrunarlausu. Hnífur hér að einninn grein *ordinantiunnar* sem fyrirbýður að prestar skuli frá *sacramenti* halda eður í bann setja þann sem þeir vita ekki að gjört hafði það brot, þó gjörningurinn sé skeður.

4. **Um fríheit Gríms Bergssonar.** Í fjórða lagi gaf málefni Gríms Bergssonar, hvört eð áhrærir hans framburð, hvörn hann hefur ekki með vottum staðfest, heldur blífur það mál allt hingað til af hendi óbevisað, en hann hefur fyrir utan heilagt *sacramenti* og aflausn staðið síðan í fyrrahaust anno 1638, sunnudaginn næstan eftir allraheilagramessu, sem er meira en hálf tannað ár, en óskar nú og beiðist kristilegra fríheita vegna Guðs og sinnar samvitsku. Var hann alvarlega aðspurður enn að nýju með áminningu hvort hann vildi þann

einfaldasta og ljósasta sannleika meðkenna, sem hann vildi í Guðs augliti bikenndur verða með góðri og hreinni samvitsku, hvar til hann fyrir oss meðkenndist að hann það vildi gjöra. Vottaði hann þar að auk að sér hefði enginn illur tilgangur ollað, að hann í neinni óvild eður öfundsemi hefði ófrægja viljað eður neitt ofherma uppá velburðugan herra höfuðsmann, heldur hvað þar væri úti skeð, það allt væri skeð í grandleysi og einfaldleika. Verða þeir veraldlegu þar úti hans meðkenningu og vorri samvitsku samþykkir. Þeir virða yfirsjón Gríms meir skena vera fyrir gleymsku og vangá heldur en aldeilis illan vilja. Orðin líka í sjálfu sér öktuð bjóða ekki af sér annan þótta né þokka að vorri virðingu en einfaldan og meinlausan, svo sem hans bréf vottar, hvört upp var lesið fyrir oss og eftir vorri skynsemi athugað. Því að þessu svo prófuðu sem vér nú afvitum, ályktum vér og dæmum að Grímur Bergsson gjöri opinberlega játning í söfnuðinum að sinni sóknarkirkju, eftir því formi sem honum verður af biskupinum eða prófastinum fyrirskrifað. Og eftir slíka gjörða afbæn og alvarlega opinbera áminning af prófastinum gjörða *de continentia lingvæ* eður því öðru sem Guð gefur honum þá fyrir söfnuðinum til áminningar og uppbyggingar að tala, þá taki Grímur Bergsson heimuglega aflausn af sínum sóknarpresti þegar hann leitar þess kristilega. Og héðan í frá hefur oss litist að þau orð sem ekki hnekkja eður krenkja æru þess sem við er mælt séu ekki ströffuð af andlegu valdi með útafsetningu, því af soddan útsetning hlýst og hefur hlotist mikið slark og langsamar þrætur í landinu, svo menn hafa varla getað út úr þeim vafa ratað. En séu þau orð hinum sneyðileg, þó ekki kosti hans æru ef sönn væri, séu áminntir opinberlega af prestinum, þó meðtekinn heimuglega eftir áminninguna, ef hann þar kristilega sig tilbýr, en þau sem öngvum er sneytt í, þó missögn beri manni á hendur, haldist fyrir brest en ekki glæp og standi eigi fyrir heimuglegri aflausn. En presturinn áminni hann í aflausninni að taka sér vara að hann hendi það ei oftar, og hér eftir viljum vér að prestar hegði sér um landið.

5. Um konur sem lýsa mönnum sér á hendur þar ei fylgir barneign.

Framar gafst færi til að álíta hvað gilda skyldi lýsing þeirra kvenna sem lýsi mönnum sér á hendur en þar dragi engin nauðsyn til, eigi fylgdi heldur nein barneign, hvort sá sem fyrir yrði þeim áburði skyldi út af setjast. Virðist oss soddan persónur léttferðugar og ekki eftirtakanlegur þeirra framburður, nema önnur líkindi fylgi, að þær hlífist ekki við sína eigin skömm að opinbera, og því höldum vér prestana eigi skylduga þá frá *sacramentinu* að setja ef iðrunarmerki ásýna þegar þess leita, heldur séu kristilega áminntir að þeir sig rétt prófi með játningu þeirrar og annara synda ef hún kann ske hefði þeim tilfallið. Þó séu þeir áður en meðtakast í söfnuðinum aðspurðir eftir þessa áminning, hvort þeir vilji eigi tilleiðast að meðkenna það brot sem þeim verður á hendur sagt, og ef þeir því neita sé þeim á hendur falinn sá ábyrgðarhluti sem þar af hlýst, ef þeir í stríð við sína samvitsku halda sér aftur, þá synd sem eftir játninguna afleysast mætti, ef hann hana kristilega meðkenndi, og hafi þó eng-

in not af *sacramentisins* meðtöku, hvört hann með hræsni meinar til sín að véla.

6. Prófastar yfirheyri ungdóminn í barnalærdóminum. Framar óskar biskupinn og beiðist að prófastarnir gjöri fullnægju kónglegrar *maystets ordinantiu* um *visitatiuna* í sínum héröðum og yfirheyri ungdóminn í sínum barnalærdómi, eigi alleinasta hvort hann kunni orðin fram að þylja, heldur og einninn skilning og undirstöðu eftir aldri og öðrum hentugleikum, áminni einninn foreldrana að hafa kristilegar kenningar og umgengni fyrir sínum börnum og öðrum skylduhjúum, jafnvel þeim sem um hreppinn fara. Sérhvör að sínu heimili refsí og agi þá sem í ómegð eru sem sín eigin börn, ef þau fara ei með sínum foreldrum, og áminni þeirra presta að halda öllum til Guðs ótta og góðs lifnaðar, hvörjum eg vil oss allasaman sérhvörn í sinn stað til verndar og góðrar framkvæmdar trúlega af hjarta befalað hafa.

En til meiri staðfestu að þetta ofanskrifað statt og stöðugt höldum og halda viljum setjum vér vor nöfn hér með eigin höndum fyrir neðan ásamt biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, hvör með oss þessi álit og úrskurð með sinni handskriftaðri hendi og nafni staðfesti. *Actum* Þingvelli *anno* 1640 þann 1. júlí.

Andsvar biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar til nokkra höfuðsmannsins *articula*

Anno 1639 á almennilegu Öxarárþingi bifalaði herra höfuðsmaður erlig og velbyrðugur Pros Mund til Grevensvenge nokkra *articula* eftir kónglegrar *maystets* bréfi er samstundis var hér á alþingi lesið, andlegum og veraldlegum hér á landi að framkvæma, hvörjum eftir því sem í kóngsbréfinu henta þótti. En eg var í þann tíma nýlega innkominn í landið næsta ókunnugur og óviss um þann nýja þingsetningartíma, sem brugðinn var degi af þeim er var þá er eg hér seinast til vissi. Vildi því svo til að eg var ei á þing kominn er bréfið var lesið og bifalningin gekk út frá velburðugum herra höfuðsmanni. Síðan hefur ekki verið við mig tillagt um neitt andsvar uppá fyrirnefnt bréf og bifalningu, fyrr en nú í vetur er umboðsmaðurinn Jens Söffrenson af mér andvars óskaði uppá *articulana* sem mér sýndist oss andlegum hér í Skálholtsstíkti varða.

Nú þó minn ungdómur og ókunnátta mætti mig nóglega fráfæla svo viktugum efnum úrlausn að veita sem öðrumegin má sýnast hlut í eiga minn náðugi herra og kóngur, og hans velburðugur útsendari vor höfuðsmaður, en vér fátækir andlegrar stéttar lands innbyggjendur í Skálholtsstíkti á aðra, samt og áður útheimtir hlýðni við minn náðuga herra kónginn og velburðugan herra höfuðsmann, svo sem og mín embættisskylda, að eg ekki með þögn eður þrjótsku láti hans náðar *mandata* svo sem í gegnum eyrun þjóta og veiti þeim ekki ans, heldur eftir fremsta mætti og undirgefni þakknæmilega andsvari eftir

því viti sem Guð hefur gefið, biðjandi auðmjúklega mitt elskulegt yfirvald það náðarsamlega að álíta sem þarfsamlega má skrifað verða, en hitt fyrirgefa sem af fákunnáttu má yfirsjást, viljandi ætíð eftir skyldu míns embættis eftir mínum eiði í allan tilbærilegan kristilegan máta því skylduga hlýðni, virðing og hollustu sýna.

Og vil nú utan meiri orðafjölda stuttlega og einfaldlega til þeirra *articula* sem af biskupi Skálholtsstiktis sýnast eftir befalningu andsvars beiðast, andsvar gefa í herrans nafni.

1. **Andlegum befalað að gjöra eftir kónglegum *mandatis*.** Fyrst býður og bifalar velburðugur herra lénsmaðurinn biskupunum, próföstum og prestunum að gjöra eftir hans *maystets* náðugum *mandatis* hvörjum í sínu embætti og kalli sem það tilheyrir og ber. Vér þökkum velburðugum herra höfuðsmanni á mót auðmjúklega þessa hans áminningar bifalning og viljum gjarnan eftir henni taka og breyta það oss hvörjum í sinn stað er mögulegt, vitandi oss hvörn í sinn stað hafa unnið vorn embættiseið, vorum Guði fyrst og fremst, þar næst vorum kóngi að þjóna, eftir vorri embættisskyldu, hvað vér allir viljum sem helst og best vér megum ástunda og í verki auðsýna, svo vér það ei með mótvilja yfirtroðum né afbrjótum. En það oss má fyrir mannlegan veikleika yfirsjást biðjum auðmjúklega allir með allri undirgefni, að meðan vér stórbrestalaust stöndum í voru embætti og það er ekki löglega eftir kónglegar *maystets ordinantiu* af oss dæmt, þá mættum vér allir hvör í sinn stað ómakslausir njóta þeirra allra náðarfríheita sem vor náðugi herra og kóngur hefur mildilega veitt og unnt þeim sem það heilaga kennimannlega embætti með höndum hafa, bæði í *ordinantiunni* og öðrum hans náðar *mandatis* og bréfum, svo vér af þeim veraldlegu sem það vilja gjört hafa séum ekki með hleypidómum undan *ordinantiunni* dregnir, undir þeirra sjálfviljaða dóma, meðan vér megum *ordinantiunnar* og vors embættis njóta, heldur að vér mættum eftir *ordinantiunni* dæmdir og lögsóttir vera af því voru yfirvaldi sem hann ákveður, svo sem í öðrum hans *maystets* náðar löndum tilgengur og vér trúum hans náð vilji að hér í landi einninn tilgangi. Og það óskum vér auðmjúklega herra höfuðsmaðurinn vilji almennilega bifala, svo enginn veraldlegur taki sér fyrir hendur yfir kennimanni að dæma án *ordinantiunnar* bifalningar að óspurðum lénsmanni og biskupi, hvörjir báðir eru skikkaðir til þess háttar dóma, en ekki sérhvör hinna annara úti frá sem dómi vill á þá kasta, því þótt þeir svari að þeir hafi svarið sinn dómaraeið, þá er sá eiður þó ei framar en þeim ber að lögum dóm yfir að segja, og hinir sem *ordinantian* skikkar hafa ei síður eið svarið, svo eigi þurfi þess vegna segja (sem heimskir meina) andlegir séu undan lögum teknir, því miklu síður að vér viljum oss undir *ordinantiunnar* lög skuldbinda, það halda og hafa sem kóngleg *maystet* þar inni býður. Og því lýsum vér nú allir andlegir menn í Skálholtsbiskupsdæmi hér á alþingi í dag, að eftir þeirri sömu vors náðuga herra og kóns norsku *ordinantiu*, sem oss er biföluð af hans kónglegri náð hér

Andsvar
biskups

í Íslandi, viljum vér bæði dæma og dæmdir vera, svo lengi sem vér megum þeirra kónglegra *privilegia* njóta sem kennimönnunum eru þar inni gefin eftir voru embætti, en afsegjum allar lögleysur sem fyrir utan hana mega oss af hinum og þessum til áfellis færðar verða, allt til þess kóngleg náð skikkar oss undir öðrum lögum að blífa. Og það er vor innileg bón til velburðugs herra höfuðsmanns að oss megi sem öðrum prestum og kennimönnum í kónglegrar náðar löndum þetta veitast það mögulegt er, svo enginn annarlegur megi þar í móti gjöra.

Svar biskups

2. **Inventarium gjörist á öllum kirkjum.** Sú bífalning herra höfuðsmannsins uppá kongsbréfið skildist svo, að hann býður og bífalar biskupum, próföstum og prestum að hvör í sinn stað við dómkirkjur, kirkjur og alla andlega staði þar sem *inventaria* haldast gjöri réttilegt *inventarium* og framselji tvennar réttilegar útskriftir skrifaðar og með þeirra og góðra manna höndum undirskrifaðar. Hvað og einnir er uppbyrjað að gjöra hér í Skálholtsstíkti, eftir því sem í hvörjum stað er mönnum varið, þó það sé og enn nú vegna stiktisins vegalengdar og torfæru ófullkomið. Samt og áður viljum vér í þessu og öðru sem oss ber að gjöra *maystetinu* skylduga hlýðni auðsýna og þessa höfuðsmannsins bífalningu framkvæma eftir mætti svo fljótt sem oss er það mögulegt til yfirferðar yfir þessa erfiða og hættusama vegu að komast, svo þar verði ei mikill brestur útí forsómunar vegna. En ekki eru hér í stíkti nema Skálholtsdómkirkja alleinasta og ei aðrir andlegir staðir að *inventarium* haldist við, nema fyrrnefnd dómkirkja og prestakirkjurnar í landinu síðan klaustrin eru þaðan í burt tekin. Því er eigi fyrir öðru reikningi að halda en einni dómkirkju og prestanna kirkjum. En *inventarium* er allvíðast ekki meira en til venjulegrar Guðs þjónustu innan kirkju, hvorki í Skálholtsdómkirkju né flestum öðrum kirkjum þar eg hefi yfirfarið. Sömuleiðis staðanna *inventaria* halda tölunni sumstaðar, en óvíða verði og gæðum, því flestir segja sér hafi þannin í hendur komið og þar fyrir vilja þeir sínum eftirkomendum það með því móti geyma og síðan afhenda láta. En hvort það andsvar eigi gilda eður eigi, eður hvað þar á til að gjöra sökum fátæktar landsins og staðanna, það stendur og bíður yfirvaldsins aðgjörða.

Svar biskups

3. **Óbrúkanlegt inventarium virðist.** Framar bífalar herra höfuðsmaðurinn að láta virða það óbrúkanlega *inventarium* hvar það er. Hvar til eg svara fyrir Skálholtsdómkirkju að þar er næsta mikið kirkju og staðar *inventarium*, ei alleinasta óbrúkanlegt, heldur aldeilis óduganlegt og að öngvu vert, og eigi álnar, það eg meina, sem eru rytjur og skrudatjöld og aðrir búhlutir sem mínir afhendingarmenn munu mér að vitni fullnast að mér svo í höndur komu. Þess háttar *inventarium* kann ekki neinu virðast, því það er einskis vert, og því færi eg þar af nokkuð nú til alþingis svo þar megi afgjörast það menn vilja, því það er hvorki til geymslu né virðingar sem góðir menn mega sjá. En hitt sem nokkru er virðandi, það er og til einhvörs brúkanlegt. Og sama meina eg að sé mál hinna kirknanna og staðanna. En sé það nokkuð er fémunum nemur og þó

sé ei til neins brúkanlegt, þá skal það virðast, en vér óskum kirkjurnar megi verðsins njóta ef þeirra eign verður seld, því þær þurfa allar síns með.

5. Klukkur brotnar skikkast til Kaupenhafn. Í fimmta máta býður og bifalar herra höfuðsmaður öllum og sérhvörjum að brotnar og óbrúkanlegar klukkur skuli skikkast til Kaupinhafn, og að þær skuli endurbætast og síðan til kirknanna aftur sendast. Hér spyrja nú þeir sem þær fátæku kirkjur halda, sem eru næsta margar í landinu að ei formega að kaupa sér vín og bakstur af því sem þeim tilkemur og reiknast af *portione*, hvar af bítalast skuli það sem til endurbætingarinnar þarf að kosta og uppá hvörs ævintýr þær skulu sigla. Það girnast allir að vita og úrlausn fá af velburðugum herra höfuðsmanni að síðan megi sérhvor sig þar eftir rétta.

Spurn biskups

6. Kirknajarðir eða eignir burtsejast ekki. Í sjötta máta bifalast að öngvar andlegra staða jarðir og eignir megi frá kirkjunum komast, og ef nokkuð finnst burtkomið vera, þá sé það hans velburðugheitum auglýst að það með lögum og rétti megi aftur innláta. Þar fyrir kunnum vér ekki að fullpakka hans *maystet* að hann vill vorra kirkna eignir í sitt forsvor taka og þeim velburðuga herra höfuðsmanni til forsvars setja. Skulum þessum náðarskikkunum eftirfylgja og höfuðsmanninum tilsegja þegar oss ber þar að, að vér megum ekki með náðum bíhalda því sem kirkjurnar hafa átt til fyrirfarandi tíma, biðjandi velburðugan herra höfuðsmann þá þessarar sinnar góðvildarlofunar minnugan að vera og kirknanna gagni fram að fylgja. En að þessu sinni er sú vor helsta auglýsing að láta höfuðsmanninn vita, að mjög víða gengur undan kirkjum og kennimönnum það þær hafa átt að fornu og prestanna kaup hefur af kirkjunum verið eftir þeim gamla kirkjustól sem hér í landi hefur eftirdæmt verið og alleinasta er til vor fullkomlegur og nýtur kominn sem heitir Vilkins- máldagi. Því óskum vér að oss megi úrlausn gjörast af herra höfuðsmanni, að bæði kirkjur og prestar mættu þess eigindóms og kaupgjalds njóta sem þeim er í Vilkinsmáldaga tilhaldið og ei bívísast að lögum þar í móti undangengið, og þess biðjum vér höfuðsmanninn auðmjúklega eftir kóngrsbréfinu að framkvæma, einkanlega að á fátækum prestum sé ekki sælst né afdregið það kaup sem bændakirkjur hafa átt þeim að lúka fyrir sína þjónustu, með hvörjum skilmála þær hafa og vígðar verið, hvört kaup nú er óvíða eða alls ekki prestum gildið.

Svar biskups

7. Prestum bifalað að halda prestagörðum við hefð og makt. Í sjöunda lagi bifalaði junkur öllum prestum að halda öllum prestagörðum sínum við góða hefð og bygging sem forsvoralegt má vera. Það er nú þeim auðgjört sem við sjávarsíðuna búa eða ríkari kirkjur halda, þeim og sem viðhaldast sjálfir á stöðunum. En þeim hinum sem einshvörs brests á þessu vegna mega ekki svo vel að staðinn eða kirkjunnar peninga kunni ánægjanlega að forsga, þeim segi eg er vandara að gegna og beiðist þess sökum af velburðugum herra höfuðsmanni úrskurðar og ráða, hvað til skal gjöra þar sem einhvor kirkjuhaldari kemur í þá fátækt að ei alleinasta hans peningar heldur jafnvel er hætta

Svar biskups

kirkjunnar og hans kvinnu peningum, að ei tapist, eður ef ei er til, hvör síns eigi að missa, kirkjan, konan eður hvor tveggja eftir tiltölu, því að hér á þykir oss vandi hér í Skálholtsstíkti, eður hvort konan má sína peninga í veð setja meir en hún mátti að lögum gefa, nema erfingi samþykki. Sömuleiðis hvort nokkur má með góðri samvitsku afsetja þann fróman og ærlegan kennimann því plátsi sem hann vill þjóna, ekki nema fyrir þeirrar fátæktar sakir sem hann sjálfur veldur ekki. Og ef allir kirkjunnar peningar sóast og ekki sé af að taka, hvör þeim beri aftur að svara með staðanna spjöllum og því öðru sem á kann falla. Hér uppá allt þetta óska eg auðmjúklega fullkominnar ályktunar á af velburðugum herra höfuðsmanni með þeirra bestu manna andlegra og veraldlegra ráði er hann þar um tilnefnir, því eg lýsi því fyrir hans velburðugheitum að sé hér ekki vandlega viðséð þá er vís og auðsýnn skaði og höllun á kirknanna síðu. Því óska eg hér sé í tíma fullkomlega aðgjört.

Svar biskups 9. **Jarðabók gjörist uppá allt andlegt góts.** Í níunda máta bifalar lénsmaðurinn biskupunum að senda sér rétta jarðabók uppá allt andlegt kirknagóts og kristsfjárgóts og fátækra manna eignir rélega skrifað. Hvar til eg svara að eg meina dómkirkjunnar jarðaregistur muni nokkrum sinnum til Bessastaða sent vera og mesti partur eigna hinna kirknanna er innfærður í þann almennilega kirkjustól, Vilkinsmáldaga, hvör eg meina einnin liggi á Bessastöðum. En kirkjueignirnar vaxa nú ekki í nokkur ár heldur meina eg þær nú svo til aldurs komnar að þeim muni fullfarið fram sem nú gengur um stundir. Samt læt eg í *visitatiunni* uppskrifa og handskrifa þær eignir allar er eg fæ að vita að við kirkjurnar haldist enn í dag, og það registur má lénsmaðurinn fá þegar það er búið. Þessu verður ei svo fljótt fyrirkomið svo vel vandað sé. En um kristsfé, það er fátækra manna góts, skal einnin hugsað verða að þess registur næst þá stundir líða. Það er næsta lítið þar eg hefi enn yfirfarið, einar þrjár jarðir eða fjórar, en það meira finnst skal til reiknings koma.

Svar biskups 10. **Reikningur árlegur sendist lénsmanni uppá dómkirkna, skóla og fátækra eign.** Í tíunda máta bifalar lénsmaðurinn biskupunum strax og árlega hvört ár hér eftir að fá sér réttan reikningsskap upp á dómkirknanna, skólanna og þeirra fátæku eign og inntekt. Þar til svara eg fyrir dómkirkjuna í Skálholti að hennar inntekt, sem eru leigur og landskyldir, eru innskrifaðar í það jarðaregistur er eg vona á Bessastöðum liggi, hvað aldrei vex, heldur miklu heldur árlega minnkar vegna fátæktar og landsins harðinda, svo ekki er nú heldur en fyrri að slást til dómkirkjunnar ábata sökum þess óbærilega kostnaðar sem hún þarf að hafa, bæði fyrir skólanum, heimilismönnum og annari aðsókn, sem reikningarnir skulu nóglega útvísa. Skólan veit eg ekki neitt uppbera eiginlegt nema tífundir af tveimur sýslum, Rangárvalla- og Barðastrandar-sýslum. Hefur hans hluti (því eg þarf umboðsmann að halda sem uppber ef eg vil nokkuð hafa og honum þriðjung gefa) af hvoru tveggju í fyrri ei stórt orðið yfir 20 hundruð í einu og öðru sem menn geta goldið, og þar um vona eg ekki

meira verði framvegis fyrir áðursagða orðsök. Aðrar inntektir veit eg ekki dómskólann í Skálholti eiga, heldur heldur dómkirkjan skólann af sinni inntekt með allra stærsta kostnaði og ómaki. En hvað fátækra uppheldi viðvíkur þá er það hér ei annað en kristfé sem biskupar hafa meðhaft að umsjá. Hitt annað, þeirra uppheldi er undir lögbók og veraldlegum dómum og skikkunum, því munu veraldlegir þar til svara. En frá því að skýra hvörninn inntektunum er varið mun reikningurinn gjörst herma, hvörs inntak eg fæ höfuðsmanninum í stuttri *summu*, því ómögulegt er einum manni svo ört að láta allt í gegnum skrifa, með öllum öðrum bréfabgjörðum, erindum og reiðum sem hann á í alla staði að gegna vegna síns embættis, hvað ei má hér forsómast, þó hvör og einn vilji sér sem best umhugað vera láta sitt besta að gjöra eftir skyldu.

11. **Lénsmaður vill kristfjárjarðir liggi undir Viðeyjarklaustur.** Í ell-
efta lagi bífalar lénsmaðurinn að allar kristfjárjarðir og partar liggi undir Við-
eyjarklaustur. Vona eg hann muni það ekki framar bjóða en kóngleg náð í sínu
bréfi hefur bífalað, einkum að þeirra jarða *fundatium* sé ekki *præjudicerað*
eður misþyrmt, og þar með að biskupanna meining skuli þar með heyrast. Nú
er það sögn manna sem vita af rökum til gjafa margra þessara jarða að þær séu
sumar með þeim póstum og skilmálum gefnar sem ómögulegt sé að fátækir sem
þar fæðast eiga komist til Viðeyjar, þess annars að þar eru aðrir *patronar* og
forsvarsmenn áður bréfaðir í *fundatiumum*. Þriðja að biskupinn hefur sumstaðar
haft byggingarráð og vernd yfir hér í Skálholtsstíkti. Því óska eg og bið að
höfuðsmaður vildi hér góðan þátt í eiga að þær blífu við þá sveit sem þær hafa
gefnar verið með þeim skilmála sem þar fyrir verður sýndur þegar *visitation* er
sken yfir allt stíktið eftir kónglegrar *maystets* náðarbréfum.

Svar biskups

15. **Fundatiur og skjöl kirkna skikkuð til Bessastaða.** Sá fimmtándi
póstur er herra höfuðsmaður bífalaði var þannegin að hann býður og bífalar
biskupunum að fá og framselja sér allar *fundatiur* og bréf sem gilda uppá
dómkirkjunnar hlut og kirknanna hér í landinu eftir kónsins *maystets* bréfi.
Hvar til eg svara að ei sé mögulegt þau gömlu bréf er Skálholtsdómkirkja
meðferðis hefur svo snarlega og fljótlega að yfirsjá og undirskrifa sem margur
meinar, því þó þau séu ei mörg þá er þó ei óvíst nema árið tefjist um það allt
er orðrétt skrifað, samanlesið og handskrifað af því rusli sem þar liggur, sumt
til nokkurs en sumt til ónýtis, þó að eg hans *maystets* náðarbífalning undir-
danigast gjöri það eg má og velbyrðugum herra höfuðsmanni hlýðnist. Hefi
eg eftir því sem tíminn og tíðin vill leyfa fyrirborist að láta útskrifa þau bréf
er Skálholtsdómkirkja á nú og hefur meðferðis í eina bók með handskriftum,
svo þar megi fást eftir sú bók er herra höfuðsmaðurinn umtalar, ef Guð vill oss
svo lengi líða, hvörjum eg bífala trúlega af hjarta kónglegri *maystet* til þeirrar
bestu heillar og velferðar sálar og lífs og hollustu ráða oss fátækum undir-
sátum til náða og nytsemda, samt því öllu er hans náð kært hefur, sömuleiðis
vorn kæra herra höfuðsmann og oss alla einn og sérhvörn í sínu kalli, stað og

Svar biskups

embætti, biðjandi alla þessi lítt forsjál þó velmeint orð til hins besta virða. Herrans náð veri með oss öllum nú og að eilífu *amen*, Skálholti 28. júní anno 1641.

Vallaness samþykkt *In nomine domini amen*

Anno 1641 Laurentii dag að Vallanesi á Völlum. Voru þessir kennimenn samankallaðir til álita á þeim tilfellum er þar framkomu að forlagi biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar í hans *visitatiu* um Austfjörður og héraðs-prófastsins séra Ólafs Einarssonar *in synodo provinciali*, séra Eiríkur Ketilsson, séra Einar Þorvarðsson, séra Eiríkur Ólafsson, séra Guðmundur Ketilsson, séra Rögnvaldur Ormsson og séra Einar Jónsson, prestar Skálholtsbiskupsdæmis.

1. **Um foröktun Guðs orða.** Í fyrstu kom fram sú óguðlega heiðni er stórlega skal í vöxt fara um foröktun Guðs orða og hvíldardagabrot, hvör óvenja almennilega var áklöguð af prestunum 1641 17. júní að héraðsprestastefnu á Egilsstöðum, þar þeir segja mikill partur almúgans gjöri helga daga jafna virkum dögum í erfiðismunum og ferðalagi til sjós og lands, sumir taka sig heiman á laugardagskvöldum, ætlandi sér helgitímann allan til ferðaútréttingar, aðrir snemma á sunnudaginn sneiðandi hjá kirkjum og tíðum. Var þetta mál lagt til biskupsins tilhlutunar á nefndri prestastefnu. Er öllum kristnum mönnum auðsýnilegt hvað alvarlega Guð almáttugur hefur bifalað sína orðs þjónustu og hvíldardagana að helga og heiðra, einninn með aflátsemi alls erfiðis, og hvört straff þar við liggur. Þar um er Guðs orð yfirfljótanlega fullt, hvörju þessir óguðlegir menn í þessu og öðru eigi heldur gegna en þó fugl kvaki. Hér til eru mannanna lög forn og ný, andleg og veraldleg, bæði kristinréttur og kónglegar *maystets ordinantia* með öðrum kóngrsins *mandatis* samhljóða í því efni að varna og fyrirbjóða þess háttar óguðleika.

Nú virðist oss mismunur ágjörandi hvörninn helgibrotinu er varið, sem er hvort það sker fyrir stórnauðsyn, léttvæga eður öngva.

2. Hvort sú nauðsyn er sannprófuð eður tilslegin.

3. Hvort helgibrotið sker allt eður hálft, það er hvort sá sem brotlegur verður misbrúkar allan daginn og forsómar heilagt embætti eður tekur hann sig til erfiðis eftir embætti að heyrðu Guðs orði. *Item* hvort hann tekur sig af sínu heimili til erfiðis eður á hann heim að sækja eður til kirkjunnar.

Ordinantian og önnur mannanna lög segja, *articulo* 6, nauðsyninni sé engin regla skrifuð því hún hafi ei lög, hvað vér skiljum helst um lífsnauðsynjar, hvort það er í hættu fyrr eður síðar, nema borgið sé í því sinni. Einninn bannar ekki Kristur að draga upp uxa og asna á þvottadegi þar skepnunnar líf er í húfi og nauðsyn krefur bráðrar aðgjörðar. Því leggjum vér allar sannprófaðar stór-

nauðsynjar hjá að þessu sinni, þegar bæði er nauðsynin sjálf löglega bevisuð, hennar stærð og aðgjörðarinnar bráð þörf. En dæmum hann sem henni vænist skyldugan að færa sitt mál að sannara með trúlegum vottum ef mögulegt er, eður líkindin, eður handsöluðum eiði, hvörjar bevisingar hann sé skyldugur að færa sínum sóknarpresti ef hann þess óskar. En vilji hann það eigi, sé haldinn sem sakaður og falli til hinna er eftir koma. Ella kunnum vér honum ei straff að setja, sérdeilis ef hann er eigi að þessum eður þess háttar misverkum kenndur.

En þeir sem léttvægari, öngvar eður óprófaðar nauðsynjar færa, ef það vottast þeir erfiði alla helga daga, svo þeir annaðhvort taka sig frá kirkju eður sneiða hjá um embættistíma, þeim hinum sömu dæmum vér þriggja marka sekt eftir *ordinantiunni* og þar á ofan skylduga að taka opinbera aflausn, hvort sem þeir forakta þjónustu að sinni sóknarkirkju eður annari, því vér skiljum soddan menn undir því nafni sem *ordinantian* kallar foraktara Guðs orðs. En þeir sem hálfa daga eftir heyrða þjónustuna erfiða eður heiman reisa, dæmum vér til sömu fjársekta eftir *ordinantiunni*, og taki opinbera áminning í söfnuðinum en séu heimuglega afleystir. Það hið sama meinum vér og einninn um þá sem á sinni reisu eru staddir, þó eigi nái kirkjuembætti, en erfiða eður leggja upp þegar snemmendis á helgum dögum, hvörjir með réttu ættu að þakka Guði fyrir þann náðartíma að hann lætur sitt orð hreint og klárt predikast í kristilegri kirkju, og að þeir eru einninn verðugir haldnir af Guði til að vera í samneyti hans heilagrar kristilegrar kirkju og biðja þann miskunnsama Guð, að þó þeir séu þeim líkamlega hóp kristinnar að líkamsvist nú fjærlægir, þá virðist þó Guðs góður náðarandi að samtengja hjörtu, hug og andvarpan sín og þeirra, og að þeir mættu fyrir Guðs hjálp miskunnsamega leiddir verða til húss drottins, hvar þeir með einum huga og sama hljóði með öðrum Guðs börnum mættu lofa sinn Guð og skapara fyrir Jesúm Kristum, og ber þeim í minning þess gleðilega friðartíma sem kristileg kirkja heldur með guðhræðslu að hvílast til virðingar við Guðs orð og þess þjónustugjörð.

En þeir sem að heyrðu Guðs orði, ef mögulegt er, eður ef eigi komast til kirkju, hvílast þó fram yfir embættistímann en taka sig síðan heimleiðis til ferðar, virðum vér til vorkunnar, nema þeir gjöri þar af sérdeilis vana eður giska til það skuli svo ske, þá séu áminntir, en vilji ei aðgjöra, sekist sem hinir fyrri. En þeir sem forfallalaust blífa heima og koma eigi til kirkjunnar þrjá sunnudaga samfleytt séu opinberlega áminntir í söfnuðunum, en ef þeir blífa við sitt sama lag þrjá aðra sunnudaga séu opinberlega afsettir *sacramentinu* og eigi aftur meðteknir nema með opinberri aflausn, jafnt konur sem karlar, hvörjir ósjúkir eru og færir. En forföllin bívísist af þeim er framber og metist sanngjarnlega af prestinum án alls fylgis og óvildar, svo sem hann vill fyrir Guði og sínu yfirvaldi bikenndur verða. Og að prestarnir séu þess heldur afsakaðir fyrir misgrun virðist oss skikkanlegast að þeir hafi í ráði með sér tvo guðhrædda dánumenn til að meta fyrrsögð forföll. En til heimuglegrar aflausn-

Um helgi-
brot og
sektir á því

Um hálf
helgibrot

Þeim sem þrjá
sunnudaga
samfleytt for-
sóma sóknar-
kirkju

ar sé eigi meðtekinn neinn sá er eigi veit að gjöra nokkra grein á fyrirfarandi sunnudags predikun, heldur sé í það sinn frávísað til þess hann hefur betur viðbúist, því heyrn og lærdómur Guðs orða er einn litur á brullaupsklæðinu sem herrann vill hafa á sínum gestum.

En sjálfgjörðum bænhusum ekki af biskupi samþykktum skyldast enginn prestur til að þéna nema hann sjálfur vilji, og þó svo að ekkert forsómist á hans kirkju og öngvar skyldur séu dregnar frá sjálfri kirkjunni, hvað hið sama vér meinum um þau ónaúðsynlegu, þó að fornu fari verið hafi. En þau naúðsynlegu haldist við þjónustuna, svo framt sem þeirra forsvarsmáður greiðir og geldur presti það honum ber eftir alþingisdómi, því erfiðari, eftir sjálfs Kristi orðum, er ei alleinasta síns fæðis, heldur og einninn sinna launa verðugur.

2. Um þá sem orðsakalaust taka sig frá *sacramenti*. Kom fram á Egilsstaða prestastefnu að nokkrir af sjálfra sinna tilhlaupi án allra auglýstra orðsaka taki sig frá því heilaga altaris *sacramenti*, viljandi ekki til þess ganga fyrir sínum prestum. Virðist þar samankomnum prestum eigi lítil forsmán við það andlega yfirvald, að þeir sömu skulu eigi áður birta sinn tilgang og sakir prestunum gefnar fyrir héraðsprófastinum og rétta sig síðan eftir hans dómi eða annari löglegri skikkun, án hvörrar atferðar prestarnir segjast ekki betur vita en þess háttar *sacramentisins*, prestsins og yfirvaldsins forsmán sem eitt skaðlegt hneyksli forþéni kristilega iðran og opinbera aflausn. Samþykktum vér þennan *articula* prestanna álits, að þeir menn sem vegna síns eiginlegs þversinnis, hvort þeir kalla kalda við prestinn eður annan, taka sig út frá *sacramentinu*, en gefa þó öngvar sakir nema sinn eigin gedþótta, að ef það skeður hálf ár eður lengur séu afsettir til opinberrar aflausnar, en presturinn forvitnist um hans háttalag þegar af þriðjungi árs er liðið, því oss virðist eigi sjaldnar en þrisvar á ári brúkandi það heilaga *sacramenti* altarisins, hvörjum þeim sem kristinn vill heldur vera en heita, og áminni presturinn hann bróðurlega að hann láti eigi sinn hégómlegan skaplöst standa sér fyrir sálargagni, heldur slái þeirri reiði frá sér og forlíki sig við sinn bróður eftir Kristi orðum, þó hann tali sínu máli móðlaust eftir lögum og rétti. Vilji hann því ekki hlýða, sé afsettur sem fyrr segir og taki opinbera aflausn fyrir þrjótsku og hirðuleysi.

3. Um óráðvanda drengi og þeirra fríheit. Kom fram á Egilsstöðum um þá sem til vista eru í sóknum sannreyndir illvirkjar og þýfskudrengir, langvaranlega slíku vanir fyrir utan alla hegning og ströffun veraldlegs valds. Kemur þeim saman að prestur sömu sóknar hafi ekki með þá að gjöra fríheitanna vegna, svo lengi sem þeir auðmýkjast ekki með því veraldlega sverði, að ekki sé heilagt gefið hundunum á móti Kristi áminningu, hvað vér skiljum og undirstöndum um þá sem öngva auðmýkt og eftirbreytni á sér sýna, heldur fara þrálega og hirðulauslega fram í sínum sálhjálparefnum. Í því tilfelli virðist oss skikknanlegast að prestarnir taki vitnisburði þeirra hegðunar og setji svo af heilagri aflausn og *sacramentinu* þar til auðmýkt sker opinber játning.

hvort sem það skeður fyrir veraldlegt vald eður án þess. Framar halda fyrrnefndir prestmenn til fríheitanna meðtakast eigi eftir Guðs orði og sinni samvitsku sérhvör iðrandi manneskja, þó það veraldlega yfirvaldið forsómi eða undandragi lagaðgjörðir á þeirra málum, hvar að hnígur kónglegrar *maystets* bréf um aflausnirnar, hverja grein vér samþykkjum fullkomlega og áminnum veraldlegt yfirvald vegna Guðs, síns eiðs, embættis og samvitsku að gæta sín og sinnar skyldu, gjöra dóm og réttvísi, svo að lygar og þjófnaður, Guðs orða foröktun, sjálfræði og óguðleiki fái ekki yfirráð í þessu landi, hvar fyrir Guð vill straffa eigi alleinasta þá sem þessa stórglæpi gjöra, með þeim er fyrir sína eftirlátsemi þeim samþykkir verða, heldur og einninn heil lönd og lýði, vitandi að þeirra embætti er ei þeirra eigið, heldur Guðs, hvör þeim hefur það til reikningsskapar í hendur fengið, svo þeir megi umflýja þá bölván sem drottinn hótar fyrir spámannsins munn þeim sem gjöra verk drottins sviksamlega.

4. **Um jarðir á Langanesi, hvörju stiktinu tilheyri.** Bar biskupinn fram vegna séra Marteins Jónssonar hvort að þær jarðir á Langanesi fyrir utan Gunnólfsvíkurfjall milli þess sama takmarks og Stóruvíkur *inclusive* 6 að tölu virtist eigi fylgja Skálholtsstíkti heldur en Hóla. Kom fram fyrir oss útskrifaður dómur með undirskriftum, þar dæmdur er tollur af öllum bæjum undir Skeggjastaðakirkju milli Stapár og Skoruvíkur prestinum á Skeggjastöðum til fæðis, *datum* Ásbrandsstöðum 1587. Í annan máta bar biskupinn fram sóknarmannanna vitnisburð á Skeggjastöðum, að aldrei hafi þeir annað heyrt né vitað en Skálholtsstíkti næi tvímælislaust norður yfir Skoruvík í kamb þann er menn hyggja nefndist Lönguhlíðarkambur og viti þeir ei né heyrt hafi þar í móti mælt hvorki fyrr né síðar. Framvegis spurði biskupinn oss að opinberlega alla saman hvort þeir vissi annað að bera í þessu efni en greint takmark fylgi og hafi fylgt Skálholtsstíkti, hvað hið sama og einninn vitnaði Páll Björnsson, og það framar að hann hefði skatta í biskupstíund meðtekið í sama takmarki, skattinn þá hann hafði umboð í Múlaþingi en tíundina þá hafði umboð nærverandi biskups í Skálholti. Einninn meðkenndum vér aðspurðir af biskupinum að þetta pláts fylgi og hafi átölulaust fylgt Múlasýslu. Vorum vér til samans 14 prestar og prófasturinn fimmtándi er þetta meðkenndunst og auglýstum. *Item* kom fram bréf biskupsins skrifað á Skeggjastöðum 25. júlí, er hann skrifar til séra Jóni Bessasyni á Sauðanesi, hvar inni hann óskar séra Jón Bessason vilji til Vallaness leggja þau skjöl og rök sem hann þykist hafa fyrir þessum jörðum. Óskaði biskupinn nú séra Jóns Bessasonar eður hans umboðsmanns sem hans vegna færði skjöl og bívísingar í greindu máli, hvör eð auglýstu þann myndugleika sem hann hefur til að þjóna þessum jörðum. Óskaði biskupinn af oss endilegs álits hvort greindar sex jarðir skyldu eftir þessu öllu ekki haldast, vera og verið hafa undir Skálholtsstíkti, og þar fyrir undir umsjón og ráðstöfun Skálholtsbiskups það biskuplegu embætti viðvíkur, með því hann vænist kónglegrar *maystets* veitingarbréfi til að annast, umsjá

og að sér taka dómkirkjuna í Skálholti og Skálholtsstíkti, og því forsjón veita svo sem biskupi hæfir, og nefndi til dómara í þessu máli séra Ólaf Einarsson héraðsprófastinn, en stóð sjálfur upp úr dómssæti. Síðan yfirskoðaði prófasturinn með oss öllum alla þá málspunkta sem biskupinn hafði fram fyrir oss lagt og hér fyrirskrifaðir standa, og með því allt þetta efni var opið og ljóst, þá er þetta vort ljóst og einfalt andsvar til þessarar framsettrar spurningar að vér vitum, höldum og ályktum áðursagðar 6 jarðir, Skála, Stóruvík *etc.* liggja og legið hafa í Skálholtsstíkti og undir Skeggjastaða kirkjusókn, og beri þess vegna biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni öll þau embættisýfirráð yfir greindum jörðum sem yfir öðrum pörtum Skálholtsbiskupsdæmis.

5. Enginn ókenndur takist til *sacramentis* án seðils þess prests úr hvörs sókn hann seinast veik. Bar biskupinn fram undir prestanna álit þann stóra ósóma sem hér gengst við í landinu allvíða, að einhleypar persónur, eða og þó með öðrum séu, úr einni sókn hlaupa í aðra, einu héraði og fjórðungi í annan án allra vitnisburða, staðnæmist svo í öðrum sóknnum og verða síðan meðteknir til heimuglegrar aflausnar, hvörnin sem þeir eru úr þeirri sókn komnir sem þeir áður fyrri verið hafa, hvar ei er eftirleitað, hvar af það skeður að sumar sveitir fyllast upp með óráðvanda drengi og verða nafnfrægar um allt landið, að þær séu svo sem skálkaskjól og illvirkjabæli. Því virðist oss hér nauðsyn skorður við að reisa, svo að vér sýnustum ekki með soddan yfirhylmingu draga þá undan straffi er þess eru verðir. Því álitum vér fullkomlega að héðan í frá séu þvílíkir hlauparar nauðsynjalaust ekki meðteknir til heimuglegrar aflausnar, heldur sé frávísað að sækja sína kynning til þess prestsmanns úr hvörs sókn þeir segjast vera komnir, hvör eð skrifi sína meðkenning um háttalag þeirra hinna sömu með handskriftuðu nafni og undirþrykktu *signeti*, svo þekkjust megi hvort soddan vitnisburðarbréf sé skilvíst eður uppdiktað, því vér höldum þessa eigi frásilda þeirri fyrri sókninni fyrr en þeir hafa svofelldan vitnisburð sem nú er getið, heldur reiknum vér þá með annarlegum sóknarmönnum. En hvör prestur sem hér á móti gjörir, takandi þess háttar menn út af sjálfs síns eigin vilja án sérdeilis veikleika, þar þeir hyggja þeirra lífi hætt, gjaldi 5 auru til hjálpar fátækum prestum þar í nálægð, og hafi prófastur makt til það að heimta og út að býta eftir því sem honum þykir helst viðþurfa.

6. Mál séra Hávarðar Sigurðssonar og séra Sigfúss Tómassonar settist niður til forlíkunar, með því séra Hávarður handsalaði biskupi og prófasti að forlíka við séra Sigfús það þeim á milli bæri og taka hans kvittum með ráði prófastsins.

7. Um þau 2 hundruð geld sem reiknast að vanti kristfjárrjörðina Arnheidarstaði gjörðum vér svo, að með því séra Eiríkur Ketilsson hefur skrifað í sínu byggingarbréfi einum færleik meira en Gróa Hallsdóttir skal meðtekið hafa, að framburði Jakobs Hildibrandssonar, þá sæki hann þann sama til dóms og laga af þeim sem ber að lögum, og sé þar fyrir framan vegna Jakobs Hildibrandssonar, að hann megi nást, en Jakob Hildibrandsson vegna Gróu sæki

hitt annað hundraðið til þess er fyrir hana þar bjó, en hann snúist að sínum sala eftir lögum, því að svo orðnu lýst öllum rétt heimt að þeim sem á býr, og hafi þar dóm uppá fengið innan 12 mánaða næstu og sendi hann með handskriftum til Skálholts.

8. Séra Vigfús Árnason bar fram að af hálfkirkjunni á Torfastöðum, sem eftir máldagabók herra Gísla Jónssonar á 7 málnytukúgildi og hundraðs hest, eftir hvörjum máldaga biskupinn lýsir að hann haldi, en nefndur séra Vigfús ber sig upp að hann fái ekkert, því þar haldist nú ekkert kirkjukúgildi við. Vísar biskupinn séra Vigfúsi til veraldlegrar lagasóknar, en hvað sá síðasti eignamaður hefur ei meðtekið, sem með kúgildin hafði, virðist oss hann eiga aðgöngu að sínum afhendingarmanni, en hann svari kirkjunni fullu. En Bjarni Oddsson handsalaði biskupinum að láta þar á endilegan dóm ganga með það allra fyrst séra Vigfús Árnason verður þess óskandi, en honum bifalar biskupinn að halda til dóms hálfum öllum leigum af 7 kúgildum. Sömuleiðis ber séra Vigfús sig upp að hann hafi ekki fengið fullnustu af 5 kúgildum af hálfkirkjunni á Bustarfelli. Lofaði Bjarni Oddsson í vorri viðurvist það við hann að forlíka, svo vel semdu, en að Bjarna heimtir biskupinn eftir máldaganum 5 kúgildi og einn hest, en hvað hefur ei meðtekið sæki til dóms og laga sem fyrr segir.

9. Á millum séra Þorvarðar Árnasonar og Ívars Haraldssonar samdist svo um kirkjuhrörnun á Klifstað, að Ívar Haraldsson lofaði með handsölum biskupinum og séra Þorvarði Árnasyni að endurbæta kirkjuna, svo 6 skynsamir menn virði henni stæðilegri útsvarað vera.

10. Séra Vigfús Árnason áhrærði einninn að nokkuð lítið muni eftir standa af fríðum peningum Hofskirkju í Vopnafirði, hvar til Bjarni Oddsson lofar góðmannlega að svara, svo kirkjan fái allt sitt eftir máldaganum, með handsölum við biskupinn og séra Vigfús Árnason í vorri viðurvist.

11. Á milli séra Ólafs Einarssonar og séra Hávarðar Sigurðssonar settist svo niður um þann kaleik er með smíðinu hafði kostað 3 hundruð og Kirkjubæjarkirkja átti 7 dala þunga í, en séra Ólafur Einarsson hafði lagt til þann áttunda, og hundraðs naut í smíðalaun, en farist hafði fyrir séra Hávarði Sigurðssyni, er hann var *kapellan* hjá séra Ólafi og fór með hann í þing, svo sá er hann bar féll, en kaleikurinn hraut við það fall út í Jökulsá, að séra Ólafur Einarsson gaf séra Hávarði upp það hann átti í fyrrsögðum kaleik, 5 dala virði með smíðinu, en biskupinn kirkjunnar vegna, vegna slíks óforvarandis tilfellis, prestsins fátæktar og frómleika, þriggja dala virði, en séra Hávarður lofaði að svara séra Ólafi gildu og góðu hundraði, það eftir er af nefndu kaleiksvirði, svo að kirkjan eigi ekki meira tilkall að séra Ólafi fyrir nefndan kaleik.

12. Séra Rögnvaldur Ormsson klagði sitt uppheldisleysi í Mjóafirði, hvört áður hefur klagð verið á alþingi *anno* 1629 og hefur ályktað verið, sem sá dómur hermir, og dæmt prestinum af Mjóafjarðarkirkju og hennar eign í

föstu og lausu ánægjanlegt uppheldi, eftir hvoru tveggju, að réttri tiltölu, sem er af hvörju kúgildi 10 álnir, og þar að auki til áðurnefnds uppheldis af annari hennar eign, svo að hann sé ánægjanlega haldinn, eftir því sem fyrr segir. Hafði sami dómur lögtekin verið í lögrétu og af báðum lögmönnunum, Gísla Hákonarsyni og Halldóri Ólafssyni, handskrifaður. Því vitum vér eigi betur en sá dómur eigi að haldast og honum framfylgt að vera af veraldlegu yfirvaldi. Dæmdum því séra Rögnvaldur skyldi sitt mál sækja fyrir sýslumanninum Bjarna Oddssyni, og hefur Bjarni Oddsson handsalað biskupinum og séra Rögnvaldi Ormssyni að gjöra honum rétt svo hann nái eftir fyrrsögðum dómi sínu uppheldi, það fyrsta er presturinn kallar löglega fyrir þá sem málinu eiga að gegna.

En þessu lýsir biskupinn í garð þeirra sem Mjóafjarðarkirkju halda, hvað hann fyrirbýður að selja og afhenda, brutla eður burtu fá, fjórðung í heimalandi, fjórðung í viðreka þeim sem Mjóifjörður á í Krosslandi, afrétt í Dalaland, hálfu sjötta hundraðs Koti, skipstöðu, 12 kúgildum, af hvörju öllu hann krefst ánægjanlegs uppheldis prestsins vegna, eftir því sem alþingisdómur hefur dæmt, lýsandi þar undir komið prestsins bjargræði. *Item* innan kirkju lýsir hann kirkjunnar eign vera í messuklæðum, kaleik, baksturjárn, altarisklæði, bækur 8 að tölu, fyrirbjóðandi einum og sérhvörjum þetta andvirði að lúka ef jörðin verður seld fyrr en kirkjunni er á sínu fullnægja gjörð, nema þeir vilji fyrir herra yfirvaldi klagðir verða.

13. Sökum þess að séra Snjólfur Bjarnason hafði talað um sitt uppheldisleysi er *visiteruð* hafði verið Ásskirkja, hvar eigi varð frekara aðgjört, sökum þess kirkjunnar bréf var þá ei fyrir hendi, hvört eð nú kom fram, svolátandi orð fyrir orð sem eftirfylgir:

Ásskirkju bréf
gjört af Eiríki
Snjólfssyni
anno 1566
dæmt myndugt
kirkjunnar
skilríki á
Egilstaðapingi
1661, vide
ir fra visitatiu
Ásskirkju anno
1651

Það gjörum við Ormur Skeggjason, Jón Sigurðsson góðum mönnum vitanlegt með þessu okkar bréfi, árum eftir vors herra Jesú Kristi fæðing 1566 ár undir Ási í Fljótsdalshéraði, föstudaginn næstan fyrir Pálmessu um veturinn, vorum vér í hjá, sáum og heyrðum á orð og handaband Eiríks bónda Snjólfssonar og Þuríðar Þorleifsdóttur, hans kvinnu, að svo fyrirsildu að hann seldi henni jörðina Ás, er liggur í Fljótsdalshéraði í Austfjörðum, til fullrar eignar með öllum þeim gögnum og gæðum, rekum og hlynnindum sem greindri jörð fylgir og fylgt hefur að fornu og nýju, og hann varð fremst eigandi að, með tilgreindri verstöðutorfu, tveggja hundraða land kirkjunnar sem henni fylgt hefur, reka og landi. Hér í móti gaf Þuríður Þorleifsdóttir fyrrskrifuðum Eiríki bónda Snjólfssyni 36 hundruð í jörðu, svo heitundum, jörðina Skeljahlíð fyrir 20 hundruð og 16 hundruð í Eyvindarstöðum og 4 ágildi betur, er liggja í Eyjafirði í Núpufellskirkjusókn, með þeim gögnum og gæðum sem greindum jörðum fylgt hefur að fornu og nýju, og hún varð fremst eigandi af sínum föður. Skildi áðurritaður Eiríkur bóndi Snjólfsson það til að Óluf þeirra skilgetin dóttur skyldi eignast jörðina Ás ef hún lifði sína móður, utan hún sjálf vildi fyrri við hana af höndum láta. Lýsti og oftnefndur Eiríkur bóndi

Snjólfssoñ að kirkjan undir Ási ætti þessar jarðir, Hafrafell, Kross og Fjallsel, og 12 hundruð í fríðum peningum og ófríðum. Og til sanninda hér um og fullulegs merkis setur þessi títtnefndur heiðursmann Eiríkur bóndi Snjólfssoñ sitt innsigli með okkrum innsiglium fyrir þetta jarðarkaupsbréf, skrifað í sama stað, degi og ári sem fyrr segir.

Sáum vér þetta bréf og leist oss skýrlegt með 3 hangandi innsiglium. Og með því Bjarni Oddsson hefur vel undirtekið að auka uppheldi prestsins ef kirkjan mætti öllu því ná er hann meinar henni eftir sögðu bréfi tilfalla, því skikkum vér að sama bréfi sé ekki undir stól stungið, heldur að velnefndur Bjarni Oddsson beri oftnefnt bréf undir lagadóm og sæki það kirkjuna vantar og bréfið henni eignar fullkomlega til dóms og laga, og hafi þar dóm á útvegað fyrir næstkomandi alþing að forfallalaus, svo eigi dragist neitt undan kirkjunni fyrir þögn eður lögleysu, fullkomlega svo sem bréfið útvisar.

14.¹ Framar með því séra Eiríkur Bjarnason hafði talið sér góða von til Páls Björnssonar að hann myndi sinna vegna ganga í borgun við kirkjuna á Hallormsstöðum fyrir nokkuð af þeim peningum sem þá reiknuðust er *visiteruð* var kirkjan eigi allir til vera, spurði nú biskupinn Pál Björnsson í vorri viðurvist og áheyrslu hvort Páll vildi prestinn hér úti að nokkru stöða og hans vegna í borgun ganga um nokkuð af fyrirskrifuðu sem vantar, hvar til Páll Björnsson svaraði að fyrir 2 málnytukúgildi og 2 hundruð í ófríðum peningum vildi Páll Björnsson við biskupinn og kirkjuna í fullri borgun vera, svo biskupinn og kirkjan ætti við Pál Björnsson svo sem um sína eiginlega vita-skuld, ef að séra Eiríks kynni við að missa, svo hann hefði ei til borgunar, en kallaði Guð Pál Björnsson fyrr en séra Eirík, og þá væri eigi til þessir peningar hjá séra Eiríki, þá skyldi sú skuld standa hjá erfingjunum eður þeirra umboðsmönnum, hvörjum sem helst biskup vildi við eiga, og skyldi einn fyrir alla og allir fyrir einn þessari skuldu mæta, svo kirkjunnar formaður væri haldinn frí frá öllum lagasóknum, kostnaði og ómaki fyrir nefndri skuldu. Og þetta fyrirskrifað handsalaði Páll Björnsson biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni í allra vor ásjá og viðurvist.

Fór þetta allt saman er fyrirskrifað stendur fram í öllum sínum punktum og *articulis*, og ályktaðist með fullu dómsáliti af öllum fyrrnefndum kennimönnum og þessum eftirskrifuðum þar, séra Vigfúsi Árnasyni, séra Gissuri Gíslasyni, séra Snjólfvi Bjarnasyni, séra Sigurði Magnússyni, séra Hávarði Sigurðssyni, séra Eiríki Bjarnasyni, séra Guðmundi Jónssyni og séra Þorvarði Árnasyni. Samþykktu þennan prestadóm og álit biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson og héraðsprófasturinn séra Ólafur Einarsson, og setti biskupinn sína eigin handskrift með vorum hér fyrir neðan, en prófasturinn sökum elli

1 14: vantar í handrit

og veikleika lét sitt nafn undirskrifa, til staðfestu og bívísingar uppá allt áður-
skrifað. *Datum ut supra.*

Brynjólfur Sveinsson eh
Einar Þorvarðsson meh
Vigfús Árnason eh
Sigurður Magnússon eh
Hávarður Sigurðsson eh
Einar Jónsson eh
Guðmundur Ketilsson eh
Þorvarður Árnason meh

Ólafur Einarsson
Eiríkur Ketilsson meh
Gissur Gíslason eh
Eiríkur Bjarnason meh
Eiríkur Ólafsson meh
Rögnvaldur Ormsson meh
Snjólfur Bjarnason eh
Guðmundur Jónsson meh

Væligerðisdómur

Anno 1645 3. júní á Væligerði í Flóa voru þessir kennimenn til dóms nefndir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, séra Halldór Daðason prófastur í Árnassýslu, séra Finnur Jónsson kirkjuprestur dómkirkjunnar í Skálholti, séra Jón Daðason, séra Hallur Árnason, séra Jósef Loftsson, séra Gottskálf Oddsson, séra Jón Jónsson, séra Jón Gunnlaugsson, séra Salómon Jónsson, séra Sigurður Jónsson, séra Jón Erlendsson, séra Álfur Jónsson og séra Guðmundur Bjarnason, prestar Skálholtsbiskupsdæmis, um það mál er framkom og biskupinn bar undir dóm, hvort prestarnir í stiktinu væri skyldugir eftir Guðs orði, kónglegrar *maystets ordinantiu* og kirkjulögum eða öðrum konunglegum *mandatis* og bífalningum uppá *clericiet*, útgefnum hingað í land, eftir undirvaldsmanna, sérdeilis sýslumanna og þeirra umboðsmanna, boðunum og *citatum* á veraldleg þing og stefnur að koma eða þeim dómum er þar í þess háttar málum ganga séu skyldugir að hlýða í hvörs kyns málum er þeir vilja þá boða, jafnvel þeim sem sjálf *ordinantian* setur fyrir biskup og lénsmann og prófast, á meðan þeir halda prestlegu embætti mega *ordinantiunnar* fríheita njóta, að undanteknum þeim málum sem *ordinantian* sjálf skipar í lögréttu.

Athuguðum vér fyrst Guðs orð sem að þessu máli hníga og nú á þessum stuttum tíma varð fyrir. Sérdeilis orð sankti Páls til Rómverja 13: *πᾶσα ψυχὴ ἐξουσίαις ὑπερεχούσαις ὑποτασσέσθω*. Hvað á latínu útlagðist svo: *omnis anima potestatibus superantibus subijcitur*. En á norrænu svo: öll önd undirskipist yfirhafandi völdum. Hvör orð oss virtust af sjálfri meiningu þýða þau er hinn heilagi Pétur um talar í fyrra bréfi og 2. *capitula*: *ὑποτάγητε οὖν πάσῃ ἀνθρωπίνῃ κτίσει διὰ τὸν κύριον εἴτε βασιλεῖ ὡς ὑπερέχοντι*. Hvað er á latínu: *subordinemini igitur omni humanæ creationi propter dominum sive regi ut superanti*. En á norrænu svo: skipist því undir allri mannlegri skapan vegna drottins, hvort er kónginum sem yfirhafanda.

Framar stendur í næstfylgjandi versu svo: εἴτε ἡγεμόσιν ὡς δι' αὐτοῦ πεμπομένοις. Það er *sive praesidibus praetoribus* (því með þessu orði ἡγεμών útleiggst bæði *dux, exercitus et praeses imperatorius vel regius et praetor qualis Romanorum*, sem sjá má af Nýjateamentinu þar Pílatus verður svo kallaður sem var lénsmaður í Gyðingalandi og af Plutarcho, Polibio, Dyonisio *etc.*) *ut ab eo missis*. En á norrænu: eða hirðstjórunum sem af honum sendum. Virtist oss þessar tvær greinir hlýða uppá hærri yfirvöld, einkum kónglega *maystet* og af honum útsendan lénsmann, hvörjar hvor tveggju háyfirvaldspersónur vær með skyldugri hlýðni og virðingu meðkennum, viljandi eftir frekasta megni í öllu kristilegu með undirgefni hlýða.

Framar kunnum vér ekki í Guðs orði neitt sérlegt uppá vort veraldlegt yfirvald að finna sem hér að dragi utan svo mikið sem andlegt vald snertir í sankti Páls pistlum, sérdeilis til Timothe *et* Titum, fyrstu kirkjunnar biskupa. Þar segir postulinn, 1. sendibréfi 5. *capitula*: Móti öldungi tak ei við ákæru utan við tvo eða þrjá votta. Og þar fyrir að þessu athuguðu yfirsáum vér *ordinantiuna* og stendur þar svo: Hvör sem hefur einhvörjum presti eður djákna nokkuð til að tala fyrir eitthvört andlegt mál, þá skal hann tala honum til fyrir héraðsprófastinum ellegar fyrir biskupinum í vors lénsmanns náveru í hvörju stikti sem það er sem sérhvör hefur bifalning yfir. Kunni þeir ekki þar að forlíkast ellegar skiljast þar að með lögum og rétti, þá mega þeir stefna þeim fyrir oss sjálfa. Sé það fyrir gjald eða aðrar þvífíkar sakir að einn bóndi hefur nokkrum presti til að tala með réttu, þá skal hann tala honum til fyrir héraðsprófastinum í því héraði sem hann býr og héraðsprófasturinn skal vera pliktugur til að hjálpa bóndanum strax, svo mikið sem rétt er yfir þeim sama prestmanni, svo framt sem presturinn vill ekki láta bóndann klega sig á þingi. Hvað oss skilst hans *maystet* sérdeilis þann tilgang hafa, að sá prestur er ei vill nægjast með réttilegan prófastsdóm eður úrskurð í greindu máli gjörir sig með óþakklætinu í það sinn óverðugan kónglegar *maystets* fríheita, svo vel sem með óhlýðninni móti því yfirvaldi er kóngleg náð hann með bigáfað hefur. Ef það er fyrir önnur veraldleg mál, svo sem um jörð, akur eður engi, þá skal hann tala honum til fyrir lögréttunni og á lögþingi. Þessa gjaldsök skiljum vér um allt það peningum og skuldaskiptum viðvíkur. *Item* finnum vér í *ordinantiunni* að þar prestar dreifa sig of mjög við veraldleg mál, að skrifa stefnur, próf og önnur bréf eður önnur skjöl um veraldleg málaferli sem þeim bæri ei neitt með að hafa, heldur að lifa með spekt og ró undir vernd þeirra yfirvalds, þá stendur að sá prestur skuli af lénsmanninum eða biskupinum setjast til rétta, og að síðustu með öllu afsetjast. *Item* síðar um *superintendentes*, þar þeim er fyrirsett að láta sig ei merkja af nokkrum lastsamlegum svallaraskap (hvörjir sem láta sig hér með merkja), og það verður opinberlega bevisað uppá þá og þeir vilja ekki leiðrétta sig nær þeir eru einu sinni eður tvisvar áminntir, þá skal kóngleg *maystet* hafa sinn rétt til þeirra, eftir það þeir eru afsettir, eins og til nokkra annara sem þvífíkt gjöra, svo sem yfirvaldið skal einnig hafa

sinn rétt móti öðrum kirkjunnar þénurum og skólaþénurum nær þeir eru fyrir nokkurn stórlöst eða glæp settir af embættinu, ellegar verða sannreynðir að nokkru óbótaverki, fyrir hvörju Guð varðveiti alla sína þénara. Þess háttar orð og önnur þvífík standa víðar í *ordinantiunni* um lénsmann og *superintendent-em* í þess háttar efnum, sem og um biskupanna *inspection* á predikurunum, að prestarnir með þeirra hjúum og heimafélki megi hafa ærlegan og hæfilegan lifnað.

Item um biskup stendur síðar svo: Nær hann er svo meðtekinn og hefur gjört sinn eið, og er vígður, þá viljum vér með voru opnu bréfi og bífalning til vors lénsmanns og befallningsmanns yfir stiktinu gjöra hann myndugan yfir stiktinu og bífala öllum sóknarprestum að þeir skulu virða hann þar fyrir og hlýða honum í þeim greinum sem einum *superintendent* eru bífalaðar. Og hann skal svo undir sér hafa alla prófasta, sóknarpresta, predikara, svo þeir skulu hlýða biskupinum. *Item* um prestana í öðrum stað stendur svo: En þar sem þeir (prestarnir) taka til að verða aðrir en þeir voru og þeim ber að vera, og gjöra þar ekki bót á nær þeir eru áminntir, þá mega þeir vel eftir *superintendentis* og prófastsins skynsemi setjast til rétta af yfirvaldinu og líka afsetjast. En hvar sem helst lénsmaður er nefndur í *ordinantiunni* skiljum vér all-einasta höfuðsmann í þessu landi eður þann er kóngleg *mayestet* gefur sitt fyllilegt umboð yfir þessu landi, en ei aðra minni embættismenn, og meinum sýslumenn í kónglegrar *maystets* lögum og *mandatis* nefnda héraðsfógeta. Enn stendur svo í *ordinantiunni*: Prestar og djáknar skulu njóta þeirra sömu fríheita sem þeir höfðu fyrr meir í biskupanna tíð og ekki framar þvingast þar með af oss en þeir voru til forna þvingaðir af biskupunum, en þó viljum vér hafa kristilega tilsjón að þeim verði þyrmt eftir hentugleikum og önnur ný þyngsl sem biskuparnir hafa uppálagt, og vér höfum aflagt, skulu vera aflögð eftir þennan dag og ekki lengur uppá þá leggjast.

Nú finnum vér í kristinrétti, kristindómsbálki þeim fulla, Magnúsar kóns og Jóns erkibiskups sáttargjörð, að prestar voru alleinasta stefndir, sóttir og dæmdir af sínu yfirvaldi, en ekki annarlegum, hvörjum gömlum fríheitum vér framförum svo vítt sem kónglegrar *maystets ordinantia* oss veitt og tilsagt hefur. *Item* kóns Christians bréf hljóðar svo: Ekki viljum vér heldur að sóknarprestum séu álagðar nokkrar þvinganir til nokkra útláta af vorum léns-mönnum, nema því aðeins að vort bréf þar tilkomi.

Framar athuguðum vér verndarbréf Skálholtspresta af kónginum útgefið 1549, hvar hans *mayestet* annast eður að sér tekur almennilega sóknarpresta sem byggja og búa á hans landi Íslandi í Skálholtsstikti, þá, þeirra hústrúr, börn, hjón, þénara, góts laust og fast, öngvu undanteknu, inn í hans kónglega hegnd, vörn, frið og varðveitslu, sérdeilis að vilja forsvara, vernda og jafnlega viðhjálpa til allrar stoðar, forbjóðandi fógetum, embættismönnum og öllum öðrum, prestana hér í mót á hústrúnum, börnum, gótsi *etc.*, öngvu undanteknu, að hindra eður í nokkurn máta бага að gjöra, undir hans kónglega hefnd

og reiði, svo framt sem þeir vilja ekki (er móti gjöra) straffast þar fyrir, sem þeir er kóngleg bréf og boð ekki akta vilja og sem óhlýðnir undirsátar eiga að straffast, hvört bréf hér kom fram með kónglegrar *maystets* eigin *secreti*.

Framar birti biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson kóns *maystets* embættisbréf uppá biskupsdæmi í Skálholtsstíkti, hvar inni boðið er öllum próföstum, sóknarprestum, sóknardjáknnum og öllum öðrum andlegum persónum yfir Skálholtsstíkti að halda og þekkja *magister* Brynjólf fyrir þeirra *superintendent* og vera honum hans embættis vegna í öllum tilbærilegum málum heyrugir og hlýðugir. *Datum* þess bréfs 15. mars 1639. Því fyrir allar þessar greinar og fleiri aðrar, sem voru máli mega til stoðar og bata koma, dæmum vér fyrrnefndir kennimenn með fullu dómsatkvæði öngvan kennimann í Skálholtsbiskupsdæmi *citerast*, boðast, kallast né dæmast mega af öðru valdi en *ordinantian* ákveður til neinna þeirra mála sem *ordinantian* ei setur augljóslega til lögréttu og lögþingis, og prestana öngvum þvílíkum *citatum* hlýða þurfa, nema þeir er áfrýja vilja láti þar um í ljós sérdeilis kónglega befalling, heldur sérhvörn prest fyrir sínu eiginlegu yfirvaldi sækjast, *citerast* og dæmast eiga meðan þeir halda prestlegu embætti og kennimannsskap og eru ekki afsettir, hvört yfirvald hér í landi *ordinantian* ákveður, sem er lénsman, biskup og prófastur, en ekki aðrir valdamenn útí frá, nema þar sem til lögréttunnar er vikið. Hér með dæmdum vér alla sóknarpresta stíktisins skyldulega njóta eiga allra þeirra fríheita sem *ordinantian* þeim tilsegir og þar á mót skylduga að gjöra það hún þeim tilsegir í sínu embætti, en álögur og þyngsl landsmanna sumra fram yfir hana afsegjum vér í allan máta, viljandi fast halda þeim kónglegum fríheitum er hans *maystet* hefur oss tilsagt í sínum náðarbréfum. En hvör sá kennimaður er þennan vorn dóm rífur og foraktar, þegar hann er birtur og opinber orðinn, dæmum vér sekan 4 mörkum í dómrof í fyrsta sinni, og komi sú sekt til fátækra prestaekkna eftir kónglegrar *maystets* bréfi útgefnu 1637. En ef hann fóttreður hann í annan tíma dæmum vér hann sekan um tvöfalt dómrof 8 merkur, falli sem fyrr segir. En í þriðja sinni 8 merkur í bréfabrot og afsetning af predikunarstólnum, svo lengi sem dómur þar um dæmir eftir málavöxtum, foröktun prestastefnu, löglega dóma af kennimönnum þá auglýstir eru.

Samþykkti með oss þennan vorn dóm biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson og setti sitt nafn með vorum, ásamt séra Snæbirni Stefánssyni prófasti í Rangársýslu og séra Vigfúsi Oddssyni hér undir til frekari staðfestu. *Actum* Væligerði *ut supra*. (Undirskrifuð nöfn) Brynjólfur Sveinsson, Halldór Daðason, Finnur Jónsson, Snæbjörn Stefánsson, Jón Daðason, Hallur Árnason, Jón Jónsson, Jón Gunnlaugsson, Jósef Loftsson, Salómon prestur Jónsson, Sigurður Jónsson, Jón Erlandsson, Álfur Jónsson, Gottskálf Oddsson, Guðmundur Bjarnason, Vigfús Oddsson. 15.

Þennan fyrir ofan skrifaðan dóm, upplesinn á almennilegri prestastefnu á

Prestar í andlegum málum dæmdir undan veraldlegra dómum

Sekt þeirra sem rjúfa þennan dóm

alþingi, samþykktu með handskriftuðum nöfnum þessir heiðurlegir kennimenn er þar voru samankomnir, setjandi sín handskriftuð nöfn til staðfestu hér uppá. Þingvöllum 1645 30. júní. Jón Jónsson, Grímur Bergsveinsson, Þórður Jónsson, Einar Sigurðsson, Jón Ormsson, Páll Björnsson, Halldór Marteinsson, Ólafur Böðvarsson, Hallgrímur Pétursson, Jón Oddsson prestur. 10.

Þessi fyrirfarandi prestadómur var upplesinn á almennilegri prestastefnu á Egilsstöðum í Austfjörðum og samþykktur af þeim kennimönnum er sín nöfn hér um til vitnis hér undir skrifa. *Actum* Egilsstöðum 1645 18. ágúst. Ólafur prestur Einarsson, Eiríkur prestur Ketilsson, Gissur Gíslason, Eiríkur prestur Ólafsson, Vigfús Árnason, Eyjólfur prestur Bjarnason, Rögnvaldur Einarsson, Rögnvaldur Ormsson, Guðmundur Ketilsson, Guðmundur prestur Jónsson, Hávarður prestur Sigurðsson, Sigurður prestur Magnússon, Þorvarður Árnason, Ólafur prestur Magnússon, Eiríkur prestur Bjarnason, Einar Þorvarðsson prestur, Snjólfur Bjarnason, Sigurður Árnason, Einar Jónsson. 19.

Upplesið á Stafafelli í Lóni þann 30. ágúst og samþykki eg Guðmundur Laurentiison fyrir mig og mína persónu.

Anno 1646 5. september var fyrrskrifaður dómur upplesinn á prestastefnu á Staðarstað í Snæfellsýslu og af þar samankomnum prestum ásamt prófastinum séra Guðmundi Einarssyni samþykktur og handskrifaður. Til vitnis þeirra handskriftir sem undirskrifa, *actum ut supra*. Guðmundur Einarsson, séra Jón Brandsson, Vigfús Helgason, Halldór Jónsson, Vigfús Illugason, Guðmundur Jónsson, Árni Einarsson. Alls 52 kennimenn.

In nomine domini amen

Anno 1642 5. september, að Stað á Ölduhrygg, þessir heiðurlegir menn samankallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni á héraðsprestastefnu í hans *visitatiu* reið um Suðurnes og fyrir Jökul, og prófastinum í Þórsnesþingi séra Guðmundi Einarssyni, séra Þórður Jónsson, séra Þorlákur Bjarnason, séra Vigfús Illugason, séra Ormur Narfason, séra Vigfús Helgason, séra Jón Brandsson, séra Hallur Árnason, séra Halldór Jónsson, séra Guðmundur Jónsson og séra Jón Ormsson, prestar Skálholtsbiskupsdæmis, til álita um þau málaferli sem þar framkomu.

1. Voru fyrst upplesin þau almennileg *synodalia* sem tekin höfðu verið saman síðan anno 1640, hvörjum nefndir prestar eigi mótmæltu en óskuðu frekari umþenkingar fyrr en allt væri með dómi samþykkt.

2. **Um aflausn Einars Kolbeinssonar sem fyrir utan *sacramentum* var í 12 ár.** Kom til skoðunar málefni Einars Kolbeinssonar svo mikið sem viðveik aflausninni, heimuglegri eður opinberlegri, því hann hafði fyrir biskupinum kært 1641 1. október í Skálholti að hann hefði haldinn verið með útsetningu frá heilögu *sacramenti* uppí tólf ár. Meðkenndist Einar Kolbeinsson

fyrir oss þetta sitt bréf og handskrift, ásakandi hér inni eigi síst þann dóm sem séra Guðmundur Einarsson prófastur og Páll heitinn Erlendsson sýslumaður í Þórnesþingi hefði samþykkt og með sínum dómendum um sig dæma látið, eftir ákæru Ólafs heitins Rögnvaldssonar, sem það bréf sér líkast hermir. Hafði biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson fyrir þessa orðsök og áfrýjan Einars bréflega *citerað* og kallað þá báða, séra Guðmund Einarsson og Einar Kolbeinsson, til svara og viðurmælis í þessu efni, svo rúmlega að báðir máttu hæglega sínum skjölum að sér koma, hvað þeir báðir meðkenndu hér fyrir oss. Virtist oss þeir báðir því réttilega fyrirkallaðir. Spurðist biskupinn framar fyrir hvort nokkur Skálholtsbiskupsdómur hefði áður gengið um aflausn Einars Kolbeinssonar og neituðu allir að þeir vissu neinn dóm um hans aflausn. Kom fram inntak úr álitu fjöggra prestsmanna, séra Vigfúsar Illugasonar, séra Vigfúsar Helgasonar, séra Jóns Brandssonar og séra Jóns Ormssonar, *datum* 1638 23. apríl, að forlagi prófastsins séra Guðmundar Einarssonar að Staðarstað, um það hvort nokkur brú sýndist í máli Einars Kolbeinssonar, hvar þeir segja sjálfur biskupinn herra Gísli Oddsson hafi hann til iðrunar uppvakið í því gensvari sem hann góði herra *anno* 1635 Einari gefið hafi uppá sitt bréf og sent það gensvar hingað á kálka og boðið honum í því annaðhvort opinbera aflausn fyrir opinbert brot og hneyksli eður og ef hann betrast ekki opinbera bannfæring fyrir opinbera, bívísaða, harðhnakkanlega, óaflátanlega dæmda lesti og syndir. Var það allt handskrifað af prófastinum séra Guðmundi Einarssyni, séra Vigfúsi Illugasyni, séra Vigfúsi Helgasyni, séra Jóni Brandssyni, séra Jóni Ormssyni. Meðkenndu þeir nú samstundis þetta sitt álit og handskriftir. Óskaði biskupinn fullkomlegs álits hvort það bréf skyldi dómsafl hafa svo þar megi nú ekki dómur yfirtaka. Virtist oss þetta vera biskupsins tilboð, en hvorki úrskurður né dómur, en málið stærra ef til bannfæringar¹ skyldi horfa en að eitt soddan bréf án frekari dómsatkvæðis kynni hana uppá að leggja og því skikkanlegast og best fallið að dómur hér um úrskeri.

Athuguðum vér þetta fjöggra presta álit, hvar þeir segja þeir ekki sjái hvör brú eða bót finnast kunni í máli Einars utan sú að hann auðmýki sitt geð bæði fyrir Guði og mönnum (utan höfuðsmaðurinn og biskupinn vilji hann til heimuglegrar aflausnar náða). Annars taki hann opinbera aflausn, en vilji hann það ekki, að honum sé þá hótad opinberri bannfæringu eftir kónglegrar *maystets reformatione*, þessari synd þá sérdeilis tiltekinni, að hann hefur Guðs orð og *sacramentin*, í langan tíma hirðulauslega forsómað og foraktað, í stríð við sjálfan sig, móti Guðs orði og kristilegum áminningum, Guði almáttugum til styggðar og kristilegum söfnuði til stórrar hneykslunar.

Bar Einar Kolbeinsson fyrir sig hér á móti að hann hafi í þann stað ekki kallaður verið sem álituð gekk og eigi hafi hann viðverið þá það var skrifað,

1 *bannfæringar*: í handriti *dómfæringar*

hvað séra Guðmundur meðkenndi og þeir fjórir sem í álitinu voru, þó hann til Staðarstaðar *citeraður* væri og eftir þeirri *citatiu* kominn, hvað Einar Kolbeinsson meðkenndi. Því leiðum vér oss hjá því fjöggra presta álitu og tókum til sakanna í sjálfum sér.

Spurði biskupinn séra Guðmund Einarsson hvör orðsök og tilefni væri til þess að Einar Kolbeinsson hefði svo langsamlega frá *sacramenti* haldinn verið, svo hann hefur ekki brúkað það heilaga samneyti kristilegrar kirkju nú nær í 13 ár, eftir hans eigin meðkenning. En hann lagði fram útskrift af dómi séra Guðmundar Einarssonar prófasts *datum* 1629 27. maí og sýslumanns Páls Erlendssonar að Króksholti settu héraðsþingi eftir stefnu Ólafs Rögnvalds-sonar, sem stefnt hafði séra Einari Kolbeinssyni fyrir þessar sakir.

1. Afrækt í embættisgjörðinni *etc.* Segja dómendur bívísast hafi fyrir þeim dómi sú sök sönn og á þeim vetri hafi í þeim báðum söknum Rauðamel og Kolbeinsstöðum alls forsómast 22 sunnudagar síðan séra Einar hafði af lögmanni staðfestur verið, Gísla Hákonarsyni, að þjóna í greindum söknum. Hafi þó prófasturinn í tvær reisur séra Einari með tilskrifti löglegar áminningar gjört, að hann gæta skyldi síns embættis trúlega. Dæma dómsmenn þvílíka embættisins afrækt vera móti kirkjulögum og kónglegrar *maystets* bréfi útgengnu 1622. Sömu dómsmenn setja inn, séra Einar hafi þóst haft hafa forföll, en þau hafi lítt bívísast. Dæmdum vér þá sem tillifa af nefndum söknum Rauðamel og Kolbeinsstöðum, sem með hafa verið á Króksholti nefnda afrækt að átélja, skylduga að sanna með eiði sína sögu, hafi hún ei áður svarin verið, og útvelja þar til minnsta kosti tvo skilvísa menn úr hvorri sökn, og hafa þann eið unnið fyrir sýslumanni fyrir Marteinsmessu að forfallalaus. Skuli séra Einar til hörðustu aflausnar þar fyrir eður annars þyngra falla, og yfirdómarann, sem er prófastinn séra Guðmund Einarsson, skyldugan þetta að framkvæma eður hans löglegan umboðsmann, því oss virðist ekki fullnægja eiðanna handsölun nema þeir eftirfylgi í svo háu máli, þar eð ríður á æru, embætti eður sálarinnar velferð, og að unnum þeim eiðum dæmum vér Einar Kolbeinsson skyldugan opinbera aflausn að taka fyrir afrækt kirkjunnar, Guðs orðs og embættis eftir *ordinantiunni* þar hún ástingur Guðs orðs foraktara. Annars virðist oss vansköðað í þessu máli og kunnum þá ekki til opinberrar aflausnar að nauðga. Biðjum og einninn sýslumanninn Guðs og síns embættis vegna besta til að sjá að þetta framkvæmist.

2. Sama var álitid um þá aðra sökina, um röskun á kirkjufriði í Rauðamelskirkju.

3. *Item* þriðja um messuklæðagrip undir sama skilyrði. En um eið Ólafs Rögnvaldssonar kunnum vér ekki að dæma, með því Einar Kolbeinsson hafði ekki það bréf móti hvörju Ólafur skyldi svarið hafa. En hvað löglegur sá eiður verið hafi meinum vér oss ekki viðkomi heldur veraldlegum.

4. Fjórði punkturinn um áhlaup séra Einars á Ólaf Rögnvaldsson í kórnum

á Rauðamel, með því öðru sem þar greinir, segja dómsmenn tveir vottar handsalað hafi prófastinum og sýslumanninum sem voru, *etc.* Sá póstur, skuli hann snerta opinbera aflausn eða þyngra, virðist oss sannprófast skuli sem fyrr segir.

6. Sjötti punktur, um það Einar Kolbeinsson hafði sagt *sacramentið* væri mannaþing, segja dómendur Ólafur hafi bívísað með tveimur vottum uppá séra Einar, hvorra annar strax fyrir þeirra dómi hafi handsalað prófastinum og sýslumanninum þann eið að séra Einar hefði sagt að *sacramentið* altarisins væri mannaþing, annar handsalað sýslumanninum þann eið áður fyrri, að *sacramentið* væri mannaþing. Ef að vottast viljum vér ekki alleinasta að séra Einar taki opinbera aflausn, heldur og einnig gjöri opinbera *confessionem fidei* fyrir söfnuðinum um sína meining um *sacramentin* kristilegrar kirkju og það hið sama í viðurvist prófastsins og tveggja ærlegra presta áður en hann verður afleystur, og taki aftur *phrasin scandalosam*, enn þó það mætti til betra vegar færa.

Sama úrskurðum vér um þá eftirfylgjandi pósta sem oss viðkoma, en hitt annað tilheyrir veraldlegum, að fyrir hvörja hann skal opinberlega afleysast eða ella bannfærast, þá séu þær honum fullkomlega á hendur bívísaðar, skuli hann í hæsta máta falla. En svo þetta mál fái enda innan ásetts tíma, sé tilhlutun prófasts og sýslumanns bifalað, prófastsins vegna síns dóms, sýslumannsins vegna eiðatökkunar, hvor tveggja vegna Guðs æru og náungans sálhjálp.

En þó að falli sem allra mjúkast fyrir Einari Kolbeinssyni í svo miklu og stórkostlegu máli, þá sé hann þó og söfnuðurinn skarplega og alvarlega áminntur um það hneyksli sem hlotist hefur og hlýst af þrætum, aggi og ófriðsemi og foröktun Guðs orða, og það sama geri prófasturinn. En vilji hann ekki í þann máta forlíkast við Guð og menn kunnum vér honum engin ráð. En þó hingað til hafi frestur orðið á hans fríheitum kunnum vér ekki að sjá prófastinum til stórrar hættu horfa með því svo hefur tilgengið í landinu að eftir handsöluðum vitnisburðum hefur dæmt verið, þó ei hafi svarnir verið, og þar á ofan hafi biskupanna skikkanir samhljóða verið, herra Odds Einarssonar um embætti Einars, en herra Gísla Oddssonar um opinbera aflausn sem fyrirskrifað er, hvörjum dómi herra Odds vær erum ekki móttæðir, heldur aðgreindir, því hann eftir því sem þá hefur framkomið dæmir um embættið, en vér um opinbera aflausn, því vér vogum ekki hæsta straff að dæma nema eiðar séu undangengnir, hvað vér höldum bannfæringuna. *Actum ut supra.*

Um Hjörseyjar og Akra kirkjusóknir

Item kom fram klögunarbréf Hjörseyjar og Akra kirkjusókna um langvarandi prestleysi á þeim kirkjum, sérdeilis fyrir aðskilnað Hítarness við þær sóknir, því vér sjáum engin ráð hvörninn þær kirkjur kunna að forsorgast fyrir sig.

Hítarness
prestur
afsegir ekki
að þjóna
Hjörseyjar og
Akra kirkjum
fyrir
tilbærilegan
bæting

nema þær njóti annara betri kirkna. Því óskuðum vér af séra Jóni Brandssyni að hann átækist nefndum kirkjum þjónustu að veita, hvar hann og einninn máls á léði með því móti hann fengi allar þær skyldur sem prestinum ber þar af að hafa, leigurnar hálfar eftir *visitatiu* bókarinnar innihaldi og aðrar venjulegar prestskyldur, og að kirkjuverjarnir vildu því séra Jóni allra vegna lofa og handskrifa. Bað biskupinn heiðurlegan kennimann séra Þórð Jónsson sinna vegna á milli prestsins séra Jóns Brandssonar og sóknarmanna þetta að fullgjöra svo þar um einhvörn tíma úttalast mætti, hvörju hann og góðmannlega lofaði og stóð þetta að svo mæltu við svo búið.

Kúgildi Akrakirkju eftir *visitatiu* bókinni 11 og 4 hundruð þar til. Þótti oss eigi ólíkt eitthvað í þeim fjórum hundruðum óskoruðum eður og fleiri mætti í fríðum peningum verið hafa. Því vildum vér presturinn næði af þessum kirkjunnar fjám fullu hundraði árlega. Hjörseyjarkirkju fylgja eftir sömu *visitatiu* bók 12 málnytukúgildi. Þar af ber prestinum eftir alþingisdómi 12 fjórðungar smjörs árlega. Fáir séra Jón Brandsson þetta til góðrar greiðslu, þá býðst þessum sóknum enn nú prestur, hvörn þeir mega meðtaka að næstum fardögum, annars vill biskup við þá afsakaður vera. Sömu leiðis vill presturinn gisting og greiða fá þegar hann kemur til þjónustunnar þó hann hafi þar ekki setu. Vonum vér til þeim muni svo mannlega verða sem kristnir vilja vera og Guðs orð látast elska, að svelta ekki prestinn eður setja hann hjá í það málið sem hann kemur, þó ekki sé það til reikningsskapar fært, því margt mun miður fara. *Actum* Staðarstað anno 1642 5. september. Til vitnis vorar handskriftir.

Afsetningardómur Einars Kolbeinssonar

Séra Einar
Kolbeinsson
dæmdur frá
kennimann-
legu embætti

Anno 1629 þann 1. dag júlí á almennilegu Öxarárþingi voru þessir prestar í dóm nefndir af biskupinum herra Oddi Einarssyni, séra Högni Jónsson, séra Gísli Oddsson, séra Eiríkur Stefánsson, séra Ámi Sigurðsson, séra Ásmundur Þormóðsson og séra Ólafur Egilsson um sama mál og sakargift sem í þessum fyrrskrifuðum dómi standa, hvörn dóm vér yfirlásuð og trakteruðum og virðist oss séra Einar Kolbeinsson ekki líðandi við kennimannlegt embætti eftir þennan dag, nú sérdeilis fyrir þessar bívísáðar sakir. Fyrst að Ólafur Rögnvaldsson hafði bevísað að séra Einar hafði lygi skrifað. Í annan máta að hann hafði á móti *ordinantiunni* haft óvenjulega aðferð embættisins. Í þriðja máta að séra Einar hafði óheyrilega talað og kennt um það háverðuga *sacramenti* eftir því sem fyrrskrifaður dómur uppá hljóðar. Samþykkti með oss þennan fyrrskrifaðan dóm biskupinn herra Oddur Einarsson.

Áminningarbréf prófastsins til Einars Kolbeinssonar

Salutem à salutis authore

Góði vin Einar Kolbeinsson. Læt þig nú vita að séra Jón Nikulásson hefur ráða til mín leitað um þá vanrækt þú með þinni kvinnu og sumum ykkar börnum sýnir á þér í kristninni í stríð við sjálfan þig, ekki aðeins í því að hlýða sjaldnar guðlegri ræðu af predikunarstólnum eftir kristinna manna löglegum siðum, heldur og einnig í því að ganga sjaldnar til heilags *sacramentis* en guðlegur siðvani útkrefur. Og af því að þvílík þín breytni er á tvennan hátt háskasamleg, fyrst fyrir þína sál og þinna, þar næst fyrir það hneyksli sem þú og þínir svo gjöra í forakt við kónglegrar *maystets ordinantiu* og sjálfs Kristi áminning, þar hann blessaður svo talar um hneykslan, að betra væri þeim sem hneykslið gjörir að myllukvarnarsteinn hengdist um háls honum og væri honum svo í sjávardjúp sökkt. Þar fyrir áminni eg þig, að þú með öðrum vitjir þinnar kirkju og sýnir svo alhuga það framferði á þér sem einum kristnum manni í þvílíkum sálhjálparefnum ber á sér að sýna. En af því að *ordinantian* útilegur þvílíka Guðs orða foraktara frá kristinna manna friðheitum, meðan þeir lifa í þvílíkum syndum, þá þarftu ekki fyrr *sacramentanna* hlutdeildar að vænta en þú þessi þín greind lýti og önnur opinber fyrir Guði og mönnum opinberlega játar og bót og betran lofar, hvað eg þér ráðlegg að þú með kvinnu og börnum með það fyrsta gjörir og eftir skyldu míns embættis býð þér það sama og bifala, óskandi að Guð vildi í burt frá þér taka þitt steinhjarta kalt og freðið, og gefa þér aftur í þess stað eitt kjötlegt hjarta mjúkt og hlýðið, sínu heilaga nafni til lofs en þér sjálfum og þínum til sálhjálp. Með þessum orðum fel eg þig og þína eilífum Guði í Jesú nafni *amen*, 6. október *anno* 1629. Guðmundur Einarsson.

Áminning
prófastsins til
séara Einars
Kolbeins-
sonar

Annað áminningarbréf til séara Einars

Góði vin Einar Kolbeinsson. Þú veist, ef þú vilt vita, hvör ávöxt sá þverúðarandi sem með þér býr hefur af sér gefið í öll umliðin ár, frá því ári sem kirkjusvallið kom til í sóknunum, sem Björn Grímsson í fullmektugu höfuðsmannsins umboði (að hann þá orð ágjörði) skikkaði þér eftir þinni sjálfs rangri undirréttingu, sem er þessi ávöxtur, að þú hefur móti öllum ráðum þeirra framförnu biskupa herra Odds og herra Gísla sálugra í drottnei, svo og í móti kennivaldsins kristilegum samtökum, sem hér á kálka vissi allt og gagnspurði, hvörnin það gekk til á þeim vetri ótérlega og óviðurkvæmilega Guði til styggðar, hans orði og embættisgjörðinni til foröktunar og kirkjusöfnuðinum sem þú kallaðir eftir í þann tíma til algjörðrar hneykslunar. Þú (segi eg) hefur

haldið þér frá *sacramenti* heilags altaris, og víst fjærri viljað vinna það til þess að biðja Guð og góða menn opinberlega að fyrirgefa þér þínar ávirðingar, hvað þó gjörir sú fáfróðasta skepna í vorum sóknum opinberlega þá *sacramentum* þiggja vill, af hvörri þinni þverúð og óviðráðanlegu geði auðskilið er, að ekki byggir þú þinn *christianismum* yfir þann grundvöll sem réttkristnir menn byggja, sem og á hvörjum vor *catechismus* stendur og er sá frjósamasti aldingarður sem gefur af sér handa oss örmustum Adams niðjum heilsusamlegasta *balsamum* og kröftugasta græðiplástur sem er geð sjálfs Guðs til vor í sköpun, endurlausn og helgun, til hvörs að kristinn maður flýr í sínum öllum banvænustu nauðsynjum, með þessum móti að hann fyrst mýkir glerhall síns hjarta með boðorðanna athugan svo viðbjóð fái til síns syndugs framferðis, styrkja þar með sína veika trú með geðsmunum Guðs föðurs í sköpuninni, Guðs sonar í endurlausninni, Guðs heilags anda í helguninni eftir rétttri ihugan sinnar *credo*, skríður því heim daglega til föðursins húsa og biður svo sorgbitinn auðmjúklega með þeim fortapaða syni um trúarinnar styrk og synda sinna fyrirgefning, með öllu öðru sem hann fyrir sér finnur í sinni *pater noster*, uppá hvað allt hann svo verkaður kýs sér til handa framar öllu veraldarinnar gulli og gengi, Guðs og prestsins í aflausninni, Guðs og prestsins þjónustu í útdeilingu sannarlegs líkama og sannarlegs blóðs drottins vors Jesú Kristi, og svo verður sá rétttrúaði náðarker Guðs aftur og musteri heilags anda, af því Guðs andi býr þá svo með honum, svo sem vor *catechismus* ljóslega og nóglega fyrir einum og sérhvörjum útilíðar sem hann elskar. En í móti skaparans geði sem svo í Guðs orði oss opinberað, og kristinn maðurinn kýs sér fram yfir alla veraldarinnar dýrð, hefur þinn þverúðarandi þverskallast og er enn nú að því verki. Þú Einar vinur veist hvörsu oft þú hefur af allmörgum guðhræddum mönnum hér um áminntur verið, þú veist og hvörn ávöxt að þeirra áminningar hafa hjá þér haft. Þú veist og hvað eg bauð þér í kirkjunni á Rauðamel í fardögum í fyrravor, í heyrn prestsins og sóknarbændanna þar samankominna, sem var að eg vildi heimuglega aflausn þér veita, ef þú aðeins vildir opinberlega biðja Guð og söfnuðinn fyrirgefningar fyrir þitt gamla kirkjusvall og afhald í svo margt ár frá meðtekningu holds og blóðs Kristi. Nú þó að þú sért í það sinni kominn að allir hafi rengri ástæðu í ráðlagningum en þinn þverúðarandi í foröktuninni, þá er það fíflska ein fyrir þig að standa á því að sannleiksandi Guðs muni vikinn frá þeim öllum nema þér einum, eða þó þú ætlir með þinni þverúð að koma kirkjunnar *disciplin* og þeim aga af að engin opinber aflausn sé tíðkuð, þá nær þú því aldrei, fyrr þrýtur þig vindinn en Guð vandlætið. Þar kemur hart á móti hörðu og hlýtur sá undan að láta sem veikari er. Þar fyrir ráðlegg eg þér það sama sem fyrr, en býð og bífala þér að þú gangir ekki lengur þann glötunarstíg sem þú með þínu óviðráðanlegu geði gengið hefur, heldur mýkir þitt hjarta og þiggir framboðna Guðs náð með sonarlegum anda, og biðjir opinberlega Guð og söfnuðinn þér það hneyksli að fyrirgefa sem af þér gefið

hefur í þessu prófastsdæmi, og hugsaðu svo um eftirkomandi öldina meðan þú mátt og þann reikning sem þá framkemur, ekki síst fyrir foröktun Guðs orða og áminninga, og gjörða afvirðing *sacramenta* Kristi líkama og blóðs, hvör reikningur verður óbærilegur þeim öllum sem honum hljóta þá að mæta. En eg óska að Guð þig fyrir náðarsamlega að sér taki og snúi þér til sín fyrir sinn son Jesúm Kristum, hvörjum eg þig og þín efni ævinlega bifala í Jesú nafni *amen*. Guðmundur Einarsson.

Alþingisdómur um mál Einars Kolbeinssonar

Anno 1644 þann 1. júlí að Öxarárþingi voru þessir lögréttumenn til dóms nefndir af lögmönnunum báðum Árna Oddssyni og Magnúsi Björnssyni. Að sunnan Pálmi Henriksson, Björn Gíslason, Hannes Helgason, Einar Jónsson, Jón Þorkelsson, Þorkell Ólafsson. Af hendi Magnúsar lögmanns Jón Vigfússon, Ari Magnússon, Oddur Þorleifsson, Pétur Þórðarson, Eiríkur Finnsson og Björn Jónsson. Um mál Einars Kolbeinssonar, sérdeilis um það eiðsinntak þess dóms er hér framkom í þeim dómi sem gengið hefur að Króksholti í Eyjahrepp 1629 þann 27. maí og hingað var nú dæmt úr héraði til alþingis fyrir lögmennina og lögréttuna af Runólfi Sigurðssyni. Þetta áðurskrifað inntak er svolátandi sem í dóminum stendur þeim fyrra:

Bar séra Einar fram tvö handskriftuð bréf með nafni Ólafs Rögnvaldssonar. Var inntak þess annars sérlegasta, að Ólafur með þeim fleirum sóknarbændum sem þar voru undirskrifaðir létu það í ljósi að þeir vildu helst séra Einar fyrir sinn sálusorgara hafa, hvað Ólafur lýsti samstundis opinbera lygi séra Einars vera og sagðist aldrei hafa sitt nafn undir það bréf skrifað. Þessari þverneitun Ólafs urðu þar á þinginu fyrir vorum dómi fimm menn úr Rauðamelssókn samhljóða og lýstu þann framburð séra Einars ranglega uppá sig skrifaðan. En eiðsinntak Ólafs er svolátandi sem eftirfylgir: Til þess leggur Ólafur Rögnvaldsson hönd á helga bók og það segir hann Guði, að hann hefur aldrei á sinni ævi skrifað sitt nafn undir þetta bréf sem séra Einar Kolbeinsson frambar og hann áhélt með áðurskrifuðu inntaki. Hvör eiðstafur oss sýnist eftir vorum skilningi eigi svo fullkomlegur né svo langt framtaka sem áður nefnd lýsing Ólafs tiltekur, þar hann lýsti opinberlega lygi á því bréfi sem séra Einar hafði framborið. Þar með sóru þeir öngvir sem dómurinn segir Ólafi hafi samhljóða orðið, að Einar hefði ranglega uppá sig skrifað, hvörjir menn ei voru heldur nafnlega í dóminn skrifaðir. Þar með voru ekki af þeim¹ veraldlega valdsmanni til dóms nefndir nema þrír menn í svo háu máli. Því eftir áðurskrifuðu virðist oss Einar Kolbeinsson að þessu máli ei fallinn í þeirri grein, setjandi þetta álit inn fyrir lögmennina og lögréttuna, það hér úti að leiðréttu er þörf krefur.

Þessu urðu lögmenn og lögréttumenn samþykkir innan vébanda.

Séra Einar
Kolbeinsson
vændur lygi

1 þeim: vantar í handrit

Synodalia 1643

Anno 1643 á Þingvöllum á almennilegri prestastefnu síðasta júní til dómsálits þessir prófastar og prestar Skálholtsstiktis kallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, séra Jón Jónsson prófastur fyrir sunnan Hvítá í Borgarfirði, séra Halldór Daðason prófastur í Árnessýslu, séra Einar Sigurðsson tilnefndur prófastur í Strandasýslu, séra Oddur Oddsson, séra Ólafur Böðvarsson, séra Sigurður Ólafsson, séra Gottskálk Oddsson, séra Engilbrikt Nikulásson, séra Björn Höskuldsson, séra Einar Illugason, séra Eiríkur Stefánsson, til að skoða, rannsaka og fullnaðarúrskurð á að leggja hvörmin fara skyldi fyrst um aflausn Einars Kolbeinssonar, hvör nú meðkennir sig í 14 ár þar fyrir utan verið hafa, óskað hennar þó sífelldlega og jafnlega, um hvörja hans beiðni framkomu vitnisburðir fjöggra manna. Auglýsti biskupinn *magister* Brynjólfur fyrir oss að í fyrrasumar hefði á almennilegri prestastefnu þetta mál til greina komið og sú ályktan á orðið að þeim virtist ekki mýkra mega afleiðast en séra Einari og söfnuðinum sé gjörð áminning opinber og skarpleg um það hneyksli sem hlotist hefur og hlýst af aggi og þrætum, styrjöld og óróa sem í þeirri dómsályktun hermir, hvörja vér samþykkjum í allan máta að eigi megi mjúkari verða á Einars Kolbeinssonar síðu, og hann biðji Guð og kristilega kirkju fyrirgefningar fyrir það sem hún hefur mátt sturlast af svo langsamlegri þráttunarsemi og óróa, hvað oss virðist Einari Kolbeinssyni minnkunarlaust vera. En biskupinn ekki mega þar mjúkari aðferð umhafa og vera hér með afsakaðan að bjóða honum þetta fram, hvað hann og einninn í vorri viðurvist gjörði og bifalaði hann þar með Guði.

Opinber
áminning
skikkuð
Einari
Kolbeinssyni

Um uppgefinna presta uppheldi

Með því torvelt er að ná uppgefinna presta uppheldi í stiktinu á öllum þeim stöðum sem þar undir hafa *taxeraðir* verið í tíð höfuðsmannsins Páls Stígs-sonar og biskupsins herra Gísla Jónssonar, sem nú ber til um uppheldi séra Odds Oddssonar, að hann nái því ekki í því takmarki sumstaðar sem honum er það í biskupsins bréfi skikkað, því séra Jón á Melum afsakar fátækt þess staðar, því bæði heimastaðurinn og jarðirnar séu af sér gengnar síðan sú skikkun gekk, svo nú sé ekki betur en fimm hundraða inntekt, að afreiknuðum hálfum leigum, hvörjar hann sem bændum heldur sér tilheyrja fyrir ábyrgðina á kúgildum eftir þeim dómi sem þar um er áður genginn um bændakirkna kúgildaleigur. En presti sé dæmt fimm hundruð til uppheldis, hvar fyrir séra Jón þykist ei af sínu uppheldi leggja eiga. Því hafi herra Gísl Oddsson burt-skikkað Melastað frá þessu tillagi, hvað nú meðkennist séra Ólafur Böðvarsson, og séra Jón lofar enn frekar að bevísa, sem er hrörnun staðarins land-gæða og staðarins jarða.

Melastaður
burtskikkaður
frá tillagi
uppgefinna
presta

Og að því sannprófuðu er athugandi hvörninn með uppgefinna presta uppheldi skuli héðan af fara, og krefur nú þörf að skikkan sé ágjörð vegna séra Odds. Leist oss hér samankomnum hentugast að allir staðir í hvörjum fjórðungi önnuðust ætíð alla þá presta sem þar uppgefast, marga eður fá, svo þeir leggðu meira til sem meira hefðu, hinir minna sem minna inntækju, hvörjir sem helst *taxeraðir* væri og meiri inntekt hefði en til fimm hundraða, svo þeir uppgefnu prestar fleiri eður færri hefðu ætíð ánægjanlegt uppheldi, hvað biskupinum sýndist með prestunum allra skikkanlegast vera, svo framarlega sem velburðugur herra höfuðsmaður það samþykkja vildi, því hægra er mörgum lítið til að leggja en færrum mikið, svo brestur verði ekki fyrir fátækum guðhræddum prestmönnum. Þar uppá óskuðum vér af velburðugum herra höfuðsmanni samþykkis og að gefa myndugleika að skammta hvað mikið skyldi tilleggja sérhvör eftir inntekta upphæð, biskupinum með góðra prestmanna ráði, svo þar væri ekki síðar meir óskynsamlega á móti mælt. Hér undir settu prestarnir sínar handskriftir að Þingvöllum 30. júní *anno* 1643.

Sérhvör
staður leggi
fátækum
prestum eftir
inntekta
hæð, þeir
meira sem
ríkari eru,
hinir minna

Um Jón Gunnlaugsson og Herborgu Jónsdóttur

Anno 1643 25. október að Breiðabólstað í Fljótshlíð á héraðsprestastefnu, þessir kennimenn til dómsálits nefndir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, séra Halldór Daðason prófastur í Árnæssýslu, séra Magnús Jónsson, séra Guðmundur Guðmundsson, séra Jón Magnússon, séra Jón Bergsson, séra Magnús Pálsson, séra Hallur Árnason, séra Jón Þorsteinsson, séra Sigurður Jónsson og séra Björn Höskuldsson, prestar Skáholtsstiftis, til að skoða, rannsaka og ályktun á að gjöra á þeirri þriðju grein sérdeilis þess dóms er gengið hafði að Holti undir Eyjafjöllum 1643 19. júlí, af héraðsprófastinum séra Snæbirni Stefánssyni, í hjónabandsmáli Jóns Gunnlaugssonar og Herborgar Jónsdóttir, hvörju þeir kennimenn sem þá voru samankomnir segja svo varið vera:

Í þriðja lagi kom fram fyrir oss þriðja orðsök af Jóni Gunnlaugssyni sem honum þykir hindra mega þessa trúlofun, hvörja að rannsaka vér setjum til erlegra dándikvenna tveggja, sem eru ljósmóðir ein í þessari sókn og svo önnur dándikvinna með henni. Voru til þess rannsaks kallaðar þessar eftirnefndar dándikvinnur, Kristín Gísladóttir og Þórunn Magnúsdóttir, og téðu þær oss að þótt þar mætti nokkur lítill mismunur á vera annara kvenna sköpunar háttalagi, þá sýndist þeim það ekki muni hindra náttúrlega hjóna- sambúð. Því kunnum vér ei heldur fyrir þessa áðurgreinda orðsök þessa uppbyrjaða trúlofun að ónýta, utan vorum virðuglega herra og yfirmanni biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni virðist hér um annað réttara og háttalegra.

Hjóna-
bandsmál

Var Jón Gunnlaugsson aðspurður af biskupinum fyrir dómi hvort honum væri nokkuð frekara vitanlegt nú í þeim tveimur fyrstu greinum er hann framborið hefði undir Holtsdóm en þá, hvörju hann neitaði. Því samþykkjum vér

Undarlegur
framburður
Jóns Gunn-
laugssonar
um óvenju-
lega sköpun
sinnar
festarkonu

prófastsins og þeirra kennimanna dóm í þeim báðum fyrri greinum, að þeirra hjónaband þar fyrir ekki slítist, því oss virðist þeir flekkir hvorki spítelska, sárakrankleiki né annar viðurstyggelegur sjúkdómur að svo komnu. Þó viljum vér að sá misseristími er þeir hafa tiltekið standi, og sé þá aftur skoðað af þeim kennimönnum er áður voru tilnefndir, sem er séra Þorsteini Jónssyni, séra Jóni Þorsteinssyni og séra Sigurði Jónssyni.

Um sinnisveikina er og hið sama að vér kunnum ei merkja nein venju- brigði á hennar andsvörum, viti eður gegnd í neinn máta. Því sýnist oss sem fyrir dómsmönnum sú sök þeirra hjónaband ei hindra, með því Jón Gunnlaugsson hefur ekkert frekara uppá að tala en undir dóm er komið, sem hann sjálfur meðkennir fyrir vorum dómi.

En sú þriðja grein dómsins er fyrir vort álit sérdeilis dæmd um háttalag Herborgar Jónsdóttur. Sýndist oss í fyrra dómi prestanna óljóslega framsett, svo vér kunnum ekkert sérdeilis nema í ráðgátu af framburði Jóns Gunnlaugssonar að ráða, því ekkert atkvæði er þar tiltekið hvað hann hafi framborið. Því kröfðustum vér og óskuðum af Jóni Gunnlaugssyni að hann uppkvæði hvíllík helst hindrun sú væri er hann tilreiknar sinni festarpersónu Herborgu Jónsdóttur, svo hún eftir hans framburði megi síðan trakterast.

Bar Jón Gunnlaugsson fram að nefnd persóna Herborg Jónsdóttir væri ekki að öllu lík öðrum persónum, einkum og sérdeilis á sínum heimuglegum heitum, hvör hann segir að vera niðursigin fram yfir venjulegan máta. Þó að svo sé að náttúrulegu verki mætti framkoma meinar hann fyrir þann vansa hjónabandsyndi þó ekki svo eiginlegt sem vera skyldi þar af hljótast og kærleika til hindrunar verða. Meðkenndust bæði Jón Gunnlaugsson og Herborg Jónsdóttir að þau væri ei frí hvort frá öðru að holdlegum samvistum. Því var báðum þeim dæmd opinber aflausn eftir kónglegrar *maystets ordinantiu* um þær persónur sem fyrir tímam samlagast.

Sömuleiðis kom fram handskrifaður vitnisburður frá þeim tveimur kvinnum er Herborgu Jónsdóttur skoðuðu fyrst í Holti og undir þann fyrra dóm kom, og nú síðan aftur á ný segjast rannsakað hafa sköpun Herborgar, segjandi sig játa enn hið sama sem fyrir prófastinum séra Snæbirni Stefánssyni játað og sagt hafi, hyggjandi það muni ei þeirra hjónasambúð hindra þurfa, segjandi sig til reiðu þessari sinni hyggju og vitnisburði meiri staðfestu á að gjöra ef góðum mönnum svo virðist. Nöfn kvennanna Kristín Gísladóttir og Þórunn Magnúsdóttir, *datum* vitnisburðarins 1643 23. október að Holti við Eyjafjöll. En vottar að þeirra meðkenningu undirskrifaðir Árni Hinriksson og Oddur Einarsson. Virtist oss að þessi kvennanna vitnisburður væri ekki móttæðlegur framburði og meðkenningu Jóns Gunnlaugssonar, og þess vegna ekki þörf að þær ynni eida.

Par fyrir að þessu öllu svo prófuðu og fyrir oss komnu dæmdum og ályktuðum vér fyrrskrifaðir kennimenn Jón Gunnlaugsson fyrir þessa þriðju orðsök ekki mega sig við sína festarkonu Herborgu Jónsdóttur skilja, einkum og

sérdeilis þar heimuglegt samræði hefur á millum farið og hún ekki ryktuð af karlmanni áður það oss vitanlegt er, og Jón Gunnlaugsson sjálfur ekki á móti hefur (eftir kóng Friðriks *articulum* um jómfrúrkrenkjara, og þeim mun heldur í þessu máli að hér hefur lögleg trúlofun undangengið). Því virðist oss nú þessi orðsök hjónabandsfrestsins frá Jóni Gunnlaugssyni vikin og hann ei mega fyrir þessa orðsök sitt hjónaband við Herborgu Jónsdóttir framvegis undandraga, þegar liðið er það misseri er í þeim fyrra dómi var sett að sektalaus.

Samþykkti þetta dómsatkvæði með oss biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson með ráði og vitorði erligs manns Vigfúsar Gíslasonar sýslumanns í Rangárvallasýslu, setjandi sín nöfn með vorum hér fyrir neðan til frekari staðfestu. *Ut supra*.

Um *taxerun* staða til uppheldis uppgefinna presta

Sama stað og dag var álitid og niðursett það tillag sem úr Sunnlendingafjórðungi skyldi leggjast séra Oddi Oddssyni eftir álitu prestanna á alþingi 1643 1. júlí, samþykktu af höfuðsmanni velburðugum Pros Mund, af þeim stöðum er fyrir höfðu *taxeraðir* verið í nefndum fjórðungi til að veita fátækum uppgefnunum prestmönnum uppheldi, af höfuðsmanninum Páli Stígssyni og biskupinum herra Gísla Jónssyni, hvar til reiknaðar voru landskyldir og hálfar leigur eftir því sem næst mátti komast. Setti biskupinn með góðra kennimanna ráði sem þá voru nærstaddir það tillag svo niður að af Breiðabólstað gjaldist árlega 1½ hundrað, Holti undir Eyjafjöllum 15 aurar, Odda 15 aurar, Bæ í Flóa 10 aurar, Hruna 10 aurar, Görðum á Álfanesi 10 aurar, Reykholti 10 aurar. Reiknast til 5 hundraða í *summu*, skyldi hálfpart greiðast í fríðu í fardögum, en hálfpart dauðu honum þarflegu til uppheldis á haustin að Mikilsmessu. Settu prestarnir í hans kjör hvort hann vildi heldur veru hafa hjá sínum náungum, svo þangað leggjðist tillagið í umskiptum honum til góða eður sitt ár á hvörjum þeirra staða sem hann skyldu forsorga, svo þangað yrði fyrir hann lagt. En hvað Skálholti viðvíkur meinar biskupinn ekkert sé til afgangs þá hálfar leigur eru afreiknaðar, þar með er það hvorki fyrir né síðar meðsett né *taxerað* í bréfinu. Því veit hann ei neina skyldu tilbera þar af að skikka fyrir en hún er honum auglýst. Fór þessi skikkun fram að Breiðabólstað í Fljótshlíð, *anno* 1643 25. október. Og til sanninda hér um setti biskupinn sitt nafn með oss hér undir til vitnisburðar. (Undirskrifuð nöfn) Brynjólfur Sveinsson, Jón Magnússon, Jón Þorsteinsson, Magnús Pálsson, Jón Bergsson, Erasmus Snorrason, Björn Höskuldsson, Eiríkur Þorsteinsson.

Nokkrir staðir
taxeraðir til
uppheldis
fátækum
prestum

Um peningamissir Reynivallakirkju

In nomine domini amen

Anno 1644 26. apríl, að Reynivöllum í Kjós, voru þessir heiðurlegir menn samankallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni að athuga og álíta hvörnin fara skyldi með það vandræði er tilfallið hafði á Reynivöllum anno 1642 20. febrúar, í þann máta að skriða hafði yfirfallið bæinn svo háskasamlega að bæði menn og peningur voru í lífshættu, þó fyrir sérdeilis Guðs náð yrði mennirnir bívaraðir og varðveittir, samt og áður kom þetta áfelli yfir fjárhúsið svo þar fyrir misstust 13 naut. Voru þessir kennimenn tilnefndir málið að skoða, því séra Einar Illugason hafði það kirkjunnar vegna aftur enn einu sinni kært og framborið, með því kirkjan situr í missir allt hingað til á 5 kúgildum miður hálfri mörk, séra Jón Jónsson prófastur í Borgarfirði fyrir sunnan Hvítá, séra Ólafur Böðvarsson, séra Stefán Hallkelsson, séra Hallur Árnason, séra Engilbrikt Nikulásason, séra Þorsteinn Björnsson, séra Ámundi Ormsson og séra Einar Ólafsson, prestar Skálholtsbiskupsdæmis, sem og um annað sem kirkjuna má vanta í *inventarium* frá þeim síðasta máldaga herra Gísla Jónssonar, hvort hún skuli það svo búið hafa eður ekki, svo bæði biskupinn kirkjunnar vegna og presturinn væri afsakaðir.

Vitum vér ei annars en í landinu hafi almennilega svo tilgengið, að prestarnir þá þeir hafa skilið við *beneficium* eður þeirra lífserfingar hafa orðið að betala kirkjunum þeirra innstæðu og *inventarium*, og meðan þeir halda að halda við góða hefð og makt. *Item* finnum vér í lögmalinu greinir um umboðsfé og öreigaskuldir. *Item* það sem leiguliði á ekki við að bítala, hvörra nokkrar sýnast mega leiðast svo að þessu máli að séra Oddi Oddssyni muni bera borgun á Reynivallakirkju kúgildum sem hann meðtekið hefur. Arfatökum 21. *capitula*: Skal það fé hvorki vaxa né þverra, gjaldi slíkt fé er hann tók. Um öreigaskuldir, kaupabálkur 7: Ef öreigi á manni skuld að gjalda sá er látið hefur peninga sína fyrir eldi eður skipbrotum, eður öðrum misferlum, sverji eineiði að hann skal lúka þá skuld þegar Guð gefur honum efni til, ef eigandi heimtir, og hefur hann ei áður við óskil kenndur verið. Þjófabálkur 16: Ef maður lér manni grip sinn, þá á hvör láni heilu heim að koma eður gjaldi verð eiganda sem sex skynsamir menn meta, nema hinn týnist með láni er léð var, þá má hann ei lán ábyrgjast er hann mátti ei líf sjálfs síns. Ei er erfingi skyldur fyrir það lán að gjalda. Búnaðarbálkur 37: Nú deyr hross fyrir manni, bæti sem þá er vert er hann tók. Kaupabálkur 4: Nú er lánfé og dæmt fé, og allt það fé er vitni vita, eður sá gengur við er lúka á, þá skal svo sækja sem nú er mælt.

Í annan máta kemur fram fyrir oss réttarbót Eiríks kónigs hljóðandi um þá vægð sem gjörð er leiguliða á húsum, að hann skuli ekki ábyrgjast fyrir skriðum, hvar að vér innleiðum það að undir æðra valds áliti muni verða að

vera hvort hann skuli betala þá peninga sem í húsinu voru, og þó oss virðist öðruvíis af sér standa um *beneficiarios* (einkum þá sem ekki hafa svo mikið uppheldi af kirkjunni og hennar eign sem kennimanni er til uppheldis dæmt, því síður fyrir ábyrgð á kúgildum), þá vegna þess voðalega tilfellis sem í þessu efni er skeð, og vér vitum ekki dóma né skikkanir sem fyrirgreiða um soddan tilfelli, virðist oss nokkurneginn vægðar og linkindar óskandi af kristilegu yfirvaldi Guðs og kristilegs kærleika vegna, svo mikið sem mögulegt er í þvílíkum tilfellum. Hér með sýnist þvílík mál mega snerta allt landið, hvar sem kirkjur eiga fé hjá prestum og bændum og þvílík háskasamlig tilfelli mega uppkoma, með því vér erum og ekki svo fullvissir né mannaðir sem svo vöndum og almennilegum málum hæfir, vitum og ekki heldur hvort oss ber einungis yfir þetta mál að taka allra kirkna vegna án velburðugs höfuðsmanns nálægðar og tilhlutunar. Skjótum því greindu máli fyrir velburðugan höfuðsmann og þá dómsmenn lærða og leika er hann þar tilnefnir, því málið í sinni náttúru snertir bæði lærða kirkjuhaldara og leika, hans velburðugheit og einninn meinum hafi hæsta myndugleik af kónglegri *maystet* uppá kirknanna síðu eftir *ordinantiunni* að tilhlutast eftir *jure patronatus* á þvílíkum *beneficiis*. Og þetta að næstkomandi alþingi.

Linkind virðist í því efni, þá kirkna-peningar misfarast af voveiflegum skaða

Um afsökun biskupsins skyldu í soddan efnum

Anno 1644 26. apríl óskaði biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson af samankölluðum kennimönnum á Reynivöllum álits og úrlausnar, hvort þeim virðist ekki hann afsakaður við kirkjuna og hafa gjört sinni skyldu fullnægju, þar hann tilsegir og bifalar prestunum að innkalla og eftir að tala því kirkjunnar *inventario* sem hann heldur ekki og nú er ei til á kirkjunni, en *visitationi* bók herra Gísla Jónssonar segir að þá hafi til verið er hún var gjörð, svo biskupinn væri vítalaus fyrir forsömun þá hann hefur hér um áminnt og skikkað eftir sínu embætti, og svo frí hans erfingja og hann fyrir tiltali uppá kirkjunnar síðu. Hvar til prestarnir svöruðu að þeim virðist biskupinn afsakaður að áminntum kirkjuhöldurum og fyrir forsömun aldeilis frí hann og hans erfingjar.

Biskup afsakaður þá hann tilsegir prestum að innkalla það *inventarium* sem úr er fallið

Sömuleiðis beiddist nú séra Einar Illugason álits af biskupi og prestunum, hvort hann væri ekki afsakaður um það sem biskup hefur bifalað honum að tala eftir því sem Reynivallakirkju vantar uppá máldaga herra Gísla Jónssonar, eftir því að um kúgildin væri lagt til alþingis. En fyrir klukku sem séra Oddur segist hafa meðtekið svarar hann þeim við sem kirkjan er af byggð og fyrir hana komu. *Item* um messuklæði sem vantar uppá herra Gísla Jónssonar *visitationi* bók og svo allt annað sem vanta má og hún umgreinir að þá hafi til verið, og séra Oddur hvorki meðtók og ekki heldur séra Einar af séra Oddi, virðist oss niðurgrafið og séra Einar ei skyldugan því að svara sem hann ei meðtekið

hefur, og svo virðist oss einninn um aðra presta í viðlíkum efnum, ef þeir hafa sínum forverjum þar um tiltalað löglega eða lénsmanninum tilsagt eftir *ordinantiunni*.

Og til sanninda hér um setja áðurskrifaðir prestar sín nöfn hér undir til vitnisburðar. *Anno, die, loco ut supra*. (Undirskrifuð nöfn) Brynjólfur Sveinsson, séra Jón Jónsson, séra Ólafur Böðvarsson, Stefán Hallkelsson, Hallur Árnason, Þorsteinn Björnsson, Engilbrikt Nikulásson, Ámundi Ormsson, Einar Ólafsson.

Reynivallna-
kirkju skaði
betalaður

Anno 1644 26. apríl afréðst það um þau fimm hundruð sem kirkjuna á Reyni-
völlum vantaði hjá séra Oddi og var ei meгнаður út að svara, að vegna Guðs
og kristilegs kærleika og góðs mannorðs séra Odds gáfu nálægir menn honum
sem eftirfylgir. Biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson lofar séra Einari
kirkjunnar og séra Odds vegna 2 hundruðum, bítalað eftir bréfi Þórarins Illuga-
sonar 1644 25. maí, Ormur Vigfússon 1 hundraði, séra Jónsson 5 aurum, séra
Ólafur Böðvarsson 5 aurum, séra Hallur Árnason 5 aurum, séra Engilbrikt
Nikulásson 10 aurum, séra Þorsteinn Björnsson 5 aurum, séra Ámundi Orms-
son 5 aurum, séra Stefán Hallkelsson 5 aurum. *Summa* 5 hundruð. Hvað sér-
hvör lofar að forlíkast skuli séra Einari til handa vegna séra Odds að næstum
fardögum ef ei forfallar. Til merkis vor nöfn undirskrifuð, *anno, die et loco ut
supra*.

Hjónabands-
mál svofellt
að kaup,
lýsingar og
hjónavígsla
fór fram án
samþykkis
móður og
eldra bróðurs
stúlkunnar

Anno 1644 3. júní, að Gunnarsholti á Rangárvöllum, þessir heiðurlegir kenni-
menn tilkallaðir að álíta og úr að skera því máli er Guðrún Guðnadóttir hafði
á hendur borið séra Jóni Jónssyni í Vestmannaeyjum af séra Snæbirni Stef-
ánssyni héraðsprófasti á héraðsprestastefnu, séra Guðmundur Guðmundsson,
séra Hallur Árnason, séra Jón Jónsson, séra Hannes¹ Tumasson, séra Magnús
Pálsson og séra Björn Höskuldsson, prestar Skálholtsstiktis. Hafði Guðrún
Guðnadóttir þar uppá klagt til séra Jóns Jónssonar, fyrri í Skálholti, fyrir
biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, að nefndur séra Jón hefði sína
dóttur Agnesu Ólafsdóttur, er hún lýsti sig skilfengna móður að, og greinda
Agnesu aldrei áður gifta verið hafa, til hjónabands að undangengnu kaupi og
siðvenjulegum lýsingum samanvígt og gefið út í Vestmannaeyjum, þar fyrir
tveimur árum, með þeim manni er nefndist Þorgeir Helguson, að sér óvitandi
og óaðspurðri til ráða og samþykkis í allan máta, meinandi slíkt tiltæki verið
hafa á móti Guðs boðorði, kónglegrar *maystets ordinantiu* og *articulum*, góðri
og kristilegri skikkan og reglu, sem það bréf umhermir og eftir hennar² munni
var handskrifað í Skálholti.

1 *Hannes*: eyða er í handriti og koma vart aðrir til greina

2 *hennar*: í handriti er *hans* sem ekki fær staðist

Nú hefur hún gefið síðan hér uppá sitt umboð sínum syni Guðna Ólafssyni, hvar uppá hann birtir opið bréf með handskriftum Erlends Bjarnasonar, Jóns Jónssonar og Bjarna Jónssonar útgefið á Núpi 25. maí 1644, hvört bréf einninn þar ofan á hafði handskrifað séra Jón Gunnlaugsson. Virðist oss umboðið fullkomlegt með nefndum frómra manna vitnisburðum og allir meðkenna handsöl og handskriftir, og að því undirlögðu Guðna Ólafsson fullkomlegan umboðsmann sinnar móður í greindu máli vera. Framar ákærði Guðni Ólafsson fyrir sína eigin persónu hið sama, hvör að er greindrar Agnesar hinn eldri bróðir.

Enn birtist fyrir oss *citatiu* bréf biskupsins, hvar inni hann biður séra Jón Jónsson að vera á nefndan dag og stað með þau gögn og afbatanir sem hann kann sínu máli til aðstoðar að útvega, biðjandi Kláus Eyjólfsson þessa *citatiu* yfir honum að lesa og sjálfan prestinn hana að undirskrifa með eigin hendi. *Datum* þess bréfs 1644 24. apríl. Undir sama bréfi var og skrifaður Jón Jónsson með eigin hendi. Meðkennist einninn séra Jón Jónsson biskupsins bréf meðtekið hafa þann 30. apríl með Kláusi Eyjólfssyni og það samstundis lesið hafa og aftur sent með fyrrnefndum manni með sínu nafni undirskrifuðu sem hans eigið sendibréf vottar, hvar inni hann einninn lofar ástundun að koma á nefndan stað á tilsettum degi forfallalaust. Virðist oss presturinn réttilega kallaður eftir fyrrnefndu *citatiu* bréfi og sinni eigin meðkenning, en var nú ekki að áliðnum degi til Gunnarsholts kominn og engin afsökun eður forföll af hans hendi, þar þó téðist fyrir oss að skip hefði úr Vestmanneyjum farið deginum fyrir til lands og jafnvel hans eigin vinnumaður þar á verið. Því virðist oss hann fyrir slíka forsömun sekur um stefnufall og skyldugan að gjalda mörk, nema hann bívísi lögleg forföll, að hvorki hafi hann sjálfur komist getað né afsökun framkomið í það sinni, hvað vér dæmum honum svo framt þó á hendur að ei bevísist mótþróun eða foröktun valdið hafa, og leggist það sektafé til prófastsins, að hann því útdeili meðal þeirra er honum sýnist ölmusu verðir eftir góðri samvitsku úr hans prófastsdæmi, og sé góldið hið seinasta að Maríumessu fyrri. Og með því hann er nú ei nálægur, þá kunnum vér ei framar að því máli gjöra en traktera hans skriflegt andsvar er hann uppá fyrirskrifað *citatiu* bréf biskupinum sendi.

Fyrst ber presturinn fyrir sig að þessi ámálgun og tiltal hjónabandsgjörningins hafi svo lengi niðri legið, svo að þeir séu nú flestir frá sem hér um nokkuð tilvissu. Þar á mót framber Guðni Ólafsson að ei muni lengur liðið hafa en hálft þriðja ár síðan þessi gjörningur framfór. Sýndist góðum mönnum ólíklegt að í svo miklu fjölmenni ei á lengri tíma skuli svo umsneitt hafa að ei mætti minnsta kosti tveimur eður fleirum vottum aðkoma og kunnu því þeirri afbatan ekki gegna án frekari bevísinga. Í annan máta skrifar presturinn að verið hafi stúlkunnar bróðir þar fyrir hendi til andsvara, hvað góðum mönnum hafi sýnst ánægja mega, en segist ekki að svo komnu herma hann hafi nokkuð talað eður lofað vegna hins síns bróðurs. Framar tilleggur hann að persónurnar

Afbatanir
prestisins

sumar hvörjar setji fram að enginn megi banna hjónaband saklausum persónum, og muni ekki prestinum vera vel forsvaranlegt ef hann af þverúð eður mótvilja hindrar heilagt áform hjúskaparins, sérdeilis sé sá fyrir hendi sem löglegur giftingarmaður er og fylgi sá máli stúlkunnar, og bjóðist henni hennar jafnræði, setji hann þá sig í umboð annara giftingarmanna, meinar presturinn þann hinn sama svara eiga þeim þeirra fullrétti eftir lögum, en prestinn snerti það að öngvu, því hann hafi þar ekki annað með en gefa þau saman og fría samviskunnar, svo sem skeð hafi hér í landi að þó sýnst hafi hjónabandið nokkuð veikleika undirbúið, þá hafi það snert þann sem sest hafi í giftingarmannsembætti en ekki prestinn. Pykir oss hér á vanta að presturinn skýrir ekki eða ber bróðurinn því að hann hafi fyllilega samþykkt greint hjónaband, þar oss virðist þessi bréfsorð ekki svo ánægjanleg eða skörungleg að það sé fyllilegur framburður samþykktarinnar, sem oss virðist þó endilega framkoma eiga, og þó löglega eða fullkomlega bívísuð, eður af honum sjálfum meðgenginn. Annars vitum vér öngvaneginn prestsins gjörning að forsvara hvorki fyrir andlegum lögum né veraldlegum.

Hjónabandið
er myndugt
dæmt ef
bevisast að
yngri bróð-
irinn hafi
samþykkt

Dæmum hann því skyldugan sínu embætti til varnar þess nærverandi bróðurs fyllilegu samþykki fyrir prófastinn að koma, skjallega vottuðu eður af honum meðkenndu innan hálfis mánaðar að heyrðum dóminum að forfallalaus. En fullnist honum þessar bívísingar dæmum vér hjónabandið í því efni fyrir þá grein löglegt að landslögum, annars ekki. En þá er athugandi síðan fyrrnefnt samþykki er framkomið og bívísað, þó þetta hjónaband rjúfist ekki að landslögum, hvort vítalaust skuli vera að leita ekki móðurinnar samþykkis. Er augljóst hvörja hlýðni Guð býður foreldrunum að veita í fjórða boðorðinu og sýnist eigi minnst á liggja þeirri bæn og blessun að taka í svo háum málefnum. En oss virðist virðingar og hirðulítið við foreldrana að börnin bindi sig í neitt embætti auk heldur hjónaband án foreldranna ráða og vitundar, eftirfylgjandi Esaú dæmum. En óskikkanlegt fyrir þá sem Guðs boðorðum eiga fram að fylgja að afneita því í verkinu og með sinni þjónustu að styrkja þvílíkan ósóma. Athuguðum vér hér uppá einnin kónglegrar *maystets ordinantiu, articula* 8. Þar segir svo: Því að leynilegar trúlofanir og þær sem ske fyrir utan þeirra vilja, hvörjum persónurnar eru undirgefnar og hvörjum þær eru hlýðni pliktugar, eiga ekkert að gilda ef þeir hafa löglegar sakir þar til. *Item* síðar: En þegar engin hindrun er fyrir höndum þá má presturinn undirvísa þeim (persónum) hvörninn einni kristilegri trúlofun eigi háttað að vera, sem er að hún skal ske með sannri guðhræðslu, æru og siðsemi og vera frí, óneydd og falslaus, því hvað sem uppbyrjast fyrir utan Guðs ótta, á móti æru og siðsemi og foreldrunum og réttum forsjársmönnum óaðspurðum, lukkast sjaldan vel.

Í hjónabands *articula* stendur svo: Þar næst skal og heimugleg trúlofun ekki haldast sem er gjörð fyrir utan þeirra vilja, hvörjum þau eru undirgefin, svo sem eru foreldrarnir sjálfir ellegar aðrir sem eru í foreldranna stað, því

soddan æru útkrefur Guð í fjórða boðorði. Hvör siðsemd og hlýðni oss sýnist nú ávantað hafa, fyrst móðurinnar samþykki hefur ekki tilkomið, og kunnum þar um prestinn öngvaneginn að forsvara, þar rétt á móti *ordinantiunni* og *articulunum* hefur móðurinnar ráða og vitundar ekki leitað verið, þar vér héldum prestlegu embætti viðkoma að áminna, rannsaka og ráðleggja kristilega skikkan, æru og siðsemi eftir *ordinantiunnar* hljóðan. Dæmum prestinn því skyldugan móðurina að forlíka og til friðs að stilla með tilbærilegri góðvild, sem prófastinum sýnist sanngjarnlegast vera á báðar síður, eður hennar umboðsmann löglegan, og það í þann tíma er prófasturinn þeim fyrirsetur, og taka svo kvittun þar uppá. Og með því svo er tilkynnt að þess háttar hafi fyrrnefndum séra Jóni áður tilfallið, þá virðist oss þessi forlíkun ekki minni vera eiga en sú fyrri, og hafi þó alvarlega áminning, og lofi ei oftár í soddan málefni að koma, það hann má aðgjöra, því vér sjáum í prestsins bréfi öngvar þær viktugar orðsakir sem hann fyrir *ordinantiunni* afsaki. Lagaðist einnig að bróður Agnesar Guðni skyldi sinn part þar af taka sem prófasturinn gjörði af prestinum móðurinni til handa sem áður er sagt. En til áminningar og eftirdæmis fyrir lagabrot *ordinantiunnar* og *articulanna* gefi til fátækra tvo dali eður þeirra virði vegna prestsins nauðsynja og fátæktar, en varist hér eftir endilega þvílíkar atgjörðir með neinum í frammi að hafa. Fari um þessi útlát sem fyrri er skilið um stefnufallið, nema séra Jón færi hér um fyllilegri bívísingur og afsakanir fyrir prófastinum þegar og þar hann tilsegir, því vér kunnum ekki að svo stöddu meiri vægð eður linkind að sjá en fram er komið.

Samþykkti þennan vorn dóm og álit velnefndur prófastur séra Snæbjörn Stefánsson og setti sitt nafn með áðurskrifuðum kennimönnum og þar að auki séra Magnúsi Jónssyni og séra Jóni Bergssyni er síðar tilkomu. *Datum ut supra.*

Með því fyrrnefndir frómir kennimenn hafa minnar samþykktar uppá næst fyrrskrifaðan dóm óskað og leitað, þá meðkennist eg með góðri og heilli samvitsku mig þar öngva sérdeilis orðsök til mótmælis hafa, heldur samþykki hann eftir mínu embætti svo mikið sem mér ber og hæfir eftir skyldunni. *Datum* Gunnarsholti 1644 3. júní. Brynjólfur Sveinsson.

Sama stað og dag bifalaði, tilsagði og áminnti biskupinn prófastinn í Rangárvallasýslu og presta að Gunnarsholti samankomna að geyma og halda kóng *maystets ordinantiu* og öngva *dispensationem* eða sérdeilis tilgang þar fram yfir að meta fyrir vild, vinskapi eður aðrar orðsakir, heldur fylgja henni trúlega og kostgæfilega fram eftir megni og þeirri skynsemi sem Guð vill sérhvorjum veita, jafnvel það að endurbæta og leiðrétta sem hingað til hefur áfátt mátt verða í hvörju sem helst efni þörf vinnur, eftir frekasta megni, viljandi þar um fyrir yfirvaldinu afsakaður vera. Þetta meðkenndust þeir allir ásamt með sínum handskriftum, lofandi sig það mögulegt er eftir að rétta. *Datum* Gunnarsholti 3. júní 1644.

Presturinn dæmdur skyldugur að forlíka við móður og bróður stúlkuunnar hvör ekki samþykktu, með féútlátum

Item gefi prestur til fátækra 2 ríkisdali

Prestar áminntir af biskupi að skikka sér eftir *ordinantiunni*

Synodalia anni 1645

Um mál og eið séra Ásgeirs Einarssonar

Um stelpu er
vændist uppá
sig manni en
tók það síðan
aftur

Anno 1645 30. júní á alþingi almennilegri prestastefnu þessir kennimenn til dóms nefndir af biskupinum *magister* Brynjólfi í Skálholtsstíkti, séra Jón Jónsson, séra Einar Sigurðsson, séra Halldór Daðason, prófastar, séra Þórður Jónsson, séra Páll Björnsson, séra Finnur Jónsson, séra Ólafur Böðvarsson, séra Grímur Bergsveinsson, séra Gottskálf Oddsson, séra Álfur Jónsson, séra Hallur Árnason, séra Jón Jónsson, séra Jón Oddsson, séra Hallgrímur Pétursson, séra Salómon Jónsson, séra Jón Ormsson, prestar Skálholtsstíktis, um það mál er séra Einar Sigurðsson dóms á beiddist vegna síns sonar séra Ásgeirs Einarssonar, hvörjum ein stelpa við nafn Guðríður Jónsdóttir hafði vænst uppá sig til holdlegs saurlifnaðar og samblands, en eftir á fyrir prófastinum séra Jóni Arasyni þá sína uppljóstun undir votta aftur tekið og beðið séra Ásgeir um fyrirgefning þar fyrir, sem það bréf er séra Einar Sigurðsson framlagði af prófastinum sjálfum skrifað sér líkast greinir. *Datum* þess bréfs 1645 15. mars að Vatnsfirði. Vottar undirskrifaðir Andrés Bjarnason, Eiríkur Gíslason, Jón Kolbeinsson, Jón Jónsson.

Hann dæmdur
við það mál
skilinn þó með
eiði sig ekki
undanfærði

Sömuleiðis komu fram vitnisburðir séra Ásgeirs af sóknarmönnum beggja hans kirkna, Tungu sóknarmanna útgefinn 1645 25. apríl að Tungu með átta manna handskriftuðum nöfnum en Fellskirkju sóknarmanna útgefinn að Felli sama ári og hinn annan sunnudag eftir páska með nöfnum undirskriftuðum 9 manna, báðir uppá prestsins síðu loflegir. Óskaði séra Einar Sigurðsson álits hvort séra Ásgeir væri ekki við hennar áburð og óhróður fyrir vottaða afturtöku og meðkenning þeirrar uppljóstunar frí án frekara undanfæris. Og virtist samansöfnuðum kennimönnum presturinn séra Ásgeir, að svo prófuðu og auglýstu sem nú framkom, við þetta hennar kærumál öldungis viðskilinn vegna hennar viljuglegrar meðkenningar þar hún ónýtir sína fyrri uppljóstun, gjörandi sjálfa sig ónýta og tvísaga, því bæði Guðs orð og *ordinantian* segir að ekki skuli aktast kærumál á móti öldungi nema í munni tveggja eða þriggja, miklu síður þá, þar eð hún sjálf ónýtir og afturtekur sín orð og ákæru.

Um ákæru Sesselju Árnadóttur til séra Ólafs Böðvarssonar

Sama stað og dag og undir sömu presta dóm, frá hvörjum sig skildi séra Jón Jónsson, séra Ólafur Böðvarsson, séra Grímur Bergsveinsson. Kom fram Sesselja Árnadóttir ákærandi séra Ólaf Böðvarsson um nokkra pósta er hún hélt sér og honum í milli farið hafa, meðal hvorra sumir höfðu sýnst

prófastinum og þeir flestir veraldlegum málaferlum tilheyra, hvörjum hann hafði frá sér undir veraldlegan dóm vikið. En þann sérdeilis undir prófastlegt álit að sér tekið þeirra í milli saman að draga er helst þótti snerta andlegra aðgjörðir, sem var uppá forsómun kennimannlegs embættis, heldur oftar en skyldi en skjaldnar. Virtist oss allar þær ákærur er séra Ólafur hafði um þeirra skuldaskipti og greiðslu í frammi haft í sjálfum sér undir hennar dómara fallin. En hvað viðvíkur atferðarhættinum er Sesselja framber séra Ólafur hefði sér stefnt inn í kirkjunni að Saurbæ sýnist oss viðkoma prestinum og *ordinantiunni*, og þess vegna undir prestadóm fallið þar prestur verður um þvílíkt áklagaður, þar *ordinantian* staðfestir kirknafrið og fyrirbýður að þing sé haldið að prestgarði, hvað miklu síður skyldi þá soddan tíðkast í sjálfri kirkjunni hvorki á helgum né rúmhelgum dögum.

Og með því að vér áminnum þá veraldlegu soddan ósóma þar inni að varast, afsegjandi þeim kirkjurnar til þingstaða er vér meðferðis höfum, þá viljum vér ekki prestinum hlýðast láta þvílíkan ósóma fram að fara og dæmum honum þar fyrir nú í fyrsta sinni, meðan það hefur ekki í þessu landi svo skýrlega undir dóm komið, þriggja aura sekt að greiða prófastinum í hönd til nota fátækum prestaekkjum, en áminnum hann og aðra þvílíkan ósið héðan í frá að forðast, undir hærri sektir. En um sáttarfofið uppá stefnu séra Ólafs, hvör í nokkrum greinum hafði samin verið þeirra í milli, hvörn sama Sesselja hélt af séra Ólafi brugðin, í því hann hefði ómaga nokkra að boðburð flytja látið frá sínum bæ til hennar, kunnum vér ekki séra Ólafi straff né sektir að dæma, því vér vitum ekki hans embætti það hlýða að lögryðja sérhvörjum ómaga fram yfir hreppstjórnar skikkun, haldandi soddan tilhlutanir þeim ei til lítillar forsómunar í sínu embætti. Kunnum því ekki þá orðsök fyrir full sáttarrof að meðtaka, en með því fleiri sáttarrof komu ekki fram af Sesselju á hendur séra Ólafi nú um sinn þótt leitað væri kunnum vér og ekki séra Ólafi að sinni neitt straff í ófullbevísuðu sáttrofi á hendur að segja.

Framar ákærði Sesselja til séra Ólafs forsómun kirkjuþjónustunnar nokkrum sinnum með þörfun embættisgjörðar. Hafði séra Jón Jónsson héraðs-prófasturinn eftir þeirri fyrri ákæru Sesselju um þetta efni, uppá hvörja hann fékk vísbending af biskupinum, riðið til Saurbæjar og aðspurt sóknarmennina hvað þeir vildu og mættu um prestsins forsómun, hegðun og breytni bera í lærdómi og lifnaði, og báru þeir honum góðan og fróman vitnisburð, er undirskrifaðir voru þeim vitnisburði er séra Jón nú framlas, *datum* 1642 15. maí. En bera þeirrar meiningar að þó nokkrir samkomudagar hafi mátt undan falla kenna þeir heldur sínum breyskleika og harðviðrum sveitarinnar en prestsins órákslu, samt áminntu biskup og prófastur prestinn sem helst og best að ástunda sitt kennimannlegt embætti og sem helst mögulegt er í því húsi sem þar er tilskikkað. En með því að Sesselja framleiddi öngva löglega bívísing þó hennar nú óskað væri uppá mótviljuga prestsins forsómun, þá kunnum vér hennar óprófuðum framburði í þetta sinn ekki að gegna. En vilji hún síðar

Presti sem
stefndi í
kirkju dæmd
þriggja aura
sekt

Prestur
sektast ei þó
ekki lögryðji
ómögum

Prestur
áminntur að
stunda sitt
embætti

meir skjallega vitnisburði hér uppá taka skuli hennar máli öngvaneginn forskotið. Sömu leiðis og ef Sesselja getur frekar bívísað um forlegging ónaúðsynlegra sóknarkirkjunnar skal því og með réttu gegnt verða. En þó hafði þessi hennar ákæra af prófastinum séra Jóni Jónssyni til bevísingar Sesselju nú að þessu alþingi tilsett verið, hvör nú kom ei fram. *Item* hafði sami framfarið á þau mál er andlegum tilheyrði að skoða og hingað til hafði framfarið þeirra í milli Sesselju og séra Ólafs að forlagi prófastsins séra Jóns Jónssonar, *datum* 1644 25. september, hvör sami hér framkom og lesinn var.

Framar átaldi Sesselja Árnadóttir séra Ólaf Böðvarsson um embættisleysi og forsómum nú í vetur eftir sáttagjörðina, fyrst frá bænadógunum í öndverðum október og til jóladags, þar næst pálmadag, skírdag og föstudaginn langa, *item* þriðja dag páska. Vændist séra Ólafur þar á móti forföllum og kallar prófastinn það með sér vita mundi og fleiri aðra dánumenn þar í nálægð, lofandi þar uppá fyllilega vitnisburði að taka, ef áherti, með handsölum. Og kunnum vér ekki annað en prestinn fyrir Guði og mönnum að afsaka eftir öllum sannreyndum forföllum, svo um þennan tíma sem annan, sem af Guðs hendi koma. En hvað viðvíkur þeirri seinni daganna forsömun kemur fram að á tveimur fyrsta og síðasta hafi í baðstofu lesið verið, en á tveimur meðaldögum hafi óveður ollað og Sesselja sjálf ekki til kirkju komið, og ef svo bevísast sem nú er framsett kunnum vér séra Ólafi öngvar stórsakir á þessu að dæma, heldur var hann enn á ný áminntur að vanda sitt embætti og vera ástundunar-samur þar inni, hvörju hann lofaði biskupinum með handsölum einnin að kappkosta nú að leiðrétta, hafi nokkuð hingað til þar um áfátt orðið. Sömu leiðis lofaði biskupinn að áminna Sesselju Árnadóttur uppá kristilegt, friðsamt og skikkanlegt ekkjúlífurni eftir Guðs boðorði fyrir postulann og athugi betur héðan af en hingað til hvað hún framber undir dóm án vitnisburða. Biðji einnin Guð um heilagan anda og rósamlegt geð, og viti þá heilags anda grein uppá sig nokkuð hafa er viðvarar sálusorgaranna andvörpun, því hún bætir oss ekki. Meðkenndu allir kennimenn þennan dóm ekki ofþyngja í neinu Sesselju og ekkert uppá hennar mál ofhermt vera, er biskupinn nú samþykkti ásamt prestunum er sín nöfn með honum hér undirskrifa Þingvöllum 1645 1. júlí.

Um hjónabands aðskilnaðarmál Páls Jónssonar og Salbjargar Pálsdóttur

Anno 1645 1. júlí að Þingvöllum almennilegri prestastefnu á alþingi voru þessir heiðurlgir kennimenn til dóms nefndir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, séra Jón Jónsson, séra Einar Sigurðsson, séra Halldór Daðason prófastar, séra Þórður Jónsson, séra Páll Björnsson, séra Finnur Jónsson, séra Þorlákur Bjarnason, séra Ólafur Böðvarsson, séra Grímur Bergsveinsson, séra Halldór Jónsson, séra Hallgrímur Pétursson, séra Álfur Jónsson, séra Jón

Jónsson, séra Halldór Marteinsson, séra Þorsteinn Tyrfingsson, séra Salómon Jónsson og séra Jón Ormsson, um hjónabandsaðskilnaðarmál Páls Jónssonar og Salbjargar Pálsdóttur, hvar á dómsálit hafði gengið að Hvammi í Hvammssveit *anno* 1640 30. maí, útnefnt af prófastinum séra Brynjólfi Bjarnasyni og sýslumanninum Jóni sáluga Magnússyni, hvörjum dómi skotið hafði verið inn fyrir biskupinn, það úr að ráða og um að álykta sem honum virtist réttast og best vera. Höfðu þeir dómsmenn þá svo álitnið að þeim virðist þau eftir vel þriggja ára sambúð aðskiljast eiga, sem sá dómur í sínum orðum og *articulum* sér líkast hermir, hvör nú er framborinn, sem prófasturinn nú biskupinum til alþingis sendi.

Óskaði biskupinn fyrst og fremst af nefndum kennimönnum dómsályktunar, hvort þeim virtist hann eða prófasturinn eða persónurnar er dómurinn á milli gekk hafa tilskyldast þann fororðsdóm til lykta að leiða og endilegan dóm uppá að fá, og stóð sjálfur upp úr dómssæti í því máli, en setti til umsjónarmanns þar yfir séra Jón Jónsson. Lagði hann þá sína afsökun inn í rétt fyrir dómsmennina að fyrsta áliti er hann innkom í landið 1639 hafði hann almennilega á Þingvöllum að prestastefnu það *synodale* með öðru látið útganga, að hér á Þingvöllum vildi hann og tilbyði sig öllum vandamálum sem honum væri bifalað yfir að segja gegna vegna góðra manna skipunar er hann þangað vænti, hvílk hvörgi annars staðar í stiktinu mundi saman koma. Lýsir hann og því að hann hafi sama *synodale* prófastinum séra Brynjólfi Bjarnasyni útskrifa látið og senda, sem var árinu fyrir en þessi héraðsdómur gekk. Hér með er öllum oss vitanlegt að í Dalasýslu þar sem málið tilféll og héraðsdómurinn gekk voru ekki þá né síðar verið hafa nema fimm prestar og prófasturinn sjötti búandi, svo þó biskupinn hefði viljað í *vistitatu* dóminn í héraði yfirskoða hefði þar ekki svo prestar tilfengist að prófastsdóm og presta þess héraðs hefði kunnað að leysa né binda. Hér að auki lýsir biskupinn því að hann hafi árlega hingað til alþingis komið og oftlega sig framboðið þeim málum að gegna er hans embætti viðkæmi, en alltið sig til reiðu léð sínu embætti eftir mætti að fullnægja í þessu efni.

Framar óskaði hann af nálægum prestum sanninda vitnisburðar, hvort nokkur þeirra hefði orðið fyrir hans forsómun svo búinn heim í hérað að ríða af alþingisprestastefnu. Hvar til almennilega var svarað af þeim 19 prestmönnum sem nálægir voru að enginn af sérhvörjum þessara hefði yfir biskupsins slíkri forsómun neitt að klaga, og ekki heldur heyrt þar af nokkrum öðrum yfir klagað, og þennan sinn vitnisburð handsöluðu þeir allir biskupinum. *Item* uppá þær afsakanir er biskupinn innlagði fyrir þennan dóm. Svöruðu dómendur að þeim virtist biskupinn afsakaður, þó ekki hafi fyrri aðgjört verið af biskupi í þessu máli, því vér vitum ekki lög, né heldur löglegra yfirvaldsmanna dæmi, að við hafi gengist að biskupinn eða lögmenn bæri sjálfir undir sína ályktun eða úrskurð þá dóma sem fyrir þá eru dæmdir heima í héraði og til kynningar og umþenkingar eru sendir, án þess að meðfylgjandi

Ófullkominn og
ólöglegur
undirbúningur
hjónabandsmáls

sé sú persóna sem málið á og endalyktar þykist viðþurfa, eður þeirra dóma yfirdómarar, þriðja kosti þeirra umboðsmenn. Því virðist oss að áklagandinn og sá er fyrir sök verður ásamt dómaranum hafi verið skyldugir forsómun- arlaust þessum ófullkomna fororðsdómi undir biskupsins ályktun að halda, persónulega eða fyrir löglegan umboðsmann.

Maður klagaður fyrir *impotentiam* Því næst athuguðum vér með biskupinum prófastsins dóm og tókum fyrst eftir því í sökinni sjálfri að dómtitillinn hermir að Salbjörg hafi það klagað til áðurnefnds Páls að hann væri óskikkanlegur til hjónabands samtengingar, eður *impotens*, segjandi það framkomið hafi í fyrstu í eið Salbjargar, hvörn hún sama dag svarið hafði með soddan inntaki fyrir Jóni Magnússyni, að hún hefði aldrei á ævi sinni haft holdlegt sambland með líkamlegri lostasemi við nokkurn mann lífs eða liðinn, hvör eiðsins orð vér bárum saman við áburð Salbjargar og virtist oss þau eiðsorð áburðinn ekki uppfylla né fullkomlega staðfesta, þar margar orðsakir megi millum hjóna falla hvar fyrir holdlegt samræði þeirra á milli undanfalli, þó ei valdi *impotentia* eða þess konar óskikk- anlegleiki til hjónabands samtengingar, sem er úlfúð og illt samlyndi í önd- verðu hjónabandi innfallið, samtök og fastmæli til *abstinentiam*, leiði hjóna- bandsins eður ógeð til persónunnar, og fylgir þó ekki strax að menn séu *impotentes* þó fyrir þessar og aðrar orðsakir samræðið hjóna á milli hjálfiði. Því vildum vér að eiðurinn hefði við áburðinn samhljóða orðið og með sömu orðum stílaður verið ef hann skyldi með hennar eiði styrkjast og staðfestast, og hvoru tveggja bæði eiður og áburður væri stílaður uppá orð lögmálsins, hvar undir málið félli, og þessi hennar eiður uppá *articulans* orð.

Manninum eiður dæmd- ur um sína karlmanns- burði Og með því oss virðist engin önnur persóna svo nærri geta eða ganga mega annars kröftum og burðum að slíkt undir sinn eiðstaf taka megi, nema sú ein sem í hlut á og vanmættinum er borin, kunnum vér ekki nú eið Sal- bjargar um burði Páls fullkomlegan að meta. Og dæmum því Pál Jónsson skyldugan sína burði og krafta um þann tíma fyrir og eftir nær við hana hefur átt að skipta eður annars, sem og síðan, með sínum eiði að auglýsa, eftir þeirri lýsingu er hann í vetur fyrir biskupinum gjörði, og segi þar hið fullasta og sannasta frá er hann veit fyrir Guði og má með æru, með því framkomu fyrir oss ærlegra manna vitnisburðir að hann ráðvandur og trúanlegur væri til orða og gjörða og framburðar, *dateraðir*, aðrir 1640 1. maí, Dritvík, hvar undir hefur skrifað Jón Magnússon að vér hyggjum, en aðrir skrifaðir á Ballará 1645 6. janúar, uppá hvörja vitnisburði nú var skrifað að framkomið hefði, og vinni þann eið fyrir sýslumanni Bjarna Péturssyni og hafi unnið innan næstkomandi Michelsmessu og sendi síðan skilvíslega eiðsins útskrift til undirréttingar til Skálholts. En eiðurinn sjálfur með málinu og öllum þeim gegna eiga komi til næstkomandi alþingis á prestastefnu. Því vegna þess Salbjörg vænist margföldum forföllum og vanefnum, hvör hún vill tjá og býður sig til að auglýsa í héraði en oss hulin eru, sem þó mega margvísleg vera, kunnum vér ekki endilegum dómi svo skyndilega að flýta fyrr en á þeim

forföllum er skjallæg grein gjörð fyrir sýslumanni þeirrar sýslu er nú er hún að lögheimili. Framar bjóðum vér henni að nálægjast og viðvera þá Páll vinnur sinn eð að hans lög-sóknarþingi, Hvammi í Hvammssveit, ef hún meinar sínu máli það nokkuð stöð mega. En stað og dag biðjum vér sýslumanninn Bjarna Pétursson henni að kunngjöra láta innan hæfilegs tíma eftir leiðarlengd, Páli og Salbjörgu. *Item* tilsegjum vér þeim enn í dómi að varast holdlegt samræði til ásetts tíma við annarlegar persónur, nema þau vilji illa vöxnu máli enn fyrir sér spilla.

Framar stóð í eiðstaf Salbjargar að hún hafi aldrei synjað Páli Jónssyni tilheyrilegra hjúskaparaðlota, þá hann hefur þess leitað, hvörja grein vér einn- in athuguðum og virtist oss hún í sínu gildi vera, en þó manninn ekki full- komlega við *impotentiam* binda, þar ekki er útskýrt hvort hans vanmáttur hefur því ollað eða hafi hann ekki frekar áleita viljað, hvar um hann mun gjörst vita og grein á gjöra kunna. Því sýnist oss eiðstafurinn allur ei svo fullkominn að ánægi áburðinum og málið til *impotentiae* falli, og dómurinn svo vítt sem á eiðnum byggður er ekki fullkomlega ástæðu til *impotentiam* hafa. Blífum þá enn við það álit sem fyrr er skrifað þar til mannsins sannindi hér um fyrir oss greiða. Frekar þykjunst vér ei þurfa að sinni um dómsins fullkomlegleika að álykta.

Samþykkti með oss þennan vorn dóm, svo mikið sem sjálfu málinu við- víkur, biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson, og nægist með það fyrir- faranda, og setti sitt nafn með vorum nöfnum hér undir, *anno, die et loco ut supra*.

Um Hítarness og Krossholts kirkjur

Anno 1645 1. júlí á Pingvöllum á almennilegri prestastefnu niðurtalaðist og lagfærðist svo um Hjörseyjar og Akra kirkju og þeirra kirkna sóknir, að sá *beneficiator* sem hefur veitingarbréf fyrir Hítarnesi skyldi þjóna báðum fyrr- skrifuðum kirkjum og sóknum ásamt og Krossholtskirkju með hennar sókn, sem og þeim öðrum sem yfirvaldið honum ann eða unnt hefur og hann sjálfur vill ei ljúflega af sér leggja. En af fyrrskrifuðum kirknakúgildum skyldi sá sami prestur í Hítarnesi hafa hálfar leigur árlega auk tíunda og annara tolla sem presti ber að hafa eftir *ordinantiunni*, hvörju heiðurlegir kennimenn séra Þórður Jónsson og séra Þorsteinn Tyrfingsson lofuðu og handsöluðu bisk- upinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni. Sömuleiðis lofuðu áðurnefndir kenni- menn svo mikið sem þá snertir að láta fyrir nefndum Hítarnespresti vera gjörðan greiða, nær hann síns embættis vegna á greindum kirkjum náttar, að auk áðurnefndra útláta. *Item* bað og bifalaði biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson séra Þórði Jónssyni að áminna alvarlega kirkjuverjara að Akra- kirkju að þeir fyrir sitt leyti léti öngvan brest vera í góðvild og greiða sem Hítarnesprestur meðþyrfti um áðurskrifaðar næturgistingar og annað áður-

Útalaðist að
Hítarnes-
prestur þjóni
Krossholts-
kirkju

nefnt tillag. Og þeir láti sig ekki síst þar til lokka þá blessan sem þeir daglega fornema í sinni líkamlegri handtæran ef þeir vilja annars hafa gott rykti og guðhræddra manna nafn og hluttakandi verða í þeim náðar fyrirheitum er Kristur hefur lofað þeim sem hans þénurum til góða gjöra.

Í annan máta skikkaði biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson séra Halldóri Marteinsyni sem þjónar Miklaholtskirkju fyrir *capellan* að hann skuli þar til þjóna Rauðamelskirkju og hennar sókn, og af greindri kirkju og sókninni hafa tilbærileg ríktigheit eftir *ordinantiunni*.

In nomine domini amen

Anno 1645 18. ágúst, að settri prestastefnu að Egilsstöðum í *visitatiu* biskupsins um Austfirðingafjórðung, voru þessir kennimenn samansafnaðir og til dómsatkvæðis kallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni og héraðsprófastinum séra Ólafi Einarssyni um þau tilfelli er álita þóttu verð í Múlaþingi og kirkjuvaldinu tilheyra eftir *ordinantiunni*, séra Eiríkur Ketilsson, séra Vigfús Árnason, séra Gissur Gíslason, séra Rögnvaldur Einarsson, séra Einar Þorvarðsson, séra Hallur Árnason, séra Þorvarður Árnason, séra Hávarður Sigurðsson, séra Sigurður Magnússon, séra Snjólfur Bjarnason, séra Guðmundur Jónsson, séra Eiríkur Ólafsson, séra Rögnvaldur Grímsson, séra Einar Jónsson, séra Eyjólfur Bjarnason, séra Ólafur Magnússon, séra Eiríkur Bjarnason, séra Guðmundur Ketilsson og séra Sigurður Árnason, prestar Skálholtsbiskupsdæmis.

1. **Um þá sem návistir halda með frillum sínum.** Kom fyrst fram sá almennilegur ósómi er víða gengst við í stiftinu að ýmsir menn halda búskap og návistir með frillum sínum og fylgjukonum, sumir giftir, sumir ógiftir, og svo þær í sama máta, en vilja ei áminntir aðgjöra þótt hneyksli og órykti fylgi og áleiki. Dæmum vér þar með fara skyldi eftir kónglegrar *maystets forordning* af prestunum, með áminningum, fyrst heimuglegum, þar næst í viðurvist tveggja eða þriggja, síðast almennilega. En vilji þau ei aðgjöra, séu útsett af fríheitum og kunngjört valdsmanni að skilja þau með veraldlegum atgjörðum. En ef fyrir þrjótsku vinna hvorki andlegra áminningar né veraldlegra þar hneykslanlegt rykti áliggur, sé eftir *forordningunni* haldið undir bannfæring.

2. **Um vínbrest.** Í annan máta kom fram um þann almennilega vínbrest er á þessu ári tilfellur, hefur dæmt verið að í soddan nauðsynjum skyldu prestarnir til heimuglegrar aflausnar meðtaka þá þar væri tilskikkaðir eftir *ordinantiunni*, slíkt hið sama til opinberlegrar þá sem að opinberum brotum verða kunnir með iðrandi hjarta vilja aftur snúa. En tilsegja hvörjum fyrir sig heilagt *sacramentum* þegar Guð gefur færi og föng á *elementunum*. En prestarnir gæti að þeim sem forsóma aflausnina eins og áður þar vínið fluttist og höndli þar um eins og við þá er hálfu ári lengur forsóma *sacramentið*. En það lítið sem eftir er af víninu sé sparað þeim sjúku, en hvör kirkja er meira hefur gagnist henni fyrir fullan bítaling.

3. Um hjón þau sem fyrir tímann samantaka haldist eftir *ordinantiunni*.

4. **Vegna *impotentiae*, maður dæmdur skilinn við konu sína eftir þriggja ára sambúð.** Í fjórða lagi var svo til hagað og ályktað um *impotentiae* brest sem fannst með Magnúsi Árnasyni, eftir áburði hans kvinnu Steinunnar Árnadóttur, að þau skyldu saman halda um næstu þriggja ára tíma, að sækja ráð um nokkur hjálpleg meðöl, hvör ef ei fást kunna, þá gjörist þar um eftir greindan tímafrest, eftir þeim vanalegum kóngs *articulum* sem biskup og prestar hafa sig áður eftir rétt í soddan tilfelli, en hún sverji fyrir veraldlegum dómi þann brest honum á hendur er hún framber, það framast við hana hefur framkomið, sem veraldlegur dómur dæmir, og að þeim eiði unnum, að hún fyrir hans *impotentiae* sakir sé fyrir honum ósnortin í þeim atvikum og atburðum er milli karlmanns og konu fara og til getnaðar heyra, þá dæmum vér hann fullkomlegan fundinn að *impotens* máli, setjum þeim fullkomlegan þriggja ára frest til samvista sem áður er skrifað. Viljum vér séra Þorvarður Árnason hans bróðir styrki til að Magnús haldi saman við hana. En Magnús og svo hvort þeirra um sig skal skyldugt að haga sér skikkanlega og varast samfarir við aðrar persónur fram til þess dómur gjörir frekari aðgjörðir á þeirra skilnaði, ef svo kemur.

5. **Um *sacramentis* forsómun.** Um Þorstein Magnússon er séra Snjólfur ákærir fyrir hneykslanlega forsómun heilags *sacramentis* viljandi ei áminntur aðgjöra hingað til. Skikkum vér undir opinbera aflausn, ef hann hennar tilbærilega leitar, fyrir þessa foröktun og það annað honum er bevísanlegt á hendi. Annars skal hans þingaprestur lýsa til opinberrar bannfæringar eftir því formi sem þar um er áður ályktað. En valdsmaðurinn skyldast bæði með áminningum og veraldlegum álögum við að leitast og nauðga honum þar inn að ganga vilji hann prestinum ekki hlýða, svo framt sem hann vill þar fyrir ekki klagadur vera.

6. **Fyrir höfuðsmann sett um undangenginn kirkjutoll.** Sjötta, lagði séra Eiríkur Ketilsson fram bréf biskups Sveins innsiglað um kirkjunnar eign í Vallanesi, hvar inni meðal annara orða svo stendur: *Item* eigur kirkjan eitt naustfóður árlega á Seljamýri. Síðan eru útskafin nokkur orð er oss sýndust svo lesast: og hundrað lamba afrétt í Mjóafirði. Óskaði séra Eiríkur ráða og atkvæða hvort hann skyldi því naustfóðri ekki undir kirkjuna halda, með því það er nú undangengið. Kunnum vér ekki biskupsins bréf ónýtt að gjöra, en með því kóngleg *maystet* bæði í *ordinantiunni* og öðrum *mandatis* lætur ásjást að hann vilji ekki undan kirkjunni ganga, heldur bifalar prestunum til að segja en lénsmönnum eftir að tala því réttilega er undangengið, þess og annars að klausturjörð á hér öðrumegin, setjum vér það mál inn fyrir höfuðsmanninn er hingað til lands verður með kónglegri befalningu skikkaður.

7. **Illuga Jónssonar *restitution* hindraðist vegna höfuðsmanns úrskurðar.** Kom fram Illugi Jónsson óskandi viðréttingar á sínum efnum, þar hann er frá galdramáli frí dæmdur 1633 1. júlí, eftir því sú útskrift sér líkast

Tillag presta,
Illuga til
uppheldis

hermir er hann nú frambar undirskrifaða af Páli Gíslasyni og mörgum öðrum góðum mönnum, viljandi nú fyrir vorum dómi prestlegu embætti aftur ná. En með því biskupinum og öðrum góðum mönnum hér samankomnum var kunn-
gjört að höfuðsmanns úrskurður mundi móti hans embætti fyrirleggja, yfir hvörjum vér eigum ekki að segja, dæmdum vér fyrrskrifað efni undir rannsak þeirrar þingbókar og höfuðsmanns úrskurð, hvort hann svo strengilega og öldungis embættið af honum skipar eður alleinasta frá þeim stað er áður þénaði hann í prestlegu embætti. Falli sá úrskurður hans viðrétting öldungis á móti virðist oss undan vorri lögsögn og komið til háyfirvalds náða. En af góðfúsum vilja hafa prestarnir honum til uppheldis lagt þessa *collationem* og lofað nú í haust að útgreiðast skuli, biskupinn af hálfu Breiðavaði hálfvætt smjör, séra Ólafur Einarsson tillætur, séra Eiríkur í Vallanesi lofar hálfvætt smjör, séra Vigfús Árnason á Hofi lofar 10 aura virði á Langanesi, séra Einar á Valþjófsstað lofar 20 álnum, séra Rögnvaldur á Hólum 10 álnum, lofar séra Vigfús Árnason út að svara, séra Sigurður á Skorastað 15 álnum, svarar séra Vigfús Árnason, séra Ólafur Einarsson 20 álnum, séra Ólafur á Refstað tíu álnum, séra Þorvarður á Klifstað 10 álnum, séra Hávarður 10 álnum, útsvarar séra Ólafur á Refstað, séra Sigurður á Hjaltastað 10 álnum, séra Eyjólfur Bjarnason 10 álnum, séra Eiríkur Bjarnason 10 álnum, séra Gissur Gíslason afgreiddi 15 álnir, séra Hallur Árnason lagði hálfan dal.

8. **Um Desjarmýrar ítak undir Ölduhamri.** *Item* bar séra Hávarður undir dóm að kirkjan á Desjarmýri ætti fiskivist undir Ölduhamri eftir hljóðan hennar máldaga og óskar réttilegs skilnings uppá sömu ítöku áðurgreinds máldaga, hvort kirkjan ætti þar fiskivist fyrir einn bát eður fleiri. Ályktuðum vér að eftir stærð þess skála er kirkjan hefur að fornu og nýju haft í því landi skyldi 1 setjast mega. *Item* hvort hann megi ekki skera torf til skála síns, hjalls eða króar þar sem ekki eru slægjur, gjörðum vér honum þar frelsi til eftir rétttri þörf og nauðsynlegum umbúningi síns andvirkis hans og hans formanna brúkun til að halda uppi þeim fornu tóttum, en ekki út að færa né nýjar upp að byggja.

Um Tumas og Gyriði hljóða *articularnir*.

9. **Börn skírist ekki nauðsynjalaust annars staðar en að kirkjum.** Um nauðsynjalausa foröktun börn að skíra að kirkju, en heimting prests heim í kofa og ótérlega samastaði, tókum vér af þann vana í allan máta, skikkum eftir handbókarinnar hljóðan þau skírist að kirkju þar sem hvorki hindrar þeirra eigin veikleiki og ei heldur stríð veðrátta né stórar torfæru, að það heilaga skírnarembætti komi ekki í of mikið andvirði eður fyrirritning fyrir slíka óskikkan almúgans og eftirmæli prestanna, sem vanalegt er í öllum öðrum landsins fjórðungum og öðrum kóns *maystets* löndum og ríkjum.

10. **Um *restantser* kirknanna dæmist af prófasti þá prestur sækir prest.** Um *restantser* kirknanna af *visitatiu* bókinni dæmum vér að þar prestur á prest að sækja dæmist fyrir prófasti sem *ordinantian* skipar um gjaldsakis.

En leikmenn séu sóttir fyrir veraldlegum dómum og skal hvör eiga við sinn sala eftir lögum eður hans erfingi að honum fráfallnum.

11. **Messukaup presta dæmt 12 álnum.** Messukaup prests kunnum vér eigi að forminnka úr því sem af gamalli tíð hefur skikkað verið 12 álnum messu, nema prestur vilji betur gjöra. Sömuleiðis vitum vér hvörgi frí gefið í *ordinantiunni* að legkaup skuli ei gjaldast sem að fornu er skikkað í kristinrétti en fyrirboðið í *ordinantiunni* að brjóta kirkjunnar gólf, hvað vér skiljum eftir dönsku orði gólf að vera allan kirkjugarðinn, nema með forlíkun. *Item* kóng *maystets* bréf skikkar að gjaldast skuli kirkjum og kennimönnum venjulegir tollar sem að fornu hefur verið með þessum orðum: Ekki að síður viljum vér að bændur og allur almúgi í Skálholtsumdæmi skuli hér eftir svo sem til forna gefa þeirra sóknarprestum sinn heytoll og legkaup, og fyrir líksöng svo sem áður og að gömlu hefur verið.

12. **Máldagar kirkna nýtir.** Allir þeir máldagar er samhljóða Skálholtskirkju máldögum og á kirkjum liggja höldum vér nýta og mynduga. En önnur innsiglalaus bréf gömul höldum vér dóms og laga verð.

13. Lofaði séra Ólafur Einarsson í borgun að ganga fyrir séra Eirík Halls-son um eitt kúgildi. Séra Eiríkur Ketilsson gekk í borgun fyrir hann um eitt kúgildi. En þar efasamt væri um borgun nálægra presta óskaði biskup af prófastinum sinna vegna umsjón yfir að hafa.

Samþykkti alla áðurskrifaða *articula* biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson og setti sína handskrift með vorum handskriftum hér undir að Egilsstöðum, *anno, die et loco ut supra*.

Synodalia anni 1646 Um mál Porkels og Aldísar

Anno 1646 2. maí að Bakkárholti í Ölvesi, að settri héraðsprestastefnu og í það sinni settu manntalsþingi af sýslumanni í nefndum stað, voru þessir heiðurlegir kennimenn, séra Halldór Daðason prófastur í Árnessýslu, séra Finnur Jónsson kirkjuprestur í Skálholti, séra Vigfús Oddsson, séra Álfur Jónsson, séra Jón Gunnlaugsson, séra Gottskálf Oddsson, séra Sigurður Jónsson, séra Erasmus Pálsson, séra Guðmundur Bjarnason, prestar Skálholtsstiktis, til dómsálita kallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni að skoða, rannsaka og fullnaðardómsatkvæði á að leggja eftir *ordinantiunni* og kirkjulögnum, en allra helst Guðs orði, hvörsu höndlast skyldi um aflausn og kristileg friheit Porkels Torfasonar, hvör fyrir tveimur árum liðnum hafði borinn verið hórdómsmáli af Jódísi Þórðardóttur, hvör að barneign varð uppvis, og hafði Porkatli fyrir þann hennar áburð eiður dæmdur verið og honum fallist svo allt hingað til hefur ekki framkomið. Hafði Porkell Torfason af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni aðgjörða óskað og

Um aflausn
þess manns
sem borinn
var hór-
dómsmáli og
féll á eiðnum

Citeraður
kom ekki

úrlausnar á sínum kristilegum fríheitum, sín og sinnar kvinnu Aldísar Jónsdóttur, hvör og einnir hefur fyrir utan staðið um langan tíma og almennilega af sínum presti ekki þjónustað verið fram yfir tvö ár, sem hann nú sjálfur fyrir oss auglýsti. Hafði biskupinn bréflega *citerað* og kallað þau bæði Þorkel og Aldísi undir þann dóm sem kennivaldinu bæri hér útí af að segja, að þau hvort um sig kæmi til viðurmælis í þennan stað og dag. Var það bréf útgefið Skálholti 20. apríl 1646, en upplestið að heimili þeirra hjónanna 27. apríl sama árs, svo mikið sem Þorkeli viðvíkur, og handskrifað að lesið væri svo þau mætti bæði heyra og skilja, af Hannesi Helgasyni og Álfí Gíslasyni lögréttumönnum. *Item* framvegis handskrifað af Hafliða Jónssyni, Ólafi Sæfínssyni, Jóni Hálfðanarsyni. Athuguðu nú prestarnir þessa *citatiu* og virtist hún þeim eftir kirkjunnar aðferð lögleg, og Þorkell Torfason ásamt Aldísi Jónsdóttur löglega fyrirkölluð.

Citatiu
andlegra ef
ei er gegnt

Gekk biskupinn með prófastinum séra Halldóri og séra Finni Jónssyni á manntalsþingið, krafðist og beiddist þar Þorkels Torfasonar sín eður sinnar kvinnu vegna, eður hans andsvars- og umboðsmanns í heyrn sýslumannsins og annara þeirra frómra manna er þar voru samankomnir. En hvorki kom hann þar fram né neinn af hans hendi sem hans svari þættist eiga uppi að halda. Því setjum vér inn fyrir veraldlegt yfirvald hvörs hann skuli fyrir þessa forsömun sektugur vera og hvort kennivaldið skyldi öngvan rétt á því eiga, þegar þeir væri af leikmönnum síns embættis vegna kvaddir að greiða úr andlegum málum þeirra, gjörandi þeim stórt ómak og kostnað, en mæta síðan sjálfir ekki til sinna eigin mála. Yfirveguðum vér framfarna dóma og aðgjörðir veraldlegs valds í máli Þorkels, hvörjar nú komu fram af þingbók sýslumannsins Vigfúsar Gíslasonar, og athuguðum hvör lot að lægi til hans fríheita af veraldlegum *process*. Sömuleiðis vitnisburði og svarna eiða uppá misþyrmingar sem Jódís Þórðardóttir hefur liðið fyrir barnsfæðinguna og eftir á sænginni. Þó ekki hafi allir svo freklega borið sem áburður Jódísar hljóðar þá sýnast þeir þó með líkindum tilhæfið sanna, svo mikið að opinberlegt hneyksli sé gefið í söfnuðinum. En þær vitnisburða útskriftir og meðkenning Aldísar er biskupinn auglýsti, sem þeim hjónum Þorkeli og hans kvinnu til afbötunar, kunnum vér ekki að sjá að aftur bæri framburð Jódísar eður vændu lygi, heldur alleinasta að þeir beri sig það ekki allt séð hafa sem í áburðinum innifelst, svo hvort tveggja mætti satt vera, að allt hafi skeð en þeir hafi þó ei allt séð. En á því sem frekar er framborið en svarið og vitnað er hefur undanfæri dæmt verið og ekki framkomið, og þar uppá sektir dæmdar, en hann fallinn að eiði. Kom og fram í þeim síðara dómi að hann hefði þar lítt viðleitast. Sömuleiðis kom fram fyrir oss þingmanna vitnisburður Jódísar og virtist þeim hún til framburðar eftirtakanleg svo eiður fyrirdæmdist. Framar aðspurði biskupinn þessa þingmenn opinberlega hvort nokkur væri enn þeirrar samvitsku eið með Þorkatli að sanna ef honum af yfirvaldinu leyfast mætti sína samvitsku með eiði að fría frá hórdómsverki. En enginn kom fram sem því játaði en allmargir þeir sem

afsögðu í sýslumannsins og dánumanna heyrn og viðurvist. Það og eitt að séra Jón Daðason framber að hvorugt þeirra hjóna muni sinnar aflausnar og fríheita um hálft ár eða lengur hjá sér leitað hafa, hvörs háttar mönnum *ordinantian* skikkar opinbera aflausn, sem og allra helst öllum Guðs orða forökturum. Postulinn til Hebrea 10 tekur harðlega á þeim sem blóðið testamentisins foraktar og *ordinantian* bifalar að opinberlegir lestir skuli opinberlega afleysast, hvörs háttar vér ályktum að sé bæði forsómun *sacramentisins* og ómannleg og ókristileg höndlun við sængurkonuna. Hér með kunnum vér ekki að sjá Þorkel Torfasón frían frá hórdómsáburðinum, þar honum hefur eiður fallist og bætur dæmdar verið og þær sjálfur samþykkt, þar með enn nú ei svo vel ryktaður að þingmenn vildu eið með honum til frúnar sanna.

Peir sem hálft ár forsóma *sacramentið* afleysist opinberlega

Virðist oss því söfnuðurinn og kristileg kirkja halda Þorkel heldur sakaðan en saklausan í greindu máli, það mönnum er mögulegt vita og eftir að grennslast. En kunnum ekki hans eigin orð og afsökun framar að meta en álit kristilegrar kirkju, þar oss sýnist lot og líkindi hér heldur aðherða en leyfa uppá síðu Þorkels, þar hann hefur sjálfur samið honum tildráttur að neita og sig að afsaka, en henni engum giftum manni á sig að ljúga, þar hún sjálf viljug leggur og annan út sem með sig haft hafi. Og ber svo báða verknaðinum en annan hvorn barninu. Þar með virðist oss Aldísi Jónsdóttur hans eigin-kvinnu ekki grunlaust né tilgangslaust verið hafa að vandlæta um sinn mann í sinni ábúð við Jódísi, hvör líklegt er að vitað hafi hvörju fram hafi farið á sínum bæ um þeirra viðskipti.

Þorkell sekur haldinn *propter circumstantias* málsins og líkinda

Þar fyrir að svo prófuðu og fyrir oss komnu dæmum vér fyrskrifaðir kennimenn þau bæði hjón Þorkel og Aldísi skyldug að ganga til hlýðni við Guð og kristilega kirkju, og taka opinbera aflausn sérhvort fyrir þau brot og hneyksli sem þeim á hendur borist hafa og þau ekki hafa með lögum eftir dómi undanfærst, heldur bætur og gjöld fyrir samþykkt þau öll sem eftir *ordinantiunni* eru opinberrar aflausnar verð, og þar á ofan fyrir forsómun á eftirleitni við *sacramentið*, nema þau vilji eftir kónglegrar *maystets forordning* við sig höndla láta.

Þorkeli og Aldísi dæmd opinber aflausn

Samþykkti þennan vorn dóm með oss fyrskrifuðum prestum biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson og setti sitt nafn og handskrift oss ásamt hér undir til fullkomlegrar staðfestu uppá allt áðurskrifað, *actum die et loco ut supra*.

Annars ef ei vilja til hýðingar ganga, sé við þau höndlað eftir *forordningu*

Dómurinn Þorkeli birtur

Anno 1646 þann 4. maí var þessi fyrskrifaður dómur upplesinn fyrir Þorkeli Torfasyni og hann aðspurður enn á ný hvort hann hefði neina aðra vörn en áður væri framkomin, utan hann bar fram eið einnar konu að nafni Guðrúnar Jónsdóttur sem þeirrar meiningar sem hún mundi þar frekar áherða, að ósannindi væri að Aldís hefði rykkt Jódísi fram úr baðstofunni. En með því að það var ekki nema sögusögn Þorkels alleina kunnum vér þar öngvaneginn eftir að

taka og blífum því í öllum pörtum við vorn dóm í herrans nafni. Til sanninda hér um setjum vér enn aftur vorar handskriftir hér undir að Bakkárholti *ut supra*.

Um prestlega þjónustu í Þorlákshöfn um vertíðina

Anno 1646 4. maí á Bakkárholti í Ölvesi að settri héraðsprestastefnu þessir heiðurlegir kennimenn til álita kallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, séra Halldór Daðason prófastur í Árnessýslu, séra Finnur Jónsson Skálholtsdómkirkjuprestur, séra Erasmus Pálsson, séra Salómon Jónsson, séra Guðmundur Bjarnason, séra Eiríkur Stefánsson, séra Jón Gunnlaugsson, séra Álfur Jónsson, séra Sigurður Jónsson, um það mál er séra Jón Daðason hafði framborið, sem var hvort það vertíðarfólk sem væri í Þorlákshöfn um vetrarvertíð, sem er frá kyndilmessu og til tveggjapostulamessu, og aðkemur úr ýmsum sveitum, skyldi ekki um vertíðartímann haldast og reiknast fyrir sóknarfólk þess prests sem í Þorlákshöfn löglega tilsettur verður, kennimannlega þjónustu að gjöra á þeim dögum sem hann fær viðkomið, um fyrrskrifaðan tíma Guðs orð að predika og *sacramentinu* að útdeila þar, vegna vegalengdar frá Hjallakirkju og fólksfjölda sem þangað safnast. Og sá kennimaður sem þessa þjónustu eftir löglegri bifalningu gjörir vera þeirra löglegur kennimaður og sóknarprestur um þann tíma. Vitum vér þar fulla nauðsyn til vera að um þann tíma sé í Þorlákshöfn þjónustugjörðin um vertíðartímann framin. En þeim óleyfilegt sem þar eru um allan vertíðartímann þjónustugjörðina að forsóma, en ómögulegt í hvörn tíma til Hjallakirkju að komast. Virtist oss einninn sá staður þeirra lögheimili um vertíðartímann sem þeir verða skipráðnir, í sérhvorri veiðistöðu, og þar fyrir þeir allir þar heimilismenn á meðan vertíðin stendur, og rétta sóknarmenn þess prests sem þar á með skyldu þjónustugjörðina að framkvæma og hann þeirra réttur sóknarprestur meðan sú lögvist og vertíðartími yfirstendur.

Vertíðarmanna
heimili er þar
sem þeir eru
skipráðnir um
vertíðina

Þorlákshafnar-
kirkja dæmd
sóknarkirkja
þeirra
sem róa í
Þorlákshöfn
um vertíðina

Þar fyrir dæmdum vér vertíðarfólkið í Þorlákshöfn fullkomlega vera og vera eiga rétta sóknarmenn þess kennimanns sem löglega verður skrifaður að þjóna Hjallakirkju og hann þeirra fullkomlegan og löglegan sóknarprest í allri kennimannlegri þjónustu og myndugleika. En vegna vegalengdar við Hjallakirkju dæmdum vér hálfkirkjuna í Þorlákshöfn vera og vera eiga þessara manna sóknarkirkju um allan fyrrskrifaðan tíma, og þá skylduga vera hana að sækja öllum þeim tímum sem kennimannlegt embætti verður þar framflutt, sem sína rétta og löglega sóknarkirkju, svo þeir þar Guðs orð heyri og *sacramentið* þegar nauðsyn krefur meðtaki. Sýnist oss réttast að kirkjan sé forþenkt að hafa til reiðu vín og bakstur, svo vel ánægist, en með því sú hálfkirkja er næsta fátæk og fær því öngvaneginn afkastað af sínum eigin fémunum, þá virðist oss henni sjást eiga fullnaðarborgun fyrir þann kostnað af hlutum þeirra sem þar róa, hvort sem sjálfir eiga eður aðrir. Virðist oss það ekki minna

vera mega en einn gildur fiskur af hvörjum mannshlut og sé afgreiddur að vertíðarlokum. En kirkjubóndinn í Þorlákshöfn skyldugur þessa fiska að meðtaka og varðveita til réttis reikningsskapar kirkjunni og Guðs þjónustugjörð til ærlegs uppheldis og uppbyggingar svo hún megi laus og liðug frá annarlegri varðveitslu embættinu þjóna. Prestinum einninn fyrir sitt ómak annan jafngildan fisk að sömu greiðslum af sérhvörs manns hlut. Biðjum vér kóng *maystets* fullkomlegan fógita erligan velvísan mann Jens Söffrensen þennan vom dóm Guðs orðs og kirkjuþjónustunnar framkvæmdar vegna að samþykkja, hvörn nú með oss samþykkti biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson og setti sitt nafn og handskrift ásamt oss fyrrskrifuðum prestum hér undir til fullkomlegrar staðfestu uppá allt fyrrskrifað. *Actum Bakkárholti ut supra*.¹

Þorlákshafnarkirkju
leggist einn
fiskur af
hvörjum
mannshlut

Prestinum
sem þar
embættar
eins mikið

In nomine domini

Anno 1646 þann 29. júní að almennilegri prestastefnu að Þingvöllum voru þessir heiðurlegir kennimenn, séra Snæbjörn Stefánsson prófastur í Rangárfingi, séra Halldór Daðason prófastur í Árnesþingi, séra Páll Bjarnason, séra Finnur Jónsson, séra Magnús Jónsson, séra Jón Daðason, séra Vigfús Oddsson, séra Jón Ólafsson, séra Álfur Jónsson, séra Jón Jónsson, séra Engilbrikt Nikulásson, séra Halldór Marteinsson, séra Hallgrímur Pétursson, prestar Skálholtstíktis, til dóms kallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni um þau mál og sakir sem nú á þessari prestastefnu framkomu allvíða úr stíktinu.

Fyrst bar biskupinn fram að forlagi kóns *maystets* fóvita Jens Söffrensonar hvað réttast og skikkanlegast væri að halda um prestanna *disciplin* og *correction* nær þeir forsjá sig í legorðsmálum, fyrst frillulífi. Athuguðum vér kóng *maystets recess*, útgenginn 1643, *liber* 1, *articula* 32, hvar svo stendur: Udi lige måde mister og den præst sit kald, hvis hustru føder fuldkommet barn og der med kommer før den tid en kristelig dannekvinde bør at gøre. Hvar af að sjá er, ef sá prestur sem fyrir tímann samræðist sinni eiginkvinnu skal afsetjast kallinu, þá muni ei síður sá sem fellur í frillulífi og lausung með annarlegri með þvílíku móti straffast, en hingað til ýmislega tilgengið hér í landi um þá *suspensionem*. Af gömlum vana heyrum vér svo tilgengið hafa að þrjá sunnudaga fyrir utan embættið staðið hafa, hvað oss virðist of lítið. En nokkuð þessa lands háttalagi hart gengið ef án allrar náðar skyldu kallinu afsetjast. Því virðist oss hentugast að hvör prestur sem með frillulífi sig forsér standi utan embættis 12 vikur, tvöfalt móts við útistöður ektakvenna eftir barnsburð. Og með því þá endi sá tími sem kallan skal ske eftir *ordinantiunni* sýnist mikið undir prófestsins og sóknarinnar vitnisburði og bænastað komið, hvort lið þeim presti innan ákveðins tíma köllunarinnar leggja vill, þó með biskupsins athugasemi að það ske ekki fyrir annarlegan hégómatilgang, en

Um leg-
orðsmál
presta

1 Sjá bréf biskups um sama málefni á bls. 429.

gáfur og góða skikkun þess prests sem í þann máta verður fyrir kóngsvaldið eður annan *patronem* með *suplicatiu* og bænastað *commenderaður*, og að því rélega undangengnu og athuguðu viljum vér ekki afsníða þeim er veita á sinn myndugleika, svo í miskunn sem réttlæti að tempra, svo að þá megi lénsmannt eða *patronus* með biskupsins ráði að þessu undangengnu þann prest til sama kalls aftur náða. Annars virðist oss af strangasta rétti hann frá því kalli fallinn.

Í annan máta um hórdóm höfum vér vitað þriggja ára afsetning viðlagða. En oss virðist þar heldur náð en réttur framkomið hafa, kunnum því oss þar af öngva reglu setja að svo skuli tilganga, og ekki án hæstu orðsaka og nauðsynja þvílík stórhneyksli í kennidóminum líðast. *Actum Þingvöllum ut supra.*

Um Jón Jónsson og Jón Brandsson

Um óeining
millum prests
og sóknar-
manns. *Vide
infra, fol. 121
seqv.*

Anno 1646 29. júní á Þingvöllum kom Jón Jónsson fram með sitt mál við séra Jón Brandsson. Fyrst, að hann áfrýjar um sína þörfun á heilögu *sacramenti* síðan í fyrrasumar fyrir alþing til þessa, sérdeilis þess vegna að sá seðill er frá þingaprestinum ber að fylgja þingsóknarmanni sérhvorjum, sem úr annari sókn fer í aðra, vegna nokkrar kælu og rígs er Jóns og prestsins hefur nokkra stund á milli farið, út af sáttarleiton vegna Guðmundar Jónssonar til Jóns. Virtist prestunum með biskupinum að séra Jón skyldi þann seðil Jóns í té láta sem hann mætti með góðri samvitsku gefa og skyldi séra Halldór Marteinsson vegna nauðsynja Jóns og hans sturlunargeðs leita þessa seðils hjá séra Jóni og meðtaka, og sér þar eftir skikki sem tilber, svo framt sem Jón er ei neinum opinberum sökum vafinn, að hér á mætti friðsamlegur endir gjörast ef mögulegt er. En hvað hinu þeirra máli um sáttarleiton Guðmundar viðvíkur setur biskupinn til héraðsprestastefnu í næstu *visitatiu*, með því séra Jón er nú ekki nálægur og tjáir berlega sín forföll, hvört þeir báðir séra Jón Brandsson og Jón Jónsson skulu koma sérhvor með þau gögn og vitni sem þeirra máli stoðar, á þann stað og dag sem þeim verður síðar meir til sagt, af hentugleikum. Þingvöllum *ut supra.*

Um mál Ásgríms Þorsteinssonar og Sigurðar Oddssonar

Contract
millum séra
Sigurðar
Oddssonar
og Ásgríms
Þorsteins-
sonar

Anno 1646 30. júní prestar samankallaðir að Þingvöllum almennilegri presta-stefnu af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni um mál Ásgríms Þorsteinssonar og séra Sigurðar Oddssonar, sem hingað var kallað, hvörju svo er varið að Ásgrímur hafði framborið að hann hefði lánað séra Sigurði Oddssyni 60 ríxdali af arfi Ingibjargar Hjálmsdóttur sem honum hafði tilfallið, hvör Ingibjörg lengi hafði í Skálholti verið og mestalla peninga þar uppdregið, einninn þar til ellidaga sinn aldur útlifað. Þessa 60 dali segist Ásgrímur séra Sigurði lánað hafa, en séra Sigurður Oddsson afsegir sig þá í láns nafni með-

tekið hafa, heldur í skuld og gjald eftir Ingibjörgu, með því hún hafi veik og vanfær framfærð verið í Skálholti í sinni elli, sérdeilis í þau seinustu tíu ár. Samdist svo og sættist í milli séra Sigurðar Oddssonar og séra Ásgríms Þorsteinssonar, fyrir meðalgöngu biskupsins og frómra kennimanna, að séra Sigurður Oddsson lofaði og undirbast að greiða Ásgrími Þorsteinssyni enn 5 hundruð í þeim peningum er séra Sigurði væri bagalaust úti að láta og Ásgrími væri til uppheldis, þó í fullum aukum. En séra Sigurður snúist að bræðrum sínum ef hann hér um vill við þá reiknast. Hér með gefur Ásgrímur Þorsteinsson séra Sigurði Oddssyni og hans erfingja kvittan og ákærulausan fyrir sér og sínum erfingjum, bæði um arf eftir Ingibjörgu og svo þetta dalagjald öldungis og í allan máta, og þar uppá hafði hann handsöl við séra Sigurð og svo á báðar síður. Fór þetta fram með ráði biskupsins og þeirra frómra kennimanna er sínar handskriftir ásamt séra Sigurði hér undir setja til fyllilegri staðfestu uppá fyrrskrifað, Þingvöllum *ut supra*.

Um Guðrúnu og Þorbjörn

Anno 1646 30. júní. Þessir heiðurlegir kennimenn til dóms nefndir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, séra Snæbjörn Stefánsson prófastur í Rangárþingi, séra Jón Jónsson prófastur í Þverárþingi fyrir sunnan Hvítá, séra Halldór Daðason prófastur í Árnessýslu, séra Páll Björnsson, séra Magnús Jónsson, séra Jón Daðason, séra Jón Ólafsson, séra Grímur Bergsveinsson, séra Álfur Jónsson, séra Halldór Marteinsson, prestar Skálholtstiftis, fyrst um það mál sem séra Páll Björnsson frambar vegna Eggerts Björnssonar, sem er að ein kvenpersóna við nafn Guðrún Jónsdóttir hafi keypt verið af manni Þorbirni að nafni með samþykki giftingarmannsins í viðurvist prestsins séra Jóns Pálssonar. Síðan hafi ekki meira aðgjört verið þeirra á milli, en hún opinber orðin að barneign, hvört hún Þorbirni kennt hefur og þar uppá aflausn tekið af séra Ásgeiri Einarssyni. Maðurinn burthlaupinn og eigi uppspurð í 9 ár eftir framburði séra Páls Björnssonar. Nú biður hennar annar maður að nafni Jón Jónsson og óskar að láta álíta hvort þeirra ráðahagur megi ekki takast fyrir þess fyrra kaups sakir.

Hjónabandsmál

Um mann
sem burthljóp
eftir kaup

Athuguðum vér kónglegrar *maystets articula* um *desertionem*, hvort þeirra ráðahagur megi ekki takast fyrir þess fyrra kaups sakir. Athuguðum vér kóng *maystets articula* um *desertionem*, hvört þetta mál sýnist helst hníga að þessu sem fyrrskrifað er prófuðu, þó ekki hafi fullkomlegt hjónaband framfarið. Skikkar *articulinn* að sú persóna sem forlátin er skuli bíða eftir hinni annari í þrjú ár í minnsta lagi, nema sú persóna sem burtfer leggist með nokkri annari. Síðan þá þau þrjú ár eru afhlaupin skuli sú forlátna persóna stefna hinni fyrst til héraðspings og síðan til landspings, og færi það bívísað til *consistorium*. Þar næst skuli hún hafa sinn vitnisburð skrifaðan af sínum sóknarpresti, sömuleiðis sinn vitnisburð af sínu sóknarfólki sem skuli takast á þingi, að sú

önnur persónan hafi burt verið í þrjú ár og að sú forlátna persóna hafi þar í milli lifað og haldið sig ærlega og vel, og ekki gefið þeirri persónu sem burt er farin skjállega orðsök þar til. Nær þetta allt saman sé löglega bívísað þá megi þeirri forlátnu persónu leyfast að gifta sig aftur. Fyrst virðist oss athugandi um barneignina að sá sé sannur faðir sem hún lýst hefur og presturinn hafi í öllu rélega með aflausnina farið, svo annars verði enginn vandi á fyrir þessarar barneignar sakir, því þar bar aflausninni fram að koma sem brotið var skeð, og síðan í öllu að *procedera* eftir *articulanum* um vitnisburðatöku og þeirra seinni ráðahag.

Um Pál Jónsson og Salbjörgu Pálsdóttur

Um impotentie
mál

Sama stað og dag kallaði biskupinn undir dóm mál Páls Jónssonar og Salbjargar Pálsdóttur, hvört í fyrra á alþingi hafði til þessarar prestastefnu dæmt verið, og þau bæði Páll og Salbjörg þá hingað dæmd uppá þetta þeirra hjónabandsmál. Var Páll nú hér fyrir vorum dómi. Salbjörg hafði kölluð verið af prófastinum séra Guðmundi Einarssyni til þessarar prestastefnu, en kom ekki, eigi svar hennar né umboðsmaður, það málinu viðvíkur, þó hennar eða hennar umboðsmanns væri í lögréttu almennilega krafið. Dæmdum vér Salbjörgu réttilega fyrirkallaða, þar hún dæmd og boðuð var til þessarar prestastefnu. Virðist oss hún sektast eiga fyrir forsómun og stefnufall, með því engin skjálleg forföll komu nú fram af hennar hendi, og beiðustum þar á réttar af hennar valdsmanni, kónglegrar *maystets* og hans embættis vegna. Samt og áður athuguðum vér málið og tókum það fyrir vorn dóm.

Citatu and-
legra ef ei er
gegnit

Kom nú fram eiður Páls Jónssonar er honum var dæmdur í fyrra á Þingvöllum, unninn *anno* 1646 30. maí að Hvammi á manntalsþingi, tekinn af valdsmanni Dalasýslu Bjarna Péturssyni, hvör eiðstafur svo var hljóðandi sem hér greinir: Til þess legg eg Páll Jónsson hönd á helga bók og það segi eg Guði almáttugum, að eg hefi aldrei kunnað annað að formerkja en eg hafi með allri karlmannsnáttúru, eðli og kröftum verið til holdlegs samræðis allt fram að hjónabandstímanum og líka þegar eg var fráverandi Salbjörgu Pálsdóttur, svo vel og nú þann þriggja ára tíma sem við saman vorum sem endranær, nema þá alleinasta er eg vildi við nefnda Salbjörgu líkamlegt samræði fremja, eftir því sem minn framburður fyrir biskupinum Brynjólfi Sveinssyni um þetta efni hljóðar, og að svo stöfuðum eiði sé mér Guð hollur sem eg satt segi, gramur ef eg lýg. Þessi eiður var með undirskriftum Bjarna Péturssonar og Péturs Einarssonar að orðrétt *coperaður* væri eftir þingbókinni.

Því að öllu þessu sem áður hefur framborið verið og undir dóm komið, með því sannindi eru gjörð á sögu Páls í því líku efni, þó frestur hafi á eiðnum orðið framar en dómurinn í fyrra setti, fyrir forfalla sakir sem greind eru í veraldlegum dómi. Fyrst að prestadómurinn hafi ekki valdsmanninum til

handa komið svo löngum tíma fyrir að valdsmaðurinn gæti auðveldlega hann Salbjörgu birt eður tilsagt að koma. Þar næst að Páll Jónsson mátti ei svo lengi hindrast frá sínu bjargræði. Þá virðist oss eiðurinn þar fyrir ekki fallinn, gjörður af veraldlegum dómara, þar hann eftir á dæmdur er og tekinn, svo hann megi ekki fullkomna skýrslu gjöra á framburði Páls að hann sé sannur.

Athuguðum vér nú aftur málið og *articulann* um *impotentiam* og virtist oss þetta ekki náttúrleg eða sú rétta *impotentia* vera, um hvörja vér meinum *articulann* skikka, heldur *impedimentum*, hindrun og fyrirmunun á þeirra samræði Páls og Salbjargar. Þar með er þessi brestur öngvaneginn fundinn fyrir brúðkaupið eður hjónabandið, eftir framburði og eiði Páls. Ekki heldur eftir festing aldeilis honum tilfallinn, þar hann framber og sver sig í hjónabandinu með öllum karlmannskröftum verið hafa, alleinasta undanteknu þá til við Salbjörgu hefur freistað, hvar og raun á hefur gefist síðan, að hann hefur undir faðerni tveggja barna gengist. Því fyrir þessar orðsakir og aðstæður kunnum vér öngvaneginn þá hindrun til rétrar *impotentiam* að meta og þar fyrir hjónaband Páli og Salbjörgu í nafni löglegrar *impotentiae* að skilja. Dæmum þau því saman aftur og öngvan mann, hvorki Saura-Jón né annan, mega henni né mátt hafa síðan fyrri prestadómur ágekk hjá sér halda, heldur bæði prófast og sýslumann skylduga Pál til að styrkja, að hann samvistum við Salbjörgu nái og jafnvel til að sjá að þau kristilega til samans lifi, annars sæki til fullra sekta og dómrofa bæði, Salbjörgu ef hún þverskallast og þá hana styrkja þennan vorn dóm að brjóta. Virðist oss skaplegt að séra Brynjólfur Bjarnason hjálpi til fyrirgreiðslu Páli Jónssyni að koma dóminum fyrir prófast og sýslumann í því umdæmi hvar Salbjörg nú er og þann prófast, er vér meinum séra Guðmund Einarsson vera, skyldugan að vera Páli fylgisaman að setta og setja niður með Páli og Salbjörgu. *Actum* Þingvöllum *anno ut supra*.

Álit um
ófullkomna
impotentiam

Um aflausn Guðríðar er séra Ásgeir hafði borið frillulífissamræði

Anno 1646 30. júní þessir heiðurlegir kennimenn til dóms nefndir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, séra Snæbjörn Stefánsson prófastur í Rangárvallapingi, séra Jón Jónsson prófastur í Þverárþingi fyrir sunnan Hvítá, séra Halldór Daðason prófastur í Árnassýslu, séra Magnús Pétursson prófastur í Skaftafellssýslu, séra Páll Björnsson, séra Magnús Jónsson, séra Hallur Árnason, séra Jón Daðason, séra Jón Ólafsson, séra Vigfús Oddsson, séra Jón Jónsson, séra Hallgrímur Pétursson, séra Grímur Bergsveinsson, séra Halldór Marteinsson, séra Álfur Jónsson, um það mál er séra Jón Arason hafði fyrir biskupinn í bréfi framborið, sem er hvörnin hentugast þætti að höndla með þá kvensvift Guðríði er séra Ásgeir Einarsson hefur borið frillulífissamræði, og þann sinn áburð aftur undir votta til sín tekið, svo séra Ásgeir er með dómi frí

gjörður frá undanfærslu. En síðan hefur hún aftur gengið til fyrstu lýsingar og heldur þar nú fast við. Spyr prófasturinn að hvort ei megi leyfast með því formi hana að afleysa, ef hún meðkennir sig brotið hafa móti áttunda Guðs boðorði með lygi og ósanninda sögn, hvað oss virtist ekki mega í té láta nema fyrir vissar sérdeilis orðsakir, að þar af gefist ekki almennilegt leyfi til þrjótsku og þverúðar, en ef nokkrar sérdeilis *causae* virðast hér tildraga í þessu máli, þá látum vér það eftir prófastsins forsjálni og guðhræðslu, þó svo að þessi persóna trúlofi Guði og söfnuðinum að varast ófrægð og áaustur þessa máls.

Í annan máta þar prófasturinn spyr að hvort sá maður sem hana keypti fyrr en þetta mál tilféll og yfirstaðnar voru þrjár lýsingar skuli skyldugur vera hana að festa framar en hann vill, dæmdum vér það undir *articulann* hinn sjötta af þeim sem tala um trúlofunar aðskilnað, að í óærumálum má hinn saklausi fríast frá þeim sakaða, svo framt sem hann hefur þar af ei vitað fyrir kaupðið.

Um mál séra Gottskálks og Jóhönnu

Anno 1646 30. júní. Kennimenn til dóms kallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni um mál Jóhönnu Einarsdóttir móti sínum ektamanni séra Gottskálk Oddssyni, séra Snæbjörn Stefánsson prófastur í Rangárvallasýslu, séra Jón Jónsson prófastur í Þverárþingi fyrir sunnan Hvítá, séra Halldór Daðason prófastur í Árnassýslu, séra Páll Björnsson, séra Finnur Jónsson, séra Magnús Jónsson, séra Hallur Árnason, séra Jón Ólafsson, séra Eiríkur Stefánsson, séra Grímur Bergsveinsson, séra Jón Jónsson, séra Hallgrímur Pétursson, séra Salómon Jónsson, séra Stefán Hallkelsson, séra Halldór Marteinson, hvörju máli svo var komið að Jóhanna Einarsdóttir kom fram fyrir biskupinn *magister* Brynjólf Sveinsson heim í Skálholti anno 1646 þann 5. júní í viðurvist héraðsprófastsins séra Halldórs Daðasonar, séra Finns Jónssonar og séra Halls Árnasonar, klagandi og kærandi til séra Gottskálks Oddssonar síns ektamanns þetta eftirfylgjandi, að hún frambar og gefur séra Gottskálki hórdómssök, að hann framhjá sér fallið hafi í þeirra hjónabandi, krefjandi biskupinn hér á dóms og réttar síns embættis vegna. *Citeraði* biskupinn þau bæði séra Gottskálk Oddsson og Jóhönnu Einarsdóttur til viðurmælis nú á þessa prestastefnu 1646 undir þann dóm sem þar útnefndur yrði, svo mikið sem prestunum ber eftir *ordinantiunni* að dæma.

Aðspurði biskupinn nú fyrir vorum dómi Jóhönnu Einarsdóttur hvort hún enn nú á þessum sínum áburði stæði, hvörju hún fyrir dómi játaði. Var nú séra Gottskálk aðspurður hvörju hann svaraði til þessa áburðar sinnar konu. Framkom hann með *articulans* orð er svo hljóða uppá dönsku: Den første ordsag er horeri, dog skal den person som anklager lovligen stævne den der anklages i rette og skjællige bevise det. Þar leggur sú íslenska *versio* til: og skjalllega bevísa sinn framburð. Dæmdum vér þau bæði réttilega fyrirkölluð, séra Gott-

Framburður um
hórdómssök

skálk og Jóhönnu, og biskupinn fullan myndugleika hafa kennimanninn að *citera* sömuleiðis og prófastinn.

Tókum vér nú *articulann* oss til yfirskoðunar, sérdeilis þar svo ákveður að sú persóna sem klagar skuli stefna og skjallega bívísa það. Þar skilur biskupinn og séra Finnur sem honum fylgir, að stefnan skuli bívísast alleinasta lögleg gjörð vera, en hórdómsverkið ekki.

1. Fyrst, því að nær engin hórdómsmál mundu undir dóm koma skyldu engin meðtakast nema þau ein sem vottar fylgdi eða skjallegar bívísingar.

2. Annað, landslagabókin heldur þeim til eiðs sem fyrir sök verður, ef það er verk.

3. Þriðja, að lög skipa eið fyrir áburð manns konunni um hórdómssök, kvennagiftingar 5. En getur þar ekki annara bívísinga sem hans áburði skuli fylgja.

Nokkrir af þeim sem til dómsins voru nefndir þóttust ekki kunna að skilja *articulann* nema slétt og einfaldlega eftir bókstafnum þar svo stendur: Den forste årsag er horeri, dog skal den person som anklager lautig stævne den der anklages i rette og skjælligen bevise det. Og meintum orðkornið det hafa *respect* til þess orðs horeri, því að ef orðið skjælligen bevise skyldi hafa *respect* til orðið stævne, þá heimtíra regla tungumálsins að þar skyldi standa skjælligen bevise den.

Í annan máta sýnist þeim *articulinn* heimta að sá sem sök gefur færi bevísing til síns máls, því það er ekki nóg að sú persóna sem áklagast meðkenni það sjálf, því oft sýnist að margir ljúgi á sig sjálfa, þar þó í flestum öðrum sökum ánægir sjálfviljug meðkenning.

Í þriðja máta það viðvíkur þessum áburði Jóhönnu Einarsdóttur þykir oss ekki ónáttúrulegt að Jóhanna bevísi sinn framburð, sakir þess haturs sem bevísast alryktað að greind kona hafi haft til þessa síns ektamanns. Því svo sem sjálfs meðkenning er ekki nóg til að ljúga uppá sjálfan sig öðrum til skaða á sjálfum sér til frelsis, svo virðist þeim óbevísaður áburður uppá annan ekki meira álit hafa í þessu máli.

Í fjórða máta sýnist oss að áburði Jóhönnu skyldi heyra nokkur bevísing, þar hennar ektamaður hefur góðan vitnisburð af sínu sóknarfólki og heimilismönnum, að þeim sé ekki annað vitanlegt en séra Gottskálk hefði sér frómlega og kristilega skikkað í sínu hjónabandi, hafandi öngvan grun á hans æði að neinum hórdómsathöfnum.

Séra Páls Björnssonar meining er sú að séra Gottskálk gjöri svo framt undanfæri ef sannreynist að hans sakaráberi, sem er hans kvinna, sé ærleg og fróm og velkynnt til lífs og lifnaðar. Til þeirrar meiningar hrærist hann fyrst af þeim *argumentis* sem hér fyrirskrifuð standa í biskupsins meiningu.

En þó svo sé að vorar meiningar kljúfist svo um skilning á *articulanium* og um kraft áburðar Jóhönnu, þá afsegjum vér þó ekki *propter honestum et bonum*, svo því hneyksli verði afvendað sem innleiðast má af þessum áburði, að

Ýmislegar
meiningar um
útlekking
hjónabands
articulanna

halda gott og skikkanlegt að séra Gottskálk Oddsson afsaki sig með eiði ef yfirvaldið svo samþykkir.

Tylftareður
dæmdur
fyrir hór-
dómsáburð

Framar bar Jóhanna á séra Gottskálk fyrir kónglegrar *maystets* fógeta Jens Söffrensyni og vorum dómi að sú persóna er hún segir séra Gottskálk með hafa fallið heitir Þorgerður Jónsdóttir, gift kona þá og nú, hvar fyrir oss virðist prestinum fullkomleg nauðsyn á sig með eiði undan að dæma þessum hennar áburði og hórdómssök að verjast ef þar til fær er. Hljóða landslögin að fyrir hórdómi skuli standa tylftareður, mannhelgi 28, með þeim orðum: En ef hann er fær til undanfærslu synji með tylftareiði. Og með því oss virðist nú fullkominn áburður Jóhönnu, þar hún tilnefnir persónuna, því dæmum vér séra Gottskálk Oddssyni tylftareið til undanfærslu á þessari sök, og hafi þann eið unnið innan tíu vikna særra daga, vel þó fyrri sé að hann sverji, en tólf prestar sanni og sverji svofelldan eið, að hann hafi ekki holdlegt saurlífisverk haft við neina kvenmannspersónu lífs eður liðna frá því fyrsta er hann festi Jóhönnu Einarsdóttur sér til eiginkvinnu að Guðs lögum og manna opinberlega, allt fram til þess nú er komið, nema við sína eiginkvinnu Jóhönnu, og vinni þann eið fyrir sínu yfirvaldi, nema séra Gottskálk geti Jóhönnu hrundið til myndugleika. Annars virðist oss hann sverja skuli lýrittareið hinn meira vegna málsins stærðar og embættisins verðugleika. Skyldi til tylftareiðsins nefna átta, en fjórir skyldu fangavottar. En til lýrittareiðsins tveir nefndarvottar, en tveir fangavottar. Nefndi biskupinn ef til tylftareiðs félli, séra Finn Jónsson, séra Salómon Jónsson, séra Hall Árnason, séra Jósef Loftsson, séra Jón Gunnlaugsson, séra Álf Jónsson, séra Guðmund Bjarnason, séra Engilbrikt Nikulásson. En fallist þessi eiður og hrindi hann ekki áburðinum Jóhönnu, dæmdum vér hann frá stað og embætti, nema yfirvaldinu virðist hann fyrir sérdeilis orðsök meiri náðar verður.

Samþykkti þennan vorn dóm biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson með oss, sem fyrr er skrifað, og setti sitt nafn með oss fyrrskrifuðum prestum hér undir til staðfestu. *Actum* Þingvöllum.

Meðkenning séra Gottskálks

Anno 1646 1. júlí var þessi fyrirfarandi dómur opinberlega upplesinn fyrir séra Gottskálk Oddssyni og hann af biskupinum alvarlega áminntur Guðs og sannleikans vegna að játa og meðkenna það hann vissi réttast og sannast í sínu hjarta fólgið vera í þessu efni um sitt misferli ef áfallið hefði í fyrrskrifuðu máli, og draga hvorki fjöður yfir sína synd né tæla sjálfan sig né aðra góða menn í sálarháská, heldur með kristilegri meðkenning og iðran falli til fóta Jesú í faðm kristilegrar kirkju, hvað hann nú með grátandi tárur gjörði, meðkennandi sitt brot með fyrrskrifaðri persónu Þorgerði Jónsdóttur, sem þá gift verið hafði, leggjandi allt sitt mál og efni uppá náð Guðs almáttugs og kristilega tilhlutun, jafnvel elskulega dyggð síns yfirvalds og kristilegrar kirkju,

Meðkenning
séra Gottskálks
um sitt hór-
dómsbrott

biðjandi Guð fyrst um náð og fyrirgefning, og síðan Guðs börn um kristilega meðlíðun, Guð um fyrirgefning syndanna en Guðs börn hneykslisins. Til vitnis vorar handskriftir er meðkenninguna heyrðum, Þingvöllum *ut supra*.

Dómsálit um annan prest í hans stað

Sama stað og dag útnefndi biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson þessa heiðurlega kennimenn, séra Snæbjörn Stefánsson, séra Halldór Daðason, séra Pál Björnsson,¹ séra Finn Jónsson, séra Magnús Jónsson, séra Jón Daðason, séra Álf Jónsson, séra Jón Ólafsson, séra Jón Jónsson, séra Grím Bergsveinsson, séra Salómon Jónsson, séra Vigfús Oddsson, séra Hallgrím Pétursson, séra Árna Einarsson, til dómsatkvæðis uppá fyrirskrifaða meðkenning séra Gottskálks, fyrst hvað stað og embætti viðvíki, síðan svo mikið sem hjónabandsmál þeirra snertir. Virðist oss nú ljóst og uppi vera um það fyrra af meðkenningu, syndarinnar stærð, sem er tvöfaldur hórdómur, kónglegrar *maystets ordinantiu, recessum* og öðrum *mandatis*, að séra Gottskálk væri sjálfdæmdur af staðnum og prestlegu embætti, og sú umhyggja prest í hans stað að setja komin til yfirvaldanna.

Séra
Gottskálk
afsettur stað
og embætti

En með því að þetta hjónaband séra Gottskálks hefur næsta mótdrægt og torfellt verið, svo honum má sýnast af mannlegum breyskleik nokkrar vorkunnar von framar en þeim sem af einungis lausung þar úti mótviljanlega fellur, og *articularnir* skipa að gæta vandlega að, hvort ekki valda hórdóminum *tyrannis* sem má vera hér á aðra síðu finnast megi. Því settum vér hans afsetning til miskunnar yfirvaldanna, ef ske mætti á sínum tíma fyrir áðursagða orðsök, þar hann annars hefur góðan vitnisburð sóknarinnar og sinna meðbræðra. Hér með höfum vér ekkert í hans veru það fundið er hans æru megi forhindra, hvorki stíff ástæða né eiðanna festing, og ekki baktal til sinnar kvinnu, hvörnin sem hún er, fyrr né síðar.

Vorkunn
nokkur
ályktuð
*propter
circumstantias*

Það síðara um hjónaband þeirra Gottskálks og Jóhönnu áhrærandi tókum vér nú fyrir hendur. Spurði biskupinn Jóhönnu Einarsdóttur að fyrir vorum dómi hvort hún endilega eftirleitaðist að skilja við Gottskálk Oddsson hjónabandið, hvörju hún játaði, óskandi þess og beiðandist af dómendum. Rannsókuðum vér fyrst af Gottskálk hvort hann bæri eður misgrunaði Jóhönnu nokkru hórdómsathæfi, hvörju hann neitaði fyrir vorum dómi. Og með því vér höfum þar aldrei róm heyrt áleika kunnum vér ekki frekara rannsak þar um í frammi að hafa, heldur ályktum hana saklausa persónu svo mikið sem hórdómsmálinu viðvíkur. Framar rannsókuðum vér eftir *articulanum* hvort nokkur sérdeilis orðsök væri til soddan missjónar, og með því oss er flestöllum vitanlegt hvört rykti gengið hefur af stórsinni, ofsa og æslum Jóhönnu og því

1 Pál Björnsson: í handriti aðeins Páll

Gottskálfur og
Jóhanna
saman-
dæmd
framvegis

heimili, virðist oss ef það rykti sannprófast henni á hendur hníga að því *tyrannis* sem *articulinn* ánefnir, hvað vér setjum til rannsaks veraldlegs dómara, sem og hvað hvörju um sig er framvegis að kenna, ef frekar er af þeim áleitað.

Í þriðja máta rannsökuðum vér hvort Jóhanna hefur ekki samlagð sig við Gottskálfur upp frá því hún vissi hann fallinn vera í þetta mál, og var hún nú opinberlega hér fyrir vorum dómi aðspurð hvort hún hefði ekki sótt eina sæng með honum og samlagast síðan hún vissi þetta mál honum tilfallið, hvað hún afsagði með eiði satt að gjöra að þar frá frí væri. Því kunnum vér þau ekki sundur að dæma, heldur kristilega saman að búa þar til skjalleg skilnaðarsök berst öðru hvörju þeirra á hendur. En hvað hans sektum viðvíkur setjum vér til kóngsvaldsins eftir *ordinantiunni*, þar hún talar um kóngsins rétt til afsettra persóna.

Samþykkti með oss þennan vorn dóm biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson og setti sitt nafn ásamt vorum hér undir til staðfestu uppá allt áður-skrifað, Þingvöllum *ut supra*.

In nomine domini Um meðferð á hrossakjöti

Áburður um
dauðra hrossa
kjöts meðferð
á prest

Anno 1646 27. ágúst. Að settri héraðsprestastefnu á Melum í Melasveit *in visitatione ordinaria* voru þessir heiðurlegir kennimenn, séra Jón Jónsson prófastur í Borgarfirði fyrir sunnan Hvítá, séra Jón Böðvarsson, séra Jón Ólafsson, séra Grímur Bergsveinsson, séra Eyjólfur Jónsson, séra Árni Einarsson og séra Jón Torfason, prestar Skálholtsbiskupsdæmis, til dómsálita kallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni um það mál er Sesselja Árnadóttir hafði tiltalað séra Ólafi Böðvarssyni og látið innskrifa í þingbók sýslumannsins Þórðar Henrikssonar, hvörju máli svo var varið að áðurnefnd Sesselja bar séra Ólaf Böðvarsson því að hann hefði handtérað, borið og dregið dauðra hrossa kjöt um Saurbæjarkirkju landeign, og þar fyrir afsagði hún kennimannliga þjónustu af Ólafi Böðvarssyni að þiggja, hvörn sinn framburð nú Sesselja Árnadóttir staðfesti við biskupinn með handsölum, sem hann er hér innskrifaður, oss öllum ásjáandi og áheyrandi.

Sömuleiðis framlagði Sesselja Árnadóttir nú fyrir vorum dómi sextán taltalsgreinir eður sakir er hún þykist hafa til séra Ólafs að tala, uppskrifaðar anno 1646 27. ágúst og handskrifaðar nú samstundis af Sesselju Árnadóttur fyrir vorum dómi. En með því að þessar sakir komu nú fyrst fram af hendi Sesselju og lagafrestur mátti því síður gefast séra Ólafi til forsvars, að oss öllum komu þær nú samstundis óforsvarað. En séra Ólafur var alleinasta hingað kallaður af biskupinum til andsvara móti því tiltali Sesselju er fyrst var skrifað og ávikur hrossakjöts handtéran, þó hann nú ekki persónulega kæmi, afsakandi í sínu bréfi kvilla nokkurn, hvar fyrir hann treystir sér ekki svo

langan veg að ríða í þetta sinn og ei þó skemmra væri. En meðkennir þó í sama bréfi sig lesið hafa biskupsins bréf um boðan á þessa samkundu, hvörs *datum* er Saurbæ 27. ágúst. Því kunnum vér ekki þessar síðari sakir Sesselju nú að yfirvega. Þó meðtók nú biskupinn þær af Sesselju Árnadóttur og lofaði slíkan rétt á að gjöra sem honum bæri og mögulegt væri eftir *ordinantiunni* á sínum tíma.

En gáfum oss nú að athuga þá fyrstu sök Sesselju til séra Ólafs. Hafði hann undir þessa prestastefnu nú framlagt sína vörn og afsökunarskrif í þessu máli, *dateraða* Saurbæ á Hvalfjarðarströnd 1646 26. ágúst, hvörja vörn vér nú athuguðum svo mikið sem tíminn vildi leyfa og vér fengum rannsakað, þó öngvanveginn forskjótandi því sem að þessu sinni má yfirsjást eður tíminn líður ei að hér fyllilega trakterast kunni.

Fyrst óskar hann að eftir verði leitað og rannsakað hvort Sesselja Árnadóttir hafi séð sig handtéra, bera eður draga dautt hræ, hafi hún það séð muni þá henni auðvelt að greina árið og staðinn og aðferðina *etc.* Hér að færir hann eftirdæmi þeirra er báru Súsonnu máli á fyrrum dögum. En hafi hún sinn áburð byggt á annars eður annara orðum óskar hann hún vildi hann eður þá auglýsa. Athuguðum vér þessa óskarvörn séra Ólafs og þykjunst vér ekki finna ljósa lagagrein í vorum landslögum hvör eð skyldi sakaráberann frekar sinn áburð útskýra í verknaðarsökum en einfaldlega það verk á verjandann að bera, utan í þeim ókvæðum sem lögbók talar um í 25. *capitula* mannhelgi með þeim atvikum sem þar greinir, en hyggjum jafnlega fyrir lög hér í landi gengið hafa, að þar maður ber mann verki, sérdeilis þar hann sjálfur á sök á, hafi eiðar fyrir staðið af hans hendi eftir málavöxtum, sem skyldi sá synja er fyrir sök yrði. Því kunnum vér ekki þeirri ósk séra Ólafs frekara afl að gefa, nema hann leiði þar að frekari laganna greinir.

Ei kunnum vér heldur áburð Sesselju fyrir mummu eður getsök að kenna, þar hún ekki efar heldur fullyrðir sinn áburð í sínum orðum og greinum. En þó Sesselja hafi ekki þetta mál uppborið fyrir prófasti eður biskupi, samt og áður þar það var almennilega á þingi framborið og í valdsmanns bók innteiknað, virðist hvorki prófastinn eður biskupinn¹ hafi mátt það dylja eður undirslá, heldur láta tilbærilega þar uppátala og straffa, nema þeir sjálfir hefðu viljað þar fyrir standa til rétta eftir kónglegrar *maystets* bréfi, með því oss öllum virðist þetta mál, ef á prestinn bærisk, sannarlega vera óskikkun og ekki hæfa kennimannlegu embætti í sjálfu sér til, og fyrir þessa orðsök af *recessinum* og kongsbréfinu, að svo strengilega er bifalað biskupi og prófasti andlegra manna lífernir og framferði að rannsaka, öngri óskikkun að dylja eður undirslá, heldur tilbærilega að láta átelja og straffa, hvar uppá biskupinn hafði látið *citera* séra Ólaf Bøðvarsson til þessarar prestastefnu, sig að forsvara fyrir áburði Sesselju, sem hann með sínu bréfi meðkenndi að hann biskupsins bréf

Alfatanir
séra Ólafs
Bøðvarssonar
á móti fyrr-
greindum
áburði
Sesselju
Árnadóttur

Biskupi og
prófasti
bifalað að
rannsaka
framferði
andlegra

1 *prófastinn og biskupinn*: breytt í handriti úr *prófastinum og biskupinum*

lesið hefði um boðun á þessa samkundu, hvörs vegna dómur megi ganga um það sér sé löglega tiltalað, *etc.* Því dæmum vér séra Ólaf Böðvarsson réttilega fyrirkallaðan.

Framar skrifar séra Ólafur að verði hann nokkru Sesselju að svara, þá séu sínar afbatanir þessar. Fyrst, þau hafi áður sæst á þau mál sem kennimönnunum bæri um að dæma, hvar til vér svo gegndum að með því þetta mál er nú opinberlega borið á séra Ólaf, hvílíkt eftir kónigsbréfunum og *recessinum* ekki má öldungis dyljast eður undirslást, og ekki var vitanlegt né ákært undir þá sáttargjörð þeim er hana sömdu, þá hvörninn sem þau hafa sín á milli sæst séra Ólafur og Sesselja virðist oss síðan þetta kom opinberlega upp af andlegu yfirvaldi óskoðað ekki líðast mega.

Framvegis framkom í afbatan séra Ólafs að hann þættist ekki eftir réttum lögum henni eiga að gegna eður án skírlegra líkinda eður löglegs prófs eiga eiði að fyrirstanda hennar áburði, þar hún áður í nokkrar reisur borið sig lygisökum hefði, á móti hvörjum hann hefði áður boðið og enn byði sinn eið. Virðist oss enn, sem öðrum prestmönnum hefur fyrr samankomið, séra Ólafur skyldugur að bevísa fyrir hennar yfirdómara sinn framburð fyrr en endilegur fullnaðardómur á málið gengur, því oss virðist á hæsta hófi ríða trúverðugleiki áburðar Sesselju eftir því sem afbötun séra Ólafs rekst. En hvörninn sem þar um líður vogum vér ekki þessu máli undir stól að stinga, með því ekki hafa soddan mál oss vitanlega fyrri til dóms komið uppá kennimenn, en vér nú ekki nógu fjölmennir þann dóm á að leggja sem gilda skuli fyrir lög um stiktið um aldur og ævi. Vitum og eigi nema kóng *maystets* befallningsmaður útvegi kónigs *maystets* bréflega skikkun uppá soddan undarlegt tilfelli, hvar eftir vér vitum oss með allri undirgefni skikka, sérdeilis þar oss þykir þvílík mál þunglega horfa ef sannprófast, vegna verðugleika Guðs þjónustu og kennimannlegs embættis. Því setjum vér þessa máls endilega og fullkomlega ályktun til næstkomandi prestastefnu á Þingvöllum, en dæmum séra Ólaf þangað til skyldugan að halda sér frá kennimannlegu embætti vegna stórhneykslis sem hér af er komið allvíða í landinu. En málið dæmum vér fyrir kóng *maystets* bifalningsmann og biskupinn, með þeim kennimönnum sem þeir til dóms kalla í nefndan stað og tíma.

Samþykkti með oss biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson þetta vort dómsálit og setti sína handskrift með vorum handskriftum hér undir til staðfestu. *Actum ut supra.*

Um Einar Kolbeinsson

Um aflausn
Einars
Kolbeinssonar

Anno 1646 5. september á Staðarstað á prestastefnu þessir kennimenn til álita nefndir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, séra Þórður Jónsson, séra Árni Einarsson, séra Halldór Jónsson, séra Halldór Marteinsson, séra Vigfús Helgason, séra Vigfús Illugason og séra Guðmundur Jónsson, aftur að traktera um aflausnarhátt Einars Kolbeinssonar. Leist öllum kennimönnunum

ásamt að blífa við þann fyrra Staðardóm sem gekk 1642 á prestastefnu, að hann taki enn opinbera áminning sem þá var ályktað. En til frekari viðleitni kirkjunnar við Einar, svo að ekki sýndist kristileg kirkja neitt það eftirláta af sinni hendi sem til hans sálhjálpar mætti horfa sem allra mjúkast og móðurlegast, óskum vér að séra Þórður Jónsson gjöri honum áminning með söfnuðinum að Rauðamel sem fyrr var dæmt, og hafi Einar Kolbeinsson þá áminning meðtekið innan Michaelismessu, annars vogum vér ekki kirkjunnar lin-kind lengur að misbrúka, heldur framfara eftir kóng *maystets recess* og *reformatiunni*, vilji hann lengur þrúsamlega og mótþrúanlega þverskallast. Til vitnis vorar handskriftir *ut supra*.

De temporalis et perpetua suspensione sacerdotum ab officio et beneficio

Sama stað og dag, af biskupinum og prófastinum séra Guðmundi Einarssyni, séra Þórði Jónssyni og öðrum sömu kennimönnum dæmt og ályktað að í öllum vissum málum er snerta kennimannlegt embætti og ævinlega afsetning skyldi standa fyrir 12 presta dómur og dæmast inn fyrir kóng *maystets* bifalningsmann og biskup. En fyrir *suspensionem temporalem ab officio et beneficio* sex presta með prófastinum. Þó ef nokkur sérdeilis *casus* eður vandi er á, sé vikið til biskupsins ráða og atkvæða, og jafnan vandaður dómurinn eftir málavöxtum að fjölda persónanna og yfirdómurum. Samþykkti með oss þennan vorn dóm biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson og setti sína handskrift með vorum hér undir til staðfestu. *Actum ut supra*.

Tólf presta dómur standi fyrir *suspensionem* af *officio perpetuam*. En fyrir *temporalem* 6 presta dómur

Ákæra til séra Jóns Brandssonar

Anno 1646 4. september *in visitatione ordinaria* að Staðarstað á Ölduhrygg voru þessir heiðurlegir kennimenn til álits nefndir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, séra Þórður Jónsson, séra Vigfús Illugason, séra Halldór Marteinsson, séra Halldór Jónsson, séra Guðmundur Jónsson, séra Vigfús Helgason og séra Árni Einarsson, prestar Skálholtsbiskupsdæmis, hvörsu það mál mætti réttilegast og skikkanlegast og réttsýnilegast til rétta setjast eður samandragast er Jón Jónsson hafði framborið á Þingvöllum anno 1645 1. júlí, á almennilegri prestastefnu fyrir biskupinum í viðurvist þeirra kennimanna sem þá voru þar viðstaddir og ásamt Jóni sjálfum í biskupsins bók handskriftað höfðu, hvört mál af biskupinum þar eftir var lagt heim í hérað til rannsaks og skoðunar heiðurlegs kennimanns séra Þórðar Jónssonar með þeim prestum sem hann þar til með sér kallaði og nefndir eru í þeim dómtitli sem um þetta mál gekk að Staðarstað anno 1645 25. júlí í greindu máli, hvörju svo var háttað, að Jón hafði ákært það til séra Jóns Brandssonar að hann hefði Guðmund Jónsson er með kinnu Jóns Þjóðhildi var að hórdómsbroti opinber orðinn, til

Ákæra til prests að óforlíktan hórdómsmann hafi til *sacramentis* meðtekið

opinberrar aflausnar meðtekið fyrr en Guðmundur hefði við Jón í sætt komist. Og með því þessir báðir menn, Jón Jónsson og séra Jón Brandsson ásamt séra Guðmundi Einarssyni, meðkenndu nú með handsölum við biskupinn sig hér- aðsdóm séra Þórðar og þeirra kennimanna, sérhvor fyrir sína persónu það hann áhrærði, ekki áfrýja, þó sérhvor þeirra Jón Jónsson og séra Jón Brandsson meðkenndu sig *copiu* af þeim dómi fyrir rúmum tíma meðtekið hafa. Í þeim dómi eru innskrifaðar varnir séra Jóns Brandssonar í móti tiltali.

Sú fyrsta, að séra Jón segir, eftirleitni og auðmjúk bón Guðmundar Jóns- sonar að hann mætti fá heilaga aflausn fyrir áðurskrifað hórdómsbrot, hvað Jón Jónsson vildi að séra Jón bívísa skyldi. En prestunum virtist ekki nauðsyn að séra Jón leiddi sverjandi vitni þar til.

Önnur vörn séra Jóns að hann sagðist í vetur að var hafa riðið til fundar við Jón Jónsson og beðið hann fyrirgefningar vegna Guðmundar á oftsögðu hórdómsbroti. Beiddist Jón Jónsson svarinna bívísinga til þessa punkts og af því séra Jón vændist vitnum í þessu þá dæmdu prestar honum vottaleiðslu uppá sinn framburð.

Þriðja vörn séra Jóns að hann sagði Jón Jónsson hefði á greindum tíma afsagt að fyrirgefa Guðmundi Jónssyni andlega og veraldlega, og vændist séra Jón vitnum að þessum orðum. Því dæmdu prestar séra Jón skyldi leiða lögleg vitni um þann sinn framburð.

Fjórdða vörn séra Jóns að Guðmundur Jónsson hefði sjálfur beðið álengdar Jón Jónsson fyrirgefningar í Guðs nafni, hvað Jón Jónsson vildi og bívísað væri, hvar til prestunum virtist séra Jón og skyldugur.

Krafði nú og beiddi biskupinn Finn Skúlason, hvörjum séra Jón Brandsson hafði að vitni vænst, hvað hann kynni réttast og frekast í þessu máli að bera, hvað hann vildi með eiði sanna ef dómur dæmdi. Bar nú Finnur Skúlason svofelldan vitnisburð, hvörn hann lét eftir sér sjálfur orðrétt innskrifa, að hann segist hafa riðið með séra Jóni Brandssyni um veturinn *anno* 1645 til að leita friðar og forlíkunar fyrir Guðmund Jónsson fyrir það hórdómsbrot sem Guð- mundur hafði í fallið með kvennu Jóns Jónssonar Þjóðhildi Aradóttur, hvörri forlíkun Jón neitaði í það sama sinn og sagðist ekki fyrirgefa honum hvorki andlega né líkamlega að svo komnu.

Annan vitnisburð handskriftaðan framlagði séra Jón Brandsson svofelldan sem eftirfylgir: Það ber eg Guðmundur Bjarnason, eftir því eg er þar til af Guði og lögum tilkallaður sannleikans vitni um að bera, að eg var viðstaddur á Rauðkollsstöðum í Eyjahrepp í fyrravetur 1645 í mars, ásamt Finni Skúlasyni, að séra Jón Brandsson baðst friðar og fyrirgefningar af Jóni Jónssyni auð- mjúklega vegna Guðmundar Jónssonar fyrir hans hórdómsbrot. En Jón Jóns- son afsvaraði presti þessum orðum, að hann fyrirgæfi honum hvorki andlega né veraldlega í þetta sinni. Á þessum mínum vitnisburði vil eg meiri sannindi gjöra ef þörf gjörist, til merkis mitt nafn hér undir undirskrifað, Guðmundur Bjarnason eh.

Þessum síðari vitnisburði séra Jóns hefur Jón Jónsson leitast við að hrinda með nokkrum vitnisburðum, einkum Jóns Jónssonar á Mel nú búanda, Tumasar Bjarnasonar og Péturs Narfasonar, hvörra allra vitnisburði Jón Jónsson segist undir dóm borið hafa er gekk á Krossholti 1645 16. september, hvörs útskrift nú birtist hér með undirskriftuðu nafni Runólfs Sigurðssonar, hvör dómur að vikur vitnisburði Guðmundar frá að sinni. En dómarrinn segist þó beiðast af Jóni löglegra bevísinga ef hann vildi þessum vitnum hrinda frá vitnisburði. Spurði nú biskupinn Jón Jónsson hvort þessi hans vitni hefði svarið þessa sína vitnisburði, hvar til Jón svo svaraði að þess hefði ekki óskað verið, og ekki sagði Jón þessa vitnisburði svara og ekki vændist hann öðru laga-skjali sem fram hefði komið undir þennan Krossholtsdóm.

Nú með því Jón vill ekki nægja af prestinum nema með svara eiða eða löglegar bevísingar í sínu máli, þá kunnum vér ekki heldur að nægja með ósvara vitnisburði Jóns móti prestinum eða aðrar en skjallegar handskrifaðar eða innsiglaðar bívísingar, og óskum þess vegna dæmandi vitnisburði sem Jón frambar til löglegra eiða undir veraldlegt vald þegar að lögum eru metnar.

Nú þó Jón geti fellt annað vitni séra Jóns með svörnum eiðum eður sönn-um bevísingum, þá kemur þó séra Jón Brandsson fram með *copiu* af alþingis-samþykkt sem gekk 1637 þar tvö vitni voru skrifuð og nefnd, Nikulás Oddsson og Jón Sigurðsson, af hvörjum Jón Sigurðsson varð fyrir vanrýkti af Jason West en ekki bívísuðu löglega. Og fyrir þessi orð Jasonar vildi sýslumaðurinn Jón Ólafsson ekki eið af Jóni Sigurðssyni taka og féll eiðurinn svo undan. En nú á því sama ári hafði Jón sig forsed, svo hann var þá ei vitnisbær. Því virtist þeim fyrir þessar greinir það orð er Jason West tala skyldi við Jón Kolbeinsson við þessa vottun falla verða niður sektalaust á báðar síður. Sýnist oss alþingismönnum virst hafa eiðfall fyrir sakir vanrýktis annars vottsins ekki skaðað hafa Jón Kolbeinsson, þó hann þessum vottum vænst hafi, þar annar hindraðist, og kunnum vér ekki prestinum meiri gjöld að dæma þó svo tiltak-ist, en að hann hafi fyrirskotið þeim sama vitnisburði. En málið niðurfallið á báðar síður til frekari skýrslu.

Framar birtist fyrir vorum dómi tveggja manna eiðar. Fyrsti Jóns Þórarinssonar með þessum orðum sem eftirfylgir: Til þess legg eg Jón Þórarinsson hönd á helga bók og skýt eg máli mínu til Guðs, að í vetur 1645 lýsti Jón Jónsson sem bjó á Rauðkollsstöðum því fyrir mér að séra Jón Brandsson hefði leitað af sér sáttar og fyrirgefningar vegna Guðmundar Jónssonar, en hann sagðist honum þar um þverneitað hafa. Þennan vitnisburð ber eg ekki vegna vildar né vináttu, heldur til styrkingar sannleikanum, og að svo stöfuðum eiði sé mér Guð hollur sem eg satt segi, gramur ef eg lýg. Sá annar Jóns Jónssonar: Til þess legg eg Jón Jónsson hönd á helga bók og svo skýt eg mínu máli til Guðs, að í vetur 1645 lýsti Jón Jónsson sem bjó á Rauðkollsstöðum því fyrir mér að séra Jón Brandsson hefði leitað af sér sáttar og fyrirgefningar vegna

Fyrir vanrýkti
óbevísað af
mótpartinum
hindraðist
eiður annars
vottsins

Guðmundar Jónssonar, en hann sagðist honum þar um neitað hafa. Þennan vitnisburð ber eg ekki vegna vildar né vináttu, heldur til styrkingar sannleik-
anum, og að svo stöfuðum eiði sé mér Guð hollur sem eg satt segi, gramur ef
eg lýg. Hvílika eiða tekið hafði Runólfur Sigurðsson á Krossholti, þingmön-
num áheyrandi, 16. dag september *anno* 1645. Undirskriftuð nöfn, Árni Ólafs-
son, Runólfur Sigurðsson.

Prestur frí
dæmdur vegna
leiddra vitna

Vilji nú Jón Jónsson þessa eiða áfrýja setjum vér það til veraldlegs dóms. Nú með því oss virðist presturinn með þessum vitnisburðum öllum leiddum, og eiðum þessum fluttum, prestanna dómi fullnægt hafa og sig fríað fyrir van-
æru að hann missagt hafi í sínum framburði fyrir prestanna dómi. Kunnum vér honum ekki að svo stöddu álögur neinar eður straff uppá að dæma. Vitum og ekki kónglegrar *maystets* bréf framar binda prestana með þvílík mál að hafa, hvorki við kóngsvaldið né heldur við eftirmálmennina, en að áminna þá til kristilegrar iðrunar og yfirbótar undir aflausnina, bæði við Guð og menn, að þeir sem bersyndugir verða lofi bót og betran eftir frekasta mætti, hvað Jón klagar ekki til prestsins að hann það í aflausninni forsómað hafi. Því dæmum vér að svo prófuðu og fyrir oss komnu séra Jón Brandsson frá því máli geng-
inn, svo mikið sem enn er fram undir vorn dóm komið. Samdist nú svo og settist millum séra Jóns Brandssonar og Jóns Jónssonar að þeir sættust heilum sáttum hér fyrir oss, biðjandi hvor annan fyrirgefningar á því sem hingað til hefur mátt þeim til sturlunar á milli fara, og hvor annan kvittan gefandi með kristilegum kærleikskossi og handsölum, báðum að minnkunarlausu í allan máta.

Samþykkti fyrrskrifaðan dóm og sáttargjörð biskupinn og setti sitt nafn hér að neðan með fyrrskrifuðum kennimönnum til fullkomlegrar staðfestu uppá allt áðurskrifað. *Actum ut supra.*

Dómur herra Odds um tillag prestanna af hvörju kúgildi kirknanna og að prestur sérhvör hafi sitt uppeldi af kirkjunnar gótsi, dæmdur á alþingi 1629

Anno 1629 þann 1. dag júlí á almennilegu Öxarárþingi voru þessir prestar til dóms nefndir úr Skálholtsstifti af biskupinum herra Oddi Einarssyni, séra Gíslu Oddsson, séra Páll Erasmusson, séra Sigurður Oddsson, séra Jón Jóns-
son, séra Vigfús Illugason og séra Eiríkur Ketilsson. *Item* þessir lögréttumenn tilnefndir af lögmönnum báðum, Gísla Hákonarsyni og Halldóri Ólafssyni, Þorleifur Árnason, Eiríkur Sigvaldason, Ólafur Helgason að sunnan, Rafn Bessason, Jón Gissursson og Magnús Jónsson að norðan og vestan, um það mál sem biskupinn herra Oddur Einarsson dóms ábeiddist og viðveik þeim fátæka presti Jóni Ormssyni, hvör frá Mjóafjarðarþingum var nú í vor með

dómi dæmdur til næsta alþingis fyrir þá orðsök að hann fékk hvorki fæði né tilheyrilegt uppheldi á fyrrsagðri kirkju og hlaut þess vegna frá að víkja, sóknina að yfirgefa og stóran hrakning á sér sjálfum að líða. Kom fyrir oss að greindur séra Jón hefði beðist síns uppheldis hjá kirkjubóndanum Þorsteini Einarssyni, en hann hafði þar í móti lýst að hann í þessu hallærisári væri í öngvan máta fær til prestinn að forsorga, hvörs vegna fyrrgreindur séra Jón vildi nú af biskupi endilega vita eftir hvörju hann skyldi sig hér úti rétta eða hvort hann væri vegna áðursagðra forfalla allshendis laus við áðurskrifaða Mjóafjarðarkirkju eður ekki, eður og svo hvör hann skyldi þar forsorga framvegis, skyldi hann þar við blífa.

Lagði biskupinn fram fyrir oss Mjóafjarðarkirkju máldaga svolátandi, að hún eigi fjórðung í heimalandi, fjórðung í viðreka, afrétt í Dalaland. *Item* 12 kúgildi, *item* Kot 6 hundruð, *item* skipstöðu. Í öðru lagi lagði biskupinn Vilkinsmáldaga að þar skuli vera prestur og hafa 4 kúgildi. Í þriðja lagi auglýsti biskupinn að þessi Mjóafjarðarkirkja hafi átt að forsorga prestinn til frekara uppheldis sem þar þjónar og að tveimur hlutum móts við Dvergaustekirkju. En sakir torfæru og vegalengdar væri ekki mögulegt fleirum kirkjum saman að slá prestinum til frekara uppheldis. Og svo hafði oftast staðið síðan hann tók við stiftinu, þangað til þessi greindur Þorsteinn Einarsson hafði nú í nokkur ár gjört þar tregður fyrir.

Virtist oss stór nauðsyn bráðrar atgjörðar, svo sóknin sé ekki lengi prestlaus hvað sem uppá kunni að falla. Stendur svo réttarbót Eiríks kóngs: En þær kirkjur sem leikmenn eiga hálfar eða meira skulu þeir halda með slíkum kennimannaskyldum sem sá hefur tilskilið er gaf, en lúka af ei framar, hvörjar kennimannaskyldur oss virtist nú vera það uppheldi prestanna er þeir gömlu máldagar tiltaka meira og minna, eftir því sem í sérhvörjum þeirra stendur. En vegna þess að þeim gömlu kirkjunnar lögum sem viðgengust í páfadóminum er nú mestöllum afslegið með *ordinantiunni* og öðrum kóngsins náðarbréfum og befallingum, þá kunnum vér oss ekki svo allshendis eftir þeim að rétta, með því þeim verður ekki í öllum stöðum á þessum dögum viðkomið, hvörs vegna vér færum réttarbótina og máldagana í eitt, eður í sama skilning og undirstöðu, og dæmum séra Jóni af Mjóafjarðarkirkju og hennar eignum í föstu og lausu ánægjanlegt uppheldi að réttri tiltölu, sem er af hvörju kúgildi 10 álnir, og þar að auki svo mikið til áðurnefnds uppheldis af annari hennar eign að hann sé ánægjanlega haldinn, eftir því sem fyrir segir, ef kirkjan á ekki svo mörg kúgildi að þau þar tilhrökkvi.

Í annan máta beiddist biskupinn dóms á, þar sem nokkrir prestar hafa nú í þessum stórum harðindum misst nær alla sína peninga og kirknanna innstæður, svo ekki er nokkuð til borgunar, hvort það skal vera kirknanna skaði, svo sem tilfellur í almennilegum landplágum og harðindum, hvað oss virðist verða svo að standa þegar það er fyllilega bívísað eftir landsins lögum að svo hafi í sannleika tilfallið og að ekki neitt kvikt eður dautt er til borgunar, þó svo framt

Presti dæmdar 10 álnir af hvörju kirkju-kúgildi. Þar að auki svo mikið af hennar annari eign að hún sé vel í haldin fyrir sitt ómak

Kirkna fríðir peningar sem deyja í almennilegum harðindum hvör borga skal

Kúgildi takist
ei frá einni
kirkju og
leggist til
annarar nema
með höfuðs-
manns og
biskups
samþykki

að engin forsómun finnist þar úti uppá nokkra síðu og að ókrenktum dómum og landsins viðteknu lögmáli sem finnast kann að áðurgreindu efni lúta.

Í þriðja máta hvort ekki mætti með ljúfum vilja og samþykki þeirra ríku presta, er þau bestu *beneficia* halda, taka frá þeim nokkur kúgildi til uppheldis þeim fátæku prestum og þeirra *beneficiis*, og þó oss lítist það ekki fjærlægt nauðsynjanna vegna, svo framt sem greind kúgildi hjá þeim fátæku prestum í fullri borgun standa, þá virðist oss þó þar áður hljóta höfuðsmannsins og biskups samþykki til að koma, ef nokkrir vilja það framar girnast.

Samþykkti þennan vorn dóm áðurgreindur biskupinn herra Oddur Einarsson og áðurtjádír lögmenn Gísli Hákonarson og Halldór Ólafsson, og undir fyrrskrifaðan dóm settu þeir handskriftir sínar með vorum. Skrifaður í sama stað, dag og ár sem fyrr segir. *Item anno* 1629 var þá að nýju þessi sami dómur upplesinn í lögrétu og af báðum lögmönnunum samþykktur.

Synodalia anni 1647

Um mál Benedikts Þorleifssonar og séra Gunnars

Anno 1647 þann 30. júní á Þingvöllum í viðurvist heiðurlegra kennimanna, prófastsins séra Jóns Jónssonar og séra Magnúsar Péturssonar, séra Finns Jónssonar, séra Engilbriks Nikulássonar, séra Salómons Jónssonar, séra Jóns Oddssonar, séra Guðmundar Bjarnasonar og séra Jóns Torfasonar, presta Skálholtsstiftis, hvörja biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson hafði til álita með sér kallað. Kom nú séra Gunnar Björnsson og Benedikt Þorleifsson um sitt mál, hvört eð snertir jörðina Tinda í Saurbæ í Búðardalskirkjusókn, hvörju máli vikið hafði verið til biskups samþykkis í þeirri forlíkun sem gjörðist millum þeirra séra Gunnars og Benedikts af trúverðugum herra Magnúsi Björnssyni *datum* 1645 1. júlí. Bar nú séra Gunnar fram sín skjöl fyrir jörðinni Tindum, fyrst herra Gissurar Einarssonar transskrifað, hvörs bréfs *datum* 1544 að Helgafelli *in festo Antonii*, hvar utan á skrifað er, það bréf hafi í lögrétu lesið verið, nýtt og myndugt dæmt 1644 1. júlí, með undirskrifuðum nöfnum lögmennanna Árna Oddssonar og Magnúsar Björnssonar. Því mun athugað verið hafa hvað herra Gissur skrifast þar samþykkt hafa og hvað það er sem hann þar úti skikkar.

Item bar séra Gunnar fram transskriftarbréf herra Marteins Einarssonar *datum* Þingvelli 1551, þar biskupinn skrifast að hafa séð og yfirlesið það sama kaupbréf, sem inniheldur þann kaupskap sem herra Gissur Einarsson vegna kirkjunnar í Búðardal við Sigurð bónda Oddsson, að hann seldi honum jörðina Tinda undan kirkjunni, en kirkjan skyldi eiga tíu hundruð í heimalandi með tveim hundruðum í þarflegum peningum, hvað biskupinum virðist í allan máta myndugt og skjallegt, og fyrrgreinda jörð Tinda vera eign Sigurðar Oddssonar til fullrar eignar og frjáls forræðis. Var utan á þetta bréf í sama máta skrifað af lögmönnunum að hafi verið í lögrétu nýtt og myndugt dæmt.

Item bar séra Gunnar fram alþingisgjörning, þar eð skrifast að handsalað hafi verið af lögmönnum og lögréttunni, í Saurbæ, eftir langvarandi átölu-lausrí hefð og þeim skjölum sem hann frambar, og sá dómur sem um þetta mál gekk 1644 2. maí á Tindum skuli ekkert afl hafa, *datum* 1644 1. júlí, með handskriftum lögmanna og margra lögréttumanna.

Enn framlagði séra Gunnar fyrrrskrifaðan sama er gjörðist 1645 1. júlí að forlagi lögmannsins Magnúsar Björnssonar, hvar Benedikt Þorleifsson lofar að afgreiða séra Gunnari jörðina Tinda með umliðna árs landskuld, *item* tvö kúgildi og leigurnar, hvað lögmanni og fleirum virst hafi Benedikt vítalaut kirkjunnar vegna sagða jörð eftir alþingisdómnum af hendi að láta, svo framt sem biskup vilji það samþykkja. Frekari skjöl sagði séra Gunnar ekki fyrir hendi hafa.

Spurði nú biskupinn nærverandi kennimönnum Benedikt Þorleifsson hvar fyrir hann ekki hafi afgreitt séra Gunnari jörðina Tinda eftir fyrrrskrifuðum skjölum séra Gunnars, dómi og sama, hvar til Benedikt svaraði að hann hefði eigi hugað sér vítalaut það að gjöra fyrr en biskup hefði sitt samþykki tillagt, hvað enn hingað til hafi undandregist, með því séra Gunnar hefur þess aldrei vitjað né neinn í hans umboði. Óskaði nú biskupinn af áðurskrifuðum kennimönnum fullkomlegra álita og ályktunar hvort honum bæri síns embættis vegna neitt með þvílíkar jarðaklaganir og mál að hafa, hvort sem í hlut eiga kirkjur eða kennimenn, með því hann þykist ekki sérlega bifalning þar uppá sýna, en vill öngvaneginn í annarlegt embætti setjast án kóns *maystets* befallningar, ei heldur sína skyldu fráfælast ef hún af *ordinantiunni* eður öðrum kóng *maystets* bréfum sannprófast, hvar til prestarnir svo svara að þeim virðist eftir *ordinantiunni* jarðaklaganir heyra til lögréttunni. *Item* eftir 8. Rípur *articula* bifalningsmannsins tilhlutan þar til koma eiga. Sömu leiðis eftir kóng *maystets resolution*, sem *dateruð* er 1638, hvar inni bifalað er, svo framt að nokkrar jarðir, grundir og réttugheit með réttu kunni að finnast að vera komin frá nokkri andlegri stétt eður stað, þá skal lénsmaðurinn þar átala og það við lög og dóm inn aftur klaga. Hér með sýnist oss *ordinantian* tilhalda kirkjuverjunum, þar sem nokkuð er nokkurs staðar frátekið, bóndagarður, akur, engi, skógur, fiskivatn eður nokkuð slíkt, með óréttu, þá skulu þeir vera þar um að það megi koma þar til aftur með réttu, og það bjóðum vér og bifölum vorum lénsmönnum að þeir gjöri þeirra kostgæfni þar til aftur ef það er frá- komið með réttu.

Fyrir hvörjar greinir og aðrar þvílíkar vér ályktum biskupinn frían frá úrskurði og dómsákvæði á jarðaklögunum andlegra gótsa, kirkna eður kennimanna, og nú ei framar þurfa á biskupsins samþykki í þvílíku máli að standa. En þykist Benedikt Þorleifsson kirkjunnar vegna vanhaldinn í þessum umskiptum, svo hann þurfi eður vilji á sinnar kirkju hluta fría, kunnum vér honum hvörgi annars staðar að vísa en til kónglegrar *maystets* bifalningsmanns, og birti honum sín skjöl sem hann fyrir sér hefur kirkjunnar vegna,

Biskup frí
ályktaður frá
dómsúrskurði
á jarðaklög-
unum andlegra
gótsa. Og
sodan mál-
efnum vísað
til lénsmanns

annars kunnum vér ekki móti lögmanna og lögréttumanna dóm hér úti frammar að álykta upp frá því séra Gunnar hefur birt innsiglað samþykki herra Marteins, á hvörs gjörninga oss ber ekki að ganga. Virðist oss því að svo prófuðu Benedikt Þorleifssyni vítalaut lögmanna og lögréttunnar dómi fullnægju að gjöra, nema kónglegri *maystet* eður lénsmanninum eður og fullmyndugum bifalningsmanni virðist annað réttara, eður nokkur kónigsbréf megi þau finnast er standi fyrir samþykki herra Marteins.

Um séra Þorleif Magnússon og Árna Eiríksson

Anno 1647 30. júní á Þingvöllum, almennilegri prestastefnu, kennimenn til dóms kallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, séra Jón Jónsson prófastur í Borgarfirði, séra Einar Illugason, séra Finnur Jónsson kirkjuprestur í Skálholti, séra Salómon Jónsson, séra Hallgrímur Pétursson, séra Engilbrikt Nikulásson, séra Jón Oddsson, séra Guðmundur Bjarnason og séra Sigurður Gíslason og séra Jón Torfason, prestar Skálholtsstíktis, um það mál er framkom úr Skaftafellspingi og prestadómur hafði ágengið í héraði um sakargiftir Árna Eiríkssonar móti séra Þorleifi Magnússyni, af hvörjum séra Þorleifur hefur fyrir nokkrar svarið, sem er fyrst að hann hafi ei á Árna Eiríksson ráðið í fyrra sinni á Fuglhólmum.

2. Eigi hafi hann komið aftur til hans með þriðja mann.

3. Eigi hafi hann á Árna ráðið að fyrra bragði í það sinn.

Lýrittareiður
hinn minni
stendur fyrir
hálftrar merkur
málum

4. Eigi hafi hann fóttrappað hans mat, hvörjar sakir og aðrar fleiri Árni hafði framborið prestinum á hendur, en fyrir þessar prestur undanfærst eftir prófastsins dómi með Lýrittareið hinum minna, hvörn eið prófastur tók þar samstundis og nú framkom með dómnum, hvílík mál oss virðast hníga að ryskingum manna, mannhelgi 24, hvar á að segist hálf mörk kóngi, fyrir hvörri sekt vér hyggjum slíkan eið staðið hafa í almennilegum dómum. Því kunnum vér ekki á þá grein prófastsdómsins að ganga.

Misskilningur
sakarabera og
þess sem
undanfærst

Sérhvört mál
færist til
betra vegar

En með því oss virðist misskilningur hafa mátt verða á því orði þar Árni ber séra Þorleifur hafi á sig ráðið, þar Árni sýnist meint hafa aðförina með þeim svip og kringumstæðum sem henni mega fylgt hafa, en séra Þorleifur átektina á sjálfum Árna, virðist oss hvor tveggja mega standast í sinni meiningu framburður Árna og eiður prestsins um áræðið í fyrra sinni og annað. Sömuleiðis þar þrír menn urðu í samför þó ei hafi allir senn að Árna farið, virðist sitt hvor meint hafa, mátt svo hvor tveggja standa, sú *circumstantia* og höfuðsökinni hvorki hrinda né veita, og með því hér um er hvor tveggja jafnvíst, þar Árni er forsvarslaus fyrir sínu máli að standa, skal hvört mál til betra efnis færa eftir dóma *capitula*.

En um fóttröppun á mat ályktum vér svo, að þar Árni hefur ekki úrskýrt að það með vilja eður óvilja gjörst hafi í þeirra þrasi, þá mundi ekki til stórra

sekta fallið hafa sú ein á séra Þorleif þó hefði sannur verið, hefði hann alleinasta synjað vilja síns, miklu síður mundi snortið hafa hans æru eður embætti. Líst oss, sem fyrri hefur dæmt verið, enginn skuli hærra falla í einföldum framburðum en sá mundi fallið hafa er fyrir varð, ef sannur hefði verið að sök, þó nokkuð megi aftur ganga, sérdeilis ef Árni vinnur að eið að hann hugðist eftir réttu máli sækja, sem lög gjöra ráð fyrir um rangar stefnusakir, svo framt sem Árni hefur annars góða vitnisburði um sína hegðun og breytni. Skyldi nú pró-fasturinn aftur með þeim niðursetja að beggja æru óskertri eftir öllu fyrrskrifuðu. Þó skyldi Árni fyrir óforsjálán framburð taka opinbera áminning af pró-fastinum. *Item* skal séra Þorleifur hér áminntur vera og framar áminnst af prófastinum að varast það óendanlega og óhæfilega slark, agg og þrátt sem hann er út um allt land, þar hans nafn kunnugt er, mjög nú ófrægur, uppá sitt kall og embætti, hvar uppá hann skal skriflega forpliktun gefa vegna hneykslis og illra eftirdæma sem fyrir á að sporna.

Samþykkti með oss þennan vorn dóm biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson og setti sína handskrift hér undir með vorum. Þingvöllum *ut supra*.

Enginn falli hærra fyrir framburð sinn en sá mundi fallið hafa er borinn var ef sannur væri að sök

Um hjónaband Jóns Péturssonar með Ragnheiði heitinni Aradóttur

Anno 1647 3. ágúst að héraðsprestastefnu í Hjarðarholti í Laxárdal þessir kennimenn til álíta kallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, séra Brynjólfur Bjarnason prófastur í Dalasýslu, séra Einar Sigurðsson prófastur í Strandasýslu, séra Ketill Jörundsson, séra Jón Ormsson, séra Ásgeir Einarsson, séra Árni Einarsson, séra Erlendur Einarsson, prestar Skálholtsbiskupsdæmis, um hjónaband Jóns Péturssonar með Ragnheiði heitinni Aradóttur, hvört Ari Guðmundsson faðir hennar átelur í þann máta að hann lýsir að séra Ormur Narfason hafi ekki keypt með dóttur sinni og Jóni Péturssyni með neinum lögvottum.

Hjónabandsmál

Kaup fyrir utan votta framfarin

2. Lýsir hann að sonur séra Orms séra Jón lýsti á predikunarstólnum sem réttkeypt væri með þessum persónum.

3. Lýsir hann að Jón Pétursson hafi legið dóttur sína í föðurgarði, því lýsti sig föður að því barni sem sagt væri hún hefði alið í tuttugustu viku, eftir það hann samþykkti í kirkjunni hjónabandið þeirra í milli, og sé sér sagt hann eigi að taka aflausn, en ekki hafi hann iðrast við sig. Biður hann biskup þess að geta einhvörn tíma í sinni umreið, svo hann leiðrétti þetta fyrir sér og sinni samvitsku svo framarlega sem honum ber það. *Datum* bréfsins 1647 1. júlí, með undirskrifuðu nafni Ara Guðmundssonar.

Var nú séra Ormur Narfason ei fyrir hendi né persónulega málinu að gegna. Þó lagði séra Jón Ormsson fram útskrifað gjörningsbréf uppá kaupmála Jóns Péturssonar og Ara Guðmundssonar vegna dóttur sinnar Ragnheiðar *daterað*

1644 18. mars. Þar segir svofelldur gjörningur færi fram í Álfatröðum í Hörðudal.

Fyrst talið hafi verið til kaups og konumundar.

2. Hafi Jón Pétursson gefið sinni festarmey fjórðungsgjöf.

3. Hafi Ari gefið sinni dóttur og skilið fyrir hönd dóttur sinnar, hvað allt gjör og fyllilegar greinir í fyrrskrifuðu bréfi, og ályktar með þessum orðum: og öllu þessu svo undirtöluðu og samþykktu af öllum fyrrgreindum heiðursmönnum. Þá gekk Jón Pétursson til kaups við þá dándupíku Ragnheiði Aradóttur, með hvörjum séra Ormur Narfason keypti á sama ári, stað og degi sem fyrr segir. Síðan bera sjö menn með sínum handskriftuðum vitnisburði að svólátandi gjörningur sem fyrir ofan skrifaður stendur var upplesinn við Snóksdalskirkju þann 4. sunnudag eftir páska 1644 undir heyrn þeirra undirskrifaðra manna, sem og alls annars kirkjusafnaðar, og var þá Ari Guðmundsson í kirkjunni persónulega. Vitna þeir það fyrir full sannindi eftir sínu viti og minni að þeir heyrðu Ara meðkenna þennan sama gjörning, og engin mótmæli hafði hann um það að Jón mætti ei til festingar ganga við dóttur sína Ragnheiði í þann tíma, heldur Jóni það með handsölum og ljúfum vilja til leyfis lagði. Svo og hafði séra Jón Ormsson handsöl við Ara að hann fullkomlegt hjónaband með þessum persónum gjöra mætti og eftir því gekk Jón Pétursson til festingar við greinda kvenmannspersónu Ragnheiði. Vitnismenn undirskrifaðir, Hannes Eggertsson, Jón Ólafsson, Magnús Þórðarson, Sigurður Jónsson, Jón Gíslason, Þorsteinn Bjarnason, Þorsteinn Þórðarson.

Prestur *mulct*
dæmd þar
hann keypti
með
persónum
fyrir utan
votta

Þar fyrir þótt séra Ormur hafi forsed móti lögum og *ordinantiunni* um vottana, þá stendur hann þar fyrir til rétta þegar löglega er á talið með tilbærilegri *mulct* fyrir lagabrest til prestaekna, eftir kóng *maystets* bréfi og *recessnum*.

Hjónabandið
dæmt nýtt og
myndugt

En með því Ari hefur allan gjörninginn samþykkt undir festing, sem vottarnir bera án mótmæla, þá virðist oss hann ekki mega nú það afturkalla sem þá samþykkt var, svo framt sem tveir af vottunum vilja það með eiði sanna ef þörf gjörist. Kunnum því ekki hjónabandinu þar fyrir að raska heldur statt og stöðugt dæma eftir lögbókarinnar orðum, þar sem talar um löglega festing, þess og annars að þar Ari vissi lýsingarnar og þau atriðisorð sem þar með fylgdu, en gekk aldrei á móti, þá á þessi ákæra eftir lýsingar kristilegrar kirkju síðar meir ekki að heyrast þó framkomi.

Nú ef Ari vill krenkja séra Orm fyrir ólöglegan undirbúning, sýnist hann sjálfur ei sýkn saka vera, þar hann sína dóttur jafnólöglega heiman játaði. En það hann lýsir um séra Jón Ormsson að hann lýsti á predikunarstólnum sem réttkeypt væri, virðist oss ekki fullkomlegur áburður, nema þá séra Jón hafi lýst svo þessum undirbúningi sem öðrum, sem löglegri var uppbyrjaður. En ef Ara þótti ekki rétt undirbúið var honum í lýsingunni kostur gefinn á að frýja, hvað hann ei gjörði en vissi þó lýsingarnar, því bar hann bönd að sér að samþykkt hafi. Þá var kostur á að telja en ekki síðan.

Um legorðssök Jóns Péturssonar með Ragnheiði dóttur Ara í föðurgarði dæmum vér, svo mikið sem oss ber þar í að segja, að Jón Pétursson gjöri annaðhvort, að taki opinbera aflausn fyrir ofbráðar samfarir við Ragnheiði eða synji fyrir ella, sé hann þar til fær. Annars skal hann við tvo votta leita fyrirgefningar við Ara í því misferli og bjóði sig til tilbærilegrar hlýðni og bóta eftir lagadómi. Skyldast þá Ari til honum sáttsamlega að fyrirgefa þó hann eigi sína sök síðar undir lögum. Og eftir það Jón hefur hér við kristilega leitast má hann opinbera aflausn taka á þeirri kirkju sem brotið skeði. En um réttarfar og aðrar álögur sem þar að hlýðir setjum vér frá oss undir veraldlegan lagarétt.

Samþykkti með oss þennan vorn dóm biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson og setti sínar handskriftir með vorum hér að neðan til fullkomlegrar staðfestu. *Actum ut supra.*

Synodale að Otrardal í Arnarfirði anno 1647

Anno 1647 þann 1. september, að Otrardal í Arnarfirði, voru þessir heiðursmenn til dóms kallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, að settri héraðsprestastefnu af honum í *visitatione ordinaria* um Vestfirðingafjórðung, um nokkur mál þau er í þann stað og dag til álita framkomu og dómsatkvæðis þurfa þóttu í héraði, séra Páll Björnsson, séra Gissur Sveinsson, séra Sigurður Snorrason, séra Jón Egilsson, séra Ögmundur Torfason, séra Erlendur Einarsson, séra Þorbjörn Einarsson og séra Eyjólfur Ásmundsson, prestar Skálholtsstiktis.

1. **Um bænadagahöld.** *In primis* frambar séra Páll Björnsson um bænadagahöld, hvörnin haldast skyldi, hvort sérhvörjum væri í sjálfræði sóknarkirkjunnar að vitja og Guðs orð að heyra, en öðrum þar á móti frítt og frjálst sig til sjóróðra eður annara erfiðismuna út að gefa um þann tíma sem embættisgjörðin er haldin, sem er fram yfir miðdegi, á þeim kirkjum sem prestarnir embætta og bænadagarnir eru boðnir. Virtist oss stór nauðsyn tilbera að eining væri hér um ályktuð, svo allt gengi eftir postulans orðum skikk-anlega til. Nú virtist oss ekki hneykslislaust né skikkanlegt að úr einni og hinni sömu sókn, og jafnvel máské af sama bæ, skuli sú óeining viðgangast að þar annar vill sig tilreiða til kristilegrar iðrunar og *supplicatiu* til Guðs almáttugs skuli hinn annar mega með veraldlegum og holdlegum sýslunum fyrir honum gleppja, og svo sem hold og blóð er tregt til andlegra iðkana en fúst til ávinnings útvega, mun ei óhætt að þar einum leyfast slíkar sýslanir að hinn annar megi dragast frá kristilegri ástundan fyrir hins eftirdæmi.

Hér með vitum vér að löglegar lýsingar bænadaga hafa svo viðgengist í þeim söfnuðum sem best hafa verið siðaðir hér í landi, að til hefur sagt verið að menn skyldu fram um embættistímamann frá líkamlegu erfiði sig halda og sem flestir sóknarkirkju sækja. Fyrir þetta og annað fleira sem hér að hnígur, sérdeilis þörf og nauðsyn þessara bænadaga, sem er að biðja um syndanna

fyrirgefning með sannri iðran, afbiðja syndanna yfirhangandi velforþétt straff af löndum og ríkjum, þá dæmdum vér fullkomlega að héðan í frá skyldi enginn maður mega með nokkru því líkamlegu erfiði þvinga né hindra sem eigi er leyft að framið sé á sunnudögum fram um embættistímann í þeirri sókn sem bænadeginum hefur lýst verið á fyrirfaranda drottins degi, hvort sem hann kemst til kirkjunnar að fara eður ei, heldur skulu þeir sem nauðsynja vegna ekki komast til sóknarkirkjunnar samankoma á bænum og þar lesa sinn *catechismum* og gjöra sínar bænir þeir sem ei kunna meira, syngi iðrunar-sálma þeir sem það kunna og lesi hvör eftir því sem hann er umkominn á sínu heimili, og í slíkum hlutum sig að iðka þar til úti er embættisgjörðartíminn.

En hvör sem hér á móti gjörir upp frá því hann veit þennan vorn dóm, við hann skal af kennivaldinu höndlast eftir prestadómi sem gekk á Vallanesi í héraði, hvar af prófastarnir skulu útskrift fá. En um veraldlegt sektargjald setjum vér til veraldlegra dómara, þó oss virðist skikkanlegast að fátækir nyti nokkurs af þessu sektargjaldi vegna þess að brotið er á fyrri boðordatöflunni, hvar Guð á sjálfur í hlut, hvað vér setjum til guðhræðslu veraldlegs valds. Slíkt hið sama er meint um skírdag og langa frjádag. *Item* um þá sem taka sig frá því líkum sóknarkirkjum til þeirrar sóknarkirkju sem ekki hefur lýst verið, svo þeir megi þess heldur þar með frelsi erfiða. Svo og einnir skulu vertíðarmenn sem aðrir skyldugir að sækja þá sóknarkirkju sem veiðistaðan liggur undir, hvaðan helst úr sveitum sem þeir eru aðkomnir, þeir sem ílengjast í veiðistöðunum.

2. **Um sacramentis seðla.** Í annan máta um seðla og vitnisburði þeirra manna sem fara úr einni sókn í aðra, því heldur þá sem lengra koma að og ílengjast í öðrum sóknnum, skulu prestarnir öngvaneginn við þeim taka sem ekki hafa seðil frá þeim prestum er þeir vænast að sínir sóknarprestar hafi síðast verið, í hvörjum seðli að inntekin skal vera þeirra vitanleg umgengni, og hvönær síðast þeir hafa til *sacramentisins* meðteknir verið, og að þeir hafi hindrunarlaust skilið við þá sókn sem þá var vitanlegt. *Item* skal getið verða ef nokkur hindrun hefur síðan uppkomið í sókninni fram til þess seðillinn er gefinn. Miklu síður skulu prestarnir meðtaka eður samánvígja þá menn í hjónaband sem þeir vita ekki gjörla deili á, nema prestarnir vilji sjálfir ábyrgjast, hvað sem helst uppá kann talað að verða.

3. **Hjónabandsins óverðugir.** Sömuleiðis dæmdum vér að öngvar þær persónur skyldi samánvígjast né meðtakast til hjónabands, hvörjir ei kynni að gjöra grein á sinni kristilegri trú, fyrr en þær hafa það svo lært að prestinum virðist óhætt að þeir sem í hjónaböndin inngefast vilja megi börn og hjú uppala í Guðs ótta og góðum siðum. Skulu prestarnir með sér til ráðs kalla tvo eður þrjá guðhræddustu sóknarmenn í því líkum efnum, svo að í munni þeirra tveggja eður þriggja standi öll orð og andsvör, uppá það prestarnir séu því forsvaranlegri fyrir ámæli uppá nokkurs háttar sjálfdæmi eður ofríki, og svo skal í öllum efanlegum og vandalegum málum aðfara, að presturinn hafi guð-

hrædda menn í ráði og vitund móti veraldarinnar aðkasti, eigi til minnkunar embættisins heldur hlífðar og vareygðar.

4. **Um rykti.** Um rykti það uppkemur í sóknunum virðist oss að prestarnir fyrst eigi svo með að fara, fyrst að leitast eftir ryktisins höfuðsmanni og af honum rannsaka með hvörjum hætti, rökum eður líkindum hann er þar að kominn, síðan að rannsaka og *examinera* þann sem fyrir er orðinn, en finnist ei ryktisins höfundur eður virðist hann ótrúanlegur að eftir þurfi að taka, eða gangi sá sem borinn er þverlega og örugglega þar á móti, svo eigi má presturinn verða viss um hið sanna, þá sjáum vér ekki annað ráð en presturinn taki sóknarvitni þegar hann hefur sitt besta gjört um áminningar á allar síður, og láti það sóknarvitni af öllum borið og handsalað uppskrifa og handskrifta af sjö bestu sóknarmönnum,¹ ef svo margir skrifa kunna, en taka handsöl af þeim sem ekki skrifa kunna að þeirra nöfn séu undirskrifuð. Sé þá málið eigi því hærra virðist oss presturinn eftir sóknarvitnunum fara mega. En berist ryktið að í slíkum stórmælum sem lögbók skipar eiði fyrir að standa, þá skal presturinn sóknarvitnið skýrlega útskrifað senda til prófastsins. En prófasturinn ráðgist með sýslumanni um aðgjörðirnar, en presturinn bíði á meðan að sekta-lausu þar til andsvar kemur af þeirra hendi, nema lífsnauðsyn aðkalli þess sem fyrir ryktinu varð, þá má honum *sacramentum* veitast eftir *ordinantiunni*, en standi þó síðar, ef viðréttist, til réttar sem áður.

5. **Um skilnað frillu.** Um þær frillulífspersónur sem áminntar vilja ekki skiljast láta, svo úr skugga sé gengið að þær hafni samvistum, höldum vér sem aldeilis ekki skildar og dæmum að þar með skuli fara eftir kóng *maystets recess* og *forordningu*.

6. **Um börn lausakvenna ófeðruð.** Um þau börn sem lausakonur svo ala að ei geta grein gjört á vissu faðerni, svo þær leggja út fleiri en einn í senn, þeir og ekki til undanfæris færir sem tilnefndir eru, virðist oss að börnin tengist ekki til ektaskapar í hvorugs þess manns ætt sem kennt var sökum vareygðar við óvissa blóðskömm, á báðar síður í öllum þeim liðum sem fyrir-boðnir eru, og að því sé lýst í þeirri sókn sem þau uppalast og staðfestast einu sinni á tólf mánuðum frá því börnin eru tólf vetra fram til þess þau giftast.

7. **Um kuklara.** Um kuklara sem reynast að þvílíkum óknyttum eður raupa þar af svo vottfast verði dæmum vér að hvoru tveggju taki opinbera aflausn. En hvorki þeir óafleystir né aðrir mega til hjónabands gefast fyrr en afleystir eru og kvittir af sínu misferli.

8. **Hátíðahald hjá Enskum.** Þá sem helgar og hátíðir halda hjá Eng-elskum, og forsóma þar fyrir embættisgjörðirnar, dæmum vér skylduga fyrsta sinni að áminnast opinberlega, síðan sem fyrir annað augljóst helgibrot að afleysast.

1 *hætti, rökum eður líkindum ... sóknarmönnum:* Þvert á spássíuna er skrifað *Hæc cum grano salis accipienda* eða að því sem þarna er skrifað beri að taka með varúð, það er korni salts

9. **Um háðuglega kvenna meðferð.** Um þá menn sem háðungarlega fara með konur, klæðfletta þær og berja ótilheyrliga með heift, þegar þeir það meðkenna þó að ekki sjái menn á eður í annan máta reynist satt, dæmum vér þá skylduga að taka opinberlega aflausn fyrir soddan skammarleg og svívirðileg tiltæki, harðlega í söfnuðinum.

10. **Um Þorvald Ásmundsson.** Um Þorvald Ásmundsson og aðra þvílíka menn er skiljast við konur sínar og forlata þær án dóms og löglegs viðskilnaðar, en drýgja samræði við aðrar, dæmum vér þvílík brot fyllileg hórdómsbrot, ætíð svo lengi þar til lagadómur skilur hjónabandið, af því að hjónabandsgjörningurinn er dóms og laga verðugur, svo vel sem annar gjörningur er að veraldlegum lögum verður fullgjörður.

Samþykkti með oss þennan vorn dóm biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson og setti sína handskrift með vorum hér undir til fullkomlegrar staðfestu uppá allt áðurskrifað. *Actum ut supra.*

Synodalia anni 1648

In nomine Jesu Christi. Anno 1648 30. júní voru þessir heiðurlegir kennimenn til dómsálita nefndir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, séra Sigurður Oddsson, séra Björn Snæbjörnsson, séra Torfi Jónsson dómkirkjunnar prestur, séra Jón Daðason, séra Jón Jónsson, séra Jón Bjarnason, séra Sigurður Bjarnason, séra Salómon Jónsson, séra Engilbrikt Nikulásson, séra Jón Erlendsson, séra Árni Einarsson, séra Jón Gíslason, séra Gísli Þóroddsson prestar Skálholtsstíktis, um þau mál er þar framkomu og þá urðu rannsökuð og yfirtekin tímans vegna og prestafæðu.

Í fyrstu framkom málefni Bjarna Tyrfingssonar, hvar um biskupinn hafði hann *citerað* hingað á prestastefnu. *Item* framkom hér Guðmundur Bjarnason bróður Guðnýjar Bjarnadóttur hennar vegna svari að halda, þar hann tjáir hana veika og forfallaða sjálfa að koma. En séra Jón Brandsson kom ekki og engin forföll né afsökun af hans hendi. Því virðist oss hann fyrir þá forsömun áminningar verður í fyrsta sinni. En Guðrún Gísladóttir hefur nú aftur skipast og gengið til hlýðni, meðtekið heilaga aflausn og *sacramenti*. Því virðist dómsmönnum hún að þessu sinni frá fyrir undangengna sjálfræðis útsetning til tíma, svo framt sem hún ræðst ekki frekar í, til neinnar hneykslissamlegrar yfirhyllmingar og forsvars í málinu.

En máli Bjarna Tyrfingssonar og Guðnýjar Bjarnadóttur er svo varið í stuttu máli, að Guðný Bjarnadóttir skal hafa á heimili Bjarna Tyrfingssonar og Guðrúnar Gísladóttur í góðu gengi og yfirlæti verið, svo Bjarni meðkenndist nú að hún hefði við og við sofið í því húsi sem hann hvílt hefði, þó hans ektakvinna Guðrún hefði legið í öðru húsi. Bar Bjarni Tyrfingsson þar um fram meðkenning Guðrúnar Gísladóttur sinnar kvinnu, meðtekin af Eiríki Jónssyni og Finni Jónssyni 1646, hvar inni hún meðkennist að Bjarni sinn

maður væri með öllu saklaus bæði leynilega og opinberlega þar af að hún hefði rúm við hann skilið, hvað ei hefði skeð af ósamþykki, úlfbúð eður forakti, heldur vegna þess mótlætis sem sér hefði tilfallið.

En hvörninn sem því er varið þá hafa nokkrir sóknarmenn Akarakirkju 5 að tölu meðkennt að sér væri ekki alleinasta til sturlunar og hneykslis sængur-skilnaður og fráhvflur þeirra hjóna, Bjarna Tyrtingssonar og hans kvennu Guðrúnar, heldur og einninn sú meðlætis vist og vera sem Guðný Bjarnadóttir hafi og haft hafi á þeirra heimili, *datum* 1647. Undirskrifaðir Eiríkur Finnsson, Finnur Jónsson, Jón Jónsson, Guðmundur Jónsson, Þórhalli Hildibrandsson.

Þar á ofan hefur séra Jón Brandsson veitt áminningar, sérdeilis Bjarna Tyrtingssyni og Guðnýju Bjarnadóttur um viðskilnað bæði af svefnhúsinu og bænum, vegna hneykslis sem þar af rísi út af Guðs orði. *Datum* eftir útskriftinni 1647, sunnudaginn í föstunngang í Akarakirkju. Undirskrifuð nöfn Eiríkur Finnsson, Einar Jónsson. Virtist oss presturinn séra Jón Brandsson þessa áminning, hvör nú var upplestin, löglega gjört hafa eftir sínu embætti, *ordinantiu* og *recessum*, því oss sýndist óskikkanlegt að Guðný skyldi í einhýsi hvíla með Bjarna í fámenni en hans ektakvinna annarstaðar, svo þar fyrir hafi presturinn fulla orðsök haft til áminningarinnar. Þaðan af segist Bjarni Tyrtingsson svo mikið aðgjört hafa að hann hafi síðan fardaga, hann og hans kona, Guðný og fleiri aðrir, hvílt í einu og sama húsi. Þar til er honum nú til sagt að leiða heimiliskviðarvitni ef þörf gjörist og hafa þann vitnisburð með fyrsta sér í hendi. En um skilnað Guðnýjar frá heimili Bjarna hefur ekki annað aðgjörst, eftir meðkenning Bjarna sjálfs, en að Guðný hafi um stundarsakir frá vikið, einkum um átta vikur í fyrrasumar, en horfið aftur til heimilis síns eftir veturnætur. Höfðu þær aðgjörðir gjörst eftir það veraldlega dómsálit sem gekk á leiðarþingi í fyrrasumar af Jóni Sigurðssyni, hvar þeirra heimilis skilnaður var ályktaður Bjarna og Guðnýjar. En þau hafa fyrir utan *sacramentum* verið að meðkenning Bjarna síðan í fyrra um veturnætur.

Athuguðum vér kóng *maystets* almennilegan *recess*, útgefinn með hans bréfi 1643 27. febrúar. Í fyrstu bók um kennivaldið, 25. *artacula*, þar stendur svo: Þar einhvör verður um annan misþenkstur og ryktaður að lifa lauslátum eða skemmilegum lifnaði við hjúin, ber þeim eigi alleinasta til að segjast að þau sig endilega hvort frá öðru haldi, heldur og ef þær eru lausar persónur öldungis af bænum, sókninni og jafnvel héraðinu skilji. Með því hvör og einn sem ærlegt nafn aktar á gjarnan þar til að stunda og vita að hneykslið svo vel sem syndin er straffs verð, nema þeir vilji í meiri kirkjunnar umvöndun falla og straffast af sínu yfirvaldi, hvör grein oss virðist þessu máli viðkoma, svo mikið sem áður skrifuðum hneykslis og sturlunar grun viðvíkur og svo framt sem sá vitnisburður við makt stendur.

Því að heilags anda náð með oss tilkallaðri dæmdum vér fyrrnefndir kennimenn með fullu dómsatkvæði áður skrifaðar persónur Bjarna Tyrtingsson og Guðnýju Bjarnadóttur skyldug heimilisvistarveru af bænum minnsta kosti að

Vegna ryktis og líkinda áminning gjörð af presti

Vegna ryktis og líkinda. Ógiftar persónur dæmdar heimilisvistir að skilja

skilja eftir *articulanum*, eða ryktið að ónýta og umturna hvar uppá *articulinn* er byggður, með fullkomlegu undanfæri eftir því sem lögmenn og lögréttan hér á alþingi nú umgjörir. En á meðan því frestar skulu þau heimilið skilja, þar til þar verður endi á með fullkomlegu undanfæri í þann tíma framkvæmdu sem veraldlegur dómari tilsetur, og með svo háum eið og þeim vottum sem lögréttan gjörir. En vilji þau hvorugt þessara meðala, skilnaðinn eður undanfærið, fullkomna hlýtur kirkjuvaldið fram að fara eftir kóng *maystets forordningar*, *articulans* og prestastefnudóms innihaldi útgengnu 1639, sem er að *procedera* og lýsa til bannfæringar fyrir þrjótsku og harðýðgi og óhlýðni við Guð og kristilega kirkju. En veraldlegt vald áminnum vér að forsóma ekki sína skyldu að straffa eftir *articulans* hljóðan.

Samþykkti með oss þennan vorn dóm biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson með oss fyrrskrifuðum kennimönnum og setti sína handskrift hér undir með vorum til fullkomlegrar staðfestu.

Um Mjóafjarðarþing,
vide supra
fol. 125

Sama stað og dag sömu prestar til dóms nefndir um Mjóafjarðarþing. Fyrst biskupsins tilboð, að Mjóafjarðarmenn hefðu mátt fá séra Guðmund Jónsson til sóknarprests fyrir prestsskyldurnar og 12 kúgilda hálfar leigur, svo framt sem þeir hefðu getað útvegað honum bjargsamlegt ábyli með venjulegri leigu, en það varð ekki til. Því fékkst sá kennimaður ekki sem þeir í sínu bréfi meðkenna að sú jörð sem biskupinn tilætlaði hafi brugðist.

Í annan máta skrifa kirkjuverjarar Mjóafjarðar að þeir þykjast ekki eiga að gjalda eða lúka presti af öðru kirkjugótsi, eignum eður ítökum, utan 10 álnir af hvörju kúgildi. Enn framar bar biskupinn fram nokkra skólapersóna meðkenning að biskupinn hafi í skólanum framboðið þessi þing sem fyrr hefur verið getið, hvörjir allir sig afsakað hafi vegna uppheldisleysis. Óskaði biskup hér um álita hvað hentugast þætti til að gjöra. Athuguðum vér *ordinantiuna* um sóknardjákna, að þar þá vantar bústað skuli þeir fyrst njóta hans af kirkjunnar, sé það ekki, þá megi unnast fyrir festing á kóngsins og krónunnar. Þá sýnist oss prestunum ekki síður en djáknunum tilheyrja í slíkri nauðsyn sem hér er, með því kirkjan á einasta í heimalandi 10 hundruð og hálfleðu í 6 hundruða Koti, þau ein eru hennar ábyli sem hún á. En oss virðist, skuli kirkju og hennar *inventario* uppihaldið vera fyllilega, þá muni kirkjan ekki aflags hafa, og því hljótum vér að snúa til kónglegrar *maystets* befningsmanns yfir landið, erligs og velvís manns Jens Söffrensonar, að hann vilji Guðs þjónustu vegna svo vel gjöra og unna prestunum gagnlegrar jarðar í Mjóafirði af kónglegrar *maystets* jörðum, og ef mögulegt væri aðra í Seyðisfirði til Dvergasteinskirkju fyrir festing og árlega afgift sem svarist þar eystra þeim sem það umboð hefur. *Etc.*

Um veitingar í *visitatiu*

Sama stað og dag og sömu kennimenn ályktuðu með fullu dómsatkvæði á prestastefnu, eftir kóng *maystets recess* 1. bókar, 22. *articula*, með biskupsins samþykki, að í *visitatium* skuli héðan af afleggjast allar þvinganir og nauðungar til drykkjuskapar og allar stórdrykkjur og brennivíns keppiveitingar, heldur að biskupinn sé alltið fyrir sína persónu sjálfráður. Gjöri þeir sem þar hafa efni á ærlega máltíð með öl og mat án óhófs og aðhalds, og ætli svo til að fullur dagur sé til náttstaðar með sagtri og stillilegri reið, svo ekki sé átt við ofreiðir eður náttferðir. En láti heldur til reiðu sæmilega fylgd og farargreiða sem meðþarf og góðir menn allir hafa hingað til gjört, svo fyrir drykkjuskapar sakir þurfi ekki biskupsins erindi að hindrast í *visitatiu*, heldur allt megi skikkanlega framfara. *Actum* Þingvöllum 1648 30. júní. Til vitnis vorar handskriftir (með biskupinum ellefu undirskrifaðir).

Þvinganir til

Fylgd og farargreiði sé biskupi í té látinn í *visitatium*

Aldísarmál

Sama stað og dag í sömu presta viðurvist bar biskupinn fram mál Aldísar Jónsdóttur í Botni, svo vítt sem aflausn og *sacramentinu* viðvíkur á þeim sökum sem því nema og komið hafa undir dóm í Ölvesi á Bakkárholti fyrir Indriða Jónsson í sýslumannsins stað. Hafði biskupinn fyrir stuttu forheyrt Aldísi um þær tvær sakir sem hann minntist að fram hefði komið undir Bakkárholtisdóm Indriða, sem voru um þau orð sem henni voru kennd að tala hefði átt um *sacramentið*, hvörju hún þverlega neitaði. En með því biskupinn hefur ekki dóminn, þó hún knýi á kristilega kirkju og *sacramenti*, álykta samankomnir kennimenn að þessi dómur hljóti endilega að sjást og rannsast fyrir lögréttunni, og þær sakir sem andlegum viðvíkja löglega og tilbærilega trakterast, fyrri sýnist þeim ekki fært úrskurð á hennar mál að leggja. Skrifaði biskupinn lögmanninum Árna til seðil að hann vildi oftskrifaðan Indriða dóm í ljós kalla, svo úr skugga mætti gangast hvað hér úr ráða skyldi af hálfu kristilegrar kirkju. Þangað til verður að standa sem komið er, nema í lífsnauðsynjum Aldísar, þó svo að hún gjöri sína játning á sinni trú um *sacramentið* undir votta og afturtaki hafi hún mátt öðruvíis en hæfði um *sacramentið* tala, lofi og síðar meir að ganga til hlýðni við Guð og kristilega kirkju þá henni batnar, ef nokkrar þær sakir henni á hendi bívísast eða bívísaðar dæmast sem opinberrar aflausnar eða áminningar séu verðar. En á meðan þetta rekst ekki til lykta skyldast hún að búa sig kristilega til aflausnar og *sacramentis* með kostgæfni, ástundan Guðs orða heyrnar eftir megni og stillilegs lifnaðar sem hæfir. *Actum* Þingvöllum 1648 1. júlí.

Sacramentum veitist sér-hvörjum sem þess óskar í lífsnauðsynjum

Acta þau framfóru í Vallanesi í *ordinaria visitatione* 1648

Anno 1648 þann 5. september að Vallanesi samankallaði biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson flestalla presta um Fljótsdalshérað. En alleinasta kom að *synodum provincialem* fjórir og Stefán Ólafsson *sacrosanctæ theologiæ attestatus* hinn fimmti, séra Torfi Jónsson hinn sjötti reið með biskupinum.

Jón Vigfússon
afsegir sína
ábyrgð á pen-
ingum Valla-
neskirkju
Tveimur
attestatis boðið
út um köllun
að vera til
Vallaness

In primis. Lét biskupinn upplesa bréf Jóns Vigfússonar, *daterað* 26. júlí 1648, hvar hann segir og býður upp staðinn eftir séra Finn sáluga sinn son og staðarins peninga að Vallanesi, afsegjandi lengri ábyrgð á þeim peningum frammar en hann tæki arf eftir sinn son eftir landslögum.¹ Þar eftir tilsagði biskupinn tveimur *presentibus attestatis* séra Torfa Jónssyni og Stefáni Ólafssyni *pro jure prærogativæ studiosorum attestatorum* að þeir báðir mætti eftir *ordinantiunni* út um löglega köllun vera, fyrr en þar væri á öðrum kostur gjörður.

Páll Björnsson
umbedinn af
biskupi að
afhenda Valla-
nesstað

2. Sama stað og dag í fyrrskrifaðra manna viðurvist afhenti biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson Páli Björnssyni reikningsskap Vallanesskirkju, eftir því sem sálugi séra Finnur meðtekið hafði, með því svo samdist með biskupinum og Stefáni Ólafssyni að þeir væri báðir í svari til helminga við kirkjuna og hefði að jafnaði skaða og ábata til næstkomandi fardaga. Og það biskupinn Pál Björnsson að vera fyrir sína hönd að afhenda sinn hluta staðarpeninganna sem hann ábyrgst hafði réttum meðtökumanni í eftirkomandi fardögum.

Ályktað að
nálægustu
prestar önn-
uðust nauð-
synjar Valla-
nessóknar á
meðan prest-
laust væri

3. Ályktaðist að nálægustu prestar Vallanesi önnuðust nauðsynjar sóknarinnar í viðlögum eftir því sem þeim væri mögulegt við að koma, sínum söknum að sem bagaminnstu.

Borgunar-
manns krafist
af efnalitlum
presti fyrir
staðarpeninga

4. Afsagði Páll Björnsson lengur í borgun að ganga fyrir séra Eirík Bjarnason á Hallormsstöðum um þau 4 hundruð, tvö fríð, tvö ófríð, sem hann í fyrstu *visitatiu* hafði í borgun umgengið á kirkjunnar peningum. Þá virðist biskupinum og samankomnum prestum Páll ekki lengur þar um skuldbundinn en hann með góðan vilja vildi, þar hann hafði þar fyrir ekkert þegið. Beiddist nú biskupinn, síðan Páll frágengur, ályktunar af prestum hvörsu með skyldi fara um staðinn Hallormsstaði og hans peninga, ef nokkuð á borð brýsti. Virtist prestunum full nauðsyn að biskupinn hér tilhlutaðist vegna vanefna séra Eiríks og harðindalags, skyldi kirkjan ekki stóran skaða líða bæði á staðnum og staðarins peningum. Því krafðist nú og beiddist biskupinn af séra Eiríki Bjarnasyni fullnaðar borgunarmanns fyrir hvað sem á borð kynni bresta kirkjuna á

1 *eftir sinn son eftir landslögum*: handrit hefur *eftir sinn son eftir sinn son landslögum* en punktar eru undir síðara *eftir sinn son* og hér er haldið *eftir*

Hallormsstöðum, hennar *ornamenta, inventarium*, staðinn og staðarins peninga, kvika og dauða, svo að sú borgun vottuð og handskriftuð væri biskupinum til handa komin innan veturnáttu, svo framt sem séra Eiríkur vildi staðnum framvegis halda. Virtist prestunum þessi biskupsins krafa lögleg og prestinn séra Eirík skyldugan að láta borgun koma innan ásetts tíma.

5. Frambar Páll Björnsson vegna Steinunnar Árnadóttur að hún klagði sig það hún af séra Eiríki Bjarnasyni hafi sett verið af *sacramentinu*, og eftir framburði séra Eiríks hafi hún þar fyrir utan staðið síðan í fyrra eftir veturnætur, leitandi hennar vegna kristilegra fríheita. Rannsókuðum vér nú af séra Eiríki Bjarnasyni fyrir hvörja orðsök skjállega hann hefði hana þar frásett. Frambar nú séra Eiríkur þá orðsök að hann hefði hana útafsett fyrir svívirðileg orð og breytni við sinn ektamann Magnús Árnason. Dæmdum vér séra Eiríki Bjarnasyni til bevísinga þessa hvors tveggja að hún svívirðileg orð og breytni hafi í frammi haft við Magnús, svo skjállegir vottar viti og umberi, fyrir sýslumanni eður hans umboðsmanni. En sé hvorugur innan héraðs virtist oss þeir vitnisburðir af prófastinum metast verða nauðsynjanna vegna, þó veraldlegar persónur í hlut eigi, vegna sáluhjálpar þeirrar kvensviftar sem í hlut á, að ei oflengi undandragist. Skal hún, þá vitnin leiðast, persónulega fyrirkallast ef hún vill tilkoma, og að þeim vitnum löglega leiddum og fullri svívirðing metinni dæmum vér hana skylduga að taka opinbera aflausn þar fyrir. Annars bregðist vitnin eða sökin metist ekki svo há að full svívirðing sé í, sýnist oss presturinn í fyrsta sinni sig til áminningar og féútláta til fátækra prestaekkna eftir kónglegrar *maystets recess* forséð hafa, sem eftir hans formegun skulu af honum dæmast og útsvarast ekkjunum innan héraðs, hvar um prófasturinn eftir sinni réttssýni og málsins vexti hefur í að segja. Skulu vottarnir leiðast og sökin metast innan Michaelismessu.

Prestur ef ei getur bevísað sinn framburð áminnist og straffist með féútlátum til fátækra prestaekkna

6. Frambar biskupinn vegna séra Snjólfss Bjarnasonar að hann treystist ekki að fremja embætti á vetrardag í Áskirkju vegna kirkjunnar hrörnunar. Gefum kirkjuhaldaranum tóm til kirkjuna að umbæta svo embættisfær verði innan veturnáttu nokkurneginn, síðan endilega skyldugan hana fullkomlega að endurbæta svo aldeilis embættisfær verði sumar og vetur. En ef það forsómaðist, dæmdum vér að söknin vitjaði heilags altaris *sacramentis* að Ormastöðum, svo lengi sem endurbæting kirkjunnar í Ási undandragist. Sérdeilis um vetrartímann og endranær í fjúkum og stórviðrum, þá höndlun heilags *sacramentis* er ekki óhætt. En þar fyrir virðist oss nokkuð af Áskirkju skyldum leggjast verða til Ormastaða, minnsta kosti þriðjungur, þangað til að verður gjört.

Forsómun á kirkjubygging

7. *Item* lét séra Ólafur Einarsson frambera hvörsu höndla skyldi við þá menn er halda við frillur sínar í forboði presta. Blífum vér við þann fyrsta póst prestastefnu að Egilsstöðum 1646 að því tillögðu um ryktið að það sé opinbert eður vottað í söfnuðinum, svo prestarnir leggi sig ekki í hættu með getsökum eður mummusökum, hvað vér meinum um þær persónur sem aldrei eru fyrri opinberar orðnar að neinu broti og órykti upp um kemur. En þær sem opin-

Menn sem halda frillur sínar í forboði presta, vide Egilsstaðadóm anno 1646

berar eru orðnar að þvílíkum misferlum dæmum vér endilega sundur, eftir fyrrskrifuðum prestastefnudómi.

Synodalia provincialia að Odda í sömu visitatiu Um prestsuppheldi af Skúmstöðum

Um prests-
þjónustu
þörfun á
Skúmstöðum

Anno 1648 þann 10. október að settri héraðsprestastefnu að Odda á Rangárvöllum kennimenn til dóms og álita kallaðir úr Rangárþingi af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, séra Snæbjörn Stefánsson prófastur í Rangárvallasýslu, séra Torfi Jónsson kirkjuprestur dómkirkjunnar í Skálholti, séra Magnús Jónsson, séra Jón Magnússon, séra Hannes Tumasson, séra Sigurður Jónsson, séra Eiríkur Þorsteinsson, séra Jón Jónsson, séra Jón Þorsteinsson og séra Björn Höskuldsson, prestar Skálholtsstíktis, um það mál er Skúmstaða sóknarmenn nú ákærðu og ákært höfðu í sumar 1648 26. júlí, einkum um prestsþjónustu þörfun í Skúmstaðasókn síðan séra Jón Bergsson fráveik nær því fyrir hvítasunnu í vor, en síðan hafi þar ekki messað verið, utan það séra Henrik Jónsson hefur vegna Katrínar Erlendsdóttur tvisvar, og einu sinni fyrir bón, og einn bænadag embættað.

Hér að auki áhrærdi þeir nokkra tilfallna þörfun nauðsynlegra hluta þjónustugjörðarinnar, sérdeilis víns og baksturs, meinandi sig að kirkjuverjurunum þá málaskókn eiga, hvörjir að eru séra Erasmus og séra Magnús Pálssynir, séra Gunnlaugur Sigurðsson norður í Eyjafirði vegna sinnar kvinnu Helgu Pálsdóttur, Gunnlaugur Filippusson vegna sinnar kvinnu Katrínar Pálsdóttur. En Katrínu Erlendsdóttir sögðu þeir fyrir sinn part fría og ákærulausa.

Kom nú fram vígslu- og þingabréf séra Henriks Jónssonar, þar hann af biskupinum var *ordineraður* til Hvals og Skúmstaða sóknarkirkna, þar eftir hefur hann framboðið sína þjónustu að Skúmstaðasókn, sem vitnisburðir þar um nú framkomu, svo framt sem hann fengi nægilegt uppheldi svo honum væri vel viðvært. Leituðust nú áðurskrifaðir kennimenn við þá bræður séra Erasmus og séra Magnús Pálssyni, ásamt við Gunnlaug Filippusson vegna sinnar kvinnu Katrínar, að draga þetta svo saman að þvílík forlíkun ágjörðist millum prestsins og þeirra að þeir tilleggðu svo mikið af kirkjunnar og altarisins árlegum ávöxtum og inntektum sem svaraði ánægjanlegu dæmdu prestsuppheldi að helmingi móts við Hvolskirkju, svo að fyrir Skúmstaði alla leggðist til prestsuppheldisins hálf þriðja hundrað. Reiknast þá að hvor þeirra bræðra svaraði sjötíu og fimm álnum og tvær systur öðru jafnmiklu, með því hingað til hafa þeir ekki ásamt umkomið að gjalda af kirkjunni meir en alls 12 fjórðunga smjors, hvar af ætlað er prestinum sitt uppheldi að hafa að öllum helmingi síns uppheldis til daglegrar nauðpurftar, hvað oss öllum virðist mikils of lítið og öngvaneginn viðvært, þar presti uppgefnum er áður dæmt full fimm hundruð til uppheldis. Virðist oss þeim sem þjóna ekki minna ætla þurfa

sem einum verkmanni eigi minna framfæri ætlað vera en ómaga að landslögum.

Nú með því að fullnast vitni að, að Skúmstaðir hafi helmingakirkja verið á móts við Hvolskirkju meir en um 30 ár næstu og enn miklu lengur, þar með er þar langtum fólkríkari söfnuður af fólksfjölda en Hvolskirkjusöfnuður, því virðist oss fyrir báðar þessar greinir vér kunna því ekki að umbreyta að Skúmstaðakirkja sé helmingakirkja móts við Hvolskirkju, og látum hana því héðan af sem hingað til helmingakirkju vera. Játuðu þeir bræður séra Erasmus og séra Magnús Pálssynir ærlega að greiða og gjalda hvor fyrir sinn part í Skúmstöðum sem er af fimmtán hundruðum 75 álnir og lofuðu það að greiða í þriðjunga aurum, smjóri, fiski og sauðum, en fyrir 20 álnir af einhvörjum þessara skyldu gjaldast átta álnir vaðmáls. Skyldi sauðirnir og vaðmálið greiddast í fardögum en smjör og fiskur innan Michaelismessu, svo mikið heima á Skúmstöðum sem eignarmennirnir geta af landsetunum fengið, en hitt annað innan héraðs á Kálfholti eður nær. Og þessu varð samþykktur Gunnlaugur Filippusson vegna sinnar kvinnu Katrínar Pálsdóttur að helmingi móts við hvorn þeirra bræðra, sem er að honum tilkemur að svara fimm aurum og hálfri áttundu alin, en allir telja sér vissa að séra Gunnlaugur Sigurðsson muni vegna sinnar kvinnu Helgu Pálsdóttur hér í besta máta viðsnúast. Hér með skildu hvörjir við aðra vinir og vel sáttnir. Prestar voru og áminntir að varast slíkt hættusamlegt hirðuleysi *etc.* Samþykkt og undirskrifað af öllum.

Af Skúmstaða
helminga-
kirkju játað
presti hálfu
þriðja
hundraði

Um aflausn Þorvarðs Eiríkssonar

Anno 1648 10. október að Odda fyrrnefndir kennimenn ásamt prófastinum séra Snæbirni til álita kallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni uppá þann seðil er séra Magnús á Breiðabólstað bar fram um Þorvarð Eiríksson, að hann meðkennt hafi fyrir Matthiis Söffrensyni í góðra manna náveru að hann hafi brúkað konst og kunnáttu með galdra síðan hann kom til skilningsára. Og nú aftur á mót heyrir á honum að hann hafi hrósað sér þar úti, en kunni ekki þar. Þar fyrir bifali hann hans sóknarpresti séra Magnúsi Jónssyni að láta hann taka opinbera aflausn fyrir þessa lygi sem hann hefur hér úti uppá sig logið, Stokkseyri 1648 14. ágúst. Undirskrifað nafn, Matthiis Söffrenson. Þar eftir standa þessi orð: fyrrskrifaða lýsing Þorvarðs votta þeir sem undirskrifa. Fyrsta nafn ólæsilegt, en síðan stendur: Markús Bjarnason og Jón Snorrason.

Aðspurðum vér Þorvarð Eiríksson hvort hann meðkenndi þessi orð sem uppá hann borin voru um galdrabrukun og áminntum hann til sannleiksins viðurkynningar eftir vorri skyldu, og frambuðum honum nú opinberlega aflausn eftir þessum seðli. Þar til svaraði Þorvarður að aldrei hefði hann galdrakunst brúkað, þar næst að eigi hefði hann svo hann vissi eður minnstist það uppá sig sagt eður því hrósað, og því afsegir hann opinbera aflausn að

taka. Eftirspurðum vér hann einninn hvort hann hefði því ekki lofað opinbera aflausn fyrir lygi uppá sig sjálfan að taka, hvað hann vill ekki meðkenna með fríum vilja sig gjört hafa, og afsegir Þorvarður að ekki betur prófuðu máli en nú er framkomið opinbera aflausn að taka, heldur býður hann sig og sín fríheit andleg og veraldleg undir rétt og skjállegt lagapróf, rannsak og fullkomlegan lagadóm að sannprófuðu þessu sínu máli, hvörs lagadóms vér kunnum honum ekki að synja. Þar fyrir víkjum vér þessu máli aftur undir fullkomlegra rannsak, próf og bevísing, með því vér vitum ekki fyrir lög gengið hafa að veraldlegir valdsmenn hafi að óprófuðu málinu skikkað aflausnir og leitað þar ekki um samþykkis biskups eða prófasts, því kristilegt lykklavald var postulunum í hendur fengið en ekki landsdómurum.

Hvört eitt
mál afleysist
í þeirri sókn
sem brotið
er

Þar með kunnum vér ekki að sjá lög þó þetta bívísaðist Þorvarði á hendur að hann þessu á sig logið hefði, að sú synd skyldi þar afleysast sem hún er ekki tilfallin, því svo hefur fyrir lög gengið að þar skuli um hvört mál dæma sem það er tilfallið og þar skuli hvör afleysast sem brotið hefur, hvar sem opinberaðist. Því kunnum vér ekki að svofelldu máli prestinum séra Magnúsi það á hendur að dæma og ekki heldur Þorvarði opinbera aflausn fyrr en löglegt próf ákemur og frekari skýrsla ágjörist að Þorvarður hafi þessu á sig logið með ráði. En á meðan það lagapróf undandregst kunnum vér ekki að neita Þorvarði sinni aflausn. En vottist Þorvarður þessa skemmilega hrösun af nokkrum setningi haft hafa, þá dæmum vér hann skyldugan þar fyrir opinbera aflausn að taka í þeim söfnuði er hann braut eður biskup tilsetur eftir hentugleikum og málavöxtum. Samþykkti með oss -

Um barn sem drukknaði í forarpytt

Anno 1648 þann 11. október sömu prestar til dómsálita kallaðir að settri héraðsprestastefnu að Odda af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni og séra Snæbirni Stefánssyni prófasti í Rangárvallasýslu um það hryggilega tilfelli sem af prestunum í Vestmannaeyjum séra Jóni og séra Gísla var skrifað, um það barn Þórarins Bjarnasonar og Helgu Þorvaldsdóttur sem hlaut ófarir og dauða í forarpytt í fráveru föðursins í landi en frágöngu móðurinnar til sinnar sýslu í bænum, þar svo téðist af prestunum að bróðir barnsins nær sextán vetra hefði að nokkru leyti haft umsjón til barnsins, þó í þann tíma sem ólukkan skeði hindraðist hans varatekt í það sinn. Síðan hefur bæði faðir og móðir barnsins, og hún sérdeilis, borið sig stórilla með öngvitum, ekki og harmi, svo vakað hefur yfir verið stundum, eftir prestanna framburðar ávísun. Óska þeir andsvars um konunnar aflausn í hennar hörmum og stórri hjartans angist, og svo um aðrar fépínur eftir því sem oss bæri um að dæma.

Barn sem
ófarir og
dauða hlaut í
forarpytt

Athuguðum vér *ordinantiuna fol.* 60, þar hún talar um konur þær sem óforvarandis móti sínum vilja liggja sín eigin börn í hel, að þær skuli sókn-

arpresturinn innfæra fyrir *superintendentinn* og af honum skuli þær óska líflausnar af syndinni, svo skuli *superintendentinn* leggja þeirra persónu eina mögulega peningaútgift uppá þá sem hún kunni af stað að koma, og sá peningur skuli leggjast í kistu til fátækra. Nú með því að öngvum iðrandi manneskjum og sorgfullum má aflausnar synjað verða, þar fyrir dæmdum vér konunni opinbera aflausn fyrir sína vangætslu með skynsemi eftir því sem hún kann að þola. En með því að forföllin banna að nú kunni hún til *superintendentisins* að koma eður prófastsins eður þeir til hennar milli lands og Eyja að komast, þó að þessi *casus* undir *ordinantiuna* í þann máta félli, hvað oss virðist ekki fjærlegt, þar sama vangætsla er orðsök til skaðans móti þess vilja sem gæta skyldi, en nauðsyninni eru engin lög sett eftir *ordinantiunni*. Þá skal séra Gísli Þorvarðsson í þessum vitanlegum forföllum móður barnsins skynsamlega afleysa og nákvæmlega hugga ef þess þörf krefur, en samt og áður söfnuðinn alvarlega áminna að vanda varðveitslu sinna barna og innilega fyrir þeim biðja, Guði og hans englum trúlega befala. *Item* bívísist pilturinn fulltíða hafi átt nokkra varatekt á barninu að hafa sé hann í söfnuðinum opinberlega áminntur. En um fjárútlát, hvort til fátækra eftir *ordinantiunni* falla skuli í líkum, en eigi þeim sama *casu*, setjum vér undir almennilegan prestastefnudóm á Þingvöllum með kóngrs bífalningsmanns samþykki, sérdeilis með því vér heyrum þvílíkan *casum* sem nú er hér tilfallinn fyrrum af *superintendenti* úrskurðaðan verið hafa með opinberri aflausn og féstrafti til fátækra. Samþykkti með oss þennan dóm biskupinn og prófasturinn.

Móður
barnsins
dæmd opinber
aflausn fyrir
vangætslu

Um fjárútlát,
sett til
synodum
generalem og
lénsmanns

Synodalia á alþingi anno 1649 Um mál Odds sem tvisvar framhjá féll

Anno 1649 þann 29. júní á Þingvöllum, almennilegri prestastefnu, séra Jón Jónsson, séra Halldór Daðason, séra Einar Sigurðsson, prófastar, séra Þórður Jónsson, séra Páll Björnsson, séra Torfi Jónsson, séra Ketill Jörundsson, séra Vigfús Árnason, séra Eyjólfur Jónsson, séra Sveinn Bjarnason, séra Jón Daðason, til álita kallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni um mál Odds Þorleifssonar er giftur hafði verið í Strandasýslu, konan lengi sár og grafin í andliti, hann tvisvar framhjá fallið þar vestra. Hans eiginkvinna þessi hin kranka svo við vott lýst að hún vildi hann ekki aftur taka til ektaskaparsambúðar, fyrst vegna hjónabandsbrotsins, síðan vegna krankleikans. Svo hefur hann í Snæfellsýslu staðnæmst, en ekki hefur dóms leitað verið um skilnað á hjónabandinu þar vestra, heldur eru þau dómlaust hvort við annað skilin, og hann svo vestan að vikinn og í vetur opinber orðinn að þriðju barn-eign við Þóru Freysteinsdóttur í Staðarsveit. Setur nú lögréttan fyrir *synodum* hvað hátt þetta þriðja brot skuli metast eftir Guðs lögum, *ordinantiunni* og öðrum kirkjunnar lögum.

Um mann sem
tvisvar hafði
framhjá fallið
en hans kona
sár

Álítum vér *articulann* um hórdóminn og finnum vér ekki svo langt fram-
tekið að geti um þau brot sem ske eftir skilnaðinn, þar hann er löglega undan-
genginn. En nú vantar hér á löglegan viðskilnað dóminn, hvörs ekki hefur
leitað verið. Því virðist biskupinum það ekki aldeilis að lögum hjónabandið
skilið, þó full efni og orðsök séu til skilnaðar fyrir konunni, líka heldur sýnist
Guðs orð þar að hníga sem eigi þess háttar skylt við hórdóm. En þó sýnist
nokkrar vægðar von vera í málinu sökum langvarandi og viðurstygglegs sjúk-
dóms sem hún skal lengi í andlitinu haft hafa af graftarsári, svo hún þar fyrir
til hjónabandssamvista veik og óhæfileg sýnast megi. Þar með virðist oss
vitnisburður Odds um lýsing hans ektakvinnu sannast þurfa. Því setjum vér til
lögréttunnar aftur hvað hún af þessum sóttarferli má vægja fyrir þessara
naudsynja sakir. Þetta var ályktun biskupsins og fyrrskrifaðra presta, og til
sanninda hér um skrifa þeir sín nöfn hér undir. Þingvöllum *ut supra*.

Um hjónabandsundirbúning Vigfúsar Eiríkssonar við Önnu Erlendsdóttur

Anno 1649 þann 30. júní, að Þingvöllum á almennilegri prestastefnu, þessir
kennimenn til álits kallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, séra
Jón Jónsson prófastur í Borgarfjarðarsýslu, séra Þórður Jónsson, séra Torfi
Jónsson, séra Jón Daðason, séra Tumas Þórðarson, séra Stefán Hallkelsson,
séra Ásmundur Eyjólfsson, séra Salómon Jónsson. Um hjónabandsundir-
búning Vigfúsar Eiríkssonar við Önnu Erlendsdóttur, hvörju svo er varið, hann
hefur keypt, þrjár lýsingar afstaðnar, hún til hans heimilis komin, varð allt undir
festinguna tilbúið, síðan hefur sundur dregist með þeim. Var þetta mál kallað til
héraðsprestadóms þegar frestaðist þeirra atgjörðum 1649 16. maí að Hesti og
rannsakað hvör orðsök væri til þess undandrátta. Hefðu svarað bæði Vigfús og
Anna þau vildu gjarnan haldið hafa sína trúlofun, hefði ekki annað uppákomid,
en töldu sér nú til orðsakar að eftir trúlofun hefði greind kvinna sérdeilis með
óyndi áþjád verið, svo á næturtíma skelfst og ofboðið, og fyndi til nokkurs
kvilla og angurs svo oft sem hún væri að heimili Vigfúsar. Meðkenndi séra
Grímur Jónsson sóknarprestur Vigfúsar hann meinti satt vera það Anna lýsti um
sinn kvilla. Hafði Vigfús Eiríksson á greindum prestasamfundi boðið Önnu
heim til sín að reyna til hvort nefndur kvilli, angur og óyndi viki ekki frá, þann
tíma til næsta alþingis. Hafði prófastinum með prestunum vírst þörf á bevísing-
um um þetta óyndi og kvilla Önnu, og að vitnisburðir væri teknir um beggja
þessara persóna umgengni síðan trúlofun framfór.

Kom nú Vigfús Eiríksson fram með sína vitnisburði uppá tilbærilega og
térlega umgengni við Önnu, það framast þeir heyrta hefði og tilvissi. Þar með
er í vitnisburði séra Gríms Jónssonar og líka nokkurneginn í vitnisburði Guð-
mundar Þorsteinssonar inntekin lýsing Önnu, þar hún meðkennir þetta óyndi

Hjónabands-
mál um óyndi
Önnu
Erlendsdóttur
eftir kaup

ekki að vera að kenna Vigfúsi né hans fólki, því hann og það hafi frómlega við sig breytt, en Anna kom ekki undir þessa *synodum* og ekki hennar umboðsmaður, engin afbötun né forföll, enginn vitnisburður henni til afsökunar um hennar kvilla og sannleika þess framburðar sem inntekið var í þennan prófastsdóm. Þó var dæmt að hún skyldi láta skilríki og vitnisburði síns máls undir þessa *synodum* koma. Og með því slíkt ber oftast til og hefur tilborið, að leikmenn hafa svo forsmáð prestadóma í þeim málum sem *ordinantian* skipar inn fyrir *synodos* og andlega dóma, og þó dæmdir séu eða *citeraðir* með sín mál þar að mæta, þá gegna þeir að öngvu og koma ekki til staðar, hvar fyrir málin verða forsómuð og kennimannanna ómak forgefins. Því biðja nú prestarnir með biskupinum velburðugan herra *gubernatorem* að leggja tilbærilegt straff þar við, að slík óskikkun og forakt gangist ekki við málunum til hindrunar og kennimönnunum til forgefins ómaks.

Nú með því að hér hefur svo tiltekist að annar partur málsins hefur forsómað sína skyldu hér úti, þá dæmum vér aftur á ný með fullkomlegu dóms-atkvæði að Anna Erlendsdóttir skuli skyldug vera að bívísa með skjallægum vitnisburðum sína lýsing, sem hún hefur meðkennst undir prestadóminn í héraði, um sína veiki og kvilla, sanna skelfing og ofboð sem hún vænist sér tilfallið hafa síðan hún þetta ráð með sér staðfest hafði, og að tveir af vottunum sanni sína vitnisburði, en hún leggi þá inn fyrir héraðsprófastinn séra Jón Jónsson. En eiðarnir séu teknir af sýslumanni, að þeir vitað og séð hafi Önnu veika og kvillaða, það framast þeir umskynja kunnu, og bæði vitnisburðir og eiðarnir séu fluttir innan næstkomandi Michaelismessu hið allra seinasta, og að þessu skjalllega framkvæmdu dæmum vér þau Vigfús og Önnu í þann máta aðskilin að þau ekki framvegis tilneyðast skulu sitt undirtal með festing að fullgjöra. En þó skulu þau skyldug hvort um sig að halda sér frá annarlegum, nema þau vilji nokkuð gefa til fátækra fyrir hitt fyrra loforð framgengið í kristilegri kirkju, sitt hundrað hvort um sig til rétttra ölmusumanna. En fallist henni þessar fyrirskrifaðar bívísingar, svo þær komi ekki fram innan ákveðins tíma prófastinum í hönd, þá vitum vér ei annars í að segja en Anna hafi skuld í þessari brigð og muni falla til hærri *mulctar* sektar fyrir henni, eftir hennar formegun og málavöxtum, sem þá framkemur, og Vigfús þá frí, en hún ekki mega öðrum giftast. Samþykkti með oss biskupinn, *etc.*

Anna bevísi
sinn veikleik
og kvilla og
skilji síðan við
þann sem hana
keypti

Um Aldísi Jónsdóttur

Anno 1649 30. júní á almennilegri prestastefnu á Þingvöllum þessir heiðurlegir kennimenn tilkallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni að skoða og álíta það langsamlega vandamál sem borist hafði uppá Aldísi Jónsdóttur, konu Þorláks í Stórabotni, af sakargift séra Jóns Daðasonar uppá þau háðungaryrði er svo hljóðuðu að Aldís skyldi hafa átt að segja sig gilty eins hvort hann veitti sér *sacramentið* eður hundurinn spýi ofan í sig, hvör að

Háðungarorð
um *sacra-*
mentið og
prestinn

vottar bera að Aldís hafi talað við séra Jón Daðason. Séra Þórður Jónsson, séra Björn Snæbjörnsson, séra Torfi Jónsson, séra Stefán Hallkelsson, séra Erasmus Pálsson, séra Salómon Jónsson, séra Sveinn Bjarnason, séra Gunnlaugur Snorrason, séra Högni Guðmundsson, séra Stefán Ólafsson, séra Guðmundur Lárentíusson, séra Eiríkur Ólafsson, séra Ásgeir Einarsson. Téðist og hér fyrir oss að tveir af vottunum hefði þessi orð svarið uppá Aldísi, að hún þau svo talað hefði sem áður skrifað er.

Hafði biskupinn Aldísi hér uppá kallað í Skálholt, heyrð hennar meðkenning og gjört henni áminning sannleikann í ljósi að láta og viðurkenna sig fyrir Guði og mönnum. En hún þverlega neitaði að hún þessi orð talað hefði og lagði þar við öngvu síður en vottarnir svarið hafa. Síðan var þetta mál aftur kallað til prestastefnu í fyrrasumar og varð ekki aðgjört, þar allt stóð í sama stað og áður, dómurinn ekki áfrýjaður né afturgenginn og lögvitnisburðir og eiðar enn nú við sitt fullt verð sem í öndverðu óhræðir, en þó hún stendur við sitt nei. En nú í sumar var Aldís kölluð undir þessa prestastefnu, hvör *citatia* aftur var biskupinum afhent með undirskriftum að yfir Aldísi lesin hefði verið. Sömuleiðis kom biskupinum til handa blað með undirskrifuðu nafni Aldísar, í hvörju bréfi hún og svo meðkennir, hún hafi heyrð það bréf lesið með hvörju hún hafi á þessa prestastefnu kölluð verið. Tjáir þó í sama bréfi veikleika sinn og forföll er hún segist téð hafa Ólafi Böðvarssyni og Jóni Vigfússyni. *Item* tjáir hún sitt svarleysi og munaðarleysi til forsvars. Stendur þó á sama um sitt sakleysi í þessu, að hún hafi ekki þessum orðum talað við séra Jón Daðason sem vitnisburður Guðrúnar Jónsdóttur og hennar eiður, eftir dómsins hljóðan, framber að hún heyrð hafi Aldísi þeim orðum tala við séra Jón. En Jón Jónsson hefur svo svarið að hann hafi heyrð og vitað Aldísi tala svo til séra Jóns Daðasonar, og svo stefndi séra Jón.

Þessi orðamunur svarinna vitnisburða gefur oss nokkuð tilefni að efast um hvort vitnin bæði hafa heyrð í senn, hvað oss virtist athugandi, hvort tvö vitni eður fleiri heyra í senn eða sitt í hvort sinn. Þar til drögum vér rétta landskikkun á stefnum, lögfestum kröfum og öðrum þvflíkum löglýsingum að jafnan þykir nauðsynlegt að hafa tvo vottana í senn til hvörs eins þessara. Því setjum vér nú þennan *casum* fyrir lögmenn og lögrétta er oss þykir áríða um fullkominn algjörleika vitnisburðanna, óskandi gegnilegs andsvars bæði uppá þennan orðamun og svo þann *casum* sem orðamunurinn sýnist af sér leiða, sem er að sitt hafi mátt heyra í hvort sinn, og það þriðja, hvort þeirra manna vitnisburðir er ei heyra í senn skuli jafngildir við þá er í senn heyra, svo vér megum þar eftir nokkurn grundvöll vorrar ályktunar byggja. *Item* óskum vér að lögmenn og lögrétta vilji tilstyrkja, að ef nokkuð annað má vera vantalað um dóm Indriða eður vitnisburði eður eiða framflutta í þessari þriðju stefnusök séra Jóns Daðasonar, þá mætti það allt rekast til lykta nú í sumar með réttum laga *process*, og að þær aðgjörðir allar komi fyrir biskup í *visitatiu* um Borgarfjörð um Maríumessu fyrri, að hann meðtaka megi annaðhvort á Leirá eður

Melum í umreiðinni, og að lögmaðurinn vildi nú strax fulkominn forsvarsmann setja, ef Þorkell sýnist ei þar til fær, Guðs vegna og hennar sálhjálp.

Svar lögréttunnar uppá áðurskrifaða framsetta spurning

Hér til svöruðu lögmenn og lögréttumenn nokkrir að þótt til eins eða annars sé talað óærlega, og einn heyri það sérlega, og þeirra vitnisburðum ber saman, þá sé sérhvör þeirra skyldugur að bera það vitni sem sérhvör þeirra heyrt hefur eftir því sem framast sá hann og heyrði löglega tilkvaddur af réttaranum, eftir því sem stendur kaupabálki 13. *capitula*: En það ber, að sérhvör þeirra sé ráðvandur, ekki sakaður né tilkeyptur, ellegar þeir menn sem lögmálið fyrirbýður vitni að bera. Þetta samþykktu með lögmönnunum þessir lögréttumenn, Guðmundur Kolbeinsson, Jón Þorláksson, Jón Illugason, Pétur Einarsson, Ormur Jónsson, Jón Jónsson, Jón Þorkelsson, Kláus Eyjólfsson, Finnur Guðmundsson, Magnús Eiríksson, Björn Tumasson, Einar Magnússon, Tumas Finnsson, Magnús Bjarnason, Brandur Gíslason, Ámundi Þormóðsson, Eiríkur Sigvaldason.

Svaraðist svo til um forsvarsmann Aldísar að sjálfur skal hvör maður sækja sína sókn, frjáls maður og fulltíða, en ef hann hefur ei kunnáttu né menning, þá sækir kóngs umboðsmaður honum til handa. Þar fyrir virðist oss hennar forsvar verða að vera sýslumaður eða héraðssóknari þar sem Þorkell getur ekki sjálfur, og skikkar lögmaðurinn þar til Þórð Henriksson, þegar þar kemur að hennar forsvar skal fyrir biskupinum framkoma.

Sérhvör er skyldugur að bera það hann sá og heyrði, þó hann heyri það sérlega, ef annar ber hið sama

Synodalia anni 1650

Um ofurmikinn *inventarii* pening

Anno 1650 að Pingvöllum *in synodo* samankomnir heiðurlegir kennimenn, séra Halldór Daðason prófastur í Árnessýslu, séra Jón Daðason, séra Jón Jónsson, séra Álfur Jónsson, séra Jón Bjarnason, séra Hallur Árnason, séra Jón Gunnlaugsson, séra Þórður Guðmundsson, séra Einar Illugason, séra Jón Torfason og séra Gísli Þóroddsson, prestar Skálholtsstíktis, samankallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfur Sveinssyni uppá þessar eftirfylgjandi greinir.

Fyrst birti biskupinn tvö kónglegar *maystets missive*, hljóðandi eitt um ofurmikinn *inventarii* peninga þunga kirknanna, er hans *maystet* lætur sér líka að því megi í burtu koma sem um of er og tilsegir að með þeim helstu af kennidóminum hafi lénsmáðurinn með biskupinum um að þenkja og útskýra, hvað mikið soddan ónaðsynlegt *inventarium* mundi mega vera og hvörsu menn meini því best fyrirkomid verða, kirkjunum til góða og þarfinda. Hitt annað um fátækra presta lítilmótlegt uppheldi, þar inni bifalað er um að hugsa, hvörsu þeir fátæku prestar sem endilega hjálpar viðþurfa, best, án kóngdómsins og krónunnar skaða mættu forsorgast og viðhjálpast til nauðsynlegs upp-

Um ofmikinn *inventarii* peninga þunga kirknanna

heldis, hvör umþenking aftur á fram að setjast í *cancelliet*. Uppá bæði þessi kóng *maystets* bréf hefur vor velburðugi lénsherra herra Henrik Bielke beðist biskupsins og prófasta umþenkingar og andvars nú á þessu alþingi.

Af Skálholts-
dómkirkju
inventario
hvað mikið
leysast má

Hans kónglegri *maystet* erum vér með stærstu undirgefni auðmjúklega þakkandi náðugt andsvar uppá þessa tvo pósta vorrar *supplicatiu*, hvör í fyrra var um þessi efni samantekin, þar næst og þökkum vér vorum velburðuga lénsherra góða útrétting á þessum vorum nauðsynjaerindum. En hvað áhrærir vissa tilskikkun hvað þetta ónauðsynlega *inventarium* að upphæð kann hlaupa, er oss nú ekki mögulegt um allt stiktið yfir að grípa, þar nú eru ekki nálægir prestar úr fleiri en þessir fyrrskrifaðir. Óskum því auðmjúklega eins árs fordrag þar uppá. En þeir sem nálægir eru gjöra þvílíka skýrslu á því ónauðsynlega *inventario* sinna kirkna er þeir meina þær muni afleggja mega. Biskupinn *magister* Brynjólfur af Skálholtsdómkirkju tólf hundruð og fjörutíu kúgildum meinar hann afleggjast megi það umfram er tíu hundruð. *Item* af ungum kvikfénaði allt tvævett og veturgamalt nema sauðir. Reiknast honum ef hvört kúgildi má seljast fyrir 3 ríxdali, hvað ekki muni minna verða sú *summa* er dómkirkjan afleggur en átta eður níu hundruð, mäske þúsund ríxdalir, með tíð og tíma í burt að selja og afleggja. Af Hrunakirkju níutíu dali, af Steinsholti þrjátíu ríxdali, af Kálfafelli á Síðu sextíu ríxdali, með þvílíku móti meira eður minna flestar allar kirkjur í stiktinu hvörra talsmenn að nú eru ekki í nálægð. Þó óskum vér allir að vér megum tíð og stund fá að verja þessu og afleggja eftir hendinni, sérhvör eftir því sem vor biskup sér stöðunum og þeim hentugast er halda.

Item. Af
nokkrum
öðrum
stiftisins
kirkjum

Um forbetring þeirra fátæku presta upphelda sjáum vér ekki annað ráð hentugra, án vors náðugasta herra kóns og krónunnar skaða, hvörn vér öngvaneginn ættum eður vildum vita eða girnast, en að fyrrskrifað ónauðsynlegt kirknafé leggðist þar til, svo þeirra nauðsyn nokkurneginn forsorgast megi af andvirði áðurskrifaðs kvikfjár þegar það er gjört í peninga, en hvörninn þeim peningum skuli svo fyrirkoma að afgiftin falli til prestanna uppheldis, án eyðslu höfuðstólsins, sjáum vér ekki ráð til í þessu landi, utan hans kóngleg *maystet* vildi náðugast unna kaups nokkrum á sínum gördum fyrir þessa peninga. Hvað allt, sem og þessa vora undirgefna umþenking, vér innsetjum til hans kónglegrar *maystets* úrræða og forbetrunar, með ráði og samþykki vors velburðuga lénsherra, það að lagfæra sem honum sýnist betur henta. En registur uppá fátækt þeirra lítilmótleigustu upphelda hér í stikti lofar biskupinn með Guðs hjálp saman að taka og láta til næsta alþingis koma, svo framt sem prófastarnir vilja honum hér um hjálpa. Guð bívari vort kristilegt yfirvald nú og ævinlega *amen*. *Actum* Þingvelli *in synodo ut supra*.

Um Ívar Haraldsson

Anno 1650 29. júní kom fram fyrir *synodum* Ívar Haraldsson með sitt málefni, hvörju svo er varið að ein gömul kerling skírði ungt barn vottalaust heima, eftir því sem nú segist. En sem barnið kom til kirkjunnar fylgdi því hvorki sú persóna er skírði né vottarnir, hvörra hann segist beðist hafa en þar ekki framkomið. Svo tók hann það upp í þeim vanda barnið að skíra, þó sagt væri skírt án frekari skilríkis. Árinu eftir sór kerlingin, svo var hann af þremur prestum og þremur bændum af embættinu settur og hefur þar fyrir utan staðið í ellefu ár. Nú þóttist hann í efa vera, þegar skírði, hvort rétt mundi skírt vera, þar ekkert skjal kom fyrir hann fram í það sinn, og þorði því ekki því sáluhjálparmeðali barnið að svipta. Óskar nú af prestunum góðrar ásjár og tillagnar við yfirvaldið að hann prestlegu embætti aftur ná mætti eftir langa útsetning, viljandi það tilvinna að þjóna því fátækasta plássi Seyðarfirði, hvar til enginn prestur fengist hefur um næstu þrjú ár, og vill láta sér með það lítið nægja meðan Guð gefur honum líf eður styrk til, þar til Guð lætur honum betra tilfalla.

Nú grátbæna hér um yfirvöldin sóknarmennirnir, líka biður þessa prófasturinn, heldur en allt fari í heiðni og forakt. Því að öllu þessu svo stöddu vegna sóknarinnar sáluhjálpar þykir oss þessi yfirsjón Ívars ekki svo mikil að ekki megi nauðsyn sóknarinnar fyrirbíta, með kristilegs yfirvalds náðarsamlegri tilsjá. Erum því einninn vora bæn tilleggjandi að vor velburðugi lénsherra vildi sálarnauðsynjum Seyðarfjarðar sóknarmanna hér úti hjálplegur vera og þennan fyrirskrifaðan mann Ívar þeim til sálusorgara leyfa, svo að ei fari sú sókn fram í heiðinglegu hirduleysi. Guði beföllum vér hans velburðugheit nú og jafnan. *Actum Þingvelli ut supra.*

Sáttargjörð Hannesar Helgasonar og séra Jósefs Ólafssonar á Ólafsvöllum fyrir meðalgöngu biskups, prófasts og nálægra kennimanna, þar vottaðist skriflega uppá séra Jósef að hann svo talað hefði að Ögmundur í Súluholti hefði sagt sér að Hannes hefði svo talað til Árna lögmanns að hann hefði gjört á móti sínum eiði og embætti. En Hannes Helgason lagði fram meðkenning handskriftaða af fjórum mönnum sem bera sig heyrt hafa Ögmund Hólmfastson því lýsa að aldrei hefði hann heyrt Hannes Helgason það orð tala til Árna Oddssonar lögmanns og eigi svo um hann tala, etc. *Pax optima rerum.*

Um líkþráa menn og færa vegu að gjöra, umpenkingar viðleitni

Sama stað, ár og dag (sem var 12. júlí) á sömu prestastefnu bar biskupinn fram undir kennimanna álit, eftir forlagi og bréfi erlegs og velburðugs lénsherra herr Henrik Bielkes, en *mandato* og bífalningu kónglegrar *maystets*,

Um Ívar
Haraldsson
sem skírði
það barn
sem sagt var
að áður skírt
verið hefði

Ívar restitu-
eraður með
höfuðsmanns
samþykki

Um líkþráa
menn og
þeirra
framfæri

hvörsu hentugast og skikkanlegast virtist mega fyrirkoma forsorgun og framfæri þeirra manna sem af líkþrá krenktust, svo að þeir ekki þyrftu meðal margmennis að umgangast þeim til orðsaka að af þeirra umgengni spillast mættu, og hvörsu mönnum sýndist að við þeim krankleika mætti sporna, svo mikið sem mannleg skynsemi fær undir staðið.

Í annan máta frambar biskupinn, eftir velnefnds lénsherrans forlagi, hvörsu hentugast sýndist viðkomið verða að gjöra vegu færa um landið.

Um þann fyrra póst, svo mikið sem snertir forsorgun í þann máta krenktra manna, höfum vér ekki ráð að útskýra svo staðfast sé og mótmælislaust af fátækum almúga, nema nokkrar *hospitals* jarðir lægi til hvörrar sýslu og þeir krönku þar innlagðir, svo þeim þar yrði veitt þénusta og forsorgun, en þar sem ekki næði til leggði hreppar af fátækraíundum eftir tiltölu. En sá forstandari sem þeim vildi þjónustu og forsvar veita vildi hafa fyrir sitt ómak, þar sem kristfjárjarðir liggja í sýslunum og aðrar *fundatiur* standa ekki í vegi, sem ekki þó mikið forslá, nema í Múlasýslu kunna að vera fimm, sýnast ekki óhentugar þar sem svo fellur. Í öðrum sýslum eru fáar, sumstaðar engin. Því setjum vér þetta svo með allri undirgefni í hans kónglegrar *maystets* gott behag, hvað hann hér náðuglegast úrráða vill, en nýjar álögur hyggjum vér fátækan almúga ekki þola.

Orðsakir til
spítelsku

Svo mikið sem viðvíkur sóttarferlinu sjálfu, hvað mannleg ráð mega umtala, að við mætti spornast að ekki yfirhönd fengi, meinum vér að votsbúð, óhreindir samastaðir, þrengsli og mannmergð vegna húsaleysis og fátæktar á timbri, hörð, köld og lítt tilreidd *dieta* muni mega hér mikið útf. Þykjunst vér sjá við sjósíðuna, þar lítt soðinn fiskur og sífelld votsbúð er, mannmergð, slæm hífýli, sífelldir vatnsdrykkir og annað þvílíkt gengur tíðast, að í þeim stöðum hefur þetta sóttarferli mest viðgöngu. Margur varast og lítt að taka til ekta þvílíkar persónur sem ganga með þvílíkum krankleik, hvar af ei ólíklegt er að afkvæmið dragi þvílíkan smekk af foreldrunum.

Lausamenn
og letingjar
hentastir til
að gjöra færa
vegu á
fjöllum

Hinn annan póstin um færa vegu um þver héröð og endilöng eru landslögin skýr, að hvör maður gjöri færa vegu á sinni jörðu frá bæ og til, en þar hljóta sýslumennirnir til að sjá að haldin sé, en á fjöllum og milli héraða sýnist að lausamenn og letingjar, sem ekki vilja vinna fyrir kaup hjá bændum, svo vel konur, sem kallast sýndust hentugir til þessara verka, en nálægustu sveitir héldu þeim kost á báðar hendur og sýslumenn héldu þar að, en yfir væri settir þeir sem verkið skyldu taka. Skyldi þessum halda til erlegs erfiðis með aga og ótta, svo kann vera að þvílíkir betlarar hlypi ekki jafnmargir uppá fátækan almúga. Líka væri stór þörf að nokkur *disciplina* væri í hússtjórnarstéttinni, sem nú er um koll fallin, og að meira skyldi útheimtast af einum til heilags hjúskapar en samræðið eitt.

Þessa vora lítilmótlega meaning setjum við til hans *maystets* kónglegra úrráða með allri undirgefni, en biðjum vorn velburðugan lénsherra um að bæta, sem hans velburðugheit veit oss best haga. Til vitnis vorar handskriftir.

Bréf biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar
um eiða og undanfærslu í legorðsmálum,
upplesið á alþingi *anno* 1651

Góða og fróma sæmdarmenn sem þessi orð sjá, lesa eður heyra, sérdeilis dómurum þessa stiktis, vorn erlega lögmann, sýslumenn, lögréttumenn og þá aðra dánumenn sem hér vilja eftirtaka, vil eg undirskrifaður þeim góða Guði föður og hans eingetnum syni Jesú Krísto vorum lausnara og heilögum anda til hins allra besta bífala fyrr og síðar. Hér með erlegir menn elskulegir vinir, yður auglýsandi að oft og óskjaldan merki eg framkoma og framkomið hafa fyrir yðar dóma þvílík mál legorðs, að þeir karlmenn hvörjum legorðin verða kennd og á hendur borin af barnamæðrunum, þá neita þeir ekki holdlegu samræði við konurnar en sverja af sér börnin alleinasta, sumir tímalengd nokkra tilgreinandi, sumir ekki, og þvílíkir eiðar verða gildir teknir og haldnir, svo þar fyrir aukast oft vandræði þau síðan í kristilegri kirkju að kennimennirnir vita varla úr að ráða, þar barnamæðurnar halda fast á sínu svari og segja þar öngvum vera til að dreifa nema þeim einum sem fyrir barnið en ekki verknadið sör.

Um þá sem
sverja af sér
börnin en ekki
verkið

Því hef eg nú ekki alls fyrir löngu tekið mér fyrir hendur að ráðgast um við þá fornu náttúrlegs barnburðareðlis rannsakendur, bæði spekinga og læknara, viljandi forvitnast um hvörsu þeir fyrri menn hafa haldið vera háttad um náttúrlegan kvenna barnameðgöngutíma. Og með því mér virðist hér með eiga, ekki einasta prestarnir vegna aflausnanna, heldur einninn veraldlegir dómamar vegna eiðatektanna, hvörja þeir dæma og meðtaka, þá vil eg yðar manndygðum það meðbýta sem eg hjá hávitrum náttúruspekingum hér að hnígandi fundið hefi, svo allir guðhræddir dómendur viti sig varlega í þvílíkum dómum og eiðatektum að halda, þar sérhvörjum vanvitringi og óbljúgum dára ei alleinasta líðst og leyfist, heldur þar á ofan af dómsmönnum dæmist þau börn er þeim tvímælislaust á hendur segjast af sér að sverja fyrir lítils tíma sakir, hvörn þeir sjálfir tiltaka, þar þeir þó ekkert afvita sjálfir, nema þess sultartíma mismunar vegna, megi þeir vera og séu réttir og sannir feður að þeim börnum sem þeir í þann máta af sér sverja, og sverja því rangan óvitaeið.

Þar fyrir nú að þvílík sálarhætta og vandræði mætti bæði af andlegum og veraldlegum fyrir Guðs hjálp og tilheyrileg meðöl afstýrð verða, þá vil eg yður framleiða nokkrar greinir úr hávittra manna bókum um kvennafósturs meðgöngutíma óvissa og aðskiljanlega, þó náttúrlega og eðlilega, eftir því sem þær hjá þeim sjálfum skrifaðar finnast í sínu tungumáli, og sérhvörja á vort tungumál útleggja til almennilegs skilnings og undirstöðu.

1. Meining Hypocratis um kvenna meðgöngutíma. Fyrst skrifar hér um sá hálærði læknir Hypocrates í þeirri bók sem hann hefur skrifað um tveggja mánaða barn: Sjö mánaða burðir verða að liðnum 100 áttatigir og tveimur dögum og þar til einum hlut af degi. Framvegis ráðleggur hann að

trúa hér úti frá frómrá kvenna sögu og framburð, en þær munu, segir hann, ætíð svara og segja sig fæða mega bæði sjöunda, áttunda, níunda og tíunda mánaða burði. *Hæc Hyppocrates.*

2. **Aristotelis meining um sama efni.** *Item* Aristoteles um eldi dýranna í 7. bók og 14. *capitula*: Hin önnur dýrin gjöra með einu móti fullkonnun burðarins, því þeim er settur einn og hinn sami tími, en manneskjunnir margir, því bæði berast þar 7, 8 og 9 mánaða burðir og 10, sem oftast nokkrar taka og umfram til ellefta, svo margir sem nú fæðast fyrir sjö mánuðum, þeirra má enginn lifa, en þeir sjö mánaða burðir verða ælir hið fyrsta, en þó oft veikir, þar fyrir reifa menn þá í ullu. *Hæc Aristoteles.*

3. **Galenus meining.** Þriðji, sá nafnkunni læknir Galenus skrifar svo hér um í sínum bækling um burðarins sköpun í fyrsta hluta 113. blaðs: Ekki er afskammtaður einn tími eða takmark fóstρινu, hvorki til að myndast ljóslega og ekki til að hrærast, og ekki til að fæðast.

4. **Plutarchus citeraður.** Fjórti er Plutarchus, hvör eð í sinnar 5. bókar 7. *capitula Heimsspekinganna kenning* skrifar að sjö mánaða burðir megi vel fæðast og svo hafi haldið Empedocles, Aristoteles, Hyppocrates, Polybius og hinir fornu stjörnumeistarar. Orðin eru löng, því læt eg hjá líða þau inn að setja. Mega þar lesast sem eg hér tilvísaði.

5. **Censorini meining.** Fimmti er Censorinus í þeim bækling sem hann um fæðingardaginn skrifað og eftirlátið hefur í 7. *capitula*. Hans orð eru þessi: Hyppo úr Metaponto hélt að frá sjöunda til tíunda mættu burðir fæðast, því á sjöunda mánuði væri fósttrið fullkomið. *Item* að sjöunda mánuði megi konan fæða, halda flestir, sem er Theano sú *pythagoriska* vísindakona, Aristoteles gönguspekingur, Diocles, Evenor, Strato, Epigenos og margir að auki. Í 8. *capitula* sama bæklinga skrifar sami Censorinus af lærdómi *chaldaniskra* stjörnumeistara á þennan hátt: Á sjöunda sólargöngu tólftungi, hvör að er öndverður, er hið fullkonnasta og kröftugasta álit, hvört eð útleiðir sum börn þá þegar fullkomin, sem kallast sjö mánaða börn, því að þau fæðast á sjöunda mánuði.

6. **Gellii meining um barnsfæðingartímann.** Sjötti vitnisburður er Gellius, hvör eð í sinnar bókar 16. *capitula Noctium Atticarum* skrifar svo: Allmargra meining er sú, og þessi hin sama, enn nú fyrir gamla meðtekju, að síðan móðururkviðurinn hefur getnað meðtekið þá fæðist maðurinn á sjöunda, áttunda aldrei, á níunda oft, en á tíunda oftast. Cecilius hjá honum í sama stað: Er ekki konan von að fæða á tíunda mánuði? Að vísu á níunda, líka á sjöunda og svo á áttunda. Í sama stað skrifar þessi Gellius að keisarinn Hadrianus hafi dæmt að sá skyldi föðurarf taka er fæddur var á ellefta mánuði eftir bóndans dauða, þó Rómverja tíu manna lagaspjöld gerðu ekki ráð nema fyrir tíu mánaða burðum, í hvörri keisarinn Hadrianus skrifi að hann svo álykti eftir það hann hafi rannsakað hinna fornu spekinga og læknara meiningar, svo mikið álit

hafa þeir hjá þessum keisara haft, að eftir þeirra bókum hefur hann umbreytt lögnum.

Af þessum og langtum fleiri öðrum greinum og vitnisburðum, sem af lærðra manna bókum mega útdragast, fáí þér kærir vinir séð hvað vitrir menn á öðrum löndum halda og haldið hafa um kvenburðartímann, einkum að hann sé ekki svo ákvarðaður, skorðaður og niðurbundinn við nokkra vissa óbrigðanlega tímalengd, sem vér almennilega meinum, svo þar megi ekki stórum af bera, og hefur mér virst nauðsynlegt yður þetta að undirvísa sérdeilis vegna vareygðar og undanfæris í eiðum þeirra sem börnin vilja af sér sverja en ekki verkin, þar þeir vita ekki par til nema þeir barnfeður sannir séu. Því sýnist mér sá taumur þeim ekki gefandi, heldur alleinasta sé þeim leyft að sverja sína sögu um tíma samgöngunnar hvörn þeir vilja tiltaka, og síðan henni sem barnið fæddi að sverja af sér samræði við aðra menn að tilteknum þeim tíma sem hún tiltekið getur, og síðan dæmi dómur barnið annaðhvort af eður á, þegar allt er áður innvirduglega rannsakað eftir eiðum og líkindum, svo mætti helst við háska og vandræðum í kristilegri kirkju spornað verða.

Áminning til
vareygðar um
eiða og
undanfærslu

Biðjandi alla fróma dánumenn þessa mína velmeinta samantekt og undirréttung á besta veg út að þýða og virða, og hér svo eftir að taka að Guðs verði dýrðin en kristnum söfnuði gagnsemdin, hvörjum eg vildi hér með eftir skyldu míns embættis einkanlega þjónað hafa. Yðar sæmdar er eg hér með ásamt oss öllum þeim góða Guði föður, syni og heilögum anda til allrar verndar og varðveitslu blessunar trúlega befallandi í Jesú náðar nafni *amen*. Skálholti 16. júní anno 1651. Brynjólfur Sveinsson.

Synodalia anni 1651

Um nauðsyn Langadalskirkju sóknarmanna vegna veiki séra Torfa Snæbjörnssonar

Anno 1651 1. júlí *in synodo* að Pingvöllum, þessir heiðurlegir kennimenn tilkallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, séra Sigurður Oddsson, séra Jón Jónsson, séra Halldór Daðason prófastar, séra Torfi Jónsson, séra Þórarinn Eiríksson, séra Salómon Jónsson, séra Erlendur Einarsson, séra Gísli Þóroddsson, séra Halldór Marteinsson, prestar Skálholtsstiktis, að yfirvega, álíta og úrskurða þá nauðsyn er Langadalsstrandar sóknarmenn kirkju bréflæga framborið höfðu um síns sóknarprests séra Torfa Snæbjörnssonar þungan veikleik og tilfallinn krossburð, sem er að hann sökum eyrnadeyfi og heyrnarleysis í öllum pörtum embættisins þeirra nauðsynjum ekki svo ánægjanlega þjónað geti að þeir án annars prests aðstoðar með góðri samvitsku þar með nægjast kunni, sérdeilis í þeim hlutum sem eyrnaskilninginn á prestinum nauðsynlega útheimta, sem er skriftamál að heyra, sérdeilis *casus* samvitskunnar til friðs að stilla, börnum og ungmönnum yfir að hlýða og

annað þess háttar sem þeir í sínu skrifi upptelja, sem nú var *in synodo* upplesið, og af nokkrum sóknarmönnum handskrifað, óskandi þar um atgjörða af þessari prestastefnu.

Afsökun
prestsins uppá
tilfallinn
veikleika

Hér á mót framkom og skrifuð og handskrifuð afsakan séra Torfa Snæbjörnssonar, hvar inni hann telur sig ekki skyldugan allt prestlegt embætti og þau lítil laun sem því fylgja af að leggja fyrir þessa krossburðar sakir, meinandi sig með frí og frelsi mega þá parta þjónustunnar fremja, svo nú sem áður, sem hann getur fyrir þessa heyrnarleysis sakir vítalaust framið, sem er fyrir altari að standa, Guðs orð af predikunarstólnum frambera, *sacramentum* að útteila, börn í sovellan máta að skíra, að með jáyrði guðfeðginanna handsalist honum þeirra lofun, konur í kirkju að leiða, fólk með fyrirskrifuðum handsölum að trúlofa í kaupvotta viðurvist, lýsingum fram að fara og hjónavígslur með fyrirskrifuðum handsölum, lík að jarða og annað þess háttar. Nú téðist hér að auki að þetta kall er svo fátækt að það formár ekki nærri einum presti uppheldi, auk heldur tveimur að veita, þar hann skrifar allar prestsskyldur lítið meira samanreiknast en 3 hundruð.

Item tjáir séra Torfi að Kirkjubólskirkja í Langadal hafi að fornu í elstu manna minni *annexia* verið frá Snæfjöllum, svo að Snæfjallaprestur hafi þeim báðum sóknum alla prestlega skyldu veitt, allt fram til þess að hans faðir séra Snæbjörn Torfason, með samþykki biskupsins og prestsins á Snæfjöllum, hafi Kirkjubólskirkju sér í lagi að sér tekið í þjónustu, með því hann var jarðarinnar eignarmaður og sat þar, og svo hafi hann sjálfur að dæmum síns föðurs eininn gjört.

Prestur
heyrnarlaus,
hvað í
embættinu
frankvæma
megi

Þar fyrir, að öllu þessu á báðar síður athuguðu, ályktuðum vér fyrst að presturinn á Snæfjöllum væri næstur og skyldugastur til sóknarinnar nauðsynjar að sér að taka í þeim efnum sem séra Torfi síns veikleika vegna getur ekki að vítalauði afkastað, sem eru þeir fyrirskrifaðir, hvar til sérdeilis þarf eyrnanna skilnings við, svo að hann þeim nauðsynjum gegni, hvort hann kann betur við að koma heima á Kirkjubóli eða á Melgraseyri. Í annan máta ályktuðum vér í þeim pörtum embættisins sem séra Torfi má hneykslistlaust með góðri samvitsku fremja, sem eru þeir sem eynaskilningur ekki svo sérlega nauðsynlegur er til, með skilvíslegum undirbúningi, vottum og handsölum sem áður er skrifað, þá virðist oss að þá hluti embættisins megi enginn af séra Torfa nauðugum taka, né heldur svo mikið af uppheldiskorninu sem því svarar. Þar fyrir gjörum vér með báðum prestunum, séra Torfa Snæbjörnssyni og séra Tumasí Þórðarsyni, þvílíka deild að séra Tumas að sér taki áðurskrifuð embættisstykki sem séra Torfi getur ekki vítalaust framið og hafi fyrir sitt ómak, erfiðan veg og langan sem hann þarf að sækja allar hálfar prestsskyldur, og fremji embættið sem best hagar að Kirkjubóli eða Melgraseyrarkirkju, án foröktunar við Kirkjubólskirkju, svo að þeir sem ekki þykjast nægja með séra Torfa séu skyldugir séra Tumas að sækja og hann þeirra nauðsynjum að gegna það framast mögulegt er í áðurskrifuðum tilfellum. En þeim sem með góðri

samvitsku á allar síður geta við séra Torfa þjónustu verið er hér með ekki formeint hans að vitja. Hina alla embættispartana hafi og haldi séra Torfi, hvörja hann vítalaust má forstanda fyrir hinn annan helminginn.

Hér með tilskiljum vér að þeir vel og bróðurlega forlíkist séra Torfi og séra Tumas sín í milli, og sé hvor um sig fullmyndugur í þeim embættisins pörtum sem hvörjum fyrir sig eftir þessari vorri ályktan befallaðir verða, og til sanninda hér um setjum vér, ásamt biskupinum sem þetta allt með oss samþykkti, vorar handskriftir hér undir. *Actum ut supra.*

Um umboð í hjónabandsefnum

Sama stað og dag sömu kennimenn og þar til séra Þórður Jónsson. Kom fram seðill Ara Magnússonar sýslumanns yfir Ísafjarðarsýslu, þar inni hann óskar að öll bréfuð umboð um giftumál hér í landi væri afdæmd, þar í landslögum segi að umboð sé ekki fullt að lögum nema með vottum og handsölum sé gjört. *Item*, miklu varði þeim sem til arfa kalli að í löglegum hjúskap séu getnir. *Item* að menn festi konur sínar eftir Guðs lögum og manna, hvað oss skilst hann meini fram að setja móti þeim bréfum sem útgefast uppá hjónabandið án votta og handsala. Virðist oss hér inni nauðsynjarnar metandi, því *ordinantian* segir að nauðsyn sé engin lög sett, því hún hafi engin lög. *Item* er getið um *chyrographum* í landslögum og aktað fyrir landslög, hvað að útleggst handskrift, hvað vér einfaldlega svo skiljum að sé þar mannsins handskrift ber vitni um hans fyrirskrifaðan vilja. *Item* taka lögin oftast á nauðsynjum og forföllum, takandi þau undan almennilegum lagareglum.

Því kunnum vér ekki öldungis öll handskriftuð bréf af að knappa í hjónabandsefnum, vitandi þau hér í landi oft og tíðum nýt og myndug dæmd verið hafa, heldur aðgreinum það, þar sem persónan sem á ríður er svo nálæg að hæglega má við hana samtali ná virðist oss skapfelldlegt að lagaumboð sé ekki forsómað, sé annars, að nauðsyn eða forföll sanni, þá sé hennar vilji við votta tekinn í skrif og handskriftaður.

Líka virðist oss ei tilbærilegt valinkunnra dánumannna bréfum af þeim sjálfum skrifuðum eða handskriftuðum í vind að slá, heldur að prestarnir séu óvittir þó eftir þeim gangi í slíkum efnum, til löglegra aðgjörða, þar sem nauðsyn ber til að ekki næst fyllilegra umboð eftir landslagabókstafnum. Þó viljum vér ekki lögum neina óvirðing gjöra þar sem stórbagalaust má viðkoma þeim fullnægju að gjöra og að prestarnir það vel athugi, með skynsamra manna ráði tilleggjum vér. Og hafi jafnan í því líkum efnum, þar ekki er fyllilega að lögum undirbúið, góða skynsama menn í fylgi með sér, svo hyggjum vér með Guðs hjálp prestunum vítalaust allt þar til háyfirvald þar aðra skikkun um gjörir.

Varð biskupinn þessu með oss samþykkur og setti sína handskrift hér undir með vorum. Þingvöllum *ut supra.*

Um bréfuð
umboð í
hjónabands-
efnum

Um hússtjórnarinnar hrörnun og niðurfall, umþenking

Anno 1651 30. júní að Þingvöllum á almennilegri prestastefnu þessir heiðurlegir kennimenn tilkallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni til álíta og álykta um þau mál sem þar voru þá fyrir hendi og kennimönnum stíktisins bar að athuga. Í fyrstu, eftir velburðugs herra höfuðsmannsins forlagi, um hússtjórnarinnar niðurfall og hrörnun hér um land, sérdeilis þar tilnefndir séra Sigurður Oddsson, séra Jón Jónsson prófastar, *item* séra Þórður Jónsson, séra Þorleifur Jónsson, séra Halldór Daðason, séra Torfi Jónsson, séra Gísli Þóroddsson. *Item* af lögréttumönnum tilkvaddir eftir sama velburðuga höfuðsmanns fyrirsögn, þessir erlegir dánmenn, Ámundi Þormóðsson, Magnús Þorsteinsson, Björn Gíslason, Kláus Eyjólfsson, Guðmundur Jónsson og Jón Jónsson, svarnir lögréttumenn. Framsetti biskupinn fyrir þessa hvoru tveggju andlega og veraldlega þá stóru þörf og nauðsyn sem honum sýndist vera í þessu fátæka landi á hússtjórnarinnar högum og háttalagi, sérdeilis hér í Skálholtsstíkti allvíðast, óskandi þeir vildi álíta hvörjar orðsakir þeim virðist helst til vera sem henni steypiti, og síðan hvör meðöl og skorður þeim sýndist hentugastar til viðréttingar og uppreisnar, að undan tilkallaðri góðri Guðs tilhlutan og vors elskulega yfirvalds náðugustu tilskikkun, til almennilegrar velferðar hans fátæku undirsáta og almúga bæði fyrr og síðar.

Orðsök til
hússtjórnar
hrörnunar

Sú fyrsta orðsök til þessarar eymdar virtist mönnum vera að þær persónur sem í þá heilögu stétt innganga og síðan börnum og hjúum stjórna eiga eru sjálfar lítt vandaðar og óskikkanlegar í margan máta, bæði í andlegum efnum kristilegs lærdóms og hans undirstöðu, og svo líka lifnaðar og þrifnaðar, og því varla von að þeir kunni aðra í Guðs ótta og góðum siðum upp að ala sem sjálfir eru illa vandir. Og því óskum vér auðmjúklega að vort náðugasta yfirvald vildi, Guðs dýrðar vegna og undirsátanna velferðar, nokkra skikkun þar um gjöra, að þeir sem í hjónabandsstéttina sig gefa hafi nokkurn skilning á kristilegum lærdómi og eftir kóng *maystets ordinantiu pag.* 23B alvarlega tilhalda, að ei séu trúlofaðir til samans nema sérhvörs prests eigið sóknarfólk og þeir sem presturinn vel þekkir og hann hefur sanna kynning og vitnisburði um af erlegum dánumönnum valinkunnum, því nema nokkur skikkun um-gjörist að tilsjón sé höfð, hvílfkar persónur sig gefi í hjónabandið, óttunast vér að öll meðöl til leiðréttingar muni til ónýtis ske, því strax er hlaupið til að giftast undan allri *disciplina*.

Önnur orðsök til hússtjórnarinnar eymdar sýnist að vera sjálfræði og óhlýðni þeirra sem þjóna eiga, því ekki líðst né leyfist ótrú, leti eða strákskap að straffa, hvorki með ávítum né álögum, svo ekki sé annaðhvort hlaupið burt eða klagað og sakfelld hjá veraldlegu valdi, ef bóndanum má falla eitthvört orð eða blak. Þar fyrir óskum vér auðmjúklega kristilegs yfirvalds skikkunar,

hvörsu vítt hússtjórnaraginn og *disciplina* mætti ná fyrir lögunum, sem sekt segja á sérhvört blak eða pústur án alls greinarmunar húsbónda og þénara, föðurs og sonar.

Þriðja orðsök segjum vér að sé húsbændanna sjálfra ósamheldi, því vilji aðrir nokkra skikkun og aga halda þá eru hundrað aðrir sem bjóða fram vist-ina, sjálfræði og agaleysi, lokka þar til og laða vinnufólkið, svo hann sem góða hússtjórn vill halda má sjálfur hjúalaus erfiða eða allan aga og *disciplinam* yfirgefa, og hlaupa sjálfur með þeim stóra hóp, óskandi sér uppá yfirvaldsins hjálpsamlegrar tilsjónar, að enginn öðrum hér úti forfang gjöri, hvorki með túlkan, loforði, eftirlæti, meira kaupgjaldi eða öðrum fram úr máta, eftir sem kónglegrar *maystets* Christiani 4. háloflegrar minningar bréf þar um hljóðar, útgefið um þjónustufólk á landsbyggðinni.

Fjórdá og síðasta orðsök virðist oss að þó dómar séu margir undan gengnir um lausafólk sem ekki vill þjóna bændum fyrir árleg laun, að ei skuli liðið vera, þá gengur þó mjög ólíka til að þeim sé framfylgt, svo að margir gefa sig til soddan lausamennsku, látast þjóna bændum um sumarstundina fyrir ofurmikið kaupgjald sumir, en sumir slá uppá kaupskap og draga umkring með sinn kramvarning, setja hann upp eftir sínum vilja, draga um sveitir þar með og þykjast svo frá öllu erfiði afsakaðir, hvörs háttar lausgangara og kaupmangara vér afbiðjum er undir því skyni hlaupa um og fornæmast að vinna fyrir tilbærileg laun.

Þessar höldum vær sérlegustu og stærstu orðsakir til hússtjórnarinnar útörmunar, óskandi auðmjúklega að vort elskulega yfirvald vildi hér góða og kristilega leiðrétting á gjöra, það af að taka og við að auka sem hentugast þyk-ir og fátækum undirsátum þessa lands gagnlegast, ásamt alvarlegri skikkun til sýslumanna og hreppstjóra að þeirri bifalningu sem hér umgjörist verði trúlega og kostgæfilega framfylgt án undandrátta og yfirdrepskapar, setjandi þessa vora umþenking undir vors velburðuga höfuðsmanns *censur* og álit til forbetrunar, sem hans velburðugheitum gott og hentugt sýnist. Hér með erum vér vort elskulega yfirvald lítillátlega góðum Guði befallandi, og til sanninda hér um setjum vér áðurskrifaðir menn vor nöfn hér undir, ár, stað og dag sem áður segir.

Um barnskepnu óskírða í Grímsnesi

Anno 1651 þann 26. nóvember að Snæfuglsstöðum samankallaði biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson þessa heiðurlega og fróma menn, séra Böðvar Sturlason, séra Halldór Eiríksson, Ólaf Þorkelsson, Sighvat Þorkelsson, Eyjólf Símonarson, til að heyra ljúfa og lostuga meðkenning Guðrúnar Þóroddar-dóttur, hvörja biskupinn lét þangað í kirkjuna fyrir sig kalla að gjöra grein og skjal á þeirri skírn, orðum og aðferli sem hún hafði í frammi haft við barn Þorvarðs Jónssonar í Vaðnesi og Guðrúnar Ásbjarnardóttur hans eiginkonu,

yfir hvörri hún Guðrún sat um barnburðartímann og tók við barninu sem það af móðurinni fæddist. Í sumar áminnti biskupinn hana að bera hið réttasta og sannasta.

Fyrst meðkenndi Guðrún Þóroddardóttir að ekki hefði hún í ráði eður ásetningi haft barnið að skíra, því sér hefði hvorki virst það mjög líflítið og ekki hefði faðir eður móðir barnsins eður aðrir þess af sér óskað.

Þar næst lýsti hún og meðkenndi að þá barnið lá í laugartroginu upp í loft hafi hún úr sama laugartrogi tekið vatn í lúku sér og ausið á brjóst barninu í kross, þrjár vatnslúkur, en segist ekki þá muna hvort hún þá sagt hafi: Eg signi þig, eður: Eg skíri þig í nafni Guðs föðurs, sonar og anda heilags, eða: og anda og heilags. Hvort þeirra hún sagt hafi segist hún ekki muna. Og með því hún segist vön verið hafa að signa smábörnin í laugartroginu með þvílíkum orðum og hætti segist hún enn svo hugað hafa þetta barn að signa, og ei hafi hún í sínum hug meint né haldið það af sér skírt verið hafa, afsegir hún einnig sig nokkuð mannsnafn því gefið hafa hvorki Guðrúnar né annað framur undir sín orð og vatnsaustur. Segir hún innanhúss hjá sér staddir hafi verið faðir barnsins Þorvarður Jónsson og Ingibjörg Jónsdóttir, og Guðrún Þóroddardóttir sem sig hafi leiðrétt í eftirfylgjandi bænarorðum: Blessi þig og signi þig Guð faðir í himnaríki sem þig hefur skapað, blessi þig og signi Guðs son sem þig hefur endurleyst, blessi þig og signi þig Guð heilagur andi sem þér (var, segist hún í grandaleysi hafa ætlað að segja, en Guðrún Þóroddardóttir á Vaðnesi hafi tekið máli fyrir og leiðrétt sig og sagt: sem þér verður (seg þú) og svo hafi hún það eftir henni haft og sagt) sem þér verður í skírninni gefinn.

Aldrei segist hún heldur neitt barn skemmri skírn skírt hafa, né vana þar um haft, segist hún vera nú svo að aldri (með öðru fleiru sem í *synodals* bókinni greinir, sem er framburður þeirra sem við voru staddir og fólksins frá Vaðnesi sem biskupinn hafði með bréfi kalla látið að bera þar um hið réttasta og sannasta sem þeir vissu og heyrt höfðu). Virtist öllum nærverandi, lærðum og leikum, eftir þessu áðurskrifuðu þetta barn enn nú ekki skírt vera og kom öllum ásamt með biskupinum að barnið skyldi nú skírt, svo að afdragi allan efa um þess velferð, kristindóm og sáluhjálp, og uppá allt þetta áðurskrifað setur biskupinn og áðurnefndir kennimenn og þeir af leikmönnum sem skrifa kunna, en hinir handsala, sín nöfn hér undir.

Synodalia anni 1653 í Odda

Anno 1653 þann 14. dag maí að Odda á Rangárvöllum að settri héraðsprestastefnu, þessir heiðurlegir kennimenn til samans komnir að forlagi biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar, séra Þorsteinn Jónsson, séra Magnús Jónsson, séra Þorleifur Jónsson, séra Jón Magnússon, séra Jón Bergsson, séra Magnús Pálsson, séra Jón Jónsson, séra Jón Þorsteinsson, séra Hannes Tumasson, séra

Eiríkur Þorsteinsson, séra Sigurður Jónsson, séra Björn Höskuldsson og séra Þorleifur Kláusson, prestar Skálholtsstíktis.

Fyrst um prófastskjör og útvalning í Rangárvallasýslu eftir kirkjulögum og *ordinantiunni* í staðinn þess fráfallna heiðurlega kennimanns sáluga séra Snæbjarnar Stefánssonar, er hingað til um sína tíð hafði prófastlegu embætti forstöðu veitt. Útvalinn til héraðsprófasts séra Þorleifur Jónsson.

Útvalinn til
prófasts séra
Þorleifur
Jónsson

Í annan máta frambar biskupinn á þessari prestastefnu kónglegrar *maystets* náðarleyfi að létta þeim ofurþunga ábyrgðarpeningi kirknanna sem bæði kirkjunum og þeirra umboðsmönnum, staðahöldurunum, væri meir til бага og ábyrgðar en nota. Holt undir Eyjafjöllum skyldi afleggja eftir því 6 mönnum þar tilkölluðum virtist 17 kúgildi, af Breiðabólstaðarkirkju 17 kúgildi og 10 hundruð og 5 aurar af fríðum peningi geldum, það reiknast 9 dalir og 100. Af Oddastað tilsegir séra Þorleifur Jónsson aflags vera 20 kúgildi í 5 hundruð og 80 álnir af geldum peningi. Reiknast dalir 102 og svo af Kálfholtskirkju 2 hundruð og 40 álnir.

Um kirkna
ofurþunga
ábyrgðar-
peninga

Í þriðju grein kom fram um uppheldi fátækustu presta, sem nauðsynlegast virðast umbótar viðþurfa, ef Guð og yfirvaldið vildi þeim ásja veita. Voru reiknaðar inntektir af Dalssókn 5½ hundrað. Þar af var hesti prests gjört eldi 1 hundrað, svo er eftir 4½ hundrað. Þar af skal hann taka kost og klæði og fylgd yfir Markarfljót. Hér með er reiknuð bújörðin með óvissri landskuld. Og svo framvegis af hinum öðrum prestsuppheldum. Í Rangárvallasýslu hesteldi presta jafnan reiknað 80 álnir.

Um
fátækustu
presta
uppheldi

Um mál Odda Oddasonar

Sama stað og dag, að nærverandi sömu kennimönnum, frambar séra Jón Magnússon mál Odda Oddasonar, hvör að markað hafi undir sitt mark annars manns leiguá eftir sjálfs meðkenningu, vænst jafnlegri heimild að hún hafi sér fengin verið, en getur ekki bevísað, gjörir og ekki heimildarmanninn opinberan fyrir vottum, gjört forlíkun án dóms við kóngdóminn og við þann er ána á leigu hafði. Hefur af prestinum þrásamlega áminntur verið sannleikann að meðkenna og svo opinbera aflausn að taka. Hann svarar jafnan að fyrst hann vissi fyrir Guði og hreinni samvitsku sig af þeim stuldi saklausan vera gæti hann ekki meðkennt né opinbera aflausn fyrir þjófnað tekið. Óskar presturinn hér úrræða um hvörmin meðfara skuli. Leist kennimönnum um þennan mann að fyrst öll líkindi þykja heldur herða bönd að þessum Odda en lina, þar hann hefur ekkert sér til varnar framleitt utan sína eigin sögu, að með hann sé farið fyrst frameftir með áminningum eftir því sem ályktaðist í *synodo* á alþingi anno 1639.

2. **Um hjónaband öreiga.** Um hjónaband þeirra persóna sem sig vilja samanbinda án nokkra fémuna og manndóms vitnisburða til erlegs erfiðis, virðist mönnum að prestar þvílka ekki samangefi án hreppstjóra ráðs og

samþykkis, þar hreppstjórar mæta þyngslum öllum sem af því líkum hjónaböndum tilfalla mega.

3. **Fyrir hvinnsku sé opinber áminning.** Um hvinnsku og minniháttar brot virðist mönnum að þar fyrir gjörist opinber áminning.

4. Um misklíð Jóns Ingjaldssonar og Magnúsar Þorkelssonar, að Jón til Magnúsar glefsað hafi, en ekki bevísað nauðverju, þó þingmönnum virðist að nokkrar kringumstæður í þessu efni megi gjöra líkindi og þanka að Magnús hafi verið nokkur orðsök til þessa efnis og að fyrri bragði til Jóns slegið. Virðist oss að svo stöddu sem sú handskrift útvísar er Hákon Gíslason að Fíflholti *anno* 1653 6. maí útgaf mundi nægjast mega opinber áminning. Samþykkti biskup og prófastur ofanskrifað.

Dómur um Árna Magnússon og Guðrúnu Gissurardóttir

Anno 1653 30. júní að Þingvöllum á almennilegri prestastefnu þessir heiðurlegir kennimenn til dóms og álita kallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, séra Torfi Jónsson, séra Böðvar Sturlason, séra Jón Daðason, séra Stefán Hallkelsson, séra Halldór Eiríksson, séra Grímur Bergsveinsson, séra Einar Illugason, séra Erlendur Einarsson, séra Guðmundur Bjarnason, séra Engilbrikt Nikulásson, séra Salómon Jónsson, séra Jósef Loftsson, séra Jón Oddsson, séra Helgi Grímsson, séra Gísli Þóroddsson, séra Jón Gíslason, séra Jón Grímsson, prestar Skálholtsstíktis, um það mál er kom og dæmt var af prestastefnu á Hóli í Bolungarvík *anno* 1653 4. júní af prófastinum í Ísafjarðarsýslu séra Jóni Jónssyni og hans héraðsprestum, hingað undir *synodum*, hvörju svo er varið að Árni Magnússon býður sig til hjónabands enn nú sem fyrr við þá konu sem hann er nú að þriðju barneign opinber með orðinn í frillulífi, að auk hvörs hann hefur áður eitt barn átt, svo nú stendur á fjórðungsútleið eftir bókstaf Stóradóms. En hans móðir Sigríður Þorleifsdóttir vill í öngvan máta tilleiðast það að samþykkja. Skrifa prestarnir að þeir bedist hafi þeirra orðsaka sem hún hafi til síns forboðs og lét hún þessar í ljósi:

Um mann
sem ekta
vildi frilla
sína á móti
móðurinnar
vilja

Orðsakir
hvar fyrir
móðurin
vildi ei
samþykkja

1. Fyrst foreldranna heiður eftir fjórða Guðs boðorði börnunum skyldur, og hlýðni þeirra skipuð af postulanum sankti Páli í öllu.

2. Guðs boð og bifalning er skikkar foreldrunum yfirráð yfir giftumálum barna sinna, Jerem. 29, Exod. 34.

3. Tilgangur hennar móðurlegs hjarta sem stundar til velferðar síns sonar Árna, ótti og uggur þeirra ósamlyndis sín á milli.

4. Að þessi vilji og áform Árna sé í móti ráði og samþykki guðhræddra náunga og velgjörðamanna.

5. Að sú persóna sem Árni vill ekta sé langt frá hans jafnræði, bæði til ætternis, persónu og peninga.

6. Vill hún að þær persónur sem synir hennar ekti reynist að minnsta kosti erlegar.

Skrifa prestarnir að þeir séð hafi og heyrt auðmjúka og lítillátlega eftirleitni Árna Magnússonar við sína móður Sigríði til þessa hjónabands samþykkis, hvörri hún vildi í öngvan máta gegna, sagðist og aldrei þessa hans gifting samþykkja skyldi. Meðkenna prestarnir sér ei ókunnugt vera biskupsins og prestanna samþykki *in synodo generali* að Þingvöllum *anno* 1649, hvar inni þá var afstungið þetta sjálfræðiskapp Árna móti sinni móður. Enn nú virðist prestunum hagar Árna standa á hættara vegi en í þann tíð, meinum vér vegna barneignafjölda og lagastrafts sem þar við liggur.

Var Árni með þessu máli dæmdur undir þessa *synodum* að þar nálægur til andsvara væri eða hans löglegur umboðsmaður með sínar afbatanir sem þessu hans máli kunna til bata að koma. En hvorki kom hann persónulega né neinn sá sem hans umboð hafa þættist, þó biskupinn sendi þar eftir boð í lögréttuna sem opinberlega aðspurði hvort hann eða hans umboðsmaður væri hér nokkur á alþingi mönnum vitanlegur. En skrifleg ástæða og áleitni Árna Magnússonar kom hér fram, hvar hann með mörgum orðum og samantíndum greinum úr heilagri ritningu, lærðra manna bókum, kónglegum bifalningum vill áheyrast og ásjást láta, að sinn vilji eigi fram að ganga í þessu máli og öngvar hindranir megi þar á móti afl hafa, hvorki móðurinnar samþykkisbrestur né neinna þeirra tilhlutan sem hennar máli megi fylgja, hvað allt hann hefur í *post visu per numeros* innlagt, hvört bréf nú var upplesið tvisvar sinnum og af oss fyrrskrifuðum kennimönnum athugað og yfirvegið.

Virtust oss flestallar greinir þær sem hann hefur samandregið úr heilagri ritningu hljóða uppá hjónabandið almennilega, að það sé af Guði innsett, heilagt, heiðarlegt, nauðsynlegt, gagnlegt, og þeir sem hjónabandið lasta, fordæma, fyrirbjóða gjöri það móti guðlegri innsetningu og skikkun, einkum þegar hjónabandið er í Guðs ótta kristilega, sæmilega, heiðarlega og heilaglega, sem Guðs börnum hæfir, byrjað og stofnað. Þvílíku hjónabandi mælir enginn á móti, hvorki móðir hans (að vér hyggjum) né hans ættmenn, né heldur kennimennirnir fyrr né seinna, og þess viljum vér Árna gjarnan óska og unna. En af þess háttar greinum sem í svofelldan máta hjónabandsstéttinni hrósa og framhalda, að vilja þar af draga og álykta að hjónaband Árna Magnússonar með sinni frillu Guðrúnu Gissursdóttur, laungetinni, lítilmótlegri almúgapersónu, þvert á móti ráðum og vilja sinnar móður, náunga og ættmanna, hvörs upphaf að virðist í saurlífi og líkamlegri lostasemi stofnað, þverúð og óhlýðni við sína móður og velviljaða ættmenn, sé þess háttar hjónaband sem heilög skrift framheldur og lofar eftir framsettum greinum, þar kunnum vér vorum skilningi ekki að að koma. Virðist oss sitt hvort vera að fyrirbjóða hjónabandið eða mótfalla Guðrúnu Gissursdóttur svo á sig komna sem nú skrifað er, hyggjandi af heilagra forfeðra dæmum og kristilegri skikkun vandast eiga þær persónur sem þá heilögu stétt sín á millum binda að ráði Guðs og góðra manna, foreldranna og annara skynsamra náunga.

Kom fram fyrir oss að Sigríður Þorleifsdóttir móðir Árna hefði viðleitað

Ástæður
þess sem sig
gífta vildi án
móðurinnar
samþykki

Þessi maður
hefur í
midlertið
bedið
annarar
stúlku

við náunga og tengdamenn sína og Árna að hann fengi sæmilega jafnræðis staðfestu til Þorbjargar Eiríksdóttur í Skagafirði, og að hann hafi sjálfur persónulega þangað riðið uppá þessa málaleitun og með bréfi aðstoðar af sínum ættmönnum leitað, sem Eggert Jónsson meðkenndi fyrir oss, hvör einnin lagði fram útskrift af bréfi Gísla Jónssonar, þar hann leitar þessa ráðahags til stúlkuunnar móður Guðfinnu Ísleifsdóttur, skrifandi að sínum elskulegum frænda Árna Magnússyni fyrir guðlegan anda og umhugsun hafi í geð fallið að leita sér með sæmd og æru tengdaskapar til hennar og hennar sona, en eiginorðs og hjónabandsskapar til hennar æruríku dóttur Þorbjargar Eiríksdóttur, hvar uppá hann telur honum peninga í föstu og lausu hundrað hundraða, hvað hann skrifar sig gjöra eftir forlagi bréflegu þeirrar guðhræddu hans eruríku móður Sigríðar Þorleifsdóttur, hvar af vér sjáum fyrst að geð Árna og hvör sá andi er því stjórnar muni í það sinn fráhverfst hafa hinum forna ásetningi, og ekki svo stöðuglega sig niðurskorðað hafa sem í afbötunarbréfinu er á að heyra, þar hann nú í haust tilknúði Árna að ferðast norður í Skagafjörð vestan úr fjörðum þessara erinda.

Þar næst auglýsir Sigríður Þorleifsdóttir sig ekki þar úti hjónabandið hindra, banna né fyrirbjóða, heldur alleinasta það sem henni virðist í kappi síns sonar ósæmilegt sem góðri móður vel sómir að vita og vilja sæmd og jafnræðisvelgengni barna sinna. Sé nú þessi augljós setningur Sigríðar sæmilegur, sem oss virðist, þá hlýtur sá kappsemissætningur sem hér þverlega á móti brýst og spyrnir að aktast og áljást ósæmilegur. Nú höldum vér að Guðs vilji búi í sæmd og æru, hlýðni og góðri skikkun, hreinlífi og hæversku. Því virðast oss þessar framleiddar greinir úr sínum skorðum rangfærðar og dregnar úr lagi til að styðja þverúðarlostagirnd Árna til samlags við sína frillu Guðrúnu Gissursdóttur undir skyni hjónabandsins heilagleika. Eigi tökum vér aftur það fyrrum hefur hér á prestastefnu á Þingvöllum ályktað verið í þessu efni, því vér sjáum ekki rök til þessarar þverúðar Árna, heldur endilega að vilja eiga Guðrúnu Gissursdóttur en allar aðrar kvenpersónur sem hann má sæmilega eignast, utan það sé alleinasta hans lostagirnd og þverúðarkapp á móti móður sinni, því oss virðist hann fleira framlagt hafa en peningamismuninn alleina. Dæmi Esaú ekki forgefins í ritningunni uppteiknað setjum vér fyrir oss að skylt sé að varast. Orð sankti Páls: Látið alla hluti skikkanlega og siðsamlega framfara yðar á milli. *Item:* Þér börn, verið yðar foreldrum undirgefin í öllu.

Rök og
bevísingar þar
til að þessi
óráðahagur
hindrast megi

Þar Árni segist lofað hafa móður Guðrúnar kunnum vér ekki að taka fyrir fullgjörða hjónabandslofun, heldur fyrir heimuglega sem *ordinantian* segir ekki gilda. Hindrun á þeim óráðahag höldum vér fjórða Guðs boðorð. Ljótan undirbúning með legorðum, vildum vér að Árni léti sér til hugar koma hvörju hann hefur lofað Guði og kristilegri kirkju í aflausninni, hvort þá hefur ekki heitið verið yfirbót, bæði á saurlífnaðinum sem öðrum syndum, undirskildri óhlýðninni við foreldrana, og hafi sú iðran alvarlig verið leitum vér eftir

ávöxtum iðranarinnar og yfirbótinni. Líkast er þeim muni samvistir fyrirboðnar verið hafa af andlegu valdi og veraldlegu, en hvað sem það muni uppá sig hafa haft sýna ávextirnir, eigi skyldi hann hafa heim á bænum haldinn verið hafa, hvar eftir biskupinn óskar prófasturinn grennslist og sé skjallega undirréttað, bæði um áminningar, aðgjörðir og þeirra samveru. Moisis lögmál og þingalög ganga nú ekki, en siðalögmálið gildir: Heiðra skaltu föður þinn og móður. Líkast er svo muni þó sett verið hafa þingalögin, að ekki brjóti niður siðalögin, og mun greinin Exod. 22 svo eiga að skiljast, þá allt er áður samþykkt og undirtalað eftir fjórða Guðs boðorði. *In summa*, allar ritningarinnar greinir virðast oss skiljast eiga um þau hjónabönd sem áður eru skikkanlega, guðlega og samþykkilega á allar síður undirbúin. Stefna þeirra sem forboð vilja gjöra virðist oss heyra þeim eiginlega til sem uppkoma með sín forboð eftir trúlofunina, en þeirra ekki sem undir trúlofunina ganga.

Þeir sem forboð vilja gjöra undir trúlofun þurfa ei að stefna

Grein um jungfrúrkrenkjara heyrir fyrst til aðalspersónum, þar næst má hún og ná til valinkunnra dánumanna, þeirra helst sem helstir eru, og svo ofan eftir. En hvörnin sem hún er skilin hyggjum vér ætíð eigi að undirleggjast að aldrei sé raskað fjórða Guðs boðorði. Hér í mót setjum vér þessa grein: Heimugleg trúlofun skal ekki haldast sem er gjörð er fyrir utan þeirra vilja, hvörjum þau (sem er bæði karlmanns og kvenmanns persónan) eru undirgefin, svo sem eru foreldrarnir sjálfir ellegar aðrir sem eru í foreldranna stað, því að soddan æru og hlýðni útkrefur Guð í fjórða boðorðinu. Nú virðist oss orðsakir Sigríðar skjallegri en framlagðar orðsakir Árna, sem er skylda hennar stéttar að vita og vilja sonar síns sæmd, allra helst í þessum háviktugum efnum, hvörja hennar móðurlega rækt styrkja allir hennar ættmenn, sem vér nú fornemum, og náungar Árna í báðar ættirnar, þeir sem nokkuð sig í ljósi látið hafa um þetta efni, hvar uppá biskupinn nú og birti bréfseðil Magnúsar Jónssonar frænda og nátengdamanns Árna. En vér sjáum öngvan hans framleiddan tilgang annan en hans keppinn vilja bláberan.

Nú vigtum vér og vegum saman hættu þá og vandræði sem af mega hljótast hindrun þessa hjónabands, hvörn vér sjáum öngvan framar en tilfallið er, ef hann skilur sig við þessa persónu eftir *reformatiunni* og þeim nýja *recess*, hvað fyrir löngu hefði ske átt. En þó nokkur vandræði afhljótast megi framvegis, það kennum vér heldur þverúð hans og ólöglegri sambúð, en hvorki móður hans né kennimannanna undanfarinni ályktun. Því fáum vér honum aftur sinn ábyrgðarhluta, vitandi sálar og líkama velferð Árna ei vera komna undir Guðrúnu Gissursdóttur, því án hennar mætti hann og má ske verið hefði með sæmd ráðstafaður. Köllum hann því sjálfan hindra sig með sinni þrjótsku, þó hann hér um svo skrifað hafi sem öll sín velferð og hjónaband allt sé bundið saman við þessa frillu. *Ordinantian* bannar *capellani* að giftast án sóknarprestsins samþykkis. Meiri er barnanna skylda við foreldrana. Því virðist þeim enn vandara á móti þeirra ráði sig að ekta en hinum. Sáluhjálparvegurinn má svo vel spillast í afbroti þess fjórða boðorðsins sem þess sjötta.

Engin vandræði sýnast af mega hljótast, hindran þessa efnis ef persónurnar skilja eftir *recessinum*

Hér með og umfram höfum vér yfirvegið hvað ill dæmi, vansemd og ósómi hér með má innleiðast í kristilega kirkju og vort land, sé nokkrum sá taumur gefinn í móti foreldranna ráði fyrir steinblindrar ástar sakir í hjónabandið að gefast, nema sérdeilis orðsakir séu framlagðar, því svo mætti sérhvör dónu-mannasonur leggja sig inn með drægslum, antælum og kvikindum sem þá lysti, foreldrunum að þakkarlausu, þeim til skammar og ævinlegrar angur-semi, alleinasta ef ekki er uppá þær vottfast að hvorki hafi stolið né logið, hvað oss virðist óbærilegt og óviðurkvæmilegt fyrir oss og vora eftirkomendur að viðgangast.

Dæmt og
ályktað að
enginn megi
hjónaband
fullgjöra án
foreldra
samþykkis
eður í þeirra
skjallegu
forboði

Þar fyrir að öllu svo prófuðu, athuguðu og samanvegna á allar síður, bæði ástæðum Sigríðar og aðdráttargreinum Árna, að heilags anda náð tilkallaðri, dæmdum vér fyrrskrifaðir kennimenn allir samhuga og samþykkilega, með fullu dómsatkvæði, hvorki Árna Magnússon né neinn annan erlegs manns eður kvinnu son sig mega við nokkra persónu trúlofa, eða hana til ektaskapar taka, án sinna foreldra, bæði föður og móður, sanngjarnlegs og sæmilegs samþykkis eður í þeirra skikkanlegu og skjallegu forboði, hvílk oss virðist í þessu máli Sigríði Þorleifsdóttur tilgengið hafa sem oftskrifað er, og þar fyrir dæmum vér þau sundur að samvistum, Árna Magnússon og Guðrúnu Gissursdóttur, svo lengi sem Sigríður leiðist ekki til sitt leyfi að tilleggja, og þeirra sóknarprest skyldugan eftir kóng *maystets* bifalningum og undirgengnum *synodalibus* að höndla með áminningum og annað þvílíkt sem hans embætti viðkemur. En hjálpi það ekki tilsegjum vér veraldlegu valdi sína skyldu eftir kóng *maystets reformatiu* og nýja *recess*, að það í verki og aðgjörð skilji þau svo langt og vítt að óhætt sé við misþanka um þeirra óleyfilegar samfarir.

Samþykkti þennan vorn dóm með oss biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson og setti sína handskrift hér undir með vorum handskriftum til fullkomlegrar staðfestu uppá allt áðurskrifað.

Um messuvínsbrest

Í sömu *synodo* var af fyrrskrifuðum kennimönnum ályktað í þessari nauðsyn sem nú tilstendur, að venjuleg sigling hingað til landsins brestur og undandregst fram úr venju, svo óttandist er hvað lengi svo stendur í þessari háskasamlegri tíð, hvörja Guð náðarsamlega álíti. Virðist hættusamt í þessari tíð öllu því litlu sem er eftir af messuvíni kirknanna að eyða út fyrir ósjúka, á hvörjum tímum sem þeir vitja sem hingað til skeð hefur, heldur skyldi prestarnir lýsa í söfnuðinum þessum forföllum, brest og nauðsynjum, að eigi sé föng né efni til við fólkinu svo að taka sem hingað til hefur að forfallalaus skeð, heldur sé samtekið að spara messuvínið það lítið sem eftir er til stærstu nauðsynja sjúkra manna svo það treinist þar til, svo lengi sem framast mögulegt er, inn til þess að Guð vill bót hér á gjöra, en undirvísa fólkinu trúlega að eigi sé sálhjálparvelferð manna í sjálfri ytri nautn *sacramentisins* og að ekki

fordæmi manninn nauðsynja þörfun *elementanna* heldur foröktun, en bjóði þeim sem vilja samt og áður heilaga aflausn, þó ekki verði meðan svo stendur ósjúkum mönnum *sacramentið* veitt. *Item* var prestunum til sagt trúlega að áminna fólkið og söfnuðinn, bæði á predikunarstólnum og endranær, að biðja Guð um náð, vægð og fyrirgefning syndanna með sannri og falslausri iðran, alvarlegri andvarpan og innilegri yfirbót í þessari fárlegri tíð. Og að sá miskunnsemi Guð vilji náðuglega bívara vorn náðuga herra og kóng með öllu hans konunglegu húsi, ríkisins ráði og yfirvaldi, sem og þessara landa og ríkja velferð, að hann vilji undir skugga sinna vængja vernda oss og vor elskuleg yfirvöld í friði og farsæld, og hlífa fyrir öllum ágangi og árásum óvina og orustumanna, og vera einn glóandi múr og aðskilnaður á milli vor og allra vorra óvina sýnilegra og ósýnilegra í Jesú nafni *amen*.

Heilög aflausn
sé veitt þeim
vilja þó vín sé
ei til

Egilsstaðadómur sem gekk þar á prestastefnu 1654 þann 23., 24., 25. maí um mál séra Þórarins Eiríkssonar

Anno 1654 23. maí á Egilsstöðum á Völlum voru þessir heiðursamlegir kennimenn, séra Rögnvaldur Einarsson, séra Stefán Ólafsson, séra Eiríkur Ólafsson, séra Böðvar Sturlason, séra Einar Jónsson, séra Hinrik Jónsson, séra Hávarður Sigurðsson, séra Þorvarður Árnason, séra Guðmundur Ketilsson, séra Sigurður Árnason, séra Jón Höskuldsson, séra Guðmundur Jónsson og séra Bjarni Gissursson, tilnefndir af prófastinum séra Vigfúsi Árnasyni til að álíta og yfirskoða hvörja makt eður afl hafa skyldi sá áburður er Guðrún Sæmundsdóttir hefur borið séra Þórarin Eiríksson, eftir vottuðum vitnisburðum, að hún lýsir hann svo sannan föður að sínu barni sem hún er móðir, en öngvan annan, uppá hvörja vottaleiðslu honum senda af sýslumanninum Gísla Magnússyni prófasturinn séra Vigfús Árnason *citerað* hafði séra Þórarin Eiríksson og Guðrúnu Sæmundsdóttur, sérhvört með sínar afbatanir sem að þessu lúta að auglýsa á nefndan stað og tíma.

Áburður
Guðrúnar
Sæmunds-
dóttur til
séra Þórarins
Eiríkssonar

Eftirgrenslaðist prófasturinn séra Vigfús Árnason við séra Þórarinn Eiríksson hvort hann jataði og viðgöngu veitti þessum fyrrsögðum áburði fyrrritaðrar Guðrúnar eður ekki. Sagði séra Þórarinn þar öldungis nei til og bauð sig til strax með klárri og hreinni samvitsku fyrir hennar áburð lagaeið að halda, svo framarlega sem prófastinum með sínum prestum virtist þessi hennar áburður löglegur að þeim orðsökum rannsökuðum sem hann vildi undir dóminn í ljós leiða.

Neitun séra
Þórarins

Eftirgrenslaðist prófasturinn séra Vigfús Árnason hvort hér væri enginn af hennar hálfu sem hennar forsvar hefði, hvar til enginn sig í ljós leiddi. All-einasta komu fram hennar vitnisburðir um hennar gott rykti og kynning,

Vitnisburður Guðrúnar útgefnir á Eydalabíngi 1654 8. maí. Er sá vitnisburður almennilegur og vottast þar inni að hún sé fróm og ráðvönd, og hafi sér frómlega og ærlega hagað og hegðað til máls og gjörða við meiri háttar menn og minni, eftir þeirra heyrn og vitund er votta, svo sem sá vitnisburður sér líkast hermir. *Item* komu fram *specialia testimonia* séra Jóns Höskuldssonar og hans kvinnu Halldóru Bjarnadóttur. *Item* Vigdísar Jónsdóttur og séra Höskulds Einarssonar þeim fyrra öldungis samhljóðandi.

Hafði séra Vigfús Árnason bréflega tilsað sínum umboðsmanni séra Rögnvaldi Einarssyni suður til Eydala sig að ómaka að yfirheyra bæði séra Þórarin Eiríksson sem og vottana, hvörjir undir hans aflausnarform skrifað hafa, svo vel sem lýsing greindrar Guðrúnar, og hann vildi gangast fyrir öllu nauðsynlegu í þessu efni svo málið þyrfti ekki að hrekjast aftur í Breiðdal af ásettri prestastefnu, *datum* þess bréfs 1654 þriðja í páskum. Eftir hvörri skikkan prófastsins séra Rögnvaldur Einarsson til Eydala ferðaðist og fullnægju gjörði, eftir því sem hann fékk viðkomið. Var sú rannsókn svo á sig komin sem eftirfylgir.

Lýsing Guðrúnar uppá séra Þórarinn
Anno 1654 8. maí í Eydölum á almennilegu héraðsþingi aðspurði séra Rögnvaldur Einarsson Guðrúnu Sæmundsdóttur, er í frillulífisbrot hafði fallið með augljósri barneign, hvör faðir væri að hennar barni, og sagði hún og lýsti undir sýslumannsins og allra þingmanna heyrn séra Þórarin Eiríksson svo sannan föður að sínu barni sem hún er móðir.

Um aflausn Guðrúnar og hvörju hún undir hana játað hafi
 Í annan máta óskaði séra Rögnvaldur skjals og sannra sagna af heiðurlegum kennimanni séra Höskuldi Einarssyni og öðrum tveimur mönnum hvort sú aflausn sönn væri er fram hafði farið í kristilegri kirkju, að Guðrún Sæmundsdóttir hefði aflausn tekið fyrir Gunnstein Brynjólfsson, og meðkenndi séra Höskuldur Einarsson með sína meðkenning, með eigin hendi undir aflausnina skrifað hafði, sig aldrei séra Þórarin Eiríksson heyrnt nefna eður nefndan Gunnstein Brynjólfsson í öllu því aflausnarformi, hvorki fyrr né seinna, hvörja sína sögn eða lýsing séra Höskuldur lofaði með handsölum séra Rögnvaldi Einarssyni með eiði að sanna, ef þurfa þætti, vitnandi til Guðs og góðrar samvitsku að séra Þórarinn með sinni undirhyggju sig þar tiltælt hafi þá meðkenning með sinni eigin hendi út að gefa, hvörjum hann sagðist trúað hafa aflausnarformið fyrir sér upp að lesa, í hvörju hann segir að séra Þórarinn hafi aldrei Gunnstein á nafn nefnt, tilskiljandi að hann vildi aldrei undir þá aflausn skrifa væri Gunnsteinn þar í nefndur, hvörri hans meðkenning samhljóðandi urðu með lostugri játan þessir eftirskrifaðir Eydalakirkju sóknarmenn, Einar Hjörleifsson, Árni Brynjólfsson, Jón Steingrímsson, Erlendur Þorsteinsson, Magnús Gíslason, Þórður Brynjólfsson, Ásmundur Ásmundsson, Skúli Narfason, Jón Eiríksson, Halldór Gunnarsson, Benedikt Jónsson, Þorsteinn Jónsson, Þórarinn Gíslason, hvörra allra þessara fyrrskrifaðra manna játurn og meðkenning að samþykkir urðu Jón Eiríksson og Magnús Loðvíksson, hvörjir undir hans aflausnarform skrifuðu með séra Höskuldi og séra Rögnvaldi, hand-

söluðu sig aldrei Gunnstein Brynjólfsson heyrt nefndan í þeirri aflausn er séra Þórarinn afleysti Guðrúnu Sæmundsdóttir. Hvörja eftirgrennslan og rannsak að séra Rögnvaldur hafði eftir prófastsins myndugleika, og eftir þessum öllum drögum og atlotum í þessu framtöluðu máli *suspenderaði* hann séra Þórarinn til næstu prestastefnu og fullkomlegrar endingar á sögðum framburði, þar til hann er með æru, lögum og rétti frágenginn, undir alvarlegan dóm og úrskurð síns andlegs yfirvalds. Vottar að þessu eru þeir sem sín nöfn hér undirskrifa. *Actum ut supra*. Hinrik prestur Jónsson meh, Eyjólfur prestur Bjarnarson eh.

Séra Þórarinn
*ad tempus
suspenderað-
ur ab officio*

Enn fyrri á þessum umliðna vetri forvitnaðist séra Rögnvaldur Einarsson suður í Breiðdal til Eydala að yfirskoða og vita hvörnin þetta mál af sér stæði, og segist hann í það sinn ei annað sérlegt útrétt hafa, en séra Þórarinn hafi afhent sér opinberlegrar aflausnar form sem hann haft hafði yfir Guðrúnu Sæmundardóttur, með undirskriftum séra Höskuldar Einarssonar, Jóns Eiríkssonar og Magnúsar Loðvíkssonar, hvörja hann í þann tíma *approberaði* bréflaga að svo prófuðu og áminnti sóknina prestinum samt að hlýða, segjandist ei betur vita en hann að svo prófuðu væri í kennimannlegu embætti óhindraður, sem hans útgefið bréf ávísar, útgefið Eyðölum 1654 8. febrúar. Í nefndu aflausnarformi standa þessi orð:

Ög eftir því þá vér höfum hér fyrir oss þessa bersyndugu manneskju Guðrúnu Sæmundsdóttur, sem í þvílíkan máta hefur forsed sig á móti því sjötta Guðs 10 laga boðorði, og er brotleg orðin í saurlifnaðarsynd með Gunnsteini Brynjólfssyni og finnur nú eftir því sem postulinn segir, að soddan syndugar manneskjur skuli ekki erfa Guðs ríki.

Aflausnar-
formið

Item seinna: Ög þar fyrir vil eg enn nú opinberlega spyrja þig Guðrún Sæmundsdóttir, í augnsýn Guðs og kristilegs safnaðar, hvort þú nú öllu þessu játar og lofar sem eg hefi nú framsagt og talað. (Þar til svaraði hún) já.

Nú virðist oss af rannsókn séra Rögnvaldar Einarssonar að sóknin hafi í það sinn móti öngvu öðru gengið í fyrrnefndri aflausn heldur en því að hún hafi aldrei heyrt séra Þórarinn Eiríksson nefna Gunnstein Brynjólfsson í öllu því aflausnarformi hvorki fyrr né seinna, og að hann hefði í því Gunnstein aldrei á nafn nefnt.

Beiddist prófasturinn séra Vigfús Árnason af hendi séra Þórarins þess alls sem hann hefði sem veikja kynni áburð Guðrúnar Sæmundsdóttur en styrkja hans mál.

Framfærði séra Þórarinn Eiríksson fyrst af sinni hendi sér til varnar og afbötunar, á móti áburði Guðrúnar Sæmundsdóttur, svolátandi vitnisburð uppá lýsing yfirsetukonunnar Gróu Bjarnadóttur orð fyrir orð sem eftirfylgir:

Afbatanir séra
Þórarins

Í fyrstu segist hún sagt hafa, þá hún yfir henni sat og hún barnið alið hafði: Nú vænti eg Gunnsteini komi í stöðu þá hann kemur heim að fjölgað hefur, eg vænti eg þurfi ekki að spyrja hvör barnið á, eg vænti Gunnsteinn eigi það, hvar til hún sagði Guðrún ansað hefði: já, Gróa mín, þú getur því nærri, það kemur uppá hvörn sem hann á von á, eg vænti hann færi sig ekki undan því.

Originall
ekki
framlagður

Og þennan vitnisburð um fyrrskrifað efni heyrðum vér Gróu Árnadóttur¹ handsala séra Þórarni Eiríkssyni. Til merkis handsölum vér vor nöfn að láta hér undir- skrifa er ei kunnum. Eyðölum 1653 17. nóvember. Undirskrifuð nöfn, Björn Helgason handsalaði, Magnús Þórðarson handsalaði. Var þessi vitnisburður endurnýjaður 1654 16. maí, og meðkenndur af Gróu Árnadóttur orð fyrir orð sem hér ofanskrifað stendur. Til vitnis okkar nöfn undirskrifaðra, Björn Sigmundsson meh, Jón Valdason handsalaði. Virtist oss sem kennslu á bárum hönd Bjarna Eiríkssonar á þessum næst framan og ofanskrifuðum vitnisburði, og beiddustum *orginalsins*, á hvörjum oss virðist liggja en fengum ekki.

2. Framfærði séra Þórarinn Eiríksson sér til varnar vitnisburð sóknarmanna Heydala kirkjusóknar, hvörs orð sem helst á ríður svo eru hljóðandi sem eftirfylgir:

Vitnisburður
séara Þórarins
af sókninni
útefinn

Vottum þar fyrir með hreinni og klárri samvitsku, allir með einum og einn með öllum, að vér kunnum ei annað sannara eða fölskvalausara að bera en það að áðurnefndur heiðarlegur kennimaður, vor elskulegi sálusorgari séra Þórarinn Eiríksson, hafi sér í lærdómi og lifnaði frómlega hagað og hegðað með kristilegum, hollum og ljúfum áminningum utan kirkju sem innan, sem einum guðhræddum Guðs orðs þénara hefur hæft og borið. Þessara undirskrifaðra nöfn, Þorvarður Höskuldsson eh, Kolli Árnason eh, Erlendur Þorsteinsson eh, Þórður Jónsson, Þórarinn Gíslason, Guðmundur Gíslason, Magnús Gíslason, Jón Halldórsson, Jón Andrésson, Þórður Brynjólfsson eh, Jón Eiríksson eh, Jón Jónsson, Hallur Jónsson, Skúli Narfason, Ásbjörn Árnason, Magnús Loðvíksson eh, Gissur Jónsson heimilismaður að Eyðölum. *Datum* vitnisburðarins 1653 15. maí að Heyðölum.

Með þessum vitnisburði eður sínu skjali vill séra Þórarinn merkjast láta að hann hafi í þeirri sókn ekki verið við barneignina dreifður áður en konan hann sinn barnsföður lýsti, með því vitnisburðurinn hafi verið útefinn eftir það barneignin skeði.

3. Í þriðja máta setur séra Þórarinn sér til varnar í greindu máli *copium* þess bréfs er Bjarni Eiríksson auglýsti og sagði sagt vera að *copium* væri af bréfi Gunnsteins Brynjólfssonar, er hann hefur átt að tilskrifa Eiríki Sigvaldassyni, og Eiríkur sinn faðir hefði sér í hendur fengið. Orð úr því bréfi er oss virðast þetta mál snerta eru á meðal annara svohljóðandi:

Þriðja
afbötun séra
Þórarins

Þér munuð frétt hafa hvörninn farið hefur fyrir mér og Guðrúnu Sæmundsdóttur um okkar brot og barneign, bið eg því yður hér góðan þátt í að eiga svo það standi, og treysti eg yður þar fyrir að gangast, svo eg mætti endilega fá andsvar af Gróu móður Guðrúnar. En við biðjum yður og móður hennar að forlata okkur báðum, *etc.* 1653. Gunnsteinn Brynjólfsson meh. Skýrsla uppá að þetta sé rétt *coperað* hér undirskrifuð hljóðar svo: Þetta er rétt *copium* og

1 Gróa er bæði sögð Árnadóttir og Bjarnadóttir en þetta mun réttara

útskrift af því sendibréfi er Gunnsteinn Brynjólfsson tilskrifaði Eiríki Sigvaldasyni, orð fyrir orð svo sem hér fyrir framan á þessu blaði skrifað stendur, og til merkis og staðfestu að svo í sannleika sé skrifum vér vorar handskriftir hér undir með eigin höndum er samanlásuð. Nöfn undirskrifuð, Árni Stefánsson meh, Snorri Snorrason meh, Eyjólfur Bjarnason meh, Jón Valdason handsalaði (eigi er hér staður né *datum*).

Framvegis standa á viðföstu blaði þessi orð: Á þessu bréfi vottum vér eins manns handskrift vera, það framast vér kunnum að sjá orð fyrir orð, þar Gunnsteinn Brynjólfsson hefur með eigin hendi undir skrifað, utan kveðjan sjálf utan á bréfinu. Þetta vottum vér með klárum sannleika skrifað sunnudaginn næstan fyrir tveggja postula (að vér getum til) messu sem er 3. apríl 1654. Árni Stefánsson meh, Eyjólfur Bjarnason meh, Snorri Snorrason meh, Jón Valdason handsalaði.

Beiddist prófasturinn *originalsins* og varð hann nú ei fyrir. Virðist oss því þessi póstur ekki skuggalaus meðan hann ei framkemur.

Copia enn
framlögð en
originall
fékkst ei

Í fjórðu grein lagði séra Þórarinn Eiríksson fram aflausnarformið sjálft með sinni eigin hendi skrifað, sem hann segist haft hafa yfir Guðrúnu Sæmundsdóttur þegar hann hana opinberlega afleysti í heilagri kirkju, af hvörju hann heldur sjást og merkjast kunni bæði hvern hún meðkennir með sér brotlegan orðið hafa í opinberri saurlifnaðarsynd, svo og líka, að hún sig ekki þar tiltaki, því hvor tveggja þetta muni aflausnin bevísa, sé hún innvirðuglega skoðuð, hvað að eru hans orð. Sömu aflausnar innihald og inntak sem oss virðist um Gunnsteins nafn helst árfða er fyrir ofan innfært, en hér að auki færir séra Þórarinn sér í nyt úr aflausninni hennar seinna hluta, hvör að svo er hljóðandi með sínum undirskriftum orð fyrir orð sem eftirfylgir:

Aflausnar-
formið

Og þó að tilheyrilegt væri að sú fyrrgreind persóna sem með henni brotleg orðið hefur í fyrrnefndri saurlifnaðarsynd væri hér og einninn opinberlega afleyst með henni í auglýsningu kristilegrar kirkju, þá með því hún á sinni sóttarsæng hefur öðlast sinna synda fyrirgefning, eftir sinni girnd og hjartans eftirlangan, þá hefur það í Guðs náðar nafni skeð eftir kristilegrar kirkju lagarétti og Guðs heilagra orða hljóðan sem öngvum býður að synja sinna kristilegra fríheita í þeirra áliggjandi strengilegri nauðsyn. En hún lofar samt þetta sitt brot við kristilega kirkju að afbiðja, ef Guð henni aftur sína heilsu gefur, en vér viljum allir biðja almáttugan Guð fyrir þessari manneskju sem hér er nú í auglýsningu Guðs og kristilegrar kirkju að hún mætti uppá þessa sína auðmjúka játning öðlast allra sinna synda fyrirgefning, svo hún mætti verða verðugur gestur herrans Jesú Kristi kvöldmáltíðar. Hún lofar aftur í mót að flýja nú hédan í frá soddan löst og vondslegt framferði. Og þar fyrir vil eg enn nú opinberlega spyrja þig Guðrún Sæmundsdóttir í auglýsningu Guðs og kristilegs safnaðar, hvort þú nú öllu þessu játar og lofar sem eg hefi nú framsagt og talað (þar til svaraði hún) já. Þá eftir soddan þína hjartans meðkenning segi eg þig

af þessari þinni saurlifnaðarsynd fría og frjálsa, sem og af öllum öðrum þínum sökum og syndum, heimuglegum og opinberlegum, og það í nafni Guðs föðurs og sonar og anda heilags.

Forskriftirnar fyrir ofan undirskriftuð nöfn eru svohljóðandi og á blaðið niðurraðaðar sem eftirfylgir:

Vitnisburðir
uppá
aflausnina

Svofellda aflausn sem hér fyrir ofan skriftuð er heyrðum vér undirskrifaðir menn séra Þórarinn Eiríksson afleysa Guðrúnu Sæmundsdóttur, söfnuðinum viðveranda í Eydalakirkju.

Þessi forskrift og aflausnin sjálf er með hendi séra Þórarins skriftuð, sem oss virðist er hana þekkjum.

Með þessum eður öðrum, Magnús Loðvíksson eh.

Þvílíkum orðum minnir mig að séra Þórarinn Eiríksson afleysti Guðrúnu Sæmundsdóttur sem hér fyrir ofan standa skriftuð, og er þetta mitt eigið nafn með eigin hendi, Höskuldur eh.

Með þessum eður þvílíkum orðum sem hér fyrir ofan skriftuð eru heyrði eg undirskrifaður Guðrúnu Sæmundsdóttur afleysta vera af séra Þórarini Eiríkssyni í kirkjunni í Eyðölum, Jón Eiríksson eh.

Þessi forskrift með hendi séra Þórarins að oss virðist er þekkjum. Þeir af oss sem handskrift séra Höskuldar er kunnug er halda hann sitt nafn með eigin hendi skrifað hafa og því næst fyrir ofan skriftuð orð.

Hér beiddist og krafðist nú prófasturinn séra Vigfús Árnason af hendi séra Þórarins að hann framleggði það hann hefði meira af skjölum eða rökum sem undirlag þessa máls áhræði og þverstætt mætti vera þeirri konunnar lýsingu er hann í fyrstu mótgöngu veitti, svo það mætti hér í sinni röð standa og fimmti punktur hans varnar reiknast.

Telur hann þann fimmta punkt sinnar varnar nokkurs konar orðsending er hans bróður Bjarni Eiríksson með sér færði frá Guðrúnu Sæmundsdóttur í sinni síðustu umreið að sunnan fyrir vorn dóm, svolátandi:

Lýsing
Guðrúnar að
hún mýkja
vildi sinn
framburð til
séara Þórarins

Það kennunst við Jón Valdason og Björn Sigmundsson að við heyrðum Guðrúnu Sæmundsdóttur biðja Bjarna Eiríksson með ráði Gunnsteins Brynjólfssonar síns ektamanns að skila svolátandi orðum uppá prestastefnu til séara Vigfúsar Árnasonar og þeirra presta er hann tiltekur málefni séara Þórarins og sín að rannsaka, sömuleiðis til sýslumannsins Gísla Magnússonar, það hún beiddi þá að mýkja og þíða þetta mál sitt og hans, svo öngvum fall að yrði, og þó sinn framburður sýnist harður að vera uppá síðu séara Þórarins væri henni þægast hann að lina það mögulegt væri, og vildi gjarnan það samþykkja fyrir sitt leyti, því hatur eða kæla af sinni hendi skyldi ei lengur hér úti hjá sér finnast. Þessa orðsending játuðu sanna vera Jón Valdason og Björn Sigmundsson hér fyrir vorum dómi og juku því við að hún hefði sagst við sína fyrstu lýsing standa vilja, og ei sögðust þeir betur vitað hafa en hún hefði hér til óneydd verið.

Vændist nú ekki séara Þórarinn fleiri skjölum í þetta sinn til undirlags þessu

máli, utan alleinasta þeim sem að hlýði uppá vörn og forsvar sinna nú fram-
taldra varnarpunkta.

Víkjum vær nú frá forsvarspunktum prestsins og til þessa máls undirlags og
finnum bevislegt að prófasturinn séra Vigfús Árnason hefur *citerað* séra
Þórarin á þennan stað og tíð, hvör nú er persónulega nálægur, og dæmum
hann þar fyrir löglega fyrirkallaðan. Guðrúnu Sæmundsdóttir hafði hann
einnin með opnu bréfi hingað boðað eður hennar forsvarsmann, eftir hvörri
og hvörjum vér nú grennsluðustum og var hvorki hún né hann hér persónulega
nálæg. Ei eru heldur nein þeirra vottuð forföll hér enn framkomin, samt báru
dánumenn sem hennar orð heyrðu á Heydalapíngi að hún hefði ei við öðru
búist en að *comparera* svo framt sem hún það gæti, og þar um hafði hún haft
nokkurs konar viðurbúnað, munu henni því einhvör forföll hamlað hafa.

Tökum vær oss nú fyrir hendur samt sem áður í Guðs trausti og nafni þetta
allt að yfirvega sem nú er innfært, sem framast mögulegt er og oss fært sjáum
eftir vorri skynsemi, og göngum rakleiðis að þeim fyrsta punkt prestsins
varnar sem áhrærir vottaða lýsing yfirsetukonunnar um barnsmóðurinnar orð
skömmu eftir fæðinguna. Þar inni segja vottarnir að Gróa Árnadóttir hafi lýst
sig sagt hafa við Guðrúnu Sæmundsdóttur þá hún yfir henni sat og hún barnið
alið hafði: Nú vænti eg Gunnsteini komi í stöðu þá hann kemur heim að fjölg-
að hefur, eg vænti eg þurfi ekki að spyrja hvör barnið á, eg vænti Gunnsteinn
eigi það. Hvar til hún sagði Guðrún ansað hefði: Já, Gróa mín, þú getur því
nærri, það kemur uppá hvörn sem hann á von á, eg vænti hann færi sig ekki
undan því.

Nú þó vér látum það satt vera (hvað enn nú ekki er sannað) að Gróa segi
þetta eða hafi sagt uppá Guðrúnu Sæmundsdóttur, þá finnum vér veikleika
þessara orða uppá tvöfaldan hátt. Fyrst sýnist oss þetta *obliqua qvæstio* og
óljós og kunnum því ei að vita hvörju hér sé játað í, og þar að auki sýnist oss
jafnvíst hvort þetta já sé *interjectio* eða *particula affirmativa*.

Í annan máta gjörum vér ekki Gróu hér þá yfirsetukonu sem fyrir tvö vitni
ganga skuli, þar oss sýnist kirkjulögin gjöra ráð fyrir *casu necessitatis*, annað-
hvort um líflítið barn eður afdauda barnsmóður, en þar sem móðir lifir mein-
um vér á hennar sjálfrar meðkenning leita eiga. Nú hefur barnsmóðirin annan
föður lýst en hér er sagt Gróa segi, þar fyrir sýnist oss Gróu beri votta að hafa
til sinnar sögu, skuli hún standa, þar barnsmóðurin móti gengur. Höldum vær
þar fyrir þennan punkt ekki afl hafa nema annað framkomi sem hann með
ljósum rökum styrki.

Önnur prestsins vörn, hvörja hann grundvallar í ærlegum og góðum vitnis-
burði sóknarinnar, kunnum vær ekki að sjá að afl hafi til þess konunnar áburð
um barneignina honum til handa að veikja, því þó hann hafi verið lastvarasti
maður þangað til kunni góðan grand að henda, og ekki mátti sóknin synja
honum góðs vitnisburðar þó svo hefði verið að rykti hefði um hann mátt í
dylgjum ganga, óprófað og óbevísað, þar enginn áburður var yfir kominn.

Séra
Þórarinn
dæmdur
réttilega
fyrirkallaður

Guðrún
citeruð kom
ekki

Trakterun
varna séra
Þórarins

*Obliqua
qvæstio*
yfirsetu-
konunnar

Óljós játurn
Guðrúnar

Gróa ekki sú
yfirsetukona
sem fyrir tvö
vitni ganga
megi

Vitnisburður
sóknarmanna
fríar ei prest-
inn frá
málinu

Nú komum vær til þeirra þriðju prestsins varnar. Gengur hún á þeim grundvelli að Gunnsteinn Brynjólfsson hafi átt að skrifa Eiríki Sigvaldasyni til bréf og í því þessum orðum að tala: Þér munuð frétt hafa hvörninn farið hefur fyrir mér og Guðrúnu Sæmundsdóttur um okkar brot og barneign. Og síðar: En við biðjum yður og móður hennar að forlata okkur báðum.

Bón Gunnsteins veikir ei áburð Guðrúnar

Hér reynum vér ekki á *originalinn*, ei heldur á vottana sem undirskrifað hafa, með því oss sýnist Guðrúnu Sæmundsdóttur ekki um varða hvað Gunnsteinn hér úti segir í þann máta að raska hennar áburði, en gangi þetta mál ekki á hana munu veraldlegir hér úti skyggnast og rannsaka hvörju það orki honum sjálfum til falls. Rök til þessarar meiningar höfum vær þessi að sá skal faðir vera að barni sem móðir segir á hendur.

Ef aflausnin hefði svo framfarið sem séra Þórarinn

Aflausnarformið er ástæða þeirrar fjórðu varnar, hvört aflausnarform séra Þórarinn hefur átt að hafa og framflytja yfir Guðrúnu Sæmundsdóttur þegar hann hana í kirkjunni opinberlega afleysti. Mergur hennar og mesta meining hermírs sér líkast hér fyrir framan í dóminn innfærð. Einninn sést þar hvörjir handskrifað hafa með þeim *circumstantiis* er þar að hníga.

Sóknarmenn Eydala

Rannsókuðum vér aflausnarformið í sjálfu sér og *concluderudum* af því að hefði það satt reynst í sínum atriðspunktum öllum mundi það hafa kunnað því að orka að efasemi hefði komið í hugskot manna um áburð Guðrúnar Sæmundsdóttur, hvort tvímælislaus öldungis reiknast skyldi, hefði hún soddan játun á lagt allt það sem í aflausninni fyrir framan skrifað stendur og þar hermírs, og þeirrar meiningar virðast verið hafa séra Vigfús Árnason og séra Rögnvaldur í vetur þegar þeir hvor sitt bréf séra Þórarni útgáfu.

Gunnsteins nafn hafi í aflausninni nefnt verið

En hvörninn þetta aflausnarform sé á sig komið nú fyrir þessum dómi útvísar rannsóku séra Rögnvaldar Einarssonar hér fyrir framan í dóminn innfærð, sem er að það er nú svo veikt að sóknarmenn Eydalakirkjusóknar ganga á móti að Gunnsteins nafn hafi á því aflausnarformi nokkurn tíma fyrr eður síð nefnt verið, hvört nafn séra Þórarinn hefur þó með sinni eigin hendi í aflausnarformið skrifað og sett, hvað oss virðist ekki litlum efa koma í þessa fjórðu prestsins vörn, þar og einninn hér að auki þeir hafa móti gengið sem aflausnarformið áður handskrifað hafa, sem er séra Höskuldur Einarsson, Jón Eiríksson og Magnús Loðvíksson.

Ófullkominn vitnisburður séra Höskuldar.

Virðist oss nú athugavert þessu næst, hvörsu öflugir þeirra þriggja manna vitnisburðir séu sem aflausnarformið handskrifað hafa. Þeirra hinn fyrsti er séra Höskuldur Einarsson er sagt er að hafi einn um áttætt. Hann segir sig minni séra Þórarinn Eiríksson hafi afleyst Guðrúnu Sæmundsdóttir með þessum eður öðrum þvílíkum orðum. Þessi vitnisburður sýnist oss veikjast á tvennan hátt. Fyrst er séra Höskuldur séra Þórarni náskyldur þar einn er á aðra síðu en þrír á aðra, og má því ekki séra Þórarni meðvitni bera að lögum. Í annan máta segir hann sig minni, hvað oss virðist ei fullur vitnisburður, þar hann segir ekki fullkomlega að svo eða svo hafi afleyst verið. Því víkjum vér

1. Vegna skyldugleika.
2. Vegna þess hann segir að sig minni svo

Þessum séra Höskuldar vitnisburði frá svo sem þeim sem hér úti ekki neitt víst ávíkur.

Nú er um hinna vottanna tveggja kynning að tala, hvör oss er ókunnug. En þar nú vitna svo margir sóknarmenn á móti þessum tveimur mun ei afveita þó nákvæmlega sé eftirgrennslast um þeirra kynning, bæði í þessu máli og öðru framferði, og það dæmum vér. Virðist mönnum þeirra tveggja vitnisburðir afl hafa eiga í móti hinna allra, þar þeir hafa þó allareiðu á móti sínum útgefnum vitnisburði gengið og á hinna mál komnir. Þetta tilfelli dæmum vér undir dóm og álit sýslumannsins Gísla Magnússonar og þeirra manna er hann til með sér kallar, sem er hvörnin hér skal meðfara, að Jón Eiríksson og Magnús Loðvíksson bera fyrst vitnisburð um aflausnarform séra Þórarins Eiríkssonar, síðan vitna á móti þeim þrettán sóknarmenn sömu sóknar, þar eftir gengur nefndur Jón og Magnús frá sínum vitnisburði og komast á hinna mál. Hér viljum vér vita hvörjum hér skal trúa, tveimur eða þrettán, svo og dæmum vér eftirgrennsan kynningarinnar á báðar síður undir veraldlega rannsókn.

Við þessum *casu* tók fyrrgreindur virðuglegur mann Gísli Magnússon ljúflega eftir sinni guðrækilegri sannsýni og nefndi til dóms með sér hér um þessa eftirfylgjandi menn, Pál Björnsson, Einar Magnússon, Rafn Jónsson, Tumas Finnsson lögréttumenn, Jón Björnsson og Hjalta Jónsson, og dæmdi ásamt þeim með fullu dómsatkvæði og góðri samvitsu gildari og fullkomnari vera vitnisburð áðurskrifaðan í þessu máli þeirra þrettán Eydalasóknarmanna en hinna tveggja fyrri aflausnarvottanna, Magnúsar Loðvíkssonar og Jóns Eiríkssonar, á móti hvörjum hinir þrettán sóknarmenn svo sem andvitni sem lög gjöra ráð fyrir vottað höfðu. Til þessarar sinnar dómsályktunar færa þeir skjallæg rök og bevísingar bæði laganna sjálfra, svo og kynningar persónanna sem vitnað hafa á hvörja síðu fyrir sig, berandi sjálfir vitni mörgum af þeim þrettán um valinkunna hegðan, þar þeir segja hinna tveggja að nokkru leyti efasama sem sá dómur líkast hermir.

Nú sýnist oss grundvöllur þeirrar fjórðu prestsins varnar mikillega skeika úr sínum skorðum, þar það er til baka gengið með þrettán manna vitnisburðum sem að sýnist eitt eð helsta er áreið í aflausninni og það bevísa átti að Guðrún Sæmundsdóttir hefði Gunnstein Brynjólfsson sinn barnsföður lýst og viðurkennt í oftnefndri aflausn.

En uppá það að vissan verði því ljósari og ómótmælanlegri dæmum vér fjórum af fyrrsögðum þrettán mönnum sem valinkunnir eru til að vinna fullkomlegan lagaæið, í hvörn þeir inntaki að þeir hafi ekki heyrt Gunnstein nefndan í ofritaðri aflausn hvorki fyrir né síð, og aldrei hafi hann þar í nefndur verið, og þennan eið skulu þeir unnið hafa innan fjórtán nátta særra daga að heyrðum þessum dómi fyrir sýslumanninum Gísla Magnússyni eður löglegum hans umboðsmanni. En prófasturinn séra Vigfús Árnason sé skyldugur þessa dómsályktun ofrituðum þrettán mönnum að auglýsa og sé hann sjálfur eður hans löglegur umboðsmaður nálægur með sýslumanninum eður hans

Hinna sóknarmanna vitnisburðir rannsakist framur þar andvitni eru á móti komin

Qvæstio hvort meir gilda skuli þriggja eður þrettán manna vitnisburðir

Rannsak veraldlegra um vitnisburðina

Fjórdða vörn séra Þórarins er veik

Eiður dæmdur fjórum af þrettán

umboðsmanni, þá að tileinka er sverja skulu og við að vera er eiðarnir fluttir eru, en virðist síðan þörf að fleiri sverji forskjótum vér því í öngvan máta. Og að þessum eiðum unnum kunnum vér ekki að sjá að nokkur vissa óbrigðanleg kunni út að dragast af oftnefndu aflausnarformi prestinum til varnar.

Fimmta vörn
séra Þórarins
honum ekki
til frúnar

Orðsending Guðrúnar Sæmundsdóttur, hvörja presturinn kallar sína fimmtu vörn, tókum vær upp fyrir góðlátlega eftirleitni og blíðan bænastað af hennar hendi, að hjá falli eða hrösun þeirra er hlut eiga sneitt sé, og ekki kunnum vér í þeim orðum að sjá prestinum neina vörn til handa eða nokkurt tvímæli uppá hennar sjálfrar síðu.

Að endaðri yfirskoðun þessara fimm prestsins varnarpunkta beiddist prófasturinn séra Vigfús Árnason af séra Þórarni Eiríkssyni fleiri varna ef til hefði, sem svo gildir væri að sér byrjaði inn að færa, hvörjar ei komu af hans hendi.

Framburður
Guðrúnar
óraskaður
metinn uppá
prestins
síðu

Nú virðist oss þessu næst athugandi hvort framlagðar og yfirvegnar prestsins varnir hafi nokkurt það afl sér meðfylgjandi að áburður Guðrúnar Sæmundsdóttur svo efasamur þar af verði að hann ekki lagaundanfæris krefji, dæmist þar uppá takandi. Virtist oss nú öllum hér samankomnum að nefndrar kvinnu áburður enn nú óraskaður standi og óveiktur af þessum prestsins hér fyrir ofan framtöldum vörnum, svo sem vort álit um sérhvörja vörn sér líkast hermir, og beri því eiði fyrir áburðinn að halda ef það dómur dæmir.

Byðst presturinn til eiði fyrir að halda nefndrar kvinnu áburð enn nú að nýju sem hann í fyrstu gjörði.

Um undan-
færi séra
Þórarins sett
til biskups

Vogum vér ekki oftrituðum kennimanni undanfæri að dæma sökum þess sem áður er framfarið, viljum ekki heldur oss í þann vanda gefa að dæma hann öldungis þar frá, þar sem á svo miklu ríður, og dæmum það þar fyrir fyrir vort æðsta yfirvald biskupinn *magister* Brynjólf Sveinsson, að hann svo sem hinn æðsti yfirdómari hér úti frá því sjálfur gangi til ályktunar sem oss hæst virðist og málið á ríða, þar og einninn að á þessum tíma og fordragi má tilbera að eitt-hvað það uppkomi eður í milli falli sem þessu máli kann til skaða og bata að koma.

Séra Þórar-
inn *ad*
tempus
suspensus ab
ejficio

Beiddist nú til ályktunar prófasturinn séra Vigfús Árnason af oss álita og atkvæðis hvort séra Þórarinn Eiríksson skyldi kennimannlegt embætti fremja á þessum tíma sem fram líður að biskupsins tilkomu, hvað oss virtist ekki vera mega, bæði vegna þess sem fram er farið og innfært í dóminn, og hjá skynsömum lesara ekki sneiðir, sem og þeirra sturlana og hneykslis sem sóknin allareidu hlotið hefur. Hvar fyrir vér dæmum séra Þórarinn skyldugan sér frá útréttingu kennimannlegs embættis að halda innan kirkju og utan til þess biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson endilegan úrskurð leggur á þetta mál.

Samþykkti þennan vorn dóm áðurgreindur prófastur séra Vigfús Árnason og setti sína hönd með vorum hér fyrir neðan. Að Egilsstöðum *anno* 1654 25. maí.

Dómur er gekk á alþingi sama ár um sama mál

Anno 1654 þann 30. júní á almennilegri prestastefnu að Þingvöllum voru eftir biskupsins bréfi samankomnir heiðurlegir kennimenn, séra Sigurður Oddsson prófastur í Borgarfirði að vestan, séra Jón Jónsson prófastur í Borgarfirði að sunnan, séra Þorleifur Jónsson prófastur í Rangárbíngi, séra Þorlákur Bjarnason prófastur í Snæfellsýslu, séra Halldór Daðason prófastur í Árnessýslu, *item* séra Þórður Jónsson, séra Torfi Jónsson, séra Einar Illugason, séra Þorleifur Kláússon, séra Jón Jónsson, séra Jósef Loftsson, séra Salómon Jónsson, séra Jón Oddsson, séra Gísli Þóroddsson, séra Jón Grímsson, séra Engilbrikt Nikulásson, séra Þórður Guðmundsson, prestar Skálholtsstíktis, um þær varnir og afbatanir að meta og yfirvega sem séra Þórarinn Eiríksson hér framlagði sínu máli til afbötunar, hvört hans mál komið hafði undir prestastefnudóm er gekk nú í vor *anno* 1654 þann 23., 24., 25. maí á Egilsstöðum á Völlum í Fljótshálsbænum af héraðsprófastinum séra Vigfúsi Árnasyni og fjórtán heiðurlegum kennimönnum í Múlasýslu, hvörs ályktun sú var að þó séra Þórarinn Eiríksson byðist til eiði að halda fyrir áburð Guðrúnar Sæmundsdóttur og hennar lýsing meðtekna af virðuglegum manni Gísla Magnússyni sýslumanni í Múlaþingi undir votta, þar hún lýsir séra Þórarin Eiríksson svo sannan föður að því barni sem hún ól skömmu eftir sitt hjónaband við Gunnstein Brynjólfsson, sem hún væri móðir, en öngvan annan, uppá hvört eiðsboð séra Þórarins prestarnir þóttust ekki voga ofrituðum kennimanni undanfæri að dæma sökum þess sem áður er framfarið, hvað vér athugandi dóminn hyggjum að vera það helsta, að séra Þórarinn hafði framlagt skriflegt aflausnarform með hvörju hann afleyst hafði Guðrúnu Sæmundsdóttur í Eydalakirkju fyrir opinbert frillulífisbrot með Gunnsteini Brynjólfssyni, með hvörjum hún sé opinber orðin í saurlífnaðarsynd, hvar að undirskriftuð nöfn svo sem til vitnisburðar standa, séra Höskuldur Einarsson með sinni yfirskrift, *item* Jón Eiríksson með yfirskrift en Magnús Loðvíksson undir aflausnina án sérlegrar yfirskriftar, þar þó eftir á í rannsókn séra Rögnvaldar Einarssonar á manntalsþingi í vor á Eydölum 1654 8. maí séra Höskuldur Einarsson, meðkennandi sig með eigin hendi sitt nafn undirskrifað hafa, gengur þar í móti að heyrta hafi séra Þórarinn nefna Gunnstein Brynjólfsson í öllu því aflausnarformi fyrr og seinna, hvörja sögu og lýsing séra Höskuldur lofaði með handsölum séra Rögnvaldi með eiði að sanna ef þurfa þætti, vitnandi til Guðs og góðrar samvitsku að séra Þórarinn með sinni undirhyggju sig þar til tælt hefði þá meðkenning með sinni eigin hendi út að gefa, hvörjum hann sagðist trúað hafa aflausnarformið fyrir sér upp að lesa, í hvörju hann segir að séra Þórarinn hafi aldrei Gunnstein á nafn nefnt, tilskiljandi að hann vildi aldrei undir þá aflausn skrifa væri Gunnsteinn þar í nefndur, hvörri hans meðkenning samhljóðandi hafi orðið með lostugri játan þrettán sóknarmenn sem í dóminum eru ánefndir,

Ítrekun máls
séra Þórarins

hvorra þrettán manna játan og meðkenning samþykkir urðu Jón Eiríksson og Magnús Loðvíksson, hvörjir undir aflausnarformið höfðu skrifað með séra Höskuldi, og séra Rögnvaldi handsöluðu sig aldrei Gunnstein Brynjólfsson heyrnt nefndan í þeirri aflausn er séra Þórarinn afleysti Guðrúnu Sæmundsdóttur. Höfðu prestarnir dæmt myndugleika vottanna þeirra tveggja sem undir aflausnina skrifað höfðu og hinna þrettán sem móti bera, hvörjir trúanlegri skyldu vera, undir veraldlegan dóm sýslumannsins Gísla Magnússonar, og dæmdu þeir með fullu dómsatkvæði og góðri samvitsku gildari og fullkomnari vera þrettán Eydala sóknarmanna vitni en hinna tveggja aflausnarvottanna, sérdeilis vegna kynningarmunar.

Þar eftir dæma prestarnir fjórum af fyrrsögðum þrettán mönnum, sem valinkunnir eru, til að vinna fullkomlegan lagaeið, í hvörn þeir inntaki að þeir hafi ekki heyrnt Gunnstein nefndan í oftritaðri aflausn, hvorki fyrr né seinna, og aldrei hafi hann þar í nefndur verið. Sá eiður er nú ekki skjallega fyrir oss kominn, því vitum vér ekki hvort svo fullkomlega og örðugt hefur svarið verið sem til hefur verið dæmt, og stendur það til rannsóknar í biskupsins *visitatiu*, sem og um þeirra viðurvistir í kirkjunni. En prestarnir í dóminum skrifa sig ekki að voga prestinum undanfæri að dæma sökum þess sem áður sé framfarið, vilja sig ekki heldur í þann vanda gefa að dæma hann öldungis þar frá, þar sem svo á miklu ríði, dæma þar fyrir það undir biskupinn að hann hér út frá því sjálfur gangi til ályktunar sem þeim hæst virðist og málið áfíði. Þar og einninn þeir gera ráð fyrir að eitthvað megi það uppkoma eða milli fara sem þessu máli kunni til skaða eða bata koma, hvörju vér öngvaneginn forskjótum.

Leist biskupi
og prestum á
alþingi að
séra
Þórarinn eigi
kost á
undanfæri.
Vide fol. 174

Ráðgaðist nú biskupinn við fyrrskrifaða kennimenn, hvað þeim virtist réttisnilegast um undanfæri séra Þórarins, hvort honum skyldi þess ekki unnt vera vegna þess sem framkomið er í dóminn prestanna og innfært fyrir austan, svo mikið sem enn nú er vitanlegt orðið og framborið var á prestastefnu, og leist það öllum réttast, einninn biskupinum, að séra Þórarinn svo vel sem hvör maður annar sem borinn verður fullkomnum áburði, þeim er eiður á fyrir að standa að lögum, eigi og megi kost eiga á löglegu undanfæri, hvörninn sem hans efnum er varið uppá hans persónu, sé hann til fær og vilji eiði fyrir standa eftir þessum laganna greinum, að sá skuli synja sem fyrir sök verður. *Item* í kristinrétti að sá skal faðir að barni sem móðir segir á hendur utan hann færast undan. *Item* hjónabands *articular* um jómfrúrkrenkjara, ef einn segir nei fyrir legorð skal hann færa sig undan eftir lögunum, og er þar eins undanfæri sett hvort sem það er mey eða ærleg ekkja. Jafnvel meinsærismanni, þjófabálkur 22. *capituli*, er í vissum sökum undanfærslu unnt sem þess er miskunn er kóngsvald hefur í hendi. *Item* alþingisdómur anno 1653 29. júní, var þeim manni eiður dæmdur í legorðsmáli sem áður var að þýfsku kenndur, ekki lítilli. *Item* anno 1652 dæmt á alþingi þeirri konu sem fundin var að óráðvendni að sverja lýsing sína á barneign uppá dauðan mann.

Vér vitum og hvörgi í lögum undantekið háttalag neinnar persónu, sem vit

og vilja hefur til að sverja, að eigi skuli löglegu undanfæri ná mega í sínum eigin málum, þó eigi séu allir vottbærir öðrum mönnum í annarlegum málum, hvörjum vér ekki kunnum saman að slengja. Því leist bæði biskupnum og samankomnum prestum að séra Þórarinn nái undanfæri og sverji lýrittareið hinn minna fyrir áburð Guðrúnar Sæmundsdóttur í þann máta að hann aldeilis skuggalaust fyrir hana sverji, að aldrei hafi hann hana legið með holdlegu saurlifnaðar samblandi, og vinni þann eið í Múlasýslu. Eiðvættin séu og prestar úr því héraði. Tveir nefndarvottar af þeim sem biskupinn nefnir í *visitatiu*, að annar af þeim sanni, og þriðji prestur úr sömu sýslu verði fangvottur, svo framt sem ekki framkoma nein sérdeilis líkindi sem svo harðlega og augljóslega ágangi að ófært sé eiði í móti að koma. Þó sýndist best fallið að þetta allt biði biskupsins *visitatiu*, að eiðurinn ekki fyrr framflytjist, þó séra Þórarinn sér í hag búi það hann má með æru og rétti gjöra. Og skal þá kostur gjörður Guðrúnu Sæmundsdóttur og Gunnsteini Brynjólfssyni nálægum að vera og eiðinn að heyra, hvort sem presturinn sver fyrir biskupinum eður prófastinum, og hafi þann eið unnið, ef ekki sker í biskupsins *visitatiu*, innan næstkomandi Michaelismessu, hið allra síðasta.

En fallist honum þessi eiður virðist kennimönnunum ekki minna vert um embætti séra Þórarins en að konan sanni sína sögu um faðerni barnsins, með öllum sömu atriðisorðum sem hún hefur sér eið boðið og innfært er í héraðs-prestadóminn. Og sanni tvær erlegar konur með henni vegna þess skugga sem standa má af yfirsetukonunnar lýsing, bréfi Gunnsteins ef framkemur eða hann meðkennir, og þess boðskapar sem hún lét bera á prestastefnu. En hvað sem framar þurfa þykir rannsaks mun biskupinn í fyrrgreindri *visitatiu* fyrirgreiða eftir því sem þörf krefur.

Samþykkti með oss fyrrskrifað dómsálit biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson og setti sína handskrift, með fyrrskrifaðra presta handskriftum, til fullkomlegrar staðfestu uppá allt áðurskrifað, hér fyrir neðan. Á Þingvöllum á sama degi og ári sem upphaflega greinir.

Ef séra Þórarinn fellur á eiði þá sanni konan sögu sína áður en séra Þórarinn er afsettur embætti

Contract millum séra Vigfúsar Árnasonar og séra Henriks Jónssonar

Anno 1654 10. september að Eyðölum fór svofelldur *contract* og sáttmáli fram millum heiðurlegra kennimanna séra Vigfúsar Árnasonar prófasts í Múlaþingi vegna Eyðalakirkju, að helmingi móts við eignarmenn hálfis staðarins, en séra Henriks Jónssonar sóknarprests þar af annari, og séra Vigfús lofaði og undirbast í fyrstu að hálfar kúgildaleigur eftir tíu kúgildi skyldu jafnan þingapresti að Eiðum af sínum helmingi útsvarast í venjulegu leignagjaldi. Þar næst afsagði hann uppá skyldu að játa uppá staðinn Eiða og fasteign kirkjunnar þar neinu afgjaldi presti til handa fyrr en landið væri þar undir gengið. En þó bæði

góðrar samvitsku vegna og svo fyrir biskupsins og annara kennimanna meðal-
göngu lofaði séra Vigfús að láta séra Henrik uppbera hálfar landskyldir af
kirkjujörðunum að þeim helmingi sem hann hefur forráð fyrir, eftir því sem
gelst, fyrst nú þetta ár og svo framvegis, með því móti að þeir forlíkist og séra
Henrik sýni sér tilbærilega hollustu leynt og ljóst, og láti sér þar með nægja
án frekara tilkalls af sér, hvörju séra Henrik játaði. Reiknast það eftir því sem
nú byggjast kirkjujarðirnar að séra Henrik uppberi 8 fjórðunga smjörs, sem
hann lofar að útsvarist séra Henrik sem fyrrskrifað er. *Item* leggur hann af við
séra Henrik þriðjung ljóstolla að réttum skiptum með beggja samþykki. *Actum*
ut supra með þeirra handsölum og handskriftum til vitnis.

Dómur um mál séra Björns Þórðarsonar

Anno 1654 25. september að Eystri-Ásum í Skaftártungu þessir heiðurlegir
menn til dómsálita kallaðir að settri héraðsprestastefnu, séra Magnús Péturs-
son prófastur í Skaftafellssþingi, séra Þórður Guðmundsson, séra Finnbogi
Gíslason, séra Sigmundur Guðmundsson, séra Árni Kláusson og séra Bjarni
Sveinsson, prestar Skálholtsstiftis, af biskupinum *magister* Brynjólfi
Sveinssyni, um það mál er Elín Árnadóttir hafði borið séra Björn Þórðarson,
hvörju svo er varið að hún hafði lýst fyrir prófastinum undir vitni Árna
Vigfússonar og Eiríks Bjarnasonar þann 29. ágúst þessa árs, að Heiði í Mýr-
dal, séra Björn Þórðarson vera svo sannan föður að því barni Þórunni, hvört
hún ól þann 21. ágúst, er séra Finnbogi Gíslason skírði deginum eftir, sem hún
væri sönn móðir, hvör lýsing skrifuð og handskriftuð var að Þykkvabæjar-
klostri, degi síðar en útgefin var.

Voru þau bæði séra Björn Þórðarson og Elín Árnadóttir hér persónulega
nálæg fyrir prestanna dómi og spurði biskupinn þau bæði, og hvort um sig,
hvort þau vildu sitt mál eiga undir þessum prestastefnudómi, þó boðunar-
tíminn hefði ekki þá tímalengd sem lög gjöra ráð fyrir stefnufresti innan
héraðs, svo þau vildu ekki þar fyrir dóminn áfrýja né áfrýja láta hvar til þau
bæði og hvort um sig svöruðu já, að þau vildu sér þar með nægja láta og þar
fyrir dóminn ekki áfrýja né áfrýja láta, hvað þau hvort fyrir sig biskupinum
handsöluðu.

Þar að auki lögðu þau sig nú séra Björn Þórðarson og Elín Árnadóttir
sjálfviljug undir lög og þennan prestastefnudóm með fullnaðarhandsölum
opinberlega hér fyrir oss, og þar að auki í viðurvist og ásjón eruríkra manna
Hákonar og Einars Þorsteinssona, sýslumanna í Skaftafellssþingi, *item* Hávarðs
Loftssonar lögréttumanns og margra annara dánumanna. Því dæmdum vér
málið löglega undir dóminn komið.

Athuguðum vér nú áburð og lýsing Elínar, hvörn hún nú aftur endurnýjaði
með handsölum við biskupinn, og virtist oss áburðurinn fullkomlegur í sínum

Lýsing Elenar
Árnadóttur.
Um legordsmál
og frillulífi
séra Björns
Þórðarsonar

Löglagning
séra Björns
og Elenar

Áburður
Elenar
fullkominn
ályktaður

stífl. Aðspurðum vér séra Björn Þórðarson hvörja vörn hann setti í móti þessum áburði Elenar, hvar til hann svaraði að ei hefði hann annað til varnar en sitt sakleysi í því máli, því hann sagðist saklaus vera um allan holdlegan saurlifnaðarverknað við Elínu Árnadóttur þessa, bæði fyrr og síðar, handsalandi biskupinum þar uppá fullkomlegan lagaeið. En ei bar hann henni annað en ærlegt og frómlegt til máls og gjörða fyrir utan þetta mál. Grennslaðist biskupinn eftir af honum og öðrum nærverandi dánumönnum hvort nokkur tvísaga hefði heyrst af eður eftir Elínu Árnadóttur uppá lýsing þessa hennar barns Þórunnar faðernis, hvörju allir nærverandi neituðu. *Item* leitaðist biskupinn eftir konunnar kynning og vitnisburðum, og komu fram hennar góðir vitnisburðir bæði úr Dyrhólmásókn og Reynirssókn, hvar hún hafði uppalist og búíð. *Item* nærverandi dánumenn meðkenndu sig til hennar ekki annars heyrt né vitað hafa um hana en frómt og ærlegt.

Séra Björn
býður eið fyrir
áburð Elenar

Elenar fróm
kynning

Item spurðist biskupinn fyrir hvort rykti á hefði leikið áður en Elín varð léttari að þessu barni hvör öðrumegin skyldi vera og meðkenndu nú sýslumennirnir, *item* séra Finnbogi Gíslason og séra Árni Kláússon, að skömmu áður en hún varð léttari heyrðu þeir séra Björn Þórðarson hér við dreifðan en öngvan annan. Einnin fornast af bréfum séra Björns, sem hann nú og meðkenndi, að hann hefði á leit farið við séra Finnboga og séra Árna Kláússon að gagnast sér til undanfæris ef á kynni að liggja, hvör hans viðleitni skeði fyrr en konan varð léttari og ól barnið.

Séra Björn
dreifður við
Elenu áður en
hún varð
léttari

Konan eftirspurð samgangstíma lýsti að þau til þess verknaðar fundist hefði í fyrstu eður annari viku vetrar og síðan aftur í sjöttu eður sjöundu viku fyrir jól, hvað líka vel hefði skeð þó presturinn hefði þar ekki náttað, hvílfu prófasturinn og einnin lýsti að hún hefði fyrri fyrir sér lýst. Presturinn hér aðspurður segist hvorki kunna já né nei þar til segja, því hann hefði þar einatt komið við og við, en hefði ekki í minni fest hvönær það hefði verið, þá eður annan tíma. Hér að hníga, um komur prestsins til Heiðar í vetur að var 1653 eftir veturnætur og fyrir jól, vitnisburðir Þorgerðar Sæmundsdóttur og Þorbjargar Hallvarðardóttur, *item* Björns Vigfússonar, heimilismanna á Heiði, útgefnir þann 25. september þessa árs, með handskriftum Einars Þorsteinsonar, Runólfs Gunnljótssonar, prestsins meðkenningu saman við Björns Vigfússonar vitnisburð í þeirri grein, að hann meðkennir að beðið hafi að sækja tré sinna vegna, og Björn meðkennir að sendur hafi verið skipviðina að sækja. Annað kom ekki fram af hendi Elínar að þessu sinni þó aðspurt væri.

Elen
auglýsir
samgangs-
tímann

Hér í mót framlagði séra Björn Þórðarson vitnisburði Reynirs og Höfðabrekku kirkjusóknarmanna, þessara útgefnir 3. september en hinna 10. september þessa árs, hvar inni þeir bera prestinum fróman og ærlegan vitnisburð til máls og gjörða, innan kirkju og utan, leynt og ljóst, það þeim er vitanlegt og fornumið hafa. Framar bera hvoru tveggju sóknarmenn að aldrei hafi þeir séð, heyrt né vitað séra Birni Þórðarsyni borið nokkuð lauslæti hvorki til orða né verka fyrr en nú að honum sé lýst frillulífissök á hendur af Elínu Árnadótt-

Vitnisburður
séra Björns
ærlegir

ur. Og enn framar segja hvoru tveggju sóknarmenn, að sé svo að séra Björn Þórðarson vilji sverja lagaeið fyrir þennan áburð Elínar Árnadóttur, þá hafi þeir góða og dreggjalausá samvitsku þar um að honum muni sá eiður í allan máta sær vera. Hér undir hafa margir skrifað og einn í bland Hallgrímur Magnússon lögréttumaður. *Item* erlegan vitnisburð Árna Skúlasonar *dateraðan* 11. september. *Item* vitnisburð tekinn eftir Jóni Ólafssyni heimilismanni að Heiði, er meðkennir að hann hafi aldrei þess var orðið að séra Björn Þórðarson hafi frillulífi framið með Elíni Árnadóttur, og aldrei hafi hann séð þar neinar líkindasakir til. *Item* að Jón Ólafsson kynni ekki neitt þar af að segja hvort hann ætlaði framburð Elínar Árnadóttur sannari vera en afsökun séra Björns Þórðarsonar. Þessi vitnisburður með handskriftuðum nöfnum Jóns Sigurðssonar, Jóns Ólafssonar. En séra Björn Þórðarson meðkennist sig sjálfan vitnisburðinn skrifað hafa. Sömuleiðis báru Birni nærverandi frómir menn, lærðir og leikir, fróman og ærlegan vitnisburð til máls og gjörða í allri umgengni og hegðan fyrir utan þetta mál.

Séra Birni
dæmdur
lýrittareiður
hinn minni

Falli séra
Björn á
eiðnum er
Elen dæmd
skyldug að
ættfæra barn
sitt og sanni
með henni
tvær ærlegar
konur

Og með því séra Björn hafði ekki neinar aðrar sérdeilis varnir fram að leggja sem veikti Elíni Árnadóttur eður hennar áburð, því að svo prófuðu og undir dóm framkomnu nú eftir tiltals og andsvars lotum og hentugleikum, með því vér sjáum öngvan hnekkir á prestinum, né heldur tvísögu í hans neitun, með því bæði kirkjulögin og landslögin skikka þeim eiði fyrir að standa sem slíkum málum bornir verða, og engin svo sterk líkindi eru framborin að oss virðist lagaeiðinn hindra mega. Þar fyrir að heilags anda náð til með oss kallaðri dæmdum vér fyrrskrifaðir kennimenn séra Birni Þórðarsyni fullkominn lagaeið að vinna, sem er lýrittareið hinn minni, fyrir allt saurlífissambland og líkamlegrar lostasemdar verknað með Elíni Árnadóttur fyrr eður síðar um alla sína lífdaga. Nefndi nú biskupinn honum til eiðvættis séra Finnboga Gíslason og séra Árna Kláusson, hafi annan hvorn af þeim, vel þó báðir séu, en fái annars fangavott einhvörn erlegan prestmann í Skaftafellssýslu, að undanteknum séra Þorleifi í Sandfelli, og hafi þennan eið unnið fyrir prófasti innan tíu vikna særra daga, vel þó fyrri sé, en fallist honum þessi eiður að ákveðnum tíma þá tilsegjum vér veraldlegum valdsmönnum að þeir taki lagaeið af Elíni Árnadóttur, að hún ættfæri barn sitt, og sanni með henni tvær dándikvinnur, og að þeim eiði unnum dæmdum vér prestinn fallinn að máli uppá heiður og embætti, eftir kóng *maystets* bréfi.

Samþykkti með oss þennan dóm biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson og setti sína handskrift með vorum handskriftum hér undir, til fullkomlegrar staðfestu og vitnisburðar uppá áðurskrifað. *Actum ut supra*.

Dómur um mál séra Þórarins að Eyðölum

Anno 1654 8. september að Eyðölum, að settri prestastefnu í Múlaþingi, tilnefndir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, séra Vigfús Árnason prófastur í Múlaþingi, séra Rögnvaldur Einarsson prófastsins umboðsmaður í sama þingi, séra Stefán Ólafsson, séra Eiríkur Ólafsson, séra Böðvar Sturlason, séra Eiríkur Bjarnason, séra Eyjólfur Bjarnason, séra Bjarni Gissursson, séra Þorvarður Árnason, séra Hávarður Sigurðsson, séra Einar Jónsson, séra Jón Höskuldsson, séra Guðmundur Guðmundsson, séra Eiríkur Hallsson, séra Sigfús Tumasson, séra Sigurður Árnason, séra Hannes Jónsson, prestar Skálholtsstiftis, enn framar og innvirðuglegar að rannsaka og athuga og yfirvega það mál sem tilfallið var í Breiðdal og snerti séra Þórarin Eiríksson vegna barnsfaðernislýsingar Guðrúnar Sæmundsdóttur honum á hendur, ásamt þeim vafa sem reis af Gunnsteins Brynjólfssonar nafni, hvört presturinn hafði innsett í skrifað aflausnarform, svo sem hefði Guðrún undir aflausnina játað sig með þeim Gunnsteini fallið hafa áður en hún lýsti séra Þórarin fyrir sýslumanninum Gísla Magnússyni. Hvört mál til prestadóms hafði komið á Egilsstöðum þann 23., 24., 25. maí þessa árs með sínum kvíslum og aðlotum margvíslegum, en undir aflausnarformið höfðu skrifað séra Höskuldur Einarsson með sinni yfirskrift tæpri, *item* Jón Eiríksson með annari yfirskrift og Magnús Loðvíksson án sérdeilis yfirskriftar, hvörjir þrír menn þó síðar frá Gunnsteins nafni gengið hafa í þann máta að þeir hafa ekki heyrt hann í aflausninni nefndan, þó í því skrifuðu aflausnarformi væri hans nafn innsett, hvört þeir undirskrifað hafa, sem rannsókn séra Rögnvalds í Egilsstaða prestadómi innfærð útvísar er skeði á Eydalþingi anno 1654 8. maí, hvar einninn er innfært að í þennan máta hafi séra Höskuldur samhljóða orðið við 13 sóknarmenn Eydalakirkju, af hvörjum prestarnir dæma fjórum til eiðs, hvörn eið þeir unnið höfðu fyrir valdsmanninum Gísla Magnússyni að Eydalþingi anno 1654 29. maí á þennan hátt:

Til þess legg eg Einar Hjörleifsson, Erlendur Þorsteinsson, Skúli Narfason og Benedikt Jónsson hönd á helga bók, og það segi eg Guði, að eg var viðstaddur í kirkjunni á Heydölum í fyrrasumar og heyrða eg þá aflausn þegar séra Þórarinn Eiríksson afleysti Guðrúnu Sæmundsdóttur frammi fyrir kórðyrum opinberlega sóknarfólkinu þá nálægu áheyrandi fyrir hennar frillulífisbrot, og ekki heyrði eg í þann tíma í þeirri aflausn af séra Þórarni Eiríkssyni Gunnstein Brynjólfsson nefndan, og ekki var hann þar þá nefndur opinberlega að minni heyrn. Sé mér svo Guð hollur sem eg satt segi, gramur ef eg lýg.

Hvör eiðstafur nú var opinberlega af sýslumannsins bók hér innskrifaður. En hinir aðrir nú sem nefndir eru í rannsókninni og prestadóminum hafa ekki svarið. Las nú biskupinn þennan eiðstaf opinberlega fyrir utan kirkjudyr, yfirskrifuðum kennimönnum og nálægum sóknarmönnum viðverandi, aðspyrj-

Eiður fjögur
Eydalakirkju
sóknarmanna

andi hvoru tveggju hvort þeir vildu sér ekki með hann nægja láta, hvar til allir samþykkilega já sögðu, svo vítt og langt sem hann náir. Lögðu prestarnir til, og væri sínum dómi samhljóða, en leikmennirnir játuðu einfaldlega. Því látum hann standa sem komið er.

Lagði nú séra Þórarinn fram nokkra pósta er hann hafði samantekið móti prestanna dómi, er biskupinn leyfði honum sjálfum inn að færa úr því skrifi er hann hafði innlagt á Þingvöllum, sem felast í þessum eftirfylgjandi pósti:

Afbatanir séra
Þórarins

1. Segist séra Þórarinn hafa framlagt sínar varnir undir dóm í þeirri meiningu, sérdeilis, að öllum góðum mönnum grunsemdarlaust vera mætti að sá eiður er hann sér fyrir dómi bauð sær væri.

2. Vill hann rannsakist hvort rannsókn séra Rögnvaldar hindri sig frá undanfæri eður nokkra æruskerðing gjöri.

3. Vill hann rannsakist hvort eiðarnir sem svarnir voru séu samhljóðandi því sem þeim í dóminum tildæmt var og grandvarlega athugist hvort þeir hafa ei frekara tildæmt að sverja en í rannsókn séra Rögnvaldar borið var, og að því yfirskoðuðu sjást mætti uppá hvörn grundvöll byggt hefur verið í dóminum sem áhrærir eiðana.

4. Vill hann yfirvegist hvað lögleg vitni þeir séu sem svarið hafa.

5. Vill hann athugist hvað afl hafa skuli það þeir hafa í dóms *copiuna* innsett um nafn séra Þórarins Einarssonar.

6. Vill hann séra Höskuldur bívísi sitt tiltal, eigi það hann að snerta.

7. Vill hann undir lögum og dómi eiga hvort hann skuli snerta til ærukrenkingar, þó hann framleggði aflausn handskriftaða af þremur mönnum, þó að þeir síðar meir frá sínum handskriftum gengi. *Item* að yfirskoðist hvort þeir megi frá sínum handskriftum ganga.

8. Segist hann framlagt hafa sínar varnir undir dóm í þeirri meiningu að hann meinti þær mundi sig stóða til undanfæris áburðarins á þann hátt að þær kynni að verða í staðinn eiðvættanna og hann mundi njóta slíkra fríheita sem lögin leyfa hórkonunni, kvennagiftingum í 5.

9. Vill hann allar sínar varnir framlagðar að nýju yfirskoðist og trakterist með löglegum dómi, og þann dóm afsegir hann undir Austfjarða kennimönnum að eiga, heldur setjandi hann til bestu manna skipunar.

Spurði biskupinn séra Þórarin hvort hann hefði fleiri pósta sem hann vildi innleggja móti prestanna dómi, bjóðandi sig nú þá að meðtaka og láta inn-teikna ef hann framleggja vildi. Hvar til séra Þórarinn svaraði að hann ekki meira framleggði í þetta sinn sem dóminn áhræði. Þar næst óskaði biskupinn af þeim heiðurlegu kennimönnum, sem Egilsstaðadóm höfðu gengið, andsvars og skjallegrar *resolutionis* uppá fyrrsagða pósta, hvar á prestarnir óskuðu umþenkingartíma til morguns, lofandi þá skriflega fram að leggja svo hér inn-skrifast mætti.

Resolutio, andsvar og afsökun uppá þá pósta sem fyrir ofan skrifaðir standa og séra Þórarinn framlagði.¹

1. Til þess fyrsta punkts andsvörum vér á þennan hátt að oss hafi það verið vitanlegt að séra Þórarinn hafi varnirnar framfært í þeirri meiningu að þær skyldu hann bata en ekki skaða, eiðnum flýta en ekki hindra. Nú virtist oss, þegar vær þær yfirskoðuðum, að þeir vitnisburðir sem framkomnir voru, og oss virtust í efa kalla hvort Gunnsteinn hefði verið í aflausnarforminu nefndur, væri nóg orðsök til að séra Þórarinn eiður í það sinn ekki dæmdur væri, bæði þess vegna að hans meðvitni voru frágengin og hans mótvitni höfðu ekki þann eið unnið til hvörs vér dæmt höfðum, á hvörju oss virtist allt málið ríða. Þar að auki hneigði oss ekki síst hér til frávera konunnar sem á annan bóginn þetta mál snerti, því að hvör vissi nema hún eður hennar forsvarsmaður² hefði einhvörjar þær skýrslur í frammi haft sem eiðvættið hefðu kunnað að hindra, hefði hún eður hann nálæg verið.

2. Til þess annars svörum vær að vær höfum haldið það í dóminum og höldum enn, að fyrst 13 menn gengu hans framburði í mót mundi efasamur hlutur vera hvort hann mætti eiði í sama máli framkoma. Það hafa prestar á alþingi *concluderað* en vær aldrei undir þá dæmt. Vær höldum að sá sem missegir höfuðpunkt í því máli hvörju hann er borinn megi fyrir það sama mál eftir á ekki eiði halda. Því að annað er um það að tala, þó að óærlegum manni sé leyft undanfæri í nýju máli, í hvörju hann hefur aldrei tvímæismaður reynst og menn sjá hann sýkn saka í vera, og þar uppá meinum vér hljóða ástæðuna um meinsærismanninn og dóma og samþykktir um óærlegra manna eið, skoðist lögin um þann sem líkari er til sanninda, búnaðarbálkur 26, mannhelgi 2. *capituli*. Mikið virðist oss, skuli það ályktast, að veikur maður í sínum framburði skuli ærlegan mann í því sama tilfelli óærlegan sverja.

3. Hvort eiðarnir sem svarnir voru séu samhljóðandi því sem í dómnum tildæmdist mun sá virðuglegur mann tilsvara sem eiðana tók. En til þeirrar seinni ástæðu þess punkts svörum vér svo að vær meinum oss ekki vítaverða þar fyrir, þó vér höfum hinu skugglausasta eið dæmt í þeim punkt hvör oss virðist málsins höfuðatrið vera sem fyrir vorn dóm kom, og málið átti á annan hvorn bóg að fella, því Guðs orð bannar að skuggi skuli í þvílíkum eiðstaf finnast, með því að hann á að vera endir allrar þrætu, því hvað er til afllauss eiðs að dæma nema að vera orðsök þar til að tekið sé Guðs nafn við hégóma. Hvað hafi mennirnir viljað sverja svo sem þeim var tildæmt, þar um höfum vér fregn fengið af sýslumanninum og staðfesti enn nú oss áheyrandi við Heydalakirkju undir biskupsins heyrn, eftir er á fleiri að herða.

4. Sá punktur heyrir til veraldlegu valdi en ekki oss, undir hvörs rannsókn vér höfum þá ástæðu dæmt.

Prestar í
Múlasýslu
forsvara sinn
dóm með
eftirfylgjandi
póstum

1 séra Þórarinn framlagði: í handriti er einungis séra Þórarinn og ein lína síðan auð

1 forsvarsmaður: í handriti breytt úr *umboðsmaður*

5. Áhrærir séra Vigfús Árnason og þá með honum verið hafa í misskrift faðernis nafns séra Þórarins í dóms *copiunni*. Lætur hann misgáning vera sitt og þeirra forsvar í því efni, viljandi eiði fyrir halda ef þurfa þykir að hann hafi það ekki í neinni meiningu gjört nokkrum til hneykingar, og það hið sama viljum vér allir ásamt með honum með skýrri samvitsku sanna.

6. Séra Höskuldur Einarsson er af oss í dóminum við hlið lagður og nú á ný af virðuglegum herra *magister* Brynjólfi Sveinssyni. Er hann úr sögunni.

7. Um þann punkt heyrir oss ekki meir en svo að dæma, þó vor meining um hann sjáist í dóminum og einninn í þessu forsvari. *Item* hans síðasta atrið af dómi virðuglegs manns Gísla Magnússonar.

8. Snertir ei vorn dóm, en vær óskum þó í honum samhuga að Guð gefi yfirvaldinu sanngjarna meining um persónunnar undanfæri.

9. Skýtur hann sér undan voru álitu, hvað vær viljum eiga undir löglegri yfirskoðun og ályktun yfirvaldsins.

Meðkenning
Eydalakirkju
sóknarmanna
að ei hafi heyrt
Gunnstein
nefndan í
aflausninni

Enn framar var grennslast eftir á þingi að Eydölum, af nálægum sóknar-mönnum nefndrar kirkju, hvort nokkur þar samankominn hefði heyrt séra Þórarin Eiríksson nefna Gunnstein Brynjólfsson í því aflausnarformi er hann yfir Guðrúnu Sæmundsdóttur haft hafði. Nöfn samankomins almúga setjast hér fyrir neðan sem hér um spurður var. Einar Hjörleifsson, Þórður Brynjólfs-son, Árni Brynjólfsson, Halldór Gunnarsson. Kolli Árnason var ekki við en segir að enginn þeirra sem við voru hafi því fyrir sér lýst að Gunnsteinn hafi þar nefndur verið. Þórður Jónsson var ekki við og sagði enginn hinna hefði fyrir sér lýst að Gunnsteinn hefði í aflausninni nefndur verið. Ásmundur Ásmundsson, Skúli Narfason, Magnús Gíslason, Erlendur Þorsteinsson. Þorljótur Gíslason var ekki við en neitar hinna frásögnum um sama efni. Jón Halldórsson var ei við en neitar hinna frásögn um sama efni. Þórarinn Gíslason, Jón Steingrímsson áttæður. Þorvarður Höskuldsson var ei við en neitar hinna frásögn um sama efni. Ólafur Gíslason. Benedikt Jónsson segist hafa verið fyrir innan prestinn í kórnum og meðtekið heilagt *sacramentum* á þeim degi. Halldór Jónsson var ei við en neitar hinna frásögn um sama efni. Jón Þorsteinsson. Eyjólfur Salómonsson var ei við, Rögnvaldur Árnason ei heldur, neita báðir hinna frásögn um sama efni. Gissur Jónsson. Bjarni Narfa-son var ei við og segist öngvan heyrt hafa umgeta af þeim eð við voru að Gunnsteinn hafi í aflausninni nefndur verið. Narfi Guðmundsson var ei heldur við en meðkenndi hið sama og Bjarni Narfason. Björn Jónsson var ei við og segist ekki hafa eftir þessu nafni grennslast. Þessir allir sem fyrir framan og ofan skrifaðir standa og við voru neituðu lostuglega óneyddir og opinberlega sig Gunnstein Brynjólfsson heyrt að hafa nefndan verið í áðurrituðu aflausn-arformi.

Magnús Loðvíksson og Jón Eiríksson voru sér í lagi aðspurðir, svaraði Magnús Loðvíksson eins og hinir sem fyrir framan og ofan skrifaðir standa, en Jón Eiríksson kveðst við predikunarstólinn verið hafa og eftir því sem hann

hafði heyrt og eftirtekið þá hefði Gunnsteinn ei í aflausninni nefndur verið. Þetta gekk til *anno* 1654 9. september. Undirskrifuð nöfn, Tómas Finnsson, Rafn Jónsson.

Summa og stutt ágríp frekara biskupsins rannsaks í máli séra Þórarins

Framar lét biskupinn kalla hér fyrir prestastefnuna Guðrúnu Sæmundsdóttur ásamt sínum ektamanni Gunnsteini Brynjólfssyni til rannsaks og yfirheyrslu á hennar lýsingu, áminnandi hana fyrst á sannleikans meðkenning sem hún vildi fyrir Guði bikennd verða. Þar næst aðspurði hana að viðveranda virðuglegum manni Gísla Magnússyni í nærveru séra Þórarins Eiríkssonar, hvörn hún lýsti föður að sínu barni Sæmundi, hvört hún ól í fyrravetur pásma-sunnudagsnótt, hvar til hún svaraði að hún lýsti séra Þórarin Eiríksson föður að því sínu barni en öngvan annan, játandi enn nú sem fyrr að hún vildi sverja fyrir alla menn lífs og dauða frá því fyrsta og til þess hún kom saman við sinn ektamann Gunnstein í heilagt hjónaband, utan fyrir séra Þórarin Eiríksson alleinasta, hvað hún lofar með eiði að sanna hvönær sem þörf gjörist.

Lýsing og
eiðboð
Guðrúnar
Sæmundsdóttur

Spurði biskupinn nálæga Eydala kirkjusóknarmenn (*nominatim*) hvort þeir hefði heyrt af Guðrúnu Sæmundsdóttur eður eftir henni fara tvímæli um þessa síns barns faðerni eður lýsing á því, hvar til allir svöruðu nei, að aldrei hefði þeir það heyrt að hún þar úti tvísaga orðið hafi, gefandi henni allir þar að auk fróman og ærlegan vitnisburð.

Meðkenning að
Guðrún hafi ei
tvísaga orðið

Þar næst aðspurði biskupinn séra Þórarin Eiríksson hvörju hann svaraði til þessa áburðar Guðrúnar Sæmundsdóttur um faðerni þessa barns, sem Guðrún Sæmundsdóttir bæði nú og fyrri hafði lýst séra Þórarini á hendur, hvar til hann svaraði, áminntur af biskupinum um sannleikans meðkenning, að hann sagði nei fyrir faðerni barnsins og allt holdlegt sambland og samræði við Guðrúnu Sæmundsdóttur bæði fyrr og seinna.

Séra Þórarinn
segir nei fyrir
barnsfaðerninu

Rannsökuð heimiliskviðarvitni og fékkst af sumum ekkert eftirtakanlegt, sumir þóttust heyrt hafa dylgjur og orðróm. Séra Jón Höskuldsson aðspurður hér um svaraði að ei væri því að leyna að víst hefði hann orðfleygt heyrt eftir sér um vinfengi þeirra prestsins og Guðrúnar.

Heimiliskviðar-
vitna með-
kenning

Framar spurðist biskupinn fyrir bréfi því er Gunnsteinn skyldi hafa átt að skrifa til Eiríki Sigvaldasyni, hljóðandi um brot og barneign hans og Guðrúnar, hvörs útskrift framkom undir prestastefnudóm á Egilsstöðum. Þess sama höfuðbréfs óskar nú biskupinn af séra Þórarini, að það megi Gunnsteini til sýnis koma svo hann megi þar tilsvара, með því Gunnsteinn vill sér ei með útskriftina nægja láta. En það fékkst ekki nú því séra Þórarinn þóttist það ekki hafa. En biskupinn vill afsakaður vera síðar meir þó það megi framkoma í fráveru Gunnsteins.

Enn framar rannsakaði biskupinn þau orð sem eftir Guðrúnu Sæmundsdóttir voru færð til Egilsstaða prestastefnu og innfærð í þann dóm með ráði síns ektamanns Gunnsteins (*vide supra* í dóminum). Bauð biskupinn séra Þórarni að taka meiri rannsókn uppá þessi orð af Guðrúnu eður Gunnsteini, en séra Þórarinn sagðist ekki freklega stóla uppá þessi orð svo framt sem biskupinn sæi ekki sérlega vörn útí vera. Athugaði þó biskupinn um linun framburðarins, en þóttist þó skilja af tillagsorðinu að það ætti ei framar að skiljast en mögulegt væri. Enn spurði biskupinn Guðrúnu hvör hennar meining verið hefði í þeim orðum að hún sagðist blífa vilja við sína fyrstu lýsing, spyrjandi hvör sú fyrsta lýsing væri, hvar til hún svaraði, það væri sú lýsing er hún lýsti faðerni síns barns fyrir Gísla Magnússyni, hvör innfærð er í prestadóminn.

Gunnsteini
var aldrei
tilhaldið
hneyksli að
afbiðja í
söfnuðinum

Framar meir rannsakaði biskupinn aflausn Gunnsteins og sagðist hann sjúkur verið hafa þá Guðrún var afleyst heim á Skriðu, og hefði séra Þórarinn sig þar heimuglega afleyst, og aldrei segist hann neitt brot fyrir Guðrúnu Sæmundsdóttur í kristilegri kirkju afbeðið hafa og ekki því lofað undir aflausnina og *sacramentið*. Séra Þórarinn kann það ekki heldur að bívísa að hann það tilsagt hafi, því hann einsamall afleysti hann og þjónustaði fyrir utan alla votta. En þá Gunnsteinn komst á fætur var honum ekki heldur tilhaldið hneykslið í söfnuðinum opinberlega að afbiðja, hvorki af séra Þórarni, því hann segist suður riðið hafa nokkru seinna, ekki af séra Höskuldi, því hann segist ekki vitað hafa Gunnstein þá í sökum verið hafa. Ekki hefði séra Þórarinn sér það heldur tilsagt að gjöra, en venjulegt sé þó hér fyrir austan að þá nokkur þjónustast heima sökum veikleika sá í sökum er, þá sé honum við votta tilsagt að standa til rétta kristilegri kirkju þá bata fær, og svo sé vant að halda til opinberrar aflausnar eftir á. Ekki hafi heldur séra Þórarinn þar um neitt leiðrétt þegar hann sunnan að kom, heldur látið allt framfara sem komið var. Sögðust þau bæði síðan Gunnsteinn og Guðrún heimuglega aflausn meðtekið hafa af séra Höskuldi en *sacramentið* meðtekið af séra Þórarni fyrir altarinu einu sinni síðan.

Barst að séra Þórarinn hefði barnið skírt og spurði biskupinn hann að hvort hann hefði undir skírnina spurt að hvör barnið ætti eftir *ordinantiunni*, fyrst það var laungetið barn, hvar til hann svaraði að þó ekki kynni hann að segja að hann í það sinn þar eftirgrenslaðist, þá þóttist hann hafa yfirsetukonunnar lýsing og annars heimiliskviðar þó skyldur væri, sem væri tvær hans systur Þórunnar. Óskaði biskupinn af virðuglegum manni Gísla Magnússyni sýslumanni í Múlaþingi að hann vildi unna útskriftar af þeirri lýsingu sem Guðrún Sæmundsdóttir fyrir honum lýsti um faðerni síns barns (hennar inntak):

Anno 1653 18. nóvember að Flögu í Breiðdal í votta viðurvist, aðspurði Gíslu Magnússon prestinn séra Þórarin Eiríksson hvort Guðrún Sæmundsdóttir hefði lýst fyrir honum nokkurn föður að hennar barni, hvort hann hefði hana þar aðspurt, hvar til hann svaraði að hann hefði hana afleyst í þeirri meiningu

að hennar ektamaður sem nú er Gunnsteinn Brynjólfsson faðir væri að þessu hennar barni. Þar næst aðspurði Gísli séra Þórarinn hvort hann vildi nú ekki aðspyrja hana að hennar barns faðerni undir sína og vora heyrn, hvar til séra Þórarinn svaraði að hann kynni það nú ei framar að endurnýja, því hann hefði gjört það áður, og það hann sig þar til framar ekki að neyða, sagði það nú nægði nóg þó Gísli sjálfur hana þar að spyrði. Spurði Gísli Magnússon Guðrúnu að hvör faðir væri að hennar barni, hvar til Guðrún svaraði og svofelldum orðum talaði að séra Þórarinn Eiríksson væri svo sannur faðir að sínu barni sem hún væri móðir, hvar uppá hún handsalaði sýslumanninum og lofaði það með sínum fullnaðareiði að sanna nær það sér löglega á hendur segðist, og sagðist aðspurð af sýslumanninum vilja sverja fyrir alla menn aðra nema þann sem hún hefði nú lýst, hvörju hún með handsölum fullkomlega játaði. Hér næst aðspurði Gísli Magnússon séra Þórarinn hvörju hann vildi hér til svara, sem áðurnefnd Guðrún hefði á hann lýst, hvar til hann svaraði sig þessari hennar lýsingu í þetta sinn ekki viðgöngu veita. Að síðustu spurði Gísli Magnússon Gunnstein Brynjólfsson hvort hann hefði nokkuð sem hann vildi svara til eður móti bera þessari lýsingu oftnefndrar Guðrúnar Sæmundsdóttur, og svaraði hann sig hennar lýsing í öngvu rengja vilja. Undirskriftuð nöfn, Kolli Árnason, Tómas Jónsson.

Lýsing
Guðrúnar

Séra Þórarinn krafinn af biskupi fleiri varna eður votta biður umlíðunar þó leggi ekki fleiri varnir fram að sinni þó til hefði, lofandi þeim þó öllum undir næstkomandi alþingi, en prestarnir hér teljast undan að gegna þeim sem enn eru ekki framkomnar, haldandi sig hér útí við Þingvalla ályktun.

Aðspurði nú biskupinn séra Þórarinn Eiríksson og nærverandi presta hvort þeir vissi nú neitt sérlegt eftirliggja það sem snerti þetta mál til frekari rannsaks og fyrirgreiðslu, hvar til allir andsvöruðu að ei vissi þeir slíkt neitt sérlegt eftirliggja svo þeir kynni að minnast.

Virtist nú prestunum öllum hér samankomnum, ásamt sýslumanninum Gísla Magnússyni, að þessi biskupsins rannsókn væri með lagadómi yfirvegin, hvörjum partinum hún meðmælt yrði, séra Þórarinn eður Guðrúnu, áður en þau hvort um sig eiða ynni, með því eiður er endir allrar þrætu, og virðist þeim því tilheyrilegt þó allt sé áður undan gengið það málinu kann til bata eður skaða koma, eftir því sem næst verður komist. Þar lét biskupinn nú tilleiðast nokkra orðsaka vegna að til lykta gengi *in synodo* á Þingvöllum.

Mál séra
Þórarins sett
fyrir alþingis
synodum

12. september leitaðist biskupinn eftir vitnisburði séra Þórarins af sérhvörjum, fyrst hreppstjórunum og síðan sérhvörjum, eftir þeirra eigin orðum og *formalibus*.

*Synodals bók biskupsins
magisters Brynjólfs Sveinssonar
sem hefst anno 1655 á
alþingi*

Dómur um mál séra Þórarins Eiríkssonar
In nomine domini amen

Anno 1655 29. júní að almennilegri prestastefnu á Þingvöllum þessir heiðurlegir kennimenn til samans kallaðir til að skoða, álíta og svo mikið atkvæði á að gjöra um mál það er snerti séra Þórarinn Eiríksson, sem mögulegt væri, hvört mál að fyrst kom undir héraðsprestastefnudóm að Egilsstöðum þann 23., 24., 25. maí fyrirfaranda árs, sem sá prestastefnudómur sér líkast hermir, og höfðu þeir sérdeilis, að þeir skrifa, ekki vogað prestinum (séra Þóarni) undanfæri að dæma vegna þess sem áður sé framfarið, vilji sig ekki heldur í þann vanda gefa að dæma hann öldungis þar frá, þar sem á svo miklu ríði. Dæma þar fyrir það undir biskupinn að hann hér úti frá því sjálfur gangi til ályktunar þessa grein prestadómsins sem fyrir biskupinn hafði sett verið, en ekki í dóminum greind hvort heima í héraði eður hér skyldi af biskupinum ályktast. Meinti því biskupinn sig ekkert móti lögum og rétti gjört hafa þó hann setti þetta mál, sem prestarnir höfðu til hans dæmt, til ráðs og atkvæðis heiðurlegra kennimanna í þessari *generalí synodo* stiftisins. En alþingis kennimönnum ásamt biskupinum leist að séra Þórarinn næði undanfæri með lýrittareið hinum minna fyrir áburð Guðrúnar Sæmundsdóttur uppá frillulífisbrots og barnfaðernis lýsing séra Þóarni Eiríkssyni á hendur, svo framt sem ekki framkæmi nein sérdeilis líkindi sem svo harðlega og augljóslega ágengi að ófært væri eiði í móti að koma, hvör líkindi að rannsaka alþingis-prestar settu til biskupsins næstkomandi *visitatiu* um Austfirðingafjórðung. Þetta er málsins undirlag.

Nú setur þá biskupinn undir atkvæði þessara heiðurlegra kennimanna sem nú voru hér að biskupsins forlagi samankomnir, séra Jón Jónsson prófastur fyrir sunnan í Borgarfirði, séra Þorleifur Jónsson prófastur í Rangárþingi, séra Þorlákur Bjarnason prófastur í Snæfellssýslu, séra Torfi Jónsson, séra Jón Þaðason, séra Álfur Jónsson, séra Halldór Jónsson, séra Þórður Guðmundsson, séra Engilbrikt Nikulásson, séra Gunnlaugur Snorrason, séra Högni Guð-

Dómur um mál
séra Þórarins,
*vide tomo
priori*

mundsson, séra Salómon Jónsson, séra Grímur Bergsveinsson, séra Guðmundur Einarsson, séra Þorleifur Kláussón, séra Jón Jónsson, séra Jón Gíslason, sérdeilis að álíta, yfirvega og álykta um undanfæri séra Þórarins fyrir áburð Guðrúnar Sæmundsdóttur, hvort honum það sjást skyldi, svo sem í fyrra sýndist prestunum með biskupinum hér á Þingvöllum að svo stöddu sem þá var málið kunnugt, eða sýndist nokkur líkindi í biskupsins rannsókn er nú virðast mætti undanfæri séra Þórarins hindra framar en þá var augljóst orðið, hvörja *cautelam* og *conditionem* prestarnir hér tillögðu, ef því líkendi framkoma mætti. Hafði biskupinn í rannsókninni að Eyðölum lagt bæði hana og svo málið, sókn og vörn, hingað til þessarar *synodum*, segjandi skylt þangað að koma með öllum þeim rökum og skjölum sem því mega til endilegrar fyrirgreiðslu koma á allar síður, svo það fái þá þar með Guðs hjálp endilega ályktun, *datum* 1654, 10. september að Eyðölum. Þar hefur undirskrifað biskupinn. *Item* prófasturinn séra Vigfús Árnason, prófastsins *adjutor* séra Rögnvaldur Einarsson, séra Stefán Ólafsson, séra Böðvar Sturlason, séra Eiríkur Ólafsson, séra Bjarni Gissursson, séra Eyjólfur Bjarnason, séra Hávarður Sigurðsson, séra Einar Jónsson, séra Þorvarður Árnason, séra Hinrik Jónsson, séra Sigfús Tómasson, séra Hinrik Jónsson, séra Narfi Guðmundsson, séra Sigurður Árnason, séra Eiríkur Bjarnason, og verjandinn málsins séra Þórarinn Eiríksson.

Ofan á þetta hafði biskupinn kallað og *citerað* bæði séra Þórarinn og Gunnstein Brynjólfsson sem er svaramaður Guðrúnar. *Item* Jón Eiríksson og Magnús Loðvíksson, hvörjir undir aflausnarformið höfðu skrifað, þó seinna meir í rannsókn séra Rögnvalds á Eydalapingi frá þeim vitnisburði gengi, svo mikið sem heyrn Gunnsteins nafns áhrærir. Þetta *citatiu* bréf meðkennir séra Þórarinn með undirskrift sig lesið hafa. En yfir Gunnsteini Brynjólfssyni meðkennir Einar Hjörleifsson, Kolli Árnason, Þórarinn Jónsson að séra Halldór Eiríksson hafi þetta *citatiu* bréf lesið, og yfir Magnúsi Loðvíkssyni. En Þorvarður Höskuldsson og Björn Sigmundsson að hann hafi það lesið yfir Jóni Eiríkssyni. En séra Þórarinn skrifar biskupinum til að hann sé nokkuð forfallaður til þeirrar prestastefnu að koma, sem hann af biskupinum tilbodaður hafi verið og nú á alpingi að Þingvöllum haldin verða muni sökum þess kvilla og krankleika sem hann á síðunni mætt hafi. Vilji þó að þetta mál sem fyrst enda tæki og viljað hafi. Því hafi hann gefið sínum bróður Bjarna Eiríkssyni sitt fullkomlegt lagaumboð að standa fyrir þessu máli og svara til þess sinna vegna, bæði það viðvíki prestanna dómi og svo sjálfru málinu sem er áburð Guðrúnar Sæmundsdóttur. *Datum* þess bréfs 1655 21. júní, Búlandi. Eftir þess bréfs innihaldi og meiningu kallaði nú biskupinn Bjarna Eiríksson fyrir þessa prestastefnu vegna síns bróðurs, hvör nú var persónulega nálægur og meðkenndi umboðið. Var það nú og upplesið handskrifað af séra Þóarini, *item* Bjarna Eiríkssyni, Hávarði Loftssyni, Stefáni Einarssyni.

Tilskrif Gunnsteins Brynjólfssonar *daterað* Snæhvammi 1655 13. maí kom hér fram fyrir oss, í hvörju hann telur sitt fáfræði að vitinu og ómegni að álnum í þeim stað fyrir því máli að standa og biður þess vegna sýslumanninn Gísla Magnússon svo vel gjöra sínu og sinnar kvinnu svari að halda í því hann snerta kunni af hálfu séra Þórarins. En frá Jóni Eiríkssyni og Magnúsi Loðvíkssyni kom bréf biskupinum tilskrifað, hvar inni þeir afsaka sín forföll en láta áheyra að þeir blífi við sinn fyrsta vitnisburð sem aflausnin hljóðar fyrir en yfirtalast hafi látið af lítilsigli sinni, umtölum og skelfingu annara, takandi frá Gísla Magnússon en sveigjandi að séra Rögnvaldi, *datum* Breiðdal 1655 9. júní. Og með því þessir allir meðkenna sig biskupsins *citatiu* bréf og boðan hingað undir *synodum* að *præsentera* fengið hafa að vita þá virðist oss undirlagið löglegt, umboð Bjarna Eiríkssonar ánægilegt, því nauðsynjalausa eða ber oss ekkert að heimta móti öðru Guðs boðorði. Því dæmum vér undirlagið löglegt og þá réttilega fyrirkallaða, tókum því rannsókn biskupsins oss fyrir hendur, sérdeilis að athuga hvort séra Þórarinn skyldi heldur eður sjást, enn nú sem ályktaðist í fyrra hér á Þingvöllum, eða sýndist það nokkuð framkomið hafa í biskupsins rannsókn á Eyðölum sem undanfæri séra Þórarins virtist hindra, framur en hér var kunnugt orðið.

Sem nú var svo komið sem fyrrskrifað er afhenti nú þann 30. júní Bjarni Eiríksson, hvör hingað til hafði fyrir málinu staðið í umboði séra Þórarins, honum aftur þetta umboð, því nú kom séra Þórarinn sjálfur persónulega til málsins og þessarar prestastefnu og meðtók nú sjálfur sinn málstað af Bjarna sínum bróður.

Fyrst óskuðu prestarnir af séra Þórarini að hann leggði fram nú aðra nýja vitnisburði þar uppá að hann í aflausn Guðrúnar Sæmundardóttur hefði Gunnstein Brynjólfsson nefnt til brotsins með Guðrúnu í Eyðala kirkjusöfnuði, og lagði hann fram vitnisburð útgefinn að Eyðölum 1654 7. september með undirskrifuðum nöfnum Björns Sigmundssonar meh og Þórarins Erlendssonar, sem segist handsala að láta sitt nafn hér undirskrifa, svolátandi sem eftirfylgir:

Sökum þess við eftirskrifaðir menn, Þórarinn Erlendsson og Björn Sigmundsson, höfum tilkrafðir verið sanninda vitnisburð að bera hvað vér sannast mundum og heyrðum úr þeirri aflausn er séra Þórarinn Eiríksson afleysti Guðrúnu Sæmundsdóttur fyrir það saurlifnaðarbrot sem hún var þá opinber að orðin, og er það okkar einfaldur vitnisburður að við vorum það sinni í Eyðalakirkjukór og heyrðum glögglega að séra Þórarinn nefndi Gunnstein Brynjólfsson fullkomlega í fyrritaðri aflausn, og það í henni öndverðri, og ekki utan eitt sinn, og ekki virtist okkur hann það orð lægra tala en hin önnur. Í annan máta heyrðum við Guðrúnu Sæmundsdóttur leggja fullkomlega játun uppá öll þau orð sem séra Þórarinn Eiríksson framsagði í aflausninni. Og til meiri staðfestu hér um skrifar annar okkar sitt nafn hér undir með eigin hendi en annar handsalar að láta sitt nafn hér undirskrifa, Eyðölum 1654 þann 7.

september (undirskrifuð nöfn) Björn Sigmundsson meh, Þórarinn Erlends-son.

Þessara manna vitnisburð dæma prestarnir heim aftur í hérað til næsta Eydalapings innan tveggja mánaða frá því alþingismenn heim koma, undir mat sýslumannsins eða hans löglegs umboðsmanns, svo að að þeim vottum nýtum og myndugum metnum sverji þeir þennan sinn vitnisburð með fullnaðareidi.

Item vænist séra Þórarinn enn nú tveimur ærlegum persónum uppá samhljóðandi vitnisburð heima í héraði, sem hann og framleiða vill á nefndu þingi, svo að þeir sverja megi er mönnum virðast skjallegastir og skýrast kunna um að bera hvörnin Gunnsteinn nefndur var í aflausninni af séra Þórnari. Skal kostur vera gjörður Gunnsteini Brynjólfssyni og hans konu Guðrúnu Sæmundardóttur nálægum að vera á því þingi sem sömu eiðar eru teknir.

Annar pósturinn sem oss sýnist og mikið áriða um undanfæri séra Þórnars er sá að í rannsókn biskupsins hafði Gunnsteinn Brynjólfsson neitað, þá hann sjúkur heima á Skriðu heimuglega aflausn og *sacramenti* af séra Þórnari meðtók, segist hann aldregi neitt brot fyrir Guðrúnu Sæmundsdóttur í kristilegri kirkju afbeðið hafa og ekki því lofað undir aflausnina og *sacramentið*, hvörju þó séra Þórarinn hafði lýst í aflausnarforminu að lofað hefði af að biðja þegar heilbrigður yrði, hvað séra Þórarinn í rannsókninni kunni ekki að bevísa, en leggur nú fram til bevísingar svofellda vitnisburði sem eftirfylgir:

Meðkennist eg og votta Teitur Auðunarson að eg viðstaddur heyrði séra Þórarinn Eiríksson afleysa Gunnstein Brynjólfsson á Skriðu í Breiðdal, þá hann lá veikur í sinni sæng, því eg var þá Gunnsteins vistarmaður og sendur þá ofan til Eydala prestsins að vitja, svo og befalaði séra Þórarinn Gunnsteini Brynjólfssyni undir aflausnina við söfnuðinn hneykslið af að biðja, ef Guð gæfi honum sína heilbrigði aftur, hvörju hann játaði að mér ei betur heyrðist. Þetta ber eg tilkrafður af séra Þórnari og óneyddur í alla staði, sannleikans vegna, þó hann það ekki undir mig í það sinni vitnaði. Og til merkis hér um handsala eg séra Þórnari að mitt nafn megi hér undirskrifast. (Undirskrifað nafn) Teitur Auðunarson.

Einnin meðkenni eg Sigríður Skúladóttir, sem þá var búföst á Skriðu í Breiðdal, að eg var viðstödd þegar Gunnsteinn Brynjólfsson meðtók aflausn og þjónustu af séra Þórnari Eiríkssyni, hvað allt framfór eftir því sem hér fyrir ofan borið er í vitnisburði Teits Auðunarsonar. Til merkis hér um hefi eg handsalað séra Þórnari að mitt nafn mætti hér undirskrifast. *Actum* Eyðölum 1655 10. júní. (Undirskrifað) Sigríður Skúladóttir handsalaði.

Heyrðum vér undirskrifaðir menn og saúm Teit Auðunarson og Sigríði Skúladóttur handsala séra Þórnari Eiríkssyni þessa vitnisburði sanna að vera sem hinumegin hér á blaði skrifaðir eru. Til merkis skrifum við okkar nöfn hér undir, ári og degi sem fyrr segir. (Undirskrifuð nöfn) Þórarinn Jónsson meh, Björn Sigmundsson meh.

Þessa votta dæmum vér og undir mat sem hina fyrri á fyrrskrifað Eydala-

þingi, og finnst þeir sem borið hafa nýtir, vottbærir og myndugir, þá sverji þessir og sína vitnisburði með slíku móti sem fyrrskrið er um hina. Og að vottunum nýtum, vitnisbærum og myndugum metnum á þessu þingi, fyrir utan allt kapp, öfund og fylgi, sem trúandi er dánunönnum til, svo lærðum sem leikum, og að þeim eiðum rélega unnum, þá kunnum vér þó ekki annað en dæma séra Þórarni lýrittareid hinn minna, sem í fyrra var hér dæmt, þó að Guðrún Sæmundsdóttir sýnist þá veikt orðin vegna játunarinnar í aflausninni, ef sönn reynist, því vér vitum svo viðgengið hafa að þó konur hafi lýst hvörn eftir annan þá hefur þó þeim síðari lagaeiðar dæmt. Og virðist oss hentugast að þeir sömu prestar sem í fyrra voru af biskupinum til sönnunarmanna nefndir (sem voru séra Vigfús Tumasson og séra Einar Þorvarðsson) séu á sama máta enn nú honum til eiðvættis nefndir. Eður kunni hann í staðinn annars hvors þessara að fá sér til sönnunarmanns einhvörn annan kennimann í Múlasýslu, sem að lögum megi með honum sanna, virðist oss leyfast mega. Og hafi þennan eið unnið fyrir héraðsprófastinum eður hans umboðsmanni í Múlasýslu innan tilkomandi Marteinsmessu. Og þó hann fái ekki nefndarvitni, þá svo framt allt hitt fyrrskrið um vottanna mat og eiða réttilega framgengur, bæði um Gunnsteins nafn og afbeiðni, þá heldur en málið lengra hrekist unnum vér honum tveggja fangavotta af prestunum sömu sýslu, og hafi eiðinn unnið innan fyrrnefnds tíma. En fallist eiðarnir eða bregðist fyrrskriðir vitnisburðir, þá sjáum vér ekki annað en að konan hljóti að sverja, svo sem í fyrra var ályktað lýrittareid, þegar eiðsfrestur séra Þórarins er úti. En sverji vottarnir Gunnsteins nafn og afbeiðni, en séra Þórarinn fellur á sínum eiði vegna eiðvættabrests, þá virðist oss konan hafa verða séttareid að sínum áburði uppá séra Þórarinn eftir fyrrsagðan eiðfrests tíma. En að hennar eiði unnum, sem fyrrskrið er, dæmum vér séra Þórarinn fallinn á heiðri og embætti.

Séra Þórarni
dæmt
undanfæri

Samþykkti þennan vorn dóm með oss biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson og setti sína handskrift ásamt oss hér fyrir neðan í sama stað og ár, degi seinna en fyrr segir.¹

Jón prestur Jónsson eh	Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Torfi prestur Jónsson mpp	Þorleifur Jónsson meh
Halldór Jónsson eh	Þorlákur Bjarnason meh
Þórður Guðmundsson prestur meh	Jón Daðason prestur meh
Gunnlaugur Snorrason prestur eh	Álfur prestur Jónsson meh
Salómon Jónsson eh	Grímur Bergsveinsson prestur eh
Jón Gíslason eh	Guðmundur Einarsson mpp
Jón Jónsson meh	Högni prestur Guðmundsson meh
Engilbert Nikulásson meh	Þorleifur Kláusson eh

1 *sama stað og ár, degi seinna en fyrr segir*: breytt í handriti úr *sama stað, ár og dag sem fyrr segir*

Kónsbréf um attestatos

Attestati
promoverist til
kalla frammar
öðrum

Vér Christian sá fjórði með Guðs náð, Danmerkur, Noregs, Vinda og Gauta kóngur, hertugi í Slésvík, Holsten, Stormaren og Ditmersken, greifi í Oldenborg og Delmenhorst. Gjörum öllum vitanligt að með því vér náðugast fornemum með Guðs almáttugasta sáluhjálpanda orðs þénara köll á voru landi Íslandi ekki svo skikkanlega tilganga sem heyrði, í þann máta að nokkrar persónur sem lítt eru forframaðar í sínum lærdómi og iðkunum oftlega ganga fyrir þeim sem hér á voru *universiteti studerað* og vel grundvallast hafa, þá höfum vér náðugast soddan óskikkun í veg að koma fyrir gott álitið að bífala, svo og hér með alvarliga bífölum, að svo lengi nokkrir þar á landi finnst sem hafa tekið sína *attestatiu* hér á voru *universiteti*, og annars í lifnaði og framferði skikkanliga sér haga, þá skulu þeir forframast fyrir öllum öðrum til kalla þar á landi. Og svo lengi sem nokkur soddan finnst þá skal enginn annar til þeirra kalla er laus verða stoðast ef þeir sem *attestation* hafa og skikkanlegan lifnað færa sig vilja til sömu lausra kalla tíðka láta. Og skulu annars allir og sérhvjörjir andligir og veraldligir, sem í slíkum efnun eiga tilsjón að hafa, tilsjá að annars í allan máta með köllin eftir *ordinantiunni* skikkanliga tilgangi. Og að lærðar og skikkanligar persónur framkomist fyrir þeim sem ólærðir eru. Og að Guðs allra hæsta æra og safnaðarins uppbygging í öllu sé höfð í tilbæriligu akti, hvar eftir allir og sérhvjör hafi sig að rétta. Gefið á voru sloti Kaupenhafn þann 11. mars *anno* 1633. Undir vort *signet*, Christian.

Alþingis prestadómur um séra Þorleif Magnússon

Ósæmilegar
athafnir séra
Þorleifs
Magnús-
sonar

Anno 1656 1. júlí að almenniligri prestastefnu að Þingvöllum þessir heiðarligir kennimenn til dóms nefndir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni um mál séra Þorleifs Magnússonar sem dæmt var hingað á prestastefnu af héraðsprestastefnu á Kálfafelli í Fljótshverfi *anno* 1656 5. júní, séra Jón Jónsson prófastur í Borgarfirði að sunnan, séra Þorleifur Jónsson prófastur í Rangárbíngi, séra Þórður Jónsson, séra Torfi Jónsson, séra Stefán Hallkelsson, séra Halldór Jónsson, séra Guðmundur Bjarnason, séra Einar Illugason, séra Sigurður Torfason, séra Jón Oddsson, séra Salómon Jónsson, prestar Skálholtsstiktis, hvörju máli svo varið var að Sigurður Jónsson frá Hofi í Örafum hafði klagað til séra Þorleifs Magnússonar á Sandfelli fyrir biskupinum, en biskupinn setti til prestastefnu í héraði, að Sigurður þar hann verið hafi að slá í Fuglhólma, er hann sagði leiguland föður síns, hafi séra Þorleifur til sín komið, gripið um orfið og því sleppt, síðan gripið um hálsklútinn knýttan tveimur knútum, smeygjandi hendinni milli háls og klúts, fylgt því svo að hann hafi útaf fallið til jarðar og varla öndinni náð, síðan uppstaðið, og séra Þorleifur þá tekið orfið og með efri hlutanum slegið sig í höfuðið svo hart að hann hafi þar af í annað sinn til jarðar dottið, sem í svima,

svo þar eftir hafi á höfðinu séð bólgu sem hann sýnt hafi nokkrum mönnum. Uppá þessi atvik hafi séð Guðleif Jónsdóttir. Höfðu prestarnir á Kálfafelli, að forheyrðum bæði sækjanda og verjanda, dæmt séra Þorleifi lýrittareið, hvör dómur hér var nú upplesinn og staðfestur að því einu undanteknu að prestarnir hér þóttust ekki lög til finna að sakaraberinn sværi þennan sinn verknaðaráburð.

Nú hafði séra Þorleifur öngvan eið unnið fyrir áðurskrifaðan áburð og ekki neitt lögmætt til varnar sér framkvæmt. Ei kom hann heldur hér nú til presta-stefnunnar eða neinn af hans hendi, til hvörrar hann var þó dæmdur af pró-fastinum í héraðinu, ekki bréf né boðskapur þó biskupinn sendi séra Sigurð Torfason að spyrja eftir honum eður hans svaramanni, gafst það svar að enginn þóttist til hans vita að segja. Framkom nú einninn sóknarmannanna vitnisburður útgefinn að Hofi í Öræfum 27. apríl þessa árs með undirskrifuðum 15 manna nöfnum, hvar inni þeir bera að séra Þorleifur hafi verið þar á meðal sín ófriðsamur, reiðinn, baráttusamur, illlyndur maður, auðsýnandi sig með ofsa og áflogum, einninn með þeim munnsöfnuði sem prestmanni ekki sómi, og þó áminntur verið hafi af sínu yfirvaldi ekki bót né betran gjört á sinni skikkun, afbiðjandi séra Þorleif, óskandi að vægist sínum samvitiskum og honum létti af sér, því þeir viti ekki hvort hann sé verður kennimannsstéttar nema dómur dæmi hann myndugan, annars hann afsegjandi fyrir sinn prest að hafa. *Item* höfðu nokkrir af þeim biskupinum tilskrifað, sömu meiningar, og þar skrifa að þeir skyldu á sérhvörjum pósti grein gjöra sem í vitnisburðinum stendur ef þurfa þykir. Geta þar að biskupinn sjálfur viti hvað oft og ósjaldan biskupinn hafi ónáðast að gegna hans áklagendum, og því stímastriti sem hann hafi í staðið nokkra stund, svo þeir sé nú örþreyttir að búa við þetta lengur fyrst ekki vilji betrun á verða, með fleirum orðum. *Datum* bréfsins Skaftafelli 1656 9. júní með átta manna nöfnum.

Meðkenndi nú og biskupinn að oftast nær hafi hann orðið var við áklögum af óróa og ófriðsemi séra Þorleifs þar í sókninni í sínum *visitatium*. Einninn hefur hér komið áður fram klamarísmál hans á prestastefnuna 1647 30. júní, þó þá saman drægist. *Item* hefur hann fyrri en hann til Sandfells kom að sama óróa kunnur og víðfrægur verið. Bæði í Álftaveri, hvaðan hann fyrir þess háttar klamarí veik, og svo í Meðallandi sem þeir nærri geta sem Oddamálin kunna. Meðkennist og biskupinn að hann hafi hann oftast nær áminnt þá hann fundið hefur í umreiðum að varast þess háttar óróa, jafnvel í síðustu *visitatiu*, hvörju séra Þorleifur þá með handsölum lofaði. Nú fyrir það að hann hefur svo þráfalt og sífelldlega hér í átt sem fyrrsagt er, og enn framar vitanlegt þeim sem kunnugra er um hans breytni og óskikkun, sem ekki hefur betrast viljað, hvörnin sem við hann hefur liðið og reynt verið, með þolinmæði og áminningum, sjáum vér ekki hans embætti Guðs söfnuði til uppbyggingar vera sökum lifnaðarins vanskikkunar að sóknarinnar vitnisburði sannprófuðum. Nú er Guðs orð augljóst um baráttusemi, reiði, agg og þrætur,

óróa og illlyndi, bæði að þetta sé af holdsins verkum sem í gegn andanum stríði og að kennimönnum sé vari þar við tekinn. *Item* kónglegrar *maystets ordinantia* er svo ákveður að þeir sóknarprestar sem taka til að verða aðrir en þeir voru og þeim ber að vera, og gjöra þar ekki bót á nær þeir eru áminntir, þá mega þeir vel setjast til rétta af yfirvaldinu og líka afsetjast og reiknast fyrir óordineraða og óvígða sem annað almúgafólk. *Item* í öðrum stað vér viljum í öngan máta láta það vera óstraffað ef nokkur prestur lætur sig finna með annarligri skrift og bréfagjörð heldur skal hann setjast til rétta í fyrsta og öðru sinn, ellegar nær engin önnur góð ráð vilja hjálpa þá skal hann sem einn óróafullur, ófriðsamur og óhlýðugur maður með öllu afsetjast og rekast frá sínu kalli og embætti og honum skal ekki auðveldliga til nokkurs kalls verða trúað aftur.

Séra Þorleifur
dæmdur frá
stað, heiðri
og embætti *in
perpetuum*

Þar fyrir í Guðs nafni að heilags anda náð tilkallaðri vogum vér hvorki né viljum séra Þorleif Magnússon inn á nauðuga sóknarmennina þrengja heldur dæmdum vér með fullu dómsatkvæði að sönnuðum sóknarmannanna vitnisburði af tveimur ærligum sóknarmönnum með eiði, þeim sem prófastinum og sýslumanninum samankemur þar til að nefna, innan mánaðar upp frá því að þessi dómur birtist séra Þorleifi og þeim, hvað ske skal sem fyrst menn koma heim af þessu þingi, og að þeim eiðum fyrir sýslumanninum unnum innan ákveðins tíma dæmum vér séra Þorleif Magnússon frá stað, embætti og prestligum heiðri fyrir óróa og ófriðsemi, og skal prófasturinn strax eftir eiðana unna staðinn meðtaka og alla hans peninga, þeim til varðveitslu sem aftur verður skikkaður, og svo þetta mál Sigurðar og hans frá andligum komið til veraldligrar lögsagnar.

Samþykkti þennan vorn dóm með oss biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson, setjandi sína handskrift ásamt oss hér undir til fullnaðarstaðfestu að Þingvöllum, ár og dag *ut supra*.

Stefán Hallkelsson prestur meh	Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Halldór Jónsson eh	Þorleifur Jónsson meh
Sigurður Torfason prestur mpp	Jón Jónsson eh
Guðmundur prestur Bjarnason eh	Þórður Jónsson meh
Jón Oddsson prestur meh	Torfi Jónsson mpp
	Einar Illugason meh

Sama stað, ár og dag sömu heiðarligir kennimenn og þar að auki séra Magnús Pétursson prófastur í Skaftafellssýslu og séra Þórður Guðmundsson til dóms nefndir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni um ektaskaparmál Egils Egilssonar og Vigdísar Magnúsdóttur, hvör áður hefur fyrir prófastinum séra Þorláki Bjarnasyni framborið vanmátt og *impotentiam* síns ektamanns Egils Egilssonar við sig og það framast hún fornumið hafi. Prófasturinn eftir *articulunum* að settri prestastefnu dæmt þeim þriggja ára frest til góðra ráða

Hjónabandsmál
um *impotentiam*

og lækninga ef finnst mættu. Þar eftir hafi þau til samans verið þau þrjú ár út. Síðan hefur hún aftur fyrir prófastinum sig uppborið að umbótalaust orðið hafi og svo hefur síðan staðið. Nú kom hún í fyrrasumar til biskupsins í *visitatiu* að Setbergi og tjáði þetta sama sitt málefni, hvört biskupinn setti til þessarar prestastefnu, boðandi bæði manninn og hana nú hingað til endilígra atgjörða í þessu máli, hvað þau nú bæði hér persónuliga nálæg meðkenndu að biskupsins *citatiu* bréf heyrte hefði. Því virtist prestunum þau réttlíga fyrirkölluð og þetta mál löglíga undir dóm komið. Var nú upplesin opinberlíga í heyrn þeirra beggja hennar ákæra og meðkenndi hann það allt satt vera sem hún hafði framborið í þessu máli fyrir biskupinn í fyrra.

Framar var Egill aðspurður hvort hann hefði ekki merktá sér meiri krafta eður karlmannsburði fyrir hjónabandið eður endranær síðan en þá við hana hefur samanbúið, þá ekki hefur við hana verið að eiga, hvað hann segist hugað hafa en þó eigi svo að hann sé fær það með eiði að sama, því aldrei hafi hann sig við aðrar kvenmannspersónur reynt í því efni. Jafnframt meðkenndi hann sér svo háttáð vera að hann treysti sér til einsömlum að lífa fyrir utan kvenna samræði. *Item* lýsti hann að hann hefði Vigdísí ómisþenkta um samfarir við aðra menn um allan þeirra sambúðartíma. *Item* játáði hann að hann hygðí sig vanfæran vera og verið hafa til samræðisverkanna hingað til. *Item* bar hvort öðru fróman og meinlausan vitnisburð. Nú hljóðar svo kóng *maystets articuli* um þvilk efni, að ef ekki fást ráð eftir tilsettan þriggja ára tíma, hafi sá brestur verið fyrir brúðkaupið, og verði þá ekki með neinu móti til bóta hjálpað, þá verður skilnaður þeirra á millum.

Þar fyrir í herrans nafni dæmdum vér Egil Egilsson og Vigdísí Magnús-dóttur, eftir áðurskrifuðum mannsins meðkenningum og kóng *maystets mandatum*, að þeim eiði unnum sem hún nú frambauð og óskaði að hún sværi fyrir allt karlmannafar bæði fyrr og síðar, löglíga skilín og hana síðan aftur sig gifta mega þegar það sker í drottíní eftir postulans ráði. Þó virðist skikkánligast og sémiligast að hún vegna undanfarinnar hjónabandsins æru giftist ekki hans nákomnum frændum, einna helst þeim sem í Guðs orði forboðnir eru. Líkaði þeim báðum þessi skilnaður allvel og kvöddu hvort annað með handabandi og kossi, biðjandi hvort annað fyrirgefningar á því sem hvoru hefur mátt við annað misvinnast og gaf hvort annað þar um frí og kvitt í allan máta. En manninum virtist oss hollast og hentugast einum fyrir sig að vera.

Samþykkti þennan vorn dóm með oss biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson, setjandi sína handskrift ásamt vorum hér undir til staðfestu, Þingvöllum 1656 1. júlí.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Þorleifur Jónsson meh
Torfi Jónsson mpp
Halldór Jónsson eh

Jón Jónsson prestur eh
Þórður Jónsson meh
Magnús Pétursson meh
Stefán Hallkelsson prestur meh

Hjón í
sundur
dæmd
mannsins
impotentiae
vegna

Pórður Guðmundsson meh
Einar Illugason prestur meh
Jón Oddsson prestur meh

Sigurður Torfason prestur mpp
Guðmundur prestur Bjarnason mpp
Salómon Jónsson eh

Passbréf séra
Pórarins
uppleið

Sama stað og dag óskaði séra Pórarinn Eiríksson að inn væri skrifað í biskupsins *synodals* bók það kóng *maystets* passbréf sem hann hafði nú þetta ár með sér haft í landið, hvað honum leyft var og hann það hér opinberliga upplás, hvörju prestarnir og gegndu með allri hlýðni og undirgefni kóng *maystets* vegna. Séra Pórarinn einninn gaf biskupinum besta vitnisburð umgerða við sig og framkvæmd í þeim erindum sem honum hefði af kóng *maystets* hálfu tilkynnt verið. Til vitnis undirskrifaðra presta nöfn, Þingvöllum 1656 1. júlí.

Torfi Jónsson mpp
Pórður Guðmundsson meh
Sigurður Torfason prestur mpp

Þorleifur Jónsson meh
Halldór Jónsson eh
Salómon Jónsson eh

Um Stórabotn
í Kjós

Sama stað og dag kom til álita á prestastefnunni kærumál Einars Guttormssonar í Stórabotni um ófærligan kirkjuveg til Reynivalla frá Botni, þar sækja sé yfir Botnsá, Brynjudalsá, Fossá, oftliga ófærar á vetrartíma. *Item* fyrir Múlafjall og Reynivallaháls, þann mikla og hætta fjallveg, hvað hann telur sér varla fært né óhætt, en kvenfólki, gömlum mönnum og börnum ómöguligt eður veikum manneskjum, allra helst og sérdeilis á veturnar, [þa]r með ekki mögu[li]gt börn til [kir]kjunnar eður fram[li]ðna til [kir]kjunnar að bera, [pr] est að sækja eður [kal]la í sérhvört [si]nn er viðþarf [00]a öðruvíis er að [00]u gott.¹ Hvað með Einari sönnuðu og einninn kunnugir prestar, og jafnvel séra Einar á Reynivöllum gekk ekki móti nauðsyninni, torfæru né vegalengd, því hún er augljós og opinber, og ekki án mannhættu ef svo vildi tiltakast. Óskaði Einar að lagfæring þar á gjörðist í þann máta að Botn leggist til Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd, hvað þó langt sé er með byggð að fara, óhætt og torfæru-laust, sérdeilis með því nú framkom innsiglað transkriptarbréf með fimm heilum og hangandi innsiglum, *daterað* að Melum 1574 7. dag júlí, þar inni að tjáist að í jarðakaupum Þórðar Guðmundssonar og Ögmundar Hallssonar, að Þórður fékk Ögmundi fyrir Belgsholt jörðina Fremrabotn sem liggur á Hvalfjarðarströnd í Saurbæjarkirkjusókn, 20 hundruð að dýrleika, og Fiskilæk *etc.*, hvað Einar heldur gagn og skjal að auðsýna Botn hafi fyrrum legið undir Saurbæ til kirkjusóknar, hvörninn sem hann hefur síðan undir Reynivalla-kirkjusókn komist. *Item* birti Einar Guttormsson útskrift af bréfabók sem sögð er biskups Ögmundar, er finnst hjá herra Árna Oddssyni lögmanni, hvar inni að biskup Ögmundur meðkennir að hann hafi gjört soddan kaupskap við Gissur Sighvatsson að hann hafi selt honum jörðina alla Stærribotn, er liggur í Hvalfirði í Saurbæjarkirkjusókn, fyrir Hallkelsstaði í Hvítársíðu og Gils-

1 þar með ekki ... gott: á skertri spássíu

bakkakirkjusókn. *Datum* þess gjörnings 1525, Skálholti *in octava sancti Johanni evangelista*. Sú útskrift var handskriftuð af lögmanninum herra Árna Oddssyni og séra Jóni Jónssyni á Melum.

Nú setti biskupinn fram fyrir prestana hvað sér bæri hér um að gegna og úr að ráða. Athuguðu þeir kóng *maystets ordinantiu*, þar svo segir að *superintendentes* skuli að sér taka öll þau mál sem samvitskurnar áhræri.

Nú bar séra Einar Illugason fyrir sig að þessi jörð hafi til Reynivalla legið í þeirra manna minni sem nú til eru og að sér sé af yfirvaldinu Reynivalla-staður veittur, með öllu því sem honum og kirkjunni tilheyrir og hans formaður haldið hefur og henni með réttu tilheyrir. Þar með þykist séra Einar ekki fyrirhallaður verið hafa þessu máli að gegna eða leita upp þau skjöl sem finnast mættu þar til að Botn hefði til Reynivallakirkju að fornu legið. Þóttist því ekki skyldugur þessu máli að gegna. Vildi og ekki heldur þessa *curam* frá sér gefa án lögligrar tilköllunar. Stendur þó í kóng *maystets ordinantiu* að kóngurinn skrifi nauðsyninni öngva reglu því að hún hafi engin lög.

Um Botn í Kjós

Virtist prestunum biskupinn verða síns embættis nauðsynjanna og samviskunnar vegna einhvor úrræði í fram að hafa, svo því betur framkvæmast mætti venjuleg sáluhjálparmeðöl þeirra manneskja sem í hlut eiga. En biskupinn með kunnugum prestum áleit svo þetta mál að nauðsynin sjálf krefði og útheimti að svo væri hér umgjört að sem best mögulegt er væri spornað við lífs og sálar hættu og ábyrgð, því ekki sýndist prestinum á Reynivöllum heldur möguligt alltför að komast til Botns, hvað sem uppá félli. Var því biskupsins og þeirra meining að hætta minna mundi hana til Saurbæjarkirkju að leggja og þess sinnis er hann svo framt sem yfirvaldið sem *jus patronatus* hefur, sem er lénsherrann, það samþykkir. *Actum* Þingvöllum 1656 1. júlí. Til vitnis undirskriftuð nöfn.

Jón Jónsson eh

Þórður Jónsson eh

Magnús Pétursson

Þórður Guðmundsson meh

Sigurður Torfason prestur mpp

Jón Oddsson prestur mpp

Salómon Jónsson eh

Álfur Jónsson meh

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh

Þorleifur Jónsson meh

Torfi Jónsson mpp

Halldór Jónsson eh

Stefán Hallkelsson prestur meh

Guðmundur prestur Bjarnason eh

Halldór prestur Eiríksson mpp

Jón Salómonsson meh

Anno 1656 1. júlí að almennilegri prestastefnu að Þingvöllum las biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson opinberliga upp fyrir nærverandi kennimönnum *copii* af kóng *maystets missivis* bréfi til lénsherrans um *hospitalanna* hér í landi efling og framkvæmd með frekari tillögu eftir því sem lénsherrann með biskupunum, lögmönnunum og tuttugu og fjórum bestu mönnum í landinu sýndist hentugast að sérhvor eftir sínum eignum árlega nokkuð tillegði til

Um hospitala

hospitalanna frekari uppheldis. *Item* var nú og upplestin útskrift af lénsherrans sendibréfi til fóvitans Tómass Nikulássonar, að hann þetta með tilteknum landsmönnum samanbæri til umráða og fyrirgreiðslu til þessa alþingis, í þeirri von að hans sjálfs velburðugheit mundi nú til landsins koma. Þar inni skrifa hans velburðugheit svo kristilega og herralega að hann tilsegir að sér ekki gleymast skuli nokkuð þar til að leggja. *Item* að það Íslenska *Componii* þar og nokkuð tilleggi. *Item* kaupmenn, skipherrar, undirkaupmenn, svo því betur af stað kæmist og framkvæmdist þetta efni. Fóvitinn hefir einnin fyrir *synodum* innlagt þessa lénsherrans tilsögn og óskar að biskupinn eftir yfirvaldsins forlægi nefndi til tólf bestu menn þetta efni að rannsaka, yfirvega og álíta, og sitt álit skrifliga frá sér aftur að gefa, þeirrar meiningar að þar innsettist sú *contribution* sem tilleggjast skyldi af sérhvörjum, svo að ei gengi mesti þunginn uppá þann fátækasta almúga heldur leggði hvör til eftir sinni formegan.

Eftir þessu forlægi nefndi nú biskupinn með samþykki og nærveru heiðurligs og vellærðs kennimanns séra Hallgríms Jónssonar *officialis* Hóladómkirkju þessa heiðurliga og vellærða kennimenn, séra Jón Jónsson prófast í Borgarfirði að sunnan, séra Þorleif Jónsson prófast í Rangárfingi, séra Magnús Pétursson prófast í Skaftafellssýslu, séra Þórð Jónsson, séra Torfa Jónsson, séra Stefán Hallkelsson, séra Álf Jónsson, séra Halldór Jónsson, séra Þórð Guðmundsson, séra Einar Illugason, séra Sigurð Torfason, séra Jón Oddsson, presta Skálholtsstíktis, með því hér voru ekki nálægir kennimenn úr Hólastíkti. Var þetta álit nærverandi kennimanna að lénsherrans *contribution* væri lögd til hans eigin góðrar *discretionis* eftir því sem hans velburðugheit sjálf þar um gjöra vildi. Sömuleiðis óskuðu kennimennirnir af hans velburðugheitum, vildi sjálfir uppáleggja sínum fóvita hvað hann skyldi tilleggjá. Íslands *Componii* tillagði hálfa lest mjöl í hvört fjórðungs *hospital*, kaupmennirnir hundrað fiska virði og það framir sem þeir vilja betur gjöra. Skipherrar nútígi fiska virði. Undirkaupmenn 60 fiska virði og þessara útlenskra *Componiis* kaupmanna, skipherra, undirkaupmanna tillög skiptist sem sýslumönnum með prófata ráði þykir hentugt í sérhvörri sýslu.¹ Landsmennirnir fiskvirði eður hálfa alin vöru, af hvörjum fimm hundruðum tíundarvirtum, svo vel lausamenn sem búfastir.² En sýslumenn taki þetta saman með skyldum sínum á manntalsþingum á vorin og komi til skila þeim sem fátækum forstöðu veitir. Ómagalausir menn sem eiga til tíundar tvö, þrjú eða fjögur hundruð greiði og fiskvirði, svo vel lausamenn sem búfastir. Ríkari menn sem fastaeignir og inntektir hafa þar af, sem og þeir er inntektir hafa af embættum³ sem fimm hundruðum er

1 og þessara ... sýslu: á spássú

2 sem búfastir: hér á eftir er strikað yfir og svari tillagi þessu hreppsjórum með tíund fátækra á haustin, en hreppsjórnir komi þessu til reiknings og hafi fyrir starf sitt

3 cf embættum: hér á eftir er strikað yfir hafi embættisinntekt verið fimm hundruðum meiri skuldlaust, greiði alin af hundraði hvörju inntektanna, en af fastaeignar inntektum alin af hundraði, jafnvel þó minna sé en fimm hundruð.

meiri skuldlaust, greiði alin af hundraði hvörju sem fram yfir fimm hundruðin frí og skuldlaus verða inntekin, því þessa [lands] fátækt [þolir] ekki stærri [*contri*]bution eður út[lát],¹ og svari til sýslumanna sem fyrrsagt er.

En með því að landsmennirnir þykjast sjá að þessa lands lélegheitum sé ekki svo varið sökum byggðanna fjarlægðar og torfærra vega, þar fátækir verða ekki til þessa fjögra *hos[pitala]* fluttir, að fátækar manneskjur kunni að verða svo njótandi fyrrskrifaðrar ölmusu í einum stað sérhvörs landsfjórðungs sem vort kristiligt yfirvald vel meint hefur og lastliga uppátekið, og landsfólkið gjarnan vildi, þá óska nú auðmjúkliga kennimennirnir að smærri yrði skipt í sérhvörjum landsins fjórðungi, svo *hospitals* limirnir leggist inn í sérhvörri sýslu í einhvörn vissan stað sem maður með prófasts ráði umsér, og sérhvörrar sýslu ölmusa leggist til þeirrar sýslu *hospitals* lima, en þar sem fáir eða öngvir er spítelskir þá leggi sú sýsla til næstu sýslu sín tillög innan fjórðungs sem fleiri eru og sýslumaður með prófastsins umsjón útsjái þá samastaði í sérhvörju héraði sem héraðsins ölmusumenn þess háttar skuli innbyggjast og forsorgast og hafi þar endiliga *inspection* yfir.

Aukahlutirnir við sjóinn leggist til sýslu *hospitalanna* eftir því sem hvör veiðistaða liggur til, óskandi og einninn auðmjúkliga að vort yfirvald vildi framvegis unna fátækum *hospitals* limum að njóta þeirra fjögra *hospitals* garða sem hans kónglig majestat hefur af sínu tillagt eftir því sem hentugast sýnist að fátækum megi helst til nytsemdar verða. Framvegis óskum vér auðmjúkliga að ef svo kann til að falla að *hospitölin* afleggist þá mætti fyrrskrifuð landsins ölmusa aftur til landfólksins hníga, hvör ekki er nú með öðru móti frátekin en því að fátækir spítelskir menn í Guðs ölmusu nafni njóta sem fyrr er skrifað, hvar til vér fullkomliga treystum voru kristiligu yfirvaldi að hér gjörist af enginn annarligur tollur í framtíðinni. Sýslumenn með prófastsins ráði standi biskupnum og lögmanni reikning árliga af fyrrskrifaðrar² ölmusu meðferð. Setjum vér þessi vor samtök til vors hærra yfirvalds forbetrunar, það af að taka og við að auka sem því gott sýnist, óskandi að þetta vort undirlag mætti náðugliga upptakast og hér með bæði vor yfirvöld og oss alla góðum Guði innilega befalandi, *amen*. Þingvöllum af *synodo anno 1656 1. júlí*.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh	Þorleifur Jónsson meh
Hallgrímur Jónsson	Magnús Pétursson
Jón Jónsson eh	Torfi Jónsson mpp
Þórður Jónsson eh	Torfi Jónsson mpp
Einar Illugason prestur meh	Stefán Hallkelsson
Álfur Jónsson	Halldór Jónsson eh

1 *því þessa lands ... útlát*: á skertri spássíu og almennt er á síðunni mikið um breytingar, en hér sýndur endanlegur texti

2 *fyrrskrifaðrar*: í handriti *fyrrskrifuðu*

Um
hórdómsmál
presti á
hendur borið

Anno 1656 26. nóvember að settri prestastefnu að Ólafsvöllum á Skeiðum samankomu heiðurligir kennimenn, séra Torfi Jónsson, séra Jón Daðason, séra Álfur Jónsson, séra Halldór Jónsson, séra Guðmundur Bjarnason, séra Jósef Loftsson, séra Jón Erlendsson, séra Engilbert Nikulásson, séra Jón Gíslason, séra Salómon Jónsson, séra Erasmus Pálsson, séra Gísli Þóroddsson, eftir ósk og tilsögn biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar, til dóms og álita nefndir um það mál er Þuríður Guðmundsdóttir borið hafði á hendur séra Jóni Jónssyni í Reykjadal í þann máta að hún lýsti hann föður að því barni sem hún fæddi í Reykjadalaskoti í haust nærri réttatíma, en öngvan annan lífs né dauðan, hvörja meðkenning prófasturinn séra Halldór Daðason lét eftir henni upp skrifa í votta viðurvist anno 1656 seinasta september með handskriftuðum nöfnum Magnúsar Oddasonar og Gísla Jónssonar. *Item* kom fram lýsing yfirsetukvennanna Halldóru Jónsdóttur og Vilborgar Guðmundardóttur er báru að hún bæði fyrir barnsfæðinguna og eftir hefði lýst séra Jón föður að þessu sínu barni, og aldrei hefði þær heyrt hana tvísaga verða. *Item* söfnuðurinn að Hruna þar um spurður af prófastinum lést eigi kunna það að bera að heyrt hefði hana tvísaga verða í því máli. *Datum* þeirrar meðkenningar anno 1656 12. október að Hruna með handskriftuðum nöfnum Gísla Jónssonar, Þórðar Arnoddssonar, Odds Þorlákssonar, Jóns Jónssonar. Sama lýsti þessi Þuríður að Reykjadalaskirkju í söfnuðinum sjálfa allraheilagamessu fyrir biskupinum er hann þar kom undirhaf þessa máls að rannsaka, og nú enn á prestastefnunni meðkenndi hún þetta sama opinberliga og stóð fast við í allan máta.

Hér á mót hafði séra Jón í Reykjadal fyrir prófastinum sagt nei við hennar áburði, að hann væri því valdur, í heyrn fyrirskrifðra votta Gísla Jónssonar og Magnúsar Oddasonar, sama stað og dag sem fyrsta lýsing hennar var skrifuð. Í sama máta afneitaði hann fyrir biskupinum í Reykjadalssöfnuði fyrsta nóvember þessa árs að hann væri sekur í þessu máli, og nú enn á þessari prestastefnu í kennimannanna náveru sagði séra Jón Jónsson að hann væri öldungis saklaus af öllum saurlifnaðarverknaði við þessa Þuríði, tiltakandi frá því hann *ordineraðist* til prests og allt til þessa tíma, því biskupinn herti ekki framar á spurnina, en síðan hann vígðist, og þetta handsalaði hann biskupinum.

Framlagði nú séra Jón vitnisburð sinna sóknarmanna, hvörra nöfn að undirskrifuð voru því vitnisburðarblaði er nú framlagði hann og skrifað hafði bróður hans Þorlákur Jónsson, sem þeir nú báðir meðkenndu, *datum* hans Reykjadal 10. nóvember 1656, hvar inni þeir bera honum fyrst heiðarligan vitnisburð í lærdómi og lifnaði, bæði við sig og sína, en um þetta mál er þar svo skrifað: Og þó að Þuríður Guðmundardóttir hafi lýst hann föður að sínu barni þá vitum vér þar engin rök til annað en hann sé saklaus og hyggjum honum sært þó undanfærast eftir lögum. Þennan vitnisburð hafði séra Jón sjálfur af söfnuðinum tekið. *Item* bar hann fram vitnisburðar meðkenning Bjarna Arnkelssonar *dateraða* 1656 13. nóvember uppá erliga breytni utan og innan kirkju í kenningu og framferði, það hann séð og fornumið hafi við sig og sitt

heimili. Einnin kveðst hann ekki nein rök vita að séra Jón sé valdur af þeirri hórdómssök sem hann hafi borinn verið. Þennan vitnisburð Bjarna segist séra Jón tekið hafa á Laugum af Bjarna, hvörn skrifað hafi Bjarni í Skarði systurmaður séra Jóns. Framar spurði biskupinn séra Jón hvað hann hefði fleira sínu máli og neitun til styrkingar, hvað hann kvaðst ekkert meira hafa.

Þar fyrir, með því ekkert framkom það sem áburð Þuríðar veikti, dæmdum vér hann fullkominn lagaáburð, sem og þau bæði séra Jón og Þuríði réttlíga fyrirkölluð og þetta mál réttlíga undir dóm komið, með því bevisaðist að biskupsins boðan og *citatia* hafði yfir séra Jóni lesin verið 10. nóvember en yfir Þuríði 12. nóvember, sem er hálfum mánuði fyrir þessa prestastefnu. Athuguðum vér lögmálsins grein, mannhelgi 28. *capitula*, þar að talar um þann sem leggst með eiginkonu manns: Ef hann er fær til undanfærslu, synji með tylftareíði. Kunnum vér ekki þetta mál öðruvísi að meta en einfalt hórdómsmál, þó þessi kennimaður sé giftur, en konan ógift, sérdeilis vegna Guðs orðs Matt. 19, 1. Kor. 7. Þar að styður og kristinréttur eftir *capitula* 18, og Stóridómur leggur til jafns hvor persónan sem gift er, og almennilígs landsvísa hefur verið í þess háttar málum tylftareíð að dæma.

Þar fyrir, *in nomine domini amen*, dæmdu fyrirskrifaðir kennimenn séra Jóni Jónssyni á hendur fullkominn lagatylftareíð, að svo prófuðu og fyrirkomnu, í þann máta að séra Jón skal sverja að hann sé frí og saklaus af öllum saurlífisverknaði við Þuríði Guðmundardóttur frömdum frá því hann til prests *ordineraðist* til þessa, og hafi þann eið unnið innan tíu vikna særra daga. Reiknast oss að sá tími muni nú innfalla á næsta ári 1657 í þriðju viku langaföstu. Nú þó bæði kristinréttur og hirðsiðir taki undan særum bæði þrjár vikur fyrir jól og langaföstu, þá leggja þau þó þá *exceptionem* til: Nema biskup eður hans umboðsmaður sjái til þess nauðsyn, hvörja vér nú í þessu máli fullkomna sjáum sóknanna langvarandi þörfun sem oss virðist óbærilígs allan vetur skuli fram yfir páskavíku hjálfið. Dæmum því að hann hafi fyrirskrifaðan eið unnið fimmtudaginn í þriðju viku föstu, vel þó fyrri sé, fyrir biskupi eður héraðs-prófastinum að þeirra heimili fyrir hvorum sem hann eiðinn vinnur, og sé gjörður Þuríði Guðmundardóttir kostur á viðstaddri að vera og eiðinn að heyra ef hún vill.

En ef hann fellur á eiðnum dæmdum vér henni lýrittareíð til að sanna sögu sína og ættfæra barn sitt, og sverji fyrir alla menn lífs og dauða um þann tíma sem hún mátti með þetta barn ganga, tiltakandi þá tólf mánuði sem næst umliðu til þess hún barnið fæddi, með því hún bauð sig til tólf mánaða tíma þennan til að taka, og hafi þann eið unnið fyrir sýslumanni eður hans umboðsmanni hálfum mánuði eftir það prestsins eiðfrest er umliðið. Dæmum vér henni því eiðinn að hér er í máli það sem samviskuna snertir, fyrst í aflausn prestsins og hans afsetning, þar næst um sannleika hennar sögu og barnsfaderni, hvort ekki er samviskum kristilegra safnaða opinbert þó hann á eiðnum falli, en biskupi er í *ordinantiunni* befalað að sér að taka öll þau mál sem

Séra Jóni
undanfæri dæmt
fyrir hórdóms-
áburð

Konan sanni
sögu sína með
lýrittareíð

samviskurnar snerta. *Item* er hún þá orðin trúanligri til sagna. Virtist prest-unum biskupinn eður prófasturinn afsakaðir þó þeir eiðinn af henni taki vegna samviskunnar ef veraldligir fornæmast það að gjöra, með því eiður skal vera endir allrar þrætu eftir postulans orðum. Höldum vér sýsluvaldið kristiligri kirkju um svo mikinn greiða skyldugt eftir *ordinantiunni* og *recessnum*. Og að þeim eiði hennar fluttum og framkomnum dæmdum vér séra Jón Jónsson fallin á heiðri, stað og embætti, eftir kóng *maystets* bréfi þar um útgefnu.

Samþykkti með oss þennan vorn dóm biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson, setjandi sína handskrift hér undir með fyrrskrifaðra kennimanna handskriftum, til fullnaðarstaðfestu og vitnisburðar uppá allt áðurskrifað. Sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

Álfur Jónsson mpp
Erasmus Pálsson meh
Gísli Þóroddsson eh
Jón Erlendsson mpp
Engilbert Nikulás-
son
Jósef Loftsson mpp

Torfi Jónsson mpp
Jón Daðason eh
Halldór Jónsson eh
Guðmundur Bjarnason eh
Salómon Jónsson eh
Jón Gíslason eh

Eiðvætti nefnd
séra Jóni í
Reykjadal

Til þessa áðurskrifaðs tylftareiðs nefndi nú biskupinn séra Jóni Jónssyni til eiðvætta eftirskrifaða heiðurliga kennimenn, séra Torfa Jónsson, séra Jón Daðason, séra Salómon Jónsson, séra Jón Erlendsson, séra Engilbert Nikulás-son, séra Gísli Þóroddsson til hægri handar. En til vinstri handar séra Álf Jónsson, séra Halldór Jónsson, séra Guðmund Bjarnason, séra Jósef Loftsson. *Item* sökum nauðsynja nálægustu presta úr Rangárvallasýslu, séra Jón Jónsson á Fellsmúla og séra Hannes Tumasson. Hafi sjö af þeim eftir lögum en fjóra fangavotta úr næstu héruðum, þó kennimenn. En kunni vissra sannbívísaðra forfalla vegna nokkur þessara að hindrast eður ókunnugs skyldugleika eður mægða úr að ganga að lögum, skyldi biskupinn það fá í góðan tíma að vita og aðra kennimenn aftur að nefna, og skyldi séra Jón sjálfur það framkvæma svo tímanlega að kennimenn mættu rúman tíma hafa, þeir sem nefnast, nefndina að vita og svo samvisku sína að skoða, og í tilsettan stað og dag að koma. Fór þetta fram í viðurvist áðurskrifaðra kennimanna að þeirra samþykki, ár, dag og sama stað sem fyrr greinir.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Torfi Jónsson mpp
Salómon Jónsson eh
Jón Erlendsson meh
Engilbert Nikulás-
son
Gísli Þóroddsson mpp

Jón Daðason eh
Álfur Jónsson mpp
Halldór Jónsson eh
Halldór Jónsson eh
Guðmundur Bjarnason prestur
Jósef Loftsson mpp

Anno 1656 26. nóvember að prestastefnu á Ólafsvöllum lét biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson upplesa svo mikið af máli fóvitans Thomas Nikulássonar og séra Sigurðar Torfasonar sem viðveik afvísun frá heimugligri viðtöku til aflausnar og *sacramentis* er séra Sigurður hafði gjört fóvitanum fyrir laxveiði í Elliðaám á sunnudegi, sem og prestsins undirréttung hvar fyrir svo gjört hefði, og fóvitans áfrýjun og kæruf til séra Sigurðar hér uppá með því sem hann þar til telur, sem og hans undirréttung hvörsu málinu hafi varið verið. *Item* forboð hans séra Sigurði gjört á prestsembættisgjörð og predikunarstól þar til lög og dómur þeirra á milli gengi, og beiðni hans að biskup vildi slíkt hið sama gjöra, hvað biskupinn lagði nú fyrir heiðurliga kennimenn, hvort svo vera skyldi eða skyldi biskupinn láta svo búið standa þar til yfirvaldið í landið kæmi, undir hvört Thomas sjálfur sýnist málinu skotið hafa, og þar til verjandi og sækjandi væri fyrir hendi og málið lögliga undir dóm komið. Svöruðu þeir að þeir vissi ekki rétt til að soddan forboð skyldi viðgangast í þvílíkum málum fyrr en að lögum væri til lykta leitt, sérdeilis kynni *disputerligt* vera á báðar síður hér úti nokkuð tilfallið vera sem ekki væri enn nú fullkomliga augljóst. Því virtist þeim að biskupinn léti svo búið standa til dóms og laga og vefði sig ekki í málinu fyrir tímann með því og er undir hans dóm skotið af fóvitanum. Og til sanninda hér um settu nærverandi kennimenn sínar handskriftir hér undir, sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

Mál Tómasar
Nikulássonar
og séra Sig-
urðar Torfa-
sonar

Torfi Jónsson mpp	Jón Daðason meh
Álfur Jónsson mpp	Halldór Jónsson eh
Guðmundur Bjarnason eh	Erasmus Pálsson meh
Jósef Loftsson mpp	Salómon Jónsson eh
Gísli Þóroddsson mpp	Engilbert Nikulásson
Jón Erlendsson meh	Jón Gíslason eh

Seðill sýslumannsins Torfa Erlendssonar uppá aflausn Bárðar Bárðarsonar

Kennist eg undirskrifaður að Bárður Bárðarson kom fyrir mig og óskar af mér seðils uppá sína aflausn fyrir þetta sitt síðasta frillulífisbrot, sem hann segist nú uppá ný ífallið hafa með sinni frillu Guðrúnu Oddsdóttur, og svo í sama máta óskar að fyrrnefnd hans frilla mætti og svo sín fríheit fá líka, en hann þykist ekki vita eða mér réttvíslega kunna að segja hvörjum presti í Árnessýslu eg á til að teikna um hans og sinnar frillu aflausn. Þar fyrir kann eg ekki annað þar um gjöra en svo honum og hans nefndri frillu heilög aflausn veitist, svo mikið sem mér ber míns embættis vegna, leyfi fyrrnefndum persónum gefa af þeim kennimanni sem það ber að gjöra eða þeim verður af því andlega valdi tilsagt hvör prestur í Árnessýslu þeim skal heilaga aflausn veita, þá þau

eru með sönnum iðrandi merkjum svo tilreidd, og að hann og hans frilla lofi og játi undir heyrn kristilegrar kirkju safnaðar sig undir það lagastraff sem þau eru um skyldug að standa fyrir sitt brot þá þeim verður það af sínu yfirvaldi til sagt, ellegar það í annan máta sig frá nefndu straffi að leysa. Til merkis mitt nafn með eigin hendi skrifað, frá Þorkelsgerði 25. ágúst anno 1656. Torfi Erlendsson.

Rétt útskrifað eftir *originalnum* með sýslumannsins eigin handskrift Torfa Erlendssonar játum vér þetta hér innskrifað vera um aflausn Bárðar Bárðarsonar, er samanlásam, Skálholti 21. febrúar anno 1657.

Halldór Jónsson eh
Jón Vigfússon meh

Oddur Eyjólfsson meh
Þorleifur Árnason mpp

Seðill biskupsins uppá aflausn Bárðar Bárðarsonar

Heiðurligum kennimanni séra Þórði Þorleifssyni óskar undirskrifaður náðar og blessunar af Guði fyrir Jesúm Kristum. Hér með yður ávísandi að þessi maður, Bárður Bárðarson, tjáði sig fyrir mér í dag að hann girntist aftur að komast í sátt við Guð og kristiliga kirkju, hvörja hann hneykslað hefur, sem hann sjálfur meðkennir, með opinberu fjórða frillulífisbroti, því fyrsta með Arndísi Pétursdóttur suður á Seltjarnarnesi. En öllum hinum þremur með Guðrúnu Oddsdóttur, við hvörja hann hefur í saurlifnaði haldið tráss bæði andliga og hússtjórnarstétt kristilegrar kirkju, því sú veraldliga hefur sér lítið þar að gefið og vægt með bæturnar, þar hann á þó að vera ölmusumaður safnaðarins. Hefur nú svo þrálíga og mótlíðanlega brotið þau grið sem hann hefur gjört við Guð og söfnuðinn í fyrri aflausnum, freistað Guðs, lofandi iðran og yfirbót en gjört ekki rétta, og þar uppá meðtekið *sacramenti* holds og blóðs Kristi, Guð veit hvað reiðugliga, en dregið háð og spott að herrans söfnuði. Nú læst hann enn að nýju lofa bót og betran, hvað óskandi væri að svo í raun og sannleika yrði, en Guð rannsakar hjartað, menn komast ekki lengra en að ytri merkjunum. En með því hann meðkennir þetta sitt síðasta brot hafi skeð í Torfastaðasókn, þá vísa eg honum hér með til yðar, óskandi að þér vilduð hann alvarliga áminna um fyrirfarandi saurlifnað, þverúð og ávaxtarlitla iðrun, og ef þér sjáið hann viðvikna og auðmýktar iðrunarmerki á sér sýna, þá hann til opinberrar aflausnar í Torfastaðakirkju að taka, hvað eg vildi yrði nú á miðvikudaginn næsta ef hann þar til undirbúinn sýnist. Þó skal hann lofa að halda nú betur en fyrr tryggðir sínar og trúlofanir við Guð og kristiliga kirkju. Í annan máta að standa það straff sem honum verður að lögum á hendur sagt af yfirvaldinu og sættast við giftingarmann konunnar, og svo framt sem hann lofar þetta trúliga að halda með auðmýkt og iðran sem fyrr er skilið, þá munu þér hann til opinberrar aflausnar taka sem fyrr, er skrifta má í hans [af]lausn undan[fa]rinnar óhlýðni [og] þrálýndis[ka]pps móti 4ða Guðs boðorði,

[hv]örju hann hald[ið] hefur í samför [við] þessa stelpu [í l]anga tíma.¹ Guði befallandi eftirkomandi tíma, þeim sama er eg yður og oss alla trúliga befallandi í Jesú nafni *amen*. Skálholti 1657 21. febrúar.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh

Eiðstafur séra Jóns Jónssonar í Reykjadal fyrir hórdómsáburð Þuríðar Guðmundardóttur

Til þess legg eg Jón Jónsson hönd á heilaga bók og það sver eg við Guð almáttugan að eg hefi aldregi fyrr né síðar framið saurlifnaðarverknað við Þuríði Guðmundardóttur (þá sem mig hefur barnsfaðerni borið á fyrirfarandi hausti nærri réttatíma) frá því fyrsta eg vígðist til prests og allt til þessa, svo sannarliga hjálpi mér Guð með sinni náð sem eg þetta satt sver, en refsí með sinni reiði ef eg lág.

Eiðvættanna eiður sem með séra Jóni Jónssyni þennan eið sanna

Til þess leggjum vér eftirnefndir kennimenn² hönd á heilaga bók og það sverjum vér við Guð almáttugan, að þann eið er séra Jón Jónsson nú samtundis sör fyrir saurlifnaðarverknað við Þuríði Guðmundardóttur hyggjum vér fyrir Guði sannan og séra Jóni vel særan vera, svo sannarliga hjálpi sérhvörjum af oss Guð almáttugur með sinni náð sem hann þetta með góðri samvitsku sver að sinni hyggju satt vera, en refsí með reiði sinni ef hann lágur.

Útskrift af vitnisburði séra Jóns í Reykjadal útgefnum af hans sóknarmönnum³

Guðs náðar óskum vér góðfúsam lesara. Nú með því að sá frómi og heiðurlegi kennimaður séra Jón Jónsson óskar af oss undirskriftuðum sínum sóknarbörnum og nágrönnum, vér sem til hans vitað höfum síðan frá blautu barnsbeini og með honum umgengist höfum, sanninda vitnisburðar um sína hegðun og breytni. Þá gjörum vér augljóst eftir vorri skyldu að hann hefur sér vel og frómlega hagað í öllum sínum athöfnum við oss og vora, svo sem einum frómum kennimanni byrjar með heilsusamligum kenningum og kristilíggum

1 *skrifta má ... í langa tíma*: á skertri spássú

2 *kennimenn*: hér fylgir í handriti þriggja línu eyða fyrir nöfnum

3 *hans sóknarmönnum*: vantar í handrit

áminningum utan kirkju og innan. Og þó að Þuríður Guðmundardóttir hafi lýst hann föður að sínu barni, þá vitum vér þar engin rök til annað en hann sé saklaus og hyggjum honum sært þó undanfærist eftir lögum, og að þetta sé vor einföld meining viljum vér með meiri sannindum þennan vorn vitnisburð staðfesta ef þurfa þykir. En vér óskum honum Guðs hylli og góðra manna vináttu í Jesú nafni og til sanninda hér um skrifum vér vor nöfn er skrifa kunnum hér undir en hinir handsala. Skrifað í Reykjadal 10. nóvember 1656, heimilismenn, Oddur Ólafsson handsalaði, Markús Ólafsson handsalaði, Jón Ketilsson handsalaði, Erlendur Þorkelsson handsalaði, Jón Ingimundarson handsalaði, Bjarni Guðmundsson handsalaði, Oddur Ívarsson handsalaði, Gísli Jónsson handsalaði, Jón Jónsson handsalaði, Jón Guðmundsson meh, Þorlákur Guðmundsson meh, Jón Ólafsson handsalaði, Jón Þorsteinsson handsalaði, Sigmundur Gunnarsson handsalaði, Þorgils Þóroddarson handsalaði, Sveinn Þóroddarson handsalaði, Guðmundur Sveinsson handsalaði, Jón Egilsson handsalaði.

Samhljóðandi vitnisburður við þennan fyrirfarandi í öllum sínum atriðis-orðum um kynning séra Jóns Jónssonar, skrifaður í Tungufelli *anno* 1656 23. nóvember, kom fram og var upplesinn bæði á prestastefnunni að Ólafsvöllum og nú hér í Skálholti, hvör undirskrifuð voru þessara manna nöfn, Jón Pálsson handsalaði, Brandur Arnesson handsalaði, Jón Þorláksson handsalaði, Jón Ólafsson handsalaði, Jón Þorsteinsson handsalaði, Þorgils Þóroddarson handsalaði, Sveinn Þóroddarson handsalaði, Oddur Jónsson meh, Jón Guðmundsson meh, Þorlákur Guðmundsson, Markús Ólafsson handsalaði, Oddur Ólafsson handsalaði, Jón Ketilsson handsalaði, Jón Ingimundarson handsalaði, Erlendur Þorkelsson handsalaði, Bjarni Guðmundsson handsalaði, Oddur Ívarsson handsalaði, Gísli Jónsson handsalaði, Jón Jónsson handsalaði, Sigmundur Gunnarsson handsalaði, Guðmundur Sveinsson handsalaði, Jón Egilsson handsalaði, Þórður Arnoddsson meh, Símon Bjarnarson handsalaði.

Fyrirfarandi vitnisburðar útskrift sem í Reykjadal var skrifaður um kynning séra Jóns Jónssonar er hér orðrétt eftir *originalnum coperuð* og með sínum undirskriftum við hann samanlesin, einninn hér fyrir ofan innskrifuð nöfn undirskrifaðra manna undir Tungufells vitnisburði, sem samhljóðandi var í öllum atriðum við hinn fyrra. Ber þessum útskriftum og rétt saman við þann *original*, til merkis undirskrifuð nöfn, Skálholti 1657 26. febrúar.

Jón Daðason meh
Oddur Eyjólfsson meh

Jón Erlendsson meh
Álfur Jónsson meh

Ástæðulíkindi sem veikja prestanna samvitskueið
að sanna með séra Jóni Jónssyni
fyrir áburð Þuríðar Guðmundardóttur

1. Þykir prestunum ónáttúrlegt og viðurlitamikið að Þuríður Guðmundardóttir skuli hafa tekið, nefnt eður valið sinn eigin sóknarprest séra Jón Jónsson giftan framar öllum öðrum að ljúga uppá hann svo stórkostlegri lygi, þar hún var að mestu uppalin hjá hans foreldrum og ekki bevísast að nokkur óvild eður hatur hafi uppkomið á millum séra Jóns og hennar fyrr en þetta uppkom þeirra á millum, og kannski ráð hefði kunnað að finnast eður færi ei ólíklegt henni að gefast annan fyrir að bera, hefði hún illa viljað gjöra eður ljúga.

2. Að Þuríður á öngva skylda karlmannspersónu svo vær vitum eður nú framkomi, með hvörri hún hefði kunnað að falla, svo háski nokkur eður hátt straff hefði við mátt liggja.

3. Að hún hefur haft meinlauslega kynning fyrir utan þetta tilfelli það vér vitum.

4. Að hún hefur aldrei tvísaga orðið í sínum framburði eður frásögn fyrir oss eður öðrum af ýmsum persónum og á ýmsum tímum yfirheyrð.

5. Svarar getnaðartíminn sem Þuríður greinir fæðingartímanum.

6. Virðist prestunum séra Jón Jónsson ekki hafa haft prófastinn í ráði með sér til sérlegrar framkvæmdar eður afsökunar í sínu máli með hans vitnisburði eður skrifi til prestanna, þar þó prófastinum mátti þar um gagnkunnugra vera nálægðar vegna en öðrum fjarlægari.

7. Hafi hans séra Jóns eigin þénari grunsemdaryrði mátt af sér gefa þegar í fyrravetur úti veri.

8. Hafi nokkrir þóst merkja öndverðlega nokkra efasemi á honum hvort hann mundi frá málinu komast eður ekki, eður hafi hann verið sér út um ábýl-isjörð að fala.

9. Ef nokkrir af frómu og valinkunnum persónum þar í nálægð eru sem veika samvitsku hafa uppá hans síðu, sem er sjálfur prófasturinn séra Halldór Daðason eða aðrir. *Etc.*

10. Þykir prestunum undarleg atferð í vitnisburðartektinni af sóknar-mönnunum.

11. Að nokkrir menn, sem undir vitnisburðinn prestsins sem á Ólafsvöllum upplesinn var skrifaðir voru, ganga nú frá því nokkru sem uppá þá hefur skrifað verið, sérdeilis sakleysishyggu hans í þessu máli, hvað nú skriftlega framkom um þrjá.

Fyrir þessar allar fyrir framan skrifaðar greinir teljast nú prestarnir undan dæmdan lagacið með séra Jóni að sanna, með því hann kom ekki heldur fram með neitt skjalllegt sem þeirra samvitskur styrkti en þessar efasemdir til baka ræki, þó þess væri af honum almennilega óskað nú á eiðtökudeginum hér í

Skálholti, hvar undirskrifaðir kennimenn voru nú samansafnaðir og þessa sína samvitsku í ljósi létum með áðurskrifuðum ástæðum.

Nú sem hér var komið gekk séra Jón Jónsson til meðkenningar um saurlifnaðarverknað með Þuríði Guðmundardóttur síðan hann giftist, tiltakandi tímenn að næst fyrirfarandi páskum *anno* 1656 að áheyrandi kennimönnunum í dómkirkjunni í Skálholti í viðurvist biskupsins, biðjandi Guð og menn fyrirgefningar og kennimennina fyrir sér að biðja, segjandi enn framar í heyrn séra Torfa Jónssonar, séra Jóns Daðasonar, séra Jóns Jónssonar á Fellsmúla og séra Guðmundar Bjarnasonar svofelldum orðum: Eg hefi ekki á móti hennar áburði og eg kann ekki með æru þar undan að færast.

Og að þetta svo í sannleika framfarið hafi, bæði um afsakanir kennimanna og meðkenning séra Jóns, vitna undirskrifaðir kennimenn allir ásamt skrifandi undir fyrrskrifaðar afsakanir, og svo þá fyrri meðkenning séra Jóns sem hann fyrir þeim í kirkjunni gjörði, en ofanskrifaðir fjórir og einninn sérdeilis undir þá síðustu með undirskrifuðum nöfnum að svo í sannleika er framfarið sem fyrrskrifað stendur. Skálholti *anno* 1656 26. febrúar.

Torfi Jónsson mpp
Álfur Jónsson mpp
Jón Jónsson mmh
Salómon Jónsson eh
Gísli Þóroddsson meh

Jón Daðason mín handskrift
Jón Erlendsson meh
Guðmundur prestur Bjarnason eh
Halldór Jónsson eh
Þórður Þorleifsson meh

Vitnisburður þeirra manna sem frá séra Jóni Jónssyni úr vitnisburðinum fyrra ganga

Anno 1657 þann 15. febrúar voru þessir menn samankomnir að Hrunakirkju úr Reykjardalskirkjusókn, Erlendur Þorkelsson, Símon Bjarnason á Þórarinsstöðum, hvörja prófasturinn séra Halldór Daðason aðspurði hvílíkan vitnisburð að þeir hefði gefið sínum sóknarpresti séra Jóni Jónssyni, hvar til þeir svöruðu að þeir hefði gefið honum heiðarlegan og erlegan vitnisburð um hans kenning innan kirkju og utan og í hans almennilegri umgengni bæði við sig og sína, en svo mikið sem viðvíkur þeirra máli séra Jóns og Þuríðar kynni þeir ekkert um að bera, og ekki sögðust þeir önnur orð hafa útgefið í sínum vitnisburði né handsalað.

Slíkan og svofelldan vitnisburð sem hér fyrir ofan skrifaður stendur meðkenndi Jón Ólafsson í Breiðholti (aðspurður af prófastinum séra Halldóri Daðasyni þann 18. febrúar sama árs) sig útgefið hafa séra Jóni Jónssyni að Reykjardal en ekki fjölorðari. Vottar að þessari þeirra lýsingu eru þessir erlegir menn, hvörjir sín nöfn hér undirskrifa með eigin höndum, Gísli Jónsson mmh, Jón Jónsson meh.

Rétt útskrifað eftir *originalnum*, til vitnis okkar nöfn er samanlásúsum, Skálholti 4. mars 1657.

Þorleifur Árnason meh

Oddur Eyjólfsson meh

Anno 1657 30. júní að almenniligri prestastefnu að Þingvöllum, þessir heiðurligir kennimenn til dóms og álita nefndir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, séra Jón Jónsson prófastur í Borgarfirði að sunnan, séra Þorleifur Jónsson prófastur í Rangárfingi, séra Einar Illugason prófastur í Kjalarnesþingi, séra Torfi Jónsson, séra Halldór Jónsson, séra Böðvar Sturlason, séra Jón Magnússon, séra Salómon Jónsson, séra Torfi Jónsson, séra Jón Oddsson, prestar Skálholtsstiktis, um þau mál sem nú framkomu og til eru fallin í stiktinu.

Fyrst birti biskupinn og upplas kóng *majestets missive* um þriggja bænadaga hald nú í sumar að haldast skyldi hér í landi 26., 27., 28. ágúst, sem nú ber á miðvikudag, fimmtudag og föstudag næsta fyrir höfuðdag Jóhannis *baptistæ*, að þeir með allri alvöru, iðran og guðhræðslu haldist sem kóng *majestet* þar um merkiliga og alvarliga fyrirskrifar, hvörju bréfi á íslensku útsettu biskupinn lofaði próföstum. En þeir meðdeili prestunum en prestarnir auglýsi fyrir söfnuðinum. Þar með las biskupinn sína áminning upp og lofaði að hún skyldi fylgja fyrirskrifuðu kónigsbréfi. Bað nú og einninn kennimennina að láta sér umhugað vera að í söfnuðinum mætti þetta efni skikkanliga og guðliga tilganga hvað mögulegt væri, hvar til heilagur andi Guðs gefi náð af hæðum fyrir vorn drottinn Jesúm Kristum *amen*. Hvar undir nálægir kennimenn kristiliga taka og lofa sitt besta að gjöra. En hvíld af líkamligu erfiði haldist fram yfir hádegi. Prestarnir lýsi þessum bænadögum næstu þrjá sunnudaga fyrir af predikunarstólum.

Um
bænadagahald

Í annan máta var framborið það mál sem fallið hafði milli lénsherrans fullmektugs erligs manns Thomas Nikulássonar á eina en séra Sigurðar Torfasonar *capellanis* á Álftanesi á aðra síðu, hvörju svo var varið eftir þeirri undirréttingu sáluga Hákonar Ormssonar og sendibréfi fóvitans Thomas Nikulássonar, af honum handskriftuðu, hvar inni hann svo skrifar:

Eftir því, eruverðigi herra, svo er tilfallið að eg undir mína langa hættusama reisu, sem eg hefi mér fyrir hendur tekið til Danmerkur að sigla, vildi eigi síður rækja sálarinnar en líkamans nauðþurft, í þann máta að öðlast kvöldmáltíðarinnar *sacramenti*, hvörs eg átti nú eigi kost hjá *capellaninum* séra Sigurði Torfasyni utan með því móti að eg tæki opinbera aflausn. Færir hann mér til sakar að eg hafi á sunnudegi kallað fólk til að taka lax úr laxám. Og sem eg þar kom nærri var messufólk á ferð frá sinni sóknarkirkju á Sel-tjarnarnesi, og eg sjálfur reið hér heiman frá eftir hádegi, hvað allt eg vil nógliga bevísa. Þar fyrir eg hyggt *capellan* séra Sigurð mér ekki hafa rétt til gjört í þessu efni, þá kann eg það ekki svo búið að líða heldur afsegi eg hann

Ákæra Tómasar
Nikulássonar til
séra Sigurðar
Torfasonar

fremji hér kennimannliga þjónustu inn til þess lagadómur af lénsherranum og yður útnefndur sker úr þessu okkar máli, hvað sama eg hefi honum nú í dag bréfliga og munnliga auglýst að eg hafi honum predikunarstólinn fyrirboðið og svo sóknarprestinum séra Ólafi Jónssyni fyrirboðið fyrirnefndan *capellan* að halda inn til ákveðins tíma að lagadómur okkar í milli hafi framgang.

Hér með óskar fóvitinn að þangað skikkist aftur í hans stað annar heiðurligur, skikkanligur, friðsamur kennimaður sem sér öfundar- og haturlaust hegði bæði við sig og aðra. Skrifar að ei gjöri hann þetta af hatri né illvilja heldur að hann þykist hér útf þungan órétt líða. Þetta er meining og inntak úr fóvitans bréfi sem hér var nú opinberliga upplesið. Var það *daterað* Bessa-stöðum 1656 2. september.

Í því forboði sem hann gjört hafði séra Sigurði Torfasyni leggur fóvitinn það og til að sínir þénarar, sem í sama máta fóru með honum í laxveiðaána, hafi verið teknir til heimugligrar aflausnar fyrir utan alla opinbera áminning, hvar fyrir fóvitinn meinar sér fram yfir þá ofþyngt verið hafa, ei fyrir utan *privat affect*. Einnin hefur biskupinum skilist hann finni til að hann hafi ekki verið heimugliga áminntur (*vide recess Christiani 4ti libri 1, capitis 2, articulum 24*, þó orðin *recessins* nefni þar eiginliga aðalspersónur til, hvað umþenkingar sýnist vert, svo saman megi koma við *ordinantiuna*).

Andsvar séra
Sigurðar
Torfasonar

Svarar nú séra Sigurður hér til fyrst um nauðsynina að þrjár vikur hafi liðið frá laxveiðinni til þess hann óskaði *sacramentisins*, og hafi jafnliga skipið legið við höfnina og enn lengur, hvör allur tími mundi nægt hafa þó ekki hefði sunnudögunum þar til varið verið. Einnin bar hann fram meðkenning margra útgefna að Gördum 29. apríl 1657, hvar inni þeir meðkenna að mánudaginn fyrir þann 10. *trinitatis* sem laxveiðin skeði hafi þeir farið sumir seint til laxveiða í Elliðaár, og að kvöldi þess dags hafi fóvitinn tilsagt sér á eftirkomandi morgni til reiðu að vera til laxveiða í sömu ár. Þeirri hans bifalningu meðkenna þeir sig hafa viljað fullnægju gjöra og verið sumir í búningi flestir á veg komnir þegar boð frá Thomasi komu og sögðu hann hefði beðið þá að bíða til annars tíma. Sýnist sá tími hafi orðið eftirkomandi sunnudagur, hvar af skiljast má að fólkið hafi á virkum degi boðið sig til þeirrar laxaveiðar, svo að sú stórnauðsyn sem *recess* getur sýnist ekki öldungis hafa borið uppá þann eina sunnudag. Hér með framber séra Sigurður að boðin hafi seinna komið á sunnudaginn fyrir messutímann, hvar uppá hann hefur og svo skrifliga meðkenning með undirskriftum.

Framar hefur séra Sigurður innlagt meðkenning Álftanessmanna sem bera um forsömun predikunanna þar fyrir utan, hvörja ekki sýnist ráðligt inn að færa vegna fóvitans fráveru. Um mismun sem gjörður hefur verið fóvitans hér úti og hans þénara sem með honum fóru til laxveiða svarar séra Sigurður að sér hafi óvitandi verið þá hann þá meðtók að þeir hafi í þeirri för verið, hvað hann býst við að sanna ef áherðir. En til þess að heimugligrar áminningar hafi átt undan að fara kveðst hann ekki vita í *ordinantiunni* um þess háttar efni sem

svo opinber eru sé skikkað. En þar *recess* getur þeirra segist hann meira skiljast eigi sérdeilis um aðalspersónur, sem þar eru útpykkiliga tilnefndar. Þar með segist hann ekki voga heimugligum áminningum að vænast, þó skeð hefði, af því vottar hafi ekki verið til þeirra kallaðir, en segir það Guði sjálfum og Thomasi kunnugt vera muni.

Nú með því fóvitinn er hér ekki persónuliga nálægur, svo hann til orðs staddur sé, þess annars að hann hefur þessu máli skotið undir lénsherrans og biskupsins dóm, en hans velburðugheit eru nú ekki í landinu. En að lögum skal verjandi og sækjandi vera fyrir máli hvörju. Virtist kennimönnunum ekki tækiligt fullnaðardóm á að gjöra að sinni, ekki heldur biskupnum færiligt að frávísa prestinum séra Sigurði hvorki frá predikunarstólnum né kennimannligri þjónustu þar né annarstaðar að svo stöddu fyrir þetta sem enn nú er framkom-ið, heldur vilja þeir tilleggja að þetta mætti með skikkanligu og tilheyriligu móti lagast og forlíkast, því það þykjast kennimennirnir vita að hvör íslensk-ur sem þvílíkt hefði aðhaft hefði ekki sloppið hjá opinberri aflausn.

Álit synodi

Framar kunnu þeir ekki að að gjöra vegna áðurskrifaðra orðsaka. *Actum ut supra*, handskriftirnar finnast síðar fyrir neðan *hujus diei acta*.

3. Umkvörtun séra Jóns Magnússonar um árásir og galdragjörninga.

Kom fram séra Jón Magnússon á Eyri í Skutulsfirði og tjáði þær stóru árásir sem hann hafi fyrir orðið og meinar af mannavöldum og galdragjörningum sér gjört verið hafa, jafnvel eftir það þeir feðgar voru réttaðir sem fyrri. Þykist hann nokkur líkindi fyrir sinni meining hafa, sem hann mun að nokkru leyti framleggja á þessu alþingi í lögréttu. Því biður nú kennidóminn hér nærver-andi í þessari *synodo* Guðs vegna og þessa lands velferðar ásjáandi, einninn hér útfí kóng *majestets* alvarliga befalning um slíka ógjörninga, og hjálpa þessum fráma kennimanni það framast þeir fyrir Guði og yfirvöldum vilja bikenndir verða og þeir sjá möguligt til að láta reyna og rannsaka þær persónur sem séra Jón hefur hér útfí sérlega misþenktar eftir líkindum, viljandi einninn jafnframt þá hér um alvarliga áminnt hafa að ekki sé fjöður yfirdregin þvílíkt andskot-ans myrkraverk, heldur gjöri hvör sitt hið besta að hjálpa til svo þetta illgresi uppræstast mætti. Annars er óttandi að herrann sjálfur koma muni og rækja síns nafns æru ef mennirnir hana vanrækja. En vér vonum góðs til guðhræddra valdsmanna. Vor embætti og *condition* náir ekki lengra en að áminna, þeim veraldligu er sverðið í hendur fengið, virðugliga herra lögmenn og alla valds-menn og dómendur. Erum vér hér með eilífum Guði bífalandi, *ex synodo* að Þingvöllum *anno* 1657 30. júní.

4. **Trúlofunarmál.** Kom fram trúlofunarmál gjört milli Ketils Vermunds-sonar og Sölvörar Jónsdóttur, við hvörn trúlofunargjörning verið hafði pró-fasturinn séra Sigurður Oddsson ásamt fimm öðrum persónum. Sömuleiðis kom fram kaupmálabréf sem samanskrifað hafði verið þeirra persóna í milli sem eftirfylgir, *anno* 1655 í Efranesi í Stafholtskirkjusókn um vetrarkomu-tíma. Var auglýstur slíkur hjónabands undirbúningur sem hér er teiknaður, af

Því að sá góði dándisveinn Ketill Vermundsson vildi fá til hjónabands þá frómu stúlku Sölvöru Jónsdóttur. Því taldi hans kæri faðir Vermundur þessum sínum syni Katli 16 hundruð til kaups og konumundar, og lofar Ketill að gefa þessari stúlku Sölvöru 4 hundruð þar af í tilgjöf ef Guð gefur þeim að komast saman til ektaskapar. Og ef að Katli aukast peningar, þá vilji hann auka tilgjöfina. Hér í mót taldi sá frómi manni Jón Jónsson sinni kæru dóttur Sölvöru átta hundruð í lausafé svo hennar máli verði 12 hundruð að svo komnu með tilgjöfinni tillagðri. Þetta undirtal var staðfest með ljúfu samþykki og handsölum áðurnefndra manna í milli, svo að þau frómu hjón Jón og Guðný gáfu séra Sigurði Oddssyni leyfi til með handsölum að staðfesta þennan gjörning eftir skyldu síns embættis, þessum vottum tilkölluðum sem þar voru viðstaddir og sín nöfn undirskrifa. Hér hafa undirskrifað Sigurður Oddsson eh, Þórður Ólafsson meh, Kjartan Ólafsson meh.

Spurðum vér Jón Jónsson föður nefndrar Sölvörar hvort hann hefði á móti áðurskrifuðum gjörningi, hvar til Jón svo svaraði að hann gæfi þar ekki svar til og hann leysti ekki úr þeirri spurningu. Framvegis spurðum vér, hvörjar varnir Jón Jónsson leggði í móti ofanskrifuðum gjörningi og var þessi hin fyrsta, að hann segir að kvinna sín Guðný Ólafsdóttir átelji sig að sér hafi óvirðing gjörð verið í því að Ketill áðurnefndur hafi aldrei við sig handsöl haft að samþykkja sitt giftumál. Var sú önnur vörn Jóns að Ketill hefði ekki þann eið unnið að hann hefði eigi með óleyfiligri ágirnd tekið þann sauð sem Jón Jónsson, er þá bjó í Kvíum er þetta mál framfór, sér eignaði en Ketill hafði í sitt fé rekið, hvör sauður sýndur var laugardaginn fyrstan í vetri og aftur á Norðtungu á manntalsþingi um vorið. Þriðja vörn Jóns er að honum þykir persónurnar sem við trúlofunina voru auk kennimannsins ekki vera lagavitni, því að þær séu skyldar og tengdar.

Framar spurðum vér hvort Jón Jónsson hefði frekari varnir á móti ofanskrifaðri hjónabandstrúlofun. Hvar til hann svaraði að sinni leggði hann ekki fleiri fram, nema það eina að þeir feðgar Vermundur og Ketill hefði ekki þann skilmála haldið sem hann segir undir trúlofunina komið hafi, hvörn hann vill ekki að þessu sinni auglýsa. Enn framar spurðum vér oftnefndan Jón Jónsson föður greindrar Sölvarar hvort hann hefði ekki vitað af áðurnefndum vörnum (og honum þykir hindrunarefni) á meðan lýsingarnar framfóru, hvörjar í Hjarðarholts prestadóminum vottast þrjár framfarið hafa. Svarar Jón til um sauðinn, að hann hafi ekki fullviss orðið um hann fyrr en á Norðtungu manntalsþingi um vorið, þó hann um veturnáttabil heyrði á tveim tungum leika um þennan sauð, en afsakar sig þó ekki gjörði hann hindrun, því hann hefði þá hjónabands *articulana* ekki lesið, heldur einasta einfaldliga tekið eftir lýsingarorðum prestsins, þar almenniliga er svo lýst eftir handbókum eða *Grallaranum* þeim gamla, að þeir sem meinbugi, tálma eða hindrun vita séu skyldir til að segja áður en festar fara fram. Nú segja kóng *majestets articular*: Hafi nokkur í að segja, þá skuli opinbert gjörast fyrr en lýst verður í þriðja sinni,

en sé það ekki þá gjört skulu að öngu aktast það sem þeir vilja þar eftir gjöra. Nú kunnum vér ekki að dæma annað en *articular* hljóða, hvort sem Jón hefur haft vitund af þeim eða ekki, þó vér vitum eigi megi varast nema viti. Kunnum þó ekki Jón að afsaka fyrir vanvisku þar vér hyggjum hann svo að viti gjörvan að hann mátti vel hér af vitneskju fá, hefði hann þar út um verið, en þó vorkennum vér það þó hann vilji vita sá sé ráðvandur sem eignast dóttur hans.

Þar fyrir list oss að Ketill Vermundsson hreinsi sitt erligt nafn og rykti og sverji að hann hafi ekki þennan sauð með óæru undir sig dregið, svo allan skugga megi hér afdraga, hvör oss virðist nauðsyn til vegna vondra tungna og ýmisligra misþenkinga. Óskum að sýslumaðurinn vilji það greiða fyrir Katli og hans hjónabandserindum. Virðist oss Ketil styrkja meðkenning þess er sauðinn átti, útgefin 1656 27. júlí með undirskrift Tuma Jónssonar, Ólafs Vigfússonar, Odds Magnússonar, Sigurðar Brandssonar, Péturs Ólafssonar, fyrir utan Guðmund Halldórsson, hvörjum vér afsláum vegna sinnar skóla-veru, hvar inni bundið er að eigandinn Jón hafi lýst að hann hefði öngan misgrun þar á um þann hrút sem með sauðum Ketils Vermundssonar úr réttum rekinn var 1655 aðra en þá sem frómlig vel og ærlig er og þar fenginn honum, þar um þær ávítur að veita sem til hneykslunar eða lýta horfa mega til ærukrenkingar eður ills róms, og þennan vitnisburð vilji hann staðfesta ef þurfa þykir.

Kom nú einninn fram meðkenning séra Sigurðar Oddssonar, útgefin Stafholti 1657 8. maí, hvar inni hann meðkennir að Ketill Vermundsson sýndi sér þann hvíta hrút sem hann sagði á honum væri líkt sínu marki á öðru eyra en ekki á öðru og að hann vildi sýna hann fleirum. Álíka vitnisburð ber Þórður Ólafsson að Ketill sýndi séra Sigurði Oddssyni hvítan hrút tvævetran við Fiskivatnsréttardyr 1655 um haustið og sagði við prestinn að hann ætlaði að sýna hann, *datum* 1656 15. mars. Jón Jónsson meðkennir að Ketill sýndi sér hvítan hrút við Fiskivatnsrétt um haustið. Leist honum klárt mark Ketils á öðru eyra, en það ofar var á því vinstra eyra kunni hann ekki gjörla að þekkja. Þetta þykir oss afsaka Ketil, svo vér hyggjum honum eiðinn særan verða svo vítt sem nú er oss vitanligt, og að hans eiði unnum sjáum vér ekki þá orðsök í vegi standa fyrir hans hjónabandi.

Önnur orðsök Jóns til hindrunarinnar var sú að honum þykja trúlofunarvottarnir allir fimm í frændsemi eða tengdum verið hafa við aðra hvora þessa persónu Ketil og dóttur sína, hvað hann hefur talið mann eftir mann, meinar þar fyrir trúlofunin sé ekki lögleg af því *articular* útheimti fimm vitnisburði segir sú norska, lögliga sú íslenska. Virtist kennimönnum Jón skyldi þetta birt hafa fyrir þriðju lýsing skyldi það afl hafa, því ólíklegt er að Jón muni af einhvörra þessara skyldugleika ekki vitað hafa og því fer hann ekki heldur fram. Þar fyrir sóru tveir ærligir menn bland þessara fimm sem með eiði vilja sanna svo hafi tilgengið sem í kaupmálann er skrifað, þó að þau séu skyld eða tengd Jóni eða Katli þegar þeir verða tilteknir sem skjallagastir eru í því máli, eink-

Meðkennd
trúlofun standi
þó lögleg vitni
hafi ei viðverið

um séu þau ekki prestinum skyld né tengd sem bera mega að trúlofunum hafi framfarið, hvörra votta hann á að kalla eftir *ordinantiunni*, hvörmin sem fer um fémunakaupmálann undangenginn, hvör vitni þó bregðist sýnist ekki raska sjálfri trúlofuninni í sinni veru, með því ekki er enn svo langt komið ekki megi leiðréttast um þá fémunaskilmála jafnvel undir sjálfa festinguna. Og ekki áfrýjar Jón þessa votta svo vítt sem þeir bera séra Sigurði vitnisburð um trúlofunina að hún hafi svo framfarið sem þeir bera.

Það Jón tilfinnur að móðirin hafi ekki handsöl haft við Ketil að hann mætti trúlofast dóttur hennar, hvað henni óvirðing þyki, svaraði til séra Sigurður að hún hefði gefið sér þar leyfi til að hann mætti aðgjöra með þeim og þar uppá hafi hann tekið í hennar hönd, og með beggja þeirra samþykki segist hann þá trúlofun gjört hafa. Ekki mælir Jón Jónsson þar heldur í móti, afsegjandi séra Sigurði til að tala.

Þar fyrir að öllu svo prófuðu sem enn nú er framkomið og vitanligt, þar hvorki er forboðið í tíma gjört né stefna viðlögð eftir *articulum*, sjáum vér ekki lagahindrun í þessu hjónabandsmáli þá Ketill hefur sig klárað sem áður er skrifað, og að eiðnum framkomnum þessar orðsakir ekki afl hafa.

5. Hjón í sundur dæmd fyrir hórdómsbrot annars. Hjónabandsmál Jóns í Reykjadal og Sölvarar Guðnadóttur fyrir hórdómsmál sem á hann gekk í vor með opinberu eiðfalli og síðan þar eftir viðgöngu á því sem þar úti lengi hafði hann varist, hvar uppá hann tekið hefur opinbera aflausn og líka við kóngdóminn bætt. Hafði nú Sölvör Guðnadóttur gefið bróður sínum Sigurði sitt umboð til að útvega prestastefnu skilnaðardóm þeirra í milli Jóns og sín. Biskupinn hafði þau bæði hingað kallað eða þeirra svaramenn til þessa máls. Var það boðunarbréf og umboðsbréf nú hér opinberlega upplesið og þar með eiginleg meðkenning Jóns að hann lýsti sig ekki neinn rétt hafa eftir henni að kalla til hjónabandsins utan hún betur gjöra vildi, hvorki fyrir líkamlegs samræðis sakir eftir það málið var á hann gengið né annars vegna. Því sjáum vér öngvan skugga í eftir *articulunum* sem henni haldi til samvista við hann og dæmdum þau nú þar fyrir í sundur og þeirra hjónaband laust fyrir hórdómsbrot Jóns og henni leyfiligt sig aftur að gifta hvörjum manni sem tilbýðst og hún má að Guðs og lands lögum eiga, en varist hans ætt svo vel sem sína.

6. Prestur klagður fyrir útsetning af sacramenti. Kom fram ákæra Snæbjarnar Klemenssonar uppá sinn sóknarprest séra Jón Oddsson að hann sér frávísað hafi heilagri aflausn þá þess síðast til hans leitaði, fyrir þau orð sem séra Jón Oddsson hafi sagt að hann (Snæbjörn) hefði til Orms Vigfússonar talað. Segist Snæbjörn leita fyrst leiðréttingar til Guðs og biskupsins að eigi lengur í hirðuleysi eða vanrækt um sín sálhjálparefni væri. *Datum* 1657 28. maí að Klausturhólum í Grímsnesi, undirskrifað nafn Snæbjörn Klemensson meh.

Var nú séra Jón Oddsson hér persónuliga nálægur og aðspurður hvörju hann hér til svaraði, fyrst hvort hann meðkenndi sig hafa Snæbirni frá heim-

ugligrí aflausn vísað, hvörju hann segist ei neita. Síðan var séra Jón aðspurður hvör orðsök þar til verið hafi, hvar til séra Jón svaraði að hann þóttist ekki vita Snæbjörn Klemensson forlíktan við Orm Vigfússon sinn sýslumann uppá orð nokkur sem Snæbjörn hefði í sinni og annara heyrn Ormi tiltalað ekki sæmilig honum á bak, þess háttar: Þú ert með falsinu við hann og hann við þig, eftir því sem það bréf hermir er nú framkom 1656 4. jóla, sem var sunnudagur milli jóla og áttadags, að Sjávarhólum á Kjalarnesi, með undirskriftum Brands Gíslasonar og Páls Bergsteinssonar. Bera þeir Snæbjörn hafi til *sacramentis* gengið deginum fyrir þá þetta skeði nóttina eftir. Virtist prestunum að séra Jón hefði það rétt gjört að halda honum frá meðan hefði ekki forlíkst við þann sem hann hafði misgjört við til orða eða verka, og ekki neitt umbæta drykkjuskap á þeirri nóttu sem hann hafði deginum fyrir til *sacramentis* gengið, heldur umspilla eftir *recess Christiani 4ti libri 1, capitis 1, articuli 33, folio 37*: Í sama máta straffist og tilbæriliga hvör sem í drykkjuskap fundinn verður þann dag hann brúkað hefur háverðugt altars *sacramenti*, en hvörmin framvegis skal hér um fara mun framvegis temprast verða eftir því sem málið fellur til opinberrar áminningar eður aflausnar ef hann framvegis málinu spillir, og taki hvort um sig af prófastinum en sé áður samandregið á allar síður.

7. Um aflausn konu þeirrar sem manni kenndi barn en hann eið fyrir svarið. Mál Halldóru Jónsdóttur sem kennt hefur Guðmundi Ólafssyni faðerni barns þess er hún ól miðvikudaginn fyrstan í einmánuði 1656, en hann hefur fyrir faðernið svarið lýrittareið og líka fyrir verkið síðan í miðjan einmánuð 1655, svo ekki reiknast vanti uppá árið nema einn hálfan mánuð. Sýslumaðurinn Matthías Guðmundsson hefur skrifað um þetta mál biskupi til samt dóminn og eiðinn. Skrifar og með að maðurinn hafi góða vitnisburði haft með sér þá málið var til lykta rekið og eigi skrifar sýslumaðurinn sér vitanligt annað en hann vel trúanligur til eiðs verið hefði. Henni ber hann hneykslilausan vitnisburð að sinni vitund síðan hún sinn mann missti og hann tilvissi fyrir utan þetta efni við þennan Gvönd. Einnin skrifar hann að hún sé mjög sorgbitin og harmi þrungen og hrópi oftliga um sannleik sinnar sagnar, svo eftir eiðinn sem áður. Hér virðist oss athugandi:

1. Innvirðiliga vitnisburðir konunnar um æru og sannsögli konunnar fyrir og hér fyrir utan.

2. Guðhræðsla og góðlyndi, spekt og hógværð, að ei sýnist hún af ofursinni meir en sundurknosuðu hjarta hrópa um sannleikann, að hún fái góðra manna vitnisburð um hrelling samviskunnar í spaklyndi og lítillæti.

Ög sýnist því eins frá strangasta rétti hnígandi þá persónan er dánunönnum að þessu öllu kunnug. Fullnist henni þessir vitnisburðir þá sýnist þegar hún lítillátliga eftirleitar til opinberrar aflausnar takandi með því farinu að hún játi frillulífissynd og hneyksli opinbera, og hafi kennt þeim manni Guðmundi Ólafssyni barn sem með lögum hafi undanfærst. Biðji Guð um fyrirgefning á syndinni en kristiliga kirkju á hneykslinu sem hér af hefur gefist

í einn eður annan máta. En þetta látum vér ekki í té utan þeim manneskjum sem að guðhræðslu og góðlyndi eru kenndar að góðra manna vitnisburði og hafi þar með lítillátt hjarta í þolinmæði.

8. Eins álitu kennimennirnir mál Sigríðar Jónsdóttur sem barn hafði kennt Bjarna Þorleifssyni, en hann svarið fyrir verk og barn. Hún heldur ásamt og áður, að skuli hún þessarar vægðar njóta skuli hún hafa þvílíka kynning sem fyrr skilur.

9. **Prestur ef bregður af prófasts ráðum.** Það biskupinn frambar vegna séra Jóns í Holti um prest sem leitar prófasts ráða og fær þau, en vill ekki hafa síðan og snýst á sín ráð. Virðist kennimönnum athugandi hvörninn ráðin séu, hvort lögleg, skikkanlig eður ei, eða kunni sá *casus* inn að falla að þar fyrir verði af að bregða. En komi þetta ekki í veg og prófastur gefur þau ráð sem hvorki eru Guðs orði, góðri skikkan né kirkjulögunum á móti, og prestsins einræði sést ekki meir til uppbyggingar vera en prófastsins ráð, þá virðist presturinn hafi *mulct* fyrir afbrigðið sjálft þó ekki komi önnur *incommoda* af sem embættið gilda, eftir málavöxtum, og leggist til fátækra prestaekkna. En stærri *incommoda* sem af hans embætti hljóta ábyrgist hann sjálfur.

Þessa alla fyrirfarandi 9 *articulos* sem í þessari *synodo* nú álitnir voru urðu þeir allir heiðurligir kennimenn sem viðstaddir voru ásáttir um, setjandi sínar handskriftir hér undir ásamt biskupsins samþykki til staðfestu og vitnisburðar. *Actum Þingvöllum in synodo, anno et die ut supra.*

Þorleifur Jónsson meh	Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Einar Illugason prestur meh	Jón Jónsson prestur eh
Torfi Jónsson prestur mpp	Halldór Jónsson eh
Böðvar Sturlason meh	Jón Magnússon meh
	Torfi Jónsson meh

In nomine domini amen

Anno 1658 29. júní að settri stiktisins prestastefnu að Þingvöllum, þessir heiðarlegir kennimenn til dóms og álita nefndir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni um þau mál sem nú framkomu og kennidóminum bar í að segja, séra Jón Jónsson prófastur í Borgarfirði að sunnan, séra Þorleifur Jónsson prófastur í Rangárlípi, séra Einar Illugason prófastur í Kjalarlípi, séra Þórður Jónsson, séra Torfi Jónsson, séra Halldór Jónsson, séra Sigurður Torfason, séra Álfur Jónsson, séra Guðmundur Bjarnason, séra Árni Halldórsson, séra Guðmundur Einarsson, séra Hallgrímur Pétursson, séra Engilbert Nikulásson, séra Jón Gíslason, prestar Skálholtsbiskupsdæmis.

Um staðaskipti Fyrst um séra Þórð Sveinsson og hans viðskilnað frá Aðalvíkurstað fyrir utan leyfi biskupsins og prófastsins nú í næstu fardögum, er skilist hafði við

staðinn og sóknina ráðstafalausa. Hafði hann í því síðasta Vatnsfjarðaráliti af prófastinum séra Jóni Arasyni og þremur prestum, sem og með biskupsins *citatiu* bréfi, hingað boðaður verið að svara til þessa síns viðskilnaðar, svo að þær orðsakir mættu hér metast hvort gilda skyldi eður ekki sem hann hefur tillegið sér til afsökunar, en hann kom ekki, en sendi skrá handskriftaða af sér á sjö blöðum *in octavo* með sínu undirskrifuðu nafni, *datum* Bæjum á Snæfjallaströnd 1658 16. júní, hvörrar atrið síðan munu upptekin og athuguð verða, en undirhúf málsins er svo varið sem prestarnir í Vatnsfirði *anno* 1658 4. júní hafa samantekið.

Fyrst lét hann tilleiðast við séra Árna Loftsson Aðalvíkurstaðar og sóknar meðtöku að játa að næstu fardögum með útgefnum seðli að Melgraseyri 19. ágúst 1656. Þar inni meðkennist hann að með því séra Árni Loftsson tilkynni sér að sér af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni til boða standi Staður í Aðalvík, þá muni hann sig í nafni drottins þar til kjöra, virðandi nokkurs kyrrsetuna og þeim Guðs söfnuði eftir formegun sinnar kallanar þjóna, lofandi svo þennan stað að sér að taka ásamt þjónustu tilliggjandi sóknar í næstu fardögum tilkomandi árs 1657. Síðan sendi prófasturinn séra Jón Arason útskrifaða lofun séra Þórðar aðra uppá þennan Aðalvíkurstað að meðtaka sem útgefin skal verið hafa *anno* 1656 22. ágúst, þar hann meðkennist sig undirbundist hafa með útgefnu bréfi og eiginlegri handskrift við séra Árna Loftsson að hann vildi Aðalvíkurstað og kirkjusókn að sér taka ef hann þar frá viki. Þeim sömu orðum og eiginlegri handskrift sinni og lofan vilji hann enn nú tilstanda og undirbindst það fullkomlega að gjöra með Guðs náðar hjálp að næstkomandi fardögum, og þar um (segir hann) hefi eg fastlega bundist við minn prófast séra Jón Arason *et* Paulo postula, en minn lostugan og ljúfan vilja til þvílíkra umskipta, yfirgefninga minna sókna sem hingað til haldið hefi, og aðtekingar Aðalvíkurstaðar og sóknar auglýsi eg og staðfesti með minni eiginlegri undirskrift og nafni.

Undir þessa meðkenningu hefur prófasturinn séra Jón Arason skrifað sitt nafn að þetta sé orðrétt *coperað* eftir því bréfi sem séra Þórður hafi sitt nafn með eigin hendi undirskrifað, hvörja hann sendi biskupinum *etc.* *anno* 1657 18. maí, og að þetta rétt inn í biskupsins bréfabók skrifað sé votta Oddur Eyjólffsson, Sigurður Jónsson, Þorleifur Árnason, Skálholti 1657 31. maí.

Síðan kom ringl og trubl á séra Þórð að framhalda þessu, hvað biskupinn fornam af skilvissri undirrétingu og bréfum þeirra. Því var þetta mál fyrst lagt til héraðsprestastefnu í fyrravor eftir stefnu séra Árna, en með því séra Þórður kom ekki né annar stefnuvottur séra Árna varð ekki fullkomlega aðgjört þeirra í milli. Því *citeraði* biskupinn þá báða til alþingisprestastefnu *anno* 1657 nema þeir áður forlíktir yrði. Því gjörðist sú forlíkun og sáttargjörð þeirra í milli að Vatnsfirði 3. júní *anno* 1657 að séra Þórður Sveinsson lofaði Stað í Aðalvík að sér að taka og tilliggjandi kirkjusókn með kúgildum og öðru kirkjunnar *inventario* nú strax fyrir Jónsmessu eftir löglega afgreiðslu séra Árna Loft-

sonar og svo staðinn og sóknina að annast og umsjón að veita henni eftir því sér bæri og honum mögulegt væri í frekasta máta, en óskaði þar í móti að biskupinn vildi senda sér *collationis* bréf með fyrsta, og þessu varð Sveinn Ólafsson faðir séra Þórðar þá nálægur sjálfur fullkomlega játsa og samþykkur með sínum syni, og það með handsölum bundnum á allar síður og undirskriftum *etc.* og til allrar staðfestu hér um undirskrifa báðir fyrrnefndir prestmenn sem er séra Árni og séra Þórður, *item* Sveinn Ólafsson, *item* séra Tómas Þórðarson og Jón Þorsteinsson, (undirskrifuð nöfn) Jón Arason meh, Árni Loftsson meh, Þórður Sveinsson meh, Tómas Þórðarson eh, Jón Þorsteinsson meh, Sveinn Ólafsson meh, hvört handskriftað nú sent af prófastinum hér framkom undir prestastefnudóm *in originali*.

Svo gekk séra Þórður að meðtöku Aðalvíkurstaðar og sóknar og var þar í fyrrasumar og vetur. Vildi svo aftur þar frálosast en fékk þó ekki samþykki biskupsins. Ei að síður hélt hann áfram þessari viðleitni, hvar fyrir mál þetta var sett undir presta álit í Vatnsfirði 1658 4. júní til að meta orðsakir þær hann tiltelur, hvörjar prestarnir hafa samantekið þar og nú hingað af prófastinum sendar eru undir þessa prestastefnu. Setja þeir fyrst þessa, að hann þykist ekki löglega inkominn í Aðalvík eftir *ordinantiunni*, kóngsins *mandatis* og *forordningum*, og engin nauðsyn hafi tildregið sig öðruvísi þar að að fara en svo sem til er gjört í þar umgefnum lögum. Hér um skrifar hann margt og mikið í skránni, þeirrar meiningar að hvorki hafi hann mátt þessu lofa né halda þó lofað hefði, né neinn þar til stilla né stoða að það haldið sé, einkum og sérdeilis þar hvorki hafi hann mátt um sóknirnar skipta móti *mandatis* fyrir utan orðsakir og fulla nauðsyn, og ekki hafi hann heldur til Aðalvíkur kallaður verið af sókninni. Því sé undirlagið ólöglegt og þar fyrir yfirbyggingin ólögleg, hvort hann gjört hafi eður aðrir, og eigi því ekki að lögum að haldast.

Þar til svarast að nauðsyn virtist biskupinum tilstanda Aðalvíkursóknar vegna að leyfa séra Árna Loftssyni út um *successorem* að vera þar hann kynni og kostur á væri, upp frá því hann svo freklega leitaðist við þaðan að komast og sóknin hafði honum og þar til leyfi gefið, með því biskupinn hugði það og best af leikið að skilnaðurinn yrði fyrir friðarsakir og vissar orðsakir, og með því séra Þórður léðist þar fyrst til þá lét biskupinn sér það og vel líka að skiptin yrði þeirrar stórnauðsynjar vegna að sóknin ekki þarfnaðist prests eftir séra Árna, hvör ekki væri fyrir hendi nema séra Þórður, einkum þar kónglegrar *majestets ordinantia* svo hátt aktar nauðsynina að hún segir að nauðsyn sé engin lög fyrirskrifuð því hún hafi engin lög, og biskupi er sérdeilis bifalað þau mál að sér að taka sem samvitskurnar snertir. Þetta knúði biskupinn til umskipta samþykkisins, en þar séra Þórður slær til köllunarleysis eða útvalningarleysis Aðalvíkur sóknarmanna sem sig hafi ekki þangað kallað né útvalið eftir *ordinantiunni* svarast nú að með því biskupinn lýsir að innsiglað bréf liggi í Skálholti uppá gjöf séra Snæbjarnar Torfasonar á staðnum í Aðalvík með því skilyrði að hann skuli ætíð vera undir Skálholtsbiskups forsjá og

veitingu, þá virðist nú prestunum sem kennimennirnir í Vatnsfirði hafa ástungið að staðurinn í Aðalvík sé og hafi verið síðan svo gefinn var undir *jure patronatus* Skálholtsbiskups *tanquam ejusdam e capitulo*, því að dómkirkjurnar voru hér að fornu *instar capitulorum* sem og klaustrin.

En svo stendur þar um í *ordinantiunni*: Hvar sem nokkur riddaramannsmaður eður einhvör í *capitulunum* hafa *jus patronatus* til nokkrar kirkju þá mega þeir sjálfir útvelja og með héraðsprófastsins ráði tilskikka einn lærðan mann til sóknarprests til þeirrar sömu kirkju *etc.* Því virðist þetta *specialis exceptio generalis regulæ* um sóknarmanna kallanina eftir sjálfri *ordinantiunni* og þar fyrir þá útvalning ekki hafa þurft að ske til Aðalvíkur. Kennimenn er vilja ekki snerta hvað lítt þeim sóma þykir fyrir einn kennimann að stríða á móti sjálfs síns eigin gjörningum til að ónýta þá eða úthrópa þá fyrir öllu landinu¹ sem ekki sómdi minni háttar manni að gjöra sem sig vildi vanda, ekki heldur um það hvað virðingarlítið prófastinum er tiltalað í skrifinu sumstaðar, svo sem nokkurs háttar smekkur sé af mótmæli *choræ* um hvört Júdas postuli talar.

Annars slags orðsaker séra Þórðar sem hingað voru settar af Vatnsfjarðar prestastefnu voru þess háttar að hann hefði ekki lofað að annast staðinn í Aðalvík og honum umsjón að veita um sína lífstíð, hvar til séra Þórður þá svari hann þykist ei skyldugur vera að blífa við ólöglega lofun lengur en honum gott þykir, hvar með hann meinar handskriftir sínar. Svarar prófasturinn hér til að séra Þórður hafi lofað í sinni handskrift að annast Aðalvíkurstað og honum umsjón veita eftir því honum bæri. Setja prestarnir inn fyrir álit hvort honum eður öðrum presti beri að taka *beneficia* til eins árs eður sem þá lystir, hvað öngvum virðist fyrir utan fullar og skjallegar nauðsynjar leyfilegt né líðanlegt, fyrir utan löglega *promotion* eður ráð þeirra sem í hlut eiga og yfir eiga að sjá. Sýnist og séra Þórður, þar hann skildi til að sér sendist *collationis* bréf fyrir staðnum, ekki meint hafa ábúð til eins árs, þar hann gat ekki að svo skyldi bréfið stíla, og ekki er *collationis* bréf þó stílað væri heldur bygging, hvörninn sem hann snýr því nú í skránni uppá heimild að mega skiljast við staðinn byggðan, því *ordinantian* segir að söfnuðurinn skuli þeirri persónu bíhalda síðan sem *collationis* bréfið fær. Um ólöglega lofun er fyrir talað og þar til svarað, og þó hún mætti ólögleg vera bæri með lögum og lempi hana sem fyrst að leiðrétta en safna ekki ólögum á ólög ofan og afsaka ekki með því að ólög hefði undangengið. Því sýnist að séra Þórði hefði borið Aðalvíkurstað og sókn bæði eftir sínum margföldum lofunum og *collationis* bréfinu að annast lengur en skemur sem þá var komið, svo orð hans og gjörðir mætti haldast svo sem ærlegs manns, sýnist og ekki langt frá stráka forsvari ólög með ólögum að forsvara, eða þess sem lítið hirðir um orð sín og gjörðir.

1 *landinu*: strax á eftir er yfirstrikið svo skrípslega

Því þóttust prestarnir ekki sjá í þess háttar forsvari neina lögvörn máls séra Þórðar.

Þriðja slags orðsök var af séra Þórði framborin um hans fátækt og fyrir-sjónarleysi, hvar fyrir hann þykist ekki kunna staðnum fulla forsorgun að veita eður honum við magt að halda eður hans *inventario* staðnum að skaðlausu. Þar til svaraðist af prófastinum að hann innsetur hvort séra Þórður hefði ekki mátt staðinn byggja fyrst hann treystist ekki sjálfur hann að halda, eða sig að staðfesta, svo að hann væri þess borgnari fyrir staðnum. Svar séra Þórðar hér til er þeirrar meiningar að hann hafi ei staðinn kunnað að byggja nema sér til fæðis, en fatnaðar ekki, og ekki þeim sem alla borgun vildi á kúgildum taka framar en leigumanni bæri. Þar með ber hann fram að staðurinn svo hrörlegur sé svo hann fengist ekki af leiguliða viðreistur né síðan við magt haldið þó hann gengi frá snauður og hefði ei af tíundum né öðrum skyldum. Þessi orðsök sýnist prestunum hér helst ástæðileg og ísjárverð, þó svo að þar fyrir bar séra Þórði fyrri annara meðala að leita um nauðsynja uppheldis viðbætur en að hlaupa frá staðnum með óskilum að öllu óreyndu.

Þar fyrir í herrans nafni, að öllu þessu álitnu og yfirskoðuðu á allar síður sem mögulegt er, virtist samankomnum kennimönnum séra Þórður ekki að lögum við staðinn og sóknina skilinn fyrr en vitað var að úr allri von var um hans uppheldisviðbót, bæði af sóknarmönnunum sem skyldastir virðast eftir Guðs orði sinn sálusorgara að forsorga, þar staðinn þrýtur, og svo öðrum, einkum fyrir biskupsins meðalgöngu og styrk af frómum kennimönnum sem þess væri umkomnir, og þar fyrir undir þá grein kirkjulaganna fallinn sem yfirgefa sín köll og söfnuði með sitt eindæmi með ólögum, og þar fyrir biskupinn ekki skyldugan honum til annars uppheldis að hjálpa eftir kirkjunnar lagareglu. Því leggja nú kennimennirnir séra Þórði það ráð að hann snúi aftur til kallsins og sóknarinnar og allt það mögulegt er tilreyni fyrr en til þvífkra tiltækja taki og beri sig að svo að þjóna að hann megi með skilum, æru og góðu rykti viðskilja, annars kunna þeir honum ekki ráð að leggja. *Etc.*

Í annan máta leitaði biskupinn úrræða og atkvæðis til samankominna heið-arlegra kennimanna hvað hann skyldi tilgjöra framvegis við þennan Aðal-víkurstað og sókn og aðrar þvífkar, þar nú svo tilfellur að persónur fást ekki duganlegar sem kirkjuþjónustuna vilja að sér taka og framvegis annast, bæði vegna fátæktar plátsanna, ósveitalags og annara þvífkra óhæginda hvör helst sem vera mega, sem nú er þrisvar reynt á Aðalvíkurstað síðan séra Þorsteinn Jónsson fráféll, að þar hefur einn eftir annan tilfengist en skömmu síðar aftur burtu leitað og með öllum atburðum sér þar frá komið, teljandi ýmisleg forföll til. Sóknarmennirnir hafa og velviljugir reynst þeim þar um að gagnast bæði um vitnisburði uppá nauðsynjarnar og burtfararleyfi að gefa, en kalla jafnótt aftur af biskupi prest, hvað biskupinum sýnist sér næsta óhægt og nær ómögulegt prest á prest ofan í þvífík óríðarpláss að útvega.

Andsvöruðu prestarnir að í þeirri nauðsyn yrði biskup að hafa góða við-

Um prest til
Aðalvíkur

leitni að útvega skólans persónu einhvörja duganlega til þeirrar kirkjusóknar, með því fyrirheiti að sá prestur sem þar nokkur ár vel þjónar Guðs söfnuði og staðnum við magt heldur skuli til annars betra og hægra pláss *promoverast* með fyrstu lélegheitum eftir hentugleika, og sóknin skyldug að breyta vel við þann prest og svo til að hlutast með góðum ráðum, jafnvel styrk og tillagi sem og greiðuglegum útlátum og hagsamlegum í þeirra tíundagjaldi kennimanninum til klæða og fæðis að hann sé vel forsorgaður, setjandi sér fyrir sjónir sankti Páls áminning að ef hinir meðbýta þeim því andlega, að þeir láti sér ekki þungt þykja að meðbýta þeim því líkamlega. Fáist nú ekki þvílík persóna með fyrrennfæðum hætti, þá sýnist prestunum áráðilegt að leita á prestinum í Grunnavík að hann haldi *capellan* til Aðalvíkursóknar og sá *capellan* þjóni þeirrar sóknar nauðsynjum, en presturinn hafi Stað í Aðalvík og inntektir allar en gleddi *capellaninn* með hýru sem hann gæti við hann samið eftir sanngirni, og sá *capellan* hefði allt hið sama *promiss* um *promotionem* sem fyrr sagt er, þegar hann vel þjónar og viðskildi með góðum vitnisburði. Kunni svo að bevísast að Aðalvík hafi verið *annexia* frá Grunnavík að fornu þá virðist prestunum það styrkja þennan veg, hvar fyrir biskupinn lofaði að spyrjast. Kunni þetta ekki að takast þykjast prestarnir ekki sjá önnur tiltækileg ráð í þetta sinn sem öruggt og óhætt sé upp að taka, hvorki neinum að nauðga né óduglegar persónur eða brotlegar þangað að setja, heldur verði þar við að standa þar til Guð vill önnur ráð og efni tilgefna.

Samþykkti þetta álit prestanna biskupinn, en handskriftirnar setjast síðar að prestastefnulokum, utan þeir sem víkja vilja nauðsynja vegna handskrifa strax.

Þorleifur Jónsson meh

Guðmundur prestur Bjarnason eh

Sigurður Torfason prestur mpp

Séra Jón Jónsson eh

Jón Gíslason eh

Álfur Jónsson prestur eh

Engilbert Nikulásson meh

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh

Einar Illugason prestur meh

Torfi Jónsson mpp

Hallgrímur Pétursson eh

Árni Halldórsson meh

Þórður Jónsson eh

Halldór Jónsson

Anno 1658 30. júní bar séra Sigurður Árnason á Skorastað fram fyrir *synodum* hvort hann skyldi eða hvað oft skyldugur að þjóna sönghúsinu í Hellisfirði, en ekki finnst í Vilkins né herra Gísla mál dagabók sem í Skálholti er, utan gamalt bréf innsíglalaust hefur biskupinn séð þar Jón biskup skipar þar hálfkirkju 1363 að Eyðölum. Virtist nauðsyn athugandi þar sem annarstaðar og meðkenndi séra Sigurður að þörf væri til þess, sérdeilis á veturnar bæði fjarlægðar vegna við kirkjuna og sérdeilis vegna annara langt fjarliggjandi bæja, en þar í mót tjáði séra Sigurður að þar væri ekki neitt til af *instrumento ministerii*, sem er messuklæði, kaleikur *etc.*, hvað þeim virðist presturinn eiga ekki til að

Um bænhus í
Hellisfirði

leggja frá sinni kirkju, heldur skyldist þeir það til að leggja sem þar vilja þjónustu hafa. Í annari grein virðist prestunum eftir nauðsyninni þurfa embættisgjörðafjölda í Hellisfirði að haga þá prestinum eftir góðri samvitsku sýnist hentugast og nausynlegast fyrir utan hatur og öfund og bágindi á allar síður sem hann vill fyrir Guði andsvara, en hvörjir heilbrigðir sem þar vilja þá ekki *sacramentast* sæki sóknarkirkjuna þar um. Skal þessi hans embættisgjörð ei oftast þar ske en tvisvar á vetri en á sumrin ei oftast en tvisvar, en þó svo framt sem þeir þar um hugarlátlega biðja án sóknarkirkjunnar forsómunar. Gjörðu prestarnir séra Sigurði 10 álnir á hvora messu og prestskyldur allar af föstu og lausu.

2. Um Skorastaðarkirkju úrfallið *instrumentum* og *inventarium* úr *visitatiu* bókinni ályktaðist að presturinn það sæki til kirkjunnar aftur sem dómar þar um gengið hafa og eigi hvör við sinn sala.

Samþykkti þetta biskupinn og setti sína handskrift hér undir með prestanna handskriftum uppá allt fyrrskrifað *ut supra*.

Brynjólfur Ragnheiðarson eh	Þórður Jónsson eh
Jón Jónsson prestur eh	Guðmundur prestur Bjarnason eh
Þorleifur Jónsson meh	Sigurður Torfason prestur mpp
Einar Illugason prestur meh	Torfi Jónsson mpp
	Árni Halldórsson eh

Eftersom nødvendig som ovenbemelt udkræver om forandring, da fordi det bevises ovenbemelte Storebotne tilforne i gammel tider haver ligget og haft sin kirkegang til Sørbayer kirke, så og at sr. Einer Illugerson selv bekender, ikke muligt for hannem altid at komme til Botne, helst når nødvendig om vinteren det kunne udkræve, da vil jeg på hans excellens lensherren, edle, strenge og velbyrdige herr Hendrich Bielkes vegne, have ovenbemelte herr biskop mester Brynolffuer Suendsens betænkende og mening samtykket så at forbemelte Storebotne skal herefter have sin kirkegang til Sørbayer kirke á Hvalfjørder strønd, og præsten der at være deres sjælsorger. *Actum* Bessested den 1. august 1658. Thomas Nielasen mpp.

Upplesið að Leiðmóti settu leiðarþingi 1658 7. ágúst. Guðmundur Jónsson eh.

Þessi ofanskrifuð samþykkt og skikkun höfuðsmannsins herra Henriks Bielkis fullmektugs Thomasar Nikulássonar er hér rétt eftir *originalnum* skrifuðum og handskriftuðum af honum sjálfum, er hér orðrétt innskrifuð sem lýsing Guðmundar Jónssonar sýslumannsins umboðsmanns að upplesin verið hafi á leiðarþingi og er þetta hvor tveggja samanlesið við *originalinn* og ber saman við hann. Þessari útskrift til vitnis vorar handskriftir er samanlásúsum í Botnsskógi 25. ágúst *anno* 1658.

Þorleifur Árnason meh
Daði Halldórsson eh
Einar Guttormsson meh

Jón Jónsson meh
Sigurður Guðnason eh

In nomine domini amen

Anno 1659 30. júní að settri stiktisins prestastefnu að Þingvöllum þessir heið-
urlegir kennimenn til samans komnir að forlagi biskupsins *magisters* Brynjólfs
Sveinssonar til þeirra nauðsynlegra álita og atkvæða sem þessu stikti viðkomu
og nú löglega framborin voru og kennidóminum heyrir í að segja, séra Jón
Jónsson prófastur að sunnan í Borgarfirði, séra Sigurður Oddsson prófastur að
vestan í Borgarfirði, séra Þorleifur Jónsson prófastur í Rangárþingi, séra Einar
Illugason prófastur í Kjalarnesþingi, séra Torfi Jónsson, séra Sigurður Torfason,
séra Árni Halldórsson, séra Guðmundur Einarsson, séra Þorkell Arngrímsson,
séra Jón Erlendsson, séra Jón Gíslason, séra Ásmundur Eyjólfsson, séra Jón
Magnússon, séra Engilbert Nikulásson, séra Salómon Jónsson, séra Hallkell
Stefánsson, séra Þórður Þorleifsson og séra Snjólfur Einarsson, sérhvör í því
öllu sem hann átti ekki sjálfur að gegna.

Var fyrst upplesið kóng *majestets* bréf sem fóvetinn Thomas Nicolai bisk-
upinum til handa innstillti, óskandi að í þessari *synodo* upplesið væri og
kennidómsins andsvar þar uppá innteiknaðist. Var þess innihald fyrst að eftir
Íslands *Compagnii* viðleitni og girnd hafi hans *majestet* náðugast vilnað að
hundraðskaup, sem milli útlenskra og íslenskra hafi hingað til verið nær-
veranda ár, linnti eftir þeirri kónglegri vilnun sem þar uppá *Componitinu*
útgefnu sé frekari hljóðan.

2. Með því *Componitið* framar girnist eftir tíðarinnar tilstandi mætti ske
umbreyting á þeim *taxta* sem þeirra í millum og íslenskra hefur hingað til
brúkanlegur verið, framberandi að öll sú vara sem anno 1619, þá *taxtinn*
gjörðist, kunni með mögulegu verði inn að kaupast, nú vegna tíðarinnar
umbreytingar skuli kosta tvöfalt meir, svo að *Compagníinu* muni ómögulegt
falla án þeirra stærsta skaða undirgangs kunni þann *taxta* lengur að halda. Þá
uppá það að jöfnuður mætti millum íslenskra og þeirra hittast sé hans náð-
ugasti vilji á nærverandi ári af vorum eigin meðölum tveir eður fjórir for-
standugir menn útveljist til fullmektugra er með *Componitisins* skipum með
nægilegri fullmakt til Kaupenhafn yfirkomi til að álykta og upprétta landsins
vegna við Íslands *Componis* foringja soddan einn mögulegan og líðanlegan
taxt eftir vörunnar innkaupi sem landinu má vera gagnlegur og *Componitinu*
án skaða. *Datum* þessa bréfs Kaupenhafnarsloti 6. júní 1658 með kóns
majestets nafni og *secreti*.

Þetta er meining bréfsins innihalds, hvar uppá biskupinn nú óskaði
kennidómsins andsvars eftir fógetans forlagi. Svar kennidómsins hér uppá að
þeir þessa fátæka lands vegna undirdánugast óski hans *majestets* vægðar og

Um
umbreyting
taxtans

Svar synodi miskunnar undan landsmanna útsiglingu og *taxtans* forhækkun á *Compagní-
isins* gótsi en niðursetningu íslenskrar vöru, sökum þess að þetta auma land
fer jafnan til hrönnunar í margan máta, fátæktin vex en atburðir minnka, erfið
og þjónusta burt úr landinu að mestu leyti vegna óskikkanlegra giftumála og
þvílíks sjálfræðis svo aldrei veit nær en kollkastar, utan Guð miskunnsamlega
vort náðugasta háyfirvald uppvekji til konunglegrar og kristilegrar meðaumk-
unar í þessum og öðrum vorum eyndum og vanefnum, soddan og öðrum
þyngslum og *gravaminibus* af að verja, hvar til vér óskum að almannatugur Guð
vildi hans konunglega hjarta hræra, því Guð veit að þetta land þolir ekki meiri
þunga skuli það byggjast. Hér með óskum vér hans konunglegri *maystet* allra
bestu verndar og farsældar í Jesú nafni með pliktskyldugri undirgefni *amen*.

Um inventarium í Garðakirkju 2. Í annan máta var innlagt af fúgetans forlagi um Bessastaða og svo
Garðakirkju *inventarium*, hvort við svo búid standa skyldi eða frekari heimting
á vera af erfingjum séra Ólafs Jónssonar. Svöruðu kennimennirnir hér svo til
um Bessastaðakirkju úrgengið *inventarium* og tvær klukkur sem í venjulegri
hringingu brotnað hafi, að þeir sjái ekki lög til að erfingjar séra Ólafs skyldist
borgun og ábyrgð á því *inventario* að svara sem hann var ekki nema *minister*
til, utan bevísist að hann sjálfur hafi þær brotið, því enginn má fyrirgjöra né
mæla annars fé, heldur sýnist þeim næst landslögum ganga að hvör eigi við
sinn sala, þessi fúgeti við sinn forverara og svo upp að þar til að hittir þá tíð
sem þetta *inventarium* var óspjallað til, nema bevísist að séra Ólafur eður hans
faðir hafi þetta *inventarium* í burtu haft eða til fullkomlegrar ábyrgðar tekið.
En með því *visitatiu* bókin getur ekki í einu orði um Garðastaðakirkju
inventarium þá verður ekki eftir henni gengið og mun verða að nægjast með
það sem séra Jón Kráksson meðtók þar til annað skjallegra framkemur, því
eftir Vilkinsbók að ganga í þvílíkum lausafjám sýnist aldeilis óbærilegt fram
undir þrjú hundruð ára tíma og þá í hlut eiga afsakaða þó ekki þar eftir frammar
gangi sem ekki finnst skjal fyrir.

Um lofuð en ekki ent staðaskipti 3. Í þriðja máta um séra Magnús á Kvennabrekku *attestatum* og séra
Guðmund Einarsson í Skarðsþingum svo vítt þeirra kallaskipti áhrærir, sem
séra Magnús hafði að nokkru leyti gjört kost á með samþykki biskups og
þeirra sem með ættu og *conditione promotionis*, hvörju máli hingað var af
fúgetanum vísað. Álitu kennimenn þar nú er afturkippur orðinn af hálfu séra
Magnúsar er við Kvennabrekkuall vill blífa *et qvidem jure privilegii attestati*.
Ályktaðist að stæði sem komið er og hvor héldi sínu kalli sem áður var, því
ekki virtist uppgjöf séra Magnúsar fullkomleg, kóngsbréfið og léttvægum
kallaskiptum í móti, *prærogativa attestationis* séra Magnúsi framhalda, en
köllun séra Guðmundar til Kvennabrekku ekki svo fullkomlega stíluð, heldur
með *conditione* þegar séra Magnúsar væri ekki lengur kostur. En fyrir brigið
og бага sem séra Guðmundi hefur hér að orðið lofaði séra Magnús út að
greiða séra Guðmundi 2 hundruð með handsölum við biskupinn, hvör séra
Guðmundur strax gaf til fátækra vanfærna ölmusumanna á Skarðsströnd og í

Eyjum, sem Eggert Björnsson skyldi útskipta eftir góðri samvitsku, og hér með sættust þeir heilum sáttum.

4. Enn nú kom til svara hjónabandsmál Ketils Vermundssonar við Sölvöru Jónsdóttur sem um var gjört hér í *synodo* 1657 30. júní, hvört dómsatkvæði nú var opinberlega upplesið í heyrn Jóns Jónssonar föður Sölvarar og Ketils Vermundssonar. Hefur Jón þessi faðir hennar enn nú ekki aðgjört að samþykkja hjónabandsframkvæmd Ketils við dóttur sína Sölvöru, þó Ketill Vermundsson hafi síðan eiðinn svarið fyrir þann sauð sem Jón setti sér fyrir að Ketill hefði mátt með óæru undir sig dregið hafa og tveir menn, Jón Jónsson og Finnbogi Jónsson, með honum sannað, hvör eiður hér var nú upplesinn, og þóttust kennimennirnir öngvan skugga í þeim eiði séð geta að óbögðuðum og óbögðuðum einfaldra orða skilningi. Kröfðust nú kennimennirnir ásamt biskupinum frekari orðsaka af hendi Jóns en í áðurskrifaðan *synodals* dóm hafði hann lagt, ef hann til hefði, sem hindra mættu lengur hjónabandsframkvæmd Ketils og dóttur hans Sölvörar. Las hann nú upp forboð úr fersku minni svolátandi sem hann nú fyrirsagði og eftir honum er hér innskrifað:

Eg Jón Jónsson auglýsi hér í dag, eg legg lög og dóm fyrir mig og alla þá sem eg á lagasvörum fyrir að halda, eg fyrirbyð öllum prestum, próföstum og biskupum að gjöra eður láta gjöra ólöglegan hjónabandsgjörning með mínum börnum á móti mínum vilja og móður þeirra, en ef nokkur dirfist þeirra hjúskap ólöglega að gjöra lýsi eg þar á nauðung mína, legg eg þar við rán og sektir að orðfullu lögmáli réttu að vitni allra þeirra sem orð mín heyra.

Þetta forboð meðkenndi Jón Jónsson sig nú upplesið hafa með fullnaðarhandsölum við biskupinn. *Item* las hann upp af *ordinantiu* og biskupa *statutum* befallingar hljóðandi um afturhald og straff styrjaldarsamra og óróafullra presta sem taka þrætur og klamarí að sér, skrifa stefnur og veraldleg kærúmal. Skilja kennimennirnir ekki hvörja hindrun þetta hvort um sig hafi uppá sig að ekki megi þar fyrir sem áður fullu framfara. Og með því ekki kemur annað fram af hendi Jóns en það sem í fyrri prestastefnu er innfært lögmætt, en reynist að hann hefur pagað fram um þriðju lýsing yfir þeim orðsökum sem hann undir prestastefnuna næst innlagði, stendur svo í hjónabands *articulunum*: Þar fyrir ef einhvörjir hafa þar í móti að segja, þá skuli þeir gjöra það opinskátt áður en lýst verður í þriðja sinn, en ef þeir gjöra það ekki þá skal það að öngvu aktast hvað þeir vilja síðar meir þar um gjöra. Svo skal og hvör sem nokkur forboð vill gjöra í hjónabandinu undirvísa það sóknarprestinum í tveggja eður þriggja dándismanna náveru og hann skyldugur vera strax að leggja þar við lagastefnu og auglýsi hvar fyrir hann eður hún vilji hindra það sama hjónaband, en ef það er ekki gjört þá skal þetta hið sama forboð ekki parið gilda. Og þar sem nokkur verður að því fundinn að hann gjöri soddan forboð ellegar stefni nokkrum fyrir lög fyrir þess háttar málefni, og hefur þar þó öngvar skjállegar sakir til, þá skal

hann straffast af yfirvaldinu og bæta hinum sem hann mótféll skaða sinn og allan kostnað.

Var nú séra Sigurður Oddsson aðspurður hvort hann hefði gjört Jóni Jónssyni búanda í Efranesi þær þrjár áminningar sem biskupinn tilsagði honum Jóni að gjöra til þess að hann vildi ganga til hlýðni og láta af þrjósku og þverúð í þessu og öllu öðru sem honum bæri sínum kennifeðrum og kristilegrar kirkju kennivaldi að sýna, en aðhyllast Guðs ráð og kristilegrar kirkju umboðsmanna, hvar til séra Sigurður svaraði að heimuglega hefði hann Jón áminnt og með góðu beðið oftlega að að gjöra síðan fyrri prestastefna gekk um þetta mál. *Item* að hann við votta riði til Efranness og vildi tala við Jón, en sem hann fornam hans erindi hafi Jón snögglega inn í bæinn gengið og hurðina eftir sér aftur látið. Hafi presturinn þá son Jóns fundið og beðið hann að hann fyndi föður hans, en yngri Jón hafi það ekki framkvæmt. *Item* að hann hefði tvisvar í kirkjunni í safnaðarins heyrn lesið áminningarorð yfir Jóni, en Jón hafi burtvikið sem hann fornumið hafi. *Item* einu sinni að Hjarðarholtsþingi. *Item* áminnti bæði presturinn og biskupinn opinberlega í haust í *visitatiu* biskupsins við kirkjuna í Stafholti Jón Jónsson að láta af þessari upptekinni þverúð og aðhyllast ráð kristilegrar kirkju í þessu efni, en fyrir allt hefur ekki aðgjörst.

Hér að auki kom enn fram meðkenning þingmanna undirskriftuð af Sigurði Jónssyni, Kjartani Ólafssyni, Snorra Helgasyni, Jóni Brynjólfssyni, Halldóri Helgasyni, Péttri Árnasyni, Jóni Sigfússyni og Vigfúsi Árnasyni, *dateruð* Hjarðarholtsþingstað 1658 14. apríl, er bera að Jón Jónsson Efranness ábúandi talaði þessum orðum að sonur Vermundar Péturssonar skyldi hvorki fá dóttur Jóns að honum lifandi eður dauðum, og svo sagðist Jón geta helgað *sacramentið* af sjálfs síns hendi fyrir sjálfan sig sem presturinn, og síðar lagði Jón þetta til, ef hann vildi, og þetta hafi hann talað að manntalsþingi á Hjarðarholti þingsóknarmönnum viðverandi. Stendur svo í kóng *maystets* Frederici *tertii* bréfi útgefnu 3. maí *anno* 1650 á Kaupenhafnarsloti svolátandi: Sökum þess vér erum náðugast að raun komnir að nokkrar forhertar og harðhnakkaðar manneskjur skulu þess óforsvaranlega ekki svífast að skeyta lítið eður ekkert prestanna áminningum og kirkjunnar ögun. Þá af því að soddan foröktun maklega ber stórlega að straffast biðjum vér yður og náðugast viljum að þér vor vegna haldið sýslumanninum sama staðar alvarlega þar til, að þeir soddan óguðlegar manneskjur sem í þessu sekar finnast öðrum til afturhalds tilbærilega straffi.

Þar fyrir að öllu þessu svo undangengnu í Jesú nafni, með því Jón Jónsson að þessu kóngsbréfi heyrðu auðmýktist og gekk til hlýðni og bað nú um fyrirgefning bæði sinn sóknarprest séra Sigurð Oddsson sem og biskupinn um fyrirskrifaða þrjósku og svo Ketil Vermundsson fyrir þann órétt, stag og stím sem hann hefur hér fyrir haft sökum þverúðar og trega Jóns í þessu máli, var hjálagt að dæma hann undir sýslumannsins straff og trúlofaði Jón nú með fullnaðarhandsölum bæði við biskup og svo Ketil Vermundsson að hindra ekki

lengur hjónaband dóttur sinnar við Ketil Vermundsson eður það sem allra fyrst til fullkomlegrar framkvæmdar stoða til næsta mánaðar, og öllum árum þar að róa leynt og ljóst að þetta megi með Guðs hjálp lukkast. En sé hér af brugðið þá dæmum vér Jón undir straff sýslumannsins eftir kónigsbréfinu, en þó haldið sé skal Jón skyldugur að taka opinbera aflausn fyrir ólíðanlega þrjúsku og þverúð undangengna, en hvör sem héðan af af hinna annara hálfu tregðu gjörir í þessu máli dæmdum vér fallinn undir kirkjunnar *disciplin* eftir málavöxtum. Samþykkti þennan vorn dóm biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson setjandi sína handskrift ásamt kennimannanna handskriftum hér undir til fullkomlegrar staðfestu og vitnisburðar uppá allt fyrrskrifað, sama stað, ár og dag *ut supra*.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Jón Jónsson prestur eh
Þorleifur Jónsson eh
Einar Illugason prestur meh
Torfi Jónsson mpp
Salómon Jónsson eh
Magnús Jónsson mpp
Jón Magnússon meh
Snjólfur Einarsson meh
Hallkell Stefánsson meh
Jón Jónsson meh

Sigurður Oddsson eh
Sigurður Torfason prestur mpp
Árni Halldórsson mpp
Þorkell Arngrímsson Vídalín mpp
Jón Gíslason eh
Engilbert Nikulásson meh
Jón Erlendsson meh
Þórður Þorleifsson mpp
Ásmundur Eyjólfsson meh
Jón Jónsson meh

Var álitíð á Þingvalla prestastefnu *anno* 1659 30. júní að kirkjutíundir þær sem gjaldast fyrir fardaga þá sem prestar við stöðum taka eftir afgang fyrirfarandi presta á ekknanna náðarári fylgi kirkjunni til uppheldis, víns og baksturs og nauðsynlegra umbóta, en ei erfingjum prestanna né ekkjunum, því kirkjutíundir allar eru kirknanna eign en ekki prestanna, en það sem presturinn sá framfarni átti aldrei kunna hvorki erfingjar né ekkja að eignast, því þær njóta prestanna uppheldis en ekki kirknanna. Þetta er hennar *portio* og á reikningur af að standast. Til vitnis undirskriftuð nöfn, Þingvöllum *ut supra*.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Þorleifur Jónsson meh
Salómon Jónsson
Þórður Þorleifsson

Sigurður Oddsson eh
Einar Illugason prestur mpp
Sigurður Torfason prestur mpp
Þorkell Arngrímsson Vídalín mpp

Álit prófastsins séra Þorleifs í Odda um barn sem fórst á Efrahvoli í Hvolhrepp

Anno 1659 28. október á Efrahvoli voru þessir heiðurlegir kennimenn séra Magnús Jónsson, séra Björn Höskuldsson og séra Jón Þorsteinsson með þeim

heiðurlega kennimanni prófastinum séra Þorleifi Jónssyni samankomnir eftir að grennslast um það hryggðarlega tilfelli er á næst umliðnu sumri, mánudaginn næstan eftir þingmaríumessu, hafði skeð á áðurgreindum bæ á barni Þorleifs Þorsteinssonar og Járngerðar Berghórsdóttur, nær hálfis annars árs gömlu. Var maðurinn fyrir sunnan fjall í sínum útvegum en konuskepnan ein síns liðs heima hjá þremur barnakindum þeirra, einu fimm vetra og hinum tveimur báðum vöggubörnum. Um morguninn flóaði Jámngerður mjólk í lokum tveggja fjórðunga katli og voru í svo sem tveir hlutir. Ber síðan inn eftir mjaltir helm-ing mjólkurinnar í skjólu og ber svo sitt í hvorri hendi skjóluna og ketilinn inn í húskofann. Setur svo ketilinn niður fyrir vöggunni sem í rólu hékk fyrir framan rúmið, í hvörri barnið lá, en ber skjóluna innar um í húskofann. Veit svo ei fyrr til en hún heyrir barnfuglinn detta og sér strax hvað um er, að ketillinn liggur flatur en barnfuglinn á gólfinu. Leggur hann svo upp í vögguna og vitjar sinnar frómrar grannkonu Giríðar Örnólfsdóttur í næsta húsi hjá. Kom hún strax þangað og sér andlitið, brjostið og lífið óskert, og óskar að Hjörtur Hjörtsson, frómur maður þar búandi, vildi góð ráð nú leggja. Sér hann ákomuna á bakinu og lendunum, þó vongóður að því mundi batna mega. Nærðist það og af pípunni og drakk sjálft viljuglega. Endur og sinnum heyrðist smá krimt til þess, en þagði þá vaggan var hrærð. Bar þetta til rúmlega fyrir hádegi. Þingapresturinn kom þangað að liðnu hádegi og sýndist honum hið sama. Var þá og að barninu hjúknað eftir því sem varð, lífið það svo fram að afturbirtu. Þess á milli mókaði það og var yfir því vakað. Er þetta einföld lýsing móðurinnar og áðurgreindra manna sem tilvissu, handsöluð til frekari staðfestu ef þurfa þykir.

Að þessu þá svo birtu bað heiðurlegur kennimann prófasturinn séra Þorleifur Jónsson fyrrgreinda kennimenn góðra ráða, hvörninn fara skyldi um heilaga aflausn þessarar fátækrar konuskepnu, þar kirkjulögin vísa til biskupsins bæði um aflausnina og peningaútlátin, þá ektakvinnurnar liggja sín börn í hel. Sýndi prófasturinn herra biskupsins bréf, í hvörju hann svo ansar til þessa máls að sig minni ályktað um þess háttar að aflausnin skyldi ske eftir því sem vitnisburðir gögnuðust, og séra Þorleifur *dispenseri* þar um eftir því sem honum henta og hæfa þykir.

Nú komu hennar vitnisburðir af öllu heimilisfólki á Efrahvoli teknir, hvar hún hefur í 2½ ár heimilisföst verið, og vottast að hún í allri sinni umgengni reynst hafi ein fróm, guðhrædd og ráðvönd kvinna að þeirra vitund, og meir hafi ollað fátækt og bágindi en óvilji eður hirðuleysi til afkvæmisins, þó svo þunglega félli. *Datum* vitnisburðarins *anno* 1659 25. október, vottar að honum Snorri Þorsteinsson og Þorgeir Lafransson.

Kom nú prestunum það ásamt að henni ómögulegt væri á biskups fund að sækja, mundi hans herradæmi það og einninn vorkenna og vel virða þó séra Þorleifur Jónsson í Guðs trausti í það réðist hana að afleysa, því *ordinantian* gjörir ráð fyrir slíkri prófasts tilhlutan í þeim stöðum sem fjarlægir eru *super-*

intendentis residence, hvað vær helst skiljum þar um, þá líka koma önnur forföll til. En hvað viðvíkur útlátum fémunanna mun guðhræðsla vors góða yfirvalds miskunnsamlega gæta hennar veikra efna. *Recess Christiani 4., libri 2, capitis 10, articulus 3*, talar um léligheitin eftir hvörjum gefa skuli til fátækra og sýnist þar þó meintur þyngri *casus*, sem og í *ordinantiu 9.* og *16. capitula*, mannhelgi *13. capitula* um voðaverk, sem með mikilli skynsemd og miskunn greina eigi, einkum þar það er aðhafst sem til nytsemdar heyrir, en ekki nein þarfleysa gjörð. Af lögmönnum og lögréttunni var í sumar 1 hundrað til fátækra skilið á foreldra þá, hvörjum að hvarf sitt tvævett barn á Snorrastöðum. Og lofa nú þessi fátæku hjón, Þorleifur Þorsteinsson og Járngerður Bergþórsdóttir, með handsölum gildu hundraði að gegna til fátækra, vilji yfirvaldið það uppáleggja, hvörju þau bæði játa sig um alla hlýðni skyldug og biðja með undirgefni í Guðs nafni að sín ávirðing þessi mætti fyrirgefast, fulltrúa um náð og miskunn Guðs vors himneska föðurs, að þessi synd og allar aðrar hyljist og fyrirgefist í nafni drottins vors Jesú Kristi.

Til vitnis uppá allt áðurskrifað setjum vér vor nöfn sem undirskrifum hér niður undir, í sama stað, ár og dag sem fyrr segir. Þorleifur Jónsson meh, Magnús Jónsson meh, Jón prestur Þorsteinsson meh, Björn prestur Höskuldsson meh.

Og að þetta sé rétt útskrifað eftir *originalnum* vottum vér undirskrifaðir sem sáum og samanlásam að Skálholti 1660 þann 7. janúar.

Oddur Eiríksson meh

Daði Halldórsson mpp

Reverendis ac honoratissimis viris dominis præpositis et pastoribus diæcesis Scaltholtinæ, dominis fratribus in Christo conjunctissimis:

Necnon adversis partibus, quarum lites ad censuram ecclesiasticam jure pertinent, et ad hanc synodum sive judicato, sive citatione ordinaria, sive ex compromisso devolutæ sunt Salutem Plurimam Dicit. Spiritum veritatis qui nos in omni sermone et opere bono eiudicat instruatque destinatæ huic nostræ synodo præsidere submisce precor, et vos viros honoratissimos, dominos præpositos et pastores dioecesis dominos collegas et fratres in Christo dilectissimos studiose rogo, velitis hoc ipso principum apostolorum et martyrum natali die, horis pomeridianis statum ac signum ad septa comitialia datum audiveritis, in templo Thinvallino frequentes adeste, et causas ecclesiastico jure definiendas, bona fide cognoscere, modestè disceptare et quæ fieri potest æquitate decidere, cum sobrietate ac temperantia, quæ decet sacerdotes aliis prælucere, sum vos etc. quorum res agitur, quibus lites intercedunt, jure ab ecclesia et hac synodo componendæ ac definiendæ, dicto loco ac tempore consistite, testimoniis quique suis, aliisque fide dignis instrumentis instructi et muniti, atque heic causas vestras pie modesteqve agite, ac sententias definitivas quæ spiritus sanctus suggeret exspectate. Pax dei quæ superat

omnem intellectum custodiat corda sensusque nostros in Christo Jesu domino nostro amen. Thingve templo 3 cal. qvinct. 1660

Vir devotus

studiosis Brynolfus Svenonius¹

In nomine Jesu Christi amen

Anno 1660 29. júní að stiftisins setti prestastefnu að Þingvöllum þessir heiðurligir kennimenn til dóms og aðkvæða nefndir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni um þau stiktisins mál sem nú lögliga framkomu og kirkjunnar *censuram* útheimtu, séra Jón Jónsson prófastur í Borgarfirði að sunnan, séra Þorleifur Jónsson prófastur í Rangárfingi, séra Þórður Jónsson, séra Torfi Jónsson, séra Sigurður Torfason, séra Guðmundur Bjarnason, séra Halldór Jónsson, séra Grímur Bergsveinsson, séra Árni Halldórsson, séra Torfi Jónsson, séra Helgi Grímsson, séra Þorleifur Árnason, séra Engilbert Nikulásson, séra Jón Gíslason, séra Jón Diðriksson, séra Hannes Björnsson, séra Jón Guðmundsson.

Fyrst um mál séra Þorsteins Björnssonar frá Útskálum sem áhrærði hór-dómsmál honum á hendur borið í fyrrasumar af Ástnýju Hallsteinsdóttur, hvör með barneign var uppvís orðin að saurlifnaðarsynd. Hafði prófasturinn í Kjalarnesþingi séra Einar Illugason og sex prestar héraðsins, sem voru séra Þorkell Arngrímsson, séra Ámundi Ormsson, séra Jón Oddsson, séra Snjólfur Einarsson, séra Hallkell Stefánsson, séra Rafn Ólafsson, dóm gengið í vetur 1659 6. og 7. desember að Útskálum á móts við fóvitann Tómas Nikulásson og sex leikmenn, hvörs meining var að þeir honum ekki eið sáu fyrir þær orðsakir sem þar eru lögformliga innfærðar. Lét nú biskupinn upplesa hans áfrýjun móti þessum dómi prófastsins séra Einars og hans samdæmandi presta, hvar inni hann óskar að þeir séu til prestastefnu *citeraðir* á þessa *synodum*, með sínu bréfi *dateruðu* Útskálum 27. maí 1660, hvört bréf og *citatia* barst til biskupsins 21. júní 1660 með syni Bjarna á Torfastöðum í Grafningi að kvöldi þess dags, innan í *convolut* sendum frá séra Jóni Daðasyni, vottar þar að Oddur Eyjólfsson, Jón Vigfússon frá Hvoli, Ketill Halldórsson. Er nú áttundi dagur þar frá. Því var tíminn ofnaumur og langt frá lagafresti, þó strax hefði *citatian* skrifuð verið, þar varla var tími til hana sem skjótast suður um Nes og vestur í Kjós að senda þó gagngjört hefði sent þess erindis, þar þó enginn var framsendur af honum *citatiuna* að meðtaka og fram að fylgja. Því virtist nú prestunum biskupinn lögliga afsakaður þó hann í þetta sinn prófastinn í Kjalarnesþingi og hans presta ekki *citerað* hafi. Því dæmdi nú *synodus* prófastinn séra Einar Illugason og hans sex samdæmandi presti að næstkomandi stiktis *synodo* hér á Þingvöllum að mæta og gegna áfrýjun séra Þorsteins Björnssonar sem hann má lögliga hafa móti Útskáladómi, og séra Þorstein

1 Íslensk þýðing bréfsins er á bls. 429.

skyldugan sinn lögligan umboðsmann þangað að senda og sína ákæru þar þá lögliga fram að bera, með því nú var enginn heldur svo nálægur sem laga-umboð séra Þorsteins hefði, hvorki Tómas Björnsson né aðrir nálægir. Því varð hér framar ekki aðgjört að þessu sinni, þar hvorki var neinn lögliga fyrirkallaður né neinn lögligur sakaráberi, né hans lagaumboðsmaður hér nú fyrir hendi, og ekki dómurinn framborinn af þess hálfu sem áfrýjar. Var og tillagt að séra Þorsteinn skyldi skyldugur vera biskupinum til handa að senda þá pósta handskriftaða sem hann helst áfrýjar í Útskáladómi, svo tímanlega að biskupinn fái þá frá sér sent til þeirra sem gegna eiga, svo sérhvor hafi þá pósta fengið mánuði fyrir alþing hið allra síðasta.

2. Var upplesin *supplicatia* Kirkjubæjarklausturs sóknarmanna, hvar inni þeir óska embættisgjörðar séra Magnúsar Péturssonar í eigin persónu að mega njóta vegna þeirra sérdeilis nákvæmra gáfa sem honum séu léðnar af predikunarstólnum, hvar um þeir biðja innvirðiliga í skrifaðri *supplicatiu dateraðri* 1660 *in februario*, með margra manna undirskrifuðum handskriftum. *Item* önnur þeirra *supplicatia* upplesin, *dateruð* 1660 1. júní, með margra manna undirskrifuðum handskriftum, hvar inni þeir tjá að Kirkjubæjarsókn þoli ekki tvo presta til uppheldis og launa fram að færa, þar ekki sé inntektin þeim vitanlig svo að hlaupi fram yfir fimm hundruð fyrir utan heytolla, þar ómegð á höndum sé, átta börn öll innan tólf ára og tveir hreppsómagar og *hospitals* fólk að auki, hvar fyrir þeir óska vegna fátæktar kallsins *capellanium* af að létta. Var þetta nú innlagt fyrir *synodum* til atkvæða, hvort leyfilegt væri fyrir nauðsynjasakir og kallsins fátæktar, sem ekki þoli tvo presta að framfæra, eða ekki. Virtist kennimönnunum vegna nauðsynjarinnar, sem ekki hefur lög, að tveir ærligir menn sverji af sóknarmönnunum að þeir hyggi þessi misfella sem skeði í fyrra nær hvítasunnu í þjónustugjörðinni og *sacramentisins* útdeilingu valdið hafa yfirfallandi veikleiki en ekki drykkjuskapur. Og að þeim eiðum unnum séra Magnúsi leyfiligt að þjóna fyrir altari og predikunarstól, *capellanium* af sér að koma þá hann fær lögliga *promotionem* til annars kalls, en forsorgi hann þangað til hún fellur, hvað uppá er tekið vegna fátæktar kallsins og þeirrar nauðsynjar sem ekki hefur lög eftir kóng *majestets ordinantiu*.

3. Af kvörtunarbréfi sóknarmanna í Laxárdal vestur, sem er Arnórs Ásgeirssonar, Sigurðar Ólafssonar, Guðmundar Björnssonar, Þorsteins Halls-sonar, *dateruðu* 1660 22. maí að Ljáskógum, hvar inni þeir kvarta um samviskuveiki sína heilag *sacramenti* að meðtaka af honum, fyrir sig og sína, vegna veikleikaálits séra Erlends Einarssonar síns sóknarprests, sem þeim sýnist líkþrá lík, viljandi þar fyrir annars prests þjónustu ná, annaðhvort *capellans* eða annars prests. Hvar í mót hann hefur langa afbötun skrifað, hvör hér var upplesin, hvörrar inntak og meining er að séra Erlendur þykist ekki skyldugur fyrir þeirra hyggju og þotta *capellan* að kalla eða annan prest þeim að leyfa til útvegunar eða þjónustu meðan hann er embættisfær. Fyrir þessa

Um spítelska
presta

grein bar nú biskupinn í *synodum* fram hvörsu með skyldi fara í þessum *casu*, þar svo tilfélli að spítelskulíkindi og teikn sjást á prestunum en þeir hafa þó nokkra burði til embættisins, en sóknarfólkið þykist ekki samvitskustyrk hafa heilagt *sacramenti* af þeim að meðtaka fyrir sig og sína, kvinnur þungaðar, ungbörn *etc.* Dæmdu kennimennirnir, þegar svoddan veikleiki tilfellur, að sókn-armennirnir þeir helstu ekki færri en sex beri sig upp fyrir prófastinum, hvör þá hann þeirra ákæru forheyrt hefur setji héraðsprestastefnu og álíti þar prest-inn bæði að burðum og veikleikans ásýnd. Og ef þeim öllum virðist það aug-ljóst og opinbert, af veruligum líkindum, að presturinn sé líkþrár, þá skal hann skyldugur að hlýða prófastsins og prestanna atkvæðum, utan hann vilji koma til *generalem synodum* undir biskupsins og kennidómsins álit þar.

4. Um ektaskapartrúlofun Daða Árnasonar og Agnesar Snorradóttur sem trúlofast höfðu og tvær lýsingar ágengið, en nú þverúð að henni komin, leggj-andi þá orðsök til að móðir mannsins sé krenkt, hvað hún hafi ekki fyrir trú-lofunina vitað. *Item* hafi hún fornumið rauðbláa blóðsveppa á fótum mannsins utan á mjóaleggnum fyrir ofan skóþvengar stað. Hafði til héraðsprestadóms komið og þaðan hingað dæmt. Var nú og hér upplesin hennar afsökun, sem ekki bar aðrar orðsakir fullvitanligar en þessar fyrirskrifaðar. Var þetta mál hér athugað og fundu prestarnir önga lögmæta orðsök til skilnaðar og ekki þau veikleikamerki á manninum auðsýnileg að skilnaðarsök virðist þeirra trúlofunar. Því kunnu þeir þau ekki sundur að dæma að svo stöddu og manninum frjálst eftir henni að tala þá honum sýnist, þó með skikkanligu móti, prestarnir umbeðnir hvörs um sig að áminna þau bæði til samlyndis og kristilegs kær-leika, sem og hlýðni við kristilegrar kirkju áminningar og kennidómsins ráð. Og hvorugu leyfiligt að trúlofast öðrum persónum meðan svo stendur.

5. Fimmta máta bauð biskupinn sig til andsvara við sérhvörð þann sem við hann vildi tala eða honum tiltala eða *resolutionis* krefja það honum síns embættis vegna bæri, hvort sem það væri *dominus* Enarus Torfæus uppá sinnar *commendatiu missive* til biskupsins uppá Skálholtsskóla eður aðrir, hvörs biskupinn nú beiddist og óskaði að framkæmi, en sá var enginn er sig léti í ljósi þar um, hvorki Einar né aðrir. Fór allt áðurskrifað fram með biskupsins samt áðurskrifaðra presta samþykki, hvörjir ásamt biskupinum setja sínar handskriftir hér undir, *anno, die, loco ut supra*.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Jón Jónsson prestur eh
Þorleifur Jónsson meh
Þórður Jónsson meh
Guðmundur prestur Bjarnason meh
Séra Grímur Bergsveinsson eh
Torfi Jónsson eh
Séra Hannes Björnsson eh

Torfi Jónsson mpp
Sigurður Torfason prestur mpp
Árni Halldórsson mpp
Jón Gíslason mpp
Þorleifur Árnason mpp
Helgi Grímsson mpp
Jón Diðriksson eh
Engilbert Nikulásson meh
Séra Jón Guðmundsson meh

Anno 1660 30. júní *in synodo* að Þingvöllum þessir heiðurligir kennimenn til dóms og álita nefndir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni um þau mál er þá framkomu er sín nöfn hér undir skrifa.

1. **Citatum prófasta ef prestar gegna ei.** Fyrst um þá kennimenn sem af próföstinum sínum verða á prestastefnur *citeraðir* en vilja ekki þar koma, né *citatum* gegna né þeim málum sem þær umhljóða og leggja engin skjallig forföll fram sem bívísi þeirra hindrun að öllu áður lögliga undangengnu, *citatiunni* í réttan tíma undir votta yfir þeim upplesinni. Dæmdu kennimennirnir stefnufall uppi og prófastur skikki því fátækum sem honum sýnist, og vísi prófasturinn frá sér undir veraldligan lagarétt því máli sem sá prestur vildi ekki fyrir sínum dómara prófastinum umgegna. Eftir *ordinantiunni* um gjaldsaker sem ekki verða forlíktar vegna móþróa presta af prófastinum.

2. **Prestar haldist ei í sóknum nauðugir.** Um presta sem frá sínum sóknum vilja víkja eður þær uppgefa, þeirra nauðsynja vegna sem þeir kunna að hafa, en sóknarmennirnir vilja ekki sleppa heldur gjöra forboð í burtu að víkja, var lagt til *synodum* hvört afl það forboð sóknarmanna hafa skyldi, hvort það skuli prestinum móti sínum vilja nauðigum í sókninni afturhalda. Þóttust kennimennirnir engin lög til sjá þau sem prestinn skyldi til fyrir sóknarmanna vild eina nauðugan í sókninni að blífa.

Fór þetta fyrrskrifað fram að Þingvöllum *ex synodo ut supra*, til vitnis undirskrifuð nöfn.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Jón Jónsson prestur eh
Þorleifur Jónsson meh
Einar Illugason prestur meh
Snjólfur prestur Einarsson meh
Jón Diðriksson eh

Jón Daðason meh
Páll Árnason meh
Þorkell Arngrímsson Vídalín mpp
Jón Oddsson prestur mpp
Rafn Ólafsson prestur mpp
Ámundi Ormsson mpp

In nomine domini amen

Anno 1661 1. júlí að Þingvöllum *in synodo diæcesis* um mál séra Þorsteins Björnssonar uppá Útskáladóm genginn 1659 6. og 7. desember af séra Einari Illugasyni prófasti í Kjalarnesþingi og sex prestum, séra Þorkeli Arngrímssyni, séra Jóni Oddssyni, séra Ámunda Ormssyni, séra Hallkeli Stefánssyni, séra Rafni Ólafssyni, séra Snjólfvi Einarssyni og umboðsmanninum Tómasi Nikulássyni og 6 veraldlegum. Með því dagurinn leið en óvíst að tylftar prestadómi yrði náð á þessari prestastefnu leiddist svo til, vegna úrlausnar þess máls að eigi erindislaust yrði, hvört hingað var í fyrrasumar á prestastefnu lagt, með samþykki séra Þorsteins Björnssonar Útskáladóms áfrýjanda á eina, en héraðsprófastsins séra Einars Illugasonar yfirdæmnda og honum samdæmandi nærverandi presta á síðu séra Þorkels Ásgrímssonar, séra Jóns Oddssonar, séra Hallkels Stefánssonar, séra Rafns Ólafssonar, séra Snjólf

Einarssonar, en séra Ámundi Ormsson hafði bréflæga afsakað sig við biskupinn að ekki til þessarar prestastefnu kæmist vegna veikleika, að þeir sig lögu báðir þessir partar séra Þorsteinn og fyrrnefndir prestar, þetta mál nú undir atkvæði og úrskurð þessara heiðurlígra og erlígra tólf manna, af hvörjum séra Þorsteinn tilkallaði þessa, séra Jón Jónsson að Melum héraðsprófast í Borgarfirði að sunnan, séra Þorleif Jónsson prófast í Rangárfingi, séra Torfa Jónsson prófast í Árnesfingi, *item* Sigurð Jónsson sýslumann í Þverárfingi, Bárð Gíslason lögréttumann og Einar Torfason *studiosum attestatum*, en kennimennirnir Útskáladóms samsitjendur tilkölldu þessa á sína síðu, séra Álf Jónsson, séra Guðmund Bjarnason, séra Halldór Jónsson og séra Helga Grímsson, *item* Matthías Guðmundsson sýslumann og umboðshaldara í Stapasýslu og Gísla Magnússon sýslumann í Rangárfingi, lofandi það að hafa og halda með fullnaðarsamþykki biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar og landsfógetans Jóhanns Péturssonar Klein, sem þessir velnefndir dánúmenn umgjörðu, hvar uppá hvoru tveggju höfðu fullnaðarhandsöl við biskupinn. *Item* var tilskilið og samþykkt á báðar síður, að ef nokkrir af fyrrskrifuðum umgjörðarmönnum forfölluðust nú til að koma skyldi þeim heimilt aðra valinkunna menn aftur í staðinn að kalla. *Item* skyldi það standa sem gjörðist af meira parti tilkallaðra manna, þó ekki yrði allir á eitt sáttir, ef samþykki fyrrskrifaðra biskupsins og fógetans tilkæmi.

Var nú þetta undirlag opinberlaga upplesið fyrir séra Þorsteini Björnssyni og hans andmælistönnum, fyrrnefndum kennimönnum Útskáladóms *citeruðum*, og nú að nýju með handsölum við biskupinn samþykkt.

Voru hér nú samankomnir til aðgjörða þessa máls af kennidóminum séra Jón Jónsson, séra Þorleifur Jónsson, séra Torfi Jónsson, prófastar, hvörja séra Þorsteinn hafði tilnefnt sinna vegna, *item* séra Álfur Jónsson, séra Guðmundur Bjarnason, séra Halldór Jónsson og séra Helgi Grímsson, hvörja Útskáladómsprestar ásamt prófastinum séra Einari höfðu tilnefnt á sína síðu um að gjöra. Lét biskupinn senda í umboðsmannsins tjald í tvær reisur, óskandi að saman kölluðust hingað þeir leikmenn sem tilnefndir voru, en þeirra forföll téðust að ei viðlátir væri, einkum að flestir af þeim væri áður af lögmanni í dóm nefndir. Þar fyrir nefndi nú séra Þorsteinn nú aftur í þeirra stað uppá sína síðu séra Árna Halldórsson og séra Torfa Jónsson frá Reykholti, en Útskáladómsprestar á sína séra Grím Bergsveinsson og Daða Jónsson. Svo reiknast til þessarar umgjörðar samankomnir með beggja prestanna samþykki þessir tólf menn, séra Jón Jónsson, séra Þorleifur Jónsson, séra Torfi Jónsson, prófastar, séra Álfur Jónsson, séra Halldór Jónsson, séra Guðmundur Bjarnason, séra Helgi Grímsson, séra Grímur Bergsveinsson, séra Árni Halldórsson, séra Torfi Jónsson, *item* Einar Torfason *attestatus* og Daði Jónsson, hvörja menn alla bæði séra Þorsteinn og Útskáladómsprestar enn aftur að nýju með handsölum samþykktu, með öllu sama skilyrði sem um hina fyrrnefndu var áður ákveðið.

Virtist samankomnum gjörðarmönnum fyrst athuga- og íhugavert hvort þessi gjörð mætti að lögum gjörast, með því séra Þorsteinn Björnsson framlagði bréf, í hvörju Jón Jónsson, sem nú er á Krossi í Lundarreykjadal heimilisfastur, meðkennir að hann hafi undirgengist og á hendur tekist mál heiðurligs og vellærðs kennimanns séra Þorsteins Björnssonar, svo mikið sem viðvíkur dóm prófestsins séra Einars Illugasonar og sagður séra Þorsteinn Björnsson uppá kærir, ásamt því öllu og sérhvörju sem þar að hnígur, vonandi minn góði velgjörðaherra *magister* Brynjólfur Sveinsson muni þetta mitt uppátekið umboð vel virða og lagfæra. Til vitnis mitt nafn hér undirskrifað *anno* 1660 þann 16. september. Virðist oss undirskrifað nafn, Jón Jónsson.

Aðspurðum vér séra Þorstein Björnsson hvort hann hefði ofanskrifuðum Jóni umboð gefið, eftir því sem ofanskrifað bréf sýnist hljóða, að svara sinna vegna og frambera þær áfrýjanir sem hann hefði móti Útskáladómi og þessi gjörð á um að greina. Meðkenndi nú séra Þorsteinn Björnsson að hann hefði oftnefndum Jóni Jónssyni slíkt umboð gefið með vottum og handsölum, hvörju umboði Jón hafði enn nú ekki afturskilað og ekki heldur var nú á þessari *synodo* persónuliga nálægur, og ekki heldur lét sig nokkur í ljósi sem hans forföll auglýsti. Hafði séra Þorsteinn Björnsson (eftir því sem áður er skrifað) á fyrirfarandi ári tildæmdur verið nú á þessari *synodo* að framkoma láta sínar ákærur, þær hann hefði á móti Útskála helmingadómi, sem og þeir til andsvara skyldaðir sem margnefndan dóm gengið höfðu, og virðist oss þá nauðsyn að þetta mál mætti til enda leiðast vegna veikleika séra Þorsteins sem nú var persónuliga nálægur og krafðist og beiddist að þetta mál leiddist hér til endalyktar, en oss virðist aftur á mót sú grein sem stendur í kaupabálki 23. *capitula* gjöra grein á að þar sem umboð er að lögum gefið skuli að lögum afturtakast. Því þykjunst vér ekki kunna eftir lögum vora gjörð að gjöra í ofanskrifuðu máli meðan umboðið er ekki afturtekið. En bjóðum oss til eftir þeirri náð sem Guð oss gefur með ráði og aðstoð vors andligs og veraldligs yfirvalds viðleitni að hafa að gjöra kristiliga forlíkun milli séra Þorsteins Björnssonar og þeirra sem hann á mál við, svo að séra Þorsteinn Björnsson þurfi ekki erindislaust eður málslokalaust sig hingað að hafa ómakað.

Nú með því séra Þorsteinn Björnsson afsegir nokkri forlíkun að taka fyrir en hann viti hvort Útskála helmingadómur sé löglegur eða ólöglegur, hvar um vér treystunst ekki að gjöra meðan umboðið er ekki afturtekið, en vér krefjunst og beidunst nú áðurnefnds Jóns Jónssonar að hann hér nú framleggi allt það hann hefur vegna séra Þorsteins á móti oftnefndum dómi fram að bera. En með því Jón er nú hvorki sjálfur nálægur né hans forföll af neinum framborin, þá kunnum vér ekki að þessu sinni í þessu máli lengra að framganga. Nú þó að svo sé að þetta mál kunni ekki að þessu sinni meir að greiðast, samt þykir kennimönnum nauðsyn til vera að séra Þorsteinn Björnsson megi takast til heilags *sacramentis* af sóknarprestinum þegar hann þess auðmjúkliga leitar

og sýnir á sér kristilig iðrunarmerki.¹ Þetta áðurskrifað er af öllum áður tilnefndum gjörðarmönnum sameiginlega álitid, sem fyrrskrifað er, og til sanninda hér uppá setja þeir sínar handskriftir hér undir að Þingvöllum *in synodo, anno et die ut supra*.

Þorleifur Jónsson meh	Torfi Jónsson mpp
Séra Jón Jónsson meh	Álfur Jónsson mpp
Guðmundur prestur Bjarnason meh	Helgi Grímsson eh
Halldór Jónsson eh	Grímur Bergsveinsson prestur eh
Torfi Jónsson eh	Daði Jónsson mpp
Árni Halldórsson mpp	Einar Torfason prestur mpp

Þessa fyrir framan og ofan skrifaða ályktun fyrrskrifaðra heiðurligra tólf umgjörðarmanna hefi eg undirskrifaður séð og yfirheyrt, og með því séra Þorsteinn Björnsson sjálfur meðkennir að hann hafi sitt sóknarumboð gefið Jóni Jónssyni með vottum og handsölum, og það umboð enn ekki afturtekið, þá kann eg ekki að sjá að séra Þorsteinn hafi það umboð sem hann hefur öðrum afsalað meðan það stendur, sem og vegna innfærðrar lögmálsins greinar. Því kann eg ei annars en samþykkja fyrrskrifaðra umgjörðarmanna álit, óskandi að velaktandi landsfógetinn Jóhann Klein vildi og sína *censur* og meining hér undir setja. Til sannindamerkis set eg undirskrifað nafn að Þingvöllum *ut supra*.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh	Johan Pedersen Klein
mpp	

Það gjörum vér Oddur Eyjólfsson skólameistari í Skálholti, Árni Halldórsson kirkjuprestur, Sigurður Björnsson, Árni Jónsson og Halldór Einarsson góðum mönnum kunnugt með þessu voru opnu bréfi og undirskrifuðum eigin handskriftum, að vér höfum séð og hér við samanlesið svolátandi *synodals* gjörning Skálholtsstigtis presta, saminn og samþykktan af þeim og biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni að Þingvöllum *anno* 1662 30. júní, með undirskrifaðra kennimanna eigin handskriftum, svolátandi orð fyrir orð sem eftirfylgir.

In nomine domini amen

Anno 1662 30. júní að stigtisins prestastefnu á Þingvöllum, þessir heiðurligir kennimenn samankomnir eftir kóng *majestets* bifalningu, og hans *excellents* vors eðalborna lénsherra herra Henrik Bielke *etc.* forlagi, arfhyllingareid að

1 iðrunarmerki: breytt í handriti úr auðmýktarmerki

vinna, úr þessu Skálholtsstigti prófastar og prestar, séra Sigurður Oddsson, séra Jón Jónsson, séra Þorleifur Jónsson, séra Ketill Jörundsson, séra Torfi Jónsson, séra Björn Snæbjörnsson, séra Einar Illugason, séra Þórður Jónsson, séra Halldór Jónsson, séra Grímur Bergsveinsson, séra Jón Ólafsson, séra Álfur Jónsson, séra Magnús Jónsson, séra Ásgeir Einarsson, séra Jón Jónsson, séra Torfi Jónsson, séra Helgi Grímsson, séra Þorleifur Kláusson, séra Hallkell Stefánsson, séra Björn Stefánsson, séra Jón Oddsson, séra Jóhann Jónsson, séra Eiríkur Vigfússon, séra Teitur Einarsson, séra Eiríkur Þorsteinsson, séra Gísli Bárðarson, séra Hannes Björnsson, séra Páll Gunnarsson, séra Eyjólfur Jónsson, séra Hallgrímur Pétursson, séra Þórður Þorleifsson, séra Jósef Loftsson, séra Jón Daðason, séra Árni Halldórsson, séra Jón Gíslason, séra Jón Erlendsson, séra Guðmundur Bjarnason, séra Engilbert Nikulásson, séra Þorsteinn Jónsson, séra Þorkell Arngrímsson, séra Jón Diðriksson, séra Sigurður Jónsson, séra Gísli Einarsson, séra Ketill Halldórsson, séra Bjarni Sveinsson, séra Jón Salómonsson, séra Þorleifur Árnason, séra Sigurður Jónsson, séra Halldór Jónsson, séra Magnús Pálsson *etc.*, prestar Skálholtsstigtis, eftir kóng *majestets* bifalningu og hans *excellents* lénsherrans tillögu, vora skylduga hlýðni og undirgefni undirdánugast að auðsýna í því arfhyllingareiðs efni, hvört oss hefur tilsagt verið hér á Öxarárþingi af að leggja nú á þennan dag 30. júní þessa árs 1662, hvör boðan og bifalning oss hefir til handa komið og vér nú til að framkvæma undirdánigst reiðubúnir erum, sem alls annars það framast möguligt er.

Um arf-
hyllingareiðinn

En með því að vér fyrrskrifaðir kennimenn merkjum og fornemum að nokkur hindrun muni tilfallin fyrir hans *excellents* vorn velborna lénsherra, þar hann á þennan tilsettan dag hingað til Öxarárþings eigi tilkominn er, óskandi þó Guð hans velburðugheit vel bevari, þá vegna stórrar fátæktar vorrar og þessa lands, harðinda ársins og fjarlægðar margra vor, hljótum vér með allri undirgefni orlofs að biðja á þessum heyanna og stutta bjargræðistíma, þar lífsnauðsyn krefur kvenmenn og börn um forsorgun að veita meðan þessi hjálpræðistími yfirstendur. Óskum vér því auðmjúkliga að vort elskuligt yfirvald virði oss þessa þörf og þrengjandi nauðsyn til góða, þó vér vorra heimkynna í Guðs trausti aftur vitjum eftir þennan alþingistíma yfirstaðinn, en biðum þó þinglausna. En uppá það að vér sem skyldugt er látum ásjást og sannast að vér alla alúð til þessa arfhyllingareiðs efnis undirdánugast tilleggja viljum, þá leggjum vér að afstöðnu þessu Öxarárþingi oss og vor mál öll í Guðs almáttugs vald og vors yfirvalds náðuga forsjón. Gefa nú þá þeir fjarlægðu kennimenn, sem endilega hljóta heimfararleyfis að biðja, sitt og sinna meðbræðra meðtekið fullmagtarumboð þessum tólf heiðurligum kennimönnum, hvörjir nálægri eru og nú af þeim ánefndir og útvaldir voru, oftnefndan arfhyllingareið sinna og þeirra vegna undirdánugast af að leggja, þegar hans *excellents* lénsherrann tilkæmi og þar um tilsegði. Úr Rangárþingi séra Þorleif Jónsson prófast og séra Gísli Bárðarson. Úr Árnesþingi séra Torfa

Jónsson prófast, séra Jón Daðason og séra Árna Halldórsson. Úr Kjalarnes-þingi séra Einar Illugason prófast og séra Þorkel Arngrímsson. Úr Borgarfirði að sunnan séra Jón Jónsson prófast, séra Halldór Jónsson og séra Hallgrím Pétursson. Að vestan séra Sigurð Oddsson prófast og séra Þórð Jónsson. Þessum tólf kennimönnum, eður hvörjum öðrum sem í þeirra stað í þeirra nauðsynjum og forföllum nefndir verða, gefa nú hinir allir aðrir þeir fjarlægju sína og sinna meðbræðra fylliliga fullmagt greindan arfhyllingareið með allri undirgefni af að leggja, þá og þar sem þeim af yfirvöldum tilsagt verður.

Fela nú allir greindir kennimenn, hans *majestets* undirsátar, sig og sína velferð alla tímanliga næst Guðs mildi og miskunnsemi hans kóngligri náð og mildheitum og öllum hans réttum erfingjum og eftirkomendum, óskandi auðmjúkliga að sá góði Guð vilji innræta í hans kóngliga hjarta mildi og meðaumkan með oss og öllum öðrum þessa fátæka lands innbyggjurum, bæði fyrr og síðar. Svo viljum vér jafnan sem skyldugt er alvarliga að biðja Guð almáttugan að spara og bívара hans kóngliga *majestet*, og staðsetja hans kóngliga *regiment* lengi og vel, sínu heilaga nafni til dýrðar, kóngligu *majestets* tignarveldi til gagns og góða, oss allra fátækustu hans undirsátum til huggunar og hugsvölunar í Jesú nafni *amen*. Þessu til sannindamerkis settu undirskrifaðir kennimenn sín og sinna meðbræðra vegna sem í greindan stað og dag samankomnir voru sínar handskriftir hér undir, óskandi að hans *excellents* vildi þetta andsvar vel virða og favorliga upptaka, hvörjum vér og af hjarta allrar velferðar óskum í Jesú nafni *amen*. *Actum* Þingvöllum 3. júlí. *Anno ut supra*. (Undirskrifuð nöfn) Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh, Þorleifur Jónsson meh, Torfi Jónsson mpp, Einar Illugason meh.

Þetta næst fyrir framan skrifað handskriftuðu einnir séra Grímur Bergsveinsson eh, Ásgeir Einarsson meh, Jón Ólafsson meh, Sigurður Oddsson, Páll Gunnarsson meh, Jón Salómonsson meh, Bjarni Sveinsson eh, Þorkell prestur Arngrímsson Vídalín mpp, Þórður prestur Þorleifsson mpp, Sigurður Jónsson prestur að Ögri og Eyri, Þorleifur Árnason mpp, Halldór Jónsson meh.

Og til sanninda að þetta sé rétt meining og innihald *originalsins* sem hér er skrifað settum vér fyrrskrifaðir menn vorar handskriftir hér undir, Skálholti *anno* 1662 7. júlí.

Oddur Eyjólfsson meh

Árni prestur Halldórsson meh
Sigurður Björnsson meh

Forlíkun á milli séra Einars Illugasonar prófasts í Kjalarnesþingi og séra Þorsteins Björnssonar um Útskáladóm, gengin að Þingvöllum í *synodo*

Það gjörum vér Oddur Eyjólffsson skólameistari í Skálholti, Árni Halldórsson kirkjuprestur, Ámi Jónsson, Sigurður Björnsson og Halldór Einarsson góðum mönnum kunnugt með þessu voru opnu bréfi og undirskriftuðum eigin handskriftum, að vér höfum séð og hér við samanlesið svolátandi *synodals* gjörning Skálholtsstigtis presta, saminn og samþykktan af þeim og biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni að Þingvöllum *anno* 1662 30. júní, með undirskrifaðra kennimanna eigin handskriftum, svolátandi orð fyrir orð sem eftirfylgir.

Anno 1662 30. júní, að Þingvöllum að Skálholtsstigtis prestastefnu, þessir heiðurligir kennimenn til dóms og álita kallaðir um mál séra Þorsteins Björnssonar og Ástnýjar Hallsteinsdóttur, hvar um héraðsdómur hafði áður gengið að Útskálum *anno* 1659 6. og 7. desember af lénsherrans fullmeztugum Toma Nicolai og sex leikmönnum, *item* héraðsprófastinum séra Einari Illugasyni og sex prestum, og hingað til hafði ekki neitt framar uppá ályktast því máli til endingar, en séra Þorsteinn nefndan Útskáladóm áfrýjar. Þar fyrir, svo vítt sem *synodo* ber yfir að taka, nefndi nú biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson þessa heiðurliga kennimenn til álita hér um, séra Jón Jónsson prófast í Borgarfirði að sunnan, séra Þorleif Jónsson prófast í Rangárþingi, séra Sigurð Oddsson prófast í Borgarfirði að vestan, séra Torfa Jónsson prófast í Árnesþingi, séra Ketil Jörundsson prófast í Dalasýslu, séra Þórð Jónsson, séra Halldór Jónsson, séra Jón Daðason, séra Álf Jónsson, séra Magnús Jónsson, séra Guðmund Bjarnason, séra Jón Ólafsson, séra Helga Grímsson, prestar Skálholtstigtis.

Hafði Ástný borið séra Þorstein faðerni barnsins, hvört hún alið hafði um sumarið áður en Útskáladómur gekk *anno* 1659, og með því hann var einninn giftur reið á hórdómsmáli, en í Útskáladómi hafði honum frá undanfæri vikið verið en henni var eiður dæmdur sögu sína að sanna og barnið að ættfæra, hvörn eið hún hefur og unnið. Þykist séra Þorsteinn aflaga borinn verið hafa í því að hann náði ekki undanfærinu, sem hann meinti borið hafa og lög tilstanda, hvar uppá hann óskar leiðréttingar af nálægum kennimönnum, svo vítt sem prófastinn og prestana snertir er Útskáladóm gengið hafa. Hafði biskupinn að ósk séra Þorsteins prófastinn séra Einar Illugason og honum samdæmandi presta í Útskáladómi hingað *citerað* á þessa prestastefnu nefndan dóm að forsvara móti ákæru séra Þorsteins, hvörja *citatiu* séra Einar meðkenndi sig nú meðtekið hafa.

Gaf nú séra Þorsteinn Björnsson Jóni Jónssyni sökum síns veikleika sitt fullkomligt lagaumboð sinna vegna að sækja og ákæra það sem með réttu

ákærast mætti í greindum Útskáladómi og prófastinum með prestunum viðviki að svara til með réttu. *Item* að verja sína sök, hvað sem prófasturinn og prestarnir hefðu séra Þorsteini til að tala í þessu máli, hvörju séra Þorsteinn lofaði þó af sínu til að kosta þó Jón stæði í forsvarinu og væri fyrir framan við prestana. *Item* gjörði séra Þorsteinn Jón Jónsson með fullnaðarhandsölum sinn fullmegtugan umboðsmann að semja og kvitt að gefa það honum líkaði, og í allan máta í þessu máli svo fullkomliga að gjöra sem hann sjálfur persónuliga gjört hefði, svo séra Þorsteinn skyldi frá þessu máli, en Jón Jónsson þar fullmyndugur og fullmegtugur í öllum pörtum, öngu fráteknu, hvar uppá þeir höfðu enn nú að nýju fullnaðarhandsöl, séra Þorsteinn Björnsson og Jón Jónsson, fyrir þessum prestastefnudómi, prestunum ásjáandi og áheyrandi.

Settist svo niður þetta mál að Jón Jónsson gaf sókn þessa alla frá sér í Guðs vald, þó að æru séra Þorsteins ókrenktri og heiðri séra Einars og allra prestanna í þessu máli, ásamt konu séra Þorsteins og barna hans. Þar með er og einninn Jón Jónsson með sæmd og æru við þetta mál skilinn, að handsöluðu samþykki séra Þorsteins Björnssonar, og hér uppá sættust þessar persónur heilum sáttum, séra Einar Illugason, séra Þorsteinn Björnsson og Jón Jónsson, að vitni og viðurvist biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar og fyrrrskrifaðra heiðurligra kennimanna, hvörjir ásamt pörtunum báðum settu sínar handskriftir hér undir til staðfestu og vitnisburðar uppá allt fyrrrskrifað. *Actum ut supra*, degi síðar en fyrr segir. (Undirskrifuð nöfn) Jón Jónsson eh, séra Þorsteinn Björnsson handsalaði, Einar Illugason prestur meh, Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh, Sigurður Oddsson, séra Jón Jónsson eh, séra Þorleifur Jónsson meh, séra Torfi Jónsson mpp, séra Jón Daðason eh, Halldór Jónsson eh, Helgi Grímsson eh, Guðmundur prestur Bjarnason mpp, Jón Ólafsson eh.

Þessu til sannindamerkis og vitnisburðar setjum vér fyrrrskrifaðir menn vorar handskriftir hér undir. Skálholti anno 1662 8. júlí.

Oddur Eyjólfsson meh

Árni prestur Halldórsson meh
Sigurður Björnsson meh

In nomine domini amen

Anno domini 1663 30. júní að Þingvöllum settri stigtisins prestastefnu þessir heiðurligir kennimenn til dómsatkvæðis kallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfur Sveinssyni um þau andlig mál sem þá framkomu lögð og dæmd og þeim bar eftir *ordinantiunni* og kirkjunnar rétti í að segja, séra Þorleifur Jónsson prófastur í Rangárbíngi, séra Torfi Jónsson prófastur í Árnesþingi, séra Einar Illugason prófastur í Kjalarnesþingi, séra Þórður Jónsson, séra Halldór Jónsson, séra Hallgrímur Pétursson, séra Grímur Bergsveinsson, séra Guðmundur Bjarnason, séra Jón Oddsson, séra Torfi Jónsson, séra Álfur

Jónsson, séra Engilbert Nikulásson, séra Snjólfur Einarsson, séra Þórður Þorleifsson, séra Jón Snorrason, séra Þorleifur Árnason, séra Eiríkur Vigfússon, prestar Skálholtsstigtis.

Fyrst um það sem erligur velaktandi landsfógeti Thomas Nicolai lét í kennidómsins *consideration* frambera eftir hans *excellents* lénsherrans herra Henriks Bielkis bréfligu forlagi vegna þess háskasamliga tilstands sem nú yfirhangir af kristninnar óvinnar Tyrkjans æðigangi, hvör nú skal hafa fullan ásetning í þessi Norðurhöf til rána og herleiðinga að sigla, frammar en um nokkra stund hefur verið, einkum og sérdeilis þar hann skal dirfa og hér til hvetja sá *contract* og friðarsáttmáli vorir nágrannar og nafnkristnir, Engelskir og Hollenskir, skulu við hann gjört hafa, að hann skal óhindraður fyrir þeim sigla um þessi Norðurhöf, sinna óguðligra erinda vegna, hvörn ásetning og ágang að herrans mildi frá oss og þessum Norðurlöndum náðarsamliga afvendi, samt fyrir þá sérdeilis herraliga og nákvæma meðaumkun sem hans *excellents* vor velburðugi lénsherra hefur fyrir landið og þess velferð að hann vill gjarnan óska sér og vita þessa fátæka lands og þess innbyggjara velferð, frið og farsæld, hvað Guð almáttugur hans *excellents* ásamt hans aðalligri *familiæ* virðist ríkuliga að þakka og launa með allsháttuðum andligum og líkamligum gáfum.

Um *honorarium*
við yfirvaldið

En vér fátækir landsins innbyggjarar af landsins andligri stétt sem veraldligri tilsegjum vora fátæka þénustu sem og skyldu hans *excellents* að þéna í hvörn máta sem kynnum, eftir vorri umkomulítilli formegun, og jafnan biðja Guð almáttugan að spara og bevara vel og lengi soddan vorn eðla velborna *patron*, þessu fátæka landi til gagns og gleði bæði fyrir og síðar. Sýnist hans *excellents* hagligast að frá alþingi væri til *majestetsins supplicando* óskað að *Compagniet* til þess eigin og landsins öruggleika léti sigla til Íslands á sem flestum orlogsskipum sem mögulegt væri, og nokkur *majestetsins* skip mætti fást til að sigla í kringum landið um sumartímann, og ef landið gæti nokkuð árliga til nefndrar umsiglingar árliga kostað og *contribuerað* væri tilbæriligt, óskar hans *excellents* að soddan meðul og formegun fyndist þar til. Heldur hans *excellents* betra fyrir Íslenska og aðra að keypt sé eitt orlogsskip, leggjandi skatt uppá sjálfa sig hér í landi, yfir alla andliga og veraldliga, öngvum undanteknum, og þar sem meðölin ná ei til, eitt ár, þá mætti þau safnast til tveggja eða þriggja ára, með undirgefnustu ósk að þetta skip með fleirum megi árliga sigla til landsins og flakka þar fyrir utan. Því ef þetta yrði árliga uppálagt þá mundi það síðan vel *continuerast*.

Óskaði biskupinn og heiðurligir kennimenn í þessari *synodo* heiðurligs herra biskupsins á Hólum, herra Gísla Þorlákssonar, hans nærveru ásamt þeirra kennimanna að norðan sem hann vildi hér til með sér kalla, hvað hann lét eftir *synodo* með sinni heiðurligri nálægð, sem og heiðurligir kennimenn að norðan, séra Gunnar Björnsson og séra Bjarni Hallsson. Höfum vér sem skyldugt er hér í *synodo* þetta mál eftir hans *excellents* forlagi og landsfógetans erligs og velaktaðs Thoma Nicolai *relation* oss til umþenkingar tekið,

en sjáum hvorki ráð né meðöl til soddan atлага sem þurfa til orlogsskipsins kaups og kostnaðar, því þessa fátæka lands formegun forslær ekkert þar til og ekki til tíunda parts. Vitum fyrir fullan sann að yfir tíu eður tólf persónur finnast ekki á öllu þessu landi, geistligir og veraldligir til samans, að þeirra formegun í föstu og lausu nái til fimm eða sex þúsund ríxdala verðs, og öngvir þar fram yfir, utan má vera einn eða tveir, mest þrír, komast þó ekki stórt þar fram yfir, hvað vér vildum í einfaldleika og undirgefni hans *excellents* trúliga undirréttað hafa, svo hann vissi allan grundvöll vorra vanefna og fátæktar.

Nú þó vær vildum hlýðni vora sýna að játa til þessa útlags af sinna eigna og embættis inntekta ómakslaunum fram yfir það er kostnaði og skuldum afgengur vissum *qvot*. Nær treystum vér oss ekki að ganga vegna harðinda landsins og fátæktar og óára sem uppá kunna að falla og fallið hafa, svo fátækt fólk deyr af hungri og sá sem nokkuð hefur hlýtur þeim fátæka í lífsnauðsyn að bjarga, en þetta land er *trafix* og útvega laust forpaktað undir vissa kaupmenn svo að af soddan kauphöndlan er oss engin ábatavon, utan alleinasta til stærstu lífsnauðsynja. Því sjáum vér, þó vér vildum þetta til hlýðni afleggja, hrökkur þó hvörgi þess stóra kostnaði sem fyrir orlogsskipum þarf að hafa og kannski ekki til að halda einn kaptein með sínum kost og kaupi.¹ Því leggjum vér það málefni frá oss undir Guðs almáttugs náðarríka forsjón og miskunnsama fyrirhyggju um orlogsskipskaupin að hugsa, sjáandi þar engin ráð, meðöl né efni til. Hans *excellents* veit að þetta land er opið og fullt af höfnum, svo alltíðast má innleggja, svo fá orlogsskip kunna varla eða ekki á þeim öllum svo vara að taka sem nægir, einkum er þau leggjast inn í hafnir þá mest liggur við og láta þar fyrirberast þá háskinn er mestur, sem kannski fyrr hafi tilborið, svo vér fátækir séum þar fyrir litlu að nær, en vildum þó gjarnan ekki segja oss undan því sem möguligt væri, ef til gagns horfast mætti, bífalandi oss og vor efni hér með Guðs góðri vernd og forsvari hans heilögu engla. Þar næst þeirri kóng *majestets protection* sem Guð gefur honum í sinni oss fátækum undirsátum Guðs vegna og kristiligrar meðaumkunar í hjá að leggjja Guðs vegna og hans kristiligs herradæmis.

Því næst, með því vér hyggjum hans *excellents* vor fátæklig efni ei ókunnu vera, hvað sem einn eða annar kann þar um undir að rétta, þá bíföllum vér oss hans föðurligu forsvari að oss leggist ekki óbærilig þyngsl uppá til þessarar *contributionis* sem vær erum öngvaneginn efnaðir til, því herrann veit að í sannleika er vor formegun ekki framar umkomin en fyrirskrifað er. Samt og áður vildum vér gjarnan óska og auðmjúkliga *supplicando* að halda Íslands *Compagnie* til, sem mestan ábata af landinu hefur, betur besigla þær hafnir sem þeim eru léntar með góðum, velskreiðum varnarskipum, sjálfum sér og sinni höndlan til góða, mættum vér með Guðs hjálp þar af og nokkurs

1 Nú þó vær ... kost og kaupi: bætt við á spássíu með nokkrum breytingum og ekki allt greinilegt

njóta meðan skipin liggja við hafnirnar, vilji fólkið og duga, hvar um og er að hugsa, biðjandi auðmjúkliga að hans *excellents* vildi oss hér úti þyrmt og vægt hafa til frekari útláta en vér kunnum að þola eða útstanda eftir fyrrskrifuðu, og svo vort forsvar og *patronat* að sér að taka í þessum eður öðrum oss áliggjandi efnum, bæði við *majestetið* ef vér kunnum að vera angefnir um stærri formegun en vér erum umkomnir og svo annað sem með kann að þurfa, viljandi gjarnan hans *excellents* þénustusamir vera eftir því sem vér vissum honum meðþént vera, og að hann sjái vora fátækliga *devotion* reiðubúna til þeirrar lítillar *discretionis* sem vorum efnum sambyði. Þá hefur oss til hugar komið andligum þrjú hundruð ríxdali að næstkomandi ári að *levera* 1664 með herrans ráði, biðjandi hans *excellents* vildi¹ vora lítilmótliga velmeinta þénustu ei misvirða, heldur þénustusaman vilja til góða halda, óskandi hann vildi oss og vor fátæk efni framvegis í sinn *patronat* og forsvar taka, bæði í því sem vér *supplicando* áður höfum framlagt og oss kann framvegis á að liggja, tilsegjandi vora skylduga lítilmótliga þénustu til hans *excellents* ætíð. Nú hefur hér af þessa geistligheitsins tilsagða *honorarii* að sér tekið heiðurligur hálærður herra, herra Gísli Þorláksson biskup að Hólum, fyrir norðurstigtið að afhenda að næstkomandi ári, lofi Guð, en Skálholtsstigi þar á mót *presenterar*.

Skulu prófastarnir fulla magt hafa að *taxera* prestana síns prófastsdæmis, en biskupinn prófastana, og meðtaki prófastar af prestum þá *collectu* að næstkomandi fardögum, en prófastar hafi þetta framsent biskupinum til handa að næstkomanda Öxarárþingi. Hvör sem ekki vill hér úti hlýðugur og góðviljugur sýnast yfirvaldinu til æru en landinu til friðunar, hvort sem hann þverskallast sína *qvotu* að leggja eða með ónytsamligum flýtum og *disputatiu* flækju sig ver, sekur eftir Væligerðisdómi ef hann er hér í Skálholtsstigi og fari þar sektir sem þar er ráð fyrir gjört fátækum prestaekkjum til góða, en vilji hann framar þar úti þrjótskast en þar gjörir ráð fyrir sé fyrir óhlýðni rétt kærður fyrir fógetanum á Bessastöðum og setjist til réttar af honum. Þetta vort atkvæði setjum vær til umsjónar og leiðréttingar velaktandi lénsherrans fullmeztugs Thomæ Nicolai, biðjandi hann það af að taka, umbreyta og við að auka eftir því sem hans frómheit sjá lélegheitunum henta, þénandi hans frómheitum jafnan til hins góða.

Tilskildi biskupinn en *synodus* játaði að biskupinn mætti aftur þessa umþenking yfirskoða, lagfæra, umbreyta þeim greinum sem honum sýnist, aftaka og viðauka sem hentugast þætti, og prestanna *promuveruðu* tillagi, þó hér undir lénsherrans nafni sé skrifað, svo millum hans *excellents* og fógetans

1 hefur oss til hugar komið andligum ... biðjandi hans *excellents* vildi: þessu er í handriti breytt með yfirstrikun og yfirstrikt úr hefur oss til hugar komið andligum og veraldligum til samans, ef þeir vilja það með oss samþykkja, að promuvera til hans *excellents* þénustu eitt þúsund ríxdali, hvar af eftir proportion jölda og formegunar geistligheitanna hér í landinu sýnist oss tilbæriligt móts við þá að taka að oss þrjú hundruð ríxdali, biðjandi hans *excellents* vildi

að miðla sem honum þykir gott og gagnligast. Þetta handskriftuðu biskuparnir og *synodus anno 1663 1. júlí loco ut supra.*

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh	Álfur Jónsson mpp
Þorleifur Jónsson meh	Þorleifur Árnason mpp
Torfi Jónsson mpp	Þórður Þorleifsson mpp
Þórður Jónsson eh	Guðmundur Bjarnason prestur
Jón Daðason meh	Torfi prestur Jónsson meh
Grímur Bergsveinsson	Jón Oddsson prestur meh

Um
hórdómsmál

2. Kom fram hórdómsmál sem Ólafur Jónsson hefur borið sína ektavinnu Sigríði Illugadóttur með Jóni Jónssyni á Egilsstöðum. Honum hefur þar fyrir eiður dæmdur verið, en hefur á honum fallið og að eiðvættanna níu hyggju svarinn heldur sakaður í því máli en saklaus, samt neitar hann og Sigríður því hórdómsbroti, og sektir af honum teknar en hún tvennt til sagt, fyrst neitað öldungis samræði við Jón og boðið eið fyrir alla menn utan sinn fyrra mann Jón Eiríksson, líka fyrir þennan sinn ektamann Ólaf, *anno 1661 16. ágúst*, en í fyrراسumar að Villingaholts prestastefnu meðkenndi bæði Jón Jónsson og hún að þau hefði sín á milli samræði haft meðan hún var ekkja eftir sinn fyrra mann, *anno 1662 11. júní. Item* þar hún var af lögmanninum herra Árna Oddsyni aðspurð hér á Öxarárþingi hvort samgangur þeirra Jóns og hennar hefði ei orðið milli kaups og festingar Ólafs og hennar sagðist hún það ei muna. Því sögðust lögmenn herra Árne og Þorleifur ei samvitsku hafa henni eið að dæma.

Kom þetta mál nú til prestastefnu í héraði í vor þann 11. maí að Væligerði og dæma prestarnir þar henni ei framar undanfærisvon í þessu máli eftir sínum samvitskum. Tjá þeir og að ei kunni framar þetta mál í héraði að rannsaka eftir því sem framkomið hefur. Þar fyrir er það þeirra alvarlig meining að þessi allur aðdráttur og undirbúningur þessa máls af hendi Jóns og Sigríðar hnígi þar að að horfi til hjónabandsskilnaðar Ólafs og Sigríðar, en segjast ei voga né vilja vegna nokkra orðsaka og afsakana frekar að þessu máli gjöra, sem sé fyrst biskupsins frávera og málsins nokkur vandi og vafi, hvörn prófasturinn útskýrir þennan að hvorki hafi barneign þetta mál opinberað né sjálfviljug meðkenning eða ánægilegar bevisingar, og prestanna fáleiki. Setja því gjörvallt þetta mál fyrir biskupinn og þessa *synodum* að þessu alþingi, og þessar persónur Ólaf Jónsson, Sigríði Illugadóttur og Jón Jónsson skylduga þar að koma og til viðurmælis vera. Svo vítt hefur prófasturinn séra Torfi Jónsson með prestunum í Árnessýslu þetta mál rekið.

Nú var Ólafur Jónsson hér kominn fyrir þessa *synodum* en ei Sigríður Illugadóttir né Jón Jónsson, og enginn svaramaður né forföll af hennar hendi þó biskupinn léti þeirra í lögrétta beiðast. Ei tjáir Jón Jónsson heldur nein forföll í þeim seðli sem hann hingað sendi nú í dag 1663 *dateraðan 28. júní*,

heldur alleinasta tjáir um sín fríheit og þarveru á Egilsstöðum á heimili Sigríðar. Tókum vér fyrir oss hjónabands *articulana* þetta mál að meta, en dæmdum þó áður Sigríði hingað réttlíga fyrirkallaða og svo Jón Jónsson af prófastinum, og þau bæði hvort um sig Sigríði og Jón hér með fyrir foröktun prófastsdómsins hefði unnið sér til sekta ef fé hefðu til fátækra, að minnsta kosti mörk hvort um sig svo sem fyrir stefnufall, einkum hefði Ólafur boðið henni við votta styrk með hestafarleik, kosti og öðrum nauðsynligum faragreiða, hvað prestarnir nú ekki freklíga af henni dæmdu sökum þess þetta var undanfellt af Ólafi.

Nú hljóðar svo *articulinn* um hjónaskilnað fyrir hórdómsmál að dómarnir skuli athuga hvort sú persónan sem áklagar sé saklaus af sama misferli. Það hefur hingað til af Sigríði ekki framborið verið að hún héldi Ólaf í hórdómssök sekan og því síður að hún hefur boðið sér eið fyrir hann sem aðra menn, svo sem fyrir þann sem ekki væri þar til hæfilegur. *Item* er bífalað í *articulunum* að rannsast skuli hvort önnur hvor persónan hafi gefið annari orðsök til hórdómsbrotsins með hórnahaldi, harðúð eða ofríki eða þess konar sem virðast mætti til brotsins lögmætt. Það er og ekki framkomið neitt af hendi Sigríðar, um nauðung er hér ekki að tala. Ei hefur heldur né nokkur annar látið ámerkja að þau hafi samrekkst síðan þeirra mál var undir dóm borið í fyrsta sinni, því Ólafur hefur frá henni vikið til síns föðurs og aldrei eina nótt á hennar heimili verið síðan og hún aldrei hann heimsótt til samvista, heldur þar hún var tildæmd í hans veikleika honum að þjóna í Hraungerði eða hvar hún vildi vera fékkst það ekki af henni. Handsalaði nú Ólafur Jónsson biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni þann eið að sverja ef þurfa þætti, að hvorki hefði hann með Sigríði haft til líkamslostaverka síðan hann hana málinu fyrst bar og ei heldur við aðra kvenmannspersónu, hvorki meðan hann var saman við Sigríði né síðan.

Þar fyrir í herrans nafni, að öllu svo prófuðu og yfirvegnu sem í þessu máli er undangengið á allar síður og innfært er í prófastsins tvo fyrrgreinda presta-stefnudóma, sem og hér í *synodo* í fyrra, og nú hefur innskrifað verið, virðist oss Sigríður lögfallin að hórdómsmáli og þau réttlíga sundurskilin að lögum, Ólaf Jónsson og Sigríði Illugadóttur, svo framt sem hún færir ekki fram löglígar orðsakir eftir *articulunum* innan fjórtán nátta að heyrðum þessum dómi heima hjá prófastinum séra Torfa Jónssyni, þær sem þau til samans bindi framar en nú er framkomið, og Sigríði síðan öngvum manni játast mega, einkum meðan Ólafur lifir, án herra yfirvalds leyfis, og ei heldur síðan án þess orðlofs, en þau Sigríður og Jón skilji samvistir og taki lausn og skrift af biskupi. Samþykkti þennan vora dóm *etc.* biskupinn og nærverandi *synodus* að Þingvöllum 10. júlí 1663.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Þorleifur Jónsson meh

Álfur Jónsson mpp
Grímur Bergsveinsson

Torfi Jónsson mpp
Einar Illugason prestur meh
Þórður Jónsson eh
Jón Daðason meh

Guðmundur prestur Bjarnason
Þórður prestur Þorleifsson eh
Þorleifur Árnason mpp
Jón Oddsson prestur mpp

3. Kom fram hórdómsmál Þorvarðar Jónssonar með Guðríði Bárðardóttur, hvört til dóms komið hafði á Dyrhólaþingi í vor 1663 26. dag maí fyrir sýslumennina Hákon og Einar Þorsteinssyni til prófs og rannsaks eftir biskupsins bréfligu samþykki vegna fáleika presta þar í sýslu og fjarlægðar sín í milli, sem og prófestsins séra Magnúsar Péturssonar að sögn dómsmannanna. Skrifa þeir að þessu máli svo varið sé að greindur Þorvarður hafði fyrir nokkrum árum brotið sinn hjónabandsgjörning við Matthildi Þórarinsdóttur sína ektakvinnu með einföldu hórdómsbroti, framhjá henni með Guðríði Bárðardóttur, og það brot bætt og sínum fríheitum náð, síðan burt úr fjórðunginum og sýslunni vikinn í Rangárþing og sig þar síðan haldið, þar til hann í vetur afturkom og bauð sig til hjónabandsamvistar við ektakonu sína Matthildi í viðurvist þingaprestsins, sýslumannsins og annara. Hafði Þorvarður og Matthildur hand-salað sýslumanninum Einari á þingið að koma, svo þetta mál prófast og rannsakast mætti. Því dæmdu þeir á þessu þingi þetta mál þar skoðast og rannsakast mega. Skrifa þeir að þessi Þorvarður hafi beðið sína ektakvinnu Matthildi um fyrirgefning, hvað hún honum tillátið hafi, hafi hann svo boðið sig til hjónabandsamvistar við hana aftur ef hún vildi við honum taka til hjónasamlags og sambúðar, hvað hún hafi fyrir dóminum fullkomliga afsagt.

Síðan hafa sýslumennirnir þetta mál rétt eftir hjónabands *articulunum* ásamt dómendunum prófað og rannsakað í öllum greinum og *articulis*, sem kennidóminum sýndist nú vel röksamliga og ánægiliga gjört vera, og hefur ekkert undir þann dóm framkomið sem þeirri saklausu persónunni Matthildi tilþrengdi saman við Þorvarð framvegis að búa. Hún fékk góða vitnisburði, en hann bar ekki sína vitnisburði fram undir dóminn úr Rangárþingi, þar hann dvalist hefur, en á því þingi var honum tildæmt þá að taka og til reiðu hafa fyrir andliga að bera. Skrifa þeir að framar kunni þeir ekki í þetta sinn að rannsaka í þessu máli eftir *articulanna* hljóðan. Því dæma þeir þetta mál frá sér fyrir biskupinn og þessa prestastefnu til frekari úrgreiðslu og ályktunar um þetta málefni, og var þeim báðum Þorvarði Jónssyni og Matthildi Þórarinsdóttur tilsagt á því þingi hingað að koma með allt það þeirra máli mætti framar til undirvísunar, gagns og bata koma. Var sá dómur þar á þinginu yfir þeim báðum samstundis lesinn svo heyra máttu dómsmönnum viðverandi og áheyrandi sem öðrum þingsóknarmönnum. Þessi dómur af sýslumönnum samþykktur og handskrifaður.

Virðist prestunum nú þau bæði Þorvarður og Matthildur hingað réttlíga kölluð, en nú kom hvorugt né neinn forsvarsmaður af hvorugs þeirra hendi, og með því prestunum virðist fullkomligt rannsak undangengið í héraði í þessu

máli eftir *articulanna* hljóðan þóttust prestarnir ekki kunna þetta mál aftur í hérað að hrekja, með því sýslumennirnir Einar og Hákon Þorsteinssynir tjá nú að henni sé enn nú sem fyrr aldeilis óviljugt hann aftur til hjónasamvista að taka, hvað þeir báðir biskupinum með fullnaðarhandsölum handfestu að þeir vissu fyrir fullan sann það satt vera. Þar fyrir að öllu svo prófuðu og framkomnu sem fyrr greinir að heilags anda náð tilkallaðri dæmði þessi kennimannanna *synodus* greindar persónur, Þorvarð Jónsson og Matthildi Þórarinsdóttur, fyrir hans opinbert hórdómsbrot lögliga og réttlíga aðskilin héðan í frá og þeirra hjónaband af honum brotið nú sundurlaust og hann ekki mega giftast nokkri kvenpersónu án yfirvaldsins sérdeilis leyfis, hún frí og frjáls við hann.

Samþykkti biskupinn þennan dóm, setjandi sína handskrift ásamt prestanna handskriftum hér undir. Þingvöllum 1. júlí 1663.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh	Álfur Jónsson mpp
Þorleifur Jónsson meh	Grímur Bergsveinsson
Torfi Jónsson mpp	Þórður prestur Þorleifsson eh
Einar Illugason prestur meh	Guðmundur prestur Bjarnason mpp
Þórður Jónsson eh	Þorleifur Árnason mpp
Jón Daðason meh	

4. 1. júlí 1663 í *synodo diæcesis* á Þingvöllum framkom Ísleifur Magnússon á Höfðabrekku og framlagði það álit sem gengið hafði að Höfðabrekku 1661 28. október af sýslumönnunum Hákon og Einari Þorsteinssonum og af þeim til álits kölluðum sex mönnum í viðurvist prófastsins séra Magnúsar Péturssonar, sóknarprestsins séra Jóns Salómonssonar og séra Ketils Halldórssonar um þau stóru spjöll sem fallið hefðu á Höfðabrekkustað af jökulhlaupi úr Mýrdalsjökli, þar staðinn og kirkjuna aftók og mestöll túnin og allt undirlendið. Leist þeim mönnum að jörðin þar fyrir afturfærðist, svo hún sem að fornu hafði tíunduð verið 60 hundruð tíundist nú 40 hundruð, og svo sem kaupahlutinn færist aftur svo færist og aftur kirkjuhlutinn að réttri tiltölu, því kirkjan átti að fornu 20 hundruð í heimalandi, fella þeir þar af fyrir spjöllin 6 hundruð og 80 álnir. Reiknast þá eftir af kirkjuhlutanum forna, sem kirkjan nú reiknast eiga eftir spjöllin, 13 hundruð og 40 álnir.¹ Samdist svo með eignarmanninum Ísleifi Magnússyni og biskupinum að kirkjan skyldi eiga í því heimalandi full 14 hundruð og fyrir þær 80 álnir sem þar á vantaði skyldi niðurfalla eitt kirkjukúgildi sem virðingarmennirnir höfðu af kirkjunni gjört fyrir þessi jarðarspjöll, svo kaupahlutinn skyldi tíundast 40 hundruð, sem fyrr sagt, og kirkjan eiga 14 hundruð í heimalandi þar að auk. Vegna þessara jarðarspjalla hafa þeir og álitnið nauðsyn vera að fækkuðu kirkjukúgildin eftir réttri tiltölu sem spjöllin hafa orðið á landinu, og leist *synodo* að það mundi

Um spjöll á
Höfðabrekku

1 40 álnir: strax á eftir er strikað yfir Þær 80 álnir sem í kaupahlutanum

verða í þann máta að svo fækkuðu, að af sextán kúgildum og 4 ærgildum sem áður voru yrði nú eftir kirkjunni til eignar en prestinum til uppheldisnota ellefu kúgildi og fjögur ærgildi¹ með hundraðs hesti og hross, með veturgömlu, hvar af presturinn á að hafa hálfar leigur, en af þeim 5 kúgildum og fjórum ærgildum sem afskikkast spjallanna vegna fellur eitt niður til að fylla 14 hundruð fasteignar kirkjunnar, sem fyrr er skrifað.² Verða þá eftir 4 hundruð og 4 ærgildi sem eignarmennirnir eiga að leysa til sín af kirkjunni, hvar fyrir þeir skulu kaupa kirkjunni til handa gagnliga hluti sem varanligir væri og fyrntist ekki úr og standi jafnan við sitt verð í þeirra umsjón og ábyrgð, fyrmist aldrei né fargist úr. Þetta samþykkti biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson með nálægum kennimönnum, setjandi sínar handskriftir hér undir, með því prófasturinn séra Magnús Pétursson og séra Jón Salómonsson hafa allt fyrrskrifað álit með leikmönnum samþykkt. *Actum* Þingvöllum 1. júlí 1663.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Þorleifur Jónsson meh
Torfi Jónsson mpp
Einar Illugason prestur meh
Þórður Jónsson meh

Jón Daðason meh
Álfur Jónsson mpp
Grímur Bergsveinsson
Þorleifur Árnason mpp
Jón Oddsson prestur mpp
Guðmundur prestur Bjarnason mpp
Þórður Þorleifsson meh

Sama stað og dag kom fram óeiningarmál milli séra Einars Illugasonar prófasts í Kjalarnesþingi og erligs manns Vigfúsa Ormssonar, sem risið hefur af því, eftir framburði Vigfúsa Ormssonar *dateruðum* 1663 9. júní að Skálholti, að séra Einar Illugason hafi meðtekið til opinberrar aflausnar Magnús Jónsson, ósáttan og óforlíktan við sig í þann máta sem honum bar auðmjúkliga eftir að leita vegna þess að hann í opinberum sökum var við Vigfús Ormsson og að peningaútlátum ókvittur eftir hans sjálfs meðkenningu, hvar fyrir Vigfús óskaði andsvars af biskupinum við votta, hvort séra Einar Illugason hafi það rétt gjört eða ekki þennan Magnús Jónsson svo sem skrifað er við sig sakaðan og óforlíktan til opinberrar aflausnar að taka. Þótti og sér þar úti nokkurneginn misboðið. *Datum* meðkenningar Magnúsar þar uppá 1663 21. apríl að Ytra-Hólmi á Akranesi við votta, Egil Halldórsson og Jón Oddsson, þar inni þeir bera að Magnús Jónsson, er opinber var orðinn að frillulífisbroti með dóttur Vigfúsa Ormssonar Þórunni, hafi óneyddur og viljugur í allan máta, með fullnaðarhandsölum játað að hann væri í opinberum sökum við Vigfús Orms-

1 *fjögur ærgildi*: strax á eftir er strikað yfir *af þeim ellefu kúgildum hleypur aftur eitt fyrir 80 álnir*

2 *til að fylla ... fyrr er skrifað*: breytt í handriti úr *til að fylla 14 fasteignarhundruð og 4 ærgildi kirkjunnar, sem fyrr er skrifað, sem eignarmennirnir eiga að leysa til sín*

son, *item* af peningaútlátum ókvittur, þar með ósáttur og óforlíktur í þann máta sem honum bar auðmjúkliga eftir að leita, inn til þess Sigurður Árnason hann við Vigfús forlíkti á laugardaginn fyrstan í góu og hafi hann áður afleystur verið af prófastinum séra Einari Illugasyni á sunnudaginn í annari viku þorra á sama vetri. Játaði greindur Magnús Jónsson þessu ofanskrifuðu er Vigfús aðspurði, óneyddur og viljugur í allan máta sáttsamliga, og hafði þar uppá handsöl við téðan Vigfús í votta viðurvist. Þar í mót bar séra Einar Illugason fram fyrst hans sjálfs vottaða forlíkunarbón sama Magnúsar Jónssonar, að hann bað Guð og menn fyrirgefningar á því barngetnaðarverki með Þórunni Vigfúsdóttur, þar með bæði hann þetta boð fyrir þá ósæmd og ofdirfðarstyggð er hann með þessu verki gjört hefði og fæli sig miskunnsömum Guði og allt sitt ráð til líknar og fyrirgefningar, þar með gæfi sig á vald og náðir þess erugædda dánumanns Vigfúsa Ormssonar, með þeim sæmdarboðum sem hann framast væri umkominn í té að láta honum til þóknunar og þenustu, og tilsagði fyrrnefndum Vigfúsi til meðtektar og eignar alla þá peninga kvika og dauða er hann ætti eða eigandi væri að orðinn, hvort þeir væri á hans heimili Sandi í Kjós eða annarstaðar *etc.* og hefði beðið heiðurligan kennimann séra Einar Illugason þetta sitt boð að tilkynna títtnefndum Vigfúsi og nefnda peninga honum að tilsegja og afhenda, til hvórrar tilsagnar og afhendingar á sínum fémunum hann hefði gefið fyrrskrifuðum séra Einari Illugasyni sitt fullkomligt lagaumboð, lofandi með fullnaðarhandsölum við séra Einar að hann vildi og skyldi með Guðs hjálp heiðurligum Vigfúsa Ormssyni þá þóknun auðsýna í orðum og verkum sem honum framast mögulegt væri meðan hann lifði og hann vildi sér bjóða og tilsegja, óskandi hjartanliga í Guðs nafni að hann mætti vægðar, friðar og líkningar njótandi verða, bæði af velnefndum Vigfúsi og hans erligum náungum, og hafi beðið í Guðs nafni séra Einar þetta allt fyrir sig að tala og útrétta, lofandi það að hafa og halda, sem hann hér úti gjörði. *Daterun* þessa forlíkunarboðs 1662 10. nóvember að Vindási.

Samdist og forlíktist og niðursettist öll þessi kæla og óeining í millum þessara náunga, séra Einar Illugasonar á eina en Vigfúsa Ormssonar á aðra síðu, fyrir meðalgöngu biskupsins og heiðurlegra kennimanna sem í þessari *synodo* voru, að með því nú útgaf og handsalaði séra Einar Illugason fyrir sig og sína ektakvinnu og börn Vigfúsi Ormssyni og hans börnum fróman og ærligan vitnisburð, aftur á mót Vigfús Ormsson handsalaði biskupinum og útgaf séra Einari Illugasyni og hans ektakvinnu Guðríði Einarasdóttur og þeirra börnum fróman og ærligan vitnisburð fyrir sig og sín börn. Hér með skyldi dautt og magtarlaust það allt sem hingað til hefur mátt þeirra í milli til misþykkis, kælu og óeiningar í milli farið og fallið hafa, hvörju nafni sem heita má, svo þar skyldi á hvoruga síðu til neins vanda áminnst verða í nokkurn máta, heldur skyldu þeir héðan í frá vinir og velforlíktir sem bræður og náungar eftir því sem Guð hefur þá í ættina sett, svo í öllum kristiligum kær-

Contract milli
séra Einar
Illugasonar og
Vigfúsar
Ormssonar

leiksverkum, góðum ráðum, tryggð og hollustu hvor við annan stöðugur standa bæði leynt og ljóst, og láta sér ekki fyrir vondra manna milliferð eða fyrir eigin misþanka þar frávíkja.

En kynni svo til að falla að nokkuð kynni þeirra í milli til misþykkis að falla, það sem ekki riði á lögsóknum, það skyldu þeir sín á milli sáttsamliga úttala ef þeim þætti það þess vert vera að þar áminntist. Kynni það að falla þeirra í milli sem til laga þyrfti að koma, þá skyldu þeir sáttsamliga sín í milli lög eiga, að ókrenktum kristilegum kærleika sem hæfir. Kvisi og rógi vondra tungna skyldu þeir ekki auðveldliga trúa, hvor annan í góðum hótum og atvikum trúliga stöða, að öllu því tilskildu en öngu frá sem undir kristiligan sama og sáttmála á og ber að skiljast uppá allt þetta fyrrskrifað, að statt og stöðugt fullkomliga og fastliga haldast skyldi greindra manna í milli. Höfðu þeir fullnaðarhandsöl sín í milli séra Einar Illugason og Vigfús Ormsson með lögfullri tryggða og trúskapar lofan á báðar síður, setjandi sínar eigin handskriftir hér undir til fullnaðarstaðfestu og sannindamerkis uppá allt þetta fyrrskrifað, er framför að Þingvöllum í *synodo* í biskupsins og heiðurligra kennimanna viðurvist 1. júlí 1663. Samþykkt af *synodo anno* 1663 1. júlí að Þingvöllum.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Þorleifur Jónsson meh
Torfi Jónsson mpp
Þórður Jónsson
Álfur Jónsson mpp
Grímur Bergsveinsson

Einar Illugason prestur meh
Vigfús Ormsson meh
Þorleifur Árnason mpp
Jón Oddsson prestur meh
Guðmundur prestur Bjarnason eh
Þórður Þorleifsson prestur meh

Synodalia að Egilsstöðum *anno* 1663 1. september

Anno 1663 að Egilsstöðum á Völlum í Fljótsdalshéraði settri héraðsprestastefnu af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni þessir heiðurlegir kennimenn til samans komnir, séra Vigfús Árnason prófastur í Múlaþingi, séra Stefán Ólafsson, séra Böðvar Sturlason, séra Eiríkur Ólafsson, séra Halldór Eiríksson, séra Páll Árnason, séra Bjarni Gissursson, séra Eiríkur Bjarnason, séra Guðmundur Jónsson, séra Guðmundur Ketilsson, séra Eiríkur Hallsson, séra Jón Höskuldsson, séra Árni Vigfússon, séra Ólafur Sigfússon, séra Jón Eiríksson, séra Guttormur Sigfússon, séra Pétur Rafnsson, séra Þorvarður Árnason, séra Sigurður Árnason og séra Ketill Eiríksson, prestar Skálholtsstiftis, um þau mál sem fram undir þessa prestastefnu komu og andlegum ber eftir *ordinantiunni* yfir að segja. En ókomnir voru séra Jón Marteinsson, séra Þorsteinn Gunnlaugsson, séra Vigfús Tómasson, séra Einar Jónsson, séra Guðmundur Guðmundsson.

1. **Um prestanna *contributionem* til höfuðsmannsins.** Fyrst frambar biskupinn fyrir þessa *synodum* og prestana það álit sem gengið hafði í sumar á prestastefnu á Þingvöllum um þá *contributionem* er *synodus* hafði þar játað og ályktað uppá kennidóminn til *honorarium* hans *excellents* eftir því sem þá var ráð til gjört, kennidóminum til friðunar fyrir þyngri álögum, að hans *excellents* vildi hann þeim í mót í sitt forsvor taka, hvör *contribution* ákveðin er af landsins andlegri stétt til samans þrjú hundruð ríxdalir er greiðast eiga að næstkomandi Öxarárþingi 1664. Hefur Hólastifti hér af að sér tekið að greiða eitt hundruð ríxdali en Skálholtsstifti ber þar á móti tvö hundruð ríxdali. Þessa Þingvalla *synodi* ályktun (hvör nú var opinberlega upplesin) samþykkti nú þessi héraðs *synodus* í Múlaþingi í öllum sínum greinum og *articulis*. Leist biskupinum nú með prófastsins ráði og prestanna samþykki að kennimennirnir í Múlasýslu tæki að sér að greiða til þessarar *collectu* 40 ríxdali. Þar af ályktaðist og samþykktist að hér til væri svo tillagt sem eftirfylgir.

Af Skeggjastöðum 1 ríxdalur, af Möðrudal $\frac{1}{2}$ ríxdalur, af Refstöðum 1 ríxdalur, af Hofteigi 1 ríxdalur, af Ásþingum 1 ríxdalur, af Múla 1 ríxdalur, af Hjaltastað 1 ríxdalur, af Desjarmýri 1 ríxdalur, af Klifstað 1 ríxdalur, af Stöð 1 ríxdalur, af Hálsi 1 ríxdalur, af Hofi 1 ríxdalur, af Þvottá 1 ríxdalur, af Berufirði $\frac{1}{2}$ ríxdalur, af Hofi í Voknafirði $3\frac{1}{2}$ ríxdalur, af Kirkjubæ $3\frac{1}{2}$ ríxdalur, af Valþjófsstað $2\frac{1}{2}$ ríxdalur, af Hallormsstöðum $2\frac{1}{2}$ ríxdalur, af Vallanesi $3\frac{1}{2}$ ríxdalur, af Skorastað 3 ríxdalir, af Kolfreyjustað $2\frac{1}{2}$ ríxdalur, af Hólumum $2\frac{1}{2}$ ríxdalur, af Eyðölum $3\frac{1}{2}$ ríxdalur. *Summa* 40 ríxdalir.

Lofuðu allir kennimenn þetta gjald vel og greiðuglega út að leggja svo þetta gjald kæmi allt til samans greiðuglega biskupinum í hönd að næstkomandi Öxarárþingi óbrigðanlega, óskandi að þessi útlát verði næst Guði voru yfirvaldi þægileg, vorri stétt og landi nytsamleg, en auðmjúklega umbiðjandi vægðar á þyngslum og nýjungum vorri fátækt óbærilegum, felandi oss framvegis undir Guðs almáttugs *protection* og vors gunstuga yfirvalds *patronatum*. Hér uppá höfðu kennimennirnir þeir sem nálægir voru fullnaðarhandsöl við biskupinn að svo statt og stöðugt standa skyldi.

2. **Um frillulífismál séra Henriks Jónssonar.** Í annan máta bar prófasturinn séra Vigfús Árnason fram handskriftaðan framburð Oddnýjar Jónsdóttur úr Eiðamannaþinghá er lýst hafði fyrir prófastinum séra Vigfúsi Árnasyni og samankomnum prestum að Egilsstöðum að séra Henrik Jónsson væri svo sannur faðir að sínu barni sem hún móðir og að hún væri ekki flekkud í saurlífissynd af nokkrum öðrum. *Datum* Egilsstöðum 1662 2. september. Þar hafa undirskrifað Þorvarður prestur Árnason, Jón prestur Eiríksson og Guðmundur prestur Jónsson. Þar uppá hafði prófasturinn séra Henrik tilskrifað frá Egilsstöðum á Völlum 3. september sama árs 1662, tilsegjandi honum og befallandi að hann innan viku að meðteknu því bréfi gefi sér *resolution* og andsvar uppá áburð áður nefndrar Oddnýjar sem honum barnið kennt hefur, svo prófasturinn vita megi hans neitun eða játun í áðurgreindu efni,

annaðhvort persónulega eða bréflega. Lagði biskupinn nú þetta mál undir nálægra kennimanna ályktun, hvort sér bæri hér framar eftir að grennslast við séra Henrik Jónsson eður ekki, upp frá því áðurgreind Oddný var nú ekki persónulega nálæg né hennar faðir, Jón Jónsson á Ásgeirsstöðum, né neinn sá sem fyrir þessu máli stæði af hennar hendi, þó þar væri nú opinberlega eftirleitað.

Ályktuðu nærverandi kennimenn að ómögulegt væri að þetta mál færi svo fram í hirðuleysi aðgjörðarlaust að ei væri frekar grennslast eftir sannleikanum, og þar fyrir dæmdu þeir yfirvaldsins skyldu vera hér eftir að reka, það andligt sem andlegir í hlut eiga, og biskupinum endilega bera eftir sannleika þessa máls við séra Henrik eftir að leitast. Svaraði séra Henrik Jónsson hér svo til að þó hann kynni ekki verknaðinn af sér bera með áðurgreindri kvenpersónu Oddnýju Jónsdóttur þá kynni hann þó ekki barnsfaðerninu uppá sig að játa vegna þess orðróms er hann segir áleikið hafa. Þar fyrir hefur séra Henrik Jónsson með þessu misferli sinn kennimannskap af sér brotið, hvað Guð náði, en þá ágreining sem um barnsfaðernið milli hans og konunnar fer dæma nálægir kennimenn undir veraldlegan dóm, en þau séra Henrik Jónsson og Oddný Jónsdóttir taki opinbera aflausn fyrir meðkennda synd af beggja hendi í þeirri sókn sem brotið er skeð, sem er hér í Eiðamannaþinghá, af heiðurlegum kennimanni séra Stefáni Ólafssyni í prófastsins stað vegna fjærlægðar hans og forfalla.

Og fyrst svo er komið, hvað Guð náði, að Eiðakirkjusókn er prestslaus síðan séra Henrik Jónsson frávikinn er, þá krefur nauðsynin sóknarinnar að fjárhaldsmaður þeirrar kirkju ásamt sóknarmönnum séu sér í tíma út um sálusorgara þann er þeirra andlegar nauðsynjar annist, því það er þeirra skylda fyrst og helst þar fyrir framan og út um að vera að kirkjurnar og sóknirnar séu ei prestlausar, hvað biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson nú tilsagði fjárhaldsmönnum Eiðakirkju, séra Vigfúsi Árnasyni og Þorleifi Eiríkssyni, og fengu þeir nú til kirkjubjónustu á Eiðum heiðurlegan kennimann séra Jón Sigmundsson með nálægra Eiðakirkju sóknarmanna samþykki, með því móti að séra Vigfús Árnason varð ásáttur við hann fyrir hálfan staðinn að greiða honum og gjalda til uppheldis hálfar leigur af 10 kúgildum sem er 10 fjórðungar smjörs og þar til af kirkjunnar fastaeign 7 fjórðunga smjörs, sem svarar hálfum landskyldum af helmingi séra Vigfúsar sem hann hefur forráð yfir, og nokkuð af ljóstollum til nauðsynlegrar lýsingar, svo sem þeir verða ásáttir um sín í milli, sem vera skyldu þrír ljóstollar fyrir hans part. En Þorleifur Eiríksson lofaði að fæða og forsorga prestinn þar á mót fyrir sinn helming móts við séra Vigfús. Hér að auki átókst hann biskupsins vegna að annast Mjóafjarðarþing eftir því sem hann gæti viðkomið og mögulegt væri, einkum á vetrardaginn, en þriðja hvern helgan dag á sumardaginn, og hafi þar héðan af allar prestlegar skyldur eftir rétri tiltölu. Samdist svo og settist millum séra Árna Vigfússonar, sem þar hefur hingað til þjónað, og séra Jóns Sigmunds-

sonar, sem nú viðtekur, að frá fardögum til þessa hafi séra Árni þriðjung af prestsskyldunum en séra Jón Sigmundsson tvo hluti frá fyrirfarandi fardögum til næstu fardaga að reikna. Lofaði biskupinn og svo prófasturinn hvor í sinn stað að hjálpa séra Jóni Sigmundssyni til *promotionem* ef hann stæði vel í sínu embætti og léti vel af komast þessa þjónustu í lærdómi og lifnaði, þegar hentugleiki félli og hann mætti löglega tilkomast eftir *ordinantiunni* og öðrum kóngsins náðar *mandatis*.

3. **Hjón sem að skiljast sjálfkrafa og vista sig í fjærlægum stöðum takist ei til *sacramentis* nema þau hafi góðan vitnisburð.** Um þá menn eða konur sem ektagift eru en skilja samvistir og vista sig hvort fyrir sig í fjærlægð hvort frá öðru eftir því sem þau vilja, hvort sem það sker óforlíkunar vegna eða annara orðsaka, spyrja öngvan að, hafa og ekki sinna sóknarpresta, hreppstjóra og annara góðra manna kynning né vitnisburði, né heldur hvör orðsök sé þeirra aðskilnaðar, ályktaðist að prestar taki ekki við þeim til *sacramentis* utan í nauðsyn.

4. **Hvort sú kona sem barn hefur átt í frillulífi (og vill sá ei undirgangast er hún kennir) megi í ektaskap gefast eður ei.** Um Þórunni Árnadóttur, sem kennt skal hafa Pétri Bjarnasyni eldra barnsfaðerni fyrir fáum árum, hvört hún ól að Ásbrandsstöðum, en hafði það ár áður verið bæði á Torfastöðum heimili Péturs og Ásbrandsstöðum í Voknafirði. Leitaði prófasturinn séra Vigfús Árnason *synodi* atkvæðis hvort presturinn mætti að vítalausu hana samangefa í ektaskap, ef hennar leitað væri, með því Pétur Bjarnason, sem hún hefur barnsfaðernið kennt, gengur á móti en hefur þó ekki að lögum undanfærst. Leist *synodo* að sýslumanninum væri skjallæg ávísun gjörð um þetta mál og óskað hans aðgjörða svo mikið sem veraldlegan rétt áhrærir, og af honum svars óskað hvort hann kóngdómsins vegna vildi nokkra hindrun gjöra á hennar ráðahag eða ekki fyrir þessa sök, og sé beðið eftir andsvari af honum. En fáist ekki andsvar né aðgjörðir af honum, hvörs þó ekki tilgetum, þá sér *synodus* ekki annað hentugra en presturinn gjöri að með þessari persónu og þeim hennar biður eftir kristilegum hætti þegar úr von er að veraldlegt yfirvald vilji þar framar meðhafa.

Fór allt áðurskrifað fram með fullnaðarsamþykki bæði biskupsins og allra áðurskrifaðra kennimanna, hvörjir allir ásamt settu sínar handskriftir hér undir til fullnaðarstaðfestu uppá allt áðurskrifað, sama stað, ár og dag sem fyrr greinir. (Undirskriftuð nöfn) Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh, Vigfús Árnason eh, Stefán Ólafsson meh, Böðvar Sturlason eh, Eiríkur prestur Ólafsson eh, Halldór prestur Eiríksson, Guðmundur Ketilsson eh, Sigurður Árnason prestur meh, Páll prestur Árnason meh, Þorvarður Árnason meh, Bjarni prestur Gissursson meh, Ketill Eiríksson meh, Jón prestur Eiríksson mpp, Guttormur Sigfússon meh, Árni prestur Vigfússon meh, Guðmundur Jónsson meh, Jón prestur Höskuldsson, Pétur Rafnsson meh, Eiríkur prestur Bjarnason meh, Ólafur prestur Sigfússon meh, Eiríkur prestur Hallsson meh.

In nomine domini amen

Anno 1664 30. júní að almennilegri Skálholtsstiftis prestastefnu á Þingvöllum þessir heiðurlegir kennimenn til dómsálita og atkvæðis kallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, séra Þorleifur Jónsson prófastur í Rangárbírgi, séra Torfi Jónsson prófastur í Árnesþingi, séra Einar Illugason prófastur í Kjalarnesþingi, séra Engilbert Nikulásson, séra Jón Oddsson, séra Jón Gíslason, séra Jón Guðmundsson og séra Pétur Ámundason, séra Þorleifur Árnason, séra Björn Stefánsson.

Um þá sem
með kifi og
hávaða leita
sinna fríheita

Fyrst var innlagt eftir forlægi eruverðugs kennimanns séra Björns Snæbjörnssonar prófests í Snæfellssýslu *synodale* sem gengið hafði á prestastefnu á Staðarstað nú í vor 1664 12. maí og af héraðsprestunum þeirrar sýslu dæmt og ályktað, sem þeirra átta undirskrifaðra handskriftir og prófastsins nífunda útvísar, hvört *synodale* nú var opinberlega upplesið. Hljóðar þess fyrri grein af tveimur um þá menn sem leita sinna fríheita, en gjöra þar af stórmennsku hávaða eður kíf, þá presturinn situr í skriftarstólnum, eða þá sem leita sinnar innargöngu með soddan móti, þó prestur sé annað að gjöra það hans embætti viðvikur, leitar samt þar á með hávaða. Álykta þeir að soddan séu rétt útsettir frá sinni aflausn og *sacramenti* í það sinn inn til þess þeir lofa bót og betran, og biðji Guð um náð og söfnuðinn um fyrirgefning opinberlega, og standi opinbera áminning eftir því sem ávirðingin var stór, hvar um presturinn sjálfur eftir málavöxtum skal *dispensera*. Var nú nálægra kennimanna álit hér um að athugað sé hvað stórkostleg ávirðingin sé í þessu máli og þykir vægjandi við þá sem strax afláta þegar þeir eru áminntir eða komast til sín sjálfir í næstu viku, gefa góð og gegnileg svör og sýna á sér auðmýktarmerki, leita svo með lítillæti aflausnarinnar á tilkomandi helgi. Þá virðist þeim líðast mega um opinberlega áminning sé ekki lengra í þrjósku áfram farið.

Framar álíta héraðsprestarnir svo að ef sú persóna sem sig forsá í fyrrsagðan máta, eftir það henni var frávísað, vill ekki þekkjast né taka opinberlega áminning, og dregur þar fyrir undan lengur en skyldi sín kristileg fríheit, setjandi sig þannin frá þeim, þá álykta þeir að því líkir standi opinbera aflausn fyrir sinnar þrjósku sakir, þjónustugjörðarinnar foröktun og sinnar sáluhjálpar hirðuleysis, að undanförunum þremur löglegum áminningum.

In nomine domini amen

Anno 1664 30. júní að settri Skálholtsstiftis prestastefnu á Þingvöllum af biskupnum *magister* Brynjólfi Sveinssyni þessir heiðurlegir kennimenn, séra Þorleifur Jónsson prófastur í Rangárbírgi, séra Torfi Jónsson prófastur í Árnesþingi, séra Einar Illugason prófastur í Kjalarnesþingi, séra Sigurður Torfason, séra Hallgrímur Pétursson, séra Engilbert Nikulásson, séra Þorleifur

Árnason, séra Björn Stefánsson, séra Jón Gíslason, séra Pétur Ámundason, séra Jón Oddsson, til að álíta það blað sem Matthías Guðmundsson afhenti biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni og skoraði á að innlagður væri fyrir þessa *synodum*, bæði kennidómsins ærlegs nafns vegna og svo hér um yrði skorður viðreistar að kennidómurinn ekki heyrði maklega illa utanlands eður innan fyrir óskikkun kennimannanna. Hljóðaði þetta blað uppá séra Halldór á Staðarhrauni, hvar undir sést hans nafn með hans eigið hendi skrifað. Þar stendur ekki undir með hans eigin hendi skrifað heldur svo: Séra Halldór Jónsson Staðarhrauns prestur, hvað hann meðkenndist skrifað hafa á hreinan pappír, svo ekkert hafi áskrifað verið hvorki yfir né undir og aldrei vissi hann að þar skyldi neitt annað áskrifast, hvað hann segir skeð hafi í Rífi, og segist hann þar svo við þetta lausa blað skilist hafa í einfeldni, vitandi sér einskis háttar von að meira skyldi eftir sig draga. En nú kemur fram undir nafni prestsins dönsk hönd og handskrifað nafn Bastians Nielssonar en yfirskriftin *dateruð* Refvet 4. maí 1664. Meiningin sú að séra Halldór Jónsson á Staderön hafi lofað *monsieur* Teiter Hallsson á Hítardal einni dóttur að brúge hende hvor þá han skulle gøre eitt barn, efter det Controfer Cornelius Tromp som Bastian Nielsen haver lovet at lade følge når påæskes og det udi tre gange. Om så er ikke, da er vel gjort, om så er ikke, da er vel gjort, da mere om fornøden gjørest, hvor Bastian Nielsen sig bepligter det at lade følge og der til at svare om det er ikke kommet efter begæring *etc.* hvor overværendes fornævnedes Bastian Nielsson og fornævnedes *monsieur* Teiter Hallsson. Det bekræfter jeg med min egen hand *actum* Refvet den 4. mai 1664. Eder G V

Um hand-
skrift séra
Halldórs á
Staðarhrauni

Síðan kemur undirskrifað nafn sem fyrrskrifað var undir brotinu á neðri pappírsörkinni: Séra Halldór Jónsson Staðarhrauns prestur. En þar fyrir neðan standa þessi orð: Jeg lover forskreven Controfer at skal være følgaktig, Bastian Nielsen.

Hér til sem þetta blað var upplesið í *synodo* að áheyranda séra Halldóri Jónssyni á Staðarhrauni, sem áðurskrifað er að sitt nafn á hreinan pappír skrifað hefði, hvar engin skrifuð orð stóðu á uppi né niðri, og svo hafi hann skilið sitt nafn eftir í kaupmannsbúðinni, og aldrei segist hann vitað hafa af því líkri yfirskrift meðan hann var í Rífinu, hvað séra Halldór lofaði með eiði að sanna ef þörf gjörist. Ber hann fullkomlega þetta hafi uppá sig skrifað verið að sér óvitandi og í sinni fráveru. Óskaði biskupinn *synodi* atkvæðis á þessu ósæmdarblaði svo vítt sem prestinn séra Halldór Jónsson snertir, með því líklegt þótti að svoddan léttferðug keskiskrift mætti prestinum og öllum kennidóminum landsins stórlega til hneykslis horfa bæði utan lands og innan, þá slíku sem mögulegt er í veg að koma sýndist *synodi* þetta ekki mega svo áminningarlaust afganga að presturinn skyldi ekki nokkra *disciplin* hafa fyrir soddan keskilátum, selskap og gárungaskap sem ásést að hann hafi sig hér úti tilgefið, hvað ei sýnist af muni hafa gengið fyrir utan nokkurn *excess*. Nú með því að séra Halldór er áður fundinn og kunnur af nokkru *exorbiteti* og keski-

látum, þá hann hefur nokkuð í höfði, hvar um biskupinn þykist hann og í eitt eður annað sinn áminnt hafa, þá þó þetta hafi ekki með hans vitorði undir hans nafni skrifað verið uppá hann. Hann hefur og ekki fyrrum undir prestadóm komið, ekki heldur fyrr fyrir biskupinum í sinni *visitatiu* klagður verið þó biskupinn hafi í hans söfnuði þar eftirspurt, þá hefur hans sókn honum góðan vitnisburð borið, þá þó bæði honum og öðrum til viðsjá héðan af, til að varast svall og losaraskap, keskni og ofkæti, sem kennimönnum sómir ekki, síst í kaupstöðum og almennilegum samfundum.

Virtist *synodo* að séra Halldór væri hér nú af biskupinum opinberlega og alvarlega áminntur, hvað biskupinn og samstundis gjörði, tók þar og forpliktun af séra Halldóri Jónssyni að hann slík tilefni eður þvflík hneykslissöm héðan í frá að varast skyldi, undir hærri straff ef héðan af skællega vottað uppá hann berst, og skyldi hann til frekari áminningar afbiðja alla ósæmilega umgengni í selsköpum sem honum hingað til hefði mátt áverða, hvað hann í *synodo* opinberlega gjörði. Hér næst skyldi hann sér frá sínum sóknarkirkjum halda í næst eftirkomandi þrjá sunnudaga, en biskupinn biður næstu kennimenn, einkum séra Þórð í Hítardal, að embætta á þeim kirkjum á þeim þremur sunnudögum sem séra Halldór fráhindrast eða fái annan kennimann sem á hans kirkjum þjónustuna gjöri um hans hindrunartíma. Og að þeim þremur sunnudögum afstöðnum honum heimilt kirkjuþjónustuna að meðtaka og í öllum kristilegum efnum að forstanda sem til forna, alleinasta sjái við tilefnum að embættið verði ekki lastað fyrir óskikkunarsakir, hvar til Guð almáttugur sína náð gefi. Þetta var opinberlega upplesið fyrir séra Halldóri *in synodo* og lofaði hann þessu eftir að fylgja.

Fór þetta fyrrskrifað fram *in synodo*, samþykkt af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni og undirskrifað af nærverandi kennimönnum. *Actum ut supra*.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh	Sigurður Torfason prestur mpp
Þorleifur Jónsson meh	Björn Stefánsson meh
Torfi Jónsson mpp	Engilbert Nikulásson meh
Einar Illugason prestur mpp	Pétur Ámundason meh
Hallgrímur Pétursson eh	Þorleifur Árnason mpp
Jón Oddsson prestur meh	Jón Gíslason eh

In nomine domini amen

Anno 1665 30. júní að Skálholtsstiftis prestastefnu á Pingvöllum þessir heiðurlegir kennimenn samankomnir eftir bréfflegri *citatiu* biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar, hvör þeim var birt sumum í gærkvöldi, sumum nú í dag, um þau mál sem kirkjunni bæri í að segja hér í stifti eftir *ordinantiunni*, *recessunum* og viðteknum kirkjunnar lögum, séra Þorleifur Jónsson prófastur

í Rangárþingi, séra Torfi Jónsson prófastur í Árnesþingi, séra Halldór Jónsson prófastur í Þverárþingi að sunnan, séra Einar Illugason prófastur í Kjalarnesþingi, séra Torfi Jónsson Skálholtsdómkirkjuprestur, séra Guðmundur Bjarnason, séra Snorri Jónsson, séra Árni Halldórsson, séra Ólafur Þorleifsson, séra Árni Sigurðsson, séra Þorkell Arngrímsson.

1. **Um þriðja hórdómsbrot Jóns Ólafssonar úr Ísafjarðarsýslu að norðan.** Kom fram fyrir þá að forlægi prófastsins séra Jóns Arasonar álit hans með tveimur prestum, séra Sigurði Gíslasyni og séra Hannesi Benediktssyni, framfarið *anno* 1665 þann 30. mars að Ögri í Ísafirði vestur um hórdómsmál Jóns Ólafssonar, er hann hafði í þriðja¹ sinn opinber að orðinn. Og var þetta *synodi* svar skrifað uppá prófastsins og hans tveggja presta álit, orð fyrir orð hljóðandi sem eftirfylgir. Þetta álit heiðurlegs kennimanns séra Jóns Arasonar prófasts í Ísafjarðarsýslu að norðan með tveimur kennimönnum, séra Sigurði Gíslasyni og séra Hannesi Benediktssyni, var upplesið *in synodo* að Þingvöllum *anno* 1665 30. júní. Leist kennimönnunum ekki málið að lögum undir þessa prestastefnu rekið. Enginn fyrir málinu að vörn né sókn. Vitnisburðirnir sem skrifaðir eru ósvarnir ef á nokkru ríða. Enginn lagadómur úr héraði. Þó leist *synodo* hjónaband vera hjónaband meðan Guð hefur það ekki aðskilið, né löglegur dómur. *Actum* Þingvöllum *anno* 1665 30. júní. Til merkis undirskrifuð nöfn.

2. **Hvað biskupi sé skylt til að gjöra um kirknanna hrörnun og úrfallin *inventaria*.** Ítem innlagði biskupinn fyrir *synodum* hvort kennidóminum virtist stiktisins biskupi fært lengra að fara um úrfallin *inventaria* eða hrömun kirkna og staða en svo sem hann hefur gjört. Tilsagt kirknanna fjárhaldsmönnum eftir Heggstaða og Húsatófta dómum að kalla inn til rétta það kirkjurnar vantar uppá sig eða sín *inventaria*. Og virðist *synodo* biskupinn þar með afsakaður og hans erfingjar þegar hann segði til eftir *recess* Christiani *qvarti libri* 1, *capitis* 4, *articuli* 7, *pagina* 73, þar honum er befalað soddan bresti kirkjunnar forsvars skriflega að ávísa. Framar finnum vér honum ei befalað vera, vitum og öngvan utan kóngdóminn frekari þyngsl á hann leggja mega,² fyrst kirkjuhaldaranum að að gjöra og inn að kalla. En þryti kirkjuhaldarans forsvar, þá hann til að stöða með góðum tillögum við yfirvaldið að það vildi kirkjunni og hennar fjárhaldsmönnum til rétta hjálpa. Meiri vanda og ábyrgð þóttist *synodus* ekki kunna uppá biskupana að dæma þar aðrir hafa veitingarvöldin. *Actum ut supra*. Til merkis undirskrifuð nöfn.

Biskupinn <i>magister</i> Brynjólfur Sveinsson handsalaði með eigin hendi	
Þorleifur Jónsson meh	Halldór Jónsson eh
Einar Illugason prestur mpp	Torfi Jónsson mpp

1 *þriðja*: breytt í handriti úr *annað*

2 *eftir recess ... leggja mega*: bætt við á spássíu

Torfi Jónsson meh	Ólafur Þorleifsson
Árni prestur Halldórsson eh	Þorkell Arngrímsson Vídalín mpp
Þórður prestur Þorleifsson eh	Jón Grímsson eh
Guðmundur prestur Bjarnason eh	Snorri Jónsson eh
	Árni prestur Sigurðsson meh

Um úrfallið
inventarium
kirkna og þess
innköllun

Til heiðurlegra kennimanna, prófaste og presta Skálholtsbiskupsdæmis er samankomandi verða að næstkomandi stigtisins prestastefnu að Þingvöllum *anno* 1666, að ráði og vilja drottins með bestu óskum og alúðarþakklæti, hér með vinsamlega ávísandi, að með því formerkst hefur að nokkrir þessa stiftis kirknahaldarar, eigi síður lærðir en leikir, hafi látið sig svo merkja, svo vel bréflega sem munnlega, sem þeir vildu fríir og frjálsir vera frá öllu innkalli á úrföllnum kirknanna *inventariis* eða þeirra hrörnan og niðurfalli, að erfingjum sinna formanna, að koma öllum þeim vanda og ómaki af sér uppá biskup stiktisins og eiga að honum þann skaða sem af kann verða, ef hann sig ekki vill gjöra að sakaraðila og útisþjóti fyrir þá, með klögumálum hvar sem nokkur þvílíkur brestur finnst kirkjum þeirra tilfallinn vera, hvað biskupinn heldur nýtt *gravamen* vera af þeim móti lögsömdum dómum og kóng *majestets mandatis*, af þeirra eigin vilja og geðþótta uppálagt, og jafnvel einni persónu sem sérhvörjum biskupi er ómögulegt út að standa við alla menn í stiktinu er þvílíkum málum eiga að gegna, nema hann eigi allan sinn embættisaldur í þvílíkum klögumálum þeirra vegna að ala og alla aðra sína embættisskyldu á bak að leggja þar fyrir, hvað honum sýnist sér óbærilegt án sérdeilis kóns *majestets* befallingar að sér að taka og út að standa. Þar fyrir var í fyrirasumar innlagt að stiktisins prestastefnu á Þingvöllum *anno* 1665 30. júní, *articulo secundo*, hvað langt biskupinum bæri fram að fara eftir skyldu síns embættis, lögsömdum dómum og kóng *majestets* befallingum um þau úrföllnu kirknanna *inventaria* eða þeirra sjálfra hrörnan. Og var þá ályktað með fjöggra prófaste og níu prestmanna atkvæði að biskupinn og hans erfingjar væri þar með afsakaðir þegar hann segði til fyrst kirkjuhaldaranum að að gjöra og inn að kalla. En þryti kirkjuhaldarans forsvar, þann hann (biskupinn) til að stoða með góðum tillögum við yfirvaldið, að það vildi kirkjunni og hennar fjárhaldsmönnum til rétta hjálpa. Meiri vanda og ábyrgð þóttist *synodus* ekki kunna uppá biskupana að dæma, þar aðrir hafa veitingarvöldin.

Þessari kennimannanna úrlausn og atkvæði til styrkingar sýnist fyrst vera Heggstaðadómur dæmdur af Þórði Guðmundssyni þá sýslumanni í Þverárþingi fyrir sunnan Hvítá, síðan lögmanni sunnan og austan á Íslandi, dæmdur 1566, miðvikudaginn næstan eftir níunda sunnudag *trinitatis*, dómsmenn Eiríkur Grímsson, Jón Magnússon, prestar, Einar Eiríksson, Hallur Ólafsson, Þorsteinn Sighvatsson, Jón Gíslason, lögréttumenn, að forlagi herra Gísla Jónssonar þá biskups í Skálholti. Atkvæði dómsins er að þeir væri skyldir kirkjufén að klaga sem kirkjurnar héldi og ábata af hennar gótsi, föstu eður

lausu, hefði og meðtæki, hvort það væri *beneficiator* eða eignarmaður, leikur eða lærður, nema því aðeins að hann gæti ekki sökum lítilmennsku eður annara löglegra forfalla, þá dæmist umboðsmann dómkirkjunnar í Skálholti skyldugan vera þann mann að styrkja til réttar, en hafi fyrir starf sitt eftir lögmáli. En hina alla dæma þeir skylduga sem mennsku og manndóm til hefðu eftir því fé að klaga og eftir lögmáli að sækja sem frá þeim kirkjum óréttilega komið væri, sem að hvör um sig í sinni varðveitslu hefði. En vildu þeir það ei gjöra þá dæmdu þeir þá skylduga, þeirra erfingja eða eftirkomendur sem þann garð hefðu eða eignast kynnu, því gótsi öllu að svara sem af þeirra vanrækt undan kirkjunum komið væri. Þessi dómur liggur í Skálholti með þremur heilum hangandi innsiglum.

Annar dómur gekk á Húsatóftum *anno* 1567 föstudaginn næsta fyrir níttjándanum sunnudag eftir *trinitatis* af Gísla Sveinssyni, þá kóngs umboðsmanni yfir Árnæssýslu, eftir ráði höfuðsmannsins Henriks Krag, en beiðni herra Gísla Jónssonar, dómsmenn Einar Ólafsson, Guðmundur Þórðarson, Þórður Jónsson, Stefán Gíslason, Stefán Hallkelsson, Þórður Gíslason, prestar, Magnús Jónsson, Sigurður Bjarnason, Þórir Sveinsson, Magnús Pétursson, Ólafur Eyjólffsson, Oddur Oddsson, lögréttumenn. Dæmist þeir séu löglegir sóknarar eftir kirkju-fjánnum að klaga sem kirkjurnar halda, svo framt sem þeir væri þar mannaðir til, en væri svo þeir séu þar ekki tilfærir sakir sinna vanefna eður fákænsku, eður séu þeir aflaga bornir, þá krefur nauðsyn kirkjunnar formann (sá er nú hvör sem *jus patronatus* hefur yfir kirkjunni þeirri sem skaðann líður eftir *recess* Christiani *qvarti*) það lögsóknnum aftur að sækja, eftir því sem sá dómur hljóðar sem á Heggstaðþingi dæmdur var, hvör dómur þeim leist í allan máta myndugur og skjallægur í öllum sínum greinum og *articulis*. Þessi dómur liggur í Skálholti *in originali* með ellifu heilum hangandi innsiglum.

Anno 1663 29. júní í lögréttu á Öxarárþingi, þar leiðréttingar var ábeðist um úrfallið *inventarium* Áskirkju í Austfjörðum af biskupinum þeirrar kirkju, þá bæði *inspectore* og staðarins eignarmanni. Var svo tilsvað af lögmönnum báðum, herra Þorleifi Kortssyni og herra Sigurði Jónssyni, sem og lögréttunni allri, með fullu dómsatkvæði, að Heggstaðadómur genginn *anno* 1566 og Húsatóftadómur genginn árinu seinna, *item* alþingissamþykkt *anno* 1592 uppá fyrrnefnda dóma, að þeir kirknahaldarar eigi hvör að sínum sala og forverara, og hvör eigi sókn að öðrum sem fyrr hafa haldið, og sá svari þeim peningum sem eyðst hefur fyrir, skyldu standa, og eftir það biskupinn hafði krafist af Bjarna Eiríkssyni þess úrfallna *inventarii* Áskirkju, hvörrar fjárhaldsmaður hann var þá orðinn, þá var hann biskupinn af lögmönnum og lögréttu í það sinn afsakaður gjörður að svo stöddu. Þetta finnst í þingbók þess árs af landsþingskrifaranum Páli Gíslasyni skrifað og handskrifað *numero* 12. En þessa Áskirkjufjár krafðist biskupinn í Ásjarðar eiganda og þar fyrir Áskirkju fjárhaldara en ekki í almennilegri stiktisins kirkna umsjónarmanns nafni.

Anno 1656¹ 1. júlí kom í lögréttu fyrir lögmanninn Árna Oddsson og hans lögréttumenn það mál, hvar Klausturhóla kirkja skyldi eiga aðgang á því hana vantaði á *visitatiu* bók herra Gísla Jónssonar. Dæmdist að þar um skyldi ganga sem áður hefði dæmt verið um þá sem haldið hafa klaustur og lénsjarðir, að hvör skyldi eiga sókn að öðrum sem fyrr hafa haldið og sá svari þeim peningum sem eyðst hefur fyrir: Og hvör eigi við sinn sala eður forverara. Þau orð eru athugandi, þá á *successor* málstað og sókn á því sem hans kirkju vantar að sínum formanni eður hans örfum, en ekki biskupinn hans vegna. Sú ályktan finnst í þingbókinni anno 1656, *numero* 25 með undirskrift þingskrifrans Páls Gíslasonar.

Í sama Heggstaðadómi stendur og svo: Vissum vér í fyrstu, svo sem öllum er og kunnigt, að þeir staðir sem kennimenn halda fá sín veitingarbréf með því móti að þeir skuli allt það fé með lögsóknum sækja sem frá þeirri kirkjunni kann ranglega komið vera. Og nokkru síðar: *Item* höfum vér og vitað fyrir full sannindi að svo hafa leikmenn sem kennimenn klagad kirknanna göts, þar þeir hafa þóst þurfa. Í *ordinantiunni folio* 38 stendur að skikkast skuli tveir kirkjuverjar í hvörri sókn sem ráða skuli fyrir kirkjunnar rentu og halda henni kirkjunni til besta, þar með byggja og forbetra kirkjuna. Og *folio* 39: Þar sem nokkuð er undankomið, jörð, akur, engi, skógur, fiskivatn eða nokkuð slíkt með órétti, þá er kirkjuverjurum befalað þar útf um að vera að það komi undir aftur með réttinum og þar er lénsmönnum boðið að leggja kapp á að það komist undir aftur sem frákomið er með órétti. Biskupum finnst það ekki befalað neitt slíkt að klaga.

Recessinn Christiani qvarti, 1. libri, 4. capititis, paginae 70, *articulus* 1: Kirknanna forsvar eru kóngsins lénsmenn og svo þeir sem *jura patronatus* hafa, aðall, *universiteter, capitular*, prófastar, reikningsskapsprófastar, klaustur og aðrir andlegir, sérhvör þeirra yfir sínum tiltrúuðum undirleggjandi kirkjum. *Articulo* 2: Þeir sem soddan *jura patronatus* hafa eða eru svo forléntir að þeir brúki og uppberi kirknanna inntektir mega ekki láta kirkjurnar falla, svo framt sem þeir² vilja þvílíkar hefðir og náðanir framvegis halda. Hér er hvörgi biskupanna getið, svo sem þeir séu *patroni* eða forsvarsmenn allra kirkna, heldur alleinasta lénsmennirnir þeirra sem kóngsveiting er á, sérhvör *patronus* hinna sem hvör hefur forráð yfir. *Articulo* 5: Fyrirnefndir kirkna forsvarsmenn skyldast til að sjá að kirkjurnar haldist við hefð og bygging, og sé nokkuð undan komið þá eiga þeir en ekki biskupinn það aftur inn að kalla til endilegs dóms. *Articulo* 7, *folio* 73: Er biskupinum bifalað, nær hann *visiterar*, að reyna kirknanna tilstand, og ef þá verður framborinn nokkur brestur þá er honum boðið að ávísa með sínu skrifi þann brest fyrir kirkjunnar forsvarsmanni en ekki að klaga né undir dóm að kalla. Slíkt hið sama er pró-

1 1656: í handriti er 1666 sem ekki stenst

2 þeir: strax á eftir er yfirstrikað ekki

föstum befalað, *articulo 8 et 9, articulo 14, folio 76*: Eiga kirkjunnar forsvarsmenn að setja til kirkjuverjara. *Folio 102, articuli 64*: Á kirkjunnar forsvarsmáður um að sjá nauðsynlega kirkjunnar bygging. *Articuli 65*: Minni kirkjubætur eiga af prófasti og sóknarpresti með samþykki lénsmannsins að framkvæmast.

Svo hvar sem leitað er mun varla eða ekki finnast að biskupi sé framar befalað hér með að hafa en að gjöra ávísun kirknanna forsvarsmönnum á þeim brest sem honum verður til sagt að kirkjunum sé tilfallinn, og hann þar með afsakaður þegar svo gjört hefur. Þetta svo einfalt hér um, heiðurlegum kennimönnum til eftirtekta, óskandi þeirra atkvæðis hér uppá og hér með Guði befallandi, Skálholti *anno 1666 26. júní*.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh

Anno 1666 30. júní að Skálholtsstiktis prestastefnu að Þingvöllum var þetta ofanskrifað um kirknanna úrfallið *inventarium* og hrörnan í Skálholtsstiktu upplesið fyrir *synodo* og þar heiðurlegum samankomnum kennimönnum, og var það þeirra sameiginlegt atkvæði sem í fyrirasumar var ályktað, bæði eftir undangengnum dómum, alþingissamþykktum, kónglegrar *majestets ordinantiu* og einkum *recessnum Christiani quarti*, að stiktisins biskup væri fullkomliga afsakaður bæði um úrfallin *inventaria* og svo kirknanna hrörun þegar hann tilsegir þeim sem forráð kirknanna hafa og svo þeim sem veitingaráðin hafa, þegar biskupinum er áður löglega tilkynntur sá brestur sem kirkjunum tilfallinn er. Framar kunni *synodus* ekki uppá biskupinn að leggja án sérdeilis kóng *majestets* befallinga. *Actum Þingvöllum in synodo ut supra*.

Biskup frí
dæmdur um
úrfallið kirkna
inventarium

Torfi Jónsson meh

Páll Þórðarson mpp

Snjólfur Einarsson mpp

Árni prestur Halldórsson eh

Jón Eiríksson mpp

Torfi Jónsson mpp

Einar Illugason prestur mpp

Hallgrímur Pétursson eh

Jón Sigmundsson mpp

Jón Guðmundsson mpp

Jón Snorrason meh

In nomine domini amen

Anno 1666 30. júní að Skálholtsstiftis prestastefnu að Þingvöllum þessir heiðurlegir kennimenn samankomnir eftir bréflegri *citatiu* biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar, hvört þeim var birt nú í dag, séra Torfi Jónsson prófastur í Árnesþingi, séra Einar Illugason prófastur í Kjalarnesþingi, séra Torfi Jónsson, séra Hallgrímur Pétursson, séra Árni Halldórsson, séra Jón Eiríksson, séra Páll Þórðarson, séra Snjólfur Einarsson, séra Jón Guðmundsson, séra Jón Sigmundsson, séra Jón Gíslason, séra Jón Snorrason, séra Sigurður Torfason, séra Helgi Grímsson, séra Jón Grímsson. Um þau mál sem kennidóminum bar í að segja og nú voru hingað sett og send.

Hjónaband
óraskað á
meðan ekki
er dæmt
sundur

1. **Hjónabandsmál og hórdómsmál.** Atkvæði fimm presta úr Ísafjarðarsýslu að norðan með samþykki prófastsins séra Jóns Arasonar, *datum* Vatnsfirði 1666 13. júní, samþykkisins 15. júní, um hjónaband Jóns Ólafssonar, opinbers að þriðja broti, og hans ektavinnu Valgerðar Klemensdóttur, hvort þeirra hjónaband skyldi ekki óraskað standa þó hann hafi boðið sig til samvista að öðru broti við konu sína, en hún í því sinni neitað að fersku brotinu. Álykta þeir prestarnir hjónaband þeirra óraskað, þó Jón hafi sambúð boðið, fyrirgefningar beðist, en hún í það sinn afneitað, þar hún hafi aldrei áfrýjað né skilnaðardóms óskað, enn síður stefnt eður stefna látið eftir hjúskapar *articul-unum*. Þetta sama samþykkir nú *synodus* og blífur við sína *resolution* þá í fyrrasumar hér á Þingvöllum gengna 1665, að hjónabandið yrði hjónaband að haldast á meðan það væri ekki af sjálfum Guði fyrir misdauða endað, ellegar af kristilegrar kirkju hálfu sundurdæmt fyrir löglegar orðsakir. Eigi að síður vill *synodus* besta þátt eiga við veraldlegt vald, svo mikið sem mögulegt er, mannum uppá lífið að vægja, því verða má, þó hjónabandið standi, þá megi þó þau atvik tilfalla sem til vorkunnar mega virðast uppá lífið, einkum þar Stóridómur hefur sína *exemption* að þriðja hórdómsbroti, hvað guðhrædd yfirvöld munu sanngjarnlega álíta.

2. **Fríheit þess manns sem á eiði féll um þjófnaðarhyllingarráð.** Um fríheit Nikulásar Bjarnasonar, hingað sett úr Ísafjarðarsýslu að vestan af sex héraðsprestum, sjöunda prófastinum séra Jóni Jónssyni, *datum* Mýrum í Dýrafirði 1666 3. maí, hvörjum eiður hefur dæmdur verið af sýsluvaldinu fyrir þjófnaðarhyllingarráð, en að eiði fallinn. Hann vilji þó ekki á sig játa og ei heldur harðlega neita. Virtist *synodo*, einkum sé hann ekki þjófnaðarhyllingu eða ráðum borinn af löglegum sakarábera með fullkomlegum lagaáburði, að hann sé til kristilegra fríheita meðtekinn með opinberri áminningu eftir prestsins guðhræðslu og góðri samvitsku, og mannsins annari hegðun í guðhræðslu og skikkun, og vægi því betur í áminningunni sem hann er betur kynntur og leitar alúðlegar.

3. **Hjónabandsmál.** Hjónabandsmál úr Skaftafellssýslu millum Þorbjarnar Magnússonar og Þorbjargar Þorsteinsdóttur, álitid í héraði að Skarði í Meðal-landi *anno* 1666 19. janúar og hingað lagt af þremur héraðsprestum og fjórða prófastinum séra Magnúsi Péturssyni. Málið tilfallið í Leiðvallarpingsókn *anno* 1665, hvörju svo varið skrifast að þau hafi trúlofast sín á milli í prestsins og fimm votta viðurvist, síðan þrjár lýsingar gengið, síðan hafi Þorbjörn fram úr tíma undandregið að festa. Því hafi prófasturinn að prestanna ráði þetta mál upptekið vegna hneykslis sem af slíkum dæmum mætti rísa í söfnuðunum, en maðurinn leggi þó öngvar orðsakir löglegar fram sem hindri festinguna, heldur hafi meðkennt *citatiuna*. *Item* hafi vottar trúlofunina meðkennt og boðist með eiði að sanna. *Item* sóknarmennirnir meðkenni að þrjár lýsingar hafi framfarið af predikunarstólnum af séra Bjarna Sveinssyni, að nefndar persónur Þorbjörn og Þorbjörg hefðu lögráðið með sér hjúskaparband. *Item* að framkomið hafi

vitnisburðir frómra manna um áminningarnar, aðra og þriðju af prestinum gjörðar, þegar fram úr tíma dróst festingin. Framar að Þorbjörn sjálfur hafi óneyddur viljuglega viðgengið undir vottanna heyrn og enn nú persónulega meðkenni það að bæði trúlofanin, að sínum vilja og jáyrði, eftir því sem kaupmálinn hljóðar, svo og líka þrjár lýsingar og þrjár áminningar, hafi svo allt vel og skikkanlega framfarið uppá áðurgreint efni, eftir því sem hann hefði skilja kunnað. Enn framar skrifa prestarnir að rannsakað og eftirleitað hafi með prófastinum með ljúflegri áminningu til Þorbjarnar, hvort hann vildi ekki enn nú nefnda Þorbjörgu löglega ekta, hvar til af Þorbirni ekkert jáyrði fékkst, en lagði þó öngvar orðsakir fram hvörjar hann fyrir sig bæri bevíslegar hvar fyrir hann hana ekki ekta vildi. En þau hafi bæði sæst á sín mál um allt það sem áður hefði framfarið þeirra í milli. *Item* að Þorbjörg bauð sig til hjónabands við nefndan Þorbjörn en hann synjaðist og vill hana ekki festa. Virðist prestunum að Þorbjörn eigi eftir veraldlegum lagarétti að sækjast, *mulcterast* og straffast eftir *recessinum*, *articulunum*, lögunum og dómi Eggerts lögmanns og inntaki annara dóma sem í landinu gengið hafa um þvílík málefni og eigi að afhendast veraldlegu valdi og með kirkjunnar *disciplina* straffast sem tilhlýðir, nema hans vegur lagist. Virtist *synodo* þetta prestastefnuálit í héraði gengið að svo prófuðu og fyrirkomnu skjallegt, og þetta mál fallið undir kóng *majestets* Friderici *tertii* bréf um þá harðhnakkaða sem ei vilja presta áminningum hlýða, og Þorbjörn þar fyrir, svo framt sem áfram heldur í þrjótskunni, tilsegjast eiga veraldlegu valdi til ströffunar og líka eftir dómi Eggerts Hannessonar lögmanns, og opinbera aflausn taka eiga nema hann strax aðgjöri, og þó ei fyrri en hann vorkynnist, svo framt sem hann hefur ekki skjallaga orðsök sitt eigið hjónaband og festing að hindra, hvörja hann skyldist fram að leggja það fyrsta hann verður löglega tilkvaddur af prófastinum.

4. Innlagði séra Jón Gíslason að Miðdal fyrir biskupinn og *synodum* nokkurs konar hjónabandsvafa í millum Jóns Jónssonar og Oddnýjar Þorvaldsdóttur, hvörjum svo er varið, að prestsins frásögn, að fyrrgreindur Jón Jónsson í prestsins viðurvist og fimm dánumanna hafði trúlofast fyrrnefndri Oddnýju með móðurinnar ljúfu samþykki, Birgitar Jónsdóttur, hvör trúlofun framfór um haustið 1665, næsta dag fyrir krossmessu, að Snorrastöðum í Laugardal, og þar uppá er einu sinni lýst í kristilegri kirkju þeirra í milli opinberlega í kirkjusöfnuðinum til hjónabandsundirbúnings að Miðdalskirkju. Og það meðkenndu þau bæði Jón Jónsson og Birgit móðir stúlkunnar. Litlu síðar en trúlofanin framfór var hann sendur til útróðrar að Reykjavík á Seltjarnarnesi, hvaðan hann fékk þann áburð af Ólafi Helgasyni að greindur Jón Jónsson hafi frá sér stolið fjórum dölum, hvörn sinn áburð hann meðkenndi nú fyrir biskupinum og *synodo*, og segist aldrei uppgengið hafa þjófnadar nafn á dölunum þó sínar fésektir hafi uppgengið, stendur því enn nú við sama sinn áburð. Eftir þennan mannsins áburð gjörði móðir stúlkunnar forboð prestinum séra Jóni Gíslasyni frammar meir að að gjöra byrjuðum hjóna-

bandsundirbúningi Jóns Jónssonar og Oddnýjar Þorvaldsdóttur fyrir þá orðsök að Jón Jónsson hafi sér til geymslu falið fjóra dali, en hún ei vissi hvörnin hann væri að þeim kominn. Þar hann á þessum vetri hefði af Ólafi Helgasyni fjöggra dala töku borinn verið. *Datum* forboðsins 1665 24. desember í söfnuðinum að Miðdal undir fimm manna handskriftum. Virtist *synodo* að sé Ólafur Helgason ærlegur maður svo eiður beri fyrir hans áburð, en Jón Jónsson færir sig ekki undan þessum áburði fram um krossmessu í sæluviku næstkomandi, þá sé þessi hjónabandsundirbúningur Jóns Jónssonar og Oddnýjar Þorvaldsdóttur laus eftir sjötta *articula* hjónabands *articulanna*.

5. Um fljóta barneign prestskonu. Framkom séra Jón Sigmundsson fyrir *synodum* framberandi sitt mál um barneign við hans ektakvinnu Ragnhildi Eiríksdóttur, er prestar í héraði hafi meint fyrir tíma, en séra Jón Sigmundsson hefur í sinni *supplicatiu* innlagt fyrir fógetann Thomam Nicolai 1665 8. apríl, sig vitandi vera sig þar næst saklausan fyrir tilsettan tíma í Guðs lögum, ekki holdlegan barngetnað eða verknað framið hafi með sinni kvinnu fyrrnefndri. Hefur lénsherrans fullmegtugur Thomas Nicolai sálugi, landsfógeti hér í landi á kóngsdómsins vegna og hans *excellents* lénsherrans, tilsett að eiðar skyldu takast uppá barnsins smæð og ófullkomleika, en þangað til leyfðist prestinum séra Jóni Sigmundssyni að þjóna sínu prestakalli *etc.* *Datum* Bessastað 10. apríl 1665. Þá náðan fógetans til uppreisnar og viðréttingar, til friðar og samþykkis, hefur biskupinn skrifað sig vilja sjá og samþykkja. *Actum* Skálholti 1665 24. apríl. Eiðarnir ekki enn nú framkomnir, stendur svo málið í sama stað en séra Jón Sigmundsson hefur nú *supplicerað* fyrir lénsherrann sjálfan, herra Henrik Bielke, með kaupmanni í Voknafirði, Bartholomeo Jenssyni, hvað séra Jón Sigmundsson nú persónulega fyrir *synodo* meðkenndi, óskandi kennidómsins andsvars hvort hann mætti ekki síns embættis og þjónustu njóta í þeim söknum sem hingað til hefur hann haft, Eiðasókn og Mjóafjarðar, með öllum þeim prestsskyldum sem hingað til hefur hann haft og með réttu fylgja eiga þangað til hærri yfirvald, kóng *majestet* eða lénsherrann, gefur hér endilega *resolution* uppá, upp frá því hans *excellents* fullmegtugur hefur hér úti *dispenserað* og málið *per supplicationen* inn fyrir hans *excellents* skotið. Sýndist *synodo* sér ekki tækt þetta mál þaðan aftur að taka sem bæði hefur lénsherrans fullmegtugur umgjört og til náða hans *excellents* innlagt. Leist því að séra Jón þénaði sóknunum til þess frá yfirvaldinu andsvarið kemur og það sem ekki er upptekið áður uppberi séra Jón. Hitt sem upptekið er standi sem komið er friðar og samþykkis vegna, en hafi ekki aðrir prestar með þessi þing en séra Jón Sigmundsson þar til æðra yfirvald uppá hans efni sig fullkomlega *resolverar*. Sóknarmennirnir séu og áminntir að láta sér séra Jón Sigmundsson nægja, af honum kennimannlega þjónustu að taka og honum allar kennimannlegar skyldur góðfúslega héðan af að greiða til yfirvaldsins úrlausnar.

6. Um *rectoratus* begiering Korts Ámundasonar. Innlagði Kort Ámundason fyrir *synodum* auðmjúka bón til biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar að hann mætti *rectoratus* í Skálholts dómkirkjuskóla njótandi verða það fyrsta það embætti liðugt yrði, hvörja sína bón hann bréflaga innlagði og byggði uppá sín fríheit og kóng *majestets privilegia in baccalaureatus gradu*, hvör hann sér tileinkaði og eignaði, þar til *citerandi* kóng *majestets recess Christiani quarti capitis primi, articuli* 21. svolátandi: Sömuleiðis skulu þeir sem þjóna í þeim sjö höfuðskólum svo vel sem í Kaupenhafn og Málmey fyrir *rectores*, annaðhvort vera *magistri* ellegar *philosophiae candidati*, og í hinum öðrum smáskólum skulu öngvir til skólameistara setjast, né heldur til heyrara í þeim stóru skólunum, nema þeir séu *promoti baccalaurei*. Svaraði biskupinn hér til að hans kónglegrar *majestets mandatis* vildi hann með æru og undirgefni virða og akta, en hér er þessu efni svo varið að áður en heiðurlegur Kort Ámundason tók þennan *baccalaurei gradum* anno 1663 þykist hann það framast hann mætti umráða ádregist hafa Skálholts skólameistaraembætti unna heiðurlegum manni Ólafi Jónssyni, er þessum Skálholtsskóla hefur nú í *locats* embætti um 7 ár með miklu erfiði og ómaki vel og heiðurlega þjónað, bæði í lærdómi og lifnaði, meinandi sér í *ordinantiunni* befalað vera fyrir skólanum að sjá og hans gagn og velferð að vita, skólameistarann að kalla þann sem hann meinti best tilfallinn og reyndan, bæði að góðum lærdómi, *donis docendi, industria*, siðprúðri umgengni, sem Ólafur Jónsson hefur sig um þennan tíma auðsýnt, heldur en annan yngri og óreyndari, þó *baccalaurei* nafn tekið hafi, nema hann reyndist betur að sér en hvör annar, meinandi *recessinn* skiljast eiga hér um *baccalaureos* þá sem skólunum væri gagnligastir og helst til uppbyggingar, og þá mun *majestetið* meina að skólanna gagn og velferð ætti fyrst í akti hafast. Því vitanlegt er að þó margir heiti *baccalaurei* þá eiga þeir ekki saman nema nafnið. Meinar því að *baccalaurei* skuli *examinerast*, hvort skólunum gagnlegir séu eða ekki, og þeir einir skikkanlegum persónum að *præferast* er skólunum gagnlegir reyndust, annars er að óttast skólanna niðurfall, einkum hér í þessu fátæka landi, þar einn lausingi mætti sigla og strax óþveginn *baccalaurei gradum* taka og síðan *per fasque nefasque* inn í skólann sér þrengja, en hina aðra hvörsu duglegir sem eru útbola, hvar af *barbariem* er vonum fljótara að óttast. Í annan máta meinar biskupinn að *recessinn* megi líka skiljast *ceteris paribus*, bæði *eruditione, virtute, laboribus et meritis*, en þó báðar þessar persónur séu vel að sér þá er þó Ólafur bæði að aldri og erfiði heldur og nær, meinandi hér að hníga postulans grein í *epistler* til Timoth. 3, v. 13: Þeir sem vel þéna útvega sjálfum sér góða tröppu og mikla djörfung í trúnni á Kristum. Þessu framar vonar biskupinn að kóngleg *majestet* unni biskupunum hér í landi slíkra fríheita í skólameistarans köllun sem veitt eru prestunum í *capellana* köllun að *capellanar* mega ekki uppþrengjast eftir *ordinantiu folio* 47, 48, þar þeir mega frjálsglega kalla þann sem þeim sjálfum sýnist, að þeir helst vilja hafa í daglegri

umgengni við sitt borð, því skyldi prestur neyðast annan *capellan* að meðtaka þá mætti presturinn angrast þar af og lifa í hatri og öfund, og *capellaninn* verða trássugur og stoltur, og forakta þann gamla, stólandi þar uppá að hann væri honum skikkaður. Nú eru hér í landi tveir einir *trivials* skólar settir uppá dómkirkjurnar, svo þeirra *docentes* verða að hafa kost og umgengni hjá biskupunum, sem ekki er annarstaðar í ríkinu, af þeim inntektum sem biskuparnir höfðu áður *ad mensam*. Því má allt slíkt óttast um þá sem innsettir verða að óviljugum biskupinum þó *baccalaurei* séu, sem *ordinantian* tekur vara fyrir á *capellanum* sem óviljugum prestunum verða innsettir. Því hagar hér í landi ekki [eins] til og almennilega utanlands.¹

Setur því biskupinn þetta mál inn fyrir *synodum* ásamt Kort Ámundasyni, hvörju honum ber og hæfi hér til að svara, svo bæði sé skólans gagn í akti haft og hvorugum þessara persóna óréttur gjörður, og biskupinn líka afsakaður við Ólaf um þann ádrátt sem hann hefur áður mátt veita fyrir skólanum áður en Kort tók þennan *baccalaurei gradum*. Hefur biskupinn Kort Ámundasyni boðið bæði í vetur og vor, og enn nú býður, að hann strax sem skólinn losnar skyldi hann *promoverast* til heyraraembættis og síðan það fyrst *rectoratus vacerar* vera fyrstur til skólameistaraembættis, svo framt hann sér þangað til vel og skikkanlega í lærdómi og lifnaði hegðar, setjandi þó þetta allt inn fyrir heiðurlegra kennimanna *consultation*, hvar til *synodus* svaraði að hún hefði ekki samvitsku til að dæma skólaráðin frá biskupinum fyrir áðurskrifaðar orðsakir, einkum að biskupinum helst viðkemur skólans gagn að álíta og *inspectionem* hafa svo föðurlandinu megi til uppbyggingar vera í kristindóm-inum.

2. Að heiðurlegur Ólafur Jónsson virðist *synodo* að vera sú persóna sem postullinn ástingur í ofan *citeraðri* málsgrein vegna stórrar þjáningar og erfiðis sem hann hingað til fyrir skólanum haft hefur vel og heiðurlega eftir sjálfs biskupsins vitnisburði.

3. Skiljum vær hans *majestets recessins* áðurskrifaða grein, að þeir eru-sömu sem til skólanna þjónustu vilja í *baccalaureatus* nafni komast eigi endilega þar til að hafa góðan, ljúfan og lostugan vilja *inspectorum*, sem Guð og yfirvaldið hafa yfir stiftin og skólana sett.

4. Virðist *synodo* ekki tilheyrilegt að biskupinn skuli neyðast það við heiðurlegan Ólaf Jónsson að bríð sem hann kannski honum heitið hefur fyrr en Kort Ámundason tók *baccalaureatus gradum*, helst eftir því að Ólafur reynist duktugur fyrir *rectoratu*, næst Guðs hjálp og góðri stöð.

Að þessu svo álitnu samdist og niðursettist í millum biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar og Korts Ámundasonar, að Kort gekk að áðurskrifuðu herra biskupsins tilboði og óskaði sér framvegis næst Guði biskupsins hylli

1 Þessu *ffamar ... utanlands*: bætt við á spássíu til hliðar og fyrir neðan, en skorið hefur verið neðan af síðunni og er neðsta línan fyrir vikið ógreinileg

og gunstar, og hét bæði Guði og biskupinum trú og hollustu í sínu starfi. Biskupinn aftur á mót hét honum sínum *favore* og góðri gunst, og óskaði honum ásamt allri *synodo* lukku og velferðar í herrans nafni, svo að hans embætti og starf mætti ske og verða Guði til heiðurs, *ecclesiae* til uppbyggingar, en sjálfum honum til gagns og nytsemda í Jesú nafni, og hér uppá tóku þeir höndum saman með fullum frjálsum vilja á báðar síður í viðurvist þessarar *synodi* heiðurlegra kennimanna, hvörra nöfn hér uppá síðar undirstanda.

7. Framkom Símon Árnason sem verið hefur á Álftanesi, nú í Öffersey, og óskaði af biskupinum *sacramentis* seðils í þá sókn sem nú er hann kominn til séra Snjólfss Einarssonar. Höfðu prestarnir til þessa hans málefnið tekið, síðan féll inn annar *discurs* um rekann kirkjunnar að Görðum á Akranesi, en sem við var litið aftur var Símon burtgenginn, en sem eftir honum var sent var hann kominn norður á tún og vildi ei viðlíta þó á hann kallað væri, þó biskupinn hefði hann áður innkalla látið eftir hans ósk og beiðni, og meinti hér úr að leysa með ráði Guðs og heiðurlegra kennimanna, en hér varð ekki meira að- gjört um sinn með því Símon var frávikinn. Vill *synodus* hér með afsökuð vera þó ei geti hér framar aðgjört fyrst Símon úrlausn sína forsmáði, og með því þessi órói sem af honum hefur risið um stund vill heldur í vöxt og viðgang en minnkun fara, þar aldrei verður ending á, að ekki komi eitt ofan í annað, svo sem hingað til hefur um stund framfarið, þá biðjast kennimennirnir undan þessum þunga sem þeir þykjast af þeim óróa um hríð beðið hafa, þar þeim sýnist þar að vilja reka að prestanna áminningar vilji ekki stað hafa, þá óskar *synodus* kristilegs yfirvalds guðlegra aðgjörða eftir kóng *majestets* Friderici *tertii* bréfi þetta svo á allar síður niður að setja að Guðs verði dýrðin en safnaðarins friðurinn og velferðin, og þetta klammarí mætti einhvörn tíma fá góðan enda, hvar til kennidómurinn kristilegu yfirvaldi allvel treystir.

8. **Um reka fyrir Innstavogi.** Að síðustu komu þeir fram séra Jón Gríms-son vegna föður síns séra Gríms Bergsveinssonar að Görðum á Akranesi og Þórarinn Illugason lögréttumaður um rekann fyrir Innstavogslandi, einkum stórrekann og öll tré lengri en sex álna, þau er bolöxi megi setja á fyrir framan, hvörn trjáreka presturinn í Görðum vill eigna Garðakirkju eftir þeirra mál-daganna skilningi og skjölum sem hann þykist fyrir sér hafa. Þar á mót Innsta-vogs eignarmaður, Þórarinn Illugason, meinar jörðina Innstavog þann reka eiga fyrir sínu landi, nema bevisist með lögum frákominn, bæði hann og örnefnið, eftir þeim skilningi á máldaganum sem hann þykist hafa og þeim bréfum og vitnisburðum sem hann meinar sér fullnast. En með því kennimönnunum sýndist þvílík mál heyra undir veraldlegan dóm og þeim bera þvílík skjöl að meta, því leggur *synodus* þetta mál frá sér undir veraldlegt álit þeirra sem þar ber um að dæma.

Allt þetta áðurskrifað fór fram með samþykki biskupsins og heiðurlegra kennimanna er sín nöfn til vitnisburðar hér undirskrifa, sama stað, ár og dag sem fyrr greinir.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh	Torfi Jónsson mpp
Einar Illugason prestur mpp	Halldór Jónsson eh

Að undanteknum þessum síðasta pósti samþykki eg áður skrifað þessa dags *synodi* álit, Sigurður Torfason prestur mpp

Torfi prestur Jónsson eh	Helgi prestur Grímsson eh
Jón Eiríksson mpp	Jón Grímsson prestur meh
Jón Gíslason eh	Páll Þórðarson mpp
Snjólfur Einarsson meh	Jón Guðmundsson mpp
Þórður prestur Þorleifsson meh	Jón Snorrason meh

In nomine domini amen!

Anno 1667 1. júlí að settri Skálholtsstiftis prestastefnu að Þingvelli þessir heiðurlegir kennimenn til dómsálita og atkvæðis nefndir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni til þeirra mála er þar löglega framkomu og kennidóm-inum ber eftir kónglegrar *majestets mandatis* að gegna, séra Þorleifur Jónsson prófastur í Rangárfingi, séra Torfi Jónsson prófastur í Árnesþingi, séra Einar Illugason prófastur í Kjalarnesþingi, séra Jón Ólafsson, séra Sigurður Torfason, séra Jósef Loftsson, séra Loftur Jósefsson, séra Jón Gíslason, séra Ketill Halldórsson, séra Egill Guðmundsson, séra Páll Þórðarson, séra Árni Halldórsson, séra Guðmundur Bjarnason og séra Björn Stefánsson, prófastar og prestar Skálholtsstiftis.

1. ***Catechismus útleggist.*** Var lögboðið og tilsagt í *synodo* að allir prestar í stiftinu skyldu framfylgja *catechismi* útleggingu og einföldum skilningi, bæði heima á sóknarbæjunum og í *visitatiu* sinni og á predikunarstólum eftir kónglegrar *majestets ordinantiu* og bréfi svo sem þeir geta viðkomandi fjöl-skyldu sinnar og forfalla vegna.

2. ***Skriftamál ef rofin eru.*** Hvör sá prestur sem rýfur skriftamál heimug-leg ábyrgist sjálfur framburð sinn til bívísingar og standi til rétta til þeirra víta sem dæmast eftir málavöxtum, en fyrir skriftrofin sem fjölmæli. Sama virðist um önnur leyndarmál þeim tiltrúuð sem áliggur, áhrærandi nokkurs manns æru. Af valdsmönnunum óskar *synodus* að styrkja prestana til alls góðs réttar og halda á þeim góðum frið Guðs og kónglegrar *majestets* eftir síðasta pósti í *ordinantiunni*.

3. ***Um restitution expectantium.*** Framkom Hannes Gunnlaugsson skóla-persóna, hafandi sína vitnisburði góða úr skólanum, en *expectans* verið í sex ár, síðan á þeim tíma opinber orðinn að einföldu meinalausu frillulífisbroti, sækjandi ráð til sinnar *restitutionis* hjá þessari prestastefnu.¹ Að öllu sam-

1 *prestastefnu*: strax á eftir er strikað yfir *Virtist synodo eftir kónglegrar majestets mandatis og þessa fátæka lands lélegheitum, hvörra promotio ekki er nærri þess verð sem*

anvegnu og umþenktu leist *synodo* standa mætti sem hingað til að biskupinum sé vítalaust og óhætt þá að *restituera* sem einu sinni svo falla í meinalaust og einfalt legorðsbrot, undanteknum drottinssvikum, þar til hans *majestet* eða léns herrann gjöra þar á aðra skikkun, eftir tveggja ára *expectation*, og tekinn heiðurlegur og erlegur vitnisburður, en óskólagengnir menn ei takandi að stórnaudsynjalausu.¹

4. Voru upplesin sendibréf séra Sigurðar á Skorrastað um forsömun Steingríms Oddssonar á sóknarkirkjunni, hvörja hann kallar foröktun, *datum* Skorrastað 1667 29. maí. *Item* Steingríms Oddssonar þar á móti *daterað* 1667 11. apríl, hvar inni hann afsakar sig um foröktun kirkjunnar vegna vitanlegrar vegalengdar og hættusamlegrar torfæru, og sinna skrifaðra veikinda, hvör hann nefnir steinssótt, og aldurdóms, sem og sinnar ektakvinnu veikleika og elli, en segist frá *sacramentinu* haldinn vera af séra Sigurði og *capellaninum* hans syni séra Árna, með þeim fleirum atvikum sem hann tilgreinir. Leist *synodo* að þeir skyldu sættast prestarnir og Steingrímur heilum sáttum báðum að minnkunarlausu, að dauðu og magtarlausu því sem hingað til hefur tilfalla mátt á báðar síður. Steingrímur gjöri sitt besta kirkjuna að sækja þegar hann getur að hættulausu og hans heilbrigti fólk, en presturinn vægi og vorkynni forföll og torfæru, elliburði og í veikleika allra, og skyldugur öllum veikra manna nauðsynjum að gegna, og athuga meir sálnanna velferð en líkamlega muni, og *effectus* eða *jus strictissimum*, hvað hér á ekki heima, en biskupinn setji þann til forlíkunarmanns sem honum sýnist.

5. Kom fram uppgjafarbréf séra Halldórs Jónssonar að Staðarhrauni með hans undirskrift og tveggja votta Staðarhraunskalls og Álfartúngu, með öllu því prestinum ber þar af að hafa, sem það bréf sér sjálft líkast hermir vegna sjóndepri sem hann vænist. Varð biskupinn og *synodus* þeirri uppgjöf samþykkur og séra Halldór ekki mega á sitt handskriftað uppgjafarbréf ganga, en sýnist ekki skylt af *beneficiis* honum að leggja að svo komnu, fyrr en hann sýnir sína heiðurlega vitnisburði úr sókninni og er aldeilis félaus, og það uppá velvild en ekki skyldu, þar hann fyrst að nauðsynjalitlu sínar sóknir uppgjöfið hafi, en séra Jón Guðmundsson, hvörjum hann kallið uppgjöfið hefur, *procederi* um sína útvalning eftir *ordinantiunni* og kónglegum *mandatis*, og sé þar með til kallsins næstur, því *attestati* munu ei girnast fátæktar vegna. Síðan að því löglega undangengnu *commenderaður* af biskupinum til kóngsvaldsins á

kostnaðurinn til útsiglingar útheimtir, þó sem sparlegast sig haldi, en þessi fátæku köll þuфа þó þeirra persóna við sem til prestsembættis sýnast hentugastar, eftir landsins fátækt, skólagenginna þó ei hafi siglt, þeirra sem studiosi attestati ekki girnast. Skyldu því líkar persónur expectera eftir brotið í tvö ár, þar eftir sýna biskupinum sína góða vitnisburði um heiðurlega umgengni, taka svo frá honum, en skólans disciplina fyrir sig þar til þeir fá testimonia scholastica, fá svo biskupsins commendatiu til kóngsvaldsins hér í landi

1 Að öllu samanvegna ... að stórnaudsynjalausu: bætt við á spássú

Bessastöðum uppá staðarins *collation* með góðum *testimoniis*, en séra Halldór svo viðskilinn eftir sínu uppgjafarbréfi að næstu fardögum.

6. **Um aflausn þess manns sem borinn var barnsfaðerni.** Mál úr Eystrahrepp í Árnesþingi er sýslumaðurinn Jón Vigfússon eldri lét frambera um barnsfaðerni Guðlaugar Magnúsdóttur ógiftrar, ei getið hvort fyrr fallið hafi, hvört séra Jón Gunnlaugsson framber skriflega eftir dómsáleti að Núpi í Eystrahrepp *anno* 1667 22. júní að settu héraðsþingi um það málefni, hvörn vitnisburð dómurinn hermir að sonur prestsins Daði Jónsson yngri hafi framlagt til varnar sér í móti áburði þeim er Guðlaug Magnúsdóttir á þingi lýst hafði Daða Jónsson yngra föður að sínu barni í meinalausu frillulífsbroti, hvörn vitnisburð kennimannsins séra Jóns Gunnlaugssonar sýslumaðurinn og dómsmenn setja undir *synodi* ályktan, hvort lagavitni gilda skuli vegna þess sonur hans á nú í hlut og prestunum að öndverðu eigi grunlaust, sem með-kenningarformið útvísar, hvört nú var sent *synodo* af sýslumanninum ásamt þess héraðsdóms atkvæði, með hans eigin undirskrifaðri handskrift og undirskrifaðra dómsmanna. En Árbjartur Magnússon á Bala, Steinsholts hjáleigu, giftur maður, hafi þar við dreifður verið eftir prestsins skrifti og hans votta, eftir því sem í þingbókinni innskrið er, hvör veraldleg vitni vér látum við dómsins gildi blífa prestinum til afsökunar uppá æru og embætti, og hans heiðri og æru óskertum í allan máta, með því þau virðast hann undanbera lygi, en hvort hann skuli lagavitni vera í því líku máli, þar sonur hans er borinn barnsfaðerni, og honum ekki grunlaust verið að öndverðu þá hann konuna rannsakaði, sem formið útvísar, þess annars að *synodus* heldur prestunum ekki bera framar eftir að grennslast en *ordinantian* skikkar í því líku efnunum, virðist *synodo* vitnisburður eða framburður séra Jóns Gunnlaugssonar ekki lagavitni vera að óforskotnum öðrum vitnisburðum sem honum megi til gagns og bata koma, hvað vér setjum aftur til sýslumannsins og þeirra dánumanna sem hann með sér tilnefnir. Fríheitum þeirra Árbjarts Magnússonar og Daða Jónssonar leist *synodo* svo best fallið að eftir dómsins undirlagi og mála-vöxtum, Árbjartur Magnússon giftur undir þingmanna heyrn en ei þverneitandi verknadinum, en Daði Jónsson barnsfaðerninu þingborinn, báðir ósjúkir, bíða hljóta þar til málið verður að lögum og rétti útgreitt, og af löglegum dómara ályktað óforskotið öllum nauðsynjum eftir reglunni.

7. Um messuvínsbrestinn stendur sem áður er ályktað í almennilegum vanefnum og nauðsynjum.

8. Vegna Ásmundar Jónssonar frambar biskupinn bréfflegum framburði biskupinum tilskrifuðum, þar hann framber að séra Jón Sigmundsson hafi prestlegt embætti framkvæmt og fullgjört í milli bróðurdóttur hans og Páls Bjarnasonar án samþykkis næsta giftingarmanns, bróður og föðurbróður, þó óskyldari hafi samþykkt. Konan ekkja með þeim fleirum *circumstantiis* sem þar að hníga. Setur *synodus* heim aftur til frekara rannsaks fyrir prófastinn og prestana, því þeim virðist það ekki að lögum hingað komið.

Var þetta dómsálit allt og sérhvað í sínum punktum og *articulis in scriptis* framborið, upplesið og ályktað af heiðurlegum fyrrnefndum og undirskrifuðum kennimönnum, eftir öllu áðurskrifuðu, til háyfirvalds frekari skikkunar, sem er kóngleg *majestet* og lénsherrann, með samþykki biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar. Til merkis og vitnisburðar vorar eigin handskriftir hér undir, *anno, die et loco ut supra*.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh	Þorleifur Jónsson meh
Torfi Jónsson mpp	Einar Illugason prestur mpp
Jón Ólafsson meh	Sigurður Torfason prestur mpp
Árni prestur Halldórsson eh	Jósef Loftsson mpp
Guðmundur prestur Bjarnason mpp	Loftur Jósefsson eh
Páll Þórðarson mpp	Egill Guðmundsson eh
Jón Gíslason mpp	Jón Guðmundsson meh
	Björn Stefánsson meh

In nomine domini amen!

Anno 1668 30. júní að settri prestastefnu að Þingvöllum þessir heiðurlegir kennimenn til dóms og atkvæða kallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni á þeim málum sem kennidóminum bar til að hlutast og þá framkomu, séra Þorleifur Jónsson prófastur í Rangárpíngi, séra Torfi Jónsson prófastur í Árnespíngi, séra Einar Illugason prófastur í Kjalarnespíngi, séra Halldór Jónsson prófastur í Borgarfirði að sunnan, séra Sigurður Torfason, séra Árni Halldórsson, séra Hallgrímur Pétursson, séra Jón Gíslason, séra Jón Grímsson, séra Ólafur Þorleifsson, séra Loftur Jósefsson, séra Jón Oddsson, séra Jón Diðriksson, séra Helgi Grímsson, séra Hallkell Stefánsson, séra Jón Stefánsson, séra Þórður Þorleifsson.

Fyrst birti biskupinn kónglegrar *majestets* bréf útgefið Kaupenhavn 1667, en hingað sent í landið nú í vor 1668, biskupinum í hönd komið 29. maí frá Bessastöðum, um almennilegan þakkargjörðartíma á einum og sama sunnudegi um allt landið fyrir þann æskilega frið sem ályktaður verið hafi í millum kóngrsins af Englandi og herrastéttanna í Nederlandi, með þeim samantöndum herrum og höfðingjum, hvar á biskupinn óskaði atkvæða *synodi*, hvör dagur þar skyldi tilnefnast eftir þessa lands og stiftis hentugleikum, svo þar úti yrði kónglegrar *majestets* bréfi og befallingu hlýtt og fullnægja gjörð. Ályktaðist því nú af *synodo* með ráði og samþykki heiðurlegs og hálærðs manns, herra Gísla Þorlákssonar biskups að Hólum fyrir hans stifti, að til þessarar þakkargjörðar væri tekinn yfir land allt sá fimmtándi sunnudagur eftir *trinitatis*, sem er 30. ágúst næsta dag eftir höfuðdag Johannis *baptistæ*, á höfuðkirkjunni, og sæki þangað *annexiu* fólkið sem því verður viðkomið, en næsta sunnudag eftir þar svo er *annexium* háttað að ei verði viðkomið. Guð gefi sína náð og heilags anda fyrir Jesúm Kristum!

Um þakklætis
og bænadag

Um
ótilheyrlæg
orð

2. Bar biskupinn fram undir *synodum* dóm sýslumannsins í Skaftafells-sýslu, Hákonar Þorsteinssonar, genginn að Leiðvelli í Skaftártungu með tólf dómsmönnum *anno* 1667 29. júlí með undirskrifuðu nafni Hákonar Þorsteinssonar, *datum* Þykkvabæjarklaustri í Álftaveri 25. febrúar 1668, um mál Páls Úlfssonar, svo mikið úr þeim dómi sem til andlegra sé vikið, sem er fyrst, þar til prófasts hefur dæmt verið séra Magnúsar Péturssonar uppá orð Páls Úlfssonar að Ásakirkju í Skaftártungu á sunnudegi um veturinn fyrir jól 1662, þá Halldór Jónsson að Flögu og Páll Úlfsson að Hrífunesi í sömu sveit yrtust sín á milli, þá hafi Páll sagt: Með þeirri samvitsku sem eg er nú vil eg koma fyrir dómstól drottins, og þessi orð talaði hann oftár en einu sinni. *Item* á sama ári fyrr um sumarið við sömu Ásakirkju á sunnudegi að þingafólkinu þar sam-
ankomnu, þar hann var í samtali við sinn þingaprest séra Sigmund Guðmunds-
son og vildi af honum *sacramentum* fá, hvört presturinn honum tilsagði svo
framt sem hann vildi biðja Einar Ketilsson fyrirgefningar, við hvörn Páll hafði
klögumál átt, hvað dómur þeirra í milli auglýsir, af hvörju sagður Páll hafði
kulda og óvild til Einars og vildi ekki biðja hann fyrirgefningar (sem þessi
dómur hermir). Þá hafi Páll Úlfsson talað svo: Eg legg þetta mitt mál fyrir
dómstól drottins og það skal þangað koma. Þar hafi undirskrifað Jón Sig-
valdason en Þórarinn Sigurðarson handsalað undir að skrifa sitt nafn. Sá vitnis-
burður útgefinn Þykkvabæjarklaustri í Álftaveri 1662 8. júlí. *Item* hafi utan á
það vitnisburðarblað skrifuð verið þessi orð: Þennan fyrir framan skrifaðan
vitnisburð útgaðu líka þessir eftirskrifaðir menn, Þorsteinn Þorvarðarson,
Tómas Jónsson, Oddleifur Bjarnason, Hallur Jónsson, Eiríkur Gunnsteinsson
og Stefán Einarsson, með því fleira sem í dóminn er innfært, hvað ei verður
allt hér inntekið.

Opinber
áminning
skikkuð fyrir
ósæmileg orð

Hafði þessum orðum Páls vikið verið til héraðsprófastsins séra Magnúsar Péturssonar og fyrir hann komið, en hann hafi því hjá sér vikið meðan Páll væri ekki löglega fyrirkallaður af þeim sem það ættu með vottum að gjöra. Einnin hafi það ávísað verið biskupinum, hvör því hafi undir rannsak og yfirheyrn vísað til héraðsprófastsins. Nú með því þetta hefur svo hingað til undandregist að þessi borin orð hafa ei metin verið, hvað hátt gilda þættu í kirkjunnar *disciplina*. Því hefur og undandregist þau að sverja, en svo ei þyrfti það lengur í vegi að standa fyrir sáluhjálparefnum Páls og hans kristilegum fríheitum athugaði nú *synodus* og yfirvóg þessi fyrrskrifuð orð uppá Pál borin. Virtist kennidóminum hér nú samankomnum þessi orð ekki skikkanleg né hæfileg í kristilegum söfnuði opinberlega að láta af sér heyra, sem ekki sýna þann auðmýktaranda, hógværan eða lífíllátan, sem iðrandi manni hæfir að auðsýna, og ekki í kristilegum söfnuði nú líðast eiga án umvöndunar. En með því að með öllu mögulegu móti verði viðleitað um þennan mann honum aftur á rétta leið að snúa í því sem hingað til hefur honum yfirsést og áfátt orðið, og mannsins geð má ske sturlað verið hafi, þær og samvitskur sumar er heldur gangast fyrir mjúkum áminningum en harðari álögum. Leist nú *synodo* í þessu

máli að öllu yfirvegna þessi fyrirskrifuð orð Páls Úlfssonar opinberlega áminningu gilda mega, bæði honum til uppvakningar og öðrum til viðvörunar.

Það annað sem úr fyrirskrifuðum héraðsdómi til andlegra undir þessa *synodum* úr nfundu stefnusök, um þrjósku og óhlýðni Páls Úlfssonar við áminningar kennimannanna til að ganga til hlýðni við yfirvaldið *etc.*, hvar uppá innfærð meðkenning prófastsins séra Magnúsar Péturssonar að hann hafi oftlega hér til áminnt Pál Úlfsson en hann hafi hvorki aktað orð né áminningar sínar né annara *etc.* *Item* séra Ketils Halldórssonar og séra Jóns Salómons-sonar samhljóðandi uppá sérhvors þeirra áminning fyrir sig, en hans þverúð og óhlýðni með umbótarleysi þar í mót. Leggur dómurinn það úr þessu máli undir *synodi* atkvæði hvort prestarnir er sig skrifa áminnt hafa Pál Úlfsson frammar bevísa skuli þær áminningar að gjört hafa, eða með hvörju móti, heldur en eftir í dóminn innfærðum meðkenningum sérhvors þeirra.

Tók nú *synodus* að sér þetta sem til hennar var lagt í þessu máli og virtist *synodo* að þar sem gildir uppá stórt straff við þann sem í hlut á, þá bæri allt löglega undirbúið og bevísað að vera, þeim og forsvaranlegara sem útgefa meðkenningarnar að vottaðar framkomi með greindum stund, stað og aðferð og inntak kenninganna, og héðan prestunum tilsagt að hafa sig ekki í hættu án votta meðkenningar þvílíkar frá sér að gefa, heldur *procederist* eftir *ordinantiunni* og áðurgefnu *synodalibus*, og þær heimuglegu gangi undan og forvari þær prestarnir hjá sjálfum sér, en gefi þær einar frá sér í viðlögum sem vottaðar eru, með vottanna undirskrifuðum handskriftum.

En svo mikið sem fríheitum Páls héðan af viðvíkur, svo ei verði því um kennt að ekki sé á allan hátt eftir honum leitað, að öllu því athuguðu sem fyrirskrifað úr héraðsdómi bevísanlega framsetur og vitanlegt er þar af, einkum um þrjósku og þverúð Páls að ganga til hlýðni og auðmýktar við kristileg yfirvöld í öllu sér mögulegu og bærilegu, dæmdu þeir Páli Úlfssyni opinbera aflausn að dómkirkjunni í Skálholti af biskupinum og Pál skyldugan þar til sig kristilega að búa og með auðmýkt hennar að leita, og hafi það gert innan næstkomandi veturnátta, vel þó fyrir sé. Vilji Páll þessu ei viðlíta þá fallinn undir kónglegrar *majestets* bréf útgefið 1650 og taki þá veraldlegt vald við.

3. Óskaði heiðurlegur kennimaður séra Sigurður Torfason ráða *synodi* um fríheit Jóns Þorsteinssonar, er þjófnadað æruleysi hafði borið uppá Þorvarð Hallsson, eftir því sem nú vottað framkom, en þann áburð aftur við votta til sín tekið og beðið Þorvarð fyrirgefningar á þessum sínum óhæfuorðum, meðkennandi sig nú að svo stöddu ekkert klaganæmt Þorvarði Hallssyni hafa til að tala, hvað nú frammar birti virðuglegur mann Jón Vigfússon yngri sýslumaður í Þverárþingi af sinni þingbók. Téðist nú að þessi illyrði Jóns hafi skeð á sunnudegi, fyrst við Innra-Hólmskirkju, síðan við Leirárkirkju, jafnvel þar um viðvaraður af prestinum séra Sigurði Torfasyni, en hann ei að síður strax eftir þessum illyrðum úthrópaði. Hefur áður hans mælgi og illyrði opinber orðin,

Opinber aflausn
dæmd fyrir
loginn
þjófnadaðaráburð

og sem merkja er ekki bót á unnist. Því sýnist þörf vera, bæði honum sjálfum til frekari viðvörunar og öðrum til viðsjár að kirkjunnar umvöndun hér við skorður reisi. Dæmdi *synodus* Jóni Þorsteinssyni að öllu svo prófuðu og fyrirkomnu opinbera aflausn fyrir sín illyrði móti fimmta og áttunda boðorði og fyrir helgibrot móti þriðja boðorði.

4. Var innkallað undir *synodum* mál úr Ísafjarðarsýslu, tilfallið á milli séra Árna Loftssonar í Dýrafirði og Helgu Eggertsdóttur, hvörrar umboð prestinum til að tala Páll Torfason lýsti sig haft hafa og hafði stefnt prestinum séra Árna Loftssyni fyrir prófastinn séra Jón Jónsson vegna Helgu Eggertsdóttur. En prófasturinn með fjórum undirskrifuðum héraðsprestum að Mýrum við Dýrafjörð, komu að sönnu saman en treystu sér ekki fullnaðardómsatkvæði á að leggja sökum fámennis og þeirra forfalla að prestar sumir töldu sig skylda eða mægða vera þeim sem í hlut ættu, hvör afsökun *synodo* virðist ekki afl hafa fyrir prestana að þeir skulu þar fyrir frá prestastefnu vera mega í héraðum þó þeir kunni skyldugleika eða mægðir að telja við þá sem málin eiga, svo þar fyrir mættu málin til skaða forsómast kristilegri kirkju til niðrunar, því próf og rannsak er öngvum vorkennandi að taka í neinna manna málum, síst þeim sem prestum er tiltrúað að dæma, en þar þeir þykjast ei fá yfirtekið er öllum hættulaust að dæma fyrir stærri *synodum* eður hærri yfirvöld. Síðan stefndi Páll Torfason aftur séra Árna Loftssyni hingað til þessarar prestastefnu, hvör stefna undirskrifuð hefur verið að Núpi 1668 25. maí með undirskrifuðum nöfnum Jóns Pálssonar, Ara Pálssonar og Halldórs Bjarnasonar, og nú kom fram og upplesin var í *synodo*, en með því séra Árni Loftsson var nú ekki persónulega nálægur fyrir *synodo* og enginn hans svaramaður svo menn vissi, þess og annars að kennidóminum virtist þessi stefnutími styttri en lögbók mælir, þingfarabálki 9. *capitula*, er skikkar tveggja mánaða stefnu utan fjórðungs innanlands, en þessi prestastefnudagur er þann 30. júní. Stefndagurinn 25. maí reiknast 36 dagar, er einn mánuður, ein vika, einn dagur.

Því vogar ekki *synodus* að dæma prestinn séra Árna Loftsson eftir þeirri stefnu löglega fyrirallaðan, né málið að lögum hingað nú undir þennan prestastefnudóm komið, og vísar því henni aftur í hérað undir aðra sókn eða sama. En með því héraðsprófastur séra Jón Jónsson telst undan vegna síns veikleika í þessu máli yfirdómari að vera, sem vant muni mega verða fram úr að kljúfa og prestarnir þar eru fáir en vegir torveldir, þá svo að þetta mætti með einhverju góðu móti semjast eða með vottum dómur niðursetjast, hvörs varla mun von nema með sérlegri röksemd og velvild, þá óskar biskup og *synodus* vinsamliga að heiðurlegur vellærður kennimaður séra Páll Björnsson vildi taka þetta mál að sér með góðra kennimanna ráði sem honum sýnist þar til með sér að nefna úr næstu prófastsdæmum, auk þess sem málið á heima, hvort sem það vill verða með sáttmála eða dómsatkvæði, fáandi honum vald til að kalla bæði partana og prestana til þess samfundar til úrgreiðslu þeirra máls eftir því sem herrann vill náð til gefa, tilsegjandi séra Árna köllun séra

Páls hér úti að hlýða og á hans dóm eða gjörð hér úti að standa, og hans atkvæði að hlýða. Hann og einninn áminntur að stunda til friðar og samþykkis í sókninni, varast flokkadrátt og heimuglegt undirferli, ásóknar vitnisburðatökur heimuglegar og annað þvílíkt sem er til óróa og uppgrafar en eigi til uppbyggingar þénar, þar kennimanninum ber soddan heldur að græða og svæfa það framast mögulegt er ef í sóknunum uppris, en öngvanveginn sjálfur upp að grafa eða vekja stórnaudsynjalaust.

Sömuleiðis vill *synodus* viðvarað hafa allt okur og óskikkanlega höndlan og kaupskaparsvall, líka vel varandi og varnandi við ólöglegum kaupskap af framandi þjóðum móti kónglegrar *majestets mandatis*, vilji menn varast sem ber harðara tiltal og straff.

Framar hafa þær frómu sæmdarkonur, Ragnhildur Steinþórsdóttir og hennar dóttir Helga Eggertsdóttir, óskað að þær með sínum nánustu ættmönnum og náungum mætti ná prestþjónustu af öðrum kennimanni en séra Árna, þar þær mæðgur eru sturlaðar, sorgbitnar ekkjur og harmþrungnar manneskjur, hafandi þó loflegan vitnisburð um sína æru og guðhræðslu, þar þær þykjast svo stórlega ýfðar og særðar vera af áreitning og ýfing séra Árna Loftssonar, hvað *synodo* með biskupsins samþykki leist leyfilegt vera í þvílíkum *casibus* sem samvitskumar áhrærir, hvör mál biskupinum í *ordinantiunni* er tilsagt að sér að taka. Því sé þeim mæðgum Ragnhildi og Helgu leyfilegt ásamt þeirra næstu náungum, einkum þar von er á að með þeim sameinist, að fá þann prest sér til þjónustu sem þær kunna þar til fá, hvort sem það er prófastur eður annar héraðsprestur, og þann sem þar til verður í þessum *casu* vítalaust til að ljást.

Hér leyft
tveimur
persónum að
meðtaka
sacramenti af
hvörjum presti
þær vilja, *vide*
circumstantias

5. Bar séra Torfi Jónsson fram bréfseðil erlegs manns Þorláks Arasonar *dateraðan* Þingvöllum 1668 30. júní, hvar inni hann óskar úrlausnar af *synodo* hvort hans samarfar ásamt sér séu ei skyldugir eftir jöfnuði að svara Staðarfellskirkju (á Fellsströnd) þeirri *portione* sem féll í tíð hans sáluga föður Ara Magnússonar, meðan hann var haldandi Staðarfells. Atkvæði *synodi* og svar hér til (svo vítt sem andlegri persónu má hér úti bera til að svara, því veraldlegra persóna mál hér úti setur *synodus* frá sér til þeirra yfirdómara) að samarfar eins og hins sama manns svari öllum löglegum skuldum eftir sinn föður, meðal hvörra kirknanna *portiones* virðast og ein lögsuld vera í garð þeirra sem þær halda, svo þessara samarfa sem annara og þeim bera til réttis reiknings til að svara eftir föður sinn, meðan hélt, nema finnist biskups kvittun eða önnur lagaskjöl eður skikkun þeirra í millum af föðurnum gjört.

6. Bar biskup fram bónarbréf séra Auðunar Jónssonar, góðs og gamals kennimanns nú af elli uppgefins, er óskar vegna sinnar þarfar styrks og tillags sem til uppheldis af þeim prestum í fjórðungnum sem þá staðarhaldara sem þess eru umkomnir og áður hafa lagt uppgefnum prestum, og tóku heiðurlegir kennimenn vel undir hér nokkurn lit á að sýna séra Auðuni hér úti lið að veita, svo að hann uppdragi af þessum stöðum hér fyrir austan fjallið með Gördum

Um tillag séra
Auðunar á Hesti

Um brotna
klukku
útflutta frá
Reynivöllum í
Kjós

á Álftanesi hálfan forlagseyrir 2½ hundrað árlega meðan svo stæði, og ekki væri kunnugra um stærri nauðsyn og vanefni séra Auðunar sökum örbirgðar og fátæktar en þeim er enn orðið, en ekki fortakið við að bæta þá þörfin reynist meiri. Reiknast þar að helming leggi til hvor staðanna af heilum prests forlagseyrir sem vant er prestinum út að greiða.

7. Var upplesin stefna séra Einaris Illugasonar að Reynivöllum í Kjós, prófasts í Kjalarnesþingi, hvar inni hann stefnir séra Jóni Oddssyni að Skrauthólum fyrir biskupinn og þessa *synodum* hingað þann 30. dag júní þessa árs til andsvara um það *inventarium* sem Reynivallakirkju og stað vantar og þeim áður fylgt hefur, hvort hann af sínum forverara sáluga séra Oddi Oddssyni, föður séra Jóns, ei meðtekið hafi, hvort séra Jóni beri þeim ekki út að svara eður hvör það gjöra eigi, eður skuli kirkjan og staðurinn þá missa, sem að sé stór klukka, altarisklæði, cantarkápa, einn sloppur, lítill klukka, sjö bókaskræður, járnskip með fjórum pípum, *item* 24ra nauta fjós, og það fleira sem finnast kunni og sér hafi borið að meðtaka með kirkjunni og staðnum eftir sáluga séra Odd eður af hans hendi, *datum* stefnunnar að Skrauthólum á Kjalarnesi 1. maí 1668. Stefnuvottar Barði Ólafsson og Ásmundur Ásbjörnsson.

Meðkenndi nú séra Jón Oddsson stefnuna og gaf stefnuvottunum upp eið að henni að vinna með fullnaðarhandsölum við séra Einar Illugason nú fyrir *synodo*. Því leist kennimönnunum hún ei þurfa frammar að sannast og þess vegna séra Jón réttilega fyrirkallaðan, hún og líka lögleg að tímalengdinni, utan héraðs og innan fjórðungs. Ei þóttist *synodus* heldur kunna að ónýta stefnuaðferðina, þó svo væri að farið að sá stefndi sem sökina ætti, einkum þar svo er friðsamlega að farið að til andsvara er stefnt en ei sakir ágefna. Því virtist *synodo* séra Jón Oddsson réttilega fyrirkallaður, svo mikið sem þessu öllu fyrrskrifuðu viðvíkur.

Beiddist því *synodus* af séra Jóni Oddssyni lögvarnar og andsvara til þessa máls. Var það hans fyrsta svar að honum þótti séra Einari borið hafa þetta að áhræra við föður sinn séra Odd sáluga er staðinn afhenti og lifði sjö ár eftir þá afhending er skeði *anno* 1642, en hann fráféll *anno* 1649, því honum hefði mátt hér kunnugra til vera en sér, er heldur vissi hvað honum í hönd kom og kunni þar fyrir skýrari grein á að gjöra. Lagði nú séra Einar Illugason fram reikning er kunnugum virtist skrifaður verið hafa af sjálfum séra Oddi. Kom nú fram prestaálit gengið að Reynivöllum í Kjós *anno* 1644 26. apríl, hvar úti prestarnir svara og álykta að þeim virðist biskupinn afsakaður og hans erfingjar við kirkjuna um úrfallið *inventarium* úr *visitatiu* bók herra Gísla Jónssonar og fyrir forsömun aldeilis frí, að áminntum kirkjuhöldurinum það inn að kalla og eftir að tala, hvað prestanna álit *synodus* enn að nýju samþykkti og staðfesti, svo sem áður hefur samþykkt og staðfest verið hér í *synodo* tvisvar og hér fyrir framan í bókinni finnst og það sama eftir Christiani fjórða *recess*, sem þar innfært er. *Item* hafa sömu prestar á Reynivöllum ályktað að það *inventarium* er séra Oddur hvorki meðtók né séra Einari afhenti, þó herra

Gísla Jónssonar *visitatiu* bók þess geti, virðist þeim niðurgrafið og séra Einar ei skyldugan því að svara sem hann ei meðtekið hefur, og svo aðra presta í viðlíkum efnum ef þeir hafa sínum forverurum þar um tiltalað löglega eða lénsmanninum tilsagt eftir *ordinantiunni*, hvað þessi *synodus* og einninn nú samþykkir.

Því verður um það gamla úrfallna *inventarium* úr *visitatiu* bók herra Gísla Jónssonar, óinnsiglaðri og óhandskrifaðri og sumstaðar mótmælttri, vantar hér nú að þessu sinni ei framar talað. Heldur um það sem séra Oddur meðtók en afhenti ekki, sem er sérdeilis ein stór klukka. Virðist *synodo* séra Jón Oddsson eiga grein á að gjöra hvað af sé orðið og taka erlegra manna skýra vitnisburði sem frekast fullnast mega, hvörjum séra Jón lofar innan næstkomandi Michaelismessu, og senda til Skálholts, og þar sé tiltekið í hvörs höfuðsmanns og fógeta tíð klukkan hafi frá kirkjunni komið. Framar þóttist *synodus* ekki kunna hér um að álykta, utan það ef sannprófast að klukkan hafi til Bessastaða til yfirvaldsins eða þess fullmyndugs flutt verið hafa og af þeim meðtekin. Svo lætur *synodus* fyrir sitt leyti hér við blífa og að því bívísuðu séra Einar um forsömun og séra Jón um útsvar á henni afsakaða vera.

8. Var óskað vegna séra Hallgríms Péturssonar álits af *synodo* um skuld séra Hallgríms sem hann átti hjá Saurbæjarkirkju á Hvalfjarðarströnd fyrir hennar uppbygging uppá hans kostnað er fram yfir *portionem* var 2 hundruð og 5 aurar, hvar séra Hallgrímur skyldi þá skuld taka, þar *portio* ei tilhrykki, og virtist prestunum í *synodo* samankomnum að það mundi helst tækilegt það betalaðist af því kirkju *inventario* sem kirkjan mætti helst missa, sem virtist vera eitt hundruð í hrossum og eitt ásauðarkúgildi, með því séra Hallgrímur skilur við að næstkomandi fardögum en hans *successor* uppber svo mikið af kirkjutúndinni sem þau 2 hundruð eru verð og svari kirkjunni aftur slíku sem séra Hallgrímur í þessa skuld meðtekur, sem er 1 hundruð í færleikum og ásauðarkúgildi, en skulu fimm aurar falla niður fyrir *qvot* séra Hallgríms af þessari *portio*, svo þar með náí hvör aftur sínu.

Skuld kirkju
betalist með
hennar
ónauðsyn-
legasta fríðu
inventario

Þetta allt fyrirskrifað samþykkti nú heiðurleg *synodus* eftir því sem hún vitað hefur lög og dóma í landi ganga hingað til og þar uppá samþykkti þessi atkvæði biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson með undirskriftuðu nafni, sömuleiðis og heiðurlegir nærverandi kennimenn, setjandi sínar eigin handskriftir hér undir til staðfestu og sannindamerkis uppá allt fyrirskrifað. Þingvöllum, *anno, die ut supra*.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Þorleifur Jónsson meh

Torfi Jónsson mpp

Þessa fyrirskrifaða átta *synodi articula* undirskrifa einninn nærverandi heiðurlegir kennimenn til staðfestu með eigin handskriftum *ut supra*.

Einar Illugason prestur meh	Halldór prestur Jónsson eh
Sigurður Torfason prestur mpp	Árni Halldórsson prestur mpp
Hallkell prestur Stefánsson mpp	Loftur Jósefsson mpp
Jón Oddsson prestur meh	Jón Diðriksson mpp
Jón Grímsson prestur meh	Ólafur Þorleifsson meh
Helgi prestur Grímsson eh	Jón Gíslason eh
Jón Stefánsson prestur meh	Árni Sigurðsson eh
	Þórður prestur Þorleifsson meh

In nomine domini amen!

Anno 1669 30. júní að settri Skálholtsstiftis prestastefnu að Þingvöllum af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni þessir heiðurlegir vellærðir kennimenn til álita og atkvæðis kallaðir um þau efni og nauðsynjaerindi sem framkomu og kennidóminum sýndist viðvíkja og hér nú framkomu, séra Þorleifur Jónsson prófastur í Rangárþingi, séra Torfi Jónsson prófastur í Árnesþingi, séra Halldór Jónsson prófastur í Borgarfirði að sunnan, séra Einar Illugason prófastur í Gullbringusýslu, séra Loftur Jósefsson, séra Árni Halldórsson, séra Álfur Jónsson, séra Jón Oddsson, séra Þórður Bárðarson, séra Hannes Björnsson, séra Þórður Þorleifsson, prestar Skálholtsstiftis.

1. Fyrst bar biskupinn fram vegna þeirra aldraðra presta sem upp hafa gefið sín uppheldi fyrir veikleika og aldurdóms sakir og óska uppheldis í elli sinni af þeim bestu *beneficiis* í stiftinu, svo sem áður hefur verið skikkað af Páli Stígssyni höfuðsmanni anno 1563 *in die visitationis Mariæ* að Þingvelli. Skikkar höfuðsmaðurinn með beggja biskupanna ráði og öllum þeim heiðurlegum persónum sem þá voru þar samankomnar af báðum stiftunum, að þeir fátæku prestar sem vel og ærlega hafa staðið í sínu kalli og embætti, og nú væri ei lengur embættisfærir, fyrir hvörja helst sök sem þeir væru uppgæfnir, að hin bestu *beneficia* í Skálholtsstifti og Hóla skyldi þeim uppheldi veita eftir biskupanna ráði, í hvoru biskupsdæmi fyrir sig, sem höfuðsmaðurinn skrifar sig sjálfan biskupunum tilsagt hafa. Því býð eg nú (skrifar hann) og skipar, einum og sérhvörjum *beneficiator* sem þessa staði halda og til verður sagt, að þeir sig hér eftir leiðrétti, svo framt sem þeir vilja ei kóngsins óhlýðugir undir-sátar vera. Hér að er vænst kónglegrar *majestets* skipan og boði. Þetta skikkunarbréf höfuðsmannsins var útskrifað úr biskupsins bréfabók, skrifaðri af Jakob Péturssyni hér forðum umboðsmann.

Staðir þeir
sem *taxeraðir*
eru til
uppheldis
prestum
fátækum

Hér eftir hefur herra Gísli Jónsson tilskikkað í öllu Skálholtsstifti fyrir alla vanfæra og gamla presta þessa eftirskrifaða staði. Í Austfirðingafjórðungi Hof í Voknafirði, Kirkjubæ í Tungusveit, Valþjófsstað, Vallanes, Eydalir, Stafafell í Lóni, Holt undir Eyjafjöllum, Breiðabólstað í Fljótshlíð, Odda á Rangárvöllum. Í Sunnlendingafjórðungi Hruna í Hrunamannahrepp, Bæjarstað í Flóa, Melastað í Melasveit, Reykjaholt og Stafholt, *item* Garðastað á Álftanesi. Í

Vestfirðingafjórðungi Hítardal, Stað á Ölduhrygg, Setberg í Eyrarsveit, Stað í Grunnavík, Stað í Steingrímsfirði, Vatnsfjörð, Holt í Önundarfirði og Selárdal. Þessi *taxerun* er og einninn orðrétt skrifuð úr sömu bók, með eigin hendi Jakobs Péturssonar.

Nú bjóðast fleiri fátækir prestar til uppheldis uppá staðina en hingað til hefur verið um þessi 30 ár, einkum séra Finnbogi Gíslason í Austfirðingafjórðungi í Mýdal. Hafði biskupinn leitað hans vegna uppheldistillags í Austfjörðum. *Item* er séra Auðun Jónsson uppgefinn og aldraður í Sunnlendingafjórðungi, en í Vestfirðingafjórðungi er uppá þetta uppheldi kominn séra Halldór Jónsson á Ferjubakka. *Item* beiðast þessa sama séra Vigfús Helgason og séra Halldór Jónsson frá Staðarhrauni, *item* á Vestfjörðum séra Þorbjörn Einarsson sem hafði Bæ á Rauðasandi og Sauðlauksdal og séra Þorvarður Magnússon frá Árnesi í Trékyllisvík.

Óskaði biskup nú hvörninn hér skyldi meðfara, þar Austfirðingar skorast undan séra Finnboga. Var upplesið nú í *synodo* andsvar nokkra presta úr Austfjörðum, skrifað Vallanesi 1669 með undirskrift séra Böðvars Sturlasonar, séra Stefáns Ólafssonar, séra Eiríks Ólafssonar og séra Eiríks Bjarnasonar, tilskrifað prófastinum séra Vigfúsi Árnasyni uppá uppheldistillag séra Finnboga Gíslasonar. Helstu ástæður þeirra presta eru að þeir meina þá staði hér til *taxeraða* sem þeir meina tveggja presta skyldu hafa álegið eftir máldaganna hljóðan, og þann meina þeir einasta grundvöll hér til vera, en það finnst ei í höfuðsmanns skikkun né biskupsins *taxerun* að þess hafi gætt verið. Því er það ei meinalaus prestanna meining, og kemur ei við þetta efni, uppheldið er skikkað uppá bestu staðina, hvort sem verið hefur tveggja presta skylda eða ekki.

2. Önnur þeirra afsökun er að ei hafi vissa verið að leggja þetta uppheldi í burt úr héraðinu eða prófastsdæminu í önnur, því ei hafi aðrar sýslur hjálpað Múlasýslu til þessa uppheldistillags. Því þykjast þeir ei vita skyldu sína til að annast séra Finnboga, þó ei skrifi þeir sig afsegja í Guðs nafni nokkra muni til að leggja til bjargar stuðnings.

Var sú ályktun og fullnaðaratkvæði *synodi*, fyrst að hvör fjórðungur annaðist sína uppgefna presta, svo sem hingað til hefur í þessari tíð tilgengið, hvort sem þeir gefast upp í því héraði eða öðru þegar það er innan fjórðungs, og séra Finnboga Gíslason þar uppheldistilkall eiga, svo sem framast verða efni til, svo framt sem hann og hans kona vottast félaus, sem nú og tjáist að hann hafi ei komist frá sinni bújörð í vor án góðra manna útláta, Einarssonar um 10 aura, Ólafs Einarssonar um 5 aura, Gunnars Einarssonar um 20 álnir og Jóns Einarssonar um 20 álnir, þar með mjög þungaður uppá heilsufarið og ei flutningsfær í aðrar sveitir, en prestar í Austfjörðum leitist við þessu tillagi í umskiptum fyrir að koma séra Finnboga til nota.

Séra Auðun Jónsson hafði hér í Sunnlendingafjórðungi í fyrra fyrir biskupsins tillögur hálf til, 2½ hundrað. Lofuðu heiðurlegir kennimenn honum

því sama vegna biskupsins tillagna að svo skyldi standa næsta ár þar til hans frekari nauðsyn og efnaleysi bevisast og framar nauðsynlega útkrefja.

Tillaginu sé
skipt milli
fátækra presta
ef margir
tilkalla í senn

Í Vestfirðingafjórðungi er á staðanna, Stafholts, Hítardals, Staðarstaðar og Setbergs, er séra Halldór Jónsson frá Ferjubakka og hefur verið. Nú beiðast þar til enn framar séra Vigfús Helgason og séra Halldór Jónsson frá Staðarhrauni. Svaraði *synodus* um séra Vigfús Helgason að hann skuli láta bevísa sín vanefni og fátækt, og að því fullgjörðu eftir skilríkri aðsjón, vottaðri og handskrifaðri með prófastsins undirskrift, þá sjá prestarnir ei annað ráð en skipta verði ölmusunni meðal þeirra þurfandi, því að þeir þykjast ei minnst um þeirra tíð tvo eða fleiri presta í senn gjörða vera uppá staðanna útlát, til fulls 5 hundraða uppheldis hvörjum útlagt verið hafa. Þykjast ei kunna mót *ordinantiunni* frekari þyngsl uppá að leggja án sérdeilis kóng *majestets* bifalningar. Slíkt er og meint um séra Halldór Jónsson, hann hljóti að bíða til þess ölmusan fellur í fyrrskrifuðu plássi, einkum þar séra Vigfús Helgason reynist fátækur og félaus og kominn á áttæðisaldur tilkallar, með því séra Halldór Jónsson birti nú sína vitnisburði af sóknarmönnum uppá ærlega umgengni og skikkun, innan kirkju og utan, meðan hann þjónaði, og svo að hann hafi fyrir nauðsynjasakir uppgengið. Því afsegir *synodus* honum ekki með tíðinni tillagsvon þegar hann og hans kvinna eru félaus orðin og hann skikkar sér vel og varast drykkjusvall sem mögulegt vera má, og þegar við verður komið honum ásjá að veita fyrir fjölskyldusakir fátækra presta á Vestfjörðum. Séra Þorbjörn Einarsson léti og svo sjá að sínum efnum og þegar hann reynist öldungis félaus og fátækur sé leitað hans vegna um tillag af stöðunum á Vestfjörðum. Slíkt hið sama er meint um séra Þorvarð Magnússon þá hann er að þeim þrotum kominn. Meira varð hér ei aðgjört að sinni.

Um aldur
ordinandorum

2. Í annari grein leitaði biskupinn ráða til *synodum* um aldur *ordinandorum*, þar *recess* Christiani *qvarti* fyrirbýður nauðsynjalaust nokkurn til prestakalls að skikka yngri en 30 ára fullra, hvað *synodo* virðist standa eiga, þar sem ekki krefur stór nauðsyn eftir sama *recess articula*, en um *capellana* aldur fari eftir nauðsynjum sem biskupi sýnist skikkanlegt og ekki of fjarlægt yfirvaldsins skikkun, því betur sem nær, því *synodus* þykist skilja forboð *recessins* um sóknarpresta köll heldur en *capellana*, hvörjir að eru undir sinna sóknarherra *directione*, þó sýnist að þeir skuli ei yngri en einn um tvítugt án stórnauðsynja. Framar varð þar ekki tilsvað í þetta sinn.

Bón séra Páls
í Selárdal að
supplicerað sé
um galdra-
menn

3. Var upplesið sendibréf heiðurlegs kennimanns séra Páls Björnssonar biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni tilskrifað, óskandi hann vildi fyrir framan vera með *synodi* ráði að fyrir kónglegri *majestet supplicerað* væri af biskupinum og kennidóminum um straff galdramanna sem ei verða uppvísir að fullum fordæðuverkum en eru þó fundnir að rúnastafa meðferð, kennslu eða lærdómi. Leitaði biskupinn ráða til *synodi* hvörnir hentugast þætti hér til svarast eiga. Kom fram að þetta hefði komið fram í gær fyrir lögréttnu og mundi lögréttnan hér uppá nokkuð atkvæði lagt hafa, en vitum þó ei gjörla fyrr

en þingbókin framkemur hvörnin því hafi varið verið. Því svaraði *synodus* að ef gengið væri eftir kónglegar *majestets* bréfum hér í landi og því sem í lög-rétu í gær gjörst hafði mundi með Guðs hjálp til vonar vera að þessi djöfulsskapur mætti niður leggjast. Enn sýndist biskupinum nokkuð ókunnigt og nálægum prestum hvörnin til hefur gengið í Vestfjörðum, svo þar uppá kynni *supplicatia* uppá að stofnast, en vildi heiðurlegur séra Páll Björnsson sjálfur *supplicatiuna* stílað skyldi í *synodo* samþykkt verið hafa. Óskar að þetta verði svo um sinn til góða haldið með því þetta kom svo bráðlega óforþenkt, en ös og fjölskylda bannar langan umþenkingartíma að hafa, þar hann þykist hér til þurfa.

4. Kom fram séra Jón Oddsson í Skrauthólum með vitnisburð, þingtekinn á Reynivöllum 1669 8. maí undirskrifaðan af Þórði Ormssyni og Jóni Sigurðssyni og staðfestu með eigin handskrift Vigfúsar Ormssonar og Jakobs Ólafssonar, og undirskriftuðum handsölum Ólafs Magnússonar, Magnúsar Jónssonar, Ólafs Ásbjörnssonar og Ólafs Einarssonar, um þá brotnu Reynivalla kirkjuklukku, um hvörja til tals kom hér í *synodo* í fyrra, er séra Oddur Oddsson skyldi til Bessastaða hafa látið flytja og séra Jón var tildæmdur ánægilega vitnisburði uppá að fá, hvað hann hér með gjörði. Bera nú þessir menn í vitnisburðinum að þessi brotna klukka hafi verið flutt til Bessastaða í tíð höfuðsmannsins Holgeirs Rosenkrantz og hans fógeta Ólafi Péturssyni afhent verið. Því virtist nú *synodo* séra Jón Oddsson sinni skyldu fullnægju gjört hafa og þessi klukka burt úr Reynivallakirkju *inventario* og ei framar um hana hér meðal vor að vera tala.

Um brotna
klukku
Reynivalla-
kirkju

5. Um Lónsjarðar bygging og hækkun á afgiftinni fram úr máldagabók herra Gísla Jónssonar, sem tjáist að ábúandinn uppákæri, voru nú upplesnir útskrifaðir vitnisburðir sem tjáðu hvörnin þessu hafi varið verið um langa tíma. Virtist *synodo* að staðarhaldarinn séra Björn Snæbjörnsson leitaði léns-herrans eða hans fullmegtugs ráða, hvort hann skyldi sig halda við sinna for-manna dæmi og taka þvílíka afgift sem þeir hefðu tekið séra Guðmundur Einarsson eða séra Einar Marteinsson, eða skyldi það sem umfram hefur afgoldist 12 vætta landskuld, hvörrar getur í *visitatiu* bókinni, niðurfalla héðan af, því *synodus* þóttist ei kunna án *patroni* vitundar venjulegum afgiftum afslá sem bívísast í svo langa tíma haldist hafa.

Um Lónskirkju

6. Helgafellskirkju bygging þótti *synodo* sér ei viðkoma að *resolvera*, meinandi *beneficiatum* fyrir kirkjubyggingunni eiga að standa eftir sínu *collatiu* bréfi, *ordinants* í forverjara nafni, sem og eftir *recess* Christiani *qvarti*, því hér í landi eru *beneficiati* bæði kirkjuprestar og kirkjuverjarar hafandi kirkjunnar inntektir, einkum leigna og landskylda *ad mensam*, en tíundir til reiknings, og svo hefur tilgengið að þeir hafa þessu haldið, þó svo að þeir hafa sjálfir haldið sínum kirkjum og þeirra *inventario* við magt, svo sem *collatiu* bréfin hljóða. Framar þóttist *synodus* hér ei kunna til að svara.

Þetta fyrir framan og ofan skrifað var samþykkt í *synodo* með fullnaðar- atkvæði meðan æðra yfirvald lætur hér við standa, með fullnaðarsamþykki biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar, hvörs nafn ásamt fyrrskrifaðra kennimanna handskriftum hér undir skrifað er til staðfestu og vitnisburðar, *anno, die et loco ut supra*.

Loftur Jósefsson eh
Álfur Jónsson eh
Árni Halldórsson eh
Jón Oddsson prestur meh
Einar Ólafsson prestur meh
Halldór Jónsson eh

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Þorleifur Jónsson meh
Torfi Jónsson mpp
Einar Illugason prestur mpp
Séra Hannes Björnsson eh
Þórður prestur Þorleifsson meh
Þórður Bárðarson eh

In nomine domini amen

Anno 1669 23. ágúst að settri héraðsprestastefnu af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni að Egilstöðum á Völlum um þau málefni sem í Múlaþingi tilfallin væri og kennidóminum bæri álit og atkvæði á að leggja eftir kóng *majestets ordinantiu, recessum* og öðrum kónglegum befallningum, og hér nú löglega og skjállega framkæmi, séra Vigfús Árnason prófastur í Múlaþingi, séra Stefán Ólafsson, séra Böðvar Sturlason, séra Eiríkur Ólafsson, séra Einar Jónsson, séra Guðmundur Jónsson, séra Bjarni Gissursson, séra Þorvarður Árnason, séra Jón Höskuldsson, séra Jón Eiríksson, séra Guttormur Sigfússon, séra Jón Sigmundsson, séra Ólafur Sigfússon, séra Árni Sigurðsson, séra Þorlákur Eiríksson, séra Ketill Eiríksson, séra Magnús Hávarðsson, prestar Skálholtsstiktis.

1. **Um mann sem ekki vildi skilja sig við þá konu er honum hafði í hórdóm meðfallið.** Um Bjarna Steingrímsson á Hafrafelli gíftan mann er að fyrstu einföldu hórdómsbroti tjáist opinber orðinn með barneign við Þórunni Hildibrandsdóttir, hvörja hann haldi enn á sínum bæ og hafi hingað til ekki sér af hendi látið, jafnvel þó áminntur af sínum sóknarpresti séra Einari Jónssyni verið hafi. Hafði þetta mál í þessari biskupsins *visitatiu* framborið verið bæði af prófastinum að Hofi í Voknafirði og síðan sýslumanninum Þorsteini Þorleifssyni að Skriðuklaustri. Því sýnist þetta mál nauðsynlega hér athugandi. Var nú leitast eftir Bjarna Steingrímssyni eða hans svaramönnum og spurðist ekki upp, þó honum vitanlegt orðið væri af þessum prestastefnudegi og biskupinn hafði sjálfur hér um við hann talað að Áslandi. Vita menn ekki hans vörn né forsvar, utan þess háttar að hann kunni ekki koma konunni með barninu niður, en sér þyki þungt eða næsta ómögulegt að skúfa þeim út að áliðnu sumri næsta því undir vetur, hvör afsökun kennidóminum móti *reformatiunni*

og *recess Christiani quarti* virtist ekki mega afl hafa, þar svo er tilskikkað að þar sem nokkrar persónur séu misþenktar að lifa til samans í skammlegum lifnaði þá skuli þeim fyrirbjóðast samvistir og þau svo langt aðskiljast sem nauðsyn þætti tilstanda, úr sókninni og jafnvel úr héraðinu, hvar í móti kennimönnunum sýndist sér ekki tækt þessar persónur til samans að líða né fjöður yfir að draga, hvorki fyrir Guði né yfirvaldinu, né stofna þessum persónum sjálfum til vandræða stærri, né kristilegri kirkju til hneykslis dæma.

Og þar fyrir að herrans náð tilkallaðri dæmdu nú þessir heiðurlegir samankomnir kennimenn fyrrnefndar persónur, Bjarna Steingrímsson og Þórunni Hildibrandsdóttur, skyldu að samvistum aðskilja, svo langt sem skynsömum mönnum þykir tilheyrilegt, minnsta kosti úr sókninni, innan hálfis mánaðar að heyrðum þessum dómi, en vilji þar ekki viðskipast þá áminni þeirra sóknarprestur þau þrisvar undir votta og gjöri forboð í sérhvört sinn. Leiðréttist ennþá ekki tilsegi hann sýslumanninum til þessarar þrjósku og mun hann þá vita sína skyldu eftir kóng *majestets Friderici tertii* bréfi útgefnu 1650.

2. Um daufa og mállausa konu fallna í frillulífi. Hafði undir biskupsins *visitatiu* framborið verið frillulífisbrot með barneign opinbert Sesselu Oddsdóttur, tilfallið í Mjóafirði á Brekku, þessarar kvenpersónu daufrar og mállausrar borinnar, hvörninn ráðlegast þætti hér með að fara um hennar barns faðerni, þar hún getur sökum málleysis öngvan borið né föður lýst. Tjáðist nú að tveir menn hafi grunaðir verið um samræði við hana, fyrst Eiríkur Arnbjarnason en síðar Kolbeinn Jónsson, báðir þá ógiftir er verknaðurinn skyldi skeð hafa og meinalaust á allar síður hvor sem sannur að yrði. Eiríkur misgrunaður fyrst, fyrr en hún ól barnið, og má ske heimiliskviðarvitni þar að hnígi, hvað rannsakað skyldi, en Kolbeinn ekki fyrr en síðan þessi kvensvift barnið að honum rétti á hreppamóti eftir þá stöðu sem hún haft hafði hjá Eiríki fyrrnefndum. Á sama samfundi hafði hún kysst Eirík og föður hans. Sýndist nú kennimönnum í þvílíkum vandræðum ráðlegast að bæði sýslumaðurinn og prófasturinn settu til og nefndu sinn skilríkan mann hvor, hvörjir báðir í senn rannsaka skyldi róm og líkindi öll samvistanna, sérhvors, og það fleira sem heimiliskviðarvitni umbera kunni. Og þar eftir að öllu því rannsökuðu sem hér að hníga mætti dæmdist þeim eiður sem líkindin þætti helst ástinga, þar eftir hinum sem misgrunaður verið hafði, síðan fleiri sem líkindi tildraga þar til faðerni hittist, en verði það ekki þá verður það mál Guði befalað að vera, en presturinn gjöri alvarlega og skarpa áminning opinberlega í söfnuðinum um ljótleika svo hróplegrar og skammlegrar syndar, hvörja herrann mun ekki án sérlegrar iðranar óhegnda láta. En uppá hennar síðu áminni presturinn söfnuðinn Guð fyrir henni að biðja um líkn og náð og fyrirgefning þessara og annara synda.

3. Um rykti á dauðum manni. Frambar prófasturinn séra Vigfús Árnason nú fyrir *synodo* hvort sú persóna sem almennilega í sókninni var illa ryktuð af manni nú framliðnum megi nú hans bróður eignast og til ekta taka, og hvort

sér vítalaust sé þau til samans að gefa? Svar *synodi* hér til að ráðlegast þætti að þau væri hvort um sig alvarlega og skarplega af Guðs orði áminnt heimuglega hvör háski viðlægi ef þau sér svo hraparlega og mótþróalega stofnuðu, með svo þungum og stórum meinbugum sem almennilegt rykti álægi, og einkum maðurinn aftalinn að binda sér þvílíkan ábyrgðarbagga á herðar, þar engin dregur nauðsyn til, og presturinn sem lengst mögulegt er undandrægi að gjöra að með þeim, fyrri en veraldlegt vald hefur undangengið almennilegt rykti til raunar að reka.

4. Um tillag af stöðum á Austfjörðum. Var framborið á þessari presta-
stefnu og opinberlega upplesið Þingvalla kennimanna álit og atkvæði um
uppheldi séra Finnþoga Gíslasonar gengið í *synodo* í sumar 1669, hvar inni
þeir ályktuðu honum uppheldi innan fjórðungs, sem er Austfirðingafjórðungi,
hvar hann er þrotbjarga fallinn, og þjónað um sína tíð, vel og heiðurlega, sem
öllum kunnugum mönnum er vel vitanlegt. Tilsagði nú biskupinn *magister*
Brynjólfur Sveinsson heiðurlegum kennimönnum hér samankomnum, þeim
sem þá staði halda sem hér til hafa að fornu tilnefndir verið þvílíkum nauð-
synjum að gegna, góð og greiðugleg svör uppá að gefa vegna þrengjandi prests-
ins nauðsynja, svo sem mætti sína vissu vita hvar hann skyldi þetta sitt uppheldi
taka og hvað mikið af sérhvörjum, innan næstkomandi Michaelismessu, viljandi
hér með um sína forsómun fyrir Guði og mönnum afsakaðir vera. *Summa* þessa
þrjú hundruð og fimmtán aurar, svo orðað sem eftirfylgir:

Af Hofi í Voknafirði	10 aurar
Af Kirkjubæ í Tungu	10 aura
Af Valþjófsstöðum	5 aura
Af Vallanesi.....	10 aura
Af Kolfreyjustað	10 aura
Af Eydölum.....	15 aura
Af Skorastað	5 aura
Af Stafafelli í Lóni	5 aurar

Item óskað að séra Eiríkur Bjarnason vildi hér tilstyrkja í þessum upp-
heldisútlátum til 5 aura.

Summa þessa sem fyrirskrifað er 3 hundruð og 15 aurar. En með því að
enn nú vantar til fimm hundraða uppheldis sem áður hefur dæmt verið,
hundrað og 5 aurar, en biskupinum sýndist varla mögulegt að leggja meira
uppá staðina hér í Austfjörðum vegna harðindalags sveitanna og fjölskyldu
prestanna, þá óskuðu prestarnir að biskupinn vildi gott tillegga í þessari sinni
umreið við best megandi presta í Skaftafellspingi, sem er séra Guðmundi í
Einholti, séra Sigurð á Kálfafelli, séra Magnús Pétursson á Hörglandi, séra
Þorleif á Kálfafelli, að þeir vildu Guðs vegna svo við bæta að nær hæfis yrði,
hvar til biskupinn lofaði sín góð orð að leggja. Lofaði biskupinn að vera fyrir

framan vegna séra Vigfúsar Árnasonar og forlíka þetta hans tillag við séra Finnþoga þessa árs og næstkomanda, sem eru tvennir tíu aurar, en hann forlíkar biskupsins í Voknafirði hundrað við Þórunni Þorsteinsdóttir. Séra Böðvar Sturlason lagði út sína 5 aura og afhenti biskupinum ríxdal þar fyrir. Hinir aðrir lofuðu að sín tillög skyldu framkomin vera innan næstkomandi vetur-nótta að heimili séra Finnþoga eða þar í nálægð.

5. Frambar prófasturinn séra Vigfús Árnason vegna séra Jóns Marteins-sonar framburð hans og spurn, hvort sá ábúandi skuli strafflaus vera og *sacra-mentum* jafnframt öðrum óhindruðum meðtaka sem vilji bæla þær persónur sem að eru komnar úr öðru stikti, og konan fyrst fallið hafi með þrímennning sínum og nú í tvær reisur með þeim manni sem nú sé í húsmennsku með henni, *datum* Hofi í Voknafirði 1669 8. ágúst með hans undirskrift. En með því þetta kom nú svo vísandi fyrir *synodum* og öngvar af þessum persónum nefndar, ekki heldur getið hvort áminntar verið hafi, setur *synodus* þessa spurning aftur til prófestsins úrlausnar, óskandi að hann vildi þetta svo *componera* sem hann sér best fallið.

6. **Um kirkjur ræntar í Austfjörðum.** Báru fram séra Þorvarður Árnason vegna Klifstaðarkirkju og séra Jón Eiríksson vegna Berufjarðarkirkju, hvörjar báðar hafa af ræningjum skaða liðið. Berufjarðarkirkja af Tyrkjum sem hana ræntu öllu sínu *instrumento* og *ornamento*, en Klifstaðarkirkja nú fyrir stuttu af engelskum eða skotskum sjóreifurum í sama máta rænt öllu sínu *inventario* og *instrumento*. Spurðu nú báðir sinnar kirkju vegna, er sama málstað áttu, hvort *synodus* sæi þeim nokkurn málsveg til heimtingar á því rænta fé sem þær misst hafa. Svöruðu allir samankomnir heiðurlegir kennimenn hér til að þeir sæi öngvan málsveg til heimtingar á þessu rænta fé af nokkrum manni, heldur mundi sá skaði kirknanna einum Guði befalaðan vera, hvörs háttar inntaksdóm herra Oddur Einarsson hefur ganga látið um það kirknafé er Tyrkjar ræntu, við hvörn dóm kennimennirnir samt blífa.

Framar óskaði séra Þorvarður vegna Klifstaðarkirkju góðra ráða hvernig hann skyldi meðfara að útvega kirkjunni aftur nauðsynlegt *instrumentum* til þjónustugjörðarinnar, þar hún fátæk engin efni til hefði það aftur að kaupa, sem er öllum kunnugum mönnum vitanlegt, að staður sá er einn með þeim fátækustu. Presturinn ekki heldur megnugur fjölskyldu sinnar vegna það til að leggja. Sýndist kennimönnum ekki annað tiltækilegra en að leita á *inventario* ónauðsynlegra og aflagðra bænhúsa og *capella* sem engin þjónusta er ágjörð, en hafa þó til nokkuð af þvílíku, sér gagnlaust, og leist þaðan helst leggjandi, því bænhúsin hafa að fornu átt þetta en bændur aldrei. Kunna það og ekki með lögum og rétti að eignast. Því dæmdist nú að þess háttar *inventarium* þjónustunni nauðsynlegt leggjðist frá áðurnefndum aflögðum bænhúsum, kirkjunum til nauðsynlegra þarfinda sem meðþyrfti, þeim fyrst sem mest þyrfti, og er séra Þorvarði rétt og leyfilegt hér eftir að ganga hér um héraðið og nálægustu sveitir, en séra Jóni Eiríkssyni vegna Berufjarðarkirkju að

klukkunum á Geithellum og nálægustu aflags nauðsynlegu *inventario*. Var þetta allt ályktað eftir inntaki Bessastaðasamþykktar sem um allt landið með höfuðsmanns samþykki forðum gengið hefur.

En um fríða peninga Berufjarðarkirkju tjáðist nú svo að kirkjan hefði átt tólf málnytukúgildi þá séra Einar Sigurðsson meðtók og þrjú hundruð í færleikum að auki. Meðkennir séra Jón Eiríksson sig með kirkjunni og staðnum meðtekið hafa fjögur kúgildi, en Jón Ketilsson á Felli sem Berufjörð keypti af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni hafi meðtekið og haldið hjá sér enn öðrum fjórum kúgildum. Eru þetta alls átta sem þeir báðir meðtekið hafa séra Jón Eiríksson og Jón Ketilsson. Biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson lofar að leggja til fjögur kúgilda virði með fyrstu hentugleikum þegar séra Jón bréflega þar um áminnir. Er honum leyft að verja þessum þungapeningum sem ekki komast niður á kirkjunnar eign, henni til nauðsynlegra, embættinu þarflegra og helst langvarandi hluta. En þess er ábyrgð á sem varðveitir fyrir handvömmum og vöktunarleysi.

7. Um Valþjófsstaðarkirkju úrfallið *inventarium*. Frambar séra Böðvar Sturlason Valþjófsstaðarkirkju og staðar brest sem honum þótti verið hafa, þegar hann við Valþjófsstað tók *anno* 1659 eftir séra Einar Þorvarðsson, að afhendingu héraðsprófastsins séra Vigfúsar Árnasonar, með tilkölluðum mönnum af honum, séra Einari Jónssyni, Tómasi Finnssyni, Magnúsi Einarssyni, Ásmundi Jónssyni, Hjalta Jónssyni og Páli Jónssyni, hvörjum þá virtist kirkjan og staðurinn nær hæfis tækur og stæðilegur að því tillögðu sem kirkjunni til stoðar og umbótar áskilið og játað verið hafði. Síðan árinu eftir 1660 áfrýjaði séra Böðvar þessa afhending og þótti bæði kirkjan og staðurinn miður standandi sér í hendur komið hafa en þeim fyrri aðsjónarmönnum litist hafði, hvörs vegna biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson eftir fyrrskrifaðri undirréttingu séra Böðvars óskaði af séra Halldóri Eiríkssyni að álíta þetta málefni, hvort svo reyndist sem undirréttað var, með sex skynsömum mönnum þar til kölluðum, og virtist þeim kirkjan þurfa til álags tuttugu hundruð en staðurinn 10 hundruð. Þar undir hafa skrifað Halldór Eiríksson, Eiríkur prestur Ólafsson, Rafn Jónsson, Eiríkur Árnason, Högni Þorleifsson, Þorvarður Höskuldsson, en handsalað Guðmundur Bjarnason. *Datum* þeirrar skoðunar og athugunar 1660 23. september.

Nú með því svo stórlega ágreindi þá fyrri afhendingu og álit og þetta síðara, þar svo skammt var um liðið, setti biskupinn og ávísaði þetta mál landsfóvetanum, léns herrans og kirkjunnar *patroni* Jóhann Klein, og fékk frá honum aftur þeirrar meiningar andsvar að hann tilskrifað hefði sýslumanninum Þorsteini Þorleifssyni að hann þetta málefni skyldi rannsaka og þar í að gjöra sem rétt væri. *Datum* þess andsvars 30. júlí 1661 að Bessastöðum. Síðan lýsir biskupinn þetta undirvísað hafa landsfóvetanum Thomas Nicholai, sama léns herrans og kirkjunnar *patroni* fullmektugum. Óskaði hans tilhlutunar í léns herrans stað, að þetta mætti vel niðursetjast kirkjunni og öllum öðrum að

skaðlausu og hafi fóvetinn sömu meiningar andsvar gefið og hið fyrra var, og sett þetta mál til sýslumannsins rannsóknar og atkvæðis, hvað enn nú tjáist ekki framkomið vera.

Óskaði nú biskupinn heiðarlegra kennimanna ráða og atkvæða, hvað hann skyldi hér framast aðgjöra eða hvort þeim virtist hann ekki fullnægju gjört hafa sinni embættisskyldu sem *ordinantian* og *recessarnir* og konungleg *mandata superintendenti* í þvílíkum efnum tilsegja og áleggja, þar hann tvisvar sinnum hefur tveimur lénsherrans og *patroni* fullmektugum þennan brest og ágreining ávísað, og þeirra andsvar þar uppá útvegað, hvílk mál biskupinn hefur áður undir *synodum* borið á Þingvöllum, og þar með afsakaður ályktaður eftir kónglegum *mandatis*, *ordinantiunni*, *recess* Christiani *qvarti* og lög-sömdum dómum, þegar hann tilsagt hefði kirkjuverjurunum eða og þeirra *patronis* og forsvarsmönnum, hvörja ályktun Þingvallapresta nú þessir heiðurlegu kennimenn fullkomlega samþykktu og staðfestu í öllum sínum greinum og *articulis*, og biskupinn þar með afsakaðan í þann máta að hann tilsagt hafði, kunnandi ekki meiri skyldu uppá hann að leggja en kóngleg *mandata*, *ordinantian* og fyrirskrifaður *recess* einkum Christiani *qvarti* uppáleggur. Þykjast og kunna mega það aftur til sín að taka sem lénsherrans fullmektugur hafði að sér tekið og skikkun ágjört, vísandi þessu máli til kóngsvaldsins aðgjörða sem *patronatum* og veitingaráðin hafa.

För allt þetta fyrirskrifað fram með fullkomlegu samþykki heiðurlegra undirskrifaðra kennimanna að þessari prestastefnu samankomnra, að ráði og samþykki biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar, og til sannindamerkis hér uppá settu þeir sínar handskriftir hér undir, sama stað, ár og dag sem áður greinir.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Eiríkur Ólafsson eh
Jón Eiríksson mpp
Ólafur Sigfússon meh
Árni Sigurðsson meh
Ketill Eiríksson meh
Guttormur Sigfússon meh
Þorlákur Eiríksson meh

Vigfús Árnason meh
Stefán Ólafsson meh
Þorvarður Árnason meh
Bjarni Gissursson meh
Guðmundur Jónsson meh
Jón Höskuldsson meh
Magnús Hávarðsson meh
Jón Sigmundsson meh
Einar Jónsson eh

Sendibréf biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar
séra Böðvari Sturlasyni tilskrifað um þá skrá
er hann las upp á Egilsstöðum í sumar og biskupinn
eftir beiddist, en fékk ei og ekki enn nú fengið hefur

Salutem et cjjicia! Heiðurlegi vellærði kennimann, elskuleg vin séra Böðvar Sturlason með bestu blessunaróskum *etc.* Eg meinti að öðruvísi mundi vera varið okkar skilnaði á Egilsstaða prestastefnu, eg ef fornám síðan varð, vitandi ekki af yðar burtför þaðan fyrr en sken var, hefði gjarnan viljað sáttsamlega úttala með kennimannanna ráði sem ennþá voru flestallir þar staddir langt fram á dæginn eftir yðar burtför, það sem okkur bar á milli, hvör sækja skyldi og innkalla það sem yður þótti Valþjófsstaðakirkju og stað uppá sína bygging vanta. Hvað mér þó brást, því þér vikuð áður að mér óvörum og ókvöddum frá Egilsstöðum, en höfðuð þó lofað mér kvöldinu fyrir rétttri útskrift af þeirri skrá er þér höfðuð samantekið um áðursagt efni og upplásuð á prestastefnunni, almennilega og opinberlega, hvörrar meining mér skildist sú vera og minnir enn að þér meintuð og vilduð ei alleinasta eg heldur sérhvör sá biskups-embættið hefði ætti að skyldu síns embættis þennan yðar kirkju og staðar byggingarrest af erfingjum yðar formanns og yðar kirkju vegna inn að taka, til dóms og laga krefja og útheimta, og síðan yður og kirkjunni færast og komast láta. Það minnir mig mergur og innihald, meining og ágrip þeirrar skrár væri, hvörja þér mér lofuðuð kvöldinu fyrir yðar burtför, þá upplesið höfðuð mér rétt útskrifaða að morgni eftir að afhenda, hvað ekki skeði þá, því þér hurfuð mér óvitandi í burtu frá Egilsstöðum og ekki er enn skeð, þó eg meinta þér munduð hana senda mér með skólapiltum í haust hið allra seinasta, en brást líka einnig og er ekki skeð, og svo er enn allt til þessa dags að eg hefi hana ekki meðtekið.

Því beiðist eg hennar útskriftar og krefst af yður enn nú að nýju, annað sinn, að hún mér af yður handskriftuð sendist með næstkomandi alþingismönnum, svo eg viti mig og mína erfingja og eftirkomendur Skálholtsbiskupa annaðhvort eftir henni að leiðrétta með kennimannanna ráði að næstkomandi Þingvalla prestastefnu í sumar 1670 ef lögmæt virðist og dæmist, eða annars móti henni mig og mína eftirkomendur Skálholtsstiftis biskupa og síðan mína erfingja með löglegum röksemdum og ástæðunnar forsvar undir ákveðna prestastefnu, skuli hún síðar meir nokkurt afl eður álit hafa. En ef þér dragið hana í hlé sjálfir og henni niður aftur stingið, þá er mér ekki vandara við hana en sjálfum yður og þarf eg þá henni ekki meira akt né virðing að gefa en sjálfir þér, haldandi hana þá af yður ónýtta og afturkallaða, viljandi ekki tilskyldast henni síðar að gegna.

Mig minnir (ef rétt minnir) að eg svo eftirtæki að hennar stytur og ástæður væri í hana innfærðar tvær sem yður þótti biskupsembættið skylda þessa kröfu

og útheimting og tilkall til dóms og laga að hefja og halda. Sú fyrri dregin úr *recess Christiani tertii*, sú síðari úr nokkra Austfirðinga prestadómi (hvað margra minnst eg nú ekki), í hvörjum dómi mig minnir yfirdómarar væri synir og sendiboðar herra Gísla heitins Jónssonar, séra Árni og séra Stefán Gíslasynir, hvörja hann þá sendi sinna forfalla vegna Austfirðingafjórðung að *visitera*. Að eg nú hér til fáeinu svari hvoru fyrir sig sem eg hygg réttast og sannast vera, þá svara eg svo til hins fyrra að eg hefi síðan þetta okkur í milli bar nú síðast á Egilsstöðum útlesið og yfirfarið allan *recess Christiani tertii*, hvörn eg hafði líka meðferðis á Egilsstöðum, og get eg hvörgi í honum endilöngum fundið að þetta eður þvílíkt ákæruómak kirknanna vegna sé biskupunum þeirra stifta boðið né befalað í nokkurn máta. Því beiðist eg af yður og krefst að þér *citerið articula* og orð þess *recess* sem það bjóði biskupunum að kalla inn og kæra þann nokkurn hlut sem þeirra stiftis kirkjur vantar eða brestur, svo eg megi það í eigin orðum kóngsins sjá, lesa og skilja og mig síðan eftir rétta.

Það finn eg í þessum *recess articulo* 41 með þessum orðum skikkað, að hvör sem þar að auk tekið hafi nokkra jörð eða eign frá kirkjunni í móti dómi og réttargangi, þá skuli lénsmennirnir vinna sömu jörð til kirkjunnar aftur með dómi og réttargangi, og sá sem nokkuð svo tekið hefur bæti þeir fyrir eftir lögum. Annað finn eg ekki í þessum *recess* þvílíku máli líklega tillíta, svo nokkurneginn verði áheyrilegt, þar til þér mér betur undirvísið, en til þessra orða vil eg nú einfaldlega svara, að eg bið yður að sýna mér og berlega augvísa hvar þér finnið í kónganna *mandatum* biskupana vera kallaða lénsmenn. Það meina eg þér munuð í þeim einum stöðum finna, þar sem finnið lénsmennina kallaða biskupa, sem eg meina sé hvörgi, og því má ske skránni hafi undir stól stungið verið að menn treysti sér lítt til hundlaust óbjöguðu heim að koma að menn sýndust ekki rangfæra og falsklega útleggja kóng *majestets* orð, hvað ekki var heldur gjörandi, og allra síst prestunum og enn allra síst á opinberum samfundum og prestastefnum, hvar vottfast hefði orðið, hefði þá umhaldið orðið. Því var viturlegra og varlegra að stinga þeirri pípu í sekk í hvörja ekki mátti háskalaust blása og hafa heldur hagldirnar í höndum sér en töglin. Kóngsins hirðstjórar og höfuðsmenn kallast helst og almennilegast lénsmenn því þeir hafa lönd og héröð og líka kirknanna forsvor að léni og veitingu af kóngunum. Síðan eru þeir og lénsmenn kallaðir sem nokkrar veitingar hafa af yfirvaldinu og taka þar af inntektir og ágóða, hvort sem þau lén eru andleg eður veraldleg, *vide Glossarium juris Danica verbo lén*. Vill því þá nærri yður stappa að vera lénsmaður Valþjófsstaðarkirkju, þiggjandi allan hennar og þess staðar inntektir og ágóða, heldur en mér sem þar hefi ekki eitt hundshár af nema ómakið og ámælið eitt, og í því nafni ber yður sjálfum að krefja inn og kalla til réttra laga það sem yðar léns- og veitingastað og kirkju brestur og þar að auki í kirkjuverjara nafni, eða að öðrum kosti að ávísa það lénsherranum eða hans fullmektugum landsfógeta í hans fullmagt og stað,

nema þér viljið sjálfir fyrir þá þögn og forsómun sjálfir kirkjunni svara öllum þeim skaða sem af slíkum undandrætti verður, hvar að líka hníga lögsamdir dómar landsins, Heggstaðadómur, Húsatóftadómur, að vísu tvær eður þrjár alþingissamþykktir, hvað allt eg set á móti ófullburða Austfirðingadómi, en allra ljóðast tala um slíkt *recess Christiani qvarti* frá upphafi og langt fram eftir í öðrum parti fyrstu bókar fjórða *capitula, articulo 1 et seqv.* Þar er líka tiltekið hvað biskupinn á að gjöra í slíkum tilfellum. *Articulus 7:* Svo nær biskupinn *visiterar* þá skal hann rannsaka um kirknanna tilstand. Verði þá klagadur nokkur brestur, þá skal hann með sínu skrifi undirvísa hann hjá kirkjunnar forsvari. Það eina finn eg honum befalað en ei meir og það hefi eg tvisvar gjört að eg hefi skriflega ávísað lénsherrans fullmektugum fógeta í hans fjarlægð, 1. Jóhann Klein þá hann var hér í fyrra sinn, síðan Thomasi Nikulássyni þá hann var landfógeti eftir hann settur yfir þessu landi. Þá fyrri undirvísunina við Jóhann Klein viti þér sjálfur og hennar röksemd og bívísing lásuð þér sjálfir upp á prestastefnunni á Egilsstöðum í sumar með eigin orðum Jóhanns Kleins, en hin síðari tilsögnin við Thomam Nicholai landfógeta liggur hér bevisleg og skal sannprófast. En ef þér vita viljið hvar yðrar kirkju forsvær er, fyrir hvörju þér skuluð eftir *recessinum* kirkjunnar og staðarins brest eigið um að kvarta, þá útskýrir það *recess Christiani qvarti, articulo 1, folio 70* með þessum orðum: Kirknanna forsvær eru kóngsins lénsmenn *etc.* og síðan hvör yfir sínum tiltrúuðum undirhafandi kirkjum, *Glossarium Juris Danica* lensmand, *satrapes*.

Hér hafið þér allt þetta í böggli einfaldlega og eiginlega skrifað, en miklu fleira hefi eg þessu aðhnígandi framlagt undir tvær prestastefnur á Þingvöllum, hvörjar báðar mig dæmdu frí þegar eg bréfluga tilsagt hafði slíkt sem fyrir mig kæmi skilvíslega og þóttist ekki kunna meiri skyldu né þunga uppá mig eður annan biskup að leggja en kónglegrar *majestets mandata* tilhéldu, þar til sérdeilis bifalning af *majestetinu* þar uppá kæmi, og þóttust þeir heldur vita neinn það gjöra mega, hyggjandi og haldandi að biskuparnir ætti ekki síður að njóta *ordinantiunnar* fríheita en prestarnir, hvörjum veitt er vægð á nýjum þyngslum, *folio 34, pagina 2:* Skulu prestar og djáknar njóta sömu fríheita sem þeir höfðu í biskupanna tíð og ekki framar þar með þvingast af oss en þeir áður voru þvingaðir af biskupunum. Þó viljum vér hafa kristilega tilsjón að þeim verði þyrmt eftir hentugleikum og hvör ný þyngsl sem biskuparnir hafa álagt og vér höfum aflagt skulu verða aflögð eftir þennan dag og þeim ekki framar áleggjast. Enginn á þeim Þingvalla prestastefnum fannst svo *subtilis* að hann gæti skynjað að lénsmaðurinn væri biskup.

Þetta bar eg allt fram í fyrra á Egilsstaða prestastefnu og svo álit Þingvallakirkju *synodorum* beggja er biskupa dæmdu fría þá tilsagt hefði, sem skrifað er, og samþykktu það þá allir nálægir heiðurlegir kennimenn í Múlaþingi með undirskrifuðum eigin handskriftum í *synodals* bókinni. Veit því ekki annars en þér með þeirrar skrá og lestri ýfðuð mig til rangs máls.

Nú vil eg í einu orði svara til Austfirðingadóms gengins af nokkrum prestum í Múlaþingi og útnefnds af sonum og sendiboðum herra Gísla, fyrst að ekki er það ályktað að mínu minni að biskupinn skuli sækja alla bresti kirknanna, heldur má ske umflensað að ef kirkjunnar missi síns fjár þegar prestakonurnar hafa uppborið sinn mála þá skyldu þeir fyrirstanda sem um áttu að hyggja, en ekki nefndur lénsmaður né biskup eður hvör sá sé sem þeir helst meini.

2. Hafi þeir meint lénsmann eður biskup þar með, þá bar þeim að kalla þá fyrir dóminn sem á þá skyldi ganga, en hafi þeir þá ei haft magt til hvorugan þeirra undir þann sinn dóm að kalla, hvar fengu þeir þá magt yfir þeim þann dóm að dæma? Viðurmælis er hvör verður, en þessi dómur gekk að þeim ófyrirkölluðum og gekk að aftan til, slíkt er *calumnia* en ei *sententia*.

3. Hvörninn máttu fáir prestar fella þyngsladóm á alla lénsmenn og biskupa alda og óborna. Það mátti enginn gjöra nema kóngur og ríkisráð að skapa ævinleg lög yfir alla höfuðsmenn, biskupa stiftisins um alla ævi, meðan landið og stiftið byggðist. Synir og sendimenn biskupsins voru hans undirgefnir en ekki yfirboðarar né dómarar. Því máttu þeir ekki neitt yfir sínum föður og *principal* að honum óvitandi og óviljugum til þyngsla dæma né hans eftirkomendum, því sá dómur er að kristinsdómsrétti ónýtur og að öngvu haldandi er sá dæmir sem ekki er að lögum yfirdómari þess máls, sem þeir voru, og ekki yfir sínum föður og biskupi og hans eftirkomendum að Guðs lögum né manna.

4. Set eg á móti þessum vanskapta Austfirðingadómi, auk *recessanna* og *ordinantiunnar*, kristinréttar, almennilegrar *collationis* bréfa, lögsamda og lögtekna dóma fyrrskrifaðra, Heggstaðadóm, Húsatóftadóm, alþingissamþykktir tvær eður þrjár að vísu eður fleiri, hvör öll *decreta* og *documenta* samhljóðandi tilsegja þeim sem kirkjurnar halda í léni og veitingum klagi þeirra bresti og saki þeirra mál sem þeir uppbera ávöxt og inntektir af.

Því gegni eg þessum Austfirðingadómi sem þér sjáið og ei mun eg undir hann óteymdur ganga. Þar með er enn nú hér ekki þar að komið að Valþjófsstaðarkirkja og staður þurfi ei neins í að missa á meðan erfingjar yðar formanns eru við þau efni að fullveðja séu þessu að svara sem yður bresta þykir ef þér forsómið ekki inn að kalla eður kalla láta í tíma.¹ Biðjandi yður þetta velmeint vel að virða og ei viðstyggjast þó eg einarðlega skrifað hafi, þá skal það samt móðs og öfundarlaust. Við öngvan góðan heiðurlegan mann vilda eg óneyddur sturlast né styggjast, því er eg nú þessu framar yðar heiðursemi ásamt erlegri ektakvinnu *etc.* Skálholti 1670 22. mars. Yðar velviljaður vin (undir hefur skrifað) Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh.

Þetta hér næst fyrir framan og ofanskrifað sendibréf biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar séra Böðvari Sturlasyni að Valþjófsstað í Fljótsdalshéraði tilskrifað er hér orðrétt útskrifað eftir sínum *original*. Til merkis og

1 Þar með er ... kalla láta í tíma: bætt við á spássíu

vitnisburðar eru vor nöfn með eigin handskriftum undirskrifuð sem sjálft höfuðbréfið við þessa útskrift samanlásu.

Skálholti anno 1670 22. mars.

Ólafur Jónsson eh
Þorsteinn Einarsson eh

Ólafur Gíslason eh

Séra Loft
Jósefssonar
mál

Anno 1670 29. mars að settri héraðsprestastefnu að Snæfuglsstöðum í Grímsnesi af prófastinum heiðurlegum kennimanni séra Torfa Jónssyni, þessir heiðurlegir héraðsins kennimenn til dóms nefndir, séra Jón Daðason, séra Árni Halldórsson, séra Guðmundur Bjarnason, séra Jón Erlendsson, séra Björn Stefánsson, séra Jón Snorrason, séra Þórður Bárðarson, séra Jón Gíslason, séra Álfur Jónsson og séra Þórður Þorleifsson, prestar Skálholtsstiftis, að biskupsins forlægi og í hans nálægð *magisters* Brynjólfs Sveinssonar, til að skoða, rannsaka og eftir þeirri náð sem heilagur andi vill gefið hafa álykta það vanda-mál sem uppkomið var í Skálholti uppá kirkjuprestinn séra Loft Jósefsson, í þann máta að Jón Sigurðsson yngri frá Einarsnesi hafði eftir sinni samvitsku, hyggju, grun og meining framborið valdan þeirra óvenjulegra harmkvæla sem hann hefur þolað og liðið í Skálholti í vetur og það með galdragjörningum, ráðum eður viljavöldum eða verkum, eftir því sem sá framburður Jóns var eftir honum sjálfum uppteiknaður í Skálholti anno 1670, fyrst 9. febrúar, og aftur ítrekaður 1670 11. mars í Skálholti, og enn aftur af hans virðuglega föður herra Sigurði Jónssyni lögmanni sunnan og austan á Íslandi, boðinn og *confirmeraður* og enn aftur þrítekinn Skálholti 1670 11. mars.

Hafði þetta mál af biskupnum *citerað* verið hingað til Snæfuglsstaða prestastefnu á þennan dag 29. mars anno 1670 eftir ósk og beiðni herra lögmannsins, því honum virtist nýmæli í vera og kristindómsrétt viðvíkja, þó þingatíminn væri nú annars óvenjulegur, og voru hér báðir persónulega viðstaddir sóknari málsins Jón Sigurðsson yngri og verjandinn séra Loftur Jósefsson. Hafði herra lögmaðurinn leitað róms og ryktis á Vatnsleysupingi 10. mars 1670, settu af erlegum sýslumanni Jóni Vigfússyni eldra. Létu þar í ljósi þessir viðstaddir menn sem þingið sóttu, Bjarni Kolbeinsson, Halldór Einarsson, Guðmundur Árnason lögréttumenn, Narfi Eyjólfsson, Þorsteinn Einarsson, Jón Þorsteinsson, Jón Þórðarson, Jón Jónsson, Gestur Einarsson, Styr Torfason, Sighvatur Þorkelsson, Valdi Jónsson, ásamt viðstaddir aðrir, sig heyrta hafa í kvisi rómað viðriðinn vera kirkjuprestinn í Skálholti séra Loft Jósefsson. Framar létu í ljósi lögréttumennirnir Guðmundur Árnason og Bjarni Kolbeinsson, *item* Jón Jónsson og Þorsteinn Einarsson sig heyrta hafa rómað áður áðurnefndur veikleikinn Jóns Sigurðssonar yngra mundi af óleyfilegum göldrum og gjörningum vera, en hvör í sannleika afvaldur væri mætti Guð vita. Sömu meiningar hafa borið nokkrar skólapersónur tólf að tölu, *datum* Skálholti 1670 9. mars með þeirra undirskrifuðum eiginhandskriftum. *Item* hafa

borið þennan ryktisróm að séra Lofti Jósefssyni um veikleika Jóns Sigurðssonar yngra *anno* 1669 og 1670, þó eigi viti hvað sannast sé, *anno* 1670 10. febrúar að Skálholti, Ólafur Jónsson eh, Ólafur Gíslason eh, Jón Ólafsson eh, Þorsteinn Einarsson eh. Þessir síðustu og skólapiltarnir sýnast heimiliskviðarvitni.

Framkom hér nú að auki meðkenning Jóns Ólafssonar og Valgerðar Eyjólfsdóttur *dateruð* 1670 9. mars að þau hefði heyrt, eftir því sem þau frekast minntust og umbera kynni, að séra Loftur hafi svo mælt þar tiltalað hafi orðið um Jón Sigurðsson frá Einarsnesi og hans veikleika, að hann hafi (og hefði) fengið tvær kviður en þriðja væri eftir. Hér að auki kom fram vitnisburður Ólafs Gíslasonar að hann hafi heyrt séra Loft Jósefsson tala þessum eður þvílíkum orðum um veikleika Jóns Sigurðssonar yngra, að sá veikleiki sem á honum væri mundi eigi fyrst við hann skilinn.

Að síðustu komu fram þeir fjórir *characteres* sem næst í Skálholti uppdregnir voru tveir á hvoru blaði, tveir in *originali*, tveir útskrifaðir. Hafði Jón Sigurðsson borið að annað blaðið með tveimur *characteribus* hafi hann fundið í sínum kodka eftir frágang Skafta Jósefssonar frá sinni sæng að sínu viti, og segist samdegis sínum skólameistara Ólafi Jónssyni sýnt og fengið hafa, hvað hann og meðkennir. Annað blað með tveimur *characteribus* eftir *originalnum* uppdregið segir Jón Sigurðsson sig ei betur fyrir Guði vita en það blað in *originali* hafi séra Loftur Jósefsson sér afhent að leggja við sína síðu, þó ei geti hann það með lagavottum bevísað, vogandi því ei framar þann áburð að herða, en eftir sínu viti og samvitsku segist hann í hvort tveggja sinn, bæði þegar hann fyrri blaðið í koddanum fann og þess *original* meðtók, verið hafa með fullu viti og allri rænu. En þann *original* segir hann horfið hafa af hillunni við sæng sína með buxnakveri sínu, hvört kver sér hafi síðan aftur afhent Skafti Jósefsson, bróðir séra Lofts, en blaðið með *characteribus* hafi í burtu horfið, hvað hann segist ei síðan aftur fengið hafa svo hann megi fyrir vottum lýsa.

Framar tjáist þessi veikleiki Jóns Sigurðssonar mjög ferlegur og óvenjulegur, og þykir kynjum gegna að þegar hann hefur verið fyrir sunnan Hvítá, fyrst í Fjalli viku í vetur, varð hann ekki var við hann fyrr en hann kom upp yfir á aftur og nú síðan í Laugardælum og í Flóanum nærri hálfan mánuð varð hann þar ei var við fyrr en hann kom út yfir í Ölvesið. Allt þetta sóknarinnlag sést í öllum sínum orðum og *articulis* útpykkilega innfært, hvörs mergur og meining hér er innfærð og hefur séra Loftur Jósefsson meðtekið rétta útskrift af því undirlægi samanlesna við *originalinn*.

Gaf nú séra Loftur Jósefsson sig viljuglega til andsvara í þessu máli hér í þessum stað undir nálægri kennimanna álit og atkvæði, en biskupinn bauð séra Lofti að innskrifa hans varnir sem hann hefði sér til forsvars í þessu máli í móti áburði Jóns Sigurðssonar, hvörra hann nú beiddist allra og óskaði svo hér skriflega innfærast mætti öll sókn og vörn á báðar síður, svo ekki væri undanfelld allt og allt hér inn að færa. Framlagði nú séra Loftur Jósefsson

góðan og heiðurlegan vitnisburð heimilismanna í Skálholti *datum* 1670 9. mars með undirskrifuðum handskriftum og handsölum sex og tuttugu persóna karla og kvenna. Bera þeir meðal annra orða að það sé sín samvitska og klár hyggja að séra Loftur hvorki valdi né valdið hafi veikleika Jóns Sigurðssonar yngra. *Item* lagði hann fram heiðurlegan vitnisburð nokkra Skálholts sóknarmanna, útgefinn Skálholti 1670 25. mars með undirskriftum Styrs Torfasonar, Torfa Eyjólfssonar, en undirskrifuðum handsölum Þorbjarnar Þórðarsonar, Björns Tómassonar, Jóns Freysteinnssonar. Votta þeir einninn með góðri og hindrunarlausri samvitsku að þeir skrifa láta að það sé sín fullkomleg meining og hyggja að séra Loftur Jósefsson sé öldungis saklaus en ekki sekur í veikleika Jóns Sigurðssonar yngra frá Einarsnesi sem hann í vetur meðþvingast hafi og beri þeir þennan sinn vitnisburð hvorki fyrir vild né vináttu, hræðslu eður ótta nokkurs manns, heldur eftir því sem þeir vilja andsvara fyrir Guði og sinni samvitsku. Fleiri vitnisburðum vændist séra Jósef Loftsson faðir séra Lofts með sömu afsökun í veikleikavöldum séra Lofts Jósefssonar við Jón Sigurðsson yngra frá Einarsnesi, að þá samvitsku og hyggju hafi hvör fyrir sig að séra Loftur Jósefsson sé heldur saklaus en sekur í veikleika Jóns Sigurðssonar yngra frá Einarsnesi. Fleira kvaðst séra Loftur skriflegt ekki hafa fyrir sér fram að leggja til varnar og forsvars í þessu máli. En að því undanteknu gáfu allir heiðurlegir kennimenn honum heiðurlegan og ærlegan vitnisburð í allan máta.

Jón Sigurðsson hefur og heiðurlega erlega vitnisburði í allan máta. Eigi var heldur vitanleg óvild þeirra í milli tilfallin né ósáttarefni svo nokkur þættist afvita. Nú býður séra Loftur Jósefsson sig til eiðs og undanfæris í þessu máli, að sé aldeilis saklaus í galdravilja, völdum og verkum þess veikleika sem Jón Sigurðsson hefur þolað og liðið í Skálholti nú í vetur *anno* 1669 og *anno* 1670, og ekki viti hann heldur neinn þess valdan vera. Framar býður séra Loftur Jósefsson sér og eið að hann hafi aldrei galdrastafi meðferðis haft né þá *characteres* Jóni Sigurðssyni sent né afhent sem Jón hefur framborið að séra Loftur Jósefsson hafi sér afhent og fengið að sínu viti. Virtist nálægum kennimönnum séra Lofti Jósefssyni full nauðsyn á vera að vinna þennan eið sér til frúnar og frelsis frá þessu illmæli, hvað hann lét sér og ljúflega lynda.

En með því ei þótti svo mannað að tólf kennimenn væru hér nú í þessum prestastefnudómi nálægir að tólf manna dómur yrði á þetta mál útnefndur, þar prestunum virtist tylftardómur eiga út að nefnast þar sem tylftareid skyldi gilda, þar málið sýnist hníga að galdravaldamálum, ráða eða verka. En nú eru ei prestar nálægir fleiri en tíu, en prófasturinn ellefti, biskupinn nálægur tólfti, en biskupinn bauð sig til að gjöra ending á þessu máli það framast honum og prestunum væri fært. Sýslumaðurinn Jón Vigfússon eldri bauð sig og til eiða að taka uppá ryktið ef þörf þætti, hvað nú sýndist ekki þurfa, þar ryktið svo almennilegt og víðfrægt hefði álegið. Því settu nálægir kennimenn eiðshæð og eiðvættafjölda séra Lofts til næstkomandi *synodum* að Þingvöllum 1670

Málið sett
fyrir
generalem
synodum
stiftsins

undir kennidómsins atkvæði með landsfógetans og biskupsins ráði, og bæði verjandi og sækjandi með öll sín gögn og vitni skyldugir í þann stað og tíma að koma og þar endilegs dóms að bíða, og ályktuðu nálægir kennimenn vel líðanlegt vera að séra Loftur mætti vel við sitt embætti líðast þar til eiðurinn honum dæmdist og biskupinn vítalaus þar úti þó hann léti þangað til við svo búið standa.

Samþykkti þetta álit og atkvæði heiðurlegur kennimann séra Torfi Jónsson héraðsprófastur í Árnesþingi, hvört eð framfór í nálægð, vitund og samþykki biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar, setjandi sínar handskriftir hér undir þessu öllu fyrskrifuðu til sannindamerkis og vitnisburðar. Snæfuglsstöðum í Grímsnesi, *anno et die ut supra*. (Undir hafa skrifað) Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh, Torfi Jónsson mpp, Jón Daðason meh, Árni Halldórsson eh, Jón Erlendsson meh, Guðmundur Bjarnason eh, Björn Stefánsson prestur meh, Álfur Jónsson meh, Þórður Bárðarson mpp, Jón Gíslason eh, Þórður prestur Þorleifsson mpp, Jón Snorrason meh.

Að endaðri prestastefnunni að Snæfuglsstöðum las Jón Sigurðsson yngri þennan eftirskrifaðan áburð uppá séra Loft Jósefsson sem eftirfylgir:

Eftir því eg Jón Sigurðsson yngri hefi nú um nokkra umliðna tíma, nefnilega á þessum vetri, af kvalarlegum veikleika plagaður verið, sem Guði almáttugum er gjörst kunnugast og þar með mörgum frómum mönnum sem tilvitað hafa bæði að heyrn og sjón, þá hefi eg mína samvitsku grandvarlega rannsakað og í henni fundið að þessi minn áðursagður veikleiki væri af mannavöldum. Þar fyrir í trausti almáttugs Guðs segi eg fyllilega þig séra Loftur Jósefsson af mínum áðursögðum veikleika valdan, annaðhvort með ráð eða dáð. Þessu ber eg þig það framast lög og mín samvitska leyfa að vitni allra þeirra er orð mín þessi heyra, (undirskrifað nafn) Jón Sigurðsson yngri meh.

Þetta afhent að fyrskrifuðum prestastefnulokum. Til merkis og vitnisburðar undirskrifaðra manna handskriftir. Snæfuglsstöðum *anno* 1670 29. mars, (undir hafa skrifað) Torfi Jónsson mpp, Guðmundur Bjarnason eh, Jón Erlendsson meh.

Þetta hér næst fyrir framan og ofan skrifað álit kennimanna er samankomu að Snæfuglsstöðum um rannsókn á máli séra Lofts Jósefssonar er hér orðrétt útskrifað eftir sínum handskriftuðum *original*, til vitnis vor nöfn er samantáksum. Skálholti *anno* 1670 4. apríl.

Páll Jónsson eh
Pétur Þorvarðsson meh
Daði Steindórsson meh
Einar Ólafsson eh

Ólafur Jónsson eh
Ólafur Gíslason eh
Oddur Jónsson eh

Áburður Jóns
Sigurðssonar á
séara Loft
Jósefsson

In nomine Jesu Christi crucifixi, benedicti amen!

Anno 1670 30. júní að almennilegri Skálholtsstiftis prestastefnu að Þingvöllum þessir heiðurlegir vellærðir kennimenn, prófastar, öldungar og prestar til dómsatkvæða nefndir af háeðla léns herrans fullmektugum landsfógeta erlegum velfornemme Jóhann Klein Péturssyni og biskupinum stiftisins *magister* Brynjólfi Sveinssyni, séra Þorleifur Jónsson prófastur í Rangárfingi, séra Torfi Jónsson prófastur í Árnesþingi, séra Einar Illugason prófastur í Kjalarnesþingi, séra Halldór Jónsson prófastur í Borgarfirði að sunnan, séra Eiríkur Vigfússon prófastur í Dalasýslu, séra Björn Snæbjörnsson prófastur í Snæfellsýslu, séra Jón Daðason, séra Oddur Eyjólffson, séra Sigurður Torfason, séra Þorkell Arngrímsson, séra Guðbrandur Jónsson, séra Árni Halldórsson, séra Illugi Vigfússon, séra Jóhann Jónsson, séra Guðmundur Bjarnason, séra Jón Erlendsson, séra Jón Grímsson, séra Helgi Grímsson, séra Álfur Jónsson, séra Jón Ólafsson, séra Hannes Björnsson, séra Björn Stefánsson, séra Jón Halldórsson, séra Rafn Ólafsson, séra Jón Jónsson, séra Þórður Þorleifsson, séra Benedikt Pétursson, séra Jón Snorrason, séra Sigurður Eyjólffson, séra Hallkell Stefánsson, séra Þorleifur Kláússon. Um þau mál stærri og smærri sem að lögum og rétti framkoma undir þessa prestastefnu.

In primis um það stórmæli sem framborið var í Skálholti anno 1670 af Jóni Sigurðssyni yngri frá Einarsnesi, skólapersónu í Skálholtsskóla, í þann tíð tvítugum að aldri, uppá séra Loft Jósefsson kirkjuprest sama staðar, hvörju svo var varið sem eftirfylgir. Og er áburður Jóns Sigurðssonar svohljóðandi eftir prestastefnu að Snæfuglsstöðum anno 1670 29. mars:

Áburður Jóns
Sigurðssonar
uppá séra Loft

Eftir því eg Jón Sigurðsson yngri hefi nú um nokkra umliðna tíma, nefnilega á þessum vetri, af kvalarlegum veikleika plagaður verið, sem Guði almáttugum er gjörst kunnugast og þar með mörgum frófum mönnum sem tilvitað hafi bæði að heyrn og sjón, þá hefi eg mína samvitsku grandvarlega rannsakað og í henni fundið að þessi minn áðursagður veikleiki væri af mannavöldum. Þar fyrir í trausti Guðs almáttugs segi eg fyllilega þig séra Loftur Jósefsson af mínum áðursögðum veikleika valdan, annaðhvort með ráð eða dáð. Þessu ber eg þig það framast lög og mín samvitska leyfa að vitni allra þeirra er orð mín þessi heyra, (undirskrifað nafn) Jón Sigurðsson yngri meh.


Þetta afhent að fyrirskrifuðum prestastefnulokum, til merkis og vitnisburðar undirskrifaðra manna handskriftir. Snæfuglsstöðum anno 1670 29. mars, (undir hafa skrifað) Torfi Jónsson mpp, Jón Erlendsson meh, Guðmundur prestur Bjarnason eh.

Og það sama eftir sínum fyrri áburðum með galdravöldum eður verkum með ráð eða dáð ber enn nú Jón Sigurðsson séra Loft Jósefsson afvaldan vera sínum veikleika og harðkvælum er hann leið í Skálholti anno 1669 og 1670 persónulega fyrir þessum prestastefnudómi. Lagði Jón Sigurðsson og hans


virðuglegur faðir herra Sigurður Jónsson lögmaður líkindi fram þessa áburðar Jóns, að auk almennilegs ryktis ósvarins tekins á Vatnsleysu *anno* 1670 10. mars, hvörju rykti var nú hjávíkið til eiðs grundvallar að þessu sinni með því að önnur frekari líkindi til áburðarins komu fram undir Snæfuglsstaða presta- stefnu *anno* 1670 29. mars af tíu prestum og héraðsprófastinum séra Torfa Jónssyni í nálægð biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar, sem voru harðkvælavcikindi Jóns Sigurðssonar er hann þoldi í Skálholti 1669 og 1670, hvörjum tjáðist svo varið hefði verið að hann með stórhljóðum og öngvitum hörð aðsvif fengið hafi fleirum en færrum, en þegar viðleitast var að hann færðist frá Skálholtsstað suður yfir Hvítá, fyrst til Fjalls nærri viku, síðan til Laugardæla, hvar hann og í Flóanum dvaldi nærri hálfan mánuð, yrði ekki vart við þennan hans veikleika. Einnin nú síðan hann vestur til sinna heiður- legra foreldra kom taldist nú fyrir dóminum að aldeilis hraustur og ósjúkur verið hafi af þess konar veikleika, hvað nú báru hans þingaprestur séra Jón Halldórsson og Sigurður Björnsson svarinn landsþingsskrifari og fleiri aðrir góðir menn, hvörra vitnisburðir hér voru nú upplesnir. *Item* framkomu vitnis- burðir bréflaga upplesnir að ei hefðu menn vitað Jón Sigurðsson áður né síðan með þess konar harðkvæla veikleika þungaðan verið hafa, en í vetur og í vor þá hann kom í Skálholtsstaðar landeign og Grímsnes hafði hann strax þar við var orðið og með þungaður verið meðan þar var, hvað mönnum virtist undarligt og ónáttúrligt.

Líkindi
áburðinum til
staðfestu

Í annan máta hafði Jón Sigurðsson framborið til líkindaáburðar síns áður- skrifaðs uppá séra Loft Jósefsson meðferð og afhending *characterum* á tveimur blöðum, sinna tveggja á hvoru. Annað *in originali* er Jón segist fundið hafa í svæfli eður koddasínum eftir næstu fráför Skafta Jósefssonar, bróður séra Lofts, með þessari yfirskrift *Við allsháttuðum kvillum* fígúru þess konar sem næst mátti komast:



Annað blað með tveimur *characteribus* í útskrift með þess háttar tveimur fígúrum:



En Jón Sigurðsson meðkennir að þessir tveir seinni *characteres in originali* hafi sér af séra Lofti sjálfum afhentir verið að leggja við sína síðu, en *originalinn* segir hann horfið hafa frá sér í sínu kveri af hillunni við sæng sína, hvört kver sér hafi síðan aftur afhent Skafti Jósefsson bróðir séra Lofts, en blaðið með *characteribus* hafi í burtu horfið verið, hvað hann segist ekki síðan séð né aftur fengið hafa svo hann megir fyrir vottum lýsa. Fleiri líkindi lagði lögmað-

urinn ekki inn að þessu sinni utan það á Snæfuglsstöðum var innskrifað og upplesið verið hefur undir þennan prestastefnudóm, sem er meðkenning Jóns Ólafssonar og Valgerðar Eyjólfsdóttur uppá orð séra Lofts um veikleika Jóns Sigurðssonar í þriðja sinn og eftirkomandi sem tóðist þó að séra Loftur hefði í hvort sinn ölkenndur verið. Þar fyrir kunna menn ei til þessa máls ástæðu því að gegna svo satt sem rísa mætti, með því eigi var eftirspurt hvort viðstanda vildi.

Varnir séra
Lofts

Hér á mót frambar og lagði séra Loftur Jósefsson heiðurlega og erliga vitnisburði uppá sína hegðan og umgengni í lærdómi og lifnaði, bæði kennimannanna á prestastefnunni á Snæfuglsstöðum í biskupsins og héraðsprófastsins nálægð og samþykki, svo og margra sinna sóknarmanna. *Item* samkominnna manna í Biskupstungum í Haukadal 1670 20. mars með undirskrifuðum nöfnum sjö manna, samþykktum og meðkenndum á Vatnsleysu manntalsþingi 1670 6. maí með nöfnum handsöluðum og handskriftuðum til samans fimmtán manna, hvörra inntak og meining var samhljóðandi, að þeir meina og fullkomlega hyggja séra Loft Jósefsson heldur saklausan en sakaðan af þessu máli eður veikleika (Jóns Sigurðssonar yngra frá Einarsnesi), hvörs fyrir framan getið er, og annara fleiri manna með sama móti. Einnin voru upplesnir vitnisburðir Jóns Sigurðssonar uppá erliga umgengni sem innfærðir voru á Snæfuglsstaða prestastefnu.

Álit synodi í
héraði

Beiddist nú biskupinn opinberlega þeirra frekari gagna og vitna sem þessu máli mætti til styrks og stoðar, gagns og góða vera eður verða í sókn og vörn á báðar síður, bjóðandi sig til að láta þær hér innskrifa ef lögmætar væri, hvörjar ei framkomu framar en áður hafa skrifaðar verið. Hefur prestum á Snæfuglsstöðum samankomið að prestinum séra Lofti Jósefssyni þætti full nauðsyn vera frá þessu illmæli sig að sverja með eiði, hvar til séra Loftur lét sig og viljugan finna, en þá þótti ekki svo fjölmennt að metið yrði hvað hár sá eiður skyldi vera, einkum skyldi tylftareid gilda, þar kennimenn voru ei svo margir þá samankomnir. Því var þetta mál frá Snæfuglsstaða prestastefnu hingað sett, en séra Loftur Jósefsson handsalaði nú biskupinum þann lagaeið að vinna sem sér dæmdist að lögum nú á þessari prestastefnu, bæði fyrir áðurskrifaðan áburð Jóns Sigurðssonar og allra af honum framborinna galdra-valda eða verka, ráða eður dáða, vilja og meðvitundar til neins fordæðuskapar, skaða, harðkvæla eður hindrunar á heilsufari Jóns Sigurðssonar. Sömuleiðis og bauð séra Loftur Jósefsson sér eið fyrir þá rúnastafa meðferð, seiðing og afhending er Jón Sigurðsson hefur framborið bæði sig fundið hafa í koddanum og sér fengna af séra Lofti, og öngvan vilja né vitund hafi hann þar af haft.

Nú hljóðar kóng *majestets recess Christiani qvarti, capituli* 28 svo: Allir embættismenn, riddaraskapur, biskupar, prófastar, prestar, borgmeistarar og ráðamenn, fógetar og allir aðrir sem eru í yfirvalds stétt, hvör eftir sinni *conditione*, strax sem þeir um soddan (tröllfólk og þeirra meðvitara) vísir

verða, skulu skyldugir vera alla þá um hvörja þessi befalling mælir að opin-bera, átelja og eftir lagavegi að straffa láta, svo framt þeir ekki sjálfir þar fyrir vilja til rétta standa sem þeir er þvílíks fólks meðvitarar séu og með þeim samþykkja. Því vogum vær ekki þessu máli lagaundanfærislaust hjá oss að víkja.

Par fyrir að heilags anda náð tilkallaðri, að metnum og yfirvegunum rökum og ástæðum þessa máls í sókn og vörn, dæmdu áðurskrifaðir kennimenn séra Lofti Jósefssyni lögfullan tylftareid fyrir allan áðurskrifaðan áburð Jóns Sigurðssonar. Voru þessir heiðurlegir kennimenn nefndir til eiðvætta séra Lofti Jósefssyni undan áðurskrifuðum áburði Jóns Sigurðssonar, séra Árni Halldórsson, séra Helgi Grímsson, séra Björn Stefánsson, séra Rafn Ólafsson, séra Benedikt Pétursson, séra Jón Gíslason, séra Þorleifur Kláússon, séra Þórður Bárðarson, séra Sigurður Eyjólfsson, séra Jón Jónsson á Fellsmúla, séra Jón Halldórsson og séra Jón Snorrason, og hafi sjö af þessum eftir lögum og sjálfur áttundi og fjórir fangavottar, og sverji svofelldan bókareid fyrir biskupi eða prófasti, að séra Loftur Jósefsson sé ekki né verið hafi meðvitandi, viljandi, valdandi né verkandi harðkvæla veikleika Jóns Sigurðssonar yngra frá Einarsnesi er hann þolað hefur í Skálholti og þar nálægt, *anno* 1669 og 1670, með fordæðuskap, göldrum eður galdragjörningum með ráð eður dáð gjört eða gjöra látið, og aldrei hafi hann meðferðis haft, fengið né afhent Jóni Sigurðssyni þá *characteres* fá né afhenda látið er Jón Sigurðsson ber sig í sínum kodda fundið hafa, ei heldur þá *characteres* honum fengið er Jón Sigurðsson ber hann sér fengið hafa. Og svo sannarlega sem hann þetta satt sver þá hjálpi honum Guð en refsí ef hann lýgur, og hafi þennan eið unnið innan næstkomandi Michaelismessu að Þingvöllum, er biskupinn hyggur vera rúmar tíu vikur særra daga, vel þó fyrri sé, og vinni þennan lagaeið innan héraðs í Árneshöfði fyrir prófastinum eður biskupinum, og sé kostur gjörður herra Sigurði Jónssyni eður hans syni Jóni Sigurðssyni yngra, öðrum eður báðum, eður þeirra löglegum umboðsmanni, viðstöddum að vera þegar eiðurinn framkvæmist ef svo vilja, hvörn tíma séra Loftur ávísi þeim er eiðinn taka skal tímanlega, svo þeir og í tíma fái þar vitneskju af í hvörn stað og dag eiðurinn framfer, vilji Guð svo vera láta.

En fallist honum þessi eiður dæmist hann af embættinu til kónglegrar *majestets* og vors virðuglega lénsherra náða og atkvæða frá oss þessa stiftis kennidómi, bæði mál þetta og persónu séra Lofts Jósefssonar, en setjum þó þetta vort dómsatkvæði áður undan, fyrr en til hæsta yfirvalds kemur, undir *censur*, *consideration* og atkvæði vors háeðla lénsherra, herra Henrik Bielkes, og nú þegar í hans fráveru og stað hans fullmektuga landsfógeta erligs fornemme manns Jóhanns Péturssonar Kleins, það að lagfæra og leiðrétta, af að taka og til að leggja sem háeðla lénsherrans *excellens* og hans landsfógeta erligheitum sýnist best haga og henta á allar síður, auðmjúklega *recommen-derandi* oss og þetta vort álit voru virðuglega yfirvaldi til alls hins besta.

Eiður dæmdur
séra Lofti

Eiðvætti nefnd

Eiðsformið

En komi séra Loftur þessum eið ei fram nú á þessu Öxarárþingi beiddist biskupinn dómsatkvæðis af heiðurlegum kennimönnum, hvort þeim virtist víta og hneykslislaut fært og forsvaranlegt að séra Loftur Jósefsson héldi embættisþjónustunni að dómkirkjunni í Skálholti og sókninni, bæði hans fjölskyldu í þessum útréttingum og veikra samvitskna vegna sem sturlast mættu meðan hann væri ei frá þessu illmæli að lögum genginn. Ályktuðu kennimennirnir með samþykki séra Lofts Jósefssonar að hann væri laus við dómkirkjunnar þénustu komi þessi lagaeiður ekki fram undir þessa næstkomandi *visitationis* Maríu messu *anno* 1670 2. júlí.

Samþykkti þennan heiðurlegra kennimanna dóm biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson, óskandi með prestunum að erligur velfornemme mann Jóhann Pétursson Klein landsfógeti yfir Íslandi í háeðla lénsherrans herra Henriks Bielkes stað í fráverunni uppá hans *excellens* gott behag og samþykki vilji og sitt samþykki hér tilleggja, en áður nefndir heiðurlegir kennimenn ásamt biskupinum settu sínar handskriftir hér undir, þessu öllu dómsatkvæði til fullnaðarstaðfestu og vitnisburðar, Þingvelli 1. júlí *anno* 1670 *ex synodo*.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh	Torfi Jónsson mpp
Þorleifur Jónsson meh	Einar Illugason prestur mpp
Björn Snæbjörnsson meh	Halldór Jónsson eh
Oddur Eyjólfsson meh	Sigurður Torfason mpp
Jón Daðason meh	Árni Halldórsson eh
Eiríkur Vigfússon	Helgi prestur Grímsson eh
Þórður prestur Þorleifsson mpp	Guðmundur prestur Bjarnason eh
Þorleifur Kláusson prestur eh	Sigurður Eyjólfsson ckt mpp
Rafn Ólafsson mpp	Álfur Jónsson mpp
Björn Stefánsson meh	Jón Erlendsson mpp
	Jón Grímsson prestur meh

Undir þennan áður fyrir framan og ofan skrifaðan prestastefnudóm, genginn á Þingvöllum nú *anno* 1670 1. júlí skrifa og

Jón Ólafsson meh	Jóhann Jónsson meh
Jón Jónsson mmh	Séra Hannes Björnsson eh
Jón Halldórsson eh	Guðbrandur Jónsson mpp
Jón Snorrason meh	Benedikt Pétursson prestur eh

Sendibréf biskupsins til séra Lofts Jósefssonar hvar inni hann *citerar* hann til Þingvalla að vinna sinn eið

Heiðurlegi kennimann séra Loftur Jósefsson, *etc.* Ávísast yður að eg hefi tilskrifað öllum þeim heiðurlegum kennimönnum sem yður til eiðvætta nefndir voru nú síðast að prestastefnu að Þingvöllum, að þeir vildu allir til Þingvalla komnir vera á mánudagskvöldið næsta fyrir Michaelismessu, sem er að kvöldi þess 26. dags september, svo að á þriðjudaginn næsta eftir, sem er sá 27. september, mætti úttalast um yðar málefni. Því bið eg yður og tilsegi í nefndan stað og dag kominn að vera svo ei bregðist, svo yðar mál mætti á einhvern veg eftir góðum og þægilegum Guðs vilja útkljást og úttalast. Guð gefi þetta áform og allt vort ráð og efni mætti verða Guði til lofs og dýrðar, en oss öllum sem hlut að eigum til gagns og góða fyrir sál og líf, hvörjum góðum Guði eg fel yður *etc.* Skálholti 1670 17. ágúst.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh.

Látið einnin með yður koma fangavotta þá fengið hafið ef nokkrir eru til ásetts dags og staðar, *vale*.

Þetta er rétt útskrifað eftir sínum *original*, til merkis vor nöfn er sam-anlásam, Skálholti 1670 17. ágúst.

Ólafur Gíslason eh

Gissur Bjarnason mpp

Anno 1670 1. júlí að almennilegri Skálholtsstiftis prestastefnu að Þingvöllum til dómsatkvæðis kallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni með ráði, forlagi og samþykki erligs manns Jóhanns Péturssonar Klein, hans háeðla lénsherra herra Henriks Bielkis fullmektugs landsfógeta yfir Íslandi, séra Þorleifur Jónsson prófastur í Rangárþingi, séra Torfi Jónsson prófastur í Árnesþingi, séra Einar Illugason prófastur í Kjalarnesþingi, séra Halldór Jónsson prófastur í Þverárþingi að sunnan, séra Eiríkur Vigfússon prófastur í Dalasýslu, séra Jón Daðason, séra Jón Ólafsson, séra Jón Jónsson, séra Oddur Eyjólfsson, séra Sigurður Torfason, séra Árni Halldórsson, séra Jón Grímsson, séra Sigurður Guðmundsson, séra Rafn Ólafsson, séra Guðmundur Bjarnason, séra Þorleifur Kláusson, séra Jón Snorrason, prestar Skálholtsstiftis. Um þau málefni sem nú réttilega sett, dæmd og lögð voru undir þessa *synodum* og kennidóminum bar í að segja og atkvæði á að leggja eftir kóng *majestets ordinantiu, recess* og *mandatum*.

Kom fram Lónskirkju niðurfallsmál er erligur velaktandi lénsherrans fullmektugur landsfógeti yfir Íslandi, Jóhann Pétursson Klein, hafði bréflega til sagt í rétt að kalla og Lónskirkju fjárhalds og forráðamann að helmingi, heiðurlegan kennimann séra Björn Snæbjörnsson vegna Staðarstaðarkirkju á

Citatio
biskupsins til
séara Lofts

Ölduhrygg er jörðina Lón á hálfa móts við Kolbeinsstaðakirkju, að séra Björn leggi fram undir þessa prestastefnu þau forsvör og afsakanir sem hann megi sér til varnar færa um forsómun og hirðuleysi í þeirrar kirkju uppbyggingu og viðhaldi, að svo miklum hluta sem honum ber til að svara, eða líða dóm. Þar uppá hafði biskupinn velnefndan séra Björn Snæbjörnsson hingað til prestastefnu þessarar kallað og *citerað* að forlagi herra landsfógetans herra Jóhanns Péturssonar Klein, *dateruðu* Bessastöðum 18. apríl *anno* 1670, en *datum citatiunnar* Skálholti 1670 25. apríl, hvör yfir séra Birni Snæbjörnssyni lesin var við votta af heiðurlegum manni Ólafi Jónssyni Skálholts skóla-meistara að bón biskupsins á Stað á Ölduhrygg 1670 6. maí. Þar undir hafa skrifað Einar Eyjólfsson eh, Árni Ámundason eh, Ketill Jónsson handsalaði.

Innihald herra landsfógetans tilsagnar er það helst að formeinist að Lónskirkja í Snæfellssýslu, sem liggi undir Staðarstaðar *beneficio*, skuli ekki í langa tíð verið hafa svo embættisfær sem bar, svo Guðs þjónusta þar í ei skuli kunnað hafa að framkvæmast síðan næst umliðna júlímánuð, hvílíkt ei ber þannin óstraffað að líðast. Vill þar fyrir að séra Björn hér undir presta-stefnudóm mæti og með sér taki hvað forsvör hann kunni hafa í móti slíkri óbilligri meðferð.

Hér í mót innlagði heiðurlegur kennimaður séra Björn Snæbjörnsson að Staðarstað, prófastur í Snæfellssýslu, þessar varnir og forsvör. *Primo* að um sumarið 1666 hafi engin borð flust á Stapa nema þau er Skafti Torfason ætlaði til Laugarbrekkukirkju, hvör honum þó brugðist hafi. Hans meðkenning þar uppá var upplesin, útgefin Laugarbrekku *anno* 1670 1. maí eftir því sem hún sér líkast hermir. *Anno* 1667 um sumarið hafi ekkert kaupfar komið á Stapa. Þess er og getið í meðkenningu Skafta Torfasonar fyrirskrifaðri. *Anno* 1668 skrifar séra Björn sig keypt hafa nokkur bjálkatré og látið sum færa strax út í Lón, beðist þá af kaupmanninum Pétri Hanssyni borðanna til Lónskirkju og hafi kaupmaðurinn þótt þau ekki hafa. Þar uppá var framlögð meðkenning séra Jóns Ólafssonar að Hvammi, *dateruð* við Búðir 1669 23. júní með hans undirskrifaðri handskrift, og önnur meðkenning henni samhljóðandi útgefin af Jóni Hallbjörnssyni, útgefin Staðarstað *anno* 1670 20. mars. Af honum handsöluðu vottar Jón Þorsteinsson, Sigurður Guðmundsson. Og enn samhljóðandi meðkenning Jóns Þorsteinssonar útgefin Staðarstað *anno* 1670 5. apríl. Hvörjar allar nú fyrir *synodo* upplesnar voru.

Anno 1669 um sumarið skrifar prófasturinn sig fengið hafa og útfæra látið til Lóns 56 borð sem þar í kirkjuna til forvörunar hafi innsett verið, en betri borð hafi ekki af kaupmanninum fengist, jafnvel þó til hafi verið. Þar uppá hefur vitnisburð gefið Guðmundur Vigfússon en vottað til séra Páls Gunnarssonar og Christians undirkaupmanns. Sama sumar skrifar séra Björn sig boðið hafa til að láta byggja kirkjuna uppá móts við Kolbeinsstaða eigendur að helmingi, hvört tilboð upp hafi verið lesið í Lónskirkju um haustið, prestinum og söfnuðinum áheyrandi þann 16. sunnudag eftir *trinitatis*. Þetta tilboðsbréf,

daterað Staðarstað 1669 með undirskrift séra Björns Snæbjörnssonar, enn upplesið í Lónskirkjusöfnuði 26. september. Þar hafa undirskrifað séra Sigurður Helgason, Brynjólfur Erlingsson og Þórður Þórðarson, hvört og var nú hér upplesið. En enginn hafi sig í ljósi látið á móti á hina síðuna. Næsta mánudag eftir hafi kirkjan verið ofantekin en næsta þriðjudaginn eftir formið og grundvöllurinn aftur undirlagt, fyrri hafi óhægt verið veggjunum upp að koma því flestir sóknarmenn hafi í sveit verið en ónáðugt veðráttufar þar.

Nú sem fyrri segir séra Björn sig fyrir kirkjunnar á Stað og sitt leyti með Guðs vilja og ráði Lónskirkju að uppbyggja láta af fengnum *materialibus* það fyrsta að verði, óskandi Kolbeinsstaða eigendur eður þeirra umboðsmaður láti sig í ljósi og í té láti fyrir þeirra part það sem til byggingarinnar þarf, svo engin hindran þess vegna lengur verði. Hér um skrifar prófasturinn sig bréf skrifað hafa í fyrrasumar *anno* 1669 á alþing erugöfugri Sólveigu Magnúsdóttur til, en ekki aftur andsvar þar uppá fengið. Framar lagði séra Björn fram meðkenning séra Sigurðar Helgasonar, *datum* Arnarstapa 1670 30. apríl með hans undirskrift, að hann formerkt hafi af bréfum séra Björns Snæbjörnssonar sem hann sér tilskrifað hefur að hann vilji að Lónskirkja mætti byggjast aftur og beðið sig sóknarfólkið að áminna að það sig liðugt auðsýna vildi til aðstoðar í áðursögðu efni. *Item* lagði hann fram aðra meðkenning séra Sigurðar Helgasonar útgefna Miðgörðum í Staðarsveit 1670 21. júní með undirskrift hans, hvar inni hann meðkennir sig í Lóni embættað hafa eftir prófastsins skikkun síðan í haust þá þar hafi mögulegt og tækt verið sökum veðráttunnar, svo ekki hafi undanfallið margir helgir dagar sem sér hafi borið þar að embætta.

Um Lónskirkju
bygging

Framar tjáir nú séra Björn að hann hafi nú smiðnum tilfengið fjálvið og bjálkavið aðdregið af þeim efnum sem hann hafi getað tilfengið, þó enginn verði þar til á hina síðuna, svo ekki skuli á sína síðu hér úti hindrun verða. Sést og af bréfi Jóns Björnssonar séra Birni tilskrifuðu 1668 16. febrúar að Rauðamel syðra, svohljóðandi meðal annara orða: Yðar bréf hljóðar og viðvíkur Lónskirkju uppþæting, sem eg hefi áður að raun komist, nauðsyn og einkum full þörf á væri, og hefur á þessu ári ekki verið hægt aðgjörða þar um, því viðurinn hefur ekki aðflust svo sem áður, svo sem þér og áminnist í yðar bréfi *etc.*

Framar lagði séra Björn fram skikkunarbréf erligs manns Matthías Guðmundssonar kóng *majestets* sýslumanns og Stapaumboðs forvaltare, útgefin Arnarstapa 1670 30. apríl, hvar inni hann skyldar og skikkar alla Lónskirkju sóknarmenn, hvörn og einn síns embættis vegna, að þeir fljótustu aðgjörðir hafi til þessarar kirkjubyggingar að hjálpa, veggina að hlaða, torf að stinga eður rista, þegar þar um tilsagt verður, hesta að ljá og aðra þjónustu eftir þörfum, kirkjuvið og önnur efni, svo sögð kirkjubygging ekki hindrist lengur *etc.* Sá seðill upplesinn í Lóni allflestum Búðamönnum áheyrandi 1670 1. maí. Vottar þar að undirskrifaðir Brynjólfur Erlingsson og Þorleifur Þórarinnsson.

Einnin tjáðist að prófasturinn séra Björn hafi óskað og beðið Lóns

kirkjusóknarmenn er fyrrskrifaðan skikkunarseðil heyrðu að þeir það snarasta mögulegt væri tilhjálpuðu hvör eftir sinni formegan kirkjunni í Lóni að torfverkinu upp að koma, svo að nefndrar kirkju bygging þar fyrir ekki lengur undandragast þyrfti. Einnin aðspurði áðurtjáður prófastur hvort sá nokkur væri nálægur sem Sólveigar Magnúsdóttur umboð hefði til að leggja efni og smíði til Lónskirkju fyrir hennar part eður hvort það vildi nokkur gjöra hennar vegna, hvar til enginn sig í ljósi lét í það sinn. Til merkis undirskrifuð nöfn, Lóni 1670 5. júní, undirskrifaðir vottar Brynjólfur Erlingsson, Árni Ámundason.

Þessar framlagðar varnir virtust nú kennimönnunum að þessari prestastefnu nálægum sitjandi sýna fullan vilja og viðleitni séra Björns til að endurbæta og byggja Lónskirkju fyrr en af orðið hefur, þó hindrun og undandráttur hafi á orðið, því viðirnir hafa ekki fengist í hvört sinn sem til kaups hefur óskað verið, sem tjáist af innfærðum meðkenningum, og þar fyrir vægðar og vorkunnar von þó hingað til hafi svo búið staðið, bæði þess vegna að svo treglega hefur tilgengið viðunum að ná sem fyrrskrifað er og svo þess annars að Kolbeinsstaða eigendur hafa ekki hingað til þau efni til Lónskirkju flutt eður lagt sem þeim ber til að leggja fyrir sitt leyti á móts við séra Björn og Staðarstaðarkirkju. Með því sóknarpresturinn og tjáir að hingað til hafi ekki í vetur stór forsómun á embættinu orðið, en héðan af sem fyrst mögulegt er í sumar án stórforfallalaus undandrátta, vilji hann framvegis hér af skaðlaust komast, hvort sem Kolbeinsstaða eigendur leggja til að sínu leyti sem ber eður ekki. Slíkt hið sama tilsögðu þessir heiðurlegir kennimenn Kolbeinsstaðarkirkju fjárhaldsmönnum án lengri dvalar og dráttar nú í sumar það allra fyrsta mögulegt er að láta framkoma af sínum helmingi efni og alla byggingarframkvæmd til Lónskirkju að sínum hluta móts við staðarhlutinn, vilji þeir fyrir yfirvaldsins frekari tiltali fríðir vera, því verði þessu ekki gegnt þá skyldast biskupinn til að leita kóngsvaldsins ráða og aðgjörða svo kirkjan haldist við og falli ekki af fyrir manna vanrækt, forsómun og hirðuleysi, en óskum að erligur herra landsfógetinn láti sér þetta prestastefnunnar álit og atkvæði lynda og líka og hafi prófastinn séra Björn Snæbjörnsson hér um að þessu sinni afsakaðan, því hann lofar nú hér á sem allra fyrst í sumar bót að ráða sem hingað til hefur mátt ábresta.

Samþykkti þetta álit og atkvæði kennimannanna uppá yfirvaldsins og háeðla lénsherrans fullmektugs, erligs velfornemme manns herra Jóhanns Péturssonar Klein gott behag og samþykkisósk, biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson, setjandi sitt nafn ásamt þeirra hér undir til sannindamerkis og vitnisburðar, Þingvöllum 1. júlí *anno* 1670.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Þorleifur Jónsson meh
Árni Halldórsson eh

Torfi Jónsson mpp
Einar Illugason prestur mpp
Halldór Jónsson eh

Oddur Eyjólfsson meh
Jón Jónsson mmh
Jón Grímsson prestur meh
Jón Erlendsson mpp
Rafn Ólafsson mpp
Jón Ólafsson meh
Álfur Jónsson mpp

Eiríkur Vigfússon meh
Sigurður Torfason mpp
Þorleifur Klásson prestur eh
Guðmundur prestur Bjarnason eh
Helgi prestur Grímsson eh
Sigurður Guðmundsson eh
Jón Snorrason meh

Anno 1670 1. júlí að Þingvöllum heiðurlegir kennimenn til álita og atkvæða nefndir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, sem sín nöfn hér undir setja, um það mál sem Einar Torfason *studiosus attestatus* atkvæðis og úrræðis ábeiddist, sem er að meta þær orðsakir er nokkrir kirkjusóknarmenn að Stað í Steingrímsfirði höfðu skriflega frá sér útgefið og látið afhenda til Bessastaða, hvar fyrir þeir hafi afsagt að kalla sér til sóknarprests velnefndan Einar Torfason í stað þess fráfalna kennimanns séra Einars Sigurðssonar prófasts í Strandasýslu, hvör þeim var framboðinn eftir það þeir köllun útgefið höfðu séra Magnúsi Einarssyni, hvar til þeir höfðu sér sjálfir nefnt og útvalið í prófasts stað fyrir framan þá köllun að vera séra Ásgeir Einarsson, bróður séra Magnúsar, en ekki kennimennirnir sýslunnar hann til prófasts útvalið, og ekki hafði fyrir biskupinn komið að prófasturinn væri fráfallinn svo hann kunni neina skikkun þar úti að gjöra né neinn í prófasts stað að setja, en kóng *majestets* bréf *attestatis* útgefið skikkar að *attestati* skuli fyrstir kallast, þar staðir og sóknir losna, meðan þá er að fá og þeir vilja tilkallast láta, svo framt sem þeir í lærdómi og lifnaði skikkanlegir reynast. Annars að allt gangi skikk-anlega eftir *ordinantiunni*. Því hafði biskupinn með landsfógetans samþykki, erligs manns Jóhanns Péturssonar Klein, með Einari Torfasyni frá Bessastöðum skrifað að hann léti sig til þeirrar sóknarkirkju heyra og annaðhvort sóknarmannanna köllun meðtaka eður skjallegar orðsakir hvar fyrir þeir hann ekki kalla vildu. *Datum* þess bréfs 18. apríl 1670 og til þess erindis framkvæmdar hafði biskupinn kvatt og nefnt heiðurlegan kennimann séra Pál Ketilsson í Hvammi í prófasts stað að vera, annaðhvort til þess köllunina af sókninni að meðtaka eður orðsakirnar sem frábægði, og lögðu þeir þessar sérlegustu:

1. Að Einar sjálfur hafi forsómað köllunartímann og sjálfur sínum fríheitum forskotið og sig ekki í tíma til kallsins *præsenterað* og sín fríheit sér ekki birt, svo ekki hefði mátt varast nema vissi. Þar á móti leggur fram Einar Torfason sendibréf séra Ásgeirs Einarssonar *daterað* Tungu í Steingrímsfirði 10. febrúar 1670, hvar af að sjást má að Einar hafi hans leitað til að vera með sér í þessu kosningarerindi, hvar inni svo stendur meðal annara orða: Því að ekki mun því að leyna að óbifur hinn mesti mun vera sóknarmönnum nokkurn þangað að kjósa eður útvelja á meðan séra Magnús er ei frágenginn og næsta hvort þeir fella sig við til kirkju þangað að koma ef nokkrir annarlegir vilja

Orðsakir hvar fyrir Stein-grímsfirðingar vildu ekki kjósa Einar Torfason

sig heyra láta, svo allt verður það í ólagi *etc.* Hvar af Einar meinti ekki tjá mundi sig þar til kallsins að *presentera* í soddan óvilja sóknarmannanna og þykir sér því ekki öldungis um að kenna þó sín fríheit hafi þeim ekki birt og úr köllunartímann hafi liðið þeirrar þverúðar vegna er hann hugði sig þar von á eiga. Virtist nú prestunum athugandi hvað lögleg væri sú köllun sem þeir höfðu gefið séra Magnúsi Einarssyni, útgefin Stað í Steingrímsfirði 1670 11. apríl, eftir það séra Einar var fráfallinn að sögn séra Magnúsar þann 7. mars, tjá forföll að biskupsins ekki hafa getað leitað um prófastinn eða neinn í hans stað að setja vegna harðrar og snjósamrar veðráttu, kjósa því sjálfir séra Ásgeir Einarsson í prófastsins stað að vera í trausti yfirvaldsins þessa sína köllun að framkvæma, hvað hann og gjört hefur sem hans samþykkt undirskrifuð í auðmjúku trausti við yfirvaldið útvisar, svo mikið eður lítið sem sér þetta efni viðkemur. *Actum ibidem* 1670 11. apríl.

Og með því Einar Torfasen heldur áfram um sín *attestatiu* fríheit og tilkall til þessa staðar, þá beiddist hann nú af *synodo* að metast mætti hvað lögleg þessi kallan Staðarsóknarmanna í Steingrímsfirði séra Magnúsi Einarssyni útgefin haldast skyldi sínum fríheitum á móti, og gjörðu nú prestarnir þessa köllun ógilda og ekki löglega þar sá var ekki löglega tilkominn sem í prófasts stað skyldi til ráðs og samþykkis fyrir framan vera með sóknarmönnunum eftir *ordinantiunni*, með því ekki komu fram bevísingar að svo stór forföll hefði tilfallið að ómögulegt hefði verið bréfi eður boðskap til biskupsins að koma um fráfall prófastsins og engin þeirra viðleitni þar um framlögð, en Einari Torfasyni var þó mögulegt um þann tíma suður til Bessastaða og austur í Skálholt að komast úr þeim sveitum. Því virtist nú *synodo* þetta kall Staður í Steingrímsfirði undir yfirvaldsins köllunarráð komið og fallið vera eftir kóng *majestets ordinantiu* og *mandatis* þá lögleg köllun kemur ei fram í réttan tíma, hvörnin sem séra Magnús Einarsson, sem *annexiunni* í Kaldarnesi þjónað hefur, verður með sinni fjölskyldu fyrir yfirvaldsins náð og gunst. Útheimti Einar Torfasen hans köllunarbréf til *capellans* þenustu föður sínum séra Einari Sigurðssyni. Lagði séra Magnús Einarsson fram gamalt sendibréf biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar þar hann gefur séra Magnúsi leyfi úr Ögurþingum með góðum vitnisburðum þaðan, hvörjum hann vændist og Einar Torfasen með nægðist uppá hans góða kynningu. Framar var ekki þar um framborið að sinni.

Í annan máta hljóðar Staðar og Kaldaðarness sóknarmanna innlag að þeir þykjast gengið hafa eftir *ordinantiunni* í köllun séra Magnúsar Einarssonar, hvör ekki gjörir ráð fyrir öðru en sóknarpresturinn sé kosinn, og ei viti þeir sig lög fyrir hvörjum hún skuli víkja, því hún sé þeirra fríheitabréf og þess vegna öðrum fríheitum æðri og verðugri að hún sé almennileg og fleirum útgefin *etc.* Þar til er nú að miklu leyti svarað af *synodo* í atkvæði uppá fyrsta póstin, þar þeirra forföll hafa ekki bevísuð framkomið frá *ordinantiunni* að víkja og sjálfum sér í prófasts stað að setja þann þeir vildu. *Synodus* vill ekki *ventilera*

hvort kóngligt *majestets mandat* skuli öðru æðra vera, þykir það ekki undir sínu mati né virðingu vera, þó heyrt hafi þá reglu að *posterior lex prævaleat priori, specialius generali*. En kóngdómurinn sjálfur mun þetta best *liquidera* nær til hans kemur. *Item* framar í sama pósti er framborið af undirskrifuðum sóknarmönnum að ekki hefði þeir Einar Torfason afkosið né afbeðið, hrysi þeim ekki svo mjög hugur við hans stirðu mannorði sem hann þar hjá þeim hafi, þó mörgu hans *termini* og framferði ekki svo hagi að bevíslegt samantínt og burtstent verði í fjarlægjar sveitir. Á móti þessu stirðlegu mannorði er sóknarmenn bera Einar Torfason þar hjá því hafi og mörgu *termini* hans og framferði er þeir skrifa ekki svo hagi að bevíslegt samantínt og burtstent verði í fjarlægjar sveitir.

Þar í móti leggur Einar Torfason sína vitnisburði, fyrst vottaða meðkenning er Teitur Þórðarson og Bjarni Bjarnason hafa vottað og undirskrifað að Felli í Kollafirði *anno* 1670 14. maí, að sóknarmenn að Stað (í Steingrímsfirði) meðkenndu að Einar hefði við sig meinafínd sér hagað og ei klöguðu þeir yfir honum fyrir sína persónu, það fram við sig komið hefði, heldur voru þeirra orðmæli og mótsagnartal byggt upp á kvis og róm er heyrt sögðust hafa *etc.* Framar lagði Einar Torfason fram Staðarhóls manntalsþings vitnisburð tekinn 25. maí 1670 undirskrifaðan og handsalaðan af 21 persónu uppá guðrækilega, siðsamlega og í allan máta ærlega hegðun við meiri háttar menn og minna til orðs og æðis og allra athafna, bæði þann tíð hann á Staðarhóli dvaldist og endranær það framast þeim er vitanlegt. *Item* þingsóknarmanna vitni að Felli við Kollafjörð *anno* 1670 13. maí, handskriftaðan og handsalaðan til samans af 17 mönnum, hvar þeir bera að heiðurlegur Einar Torfason hafi sér við þá hagað og hegðað sem einn erlegur velskikkaður og lastvar maður og ei í sannleika viti þeir hans annað en frómt og ærlegt í allan máta *etc.* *Item* framlagði Einars manntalsþings vitnisburð útgefinn Kirkjubóli við Steingrímsfjörð 14. maí *anno* 1670, handskriftaðan og handsalaðan af 19 mönnum, hvar þeir bera sig ljúflega meðkenna að Einar Torfason hafi við sig einn og sérhvörn sér svo hegðað sem frómu og ráðsettum manni ber og hæfi til orða, atvika og allrar umgengni, og eigi viti þeir hans annað, þakkandi honum allar ærusamar velgjörðir *etc.* Eru þessir þingstaðir Kirkjuból og Fell hinir nálægustu við Staðarsókn í Steingrímsfirði. Því virtist *synodo* sóknarmennirnir mundu þurfa frekari skýrslu á að gjöra því stirðlegu mannorði sem þeir bera að Einar hjá þeim hafi, skuli Einar þar fráhindrast, ef yfirvaldið vill þar tilhalda. Annars sér *synodus* þessa orðsök ekkert afl hafa.

Það viðvikur þriðju grein Staðarkirkju í Steingrímsfirði sóknarmanna bréfs um afboð og nauðgun þeirra samvitsku, skyldu þeir skyldast uppá hann einn að sitja sem síður vilja hafa en aðra óvanryktaða eftir þeirrar persónu nafnkenningu, samvitskuþlágu og sturlunar, ef ei fyrir víst viti hvörninn þessu undanförmu verði gegnt. Þótti *synodo* þvílíkum dylgjuyrðum ekki gegnandi, þar í tilskrifti herra fógetans herra Jóhanns Péturssonar Klein og herra biskupsins

magisters Brynjólfs Sveinssonar tilskyldaðir voru að gefa Einari Torfasyni þær skjællegar orðsakir bevísaðar sem honum megi frá kallsins útvalningu hrinda. Og þetta allt framkomið láta vera til Skálholtsbiskupinum í hönd innan átta vikna frá séra Einars fráfalli.

Qvarto sýnist öldungis og traust að ei annars vitnum en hann með lögum hafi þeim málum varist sem hann með lögum umsóttur verið hefur, en um nafnkenning ills ryktis kunna menn ei að gegna þar hans heiðurlegir vitnisburðir á móti ganga sem áður eru innfærðir.

5. Umkvörtun á ofstopa og stóryrðum framar en frómum og spakferðugum kennimanni hæfi sýnist í hans erligum vitnisburðum til baka gengið og engri óbevísaðri ófrægd uppljóstrandi, einkum þar maður á ekki sök á sjálfur og rök skýr ekki til framlögð.

6. Um hvalbeinsatvikið við Guðlaug Ólafsson, þingfært og friðsamlega niðursett með sáttargjörð, stendur óraskað og fullgilt að dómi *synodi*. *Copium* þeirrar forlíkunar *dateraðrar anno* 1665 10. maí á Felli í Kollafirði undirskrifað af Stígi Helgasyni og Jóni Einarssyni.

7. Bera sóknarmennirnir fram, þó svo sem sniðhallt í þennan máta, að ei hafi langt gengið rykti um viðskipti Einars Torfasonar og Magnúsar Magnússonar, sem verið hafði landseti Einars, einkum þeirra skuldaúttekta lok og lýsingar Magnúsar þar eftir, um hverjar Magnús sjálfur sér líkast hermir, hvar ekki sé enn lagavegur ágenginn, en eftir þau þeirra viðskipti hafi Magnús lagst sjúkur, látið sækja til sín prest, lýst fyrir honum og Böðvari Hrómundssyni og Jóni Sæmundssyni Einar Torfason og Jón Sigmundsson sína sáramenn, en banamenn ef dæi úr þeim kvilla sem hann þá um kvartaði. Hart segja þeir þykja aðgengið hjá sér að marka myndi sitt mark grip annars manns honum óviljugum, og sé honum haldið á meðan, en ekki kenna þeir það Einari að gjört hafi, setja þó fram í dylgjum.

Hér í mót leggur Einar Torfason héraðsdóm þann genginn *anno* 1669 11. júní að Felli í Kollafirði, genginn af sýslumanninum Magnúsi Jónssyni og sex mönnum, í hvörn dóm innfærð eru atvik þeirra Einars Torfasonar og Magnúsar Magnússonar hans landseta til orða og verka með ástæðum og vitnisburðum þeim sem undir þann dóm komu, því þeirra máli er þá var undir dóm lagt viðvíkja þóttu, hvörnin Einar Torfason hafði til þess þings stefnt þriggja⁵ nátta stefnu eða sem dómurinn nefnir: fyrir tveim dögum, en Magnús stefndur kom þá ekki til þings, enginn af hans hendi. Auglýsa vitnisburðirnir undir þann dóm færðir enga óspekt Einars í orðum né verkum Magnúsi til gjörða, til orða né verka, en marga og mikla óspekt Magnúsar til Einars í orðum og atvikum. Alleinasta er að merkja að risið hafi af því að Einar útheimti af Magnúsi sínum hjáleigumanni landskuld sína og leigukúgildi, af hvörjum Einar segir

5 *þriggja*: fyrst skrifað *veggja*

tvö hafi undir honum fallið, uppí hverjar skuldir Einar Torfason markaði 4 ær í landskuld og fimmtu í títund og ljóstoll. Aðspurði Einar hvað Magnús vildi annað gjalda fyrir kúgildin og sagði sig vilja í öllu taka svo sem af öreiga því sem gjaldlegt væri og ekkert meinfang honum gjöra. Vottast að ekki hafi verið í boði utan kæla og mótyrði. Síðan vottast að Einar hafi þá rauðu kú markað. Þar næst tjáist í vitnisburðunum sem í dóminn eru innfærðir þá Einar hafði kúna markað að Magnús hefði svo talað til hans: Eg lýsi þig nú bæði minn nauta og sauða þjóf, oftast en einu sinni. Þar með sárandi djöfulsins óskandi og froðufellandi og lýsandi Einar sinn dauðlegan óvin, sem hann skyldi hitta á nótt eður degi með öðrum kringumstæðum sem í dóminn og vitnisburðina eru innfærðar. Einnin bera sömu vitni að Einar hafi þó þar eftir boðist til annað að taka en kúna ef Magnús vildi hana með öðru leysa. Hér uppá svarar Einar svo, að eftir því Magnús var öreigi og svo svarandi til skulda Einars sem áður er skrifað, bæði í dómnum og vitnisburðunum, óskilvíslega, þykist Einar ekki betur vita en sér hafi leyfilegt verið eftir réttarbót Eiríks kóngs og lögmansdómi Jóns Sigurðssonar *dateruðum* 1617 sína skuld að taka, hvar inni dæmt sé að öreigar og annara manna skuldarmenn skyldu engu brjáli, svalli eður kaupskap ráða mega, heldur skyldi hvörjum og einum rétt gengið að því sem þeir afgangs hefði eftir rétttri tiltölu skuldaheimtanna, hvað fyrst eður síðast hefur innkomið, hvör lögmansdómur Einar meinar enn nú standi í sínu gildi.

Er álit nærverandi kennimanna *in synodo* að svo prófuðu að þessi sök um kýmörkun Einars kunni ekki fyrir *attestatiu* fríheitum að standa eftir því þeim virðist þetta mál hvorki hans æru né fríheit skerða eftir áðursögðum innlögðum afbötunum, en dylgjuorðum Steingrímsfjarðar sóknarmanna um hald á Magnúsi meðan markað var leist *synodo* hníga að mummusökum eður getsök fyrir hvörjar enginn á til laga að finnast, með því þeir leiða þar ekki líkindi né vitnisburði að, Magnús og í dómnum sýslumannsins sagður fyrrum að lítt góðri kynningu kenndur verið þar hann hefur í hreppum dvalist.

Um áttunda póstin Steingrímsfjarðar sóknarmanna um kauphöndlun Einars Torfasonar *studiosi attestati*, er þeir vilja honum til hneykslis færa, vorkennir *synodus* honum fátækum einstæðings manni, þá fátækum og skuldum vöfðum utan lands uppá sín *studia* og *attestatiu* þó hann hafi sig með öllu ærlegu móti fríað vilja, þar hann hafði ekki af sínum foreldrum neitt sér undir hendi haft sér til skuldalausnar en var þó ásóttur af umboðsmönnum þeirra sem honum höfðu í Kaupinhöfn hjálpað til nauðsynja, hvörja hann þóttist ekki mega svíkja. Varð því eitthvað til bragðs að taka sig við sína velgjörðamenn að frelsa í þessum sínum þrengjandi nauðsynjum. *Ordinantian*: Nauðsyn eru engin lög sett því hún hefur engin lög. Því kennir *synodus* hann frí frá því kauphöndlunarmáli svo framarlega sem ekki bevisast óguðlegt okur.

9. Póstur sóknarmanna Staðar í Steingrímsfirði um skuldseigju Einars Torfasonar, er þeir segjast vita, svarar *synodus* að þeir leiði fram þá er það þykjast þurfa að klaga að ei hafi fengið af honum lagasvör eður greiðslur, því

hvorki biskupinn né *synodus* þykjast vita að neinn íslenskur hafi þar um yfir honum klagt munnlega né bréflaga fyrir hans dómara.

10. Í tíunda máta færa sóknarmenn Steingrímsfjarðar Einari til afsagnarsaka sauð nokkurn þrevetran séra Jóns Loftssonar, hvörn Einar segja þeir markaði séra Jóni óvitandi á Kollafjarðarnesi, hvörn hann hafi síðan reka látið suður á sveitir fram hjá eigandans heimili, ekki séra Jón í þeirri ferð fundið, ekki honum sitt aftur boðið né bjóða látið. Þar til svarar Einar Torfason svo að hann meðkenni sig sauð mismarkað hafa á Kollafjarðarnesi *anno* 1664, en í hvörri meiningu það gjört hafi verið votta eftirskrifaðir menn sem sína vitnisburði hafa um sama efni Einari Torfasyni útgefið, einkum Jón Þorleifsson, Símon Þórðarson, Jón Sæmundsson, hvörra vitnisburða inntak svo hlýðir að þeir hafi verið viðstaddir fyrir nokkrum árum á Kollafjarðarnesi þegar Einar markaði þá sauði sem þar aðkomnir voru og frá Broddanesi honum til handa þangað fluttir voru, að þá fyrir honum hafi nokkur sauður mismarkast, þá hyggi þeir með hreinni samvitsu honum hafi þar til engin fégirni gengið heldur óvilji, myrkur og misskilningur, því haustmyrkur hafi verið ádotttið þá Einar með reksturinn aðkom. Einnin hafi sauðaliturinn verið grár og grámórauður sem villan afreis, og að hann hafi í staðinn annan sauðinn ómarkaðan látið vera, hvörn ómarkaðan sauð af honum til eignar ásamt öðrum tveimur sauðum hann eftir orðsendingu séra Jóns reka lét suður í Saurbæ og eftirláta í Hvítadal. Þessa votta heldur Einar Torfason ærlega menn vera eftir vitnisburði beggja sýslumannanna í Strandasýslu, Magnúsar Jónssonar og Vilhjálms Arnfinnssonar, hvörn Einar Torfason frambar og fyrir nærverandi kennimönnum upplesa lét, hvör útgefinn var af þeim nú á þessu Öxarárþingi *anno* 1670.

Nú segist Einar Torfason ekki fyrri af þessari mistiltekt vitað hafa en hann kom vestan frá Búðum aftur til Staðarhóls, því að Sigmundur Guðmundsson, sem sauðunum átti að koma til þeirra feðga á Hvoli, hafi sér það þá hið fyrsta auglýst að sá grái hafi verið afturrekinn, en lýst eftir grámórauðum. Það votta uppá Sigmund Helgi Einarsson og Bjarni Bjarnason með eigin höndum. Síðan segist Einar, þá hann fullkomlega var viss orðinn um þessa mistiltekt, hafa fyrst tilskrifað séra Jóni og boðið honum fimm álnir ofan á þann gráa sauð sem eftir var skilinn í Hvítadal eða þrevetran sauð, uppá hvörn seðil Einar segist ekkert svar fengið hafa. Þar næst sent hafa ríkisdal til Staðarhóls og beðið Bjarna Pétursson séra Jóni upp að bjóða fyrir sauðinn ef hann heldur vildi, hvað sýslumaðurinn Bjarni Pétursson vottar satt að vera með sínum vitnisburði útgefnum hér við Öxará 1670 4. júlí. Í þriðja máta framlagði Einar Torfason héraðsþingbók sýslumannanna í Strandarsýslu, hvar inni tjáist að Einar Torfason hafi að áheyrandi sýslumönnunum Magnúsi Jónssyni og Vilhjálmi Arnfinnssyni, *item* þingaprestinum séra Ásgeiri Einarssyni og þingmönnum áheyrandi, boðið upp verð fyrir þann grámórauðan sauð þrevetran að aldri er hann meðkennir fyrir sér mismarkast hafa að fullum óvilja á Kolla-

fjarðarnesi á umliðnu hausti 1664. Þar hafa undirskrifað sýslumennirnir báðir og Jón Einarsson með eigin höndum.

Fleiri skjöl eður gögn um þennan grámórauða sauð en hér fyrir framan eru innfærð lagði ekki Einar Torfason fram í þetta sinn. Virðist því nærverandi heiðurlegum kennimönnum eftir öllum þessum kringumstæðum, vitnisburðum og tilboðum Einars, sem hér eru áður innfærð, Einar Torfason uppá æru og fríheit í allan máta óskertur, eftir því þessi mistiltekt sýnist af gáleysi en ekki neinum ásetningi eður fégirni skeð hafa.

11. Og síðasti póstur Steingrímsfjarðar sóknarmanna um hús nokkurt undir Felli á lóð Einars sýnist kennimönnunum ekki lögfullra svara vert fyrir andlegum dómi heldur eiga heima í landsleigubælki 3. *capitula* og hvorki hann né nokkurn annan mega skerða á æru eður góðu rykti né fríheitum sínum.

Annað fleira í Steingrímsfjarðar sóknarmanna innlægi í dylgjum og svigurmælum þykjast kennimennirnir ekki skyldugir til að svara, þar ekkert vottað eður prófað fram fyrir oss kemur eður nafnlega útskýrt.

Að svo prófuðu og fyrir oss komnu eftir innlægi Steingrímsfjarðar sóknarmanna áður innfærðu virðist oss ekki heiðurlegur Einar Torfason *attestatus* skertur eður sneiddur á æru né fríheitum, svo mikið sem vér kunnum að skynja, því sé einn og sérhvör maður verður að hafa dóm fyrir sínu gótsi og peningum, þá miklu heldur fyrir æru og fríheitum og enginn mega fyrir getsakir á þeim skerðast, setjandi þó þetta vort álit til yfirvaldsins umsjónar og ályktunar, það af að taka og við að auka sem hentugast sýnist eftir lögum. *Actum* Þingvelli 1670 4. júlí.

Torfi Jónsson mpp	Séra Hannes Björnsson
Einar Illugason prestur mpp	Séra Páll Gunnarsson
Eiríkur Vigfússon meh	Séra Árni Kláússon
Oddur Eyjólfsson meh	Þorleifur Kláússon prestur eh

Sömu meiningar sem hér fyrir framan skrifuð stendur erum vér undirskrifaðir kennimenn er nú vorar handskriftir hér undir setjum að Bessastöðum, en um kallsins veiting þykir oss ekki viðkoma og setjum það til yfirvaldsins, 1670 9. júlí.

Halldór prestur Jónsson eh	Sigurður Torfason prestur mpp
Jón Daðason meh	Jón Grímsson prestur meh
Árni Halldórsson eh	Guðmundur prestur Bjarnason eh
Álfur Jónsson meh	Sigurður Jónsson meh

Þetta fyrir framan skrifað á nærri hálfu fimmta blaði um mál Einars Torfasonar við Staðarsóknarmenn í Steingrímsfirði hef eg undirskrifaður séð og yfirlesið og er prestunum þar í samþykkuð að þeir póstar sem af Staðarkirkju

sóknarmönnum í Steingrímsfirði hafa verið fyrir *synodum* framsendir kunni hvorki að hindra Einar Torfason á æru né *privilegiis*. Að svo prófuðu, eftir því að háeðla herra *generallinn* hefur áður nefndan Einar Torfason bréflega *com-menderað* virðugligum fógetanum, sem og einnín mér, að hann mætti til fyrsta *vacerandi* kalls *promoverast*, og Einar Torfason býður sig nú þar til og auðmjúklega biður yfirvöldin að þau vilji sér þess unna, þá er mín bón ásamt kennimannanna að velvís og virðulegur herra fógetinn vilji álíta hans nauðsynjar og langsamleg bið og *expectation* og honum ásjá veita. Hefur hann lofað Guði almáttugum og hans orði alla trú og hollustu að veita það framast honum er mögulegt, háyfirvöldunum skyldugri hlýðni og undirgefni, fyrst og fremst hans kónglegri *majestet*, þar næst hans háeðla *excellents* landsins og vorum virðugligum lénsherra og þar eftir vorum erusamliga landsfógeta. En sóknarmönnum í Steingrímsfirði frið og kærleika, spekt og hógværð, og aldrei skyldi hann þessa mótmælis til ills við þá minnast megi hann í friði og ró af þeim vera, hvar til *synodus* þá og áminnir svo allir vær mættum í friði og ró undir Guðs og yfirvaldsins náðugri *protection* lifa, hvar til að hlutast nálægir Skálholtsstiftis hér nú samankominn kennidómur ásamt biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni auðmjúklega biðjum erlegan velburðugan herr *commissarium* Jens Rotstein til Leirbich, hans *maystets* útsendara nú hingað til Íslands, vorn gunstugan herra og *patron*, svo til að hlutast að fyrir utan lengri óeining takast og framkvæmast mætti sem nú er fyrr skrifað, hans velburðigheit með vorri undirgefni og þénustu, sem og þar næst vorn ærusama herra landsfógeta með bestu blessunar óskum, þakklæti og fátækri þénustu-semi góðum Guði trúlega befallandi. Til sannindamerkis vor undirskrifuð nöfn. *Actum* Bessastöðum. *Anno* 1670 10. júlí.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Torfi Jónsson mpp
Þorleifur Jónsson meh
Einar Illugason prestur mpp
Jón Daðason meh
Eiríkur Vigfússon meh

Halldór Jónsson eh
Árni Halldórsson eh
Þorkell Arngrímsson Vídalín mpp
Sigurður Torfason prestur mpp
Oddur Eyjólfsson meh

Hefur kennidómurinn að sunnan hér nálægur vinsamlega umbeðið um þessa hér næst fyrir framan skrifaða bón við velburðugan herr *commissarium* og erusamligan herra landsfógetann, eruverðugan hálærðan herra herra Gísla Þorláksson Hólastiftis biskup, ásamt hans stiftis heiðurlegum kennimönnum hér samankomnum, hið besta til að leggja að Einar Torfason mætti til þessa litla harðindapláss friðsamlega inntakast, þar ekkert er framkomið honum á móti það hans æru og *attestatiu* fríheitum að lögum og rétti hrinda þyki, svo sem þessi *synodalia* að framan að sunnan auglýsa og sér líkast herma. Hér með

herra biskupsins eruverðugheit og hans heiðurlegir kennimenn Guði befallandi. Að Bessastöðum 1670 10. júlí.

Torfi Jónsson mpp
Halldór Jónsson eh
Oddur Eyjólfsson meh

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Jón Daðason meh
Sigurður prestur Torfason mpp

Til þessarar biskupsins virðulegs *magisters* Brynjólfs Sveinssonar og hans nálægra presta óskar og bónað áhrærandi *promotionem* Einars Torfasonar tilleggjum vér undirskrifaðir vora auðmjúka bón til yfirvaldsins befallandi það og alla oss góðum Guði. *Actum ut supra*. Til merkis undirskrifuð nöfn.

Gísli Þorláksson eh
Hallgrímur Jónsson eh

Skúli Þorláksson meh
Bjarni Hallsson eh
Ari Guðmundsson eh

Citatia til eiðvætta séra Lofts

Heiðurlegum kennimönnum séra Árna Halldórssyni, séra Helga Grímssyni, séra Birni Stefánssyni, séra Rafni Ólafssyni, séra Benedikt Péturssyni, séra Jóni Gíslasyni, séra Þorleifi Kláussyni, séra Þórði Bárðarsyni, séra Sigurði Eyjólfssyni, séra Jóni Jónssyni að Fellsmúla, séra Jóni Halldórssyni og séra Jóni Snorrassyni óska eg undirskrifaður Guðs náðar og góðrar velferðar fyrir Jesúm Kristum í fulltingiskrafti heilags anda, hér með yður vinsamlega ávísandi að eg bið yður alla svo vel gjöra og komna vera að forfallalausum til Þingvalla að kvöldi þess næsta mánudags fyrir Michaelismessu, sem er sá 26. september, til umtals og úrgreiðslu þess stórmælis sem Jón Sigurðsson yngri frá Einarsnesi hefur með galdravalda áburði borið séra Loft Jósefsson, með því yður öllum var að næst umliðinni prestastefnu að Þingvöllum tildæmt hans eiðvætti að vera í undanfærslu þess illmælis, svo að þar um mætti öldungis úttalast samþykkegla á næsta þriðjudag þar eftir, sem er sá 27. september, vonandi að hentugast væri að allir í senn um þetta stórmæli sameiginlega töluðu og úrgreiddu eftir þeirri náð sem heilagur andi sérhvörjum þá í brjóst blásandi verður. Eg mun bera mig einninn að með Guðs hjálp að stórforfallalausum þar nálægur vera. Guð almáttugur virðist með náðar aðstoð síns góða verðuga heilags anda þessu vandræði og öllum vorum efnum að snúa sínu heilaga nafni til dýrðar, kristilegri kirkju til uppbyggingar og velferðar og einum og sérhvörjum til gagns og góða í nafni síns eingetna sonar Jesú Kristi í krafti heilags anda. *Amen*. Hér með er eg yður og oss alla góðum Guði befallandi. Skálholti 1670 15. ágúst.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh

Framar bið eg sérhvörn prest þá lesið hefur hér undir að skrifa og sem fyrst sínum næsta presti að senda svo allir þetta í tíma vita fá. *Dominus vobiscum.*

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh

In nomine domini amen!

Anno 1670 27. september að Þingvelli, að settum prestasamfundi, bauð biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson sig til úrræða og ályktunar á því stórmæli er séra Loftur Jósefsson hafði borinn verið af Jóni Sigurðssyni yngra frá Einarsnesi á galdravöldum eða verkum við sig þeirra harðkvæla og veikleika er hann lýsir sig liðið hafa í Skálholti í vetur 1669 og 1670, hvör áburður Jóns Sigurðssonar gjörðist og framför að Skálholti 1670 11. mars og var þá við votta upplesinn í heym séra Lofts Jósefssonar, og samdægurs tilsetti biskupinn prestastefnu að Snæfuglsstöðum til atkvæða þessa máls, kallandi þangað verjanda og sækjanda málsins uppá 29. mars 1670 með öll þau gögn og vitni, skjöl og skilríki, rök og eftirtakanleg líkindi sem þetta mál í sókn og vörn til staðfestingar, úrgreiðslu og endalyktar stoða og styrkja mætti. Síðan var þetta sama mál dæmt og sett frá Snæfuglstaða prestastefnu vegna fámennis til næstkomanda Þingvalla prestastefnu og þá bæði verjandi og sækjandi skyldugir dæmdir þangað í ákveðinn stað og tíma að koma með öll sín skjöl, gögn og vitni sem sókn og vörn stoða kynni. Í sama stað eftir prestastefnuna herti Jón Sigurðsson sinn áburð uppá séra Loft Jósefsson á galdravöldum eða verkum við sig.

Kom svo þetta mál til prestastefnu á Þingvelli anno 1670 1. júlí og var þá beiðst allra gagna og vitna sem sókn og vörn hlýddi og stoða kynni, og varð sú endalykt þess prestastefnudóms að fyrir þar innfærð líkindi dæmdist séra Lofti Jósefssyni lögfullur tylftareiður fyrir áðurskrifaðan áburð Jóns Sigurðssonar yngra innan næstkomandi Michaelismessu að Þingvelli, og nefndi biskupinn þar til eiðvætta tólf kennimenn í sama dómi nefnda, hvörjir nú í dag allir til samans hér á Þingvöll komnir voru eftir biskupsins bón og bréflegri köllun. Tilbauð sig nú biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson, í nálægð og viðurvist herra lögmannsins herra Sigurðar Jónssonar og hans sonar Jóns Sigurðssonar yngra, dæmdan eið að taka af séra Lofti Jósefssyni, hvörn eið hann hafði sér boðið bæði að Snæfuglstaða og Þingvalla prestastefnum eftir því sem honum dæmdist. Var þar eiðstafurinn stílaður eftir kónglegrar *majestets recess* Christiani *qvarti* fyrirsögn, hvörn eiðstaf séra Loftur sér þá lynda lét, sem í Þingvalla prestastefnudómi má merkja og enn nú á þessum samfundi meðkennt var.

Bauð biskupinn sig til að heyra og meðtaka og andsvar að gefa því sem séra Loftur Jósefsson kynni með lögum og rétti að ofnefndum Þingvalla prestastefnudómi finna, hvað nú ekki framkom þó beiðst væri af séra Lofti. Sömu leiðis óskaði biskupinn af herra lögmanninum Sigurði Jónssyni hvort hann

þættist það löglegt að dóminum finna sem hann veikja eða krenkja mætti, hvað hann ei auglýsti, heldur beiddist og óskaði að áðurskrifuðum dæmdum dómi væri fullnusta gjörð nú hér á þessum tíma, það framast að lögum og rétti mætti og bæri, hvar til biskupinn sig og bauð að gjöra það framast hann ætti og mætti, síns embættis, Guðs laga og kristilegs yfirvalds vegna.

Aðspurði því nú biskupinn séra Loft Jósefsson hvort hann vildi nú í þessum stað og tíma dæmdan tylftareid vinna á Þingvalla prestastefnu í sumar að Þingvelli 1. júlí 1670, hvar til hann kvaðst fyrir sína persónu viljugur og albuinn vera, hafandi þar uppá fullnaðarhandsöl við biskupinn í herra lögmannsins og nálægra kennimanna viðurvist. Þar fyrir kvaddi nú biskupinn áðurnefnda sönnunarovotta í sumar á Þingvöllum, nú alla nálæga, endilegs andsvars uppá sína samvisku til sönnunar með séra Lofti í þessu galdravalda eða verka máli, sem voru þessir, séra Árni Halldórsson, séra Helgi Grímsson, séra Þorleifur Kláusson, séra Björn Stefánsson, séra Þórður Bárðarson, séra Jón Jónsson, séra Rafn Ólafsson, séra Sigurður Eyjólfsson, séra Jón Gíslason, séra Benedikt Pétursson, séra Jón Halldórsson og séra Jón Snorrason, og lögðu þeir inn þetta andsvar sem eftirfylgir.

In nomini domini amen! Anno 1670 27. september að Þingvöllum var samþykkilegt svar allra tilnefndra eiðvætta séra Lofts Jósefssonar eftir befalningu virðuglegs herra biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar.

Fyrst, herra biskupinn höfum vér afsakaðan sem sig tilbýður nú dæmdan eið af séra Lofti og hans eiðvættum að taka.

2. Með því að dómurinn um séra Loft er útnefndur ekki alleinasta af herra biskupinum heldur jafnframt af haeðla lénsherrans, herr Henrik Bielkes, fullmektugum landsfógeta, velfornemum Jóhanni Péturssyni Klein.

3. Sami dómur af herra biskupinum og kennidóminum til hans atkvæða lagður, það frá að taka og til að leggja sem hans *excellents* fullmektugum sýndist best haga og henta, en hann enn ei svo vær vitum áðurnefndan dóm samþykkt, uggir og hann megi eitthvað það í þessu máli sjá sem vær sjáum ekki.

Því vogum vér ekki án hans atkvæða voru frekari andsvari svo stöddu að sleppa, sérdeilis á vorn dóm að ganga, þar vér lögðum hann undir hans framsýni og *consideration* með herra biskupsins vitorði, þá báða betur sjá en oss. En vilji ekki nú nálæg yfirvöld með þetta vort andsvar nægjast óska undirskrifaðir kennimenn dóms af herra biskupinum hvort þetta vort andsvar skuli ekki oss afsakaða hafa í þetta sinn um eiðanna framflutning. *Actum ut supra.* (Hér hafa undirritað) Árni prestur Halldórsson eh, Helgi prestur Grímsson eh, Þorleifur Kláusson prestur eh, Björn Stefánsson prestur meh, Þórður Bárðarson eh, Jón Jónsson meh, Rafn Ólafsson mpp, Benedikt Pétursson prestur eh, Jón Halldórsson eh, Sigurður Eyjólfsson ekt mpp, Jón prestur Gíslason eh, Jón Snorrason meh.

Óskaði biskupinn andsvars og úrræða af heiðurlegum nærstöddum kenni-

mönnum, einkum þeim sem fyrir utan nefndarvottana eru, sem var séra Torfi Jónsson prófastur í Árnesþingi, séra Einar Illugason prófastur í Kjalar-nesþingi, séra Álfur Jónsson, séra Jón Erlendsson, séra Guðmundur Bjarnason, séra Jón Oddsson, séra Jón Stefánsson, séra Teitur Pétursson, séra Þórður Þorleifsson, séra Hannes Björnsson, hvort þessi afsökun prestanna í þetta sinn það gilda skyldi að eiðurinn undandragist, upp frá því að herra landsfógetans samþykki væri oss enn nú ekki vitanlega framkomið uppá fyrrskrifaðan Þingvalla prestastefnudóm, ekki heldur vitanleg mótmæli honum í móti. Svöruðu þessir heiðurlegir kennimenn hér til að þeir stæði við oftskrifaðan Þingvalla prestastefnudóm að svo stöddu sem enn er framkomið, meðan hærri yfirvöld, lög og kónglegrar *majestets mandata* honum ei hrinda. En með því í þessum dómi er óskað af herra landsfógetanum erlegum Jóhanni Péturssyni Klein í háðla léns herrans stað og fjarlægð sitt samþykki til að leggja, hvað skrifað er en nú ekki til vor komið, né heldur mótmæli, þykjast prestarnir ekki kunna úr að ráða þessu eiðsvættanna innlögðu afsökunarformi fyrr en landsfógetans andsvar tilkemur eftir sama Þingvalla prestadóms innihaldi. Í síðustu endalykt, hvört andsvar landsfógetans nærverandi prestar gjörðu séra Loft Jósefsson skyldugastan að útvega, hvörjum mest liggur á undanfærinu. En biskupinn um forsömun afsakaðan, sem sig hefur oftlega til viðtöku boðið, þó eiðurinn framkvæmist ei á þessum tilsettum degi vegna eiðvættanna afsökunar vegna ókomins andvars frá herra landsfógetanum uppá oftskrifaðan dóm.

Var því nú tilsagt séra Lofti þetta andsvar sem fyrst að útvega af herra landsfógetanum og láta biskupinum til handa komast í hentugan tíma. Framar beiddist og krafðist biskupinn af áðurskrifuðum nefndarvottum að þeir létu í ljósi sínar samviskur, hvort þeir hygðu séra Lofti Jósefssyni dæmdan eið særan í öllu, nokkru eða öngvu, og tæki sig saman þeir sem sömu samvisku væri og leggðu sitt andsvar skriflega hér nú inn að þessum samfundi. Lögðu átta af þeim þetta andsvar uppá beiðni og kröfu, sem eftirfylgir:

Auðmjúklega erum vér undirskrifaðir umbiðjandi herra biskupinn að þrengja oss ekki til vora samvisku í ljósi að láta að þessu sinni, fyrr en vér vitum samþykki herra fógetans til dómsins koma. En að því komnu viljum vér það ljúflega gjöra nær oss er tilsagt af voru yfirvaldi. Þingvöllum 27. september 1670, (undirskrifað hafa) Árni Halldórsson eh, Helgi prestur Grímsson eh, Björn Stefánsson meh, Jón Jónsson mmh, Benedikt Pétursson prestur eh, Þorleifur Kláusson prestur eh, Rafn Ólafsson mpp, Jón Gíslason eh.

Séra Jón Halldórsson framlagði skriflega að hann hyggi séra Loft Jósefs-son ei sjálfan gjört hafa með göldrum Jóni Sigurðssyni yngra frá Einarsnesi þann veikleika er nefndur Jón Sigurðsson hefur uppá hann borið. En þar til skrifar presturinn sig ekki klára samvisku hafa með honum að sanna að hann sé þar ei meðvitandi eða valdandi, svo sem eiðsinntakið hljóðar, það og ekki heldur að hann hafi honum aldrei þá ókennilegu *characteres* fengið, gjörandi þetta hvorki fyrir vild, gjafir né vináttu nokkurs manns, heldur hvað hrein

samviska býður. Að Þingvöllum 27. september *anno* 1670, (undirskrifað hefur) Jón Halldórsson eh. Þetta handsalaði hann biskupinum með eiði að sanna nær og hvönær yfirvaldið bifalar eftir lögum.

Séra Þórður Bárðarson, séra Jón Snorrason hafa séra Lofti soddan andsvar gefið að þeirra samviskur séu nú svo verandi að þeir hyggi hann (séra Loft) heldur saklausan en sekan fyrir áburð Jóns yngra Sigurðssonar í Einarsnesi. Til merkis þeirra nöfn að Mosfelli síðasta júlí 1670. (Undirskrifað hafa) Þórður Bárðarson meh, Jón Snorrason eh.

Séra Sigurður Eyjólfsson lét eftir sér skrifa samhljóðandi meðkenning og séra Jón Halldórsson lét eftir sér skrifa, og nú varð séra Þórður Bárðarson þeirra samvisku samþykkur, sem er að séra Loftur mundi þetta sjálfur ekki gjört hafa en ekki hefðu þeir samvisku að svo komnu að eigi hafi mátt meðvitandi eða valdandi með annara framkvæmd. Þetta handsöluðu þeir með eiði að sanna, ef og þegar yfirvaldið tilsegði.

Herra lögmaðurinn lagði inn þessa eftirfylgjandi kröfu og beiðni: Eg undirskrifaður í Guðs trausti, eftir embættisskyldunni og vegna sonar míns Jóns yngra Sigurðssonar, krefst og beiðist að þau eiðvætti sem séra Lofti Jósefssyni voru á prestastefnunni hér á Þingvelli í sumar, *anno* 1670 þann 1. júlí, af eruverðugum herra biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni löglega nefnd með séra Lofti eið sanna fyrir áburð nefnds míns sonar Jóns, auglýsi nú á þessum tileinkuðum undanfærsludegi séra Lofts sína samvisku og hreina hyggju í áheyrn fyrst Guðs og svo herra biskupsins, þar með annara heiðurlegra persóna, hvort heldur þeir áformi eða ei fyrrnefndan eið með séra Lofti að sanna. En hans sjálfs eiðboð met eg að svo stöddu ófullkomið.

Þetta handsalaði herra lögmaðurinn biskupinum sín eigin orð vera, en nefndarvottarnir vildu hér til öllu sömu svarað hafa sem áður er eftir þeim átta skrifað uppá biskupsins beiðni og kröfu, að þeir afbáðu sér til að þrengja sínar samviskur í ljósi að láta fyrir en landsfógetans andsvar uppá dóminn tilkæmi, hvörs óskað hefur verið á Þingvalla prestastefnu og dóms *copian* á Öxarárþingi herra landsfógetanum af biskupsins hálfu afhent og send, hvað herra lögmaðurinn nú meðkenndi í sinni viðurvist skeð hafa, þá biskupinn tilkom. En við sjálfa afhendinguna *copiunnar* voru viðstaddir séra Árni Halldórsson og séra Þorleifur Kláusson, en með hana hafi farið séra Jón Daðason, séra Sigurður Torfason og séra Jón Erlendsson.

Afsakaði nú herra lögmaðurinn biskupinn um forsömun þessa eiðs undandráttar í þetta sinn, þó dæmdur eiður nú hér í dag ei framkvæmdist. Því varð nú hér ei framar aðgjört í þetta sinn þar til herra landsfógetans andsvar uppá dóminn á annan hvorn hátt kemur. En á meðan þetta svo stendur framkvæmdarlaust og séra Loftur hefur ekki dæmdan eið unnið í móti áburði Jóns Sigurðssonar, eftir *recessins* fyrirsögn stílaðan, virtist nálægum kennimönnum ásamt biskupinum Jón Sigurðsson yngri óskertur að sinni æru í allan máta og öngvum sínum fríheitum að fyrir, svo mikið sem hans *scholastico statui* við-

víkur og þeirri andlegri *promotion* sem þar má eftirfylgja. En *conditionem* séra Lofta setja þeir til hærri yfirvalda, lénsherrans og landsfógetans *dispensationis*, meðan ekki er fullkomlega augljóst hvörinn þetta mál endilega fellur. Auðmjúklega afbiðja nefndir kennimenn að ekki verði hér uppá samfundir stefndir um vetrartímamann, teljandi sér næsta ómögulegt og ei vandalaust þá saman að koma.

Allt þetta áðurskrifað fór fram í vitund, viðurvist og samþykki biskupsins og nálægð herra lögmannsins, hvörju til sanninda vitnisburðar og staðfestingar þeir ásamt nálægir heiðurlegir menn sínar eigin handskriftir hér undir setja, sama stað, ár og dag sem fyrr greinir.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh	Sigurður Jónsson var nálægur
Torfi Jónsson eh	Árni Halldórsson eh
Álfur Jónsson mpp	Guðmundur prestur Bjarnason eh
Einar Illugason prestur mpp	Jón Erlendsson eh
Séra Hannes Björnsson eh	Björn Stefánsson prestur mpp
Þorleifur Kláússon eh	Jón prestur Gíslason eh
Sigurður Eyjólfsson ekt mpp	Rafn Ólafsson eh
Jón Stefánsson prestur mpp	Jón Oddsson prestur meh
Benedikt Pétursson prestur eh	Þórður Bárðarson eh
Teitur Pétursson prestur eh	Helgi prestur Grímsson eh
Jón Halldórsson	Þórður prestur Þorleifsson meh
Jón Snorrason eh	Jón Jónsson mmh
	Eiríkur Magnússon meh

Samþykki herra landsfógetans
Jóhanns Péturssonar Klein uppá prestastefnudóm
genginn á Þingvöllum *anno* 1670 30. júní um galdra-
valdamál séra Lofta Jósefssonar og Jóns Sigurðssonar
yngra frá Einarsnesi með tillögðu hans atkvæði

Það kunngjörum vér Ólafur Jónsson skólameistari í Skálholti, Teitur Pétursson kirkjuprestur, Halldór Jónsson *locator*, Ólafur Gíslason og Gissur Bjarnason með þessari stórrí viðkenningu og undirskrifuðum eigin handskriftum, að vér höfum séð og hér við samanlesið samþykki erlegs velfornems manns Jóhanns Péturssonar Klein landsfógeta yfir Íslandi uppá þann prestastefnudóm sem gekk á mál séra Lofta Jósefssonar við Jón Sigurðsson yngra frá Einarsnesi um galdravaldaáburð uppá prestinn, Þingvöllum *anno* 1670 30. júní, með því atkvæðisorði sem herra landsfógetinn í samþykktinni þar tilleggur með undirskrifaðri eigin handskrift herra fógetans *in originali* svolátandi sett orð fyrir orð sem eftirfylgir:

Forskrevne dom vil jeg på hans *excellents* høyædle og velborne herre herr Hendrik Bielkes gode behag og *ratification* have samtykket. Dog så at om de tilnævnte præster ei sværger herr Lofters Josephsson uskyldig, de da at sværge hannem skyldig efter deres samvittighed. Og eden at aflægges når herr biskop hæderlig og høylærde mand *magister* Brynolffuer Suendssen parterne derom lader advare. *Actum* Bessested, den 24. oktober 1670 (Undir hefur skrifað) Johan Petersen Klein mpp.

Og til sanninda hér um setjum vér fyrrnefndir menn vorar eigin handskriftir hér undir. Skálholti *anno* 1670 28. nóvember.

Ólafur Jónsson eh
Halldór Jónsson eh
Ólafur Gíslason eh

Teitur Pétursson eh
Gissur Bjarnason eh

Andsvar herra landsfógetans Jóhanns Péturssonar Klein
uppá það er síðast gjörðist á Þingvöllum
um mál séra Loftis Jósefssonar og Jóns Sigurðssonar yngra
frá Einarsnesi *anno* 1670 27. september,
eftir *originalnum* af landsfógetanum sjálfum
skrifuðum og handskriftuðum

Dette forskrevne haver jeg igennemlæst og efterset. Og efterdi at jeg min *resolution* på *original* dommen haver skriven, som forser forhindringer ei til forn have sket, er jeg ei nødvendig her på vidtløftig at skrive, mens hvis herr Lofters kristelig frihed anlanges synes mig ei hannem kan forhindre imidlertid sagen ikke lovlig er gangen hannem under øyene. *Actum* Bessestad den 16. novembris 1670. (Undir hefur skrifað) Johan Petersen Klein mpp.

Þetta er hér orðrétt útskrifað af herra landsfógetans Jóhanns Péturssonar Kleins andsvari uppá það er síðast gjörðist á Þingvöllum um mál séra Loftis Jósefssonar og Jóns Sigurðssonar yngra frá Einarsnesi, með hans eigin hendi skrifað og handskrifað, hvörju til sannindamerkis eru vorar eigin handskriftir er sáum og samanlásum. Skálholti *anno* 1670 28. nóvember.

Ólafur Gíslason eh

Bjarni Eiríksson eh
Teitur Pétursson prestur eh

Anno 1670 29. mars að settri héraðsprestastefnu að Snæfuglsstöðum í Grímsnesi af prófastinum heiðurlegum kennimanni séra Torfa Jónssyni þessir heiðurlegir héraðsins kennimenn til dóms nefndir, séra Jón Daðason, séra Árni Halldórsson, séra Guðmundur Bjarnason, séra Jón Erlendsson, séra Björn Sefánsson, séra Jón Snorrason, séra Þórður Bárðarson, séra Jón Gíslason, séra

Álfur Jónsson og séra Þórður Þorleifsson, prestar Skálholtsstiftis, að biskupsins forlagi og í hans nálægð *magisters* Brynjólfs Sveinssonar, til að skoða, rannsaka og eftir þeirri náð sem heilagur andi vill gefið hafa álíta það vanda-mál sem uppkomið var í Skálholti uppá kirkjuprestinn séra Loft Jósefsson í þann máta að Jón Sigurðsson yngri frá Einarsnesi hafði eftir sinni samvisku, hyggju, grun og meining framborið valdan þeirra hörmulegra harmkvæla sem hann hefur þolað og liðið í Skálholti í vetur, og það með galdragerningum, ráðum eður véla, vilja, völdum eða verkum, eftir því sem sá framburður Jóns var eftir honum sjálfum uppteiknaður í Skálholti *anno* 1670, fyrst 9. febrúar, og aftur ítrekaður 1670 11. mars í Skálholti, og enn aftur af hans virðuglega föður herra Sigurði Jónssyni lögmanni sunnan og austan á Íslandi boðinn og *confirmeraður* og enn aftur þrítekinn Skálholti 1670 11. mars.

Hafði þetta mál af biskupinum *citerað* verið hingað til Snæfuglsstaða prestastefnu á þennan dag, 29. mars *anno* 1670, eftir ósk og beiðni herra lögmannsins, því honum virtist nýmæli í vera og kristinsdómsrétti viðvíkja þó þingtíminn væri nú annars hörmulegur, og voru hér báðir persónulega viðstaddir, sóknari málsins Jón Sigurðsson yngri og verjandinn séra Loftur Jósefsson. Hafði herra lögmaðurinn leitað róms og ryktis á Vatnsleysuþingi 10. mars 1670 settu af erlegum sýslumanni Jóni Vigfússyni eldra. Létu þar í ljósi þessir viðstaddir menn sem þingið sóttu, Bjarni Kolbeinsson, Halldór Einarsson, Guðmundur Árnason, lögréttumenn, Narfi Eyjólfsson, Þorsteinn Einarsson, Jón Þorsteinsson, Jón Þórðarson, Jón Jónsson, Gestur Einarsson, Styr Torfason, Sighvatur Þorkelsson, Valdi Jónsson, ásamt viðstaddir aðrir, sig heyrt hafa í kvisi rómað viðriðinn vera kirkjuprestinn í Skálholti séra Loft Jósefsson. Framar létu í ljósi lögréttumennirnir Guðmundur Árnason og Bjarni Kolbeinsson, *item* Jón Jónsson og Þorsteinn Einarsson sig heyrt hafa rómað að áðurnefndur veikleikinn Jóns Sigurðssonar yngra mundi af óleyfilegum göldrum og gjörningum vera, en hvör í sannleika afvaldur væri mætti Guð vita. Sömu meiningar hafa borið nokkrar skólapersónur, 12 að tölu, *datum* Skálholti 1670 9. mars með þeirra undirskrifuðum eigin handskriftum. *Item* hafa borið þennan ryktisróm að séra Lofti Jósefssyni um veikleika Jóns Sigurðssonar yngra *anno* 1669 og 1670, þó eigi viti hvað sannast sé, *anno* 1670 10. febrúar að Skálholti, Ólafur Jónsson eh, Ólafur Gíslason eh, Jón Ólafsson eh, Þorsteinn Einarsson eh. Þessir síðustu og skólapiltarnir sýnast heimiliskviðarvitni.

Framkom hér nú að auki meðkenning Jóns Ólafssonar og Valgerðar Eyjólfsdóttur, *dateruð* 1670 9. mars, að þau hefði heyrt, eftir því sem þau frekast minntust og umbera kynni, að séra Loftur hafi svo mælt þar tiltalað hafi orðið um Jón Sigurðsson frá Einarsnesi og hans veikleika, að hann hafi og hefði fengið tvær kviður en þriðja væri eftir. Hér að auki kom fram vitnisburður Ólafs Gíslasonar að hann hafi heyrt séra Loft Jósefsson tala þessum eður þvílíkum orðum um veikleika Jóns Sigurðssonar yngra, að sá veikleiki sem á honum væri mundi eigi fyrst við hann skilinn.

Að síðustu komu fram þeir fjórir *characteres* sem næst í Skálholti uppdregnir voru, tveir á hvoru blaði, tveir *in originali*, tveir útskrifaðir. Hafði Jón Sigurðsson borið að annað blaðið með tveimur *characteribus in originali* hafi hann fundið í sínum kodda eftir frágang Skafta Jósefssonar frá sinni sæng, að sínu viti, og segist samdægurs sínum skólameistara Ólafi Jónssyni sýnt og fengið hafa, hvað hann og meðkennir. Annað blað með tveimur *characteribus* eftir *originalnum* uppdregið segir Jóns Sigurðssonar sig ekki betur fyrir Guði vita en það blað *in originali* hafi séra Loftur Jósefsson sér afhent að leggja við sína síðu, þó ei geti hann það með lagavottum bevísað, vogandi því ekki fram- ar þann áburð að herða, en eftir sínu viti og samvisku segist hann í hvor tveggja sinn, bæði þegar hann fyrra blaðið í koddanum fann og þess *original* meðtók, verið hafa með fullu viti og allri rænu, en þann *original* segir hann horfið hafa af hillunni við sæng sína með buxnakveri sínu, hvört kver sér hafi síðar aftur afhent Skafti Jósefsson, bróðir séra Lofts, en blaðið með *characteribus* hafi í burtu horfið, hvað hann segist ei síðan aftur fengið hafa, svo hann megi fyrir vottum lýsa.

Framar tjáist þessi veikleiki Jóns Sigurðssonar mjög sérlegur og óvenju- legur og þykir kynjum gegna að þegar hann hefur verið fyrir sunnan Hvítá, fyrst í Fjalli í viku í vetur, varð hann ekki var við hann fyrr en hann kom upp yfir á aftur og nú síðan í Laugardælum og í Flóanum nærri hálfan mánuð varð hann þar ei var við fyrr en hans kom út yfir Ölvesið.

Allt þetta sóknarinnlag sést í öllum sínum orðum og *articulis* útbrykkilega innfært, hvörs mergur og meining hér er innfærð og hefur séra Loftur Jósefsson meðtekið rétta útskrift af því undirlagi samanlesnu við *originalinn*.

Gaf nú séra Loftur Jósefsson sig viljuglega til andsvara í þessu máli hér í þessum stað undir nálægra kennimanna álit og atkvæði. En biskupinn bauð séra Lofti að innskrifa hans varnir, sem hann hefði sér til forsvars í þessu máli í móti áburði Jóns Sigurðssonar, hvörra hann nú beiddist allra og óskaði svo hér skriflega innfærast mætti öll sókn og vörn á báðar síður, svo ekki væri undanfellt, allt og allt hér inn að færa. Framlagði nú séra Loftur Jósefsson góðan og heiðurlegan vitnisburð heimilismanna í Skálholti *datum* 1670 9. mars með undirskrifuðum handskriftum og handsölum sex og tuttugu persóna karla og kvenna. Bera þeir meðal annara orða að það sé sín samviska og klár hyggja að séra Loftur hvorki valdi né valdið hafi veikleika Jóns Sigurðssonar yngra. *Item* lagði hann fram heiðurlegan vitnisburð nokkra Skálholts sóknar- manna, útgefinn Skálholti 1670 25 mars með undirskriftum Styrs Torfasonar, Torfa Eyjólfssonar, en undirskrifuðum handsölum Þorbjarnar Þórðarsonar, Björns Tómassonar, Jóns Freysteinnssonar. Votta þeir einninn með góðri og hindrunarlausri samvisku að þeir skrifa láta að það sé sín fullkomleg meining og hyggja að séra Loftur Jósefsson sé öldungis saklaus en ekki sekur í veik- leika Jóns Sigurðssonar yngra frá Einarsnesi, sem hann í vetur meðþvingast hafi, og beri þeir þennan sinn vitnisburð hvorki fyrir vild né vináttu, hræðslu

eður ótta nokkurs manns, heldur eftir því sem þeir vilji andsvara fyrir Guði og sinni samvisku. Fleiri vitnisburðum vændist séra Jósef Loftsson faðir séra Lofts með sömu afsökun í veikleikavöldum séra Lofts Jósefssonar við Jón Sigurðsson yngra frá Einarsnesi, að þá samvisku og hyggju hafi hvör fyrir sig að séra Loftur Jósefsson sé heldur saklaus en sekur í veikleika Jóns Sigurðssonar yngra frá Einarsnesi. Fleira kvaðst séra Loftur skriflegt ekki hafa fyrir sér fram að leggja til varnar og forsvars í þessu máli. En að því undan-teknu gáfu allir heiðurlegir kennimenn honum heiðurlegan og ærlegan vitnisburð í allan máta.

Jón Sigurðsson hefur og heiðurlega og erlega vitnisburði í allan máta. Eigi var heldur vitanleg óvild þeirra í milli tilfallin né ósáttarefni svo nokkur þættist af vita. Nú býður séra Loftur Jósefsson sig til eiðs og undanfæris í þessu máli, að hann sé aldeilis saklaus í galdravilja, völdum og verkum þess veikleika sem Jón Sigurðsson hefur þolað og liðið í Skálholti nú í vetur *anno* 1669 og *anno* 1670 og ekki viti hann heldur neinn þess valdan vera. Framar býður séra Loftur Jósefsson sér og eið að hann hafi aldrei galdrastafi meðferðis haft né þá *characteres* Jóni Sigurðssyni sent né afhent sem Jón hefur framborið að séra Loftur Jósefsson hafi sér afhent og fengið að sínu viti. Virtist nálægum kennimönnum séra Lofti Jósefssyni full nauðsyn á vera að vinna þennan eið sér til frúnar og frelsis frá þessu illmæli, hvað hann lét sér og ljúflega lynda.

En með því ei þótti svo mannað að tólf kennimenn væri hér nú í þessum prestadómi nálægir að tólf manna dómur yrði á þetta mál útnefndur, þar prestunum virtist tylftardómur eiga út að nefnast þar sem tylftareið skyldi gilda, þar málið sýnist hníga að galdravaldamálum, ráða eða verka. En nú eru ei prestar nálægir fleiri en tíu, en prófasturinn ellefti, biskupinn nálægur tólfsti, en biskupinn bauð sig til að gjöra ending á þessu máli það framast honum og prestunum væri fært. Sýslumaðurinn Jón Vigfússon eldri bauð sig og til eiða að taka uppá ryktið ef þörf þætti, hvað nú sýndist ekki þurfa, þar ryktið svo almennilegt og víðfrægt hefði álegið. Því settu nálægir kennimenn eiðshæð og eiðvættafjölda séra Lofts til næstkomandi *synodum* að Þingvöllum 1670 undir kennidómsins atkvæði með landsfógetans og biskupsins ráði, og bæði verjandi og sækjandi með öll sín gögn og vitni skyldugir í þann stað og tíma að koma og þar endilegs dóms að bíða, og ályktuðu nálægir kennimenn vel líðanlegt vera að séra Loftur mætti vel við sitt embætti líðast þar til eiðurinn honum dæmdist og biskupinn vítalaus þar úti þó hann léti þangað til við svo búíð standa.

Samþykkti þetta álit og atkvæði heiðurlegur kennimaður séra Torfi Jónsson héraðsprófastur í Árnesþingi, hvört eð fram fór í nálægð, vitund og samþykki biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar, setjandi sínar handskriftir hér undir þessu öllu fyrirskrifðu til sannindamerkis og vitnisburðar. Snæfuglstöðum í Grímsnesi, *anno et die ut supra*. (Undir hafa skrifað) Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh, Torfi Jónsson mpp, Jón Daðason meh, Árni

Halldórsson eh, Jón Erlendsson meh, Guðmundur Bjarnason eh, Björn Stef-
ánsson prestur meh, Álfur Jónsson meh, Þórður Bárðarson mpp, Jón Gíslason
eh, Þórður prestur Þorleifsson mpp, Jón Snorrason meh.

Að endaðri prestastefnunni að Snæfuglsstöðum las Jón Sigurðsson yngri
þennan eftirskrifaðan áburð uppá Loft Jósefsson sem eftirfylgir:

Eftir því eg Jón Sigurðsson yngri hefi nú um nokkra umliðna tíma, nefni-
lega á þessum vetri, af kvalarlegum veikleika plagaður verið, sem Guði
almáttugum er gjörst kunnugast og þar með mörgum frómum mönnum sem
tilvitað hafa bæði að heyrn og sjón, þá hefi eg mína samvisku grandvarlega
rannsakað og í henni fundið að þessi minn áðursagður veikleiki væri af
mannavöldum. Par fyrir í trausti almáttugs Guðs segi eg fyllilega þig séra
Loftur Jósefsson af mínum áðursögðum veikleika valdan, annaðhvort með ráð
eða dáð. Þessu ber eg þig það framast lög og mín samviska leyfa að vitni allra
þeirra er orð mín þessi heyra, (undirskrifað nafn) Jón Sigurðsson yngri meh.

Þetta afhent að fyrrskrifuðum prestastefnulokum. Til merkis og vitnis-
burðar undirskrifaðra manna handskriftir. Snæfuglsstöðum *anno* 1670 29.
mars, (undir hafa skrifað) Torfi Jónsson mpp, Guðmundur prestur Bjarnason
eh, Jón Erlendsson meh.

Þetta hér næst fyrir framan og ofan skrifað álit kennimanna er samankomu
að Snæfuglsstöðum um rannsókn á máli séra Lofts Jósefssonar er hér orðrétt
útskrifað eftir sínum handskriftuðum, til vitnis vor nöfn er samanlášum. Skál-
holti *anno* 1670 4. apríl.

Ólafur Jónsson eh
Daði Steindórsson meh
Oddur Jónsson eh
Pétur Þorvarðsson meh

Ólafur Gíslason eh
Páll Jónsson eh
Einar Ólafsson eh

In nomine domini amen!

Anno 1671 30. júní að Þingvelli að settri Skálholtsstiftis prestastefnu þessir
heiðurlegir kennimenn stiftisins til álíta og atkvæða kallaðir um þau mál sem
þeim bæri að álíta og yfir að taka eftir Guðs orði, *majestetsins ordinantiu* og
mandatis og hærri yfirvalda skikkun, tilnefndir að ráði og forlagi hans
excellents herr Henrik Bielkes fullmegtugs landsfógeta yfir Íslandi, Jóhanns
Péturssonar Klein, af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, biskupi stift-
isins, séra Þorleifur Jónsson prófastur í Rangárbíngi, séra Torfi Jónsson pró-
fastur í Árnesþingi, séra Einar Illugason prófastur í Kjalarnesþingi, séra Hall-
dór Jónsson prófastur í Borgarfirði að sunnan, séra Jón Daðason, séra Guð-
mundur Bjarnason, séra Halldór Jónsson, séra Hannes Björnsson, séra Guð-
brandur Jónsson, séra Jón Grímsson, séra Þórður Þorleifsson, séra Teitur
Pétursson, séra Jón Diðriksson, séra Eiríkur Magnússon og séra Sæmundur

Oddsson prestar Skálholtsstiftis. *Item* nefndarvitni þau sem í fyrrasumar voru tilnefnd að sanna eið með séra Lofti Jósefssyni fyrir áburð Jóns Sigurðssonar yngra frá Einarsnesi um galdraverk eða völd á sínum veikleika, sem hann þóttist þolað hafa í Skálholti 1669 og 1670, hvör öll nefndarvitni hér eru nú nálæg að frátöldum séra Helga Grímssyni.

Tilbauð biskupinn sig að taka dæmdan eið af séra Lofti fyrir áburð Jóns Sigurðssonar yngra frá Einarsnesi, þann sem dæmdur var í fyrrasumar hér á prestastefnu að Þingvelli 1670 30. júní. Voru nú samankomin eiðvættin öll nema nefndur séra Helgi Grímsson, sem var séra Árni Halldórsson, séra Þorleifur Kláusson, séra Rafn Ólafsson, séra Benedikt Pétursson, séra Jón Halldórsson, séra Sigurður Eyjólfsson, séra Jón Gíslason, séra Björn Stefánsson, séra Jón Snorrason, séra Jón Jónsson og séra Þórður Bárðarson, en séra Helgi Grímsson forfalla vegna afsakaður að tilsögn séra Halldórs Jónssonar prófasts í Borgarfirði að sunnan. Bauð séra Loftur Jósefsson sig nú tildæmdan eið að vinna og þessir með honum, séra Björn Stefánsson og séra Jón Snorrason, með soddan orðum og andsvari sem hér eftirfylgir:

Eg undirskrifaður veit ei annars eftir minni hyggju en séra Loftur Jósefsson sé hvorki valdur fyrir ráð né dád í veikleika Jóns Sigurðssonar yngra, hvað eg vil með fullkomnum eiði eftir yfirvaldsins skipun með Guðs hjálp staðfesta. Til merkis mitt nafn *anno* 1671 30. dag júní. (Undir hefur skrifað) Björn Stefánsson meh.

Sömu meiningar og hér fyrrskrifað stendur er eg undirskrifaður og vil með eiði sanna að eg ei annað veit eftir hyggju minni. (Þar hefur undirskrifað) Jón Snorrason meh.

Hinir aðrir prestarnir hafa frá sér gefið soddan seðla sem eftirfylgja:

Eg undirskrifaður stend við mína hyggju og samvisku í ljósi látna fyrir mínum erigöfugum herra *magister* Brynjólfi Sveinssyni og prestunum að Þingvöllum í haust 1670 27. september að settri prestastefnu um málefni séra Lofts Jósefssonar og Jóns Sigurðssonar yngra. Á eg það undir mínu erugöfuga yfirvaldi og þess náð bæði andlegu og veraldlegu hvort eg skuli þar frekari staðfestu á gjöra með eiði, einnin beggja partanna sem málið saman eiga samþykki. Til merkis mitt nafn að Þingvöllum 1671 30. júní, (undir hefur skrifað) séra Jón Halldórsson.

Eftir því eg undirskrifaður hefi verið tilkvaddur af virðuglegum biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni að gagnast til eiðvættis séra Lofti Jósefssyni, þá er mitt andsvar þetta, að fyrir hans persónu sjálfs til verknaðarins uppá áburðinn hefi eg góða samvisku, en um hitt inntak eiðsins eftir dómsatkvæði bið eg mitt guðhrætt yfirvald mig ei frammar til að neyða. Til merkis mitt nafn að Þingvöllum 1671 30. júní, (undir hefur skrifað) Jón Gíslason eh.

Eg undirskrifaður auglýsi það mína einlæga hyggju um séra Loft Jósefsson að honum sé eiðurinn sær það hans persónu viðvíkur til galdragjörninga í veikleika Jóns Sigurðssonar, en ósært það hann hafi honum öngva ókennilega stafi

né blöð afhent, Þingvelli 1671 30. júní, (undirskrifað hefur) Benedikt Pétursson prestur eh.

Eg undirskrifaður auglýsi að eg hygg séra Loft Jósefsson saklausan af galdraverkum við Jón Sigurðsson yngra frá Einarsnesi, hvað eg vil í nafni Guðs með eiði sanna. Frekara hér um kann eg ekki að auglýsa. Til merkis mitt nafn *anno* 1671 30. júní, (undir hefur skrifað) Þórður prestur Bárðarson meh.

Það sé guðhræddu yfirvaldi kunnugt að eg undirskrifaður stend við hið sama um tilsvor og sannleiks meðkenning er í haust *anno* 1670 27. september var að síðasta samfundi innfærð, viljandi það hið sama nú styrkja og staðfesta ef guðhræddu yfirvaldi þurfa þykir. Til merkis mitt nafn hér undir, Þingvöllum *anno* 1671 30. júní, (undir hefur skrifað) Sigurður Eyjólffsson ckt mpp.

Virðuglegum herra biskupinum ávísandi að eg meina séra Loft Jósefsson ei sjálfan í sinni eigin persónu galdraveikleika gjört hafa Jóni Sigurðssyni, (þar hefur undirskrifað) Rafn Ólafsson eh.

1. júlí í yfirvist herra landsfógetans lagfærðu sumir kennimennirnir áður útgefnar meðkenningar og var þetta eftirfylgjanda innteiknað:

Þó séra Lofti Jósefssyni byrji dæmdur eiður þá höfum vér svo sem nú er málið komið ekki samvisku til að sverja séra Loft saklausan af vilja og meðvitund þess áburðar Jóns Sigurðssonar vegna þeirra líkinda sem í dóminn eru innfærð, þó vær hyggjum hann ekki sjálfan gjört hafa. 1671 1. júlí að Þingvöllum, (þar hafa undir skrifað) Árni Halldórsson eh, Þorleifur Kláusson prestur meh, Jón Jónsson meh.

Séra Helgi Grímsson er umbeðinn af *synodo* að greiða sitt andsvar skriflegt með stysta hætti mögulegt er berlega og einfaldlega, en séra Hannes Björnsson er umbeðinn þeim boðum fyrir að koma til Helga hið snarasta og aftur til biskupsins svo innfærast mætti.

Prestar í Skaftafellspingi ásamt prófastinum séra Magnúsi Péturssyni hafa sitt skriflegt svar, þó til eiðvætta ónefndir væri, frá sér gefið sem eftirfylgir:

Eftir því sem vér undirskrifaðir prestmenn Skálholtsstiftis í Skaftafellspingi höfum verið umbeðnir og alvarlega tilkvaddir vora einfalda meining og hreina samvisku í ljósi að láta um það, hvað vér hyggðum eður meintum um séra Loft Jósefsson, hvort hann mundi sannur að sök eður ekki í því vanrykti sem til hans eður um hann talað hefur verið (að sögn) í því að hann muni ollað hafa veikleika eður heilsubresti nokkurs manns með nokkrum óleyfilegum gjörningi eður fjölkyngi, þar fyrir svörum vér hér til með hreinni og einfaldri samvisku að vér meinum og hyggjum nefndan séra Loft aldeilis fjölkyngis og galdralausan og hann muni ekki fyrir sína eigin persónu hafa skaðað neins góðs manns burði né heilsufar með óleyfilegri kunnáttu eður afguðadýrkan, og ekki heldur þykir oss það trúanlegt að af hans ráðum, dáðum eður tilstillingu skeð hafi nokkurs manns vanheilsa, eftir því sem hann er oss velkendur, nokkrum að raun og ljúflegri umgengni sem við hann kynnst höfum, og nokkrum af oss að góðum orðrómi, loflegum lærdómi og velsiðuðu framferði, innan

stóls og utan, óskandi honum Guðs hylli og góðra manna með náð og styrk, hjálp, vörn og aðstoð heilags anda í Jesú Kristi nafni, eftir sannleikans myndugleika og auglýsingu í drottins dýrðarverki, sem sannleikann elskar og sjálfur er sannleikurinn, og til meiri staðfestu þessari vorri fyrirskrifaðri hyggju og einfaldri meiningu um persónu og háttalag þessa áðurnefnds séra Lofts Jósefssonar setjum vér hér undir vor nöfn hvör með sinni eigin hendi. Skrifað *anno* 1671, (undir hafa skrifað) Magnús prestur Pétursson meh, Bjarni prestur Sveinsson eh, Sigmundur prestur Guðmundsson meh, Jón Salómonsson meh, Vigfús prestur Ísleifsson meh, Þórður prestur Þorsteinsson meh, Þorleifur Árnason mpp, Ketill prestur Halldórsson meh. Þetta var við sinn handskriftaðan *original* samanlesið *in synodo* og fannst samhljóðandi *anno* 1671.

3. júlí. Óskaði biskupinn af séra Lofti Jósefssyni að hann leggði nú fram hvað hann hefði framar að að finna eður áfrýja í þeim prestadómi sem hér á Þingvöllum gekk í fyrirasumar á sitt mál við Jón Sigurðsson og dæmdan tylftareid, og síðan í haust hér á Þingvöllum 27. september, bjóðandi sig enn við því að taka og hér inn að færa sem hann framar fyrir sér hefði, hvað hann vildi ekki í þetta sinn afhenda láta, þó beðist væri, heldur svaraði að það yfirvald væri nú ei í landi sem sér bæri biskupsins og kennimannanna dóm að áfrýja fyrir. Reiknuðust nú af þessum nefndum vitnum nálægum og fjarlægum séra Björn Stefánsson og séra Jón Snorrason næst ganga dóminum að gagnast séra Lofti til sönnunar eftir dæmdum eiði og að nokkru leyti séra Helgi Grímsson eftir því sem framkom eftir honum. Hinir nú virðast allir samhuga honum til undanfæris fyrir hans eigin persónu, en þykjast ei fullöruggir það að sanna að ei hafi öðrum meðvitandi hér úti vera mátt, ei heldur um meðferð né afhending *characterum*, en þeir átta kennimenn úr Skaftafellssýslu, sem hér um hafa sína samvisku í ljósi látið og fyrirskrifaðir eru, virðast mjög afsaka séra Loft í þessu máli þó ei séu nálægir utan einn af þeim, séra Þorleifur Árnason, hvör kveðst standa við sína útgefna meining.¹ Hvar uppá allir nálægir höfðu fullnaðarhandsöl við biskupinn, en þeir sem ekki fullkomlega þóttust eiðstafnum ánægju gjört geta báðust auðmjúklega undan af elskulegu yfirvaldi að sér væri ei nauðgað fram yfir sína samvisku að sverja, né heldur séra Lofti til frekari þyngsla eiða að vinna, meinandi sér ei viðkoma nema svo mikið sem embættið snertir, sem og allir samdæmandi kennimenn í að dæma lengra en viðvíkur embættinu.

Þar fyrir, í trausti og góðu leyfi kristilegs yfirvalds undir þess *consideration*, gott behag og *censur* að heilags anda náð tilkallaðri, dæmdum vér eiðfall séra Lofts og allt þetta hans mál, *condition* og embætti til háyfirvaldsins náða, svo sem í fyrirasumar ályktaðist ef eiðfall yrði, og málið frá kennidóminum þessa lands til herra yfirvalds náða aðgjörða, óskandi að hans *excellents* vor eru-göfugur lénsherra og í hans fullmagt og fjarlægð vor erlegur landsfógeti vilji

1 hvör kveðst standa við sína útgefna meining: bætt við á spássú

oss hvor í sinn stað hér úti samþykkjandi verða í því sem hans háeðla *excellents* og herra landsfógetans erligheit virðist, sérhvörjum eftir sinni *conditione* best haga og henta, aftaka, viðauka, lagfæra og leiðrétt það allt sem hans *excellents* og þessa erligheitum sýnist þurfa þykja, og þessa vora ályktun og undanfarið rannsak og álit gunstuglega virða og upptaka, og oss og vor fátæk léligheit til hans kónglegrar *majestets* náðugasta herra til hins allra besta *recommendera*. Vær þykjustum ei voga uppá vor eindæmi kónglegrar *majestets recess* eða lögbókarorðin frammar að mýkja eða lina en orðin bjóða, víkjandi því til vors virðuglega herra yfirvalds náðugrar *dispensation* hvað það vill frammar hér úti gjöra og séra Lofti Jósefssyni í vægja, og með því hans *excellents* erlegur fullmektugur fógeti yfir Íslandi Jóhann Pétursson Klein, hér nú nálægur, er orðinn kennidóminum hér úti samþykkur, þá er með allri undirgefni og undirdanigheitum innsett til hans kónglegrar *majestets* allra vors allranáðugusta herra og kóns allranáðugustu *dispensation* og vilja, hvörja náð og miskunn hans kóngleg *majestet* vill veita þessum fátæka séra Lofti Jósefssyni og þessu hans máli til vægðar og náða.

Og til sannindamerkis hér um settu herra landsfógetinn erlegur Jóhann Pétursson Klein ásamt biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni og fyrrskrifuðum heiðurlegum kennimönnum, bæði til þessara dómsálita nefndir og svo nærverandi nefndir og fangavitni séra Lofti, sínar eigin handskriftir hér undir þetta atkvæði til fullnaðarstaðfestu og vitnisburðar. Þingvelli *anno* 1671 3. júlí.

Johan Petersen Klein mpp	Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Torfi Jónsson mpp	Þorleifur Jónsson meh
Jón Daðason meh	Séra Hannes Björnsson eh
Álfur Jónsson meh	Þorleifur Árnason mpp
Jón Diðriksson meh	Sæmundur Oddsson mpp
Guðbrandur Jónsson eh	Teitur Pétursson prestur eh
Einar Illugason prestur mpp	Guðmundur Bjarnason meh
	Þórður prestur Þorleifsson meh

Nálæg nefnd eiðvætti undirskrifa þessir sínar ofanskrifaðar meðkenningar til staðfestu, *anno, die et loco ut supra*.

Þorleifur Kláusson meh	Árni Halldórsson eh
Benedikt Pétursson meh	Jón Jónsson eh
Björn Stefánsson meh	Séra Jón Halldórsson eh
Sigurður prestur Eyjólfsson meh	Jón Gíslason eh
Rafn Ólafsson eh	Þórður prestur Bárðarson meh

Eg undirskrifaður veit ei annars en séra Loftur Jósefsson sé ei sjálfur valdur í veikleika Jóns Sigurðssonar yngra frá Einarsnesi, hvörja mína auglýsta sam-

visku eg vil frekra staðfesta ef mínu eruverðugu yfirvaldi þörf sýnist. Til merkis mitt nafn að Þingvöllum *anno* 1671 3. júlí.

Eiríkur Magnússon meh

Anno 1671 3. júlí *in synodo* að Þingvelli bar erlegur velfornemme landsfógeti Jóhann Pétursson Klein hans erlegheitum tilskrifað málefni tilfallið í þingum séra Sigurðar Helgasonar sunnan undir Jökli, hvörju svo varið er að Óluf Böðvarsdóttir skal barn alið hafa og lýst föður að Helga Vigfússon og opinberlega aflausn uppá brotið tekið, en hann eiðinn ekki unnið. Þó tjáist að faðir hans séra Vigfús Helgason hafi gjört forboð séra Sigurði Helgasyni að taka þessa Ólufu til *sacramentis* að undanfarinni heimuglegri aflausn. Leist *synodo* soddan trubl ei líðast mega í kristnum söfnuðum að nokkur maður sé út af *sacramentum* settur fyrir óvissar orðsakir og þar fyrir séra Vigfús Helgason fyrir tiltækið opinberrar áminningar verður með opinberlegri fyrirgefning-
arþón af predikunarstólnum fyrir hneykslið, en yngri kennimenn séu varir að trúa óvissum tíðindum í soddan efnum eða gegna þeim forboðum sem menn vita ei rök né bevísingar til.

Sama stað og dag ályktaðist um Árna Jónsson, er lengi hefur fyrir utan kristileg fríheit staðið, hefur verið borinn sauðartökumáli af Jóni Gíslasyni á Hóli í Hörðudal, dómur gengið að undanfærast skyldi, málið dæmt þrisvar í héraði, tvisvar á alþingi, Árna dæmdur sjöttareíður fyrir áburðinn, hann ei framkominn, þykist þó í málinu saklaus vera, þó ei geti hann dómunum af sér hrundið. Virtist kennidóminum að hér mundi verða eitthvað úr að ráða mannsins sáluhjálpar og kristilegra fríheita vegna. Er því heiðurlegur kennimann séra Eiríkur Vigfússon prófastur í Dalasýslu umbeðinn þetta að sér að taka og *visitera* sóknarkirkjuna Árna, taka þar við Árna með opinberri aflausn fyrir dómfall, að hann hefur þeim ei af sér hrundið né fullnægju gjört, þó svo að ekki leggist soddan í almenningvana að ganga móti lögmanna dómum án lögfullra röksemda.

Þessu til merkis eru undirskrifuð nöfn, *anno*, *die* et *loco ut supra*.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh	Þorleifur Jónsson meh
Einar Illugason prestur mpp	Torfi Jónsson mpp
Jón Daðason meh	Sæmundur Oddsson mpp
Benedikt Pétursson prestur eh	Jón Gíslason eh
Guðmundur Bjarnason meh	Séra Jón Halldórsson eh
Guðbrandur Jónsson eh	

Andsvar séra Helga Grímssonar uppá Loftsmál útgefið *anno* 1671 18. júlí með hans undirskrift

Innihald minnar meiningar um sönnun með séra Lofti Jósefssyni, eftir honum skikkudum eiði, var sú undir næst umliðna *synodo* að Þingvöllum *anno* 1671 að eg vogaði heldur í trausti Guðs að svo vöxnu máli sem eg hefi eftirtekið, óvissu og óbevísuðu uppá séra Loft, ef ei annars undankæmist, að stoða heldur til lífs með minni sönnun, þeim eg vissu ei til dauða (fyrir mannanna dómi) unnið hafa, heldur en hrapa þeim til dauðans með eiði ómerkrar hyggju og ástæðulausrar, sem eg vissu ei lífið forbrotið hafa, treystandi víst að Guð mundi það ei til ills fyrir mér virða. En hvað eg hafði fyrir þessari minni meiningu hefi eg *privatim* mínu næsta yfirvaldi prófastinum séra Halldóri Jónssyni skriflega undirvísað, og að þetta væri mín einföld meining að svo stöddu, þó undir vitrari manna leiðrétting, meðkenndist og meðkennist eg með eigin undirskrift á Húsafelli, þá Jónsmessu *baptista* nú 18. júlí sama árs 1671, (undir hefur skrifað) Helgi prestur Grímsson eh.

Þetta andsvar séra Helga Grímssonar uppá eiðssönnun með séra Lofti Jósefssyni er hér rétt útskrifað eftir sínum handskriftuðum *original*. Til vitnis okkar handskriftir er samanlásuð, Skálholti *anno* 1671 25. júlí.

Teitur Pétursson prestur eh Ólafur Gíslason eh

Sáttargjörð prófasts í Árnesþingi gjörð á millum
séra Guðmundar Bjarnasonar í Laugardælum
og Guðrúnar Gísladóttur í Smjördölum
uppá alla undanfarna óeining, sem og um fyrir-
gefningarbón hennar við Guð og menn og fríheit
framvegis, samin að ráði og samþykki föður hennar
Gísla Gíslasonar og séra Álfs Jónssonar og
séra Jóns Erlendssonar. Laugardælum *anno* 1671 2. júní

Anno 1671 2. júní að Laugardælum fór fram svofelld sátt og friðarforlíkun þessara persóna á millum, heiðurlegs kennimanns Guðmundar Bjarnasonar og Guðrúnar Gísladóttur, að fyrir góða meðalgöngu, bón og fortölur heiðurlegra manna þar samankominna, prófastsins séra Torfa Jónssonar, séra Álfs Jónssonar, séra Jóns Erlendssonar og áður nefndrar Guðrúnar fráma föðurs Gísla Gíslasonar lögréttumanns, að þessar áðurtjáðar persónur, heiðurlegur séra Guðmundur Bjarnason og Guðrún Gísladóttir, sættust heilum sáttum sín á millum um alla þá misklíð og óeining sem þeirra á millum hefur mátt framfara

allt til þessa dags. Skyldi hún nú öldungis niðurslegin á báðar síður, dauð og magtarlaus héðan í frá, þeim báðum að minnkunarlausu (eftir vorri gjörð) með fyrirgefningarbón bæði við Guð og alla menn, svo prestinn séra Guðmund sem alla aðra. Gaf séra Guðmundur Bjarnason allt það títtnefndri Guðrúnu hefði mátt af sturlun eður breyskleika á verða við sig til máls eður gjörða í vort vald uppá hreinan frið og forlíkun af góðu og guðhræddu geði fyrir vorn alúðlegan bænastað. Tilskiljandi að nefnd Guðrún víki nú góðmannlega úr þessari sókn, en vilji hún hér framvegis til vista dveljast megi hún ei annan sálusorgara brúka til sinna kristilegra fríheita en títtnefndan séra Guðmund, utan hann gæfi þar gott orðlof og leyfi til, hvað séra Guðmundur nú einninn henni eftirlét að hún mætti taka heilaga þjónustu af sínum presti, heiðurlegum séra Jóni Erlendssyni, nær hann hér embættaði. En víki títtnefnd Guðrún héðan úr Laugardælasókn til annara skyldi hún fá sinn *sacramentis* seðil til þess kennimanns í hvörs sókn hún dveldist eða staðnæmdist. Vilji nú herra biskupinn framar hennar sturlaðri samvitsku vægja og unna henni sérhvörs heiðurlegs kennimanns til heilagrar þjónustu sem hún girnist, setjum vér í Guðs og hans góða forsjá og leyfi, öllum að hneykslunarlausu.

Fór allt þetta fram að Laugardælum í nálægð heiðurlegra og frómra manna er sín nöfn hér að neðan skrifa með eigin höndum. *Anno, loco et die ut supra.* (Undirskrifað hafa) Guðmundur Bjarnason eh, Guðrún Gísladóttir handsalaði, Torfi Jónsson mpp, Gísli Gíslason eh, Álfur Jónsson mpp, Jón Erlendsson eh.

Þessi framan og ofan skrifuð sáttargjörð er hér rétt útskrifuð eftir sínum handskriftuðum *original*. Til merkis vorar eigin handskriftir er samanlášum, Skálholti *anno* 1671 13. júní.

Teitur Pétursson prestur eh

Ólafur Gíslason eh

Samþykki biskups uppá áðurskrifaða sáttargjörð

Þetta fyrirskrifað sáttargjörðarbréf í millum heiðurlegs kennimanns séra Guðmundar Bjarnasonar að Laugardælum og Guðrúnar Gísladóttur að Smjördölum í Flóa, niðursett og samið af héraðsprófastinum í Árnesþingi, heiðurlegum kennimanni séra Torfa Jónssyni að Gaulverjabæ í Flóa, með ráði og samþykki heiðurlegra kennimanna séra Álfs Jónssonar í Kaldaðarnesi og séra Jóns Erlendssonar í Villingaholti, sem og föður Guðrúnar erlegum manni Gísla Gíslasyni lögréttumanni, handskrifað af þeim öllum en handsalað af henni, hefi eg undirskrifaður séð og yfirlesið, gjört og staðfest að Laugardælum sóknarkirkju séra Guðmundar, Gísla Gíslasonar og Guðrúnar Gísladóttur *anno* 1671 2. júní, samþykkjandi það í öllum sínum greinum og *articulis*, svo mikið sem mér ber embættisins vegna. Tilskiljandi að þessi sátt, friður og forlíkun haldist trúlega á allar síður leynt og ljóst og þar styrki náungarnir

til að svo verði, það framast þeim er mögulegt við að ráða. Guð hjálpi oss öllum til friðarins náðarsamlega bæði lífs og liðnum. Þessu til merkis er mitt undirskrifað nafn, Skálholti *anno* 1671 13. júní.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh.

Álit kennimanna í Árnesþingi uppá fyrrskrifaða sáttargjörð milli séra Guðmundar Bjarnasonar og Guðrúnar Gísladóttur

Anno 1671 þann 7. júní að settri héraðsprestastefnu að Vælingerði óskaði heiðurlegur séra Guðmundur Bjarnason að Laugardælum af prófastinum eruverðugum séra Torfa Jónssyni og öðrum heiðurlegum kennimönnum þar samkomnum álita, hvort hann væri ekki öldungis frí og ærlega viðskilinn við þá misklið og óeining sem framfarið hefur á fyrirfaranda ári 1670 á millum sín og Guðrúnar Gísladóttur að Smjördölum vegna ýmislegra vondra tungna, ekki síður fjarlæggra sem nálæggra. Hvar til prófasturinn séra Torfi Jónsson til álita nefndi þessa heiðurlega nálæga kennimenn, séra Jón Daðason, séra Árna Halldórsson, séra Álf Jónsson, séra Jón Erlendsson, séra Jósef Loftsson, séra Jón Snorrason, séra Björn Stefánsson og séra Eirík Magnússon. Hvar til fyrrgreindir kennimenn svo andsvara einfaldlega og hreinlega að þeir halda og fullkomlega álykta heiðurlegan séra Guðmund Bjarnason frí og öldungis ærlega viðskilinn alla þá óeining, kala og kælu sem þeirra á millum hefur mátt framfara, hvörju nafni sem heitir, svo sem sú sáttargjörð auglýsir sem þeirra á millum framfarið hefur nú fyrir fáum dögum að Laugardælum 1671 þann 2. dag júní á milli séra Guðmundar Bjarnasonar og Guðrúnar Gísladóttur í viðurvist héraðsprófastsins séra Torfa Jónssonar og annara heiðurlegra kennimanna, hvör sáttargjörð þeirra á millum var hér samstundis upplesin. Gjörðu nú nefndir nálægir heiðurlegir kennimenn séra Guðmund Bjarnason vegna nefndrar óeiningar allsendis frían, ákærulausan og frjálсан af öllum vondum tungum nálægum og fjarlægum með þakklæti, að honum í þessu efni heiðarlega svo sem guðhræddum kennimanni farið hefði með góðu mannorði og eftirdæmi kristilegrar forlíkunar, og hér uppá gáfu allir nálægir kennimenn nefndum heiðurlegum séra Guðmundi Bjarnasyni góða og ágæta meðkenningu síns framferðis við alla menn sem sérhvor tilvitað hefur fyrr og síðar.

Til vitnis þessarar vorrar meðkenningar og álits eru vorar handskriftir, *actum ut supra*. (Undir hafa skrifað) Torfi Jónsson mpp, Jón Daðason meh, Árni Halldórsson eh, Jón Erlendsson eh, Álfur Jónsson meh, Björn Stefánsson eh, Jón Snorrason meh, Eiríkur Magnússon meh, Jósef Loftsson mpp.

Þetta er rétt *copierað* eftir sínum handskriftuðum *original*. Til merkis okkar nöfn er samanlásuð, Skálholti *anno* 1671 13. júní.

Teitur Pétursson prestur eh

Ólafur Gíslason eh

Hórdómsmál *Anno* 1671 16. ágúst *in visitatione ordinaria* biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung að Stað í Steingrímsfirði kom fram fyrir biskupinn Ólafur Pálsson í Staðarkirkjusókn og klagði það til sinnar ektakvinnu Gróu Bersadóttur að hún hefði framhjá sér fallið í hórdómsbrot með Samsoni Ólafssyni að Geirmundarstöðum í Selárdal í Staðarkirkjusókn, hvar þeir höfðu til samans búið báðir, þessi Ólafur og Samson, næst umliðna ár til næst umliðnu fardaga. En þetta hórdómsbrot sinnar ektakvinnu segir Ólafur að opinberast hafi með hennar barns fæðingu Ketils að nafni nú fyrir þrem vikum að konan meðkennir. Lýsti hún Samson þá strax föður að þessu sínu barni, hvað Samson meðkenndi og satt vera í heyrn prestsins séra Ásgeirs Einarssonar, hvar fyrir að svo prófuðu og framkomnu málið sýnist óvafið þeim á hendur fallið Samsoni Ketilssyni og Gróu Bersadóttur. Ber nú Ólafur Pálsson fram, ektamaður Gróu, að hann þykist á snoð komist hafa af aðlotum og líkindum að þeirra tilhugalíf og ástarbrögð hafi upphafist þegar í fyrrasumar Samsons þessa og Gróu, eftir það Samson hafði misst sína ektakvinnu Ástríði Pálsdóttur, systur þessa Ólafs. En rómur hafi uppkomið hér á þeirra samræði og ótérlegu líferni þegar í öndverða umliðinn vetur, en fullkomlega hafi Ólafur Pálsson hér um kvartað í vor í fardögum bæði fyrir prestinum og öðrum viðverandi. En Gróa Bersadóttir meðkennir að sinn ektamaður Ólafur Pálsson hafi hér um við sig vandað heimuglega í fyrravor *anno* 1670, eftir það ektakona Samsons var fyrir nokkru fráfallin, og það meðkennir nú Ólafur Pálsson satt vera. Meðkenna bæði að þau hafi þá samrekkju skilið og síðan aldrei til þessa holdlegt sambland sín á milli saman átt í líkamlegu munaðarlífi, hvað þau lofuðu með fullnaðarhandsölum við biskupinn með eiði að sanna, hvar sem framkæmi, ef dómur dæmdi og þurfa þætti.

Var þetta allt ofanskrifað opinberlega upplesið í heyrn og viðurvist Samsons Ólafssonar, hvörn biskupinn aðspurði hvort hann hefði hér neitt lögmætt í móti að mæla, hvað hann kvaðst ekkert hafa og hafði þar uppá fullnaðarhandsöl við biskupinn í heiðurlegra votta viðurvist. Eru þessar báðar persónur Samson Ólafsson og Gróa Bersadóttir í sátt og frið komin við hennar ektamann Ólaf Pálsson uppá andleg efni og fríheit, hvað þau öll nú persónulega meðkenndu, þó eigi sé enn úttalað þeirra á milli um veraldlegar fésektir né útlát við kóngdóminn né manninn við hvörn brotið er. En uppá veraldlega muni forlíkuðust þeir sín á milli Samson og Ólafur um þrjú hundruð, af hvörjum þrem hundruðum Ólafur Pálsson gaf upp helming ef Samson léti sig fá greiðlega og ríflega hinn annan helminginn, hálf annað hundruð í þægilegum aukum Samsoni meinfangalausum og í þann tíma sem báðum væri stórbaga-

laust við að taka og úti að láta, hvörju öllu Samson lofaði Ólafi með fullnaðarhandsölum í sömu heiðurlegra votta viðurvist. En við kóngsvaldið lofaði Samson hlýðni og forlíkun að auðsýna þegar sér af því tilsagt yrði.

Var nú viðleitað af biskupinum og nærverandi heiðurlegum mönnum að Ólafur Pálsson vildi Guðs vegna og kristilegs kærleika þessa konu Gróu Bersadóttur til ektaskapar sambúðar aftur taka, með því móti að þau héðan af öngvu síður en heldur betur í Guðs ótta og guðlegri elskusemi lifi og framfari, maðurinn þyrmi hennar broti og breyskleika og vægi til það framast mögulegt er fyrir utan harða ábúð, brigsli, deilur og álögur. Konan aftur í mót auðsýni þessum sínum ektamanni alla kristilega og tilbærilega ást og elsku, hlýðni og undirgefni með auðmýkt og líftillæti, þolinmæði og umburðarlyndi, og hvort við annað umlíði annars brest með hógværd í hugulsemi, hvar til þau bæði voru nú áminnt að biðja heilagan anda um náð og samverkan, og þau trúlofuðu hvort öðru með fullnaðarhandsölum og heilögum kærleikskossi í fullum trygðum, svo þau eru nú hér með aftur að nýju fullkomlega forlíkt og alsátt í Guðs augliti og nærverandi heiðurlegra manna, séra Einars Torfasonar, beggja þeirra sóknarprests, séra Ásgeirs Einarssonar, Halldórs Jónssonar, Ólafs Gíslasonar, Bjarna Einarssonar og Björns Ásgeirssonar og Ólafs Ásmundssonar í viðurvist allra þeirra Ólafs Pálssonar, Gróu Bersadóttur og Samsonar Ólafssonar, hvör öll þrjú létu handskrifa sín eigin handsöl hér undir.

En viðstaddir heiðurlegir vottar settu sínar eigin handskriftir undir allt þetta fyrrskrifað mál og sáttargjörð öllu þessu fyrrskrifuðu til fullnaðarstaðfestu, sannindamerkis og vitnisburðar, sama stað, ár og dag sem þegar greinir.

Ólafur Pálsson handsalaði með eigin hendi

Gróa Bersadóttir handsalaði með eigin hendi

Samson Ólafsson handsalaði með eigin hendi

Einar prestur Torfason eh Ásgeir Einarsson meh

Ólafur Gíslason eh Halldór Jónsson eh

Ólafur Ásmundsson eh Bjarni Einarsson meh

Björn Ásgeirsson meh

Löglagning séra Einars Torfasonar
við séra Ásgeir Einarsson til Þingvalla prestastefnu 1672
um Fellskirkju kúgildaleigur í Kollafirði
og hvað annað sem hvor hefði öðrum til að tala

Anno 1671 16. ágúst að Stað í Steingrímsfirði *in visitatione ordinaria* biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung vorum vér Halldór Jónsson, Ólafur Gíslason, Bjarni Einarsson og Ólafur Ásmundsson við-

staddir, sáum og heyrðum orð og handsöl heiðurlegra kennimanna séra Einars Torfasonar og séra Ásgeirs Einarssonar, í hvörjum þeir löglögðu sig hvor við annan til næstkomandi prestastefnu að Þingvelli *anno* 1672 til andsvara um Fellskirkju kúgildaleigur í Kollafirði vestur og hvað annað sem hvor mætti öðrum með réttu titala. Skeði þetta í viðurvist biskupsins og vorri í kirkjunni á Stað í Steingrímsfirði ár og dag sem fyrr greinir, og til sanninda hér um setjum vér vorar eigin handskriftir hér undir, þessu öllu til sannindamerkis og vitnisburðar.

Halldór Jónsson eh
Bjarni Einarsson meh

Ólafur Gíslason eh
Ólafur Ásmundsson eh

Um aflausnir sakamanna.
Kónglegar *majestets* skikkunarbréf að ei oflengi
fráhaldist fyrir veraldlegs valds sektir,
útgefið *anno* 1621 16. febrúar, Kaupenhavn

Vi Christian sá fjórði, með Guðs náð *etc.* Gjörum öllum vitanlegt að eftersom oss underdanigst berettes hvorledes, når nogen forseelse begåes, enten med løstaghed eller andet sådant, præsterne ikke ville stæde dennem som sig så forseet haver til den hellige vor herres Jesu nadverd førend de sagen hos deres herskab haver aftinget. Hvorover sig tit og ofte hænder at sådant formedelst den skyldiges efterladenhed, uformusomhed og andre årsager over år og dag heden står, da efterdi enhver sin rettighed og sagfald efter landsloven kand søge og ingen med rette bør kirkens *disciplin* til sin fordel at bruge og opholde. Ville vi nådigst så og her med alvorligen have befalet, at ingen som tilstædes at søge kirken skal for nogen sådan sag som forbemeldt er holdes fra altaret når de tilbørlig skrift haver gjordt og kændes værdige dertil, hvorefter alle og enhver skulle vide sig at rette, tilladendes de ingenlunde, *actum* Kaupenhavn 16. febrúar 1621.

Þetta kóng *majestets* bréf er hér orðrétt útskrifað og samanlesið við þá útskrift er séra Árni Halldórsson hingað sendi og hann skrifar sig í Bræðratungu fengið hafa. Það vottum vér er sáum og samanlásam, Skálholti *anno* 1671 10. desember.

Ólafur Jónsson eh
Teitur Pétursson prestur eh
Halldór Jónsson eh

Ólafur Gíslason eh
Páll Jónsson eh

Kvennafarsryktismál uppá séra Einar Eiríksson,
Dalskirkju sóknarprest undir Eyjafjöllum, framborið við
biskupinn *magister* Brynjólf Sveinsson af Kálfi
Gunnarssyni, Dalsstaðar ábúanda, Ólafi Pálssyni að
Steinmóðarbæ og Pétri Gunnarssyni að Söndum,
Dalskirkju sóknarmönnum undir Eyjafjöllum

Anno 1672 8. júní að Skálholti komu fram fyrir biskupinn *magister* Brynjólf Sveinsson þessir þrír Dalskirkju sóknarmenn undir Eyjafjöllum, Kálfur Gunnarsson staðarins ábúandi að Dal, Ólafur Pálsson að Steinmóðarbæ og Pétur Gunnarsson að Söndum, framberandi vottaða ryktis vitnisburði nokkra persóna Dalskirkju sóknarmanna viðvíkjandi sínum sóknarpresti séra Einari Eiríkssyni, hvörra vitnisburða inntak og innihald það var hið sérlegasta að þeir heyrta hafi sinn sóknarprest séra Einar Eiríksson ryktaðan til holdlegs samræðis af Arnóru Jónsdóttur í Ólafshúsum, hjáleigu frá Stóradal, nú á þessum fyrirfarandi árum 1671 og 1672, og svo orðryktaðan af fleirum kvenpersónum, hvörjar þeir vilji ei að þessu sinni nefna. Taka þeir sér það til líkindaástæðu til þessa vanryktis að þeim þyki séra Einar Eiríksson oft og tíðum seint og óhaglega til embættis tekið hafa á sunnudögum og öðrum helgum, hvað þeim ei haga þykir vegna torfæru og vegalengdar. *Item* þykir þeim séra Einar nokkur líkindi af sér gefið hafa til þessa fyrrskrifaða ryktis, svo honum þykja megi full nauðsyn til að færast undan svo vondum orðróm og hneyksli sem hér sýnist vilja afrísa í þeim söfnuði, hvörja sína meðkenning þeir skrifa sig búna vera til að staðfesta með meiri sannindum nær sem þeim verður af yfirvaldinu til sagt, og óska hér uppá réttvíslegasta álits uppá þessa sína nauðsyn með hið fyrsta, en á meðan svo sé statt tjá þeir sig veika samvitsku hafa og sér ófæra heilaga aflausn eða *sacramenti* af sínum illræmdum kennimanni að þiggja og meðtaka á meðan hann ekki með eiði er fráhreinsaður.

Þessi framburður skrifaður og undirskrifaður að Stóradal undir Eyjafjöllum *anno* 1672 2. júní. (Undir hann skrifuð þessi nöfn) Indriði Sverrisson handsalaði, Magnús Þorsteinsson handsalaði, Kálfur Gunnarsson meh, Einar Jónsson meh, Ísleikur Einarsson meh, Bjarni Lafransson meh, Páll Eyjólfsson meh, Ólafur Pálsson meh, Bjarni Jónsson meh, Sveinn Brandsson handsalaði, Jón Jónsson handsalaði.

Framar frambáru þessir menn vitnisburð Ingibjargar Þorbjarnardóttur, að á næsta umliðna vetri að morgni dags hafi hún séð í loftrúminu að Stóradal séra Einar Eiríksson og Arnóru Jónsdóttur, sem trúlofuð var Erlendi Oddleifssyni, saman liggja bæði í fyrrskrifuðu rúmi, og hér uppá vill hún sín frekari sannindi leggja ef nauðsyn krefur. Þann vitnisburð hafa af henni tekið

með handsölum *anno* 1672 2. júní að Stóradal, (undirskrifaðir) Guðmundur Guðnason meh, Filippus Pétursson meh, Bjarni Lafransson meh.

Annan vitnisburð Bjarna Lafranssonar frá Neðradal, að hann vitað hafi séra Einar Eiríksson óvenjulegar leiðir tíðkað hafa til Ólafshúsa, þar Arnóra Jónsdóttir (áður þó trúlofuð Erlendi Oddleifssyni) heimilisföst var, þar mönnum var þó ei vitanlegt að hann nauðsyn nokkur tildragi síns embættis vegna. Og til frekari staðfestu setur hann sitt nafn hér undir með eigin hendi að Stóradal 1. júní 1672. (Undirskrifað hefur) Bjarni Lafransson meh.

Þriðja vitnisburð ber Einar Jónsson að Króktúni búandi, að hann hafi vitað séra Einar Eiríksson heldur leggja leiðir sínar oftlega til Ólafshúsa þar sem Arnóra Jónsdóttir var (áður trúlofuð Erlendi Oddleifssyni) og þær óvenjulegar, því mönnum var það óvitanlegt að hann þar nokkra tilhefði síns embættis vegna. Þessu til frekari staðfestu setur hann sitt nafn hér undir með eigin hendi að Stóradal 1. júní 1672. (Undir hefur skrifað) Einar Jónsson meh.

Fjórdða vitnisburð ber Ísleikur Einarsson, að hann vitað hafi á næst umliðna vetri séra Einar Eiríksson óvenjulegar leiðir lagt hafa til Ólafshúsa, þar Arnóra Jónsdóttir fyrir var (áður trúlofuð Erlendi Oddleifssyni), án nokkra nausynlegra erinda prestsins embættis vegna. Sérdeilis segist Ísleikur Einarsson vitað hafa séra Einar Eiríksson eina nótt þá sjöstirni var úr dagmálastað í Ólafshúsum verið hafa, þá Ísleikur burt gekk frá spilaleik, og eigi viti hann hvar séra Einar Eiríksson hafi þá nótt aðhvílst. Þessu til frekari staðfestu setur hann sitt skírnarnafn hér undir með eigin hendi að Stóradal þann 1. júní 1672. (Undir hefur skrifað) Ísleikur Einarsson meh.

Fimmta vitnisburð ber Þorgerður Jónsdóttir, að hún hafi vitað séra Einar Eiríksson taka sig heiman frá Stóradal eftir dagsetur á næsta umliðna vetri til Ólafshúsa, þar sem Arnóra Jónsdóttir var (áður trúlofuð Erlendi Oddleifssyni), og hafi séra Einar Eiríksson þar í Ólafshúsum verið fram yfir vökutíma heim í Dal, en eitt sinn ei heim komið fyrr en hann kallaður verið hafi. Líka ber hún að séra Einar Eiríksson hafi oftár en einu sinni verið á eintali við fyrrnefnda Arnóru Jónsdóttur, en eigi nauðsyn til vitað. Þetta heyrðum og meðtókum með handsölum af Þorgerði Jónsdóttur að Stóradal 1. júní 1672. (Undir hafa skrifað) Bjarni Lafransson meh, Filippus Pétursson meh.

Sjötta vitnisburð ber Jón Þorsteinsson (heimilismaður að Dal), að hann hafi vitað séra Einar Eiríksson til Ólafshúsa koma, þar Arnóra Jónsdóttir var, og beðið hana með sér á berjamóa að fara, hvað hún og gjörði, hvað undarlegt þótti, svo og vitað séra Einar Eiríksson oft og tíðum við Arnóru Jónsdóttur einmana skrafað hafa, hvar hann meinar honum engin nauðsyn tildregið hafi síns embættis vegna. Pennan sinn vitnisburð vill hann með frekari staðfestu sanna ef þörf gjörist, undirskrifuðum mönnum áheyrandi, hvörjir við hann handsöl höfðu að Stóradal 1. júní 1672. (Undirskrifað hafa) Filippus Pétursson eh, Bjarni Lafransson meh.

Sömu meiningar bréf sem erindi þessara manna nú var afhentu þeir bisk-

upinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni uppá vanrykti og undanfærishörf séra Einars Eiríkssonar vegna misþanka á honum við Arnóru Jónsdóttur, *daterað* Stóradal undir Eyjafjöllum 3. júní 1672, (hvar undirskrifað hafa) Bjarni Lafransson meh, Bjarni Jónsson meh, en sín nöfn handsalað Ísleikur Einarsson, Magnús Þorsteinsson. Óskandi hér aðgjörða á af biskupinum, sóknarinnar nauðsynja vegna, með fullnaðaratkvæði síns embættis vegna með fyrstu hentugleikum, þar héraðsprófasturinn heiðurlegur kennimann séra Þorleifur Jónsson að Odda tjáist og sannprófast fullkomlega forfallaður og við sængina haldinn sóttarveikleika vegna, sem hann og sjálfur bréflega tjáir með sínu sendibréfi biskupinum tilskrifuðu frá Odda 6. júní 1672, afhent nú af Kálfi Gunnarssyni.

Nú með því að séra Einar Eiríksson er hér nú ekki til viðurmælis, hvörs sérhvör maður er verður að lögum, sem og dóms og laga, þó á minna ríði en embættinu, þykist biskupinn ei annað úrráða kunna í þetta sinn að svo stöddu en setja þetta mál til héraðsprestastefnu í Rangárþingi með það fyrsta er því má viðkoma, setjandi kennimann séra Odd Eyjólfsson að Holti undir Eyjafjöllum í prófastsins stað til yfirdómara og forustumanns með samankallaðra heiðurlegra héraðsins kennimanna ráði og fylgi til að meðtaka þetta Dalskirkju sóknarmanna mál til prófs og rannsaks, og einhvörs endilegs atkvæðis á tilsettan prestastefnustað og dag, hvör biskupinum sýnist hentugastur væri sem næst sýslumanninum í Fljótshlíð vegna þeirra eiða sem verða má að takast þurfi uppá framborið vanrykti og líkindi séra Einari á hendur af sýslumanninum, skuli þetta rykti lögmætt verða og lagaeið séra Einars gilda. Kallar því biskupinn séra Einar Eiríksson til andsvara og lagavarna í þann stað og dag sem séra Oddur Eyjólfsson honum tilsegjandi verður þar í Rangárþingi að gegna þessu máli og skikkanlegum lögvarnarsvörum fyrir að halda. *Item* héraðsprestana alla til álita og dómsatkvæðis þessa máls eftir því sem þar löglega framkemur í sókn og vörn og öllum ástæðum og málavöxtum, þar og þá séra Oddur í prófastsins stað tilsegjandi verður. En kunni það ei fullkomlega í héraði á tilsettri prestastefnu til lykta að leiðast þá sé þó tekið allt próf og rannsak málsins upp sem glöggvast má í héraði af kunnugustu mönnum og sendist svo þaðan það sem ekki þykir fullkomlega úrskurðað til næstkomandi prestastefnu að Þingvelli, allt svarið og satt gjört það sem þess þykir þurfa, og komi þeir sækjendur sem sóknarmenn þar til umboð gefa fram með þetta mál og sitt umboð og séra Einar Eiríksson til andsvara, bæði sækjandi og verjandi þar til á héraðsprestastefnunni dæmdir, og séu komnir til svara næsta daginn eftir Pétursmessu og Páls í Þingvallarkirkju, fyrir miðdegi, þá hringt er lögþingisklukkunni í þriðja sinn, svo þá megi með Guðs hjálp og nálægri heiðurlegra stiftisins kennimanna röksemd eitthvað víst og endilegt úrgreiddast, eftir þeirri náð sem Guð vill gefa, að þetta hafi svo allt framfarið sem fyrrskrifað er.

Um framburð Dalskirkju sóknarmanna og biskupsins úrlausn og andsvar þar til setja þessir fyrrskrifaðir Dalskirkju sóknarmenn sínar handskriftir og

handsöl hér undir ásamt biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni og heiðurlegum og erlegum vottum, Halldóri Jónssyni Skálholtsstaðar ráðsmanni, séra Teiti Péturssyni kirkjupresti, Ólafi Gíslasyni og Bjarna Einarssyni, settum vorar handskriftir hér undir til fullnaðarstaðfestu og vitnisburðar, sama stað, ár og dag sem fyrr greinir.

Kálfur Gunnarsson meh	Ólafur Pálsson eh
Filippus Pétursson eh	Ólafur Gíslason eh
Halldór Jónsson eh	Teitur Pétursson prestur eh
Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh	Bjarni Einarsson mpp
Pétur Gunnarsson handsalaði með eigin hendi	

In nomine domini amen!

Anno 1672 1. júlí að settri Skálholtsstiftis prestastefnu þessir heiðurlegir kennimenn tilkallaðir, séra Torfi Jónsson prófastur í Árnessþingi, séra Einar Illugason prófastur í Kjalarnesþingi, séra Teitur Pétursson, séra Árni Halldórsson, séra Jón Halldórsson, séra Oddur Árnason, séra Þórður Þorleifsson, séra Guðmundur Bjarnason.

Í fyrstu kom fram Arnór Eyjólfsson tjáandi fyrir *synodo* að hann hafi fyrir utan *sacramenti* verið fyrir það hann hafi ei sinn seðil frá séra Sigurði Gíslasyni haft til Guðmundar Bjarnasonar, segir sig fyrir utan *sacramentið* verið hafa síðan sex vikur fyrir júlí 1670, en Arnór tjáist að ei hafi síns *sacramentis* seðils leitað hjá prestinum Sigurði Gíslasyni. Því tilsegir *synodus* Arnóri það tilbærilega að gjöra með fyrstu hentugleikum og séra Sigurð skyldugan seðilinn honum að gefa eða orðsakir í ljósi að láta, og prófastur tilhlutist honum þar til að hjálpa.

2. Frambar heiðurlegur kennimann séra Jón Halldórsson vitnisburði uppá niðingsverk við hann framkomið að oss þykir, að við sig framkomið hafi að Langárfossi anno 1672 um nóttina í milli þess 14. og 15. júnímánaðar daga, í þann máta að tveir menn með niðurbrotnum hettum hafi inn gengið í skálann á Langárfossi svo ei hafi sést andlitin, hvörjir tveir menn síðan hafi gengið að því rúmi er presturinn séra Jón Halldórsson í svaf hastarlega og síðan nefndan séra Jón slegið og lamið hafi með lurkum, annar um og í höfuðið en annar á hans líkama neðan, allt þar til hann rotaðist og féll í óvit, og hafi gengið að honum sofandi, *etc.* Og hér uppá auglýsir presturinn að hann hafi sýnt sig í höfði og enni bólginn deginum eftir þann 15. júní með bláma umkring vinstra augað og rauðum flekk ofarlega í enninu þó fyrir neðan hársrætur, einninn bólgusvepp á vinstra handleggnum utan við olnbogann. Þar hafa undirskrifað lögmaðurinn herra Sigurður Jónsson og landþingsskrifarinn Sigurður Björnsson, hvör ofanskrifuð merki enn nú sáust á prestsins andliti.

Framar þessu komu fram líkindavitnisburðir Odds Sigurðssonar og Jóns

Mál séra Jóns
Halldórssonar

Eiríkssonar nú fyrir dómi nærverandi, hvörjir nú samhljóða báru sig séð hafa á förnun vegi á kvöldtíma eftir náttmál þess 14. dags júnímánaðar 1672 fyrir neðan Langárfoss Vigfús Jónsson búandi að Leirulæk og annan mann með Vigfúsi Jónssyni samfarandi með ofanflettri hettu grárri svo ei sást í andlitið nema á nefið alllitið á sauðsvartri síðhempu, móbrúnum færleik *etc.* Þar til framlagði presturinn séra Jón Halldórsson líkindavitnisburð Jóns Jónssonar frá Einarsnesi ríðandi til Straumfjarðar úr Borgarhrepp að kvöldi þess 14. dags júnímánaðar 1672 er sig segir séð hafa tvo menn ríða upp að Langárfossi utan við almenningsveg sunnan undan á því plátsi um lágnætti á sömu nótt sem var eftir 14. dags júní 1672. Var annar maðurinn í sauðsvartri síðhempu á brúnum færleik en sá sem undan reið á rauðum færleik, báðir með ofanbrettum hettum. Að síðustu frambar séra Jón Halldórsson ryktisvitnisburð af tólf¹ persónum Álfaneskirkjusóknar, hvörjir allir bera samhuga sig heyrt hafa Vigfús Jónsson búandi að Leirulæk ryktaðan við það fáheyrða skammar og svívirðingarverk er prestinum séra Jóni Halldórssyni gjört hefur verið að Langárfossi, að auk þessa hafi Vigfús ekki viljað skrifa undirskrift undir þann vitnisburð sem presturinn tók almennilega af sókninni.

Var andsvar *synodi* hér uppá að hún auðmjúklega óskar að herra lögmennirnir og lögréttan eftir *ordinantiunnar* skikkan álykti séra Jón Halldórsson hindrunarlausan að bera þetta mál upp eftir þeim líkindum sem komin eru eða koma kunna í þessu máli, uppá sitt embætti og æru, svo kennidómur Guðs af óguðlegra verkum ei yfirfallinn verði.

3. Óskaði séra Halldór Jónsson auðmjúklega af herra biskupinum síns tillags sökum sinnar elli og burðarleysis. Séra Vigfús Helgason og í sama máta átræður að aldri, veikur og örvasa, er nú tjáðist með bréfi hans og vitnisburði. Ályktaði *synodus* eftir bréfum og dómum að biskupinn fullmagt hefði að skikka fátækum uppgefnum prestum uppheldi af þeim stöðum sem áður hafa *taxeraðir* verið í tíð Páls Stígssonar. Því skikkaði nú biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson þessum fyrirskrifuðum kennimönnum, séra Halldóri Jónssyni og Vigfúsi Helgasyni, fimm hundruð báðum, 2½ hundruð hvorum og hér með Litli-Kambur laus af séra Vigfúsi Helgasyni,² af Stafholti, Hítardal, Staðarstað og Setbergi, þar af 2½ hundruð séra Halldóri og 2½ hundruð séra Vigfúsi. Þetta fyrirskrifað allt var *actum anno* 1672 1. júlí.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Teitur Pétursson prestur eh
Séra Jón Halldórsson eh
Guðmundur Bjarnason eh
Helgi Bjarnason prestur meh

Torfi Jónsson mpp
Einar Illugason prestur mpp
Árni Halldórsson eh
Þorleifur Árnason mpp
Oddur prestur Árnason eh

1 *tólf*: breytt í handriti úr *þrettán*

2 2½ hundruð hvorum ... *Vigfúsi Helgasyni*: bætt við fyrir ofan línu

Framburður Þuríðar Jónsdóttur um hennar misferli,
biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni auglýstur
í erlegra votta viðurvist 1672

Anno 1672 27. nóvember að Skálholti í viðurvist heiðurlegra manna Ólafs Jónssonar skólameistara í Skálholti, Halldórs Jónssonar ráðsmanns, séra Ólafs Gíslasonar kirkjuprests, Einars Einarssonar *locats* og Bjarna Jónssonar kom fram fyrir biskupinn *magister* Brynjólf Sveinsson Þuríður Jónsdóttir, barnfædd og uppalin í Þorlákshöfn í Ölvesi, hvar hún fyrst giftist að ráði föður síns Jóns Jónssonar Jóni Snorrasyni eldra með kóng *majestets* leyfisbréfi í þrímennings frændsemi, og var saman við hann í fimm ár að hennar sögn og áttu til samans í hjónabandinu tvö börn. Eftir hann fráfallinn var hún ekkja eftir hann í tvö ár og giftist síðan aftur Ormi Klængssyni, þjuggu þau saman á Litla-Landi í Ölvesi í ellefu ár og áttu til samans fjögur börn. Síðan henti henni það slys að hún tók sig frá þessum sínum ektamanni og sló til samfara við giftan mann, Þorgeir Ingjaldsson, hvör í sama máta með henni strauk frá sinni ektakonu Guðrúnu Jónsdóttur og þeirra heimili Breiðabólstað í Ölvesi. Flökkuðu þau svo bæði, nefndur Þorgeir og Þuríður, vestur yfir fjall, eftir það ektamaður Þuríðar, Ormur Klængsson, hafði borið þennan Þorgeir hórdómsmáli með þessari sinni ektavinnu Þuríði. Flökkuðu svo vestur um sveitir. Hún segist fyrst farið hafa norður í Skagafjörð, hvar hún segist dvalist hafa það sumar síðan alþing, en ekki í samvistum verið við nefndan Þorgeir. Segist hún um haustið eftir vestur hvarflað hafa, undir Jökul, og þar dvalist þann vetur af í Keflavík, en Þorgeir hefði verið þar nálægt á Hjallasandi. Síðan segist hún þaðan gengið hafa vestur eftir byggðum í Saurbæ og Skarðsströnd, án fylgdar Þorgeirs, með tveimur sínum börnum og Orms Klængssonar, hvör sér hafi jafnan fylgt í þessari sinni umferð, þar til Guð hafi kallað annað í bólunni á Staðarfelli á Fellsströnd. Þar eftir næsta haust segist hún austur eftir ráfað hafa með því öðru barninu sem eftir lifði og komist hingað í Grafning til systur sinnar Guðrúnar, ektavinnu Rafns Jónssonar á Úlfjótssvatni, og þar svo síðan til þessa viðhaldist, utan það sem hún hafi í sumar sér til bjargar vestur eftir sveitum farið að Skarði á Skarðsströnd, með einu sínu barni. Þess í milli hafði hún krönk lagst í fyrra vetur á Úlfjótssvatni og kallaði til sín prest í sinni lífshættu, séra Þórð Þorleifsson að Þingvelli, og undir *sacramentið* játað sitt brot í viðurvist síns ektamanns, Orms Klængssonar, og annara fleiri sóknarmanna Úlfjótssvatnskirkju um sunnudagsmorgun. Hafi hún beðið sinn ektamann, Orm Klængsson, þá um fyrirgefning á því öllu sem hún hefði við hann brotið, hvörja hann hefði ljúflega henni veitt í prestsins og nálægra sóknarmanna viðurvist, og strax þar eftir hafi presturinn henni *sacramentið* veitt. Síðan batnaði henni sóttarinnar, en hún hefur fyrir utan fríheitin staðið þó hún þeirra vitjað hafi, einkum til séra Jóns Daðasonar í Arnarbæli, síns fyrra sálu-

sorgara og sóknarprests, í hvörs söfnuði og Hjallakirkjusókn þetta mál hefur fyrst tilfallið og hana hent, en hann hafi því líkt andsvar henni gefið að hann vogaði ei uppá sitt eindæmi hana til heimuglegrar aflausnar að meðtaka í svo háu máli og stóru broti. Hafi henni því til biskupsins frá sér vísað til að útvega það andsvar hjá honum sem skikkanlegast þætti og presturinn mætti sig eftirréttta, hvörs vegna hún er nú hér til biskupsins komin.

Berst nú hingað að þessi Þorgeir Ingjaldsson, við hvörn hún tók saman, hafi andast í vor vestur í Neshrepp undir Jökli, í sókn séra Sigurðar Halldórs-sonar. Spurði biskupinn Þuríði nú að hvort hún mætti með góðri samvitsku af sér bera fyrir Guði og mönnum hvort hún hefði ekki við Þorgeiri Ingjaldssyni neitt barn alið, hvorki í þeirra samferðum né fyrri, hvar til Þuríður svaraði að hún þar um saklaus væri, bæði fyrir Guði og mönnum, hvar ofan hún kvaðst vilja lífið leggja, þó þar að kæmi. Þar næst aðspurði biskupinn Þuríði hvör orðsök hana hefði tildregið að taka til þessa óráðs að skilja samvistir við sinn ektamann, hvar til hún svaraði að sig hefði helst þar tildregið sú eymd og neyð sem á sér og sínum börnum verið hefði í fatleysi og atvinnuleysi, að hún hafi hvorki sér né börnunum séð þar óhætt upp á lífsbjörg og atvinnu, því Ormur Klængsson hafi með sér meðtekið og sínu barni til samans 46 hundruð virt, sín þar í 30 hundruð en barnsins 16 hundruð, en nærri á fjöggra eður fimm ára tíma hafi þessir fémunir eyddir verið, af sóun og eyðslu Orms Klængssonar, svo í sex eða sjö ár hafi hún ei af þeim fémunum sér eður sínum börnum til lífsbjargar neitt eftir haft, hvörrar vesældar vegna hún þykist orðsakast hafa frá að víkja og sér góðra manna að leita. Þar að auki, þegar hún hafi um þessa eyðslusemi og illa meðferð kvartað og átalið fyrir Ormi þykist hún mætt hafa af honum, bæði til orða og verka og álaga, með slögum og illyrðum og öðrum þeim atvikum að sér hafi sér ei þótt óhætt uppá lífið, og því hafi hún þetta til bragðs tekið í sinni lífs neyð og nauðsyn, en ekki segist hún bera né borið hafa þennan Orm Klængsson hórdómsmáli framhjá sér og ekki framlagði hún fleira í þetta sinn né sagðist framleggja sínum manni til ákæru, né sinni sök til varnar, alleinasta óskandi í Guðs nafni að hún mætti meðtakast til heilagrar aflausnar og kristilegra fríheita, en þessi Ormur Klængsson hafi sífellega þar á forboð gjört prestinum séra Jóni Daðasyni og séra Eiríki Magnússyni, sem sjá má á þeim seðli sem hún hafði meðferðis með þeirra undirskriftum, þó eigi séu tillagðar þess forboðs orðsakir. Aldrei segir hún að hann hafi boðið sér samvistir síðan hún austur aftur kom, heldur afbeðið að láta þar aðþrengja, enda segist hún þess ei heldur leitað hafa, því að hún þóttist sjá það horfa mega til meiri vandræða, biðjandi því í Guðs nafni þar ei að að þrengja.

Leist biskupinum með nálægra heiðurlegra manna ráði að Þuríður Jóns-dóttir taki opinbera aflausn af séra Jóni Daðasyni í Hjallakirkjusöfnuði fyrir sinn ósæmilegan viðskilnað og fráhláup frá sínum ektamanni, móti hjónabandsreglunni, sinni eigin trúlofun, og fyrst og fremst móti því sjötta Guðs boðorði, þar næst fyrir hórdómssynd og brot með Þorgeiri Ingjaldssyni, fram-

hjá Ormi Klængssyni, með ókristilegum samförum við Þorgeir, og biðji hér uppá auðmjúklega Guð um fyrirgefning á syndunum en kristilega kirkju á hneykslinu og ljótum eftirdæmum er af þeim syndum hafi gjörst eða gjörast mega. Líka skal hún enn aftur opinberlega biðja Orm Klængsson um fyrirgefning á því öllu sem hún hefur hér úti og því öðru sem vera hefur mátt honum og þeirra hjónabandi í móti brotið, alúðlega og hugarlátlega sem hæfir, þó ei sé þeim þar með þrengt til samvista, hvað eg vil ei tilleggja að gjört sé fyrir utan þeirra beggja ljúfan vilja vegna þess vanda og háska sem þar af má stofnast, hvörn biskupinn vill ei fyrir neitt fylgi fyrir Guði né mönnum ábyrgjast. Vilji Ormur Klængsson henni kristilega fyrirgefning veita, þá er vel, en vilji hann það ei gjöra, ljúflega og einfaldlega fyrir utan álagða skilmála, þá sé það vottað uppskrifað, en Þuríður ei að að síður til opinberrar aflausnar og *sacramentis* meðtekin þegar hún aðeins auðmjúklega og lítillátlega fyrirgefningar leitar, nema hann leggi fram aðrar viktugri orðsakir til forboðsins, hvörjar og skulu við votta upp eftir honum teiknast, hafi hann þær nokkrar til, hvar eftir af honum skal alvarlega leitað vera, svo þar eftir megi rannsakað og metast.

En þeirra hjónabandsmál skal þar fyrir utan til laga sækjast, vilji hann ei saman við hana taka, og hún ei ljúflega tilleiðast þó hennar fríheit séu hér úti minni, þó vegna samvitskunnar og þeirra vandræða sem líkindi eða vottar bera að henni sé eða verði það ei óhætt, befallandi svo þetta mál heilags anda úrgreiðslu til bestu endalyktar, og svo þar eftir röggæmd og góðri samvitsku heiðurlegs kennimanns, séra Jóns Þaðasonar, til kristilegrar úrlausnar, svo mikið sem hans embætti viðkemur og konunnar fríheitum, en hún lofi að standa kristilegu yfirvaldi til rétta í því sem henni kristilega tilsað verður, ef og nær það vill uppátala. Hér með oss alla góðum Guði og orði hans náðar trúlega befallandi. Þetta virtist nálægum heiðurlegum mönnum líklegast hér til að svara að svo orðnu máli sem nú skrifað er, hvörju til staðfestu þeir sín nöfn hér undirskrifa, sama stað, ár og dag sem fyrr greinir.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Ólafur Jónsson eh
Halldór Jónsson eh

Ólafur prestur Gíslason eh
Einar Einarsson eh
Bjarni Jónsson eh

Framburður Arnórs Eyjólfssonar um misklíð millum hans
og séra Sigurðar Gíslasonar að Stað í Grunnavík,
biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni auglýstur
í erlegra votta viðurvist, og andsvar biskupsins þar
til Arnóri aftur í mót útgefið 1673

Anno 1673 10. mars að Skálholti kom fram Arnór Eyjólfsson að vestan úr Ísafjarðarsýslu og frambar það málefni sem hann segir fallið hafa millum síns

sóknarprests, séra Sigurðar Gíslasonar að Stað í Grunnavík, hvörjum hans framburði svo er varið sem eftirfylgir.

Í fyrstu segir nefndur Arnór Eyjólfsson að fyrir tveimur árum, sem var föstudaginn fyrstan í sumri *anno* 1670, hafi nefndur séra Sigurður Gíslason með sínum heimamönnum sig til banda tekið og járn á sig lagt á hans prestsins heimili og sig bundinn flutt til sýslumannsins Magnúsar Magnússonar. Pennan póst frambar nú og klagði Arnór Eyjólfsson fyrir biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni, óskandi af honum þar uppá sér lög og rétt af séra Sigurði Gíslasyni að gjöra það biskupinum síns embættis vegna og prestsins bæri. Fleiri sakir afsagði hann í þetta sinn fram að bera, þó til mætti verða, þó biskupinn þeirra óskaði, ef hann vildi þær í té láta, svo að allar og sérhvörjar mætti hér nú teknar verða, hvörjar ekki fengust framlagðar í þetta sinn af Arnóri. Nú með því séra Sigurður Gíslason er í fjarlægð er svara skal, ófyrirkallaður, þar verjandi og sækjandi skal fyrir hvörju máli vera, en biskupinum virðist öll mál eigi heima í héraðum fyrst að trakterast, reynast þar og rannsakast, og eftir því sem næst komist verður með lagarétti eður forlíkun niðursetjast, en verði það ekki í héraði niðursett, þá til stiftisins prestastefnu á Þingvelli að leggjast. Því setur nú biskupinn þetta mál séra Sigurðar og Arnórs undir rannsak, álit og atkvæði héraðsþrófastsins, heiðurlegs og vellærðs kennimanns séra Jóns Arasonar að Vatnsfirði, að hann þetta þeirra mál að sér taki, en með því þeir eru ei svo margir að dómfært verði, þá biður og óskar biskupinn að prestar úr Strandasýslu þar til verði með þrófastinum og hans prestum, og komi allir saman í þann stað og dag sem þrófasturinn tilsegir, tímanlega án undandrátta, þar sem öllum er bagaminnt saman að koma sem næst Langadal. Þangað sé og kallaður séra Sigurður Gíslason til andsvara við Arnór Eyjólfsson á þessu máli með öll þau gögn og vitni, bréf og skilríki sem hann hefur eður fá kann sér til gagns og varnar í þessu máli, undir það álit og atkvæði sem þrófasturinn þá með samankomandi kennimönnum eftir málefnum og vöxtum þar á gjörir, en kunni það þá ei þar út að talast þeirra í milli þá sé þó allt svo sem framkemur gjörla uppteiknað á báðar síður með öllum sínum gögnum, vörnum, vitnum og ástæðum, og sé svo þaðan dæmt og lagt til næstkomandi Þingvallar prestastefnu *anno* 1673, og þeir báðir séra Sigurður Gíslason og Arnór Eyjólfsson lögskyldir dæmdir þangað að koma og komnir vera undir Pétursmessu og Páls, með þetta mál og allar þess sóknar og varnar ástæður, og það álit og atkvæði þar um af þrófastinum gjörst hefur, svo langt sem það náir, og bíði svo þar á Öxarárþingi þess prestastefnudóms sem af biskupinum og þarverandi heiðurlegum kennimönnum stiftisins verður á Þingvelli þar um genginn eftir sóknar og varnar vitnisburðum og eftirtakanlegum bevísingum.

Allt þetta fyrrskrið mál, framburður Arnórs og andsvar biskupsins, var hér uppteiknað og inntekið í heiðurlegra votta viðurvist, Ólafs Jónssonar skóla-meistara í Skálholti, Halldórs Jónssonar ráðsmanns, séra Ólafs Gíslasonar kirkjuprests, Einarssonar *locats* og Bjarna Einarssonar. Handsalaði

Arnór Eyjólfsson biskupinum í þessara votta viðurvist við þennan sinn fram-
burð að standa hvar sem framkæmi, meðkennandi hann í öngvan máta uppá
sig ofskrifaðan vera. Og til sanninda uppá þetta allt áðurskrifað settu fyrr-
skrifaðir velnefndir vottar og viðurvistarmenn sínar eigin handskriftir hér
undir ásamt undirskrifuðum vottuðum handsölum Arnórs Eyjólfssonar og
undirskrifuðu nafni biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar, öllu þessu
áðurskrifuðu til fullnaðarstaðfestu, sannindamerkis og vitnisburðar, Skálholti
anno 1673 10. mars.

Arnór Eyjólfsson handsalaði með eigin hendi

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh

Ólafur Jónsson eh

Einar Einarsson eh

Halldór Jónsson eh

Ólafur prestur Gíslason eh

Bjarni Einarsson mpp

Lýsing og meðkenning Narfa Eyjólfssonar og Sighvats Þorkelssonar um Steinvöru Steinvarardóttur kallaða er sér hafði að skaða orðið *anno* 1673

Anno 1673 þann 21. mars vorum við eftirskrifaðir menn, Narfi Eyjólfsson og
Sighvatur Þorkelsson, tilkvaddir af heiðurlegum kennimanni séra Jóni Gíslasyni
að Miðdal til sjá og skoða þá fáráðu kvensnift Steinvöru Steinvarardóttur
kallaða, er menn meintu sér hefði sjálf að bana orðið með tálguhnífsskurði á
hálsinn framanvert undir hökuna þvert um, og er okkar lýsing hér um svo-
látandi sem eftirfylgir, að *anno* 1673 21. mars komum við ásamt prestinum séra
Jóni Gíslasyni að lambhúsi að Útey í Grímsnesi, fyrir hvörs húsdryum að þá
stóð Jón Gunnarsson ektamaður nefndrar Steinvarar, en hún inn í húsinu þá
mállaus, en þó með viti og rænu að oss virtist, með því presturinn séra Jón
Gíslason spurði hana að strax er vær vorum í húsið innkomnir hvort hún tryði
því að blóðið Jesú Kristi hreinsaði hana af öllum syndum, hvar uppá til merkis
hann bifalaði henni að signa sig, sökum þess hún var mállaus, hvað hún og
stöðuglega gjörði, sem og einnin hún á sér sýndi með iðranarmerkjum og
uppréttum höndum þá presturinn talaði fyrir henni út af Guðs orði. Sömuleiðis
aðspurði presturinn séra Jón Gíslason nefnda Steinvöru hvort hún hefði sér
sjálf þann áverka veitt er hún hafði á hálsinum eður af öðrum fengið, og skyldi
hún til merkis þar um, ef hún hefði sér það sjálf gjört, leggja sína hönd á brjóst
sér, en ef annars væri skyldi hún rétta hana frá sér. En hún lagði hana strax sér
á brjóst og virtist oss af þessu að hún mundi hafa bæði vit og rænu, og lifði frá
því hún hafði sig skaðað á föstudagsmorguninn til þess um embættistíma á
laugardaginn, og kunnum vér hér ekki annað sannara frá að segja. Og til sann-
inda hér um skrifum við ásamt séra Jóni Gíslasyni að Skálholti *anno* 1673 23.
mars.

Jón Gíslason eh
Sighvatur Þorkelsson eh

Narfi Eyjólfsson eh

Anno 1673 23. mars að Skálholti í viðurvist heiðurlegra manna Ólafs Jónssonar skólameistara í Skálholti, Halldórs Jónssonar ráðsmanns, séra Ólafs Gíslasonar kirkjuprests, Einars Einarssonar *locats* og viðurvistarvottanna sem verið höfðu með prestinum séra Jóni Gíslasyni að Útey í Grímsnesi, Narfa Eyjólfssonar að Laugardalshólum og Sighvats Þorkelssonar að Laugarvatni. Frambar heiðarlegur kennimann séra Jón Gíslason þetta framanskrifað bréf um það tilfelli er skeð hafði í Útey á þeirri fátíðu kvensvift Steinvöru kallaðri Steinvarardóttur ektakvinnu Jóns Gunnarssonar en húskonu þar, með þeim atburðum og atvikum sem þetta bréf útvísar og vottar borið hafa.

Óskaði presturinn séra Jón Gíslason biskupsins andsvars og úrlausnar, hvort honum virtist líkami þessarar kvennu í kirkjugarði græfur eða ekki. Leist biskupinum með heiðurlegra velnefndra manna ráði, að öllu athuguðu því sem í þetta bréf er innfært um konunnar rænu og iðrunarmerki til prestsins orða og áminninga, með því hvarvetna skal til betra efnis færa þar hvor tveggja er jafnvíst, svo sem þau iðranarteikn og játninga sem vottarnir borið hafa hana uppá prestsins orð frá sér gefið hafa, að leyfilegt væri hennar líkama til kirkjunnar að flytja þó tilræði háskalegt hafi undangengið, sem merkja er af hennar bendingu að hún sér sjálf veitt hafi, sýnist þó iðranarmerki uppá hreinsun af syndinni fyrir blóð Kristi hennar undanfarnar syndir allar bætt og afplánað hafa, hvar uppá hún skal síðan þvílíkt iðranarteikn og bendingar af sér gefið hafa fram undir andlátíð, sé þó lögð yst í garðinn við vígða mold og óvígða sem menn plaga að kalla. En þó innan þeirrar vígðu. Líka sýnist biskupinum skikkanlegt að presturinn gjöri nokkurn mismun¹ af yfirsöngnum, taki þar til einn iðranarsálm og *Mitt í hfi er nú vér*, en ekki meir.

Og að svo í sannleika sé af biskupinum hér til svarað er hans nafn með velnefndra votta handskriftuðum nöfnum hér undirskrifað, sama stað, ár og dag sem fyrr greinir.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Ólafur prestur Gíslason eh
Narfi Eyjólfsson eh
Sighvatur Þorkelsson eh

Ólafur Jónsson eh
Halldór Jónsson eh
Einar Einarsson eh
Jón Gíslason eh

1 *mismun*: breytt í handriti úr *vísir*

Framburður Þorbjarnar Magnússonar austan úr Skaftafellssþingi um sína útsetning frá *sacramenti* og hjónabandsmál við Þorbjörgu Þorsteinsdóttur

Anno 1673 9. maí að Skálholti kom fram fyrir biskup *magister* Brynjólf Sveinsson í heiðurlegra votta viðurvist, Halldórs Jónssonar ráðsmanns í Skálholti, séra Ólafs Gíslasonar kirkjuprests og Þorvalds Björnssonar, Þorbjörn Magnússon, barnfæddur í Meðallandi en nú að hans sögn vistfastur í Álftaveri í Skaftafellssþingi, tjáandi að hann væri fyrir utan kristileg fríheit og heilagt *sacramentum* nú á fimmta ár. Framlagði hann uppá sína kynning vitnisburðarbréf, útgefið við Pykkvabæjarklausturskirkju af söfnuðinum þann 25. ágúst, en handskrifað þann 1. september anno 1672 með undirskriftum Hákonar Þorsteinssonar, Bjarna Eiríkssonar, Jóns Eiríkssonar, Ólafs Eyjólfssonar og Sveins Oddssonar, hvar inni þeir bera sér ei annað vitanlegt en hann hafi sér frómlega hagað og hegðað til orða og gjörða, að því fráskildu hvað hans giftumáli kann við að víkja, hvör vitnisburður honum verið hafi útgefinn með almennilegu lófataki. Tjáir þessi Þorbjörn Magnússon sig hafa kristilegra fríheita og *sacramentis* leitað frá héraðsprófastinum séra Magnúsi Péturssyni, því sinn sóknarprestur séra Ketill Halldórsson hafi sér þar um til prófastsins vísað, en prófasturinn hafi vísað frá sér til biskupsins þar um, þó ekki hafi þessi Þorbjörn neitt bréfflegt þar uppá með sér fram að bera.

Tekur biskupinn nú eftir þeim orðum vitnisburðarins að þeir sem hann gefa fráskilja það viðvíkja má hans hjónabandsmáli, og tók því fyrir sig í fyrirskrifðra votta viðurvist að rannsaka hvörnin því hjónabandsmáli Þorbjarnar varið væri sem þeir undan sínum vitnisburði skildu, áminnandi Þorbjörn Magnússon þar um hið réttasta og sannasta frá að segja, svo ei mætti síðar afturbera með réttum sannleika. Framber hann nú og meðkennir að hann hafi fyrir fimm árum nærri leitað hjónabands og ektaskapar til Þorbjargar Þorsteinsdóttur, sem þá var heimilisföst að Fjósakoti í Meðallandi, og hafi það hjónabandsuppkvæði sinna vegna framborið Snorri Valdason, búandi þá að Oddum í Meðallandi, við bræður hennar tvo Jón og Þórir, sem þá voru hennar fulltíða giftingarmenn í nálægð bróður síns Þorsteins, sammædds bróðurs, og hennar móður Jódísar þar verandi þá á Fjósakoti, að ráði þeirra stjúpföðurs Sigurðar Halldórssonar þá búandi, hvörju einkamáli þá hafi vel tekið verið. Síðan þar eftir um fardagaleytið segir hann þetta mál hafi aftur sinna vegna vakið verið af sama Snorra og endurnýjað til þessarar Þorbjargar við móður hennar og bræður áður skrifada í nálægð þeirra stjúpföðurs, og hafi þá fullnaðarkaup og trúlofun þeirra í milli framfarið í prestsins nálægð og viðurvist séra Bjarna Sveinssonar, hvör þar hafi þá sína embættisskyldu þar til gjört í vitni og viðurvist sama Snorra Valdasonar og Sigurðar Jónssonar, þar þá á Fjósakoti búanda en nú á Hólmum í Meðallandi. Líka hafi þar þá aðborið

fátæka konu umfarandi Katríni Bjarnadóttur. Fleiri vottar segir Þorbjörn þar hafi þá ei viðverið en nú eru greindir. Síðan þar eftir meðkenndi hann að þessum hjónabandsráðum sínum hafi lýst verið af predikunarstólnum á Skarðskirkju í Meðallandi af sóknarprestinum þar, bæði sínum og Þorbjargar, séra Bjarna Sveinssyni í þrjá sunnudaga, og standi þar við enn til þessa framar aðgjörðalaust í þeim hjónabandsefnum.

Spurði biskupinn Þorbjörn hvör orðsök honum væri vitanleg hvar fyrir frekari framkvæmd hefði þar ei á orðið. Greinir hann þar til ofstopa og ofríki þessarar Þorbjargar sinnar festarkonu upp frá því hún kom til heimilis Þorbjarnar í Oddum, en hún hafi mest allt sitt sem hann þar átti svo undir sig dregið, bæði heimuglega og opinberlega, að sér hafi þar ei framvegis viðvært verið, svo hann hafi orðið sitt heimili að rýma, sem og fyrir hennar ofstopa og stórlyndi, að sér hafi ei tjáð við hana að að finna ef hann vildi frið hafa. Þar að auki framber Þorbjörn Magnússon að þessari Þorbjörgu hafi um munn farið þeirrar meiningar orð að hún fengi aldrei þann kærleika til sín sem hún hafði til Þórarins Sveinssonar, sem þá var á Fjósakoti en þar eftir á Grímsstöðum, hvör Þórarinn við henni átt hafði tvö börn í frillulífi áður en þessi Þorbjörn hennar leitaði. Þar uppá tilsagði biskupinn Þorbirni, sem og uppá ofríkið og stórlyndið honum af henni sýnt, ánægjanlega vitnisburði að taka svo þeir mættu honum til afsökunar verða í þessum undandrætti og trega sem þeirra á milli er innfallinn. Segir Þorbjörn að þessar orðsakir falli sér svo til geðs og sinnis að hann geti ei með heilli samvisku gengið til þessa hjónabands framkvæmdar við greinda Þorbjörgu, óttandist að þar mundi mega meiri ólukka eða vandræði af verða ef þeim væri harðlega samþrengt eða nauðgað.

Meðkennir Þorbjörn að prófastur hafi sig bæði heimuglega og undir votta áminnt þetta ektaskaparmál ei að barnamáli að gjöra, heldur hjónabandið að Guðs lögum og manna eftir fyrsskrifaða trúlofun og lýsingar án langdvalar að framkvæma, hvað hann meðkennir sig þó ekki gjört getað hafa hingað til vegna sinnar samvisku, ótta og kvíða af fyrsskrifuðum orðsökum. En á þessum undandrætti hyggja menn hér nú að svo stöddu til frekari rannsaks og bívísingar hans útsetning frá *sacramentinu* standa. Stendur þetta nú allt svo sem framborið er til frekari bevísingar og vitnisburðar, hvörja biskupinn tilsegir honum að taka, svo framt sem hann vill í nokkurn máta um þetta sitt mál afsakaður vera. Uppá þennan sinn framburð hafði nú Þorbjörn Magnússon fullnaðarhandsöl við biskupinn *magister* Brynjólf Sveinsson við hann að standa hvar sem framkæmi, svo sem nú er eftir honum skrifað í hans nálægð, vitund og vilja.

Ræður nú biskupinn það fyrsta að svo stöddu máli að leita forlíkunar, friðar og samþykkis sáttmála þeirra á milli Þorbjarnar Magnússonar og hans festarkvinnu Þorbjargar Þorsteinsdóttur, og nefnir þar til forstöðu og fram-

kvæmdar, fyrst umbiðjandi þessa menn, Hákon Þorsteinsson og¹ þeirra sóknarpresta, séra Ketils Halldórssonar hans vegna en séra Bjarna Sveinssonar á hennar síðu, og kalli til með sér góðfúsa guðhrædda menn, kapps og fylgislauslausa á báðar síður þá sem þeim má báðum líka að hafa, Þorbirni og henni, eða hennar forsvarsmáður, að hvort lofi nú öðru héðan af fullkominni ást og elsku, tryggð og hollustu sem ektahjónum hæfir í allan máta, og gangi þar uppá til heilla sátta sín í milli. Það biðji fyrirgefningar sem brotið hefur og lofi yfirbót, Guði og mönnum, og haldi vel síðan sem Guðs börnum hæfir, hvar til prestarnir þann alúðlega áminni. En kunni svo verða að þessi friðarsátt og forlíkun takist ekki, sem nú er skrifað, þá setur biskupinn þetta mál til prófs og rannsaks og lagadómsatkvæðis fyrir héraðsprófastinn og prestana í Skaftafellssþingi, þá og þar sem prófasturinn prestastefnuna setur, og þau bæði Þorbjörn Magnússon og Þorbjörgu Þorsteinsdóttur eður þeirra lagaumboðsmann í þann stað og tíma sem prófasturinn tilsegir skyldug að koma til sóknar og varnar með öll þau skjöl, gögn og vitni sem þessu þeirra máli mega til gagns og bata koma, og gjörist þar þá sá dómur sem réttur og forsvaranlegur er eftir málavöxtum, hvar sem framkemur. Sýnist biskupinum að Þorbjörn muni hljóta opinbera aflausn að taka fyrir sína eigin forsómun, þar hann hafi svo lengi undandregið, bæði sín eigin fríheit að útvega og úrlausnar til biskupsins að vitja upp frá því prófasturinn vísaði honum frá sér til hans, hvað hann hefur ei gjört fyrr en nú í dag, en svo langt er um liðið. En um hjónabandsundandráttinn sýnist biskupinum miðlast hljóta eftir því sem orðsakir finnast og reynast mætar eða ómætar til afsökunar honum, og sé afleystur þegar þar að kemur af sínum sóknarpresti.

Framar þóttist biskupinn hér úr ei að svo stöddu kunna að greiða. Fór allt þetta fyrirskrifað fram í heyrn Þorbjarnar Magnússonar og fyrirskrifaðra heiðurlegra votta, með samþykki heiðurlegs og hálærðs herra *magisters* Þórðar Þorlákssonar, hvörn hér nú persónulega að bar. Þessu fyrirskrifuðu til sannleiksmerkis og vitnisburðar eru hér undirskrifuð nöfn og handskriftir, sama stað, ár og dag sem fyrr greinir.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh

Halldór Jónsson eh

Ólafur prestur Gíslason eh

Þórður Þorláksson mpp

Þorvaldur Björnsson eh

In nomine domini amen

Anno 1673 1. júlí að almennilegri Skálholtsstiftis prestastefnu að Þingvelli. Þessir heiðurlegir kennimenn samankomnir og til dómsálita og atkvæðis kallaðir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni um þau mál sem að lögum

1 fyrst umbiðjandi þessa menn, Hákon Þorsteinsson og: bætt við á spássíu, sem skorið hefur verið af

hingað undir prestastefnudóm heyra og stiftisins kennidómi ber í að segja, séra Torfi Jónsson prófastur í Árnesþingi, séra Einar Illugason prófastur í Kjalarnesþingi, séra Árni Halldórsson, séra Páll Ketilsson, séra Hannes Björnsson, séra Jón Grímsson, séra Páll Ámundason, séra Ólafur Gíslason, séra Oddur Árnason, séra Grímur Ingimundarson, séra Jón Halldórsson, séra Hallkell Stefánsson,¹ séra Þorleifur Árnason, séra Sæmundur Oddsson, séra Þórður Bárðarson.

Fyrst um það mál sem hingað var sett af Vatnsfjarðar prestastefnu í vor 1673 11. júní af héraðsprófastinum séra Jóni Arasyni og honum samdæmandi fimm prestum og áhrærir ákæru Arnórs Eyjólfssonar til prestsins séra Sigurðar Gíslasonar að Stað í Grunnavík, hvörja Arnór hafði eftir sér skrifa látið í vor fyrir biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni í votta viðurvist 10. mars *anno* 1673, hvör ákæra er sú þriðja í Vatnsfjarðaráliti, að Arnór segir að séra Sigurður hafi sig ólöglega til járna og fjöttra tekið á sínu sjálfs heimili, án alls réttar og lagaúrskurðar, með fjórða mann, hvað hann segist játa og viðurkenna í allan máta óleyfilegan reyfarahátt og týranna aðferð. Andsvar séra Sigurðar hér um að hann meðkennist ekki sig Arnór til fjöttra né banda tekið hafi, sem Arnór framber, heldur befað og umboðið það að gjöra Ólafi Árnasyni. Spurðu kennimennirnir séra Sigurð síðan hvörjar helst orðsakir hann hefði Arnór til banda og járna tekið eður taka látið, óskandi að presturinn láti þær hér skýrlega í stuttu máli vottaðar og bevísaðar innskrifast.

Greinir séra Sigurður fyrst til undirlags síns máls kynning þessa Arnórs, að hann sé og hafi verið að óknyttum og óráðvendni kunnur og sannur að lögum, húðstrýktur og markaður að fornu á Laugarbrekkuþingi eftir dóma þá sýslumannsins Sigurðar Jónssonar, nú lögmanns á Íslandi sunnan og austan. Síðan þar eftir hafi hann tekið hest í Hróaldsholts hjáleigu af fátækum barnamanni þar búandi og hafi Arnóri þar fyrir á alþingi lýst verið,² en þar eftir brotið inn húspil í Ögri og tekið þaðan smjör og aðra muni, hvar uppá séra Sigurður lagði nú fram meðkenning og vitnisburð útgefinn Ögri 1673 15. júní með undirskrift Bjarna Bjarnasonar, handsölum Sigurðar Jónssonar og Jóns Þorkelssonar.

En þar Arnór nú svo kynntur sem skrifað er staðfestist í Grunnavík á Álfstöðum, staðarins kirkjujörð, á vegum séra Sigurðar að heimild og byggingu hans, þar hann komið hafi úr Tréggillisvík með sedli séra Guðmundar Bjarnasonar í Árnesi, þá hafi svo tilfallið um veturinn fyrir Arnóri að hann niðursker í fyrstu snjóum án vitundar og heimildar séra Sigurðar undan kirkjunnar merki á Stað, sneytt framan hægra og sýlt hið vinstra, en Arnór meðkennir tvær. *Item* hafi Arnór um vorið þá hann fór frá Álfstöðum rofið þar hús, tekið þaðan og

Um prest sem illa kynntan mann lét taka til banda

1 séra Jón Halldórsson, séra Hallkell Stefánsson: hér flýtti skrifari sér um of og á milli nafnanna er *Fyrst um það mál sem hingað var sett af Vatnsfjarðar prestastefnu í vor anno* 1673 11.

2 *lýst verið*: strax á eftir er strikað yfir í nokkur ár

burt haft viðina og í burtu fengið, án sinnar vitundar og heimildar, hvörja húsaviði Arnór hafi þó sér áður til eignar fengið fyrir uppgjöf á jarðartöku hans á Álfstöðum. Þar uppá framlagði séra Sigurður meðkenning útgefna Stað í Grunnavík 1671 16. maí, undirskrifað af sýslumanninum Magnúsi Magnússyni, Jóni Pálssyni og Magnúsi Björnssyni, en Arnór segir hann hafi skilið sér af prestinum ásauðarkúgildi fyrir þessa viði og hafi því tekið viðina að ei hafi þetta kúgildi fengið, hvað að stendur til bevísinga Arnórs. En áðurskrifuð meðkenning Arnórs getur ei þessa ásauðarkúgildis af honum tilskilins. *Item* að Arnór hafi gjört kaldakol á jörðunni Álfstöðum um veturinn á langaföstu anno 1671 að óvitandi sér, hans húsbónda, að niðurrifnu húsinu og burtfluttum viðum, þeim sem hann hafði þó áður séra Sigurði burt fengið. Þar á ofan hafi hann sig heimsótt til Staðar á sitt heimili með ofsa og óróa og stórum hávaða, lýsandi prestinn haft hafa í allri óheimild sína leigukú, sem presturinn hafi látið til hans sækja í heyþroti, haft svo mjólk og nyt kýrinnar í sinni óheimild og andvirði mjólkurinnar ætti hann hjá prestinum eður þjófnaði þar á lýsandi.

Þar uppá heimiliskviðarvitni tekin og uppá þá vottatöku vottar Jón Pálsson og Ólafur Árnason. Þetta og meðkennt af Arnóri, sem vitnisburðirnir uppá hljóða, með auðmýktar hnéfalli Arnórs og auðmýktar fyrirgefningarbón að Stað í Grunnavík 1671, undirskrifað af sýslumanninum Magnúsi Magnússyni, Jóni Ólafssyni og Ólafi Árnasyni. Í þeim vitnisburði ber Jón Pálsson, Ólafur Árnason, að Stað í Grunnavík 1671 15. maí, að Arnór í þessu háreysti sagt hefði að aldrei skyldi hann neinu svara ofan á þá kú sem heim tekin var og aktaði hann neitt virðing þeirra sem virt höfðu. Sagðist einninn að þakkarlausu prestinum skorið hafa innstæðuærnar og fyrir eina þeirra sagðist hann aldrei borga meir en tíu álnir. Þetta allt nú tekið í meðkenning Arnórs undir fyrirgefningarbónina og hnéfallið 1671 15. maí, sem fyrrskrifað er.

Fyrir þessar og þvílkar sakir, sem og þau orð að hann hafi til prestsins talað: Þú lýgur það sem þá hefur logið fleira, þóttist presturinn ei öðru viðkoma en taka hann undir rétt lög og dóm svo sem annan óskilamann og að óknyttum kenndan eftir þessum greinum laganna, mannhelgi: Binda má maður þjóf að ósekju og alla þá menn sem hann kennir að ódádaverk hafi gjört ef hann hefur vitni til að hann gat ei öðrúvís fært hann til réttarans. Heldur presturinn að Arnór hafi hér til unnið með þeirri ódád, hann hafi stolið húsaviðunum, sem og fyrrskrifuðum ám sem hann undan kirkjunnar merki skorið hefði sér óvitandi að óheimilu. *Item* mannhelgi 30. capituli, réttarbót Hákonar konungs: Nú ef þeir sem misgjörðu vilja hlaupast undan dómi, krefji sá granna sína er fyrir vanvirðu varð, ef konungs umboðsmaður er ekki nær að taka þann mann og fjöttra, og flytja hann svo undir löglegan dóm, utan sá fái borgunarmann er brotlegur varð að hann skal hvörgi undan hlaupast. Réttarbót Eiríks konungs: Fyrirbjóðum vér fógetum og umboðsmönnum fátæka eður ríka að skaða, grípa eður í fangelsi setja fyrir utan dóm og lög, utan þá

menn sem ei vilja lögum svara, stefnur sækja eður brot sín bæta og dóma halda, eður þá menn sem lögbók lofar og stendur í mannhelgi.

Hér fyrir þessi og þvílík óskil þykist presturinn neyðst hafa til að láta taka Arnór til banda undir lög og dóm og flytja til sýslumannsins Magnúsar Magnússonar, sjáandi sér ei önnur ráð til lagaskila honum að koma, en þó séra Sigurður hafi Arnóri meinlausan kynningar vegaseðil gefið á því sumri sem hann var á Álfstöðum 1670 15. nóvember, þá greinir hann sér hafi ekkert vitanlegt verið að Arnór hafi á sér beitt þá og þangað til þar í sókn, hvorki í kirkjuánna skurðinum né annari óráðvendni sér vitanlega, hafi því hingað honum með þeim vegaseðli honum gott til að leggja að fá mætti betra ábyli.

Nú að þessum fyrsta pósti Arnórs til séra Sigurðar af kennidóminum metnum og yfir á báðar síður í sókn og vörn eftir sókn og vörn og þeim laga-greinum sem fyrrskrifaðar eru og fleirum sem þar mega aðhníga, virtist þeim að presturinn hefði nógu hart hér að gengið til banda og fjöttra láta taka fyrir fémunasakir, ekki heldur misgjörðir orða eður verka svo stórkostlegar að ekki mætti hægra af meðkomast, þar hvorki var hætt prestsins né hans heimafólks lífi né limum, hvörsu auðvirðilegur sem sú persóna var sem í hlut átti. Bar þó kennimanninum sig að vanda þó Arnór hafi og í þessu fyrrskrifuðu líka tilunnið og stráklega sér við prestinn hegðað eftir þessu fyrrskrifuðu, þar vor lög gjöra ráð fyrir og meta sakir og misgjörninga og tempru svo dóminn eftir málavöxtum og meta hvör nauðsyn þann tildró er gjörði. *Item* hvort orðsakir séu öngvar, fullar eða nokkrar. Þá ályktuðu prestarnir að fyrir vareygðar og viðvörunar sakir að kennimennirnir fari varlega í stórræðum og tiltektum án stærstu nauðsynja, leiti heldur réttarins en taki hann sjálfir. Í öllu mögulegu leggði séra Sigurður til fátækra prestaekkna, einkum þeim sem berjast fyrir börnum sínum ungum í Vestfirðingafjórðungi, eitt hundrað, en séu ekki prestaekkjur til, afhendist hér á alþingi og biskupinn *dispenseri*, hvörja hann lofaði hér á Þingvöllum nú þegar að þessu Öxarárþingi að afgreiða og þar með presturinn áðurskrifaðra orðsaka vegna framar en Arnór að því eina uppá hann sem framkomið er með opinberri áminningu fyrir það sem honum hefur hér úti misunnist við séra Sigurð, en varist héðan af ófrið og óspekt og óróa með óhlutvendni, og tali varlega og skikkanlega um góða menn á bak, án alls umlesturs og rógs, og láti sér sín víti framvegis að varnaði verða og taki þessa áminning og *sacramenti* af séra Einari Torfasyni að Stað í Steingrímsfirði, hvað hann lofaði nú að sér að taka. Framar varist presturinn léttilega að taka við óskiladrengrum og umhleypingjum án kynningar og vitnisburða og kennimanna seðla. Hinar aðrar sakir sem Arnór hefur séra Sigurð tiltalað á héraðsprestastefnu í Vatnsfirði 11. júní 1673 leggja nú prestarnir frá þessari prestastefnu, með því séra Sigurður þykist ekki fyrir tímalengdar sakir viðbúinn veri. Kunna því ekki að þessu sinni því framar að gegna.

2. Þar næst upplas heiðurlegur kennimann séra Hannes Björnsson tvo héraðsprestastefnudóma gengna af heiðurlegum kennimanni séra Halldóri

Um persónur
sem ryktaðar
ekki vildu
skilja

Jónssyni með hans prestum, héraðsins kennimönnum í Borgarfirði að sunnan. Sá fyrri dæmdur að Lundi í Syðra-Reykjadal 1673 23. nóvember, hinn seinni að Grund í Skorradal 1673 þann 15. apríl, báðir hljóðandi um sambúð og veru Ásbjarnar Jónssonar og Þorbjargar Aradóttur að Hafrafelli í Skorradal sem misþenkt og ryktug hafi verið um ósæmilegan lifnað sín í milli, hvört vanrykti borið og vottað var af Lundar og Fitja kirkjusóknarmönnum og það vanrykti meðkenndu sig heyrta hafa þrettán menn í báðum þeim sóknunum, og þar fyrir áminnt verið af sínum sóknarprestum og sálusorgurum séra Eyjólfí Jónssyni og séra Eiríki Eyjólfssyni að aðskilja hneykslanlega samveru, og hafi Ásbjörn stundum því lofað en stundum sýnt mótpróa kennimanninum með stoltum orðum, en aldrei eiginlega fullkomlega af skilnaðinum orðið, jafnvel þó héraðsprófasturinn hafi einninn þar tilhlutast með sinni áminningu. Varð það nú síðasta ályktun þessa máls í héraði *anno* 1673 15. apríl á Grund að málið var sett undir þessa *synodum* og prestastefnu undir biskupinn og nærverandi heiðurlegra kennimanna atkvæði, og Ásbjörn þá hingað undir *synodi* ályktarorð jafnskyldan að koma sem áður í Lundar prestastefnudómi fyrirskilið var, að því tillögðu að ef þau sýnast í nokkrum yfirbótarmerkjum til hlýðnis uppá skilnaðinn, þá virðist prestunum þeim ei kristilegra fríheita synjandi þegar þau þeirra kristilega og tilbærilega leita, þó með opinberri áminningu og aflausn.

Tjáist nú að þau hafi aðskilist eftir fardaga og hún komin til Hvítárvalla, en hann oftast hjá foreldrum sínum á Skálpastöðum eður Háafelli, óvíst þó hvað langar eða stöðugar þær fjærvistir verði. Annað kemur ekki fram hér nú þeirra efnum viðvíkjandi síðan seinasta prestastefnuálit gekk til þessa, ekki heldur Ásbjörn Jónsson hér vitanlega nálægur undir þessa prestastefnu þó hingað skyldur hafi álitinn verið að koma og enginn sá er hans umboð hefði til lagasvara, þó faðir hans Jón Ásbjarnarson sé nú hér og meðkenni sig prestanna álit er síðar gekk honum afhent hafa, svo hann hefur vita mátt sína skyldu hér að mæta.

Nú er svo háttað efnum þessara manna að þau eru öðrum og þriðja í skyldsemi og virðist því meiri nauðsyn tildregið hafa þau til skilnaðarins að áfýsa sem vandinn var á þeim meiri. Virðist og í annan máta þessar persónur því heldur að sér bundið hafa hneykslunarefni og misgrunar sem þau hafa síður viljað að áminningunum gjöra og sig hvort við annað hreinlega og ljúflega skilja, svo sem þau þar með sýni að þau sé ekki tilgangslaust til samans að halda móti áminningum og sínum lofordum. Pykjast kennimennirnir nú ei kunna undangengna tvo prestastefnudóma að reka né ónýta, með því enginn er sá sem áfrýi, og láta þá þar fyrir að svo prófuðu í sínu gildi standa.

Enn framar var nú upplesin vottuð meðkenning móður Þorbjargar, útgefin að Lundi 19. janúar 1673, Margrétar Sigurðardóttur, með undirskriftum votta, Odds Eiríkssonar, Einars Eyjólfssonar, Einars Grímssonar og Gísla Hálfðanarsonar, hvar inni hún lýsir að frá því fyrst að dóttir hennar Þorbjörg Aradóttir

gaf sig til saman við Ásbjörn Jónsson á Háafelli þá hefði það aldrei sinn vilji verið að hún þar með honum væri. Einnin segist móðurin hafa bannað Þorbjörgu dóttur sinni samvist og veru við Ásbjörn Jónsson að hafa, síðan sér alvöru gjört hafa í vor eð var að koma henni burt frá Háafelli, og hafa tekið í hönd hennar og ætla að leiða hana í burtu með sér þaðan og skilja þar með samveru sína við Ásbjörn, og hafi sér það ekki tekist.

Spyr nú séra Hannes Björnsson prófastsins vegna hvörsu framvegis skuli nú með þeirra fríheit fara og höndla, hvar til prestarnir hér nú svara að það gangi eftir því sem í héraði á Grund dæmt var af prófastinum og héraðsprestunum, en séu þar meðtekin sem brotið skeði og afleyst af prófastinum, og þetta svo framt sem þau trúlega skilja til langframa en taki ekki síðan saman aftur, annars sé veraldlegu sýsluvaldi tilsagt eftir kóng *majestets* bréfi útgefnu Köbenhafn 1650 3. maí til þeirra að segja sem þeirra sem kirkjunnar *disciplinam* og prestanna áminningar forakti undir veraldlegt straff, en sýsluvaldinu segi til prófasturinn, prófastinum presturinn, þó allt vottað ríktuglega.

3. Framkomu þeir báðir séra Jón Halldórsson og Vigfús Jónsson frá Leirulæk á Mýrum með það mál er séra Jón Halldórsson frambar undir *synodum* í fyrra hér á Þingvelli 1672 1. júlí um þann óskunda sem hann þóttist liðið hafa á Langárfossi á Mýrum liggjandi, sem þar var þá frekar eftir honum skrifað og hér fyrir framan í bókinni skrifað finnst *numero* 2. Hafði *synodus* óskað af herra lögmönnunum og lögréttunni að þeir vildu athuga þetta mál í þann máta að prestinum væri uppá æru og embætti óhætt þetta illvirki upp að bera eftir gögnum og líkindum vottuðum á þann sem þar til líklegastur þætti, hvar til lögmenn og lögrétta fullkomlega svöruðu og ályktuðu *anno* 1672 4. júlí, hér á Öxarárfingi, með ráði og vitund herra landsfógetans, að séra Jóni Halldórsyni háska og hættulaust væri uppá æru og embætti téð illmæli eftir sögðum bevísingum fyrir yfirvaldinu upp að taka og auglýsa og sýslumanninn skyldugan honum eftir kónglegum forordningum til réttarins þar um að hjálpa. Þar eftir hefur séra Jón Halldórsson, eftir þeim framlögðum bevísingum og líkindum sem hann þóttist fyrir sér hafa, það illa verk er sér gjört var á Langárfossi um nóttina milli þess fjórtánda og fimmtánda júní *anno* 1672 borið Vigfús Jónsson á Leirulæk búanda að hann hafi sig slegið og lamið með lurki um og í höfuðið, að sér sofandi í fyrstu, þar til hann rotaðist og féll í óvit, óskandi af Jóni Vigfússyni yngra (er þá hafði Borgarfjarðarsýslu) að hann sér á þessu uppbornu málefni lög og rétt í Guðs nafni gjöri, *datum* Leirá 1672 7. júlí, (undirskrifað er) séra Jón Halldórsson.

Hér til ber hann enn framar nú Vigfús Jónsson að hann það illa verk er sér var gjört á Langárfossi á undanfögnu ári, sem vitnisburður uppátékin umhljóðar, að hann hafi það gjört og gjöra látist með vilja og vitund, *anno* 1673 1. júlí. Þetta ber hann enn. Óskaði nú *synodus* að séra Jón Halldórsson framleggði aðgjörðir sýslumannsins í þessu máli eftir alþingismanna atkvæði í fyrRASUMAR og áðurskrifaðri ósk og umbeiðni séra Jóns Halldórssonar sér til

Mál séra Jóns
Halldórssonar

réttar að hjálpa, en hann þóttist það ekki neitt skjállegt eður fullkomlegt hjá sér hafa það hann mætti uppástanda, en lagði nú fram héraðsprófastsins séra Sigurðar Oddssonar bréfséðil, hvar hann getur um dóm genginn á leiðarþingi á næst umliðnu sumri uppá ákæru séra Jóns Halldórssonar til Vigfúsar Jónssonar. Svarar prófasturinn að skrifuð *copia* af honum (dóminum) hafi ekki enn nú sér til handa komið, þó hann hafi mátt að nokkru leyti hans inntak heyra lesið af séra Jóni. Þykist prófasturinn um forsómun afsakaður þó presta ekki samankallaði inn til þess útskriftina fengi, enn síður að hann skyldi skyldast til með vottum eður lögsóknum hennar að útkrefja, og ef dómurinn sé einungis stílaður uppá yfirdómarans vottalausn framburð megi sýnast nokkuð fyrir haft ef samkoman almenna skuli halda málinu eftir að vísa. *Actum* Stafholti 1673 4. janúar. (Undir hefur skrifað) Sigurður Oddsson meh.

Meira þóttist séra Jón Halldórsson ekki hafa í þetta sinn fyrir sig að bera það sem þessum máls *process* til framkvæmdar framfarið væri, upp frá því hann hafði ei sýslumannsdóminn sem gekk á Hestaþingeyrum í fyrra. Getur þá *synodus* ekki neitt ályktað, þar höfuðskjal séra Jóns er hér ekki eftirtakanlegt fyrir hendi. Virðist biskupinum og *synodo* svo sem séra Jón muni verða þetta mál upp aftur að taka, svo sem lögmenn og lögréttan með herra landsfógetans ráði hér um leiðarvísir útgáfu í fyrrasumar á Öxarárþingi, einkum þar sem sýslunnar lögsagnari hindraðist.

Hér í mót framlagði Vigfús Jónsson hér nú persónulega nálægur þess háttar andsvar, að þar þessu máli hafi af sýslumanninum Jóni Vigfússyni yngri með sínum dómsmönnum vikið verið til andlegrar tilhlutunar þá óskar hann og biður að biskup tilhlutast vilji með séra Jóni Halldórssyni og sér svo þessi mál kynni án langs undandrátta til dánumannna álits eða úrgreiðslu koma, svo sannleikurinn auglýsast mætti. Skrifað Þingvelli 1673 1. júlí. (Undir hefur skrifað) Vigfús Jónsson meh. Og með því hér kemur ekki nóglega bevisað fram að Vigfús Jónsson sé andlegrar *conditionis* persóna, þar ekki framkemur af hans hendi framlögð *recommendatia* herra biskupsins frá Hólum Gísla Þorlákssonar, hvar Vigfús hefur í skóla gengið, að muni svo þar við skilist að biskup *recommenderi* hann til andlegrar *promotionis* hér í stifti ef tilfelli, þó skólapiltar á Hólum hafi gefið honum sína vitnisburði um þessa samverutíma og skólameistarinn þar í þann tíð *magister* Gísli Vigfússon sitt *testimonium* uppá tvö ár virðist ekki fullnægi til að bevísa Vigfúsar andlega *conditionem* án herra biskupsins *recommendatiu* úr Hólastifti í þetta, og með því að þetta mál var hvorki þingdæmt né stefnt að lögum kunni *synodus* hér ei framar úr að skera.

4. Um aflausn fyrir galdraáburð ómeðkenndan. Framlagði fyrir *synodum* bréflega heiðurlegur kennimaður séra Jón Jónsson í Holti í Öfundarfirði, prófastur Ísafjarðarsýslu að vestan, um aflausn þeirra fedga Þórðar Jónssonar og Jóns Þórðarsonar úr Sandasókn, um hvörja til alþingis kom í fyrra og varð ályktað að bæri að líða húðlátsrefsing hvorum fyrir sig, þeim yngra hart

álagða en þeim eldra í mesta lagi fyrir galdraverknaðar áburð, en þó finnst ekki í alþingismanna álitum innfært að nefndir feðgar hafi neitt opinberlega meðgengið, hvorki heima né þar, nema það þeir hafi ekki framkomid þeim eiðum sem þeim voru tildæmdir og eru þar að auki svarnir heldur sakaðir en saklausir. Óskar prófasturinn andsvars af *synodo* hvörnin með þeirra friðheit skal fara, þar þeir vilja ekki opinbera aflausn taka. Svarast með fullkomlegu atkvæði að slík stórmæli megi ei opinberlegrar aflausnar laust afgangi sakir hneykslis í landinu, kunnandi ei svo lítið úr alþingisdómi að gjöra að ei neins sé verður haldinn af kirkjunnar hálfu, þar þeir hafa líkamlega refsing eftir dóminum á sér tekið. Má varla minna vera en þeir játi það öllum er opinbert, sem er að þeir séu á eiðum lögfallnir, og það svo álitid að aflausnin skuli ske af prófastinum þar sem málið féll eða í forföllum prófastsins þar opinberlega hneykslið afbeðið þó aflausnin verði að prófastsins heimili. *Actum* Þingvelli *ex synodo* til merkis undirskrifuð nöfn.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh	Árni prestur Gíslason meh
Torfi Jónsson mpp	Ólafur prestur Gíslason eh
Einar Illugason	Sæmundur prestur Oddsson
Páll prestur Ketilsson eh	Séra Jón Halldórsson eh
Séra Hannes Björnsson eh	Hallkell prestur Stefánsson mpp
Jón Grímsson prestur meh	Grímur prestur Ingimundarson
Einar prestur Torfason eh	Oddur prestur Árnason mpp

Anno 1673 1. júlí að prestastefnu á Þingvelli tjáðist ósk og umbeiðni þeirra fátæku uppgefnu presta séra Halldórs Jónssonar, séra Vigfúsa Helgasonar, hvörjum í fyrirasumar var gjört uppheldi báðum af Staðarstað, Hítardal, Setbergi, Stafholti, til samans fimm hundruð, hálfu hvorum, þar þeir umkvarta að prestarnir metist um sín í milli hvað hvör skuli tilleggja, óskandi að *synodus* vildi úr skera og skammta eftir því sem hann hyggur efni sérhvörs og inntektir til vera. Kom svo saman með biskups atkvæði að Staðarstaður leggi hér til 2 hundruð, Hítardalur 1½ hundruð, Setberg hundruð, Stafholt 10 aura, *summa* 5 hundruð, og láti prestarnir þetta úti með góðu geði sem heiðurlegum kennimönnum hæfir, sleitna og tregðalaust að tvennum greiðslum vor og haust, og trúu Guði, hans miskunnar hönd sé ei þar fyrir styttri. Þessu til merkis undirskrifuð nöfn *ut supra*.

Ólafur prestur Gíslason eh	Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Séra Hannes Björnsson eh	Torfi Jónsson mpp
Sæmundur prestur Oddsson	Einar Illugason
Oddur prestur Árnason mpp	Páll Ketilsson eh
Séra Jón Halldórsson eh	Grímur prestur Ingimundarson mpp
	Jón Grímsson prestur eh

Anno 1673 að Þingvelli kom fram *visitatia* prófastsins í Ísafjarðarsýslu séra Jóns Jónssonar í nálægð og viðurvist séra Sigurðar Magnússonar og séra Jóns Magnússonar, Staðarkirkjusóknar í Súgandafirði, í hvörri prófasturinn tók sóknarprestsins séra Jóns Torfasonar vitnisburð af söfnuðinum, annan sunnudag eftir *trinitatis* þann 8. júní 1673, og báru allir nálægir karlmenn og kvenmenn greindum sínum sóknarpresti heiðurlegan og loflegan vitnisburð það framast sérhvör kynni um bera, bæði að lærdómi og lifnaði, óskandi sér hans embættisþjónustu sem lengst njóta mega, og þó honum hafi lastlega tiltalað verið af nokkrum í kvisi og vanrykti þá hélt söfnuðurinn það uppkveikta álygi og á öngvum föstum fótum standa. Óskar prófasturinn hvort þessar afbatanir virðist ei prestinum nægilegar til afsökunar, en vanryktið og ófrægðin ónýtt og einskis aktandi. Þar hefur prófasturinn og fyrrskrifaðir prestar undirskrifað með skrifandi mönnum af söfnuðinum en hinir handsalað, en prófasturinn framborið þetta. Skrifað Holti í Önundarfirði anno 1673 23. júní. (Undirskrifað) Jón Jónsson eh.

Samþykkir biskupinn og *synodus* að þetta svo standi sem þeim hefur litist og presturinn séra Jón Torfason óhindraður í allan máta að svo stöddu og prófuðu máli, en ófrægðina ónýta og engu aktandi, þar enginn vill opinberlega í söfnuðinum viðstanda þá aðspurt er. Þessu til sannindamerkis eru undirskrifuð nöfn *ut supra*.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh	Einar Illugason eh
Séra Hannes Björnsson eh	Páll prestur Ketilsson eh
Jón Grímsson prestur eh	Sæmundur prestur Oddsson
Ólafur Gíslason eh	Séra Jón Halldórsson

Framburður Árna Andréssonar um sín fríheit

Anno 1673 16. júlí að Skálholti kom fram fyrir biskup *magister* Brynjólf Sveinsson sá maður er nefndist Árni Andrésson, barnfæddur og uppalinn austur í Mýrdal í Sólheima og Dyrhóla kirkjusókn, og stundum að vistum í Álfhverfi. Segist þaðan farið hafa úr sinni vist frá Einari Þorsteinssyni sýslumanni að hans vilja og láni austur í Múlaþing til sýslumannsins þar, Þorsteins Þorleifssonar, til að refsa sakafólki eftir löglegum dómum. Segist hann í Múlaþingi einn vetur verið hafa og svo þaðan að orðlofi sýslumannsins, Þorsteins Þorleifssonar, suður í Skaftafellssþing farið hafa, og sömu embætti þar í sýslu þenað hafa, eftir því sem tilféll og sýsluvaldið tilsagði. En með því hann þykist ekki vita þá neina óknytti sér tilfallið hafa sem hann þættist fyrir þurfa fram yfir sinn vilja lengur í þessu starfi standa, þá segist hann þaðan úr Skaftafellssþingi uppá sitt eigið orð farið hafa án leyfis sýslumannanna þar, og farið suður á landið um Suðurnes og dvalið eitt ár suður í Höfnum hjá Jóni Guðmundssyni í Kirkjuvogi. Þaðan segist hann farið hafa vestur í Borgar-

fjörð, vestur yfir Hvítá að Hraunsnefi í Norðurárdal og dvalist fimm vikur af sumri þar hjá Péttri Þorvaldssyni, flakkað svo þar vestur um sveitirnar á vonarvöl heilbrigður og ósjúkur, því hann segist ekki staðfastar vistir fengið hafa af því hann hafi ei haft sinn fríheitaseðil að austan, né neinn kynningarvísir, og því hafi fólkið sig ei til lagavistar ráðið. Meðkennir hann sig fyrir utan kristileg fríheit og heilagt *sacramentum* verið hafa að sínu minni, þó hann þykist það ógjörla minnst, hálft þriðja ár, af því prestarnir hafi sér frávísað sökum þess að hann hafi ei kunnað þeim sinn kynningar eður fríheitaseðil að sýna úr sínum áttþaga, en hann segist ekki hafa vogað austur í Skaftafellssþing eftir þeim seðli að fara þar hann þaðan svo vikið hafi í óleyfi sýslumannanna úr sinni þjónustu, meinandi að hann mundi þar til nauðugur takast eða haldast, hvað hann segir öldungis móti sinni samvitsku og vilja vera.

Annað þykist hann ei kunna sér tilfallið uppá sig að meðkenna en þetta sem nú er eftir honum skrifað, óskandi því að biskup, Guðs og hans sáluhjálpar vegna, vildi sér ásjá veita uppá sín kristileg fríheit, aflausn og *sacramenti* að hann þeirra ei lengur þarfnæðist. Hvar til biskupinn honum nú svarar að þar sem þetta svo í sannleika reynist, sem Árni hefur nú framborið, og engir óknyttir eru honum að lögum eður dómi yfirbevísaðir, þá muni hann þó verða opinbera aflausn að taka fyrir langvarandi sjálf síns útsetning frá kristilegum fríheitum eftir *ordinantiunni*, þar hann hefur ei fyrri biskupsins vitjað til úrræða þeirra sem nú vitjar hann.

Tilsegir nú biskupinn Árna þennan sinn framburð komast láta til prestanna í Mýrdal, séra Vigfúsa Ísleifssonar sóknarprests Sólheima og Dyrhóla kirkna, séra Jóns Salómonssonar sóknarprests Reynirs og Höfðabrekku kirkna, *item* séra Ketils Halldórssonar Þykkvabæjar klausturskirkju prests í Álfaveri, og óskar biskupinn að þessir kennimenn lesi opinberlega í söfnuðunum þetta hans framburðarbréf og taki þar uppá sóknarmannanna meðkenning, hvar og nær upplesið verið hafi og hvað sóknarmennirnir þar um sannast vita, hvort það svo í sannleika sé sem hann hefur framborið, að sínu viti eður ekki, og handskrifti þá sína meðkenning sem þeir og nokkrir sem annað þykjast vita honum á hendi vera vigtugt og lögmætt til hindranar hans fríheita en nú hefur hann meðkennt og framborið, þá vilji þeir það og í ljósi láta með sinni meðkenningu og undirskriftum, og sé svo opinberlega afleystur fyrir forsómunina á vitjan þessara sinna sáluhjálparmeðala, óskynsamlega burtför frá sínum húsbónda úr vistinni og ótilheyrilegt húsgangsfلاك í óskilum, ósjúkur og heilbrigður, og það fleira sem hann þá meðkennir og uppá hann bevísað verður, og afleysi hann séra Vigfús Ísleifsson að Sólheimakirkjusöfnuði þegar þetta er allt svo undirbúið sem skrifað er. En virðuglegur sýslumaður Einar Þorsteinsson mun ei hirða honum frá *sacramentinu* að halda fyrir veraldlega muni, léttvæga og lítilsverða hjá sáluhjálparmeðölum, ekki heldur honum nauðugum í því starfi herða að halda, sem hann hefur ekki samvitsku til,

heldur ef hann má nokkuð eður kann til hans tala, sæki það á annan hátt eftir lögum og dómum en leggi ekki aflausnina né *sacramentið* þar við.

Takist þetta nú svo sem til er ætlað og fyrirskrifað, þá er vel, og fái Árni þá sinn *sacramentis* seðil frá þeim presti sem hann afleysir, en hindrist það eður takist það ekki svo, þá óskar biskupinn að prestarnir bréftaki þá tregð og hindrun sem tilfellur og sendi sér aftur við votta handskrifaða, með fram-
burðinum og sóknarmannanna andsvörum og meðkenningum, og láti Árna Andrésson sjálfan þá svo tilbúið með sér afturfæra, sem nú skrifað er, sem fyrst mögulegt er því við að koma. Annað þóttist ei biskup hér úr að svo stöddu máli ráðið geta.

Var þessi framburður og biskupsins andsvar uppá hann skrifaður í heyrn og viðurvist Árna Andréssonar, og aftur að honum viðverandi og áheyrandi upplesið, hvörn hann handsalaði biskupinum sannan að vera, lofandi við hann að standa hvar sem framkæmi með fullnaðarhandsölum. Fór þetta fram í viðurvist heiðarlegra votta, Einars Einarssonar, Bjarna Jónssonar og Bjarna Einarssonar, hvörjir ásamt handsöluðu nafni Árna Andréssonar settu sínar eigin handskriftir hér undir til fullnaðarstaðfestu, sannindamerkis og vitnis-
burðar, sama stað, ár og dag sem fyrirskrifað er.

Einar Einarsson eh	Árni Andrésson handsalaði með eigin hendi
Bjarni Jónsson eh	Bjarni Einarsson mpp

Meðkenning og framburður Jóns Jónssonar frá Dönustöðum vestur í Laxárdal í Dalasýslu á móti barnsfaðernisáburði Þóru Guðbrandsdóttur er honum hefur sitt frilluborið barn kennt

Anno 1673 þann 11. desember að Skálholti, að vitni og viðurvist heiðarlegra votta, Ólafs Jónssonar skólameistara í Skálholti, séra Ólafs Gíslasonar kirkju-
prests, Einars Einarssonar, Bjarna Jónssonar og Sigurðar Ingimundarsonar, kom fram Jón Jónsson frá Dönustöðum vestur í Laxárdal í Hjarðar-
holtskirkjusókn í Dalasýslu, tjáandi sín efni fyrir biskupinum *magister* Brynj-
ólfi Sveinssyni að hann stæði fyrir utan kristileg fríheit, heilaga aflausn og
sacramentum, hvörs hann segist þarfnast hafa nærri hálfu þriðja ár, síðan 2.
dag hvítasunnunn anno 1671, þó hann þess leitað hafi af sínum presti, séra Eiríki
Vigfússyni að Hjarðarholti, prófasti í Dalasýslu, oft en einu sinni, hvar uppá
hann sýndi merki, bónarblað sitt, er undirskrifaðir vottar bera hann upplesið
hafa við Hjarðarholtskirkju í heyrn séra Eiríks Vigfússonar og safnaðarins
sunnudaginn næstan fyrir Ólafsmessu fyrri um sumarið 1672. Undir það
skrifað hafa Þorsteinn Sigurðsson, Ólafur Jónsson, Pétur Árnason, Ketill
Vermundsson, Halldór Þórðarson, og hinumegin á blaðið Svarthöfði Bjarnason,

Einar Ísleifsson, Sumarliði Jónsson, hvar inni tjáist að Jón Jónsson hafi auðmjúklega og alúðlega sinna fríheita leitað sem kristnum manni ber og hæfir, en prestsins andsvar þar til tjáist ekki né greinist í því blaði.

En nú með Jóni Jónssyni skrifar hann þá orðsök sem honum þykir í vegi staðið hafa, hvar fyrir hann hafi ekki veitt Jóni sín kristileg fríheit eftir hans bón án opinberrar aflausnar. *Datum* þess bréfs Hjarðarholti í Laxárdal 1673 29. nóvember. Þar undir skrifað hefur Eiríkur Vigfússon meh. Inntak þess sérlegasta þetta:

Anno 1671 um allraheilagramessu leyti hafi barn alið Þóra Guðbrandsdóttir, þá heimilisföst að Dönustöðum (ásamt Jóni). Það kenndi hún Jóni Jónssyni og kennir nú, og ekki tvísaga orðið, svo viti. Því vill Jón ekki viðgöngu veita og því stóðu þau bæði fyrir utan fríheitin. Dróst svo þetta mál fram í fyrravetur fyrir jól, þá sýslumaður þingaði um þetta og dæmdi Jóni lagaeið og undanfæri, hvör eiður enn nú ekki er framkominn. En að enduðum dæmdum eiðfresti tók presturinn við konunni með opinberri aflausn eftir hennar meðkenning, en Jón hefur þar fyrir utan staðið til þessa, þó bæði heimuglega og opinberlega áminntur verið hafi af prestinum til hlýðni og meðkenningar að ganga, þá hefur ekki viðskipast og stendur það nú við svo búið að sinni. Síðan hefur önnur kona að nafni Ingibjörg Ögmundardóttir kennt þessum Jóni Jónssyni tvö sín frilluborin börn, sitt fætt í hvort sinn, hvörjum báðum Jón Jónsson hefur viðgöngu veitt mótmælislaust, en barni Þóru vill hann ekki viðgöngu veita, býðst til að gjöra opinbera játning þar um, að hann meðkennir sig í því máli dómfallinn á dæmdum eiði, hvörn hann ekki í réttan tíma unnið hafi né þessum áburði Þóru af sér hrundið.

Þetta er inntak og meining úr bréfi prófastsins svo mikið sem þessu máli viðvíkur. Aðspurði biskupinn nú því Jón Jónsson, beiðandist af honum sannarlegs svars og greinar, hvörsu þetta hans eiðfall hafi tilkomið og hvað því valdið hafi að hann ekki dæmdan eið í tíma vann fyrir áburð Þóru Guðbrandsdóttur uppá sitt barnsfaðerni, hvar uppá Jón Jónsson innlagði þetta skriflegt andsvar. Að hann hafi viljað þennan eið afleggja á Hjarðarholtsþingi í vor eð var 1673, er honum var dæmdur, og hafi beðið sýslumanninn Bjarna Pétursson þingsóknarmönnum áheyrandi, þar þá viðstöddum, eiðinn af sér að taka. Leggur Jón þar til að eiðvættin Guðlaugur Magnússon, Ari Þórarinsson, nefndarvitni, og Þorgrímur Ólafsson, fangavottur, hafi þá með sér verið á því þingi, reiðubúnir dæmdan eið með sér að sanna, og það hafi þeir handsalað sýslumanninum, en ei að heldur hafi Jón Jónsson fengið þennan eið að afleggja og þar fyrir hafi sér eiðurinn fallist. Þar með þykist Jón ekki dóminn tímalega fengið hafa og ekki hafi hann enn af þeim sem tilsettir voru hann að lesa yfir sér lesinn verið, og ei alls fyrir löngu af sýslumanninum Bjarna Péturssyni. Pennan sinn andsvars framburð handsalaði nú Jón Jónsson biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni að meðkenna, viðstanda og staðfesta hvar sem framkemur. Fór allt áðurskrifað fram í persónulegri nálægð og

viðurvist Jóns Jónssonar og áðurskrifaðra heiðurlegra votta, hvörjir ásamt Jóni Jónssyni sínar eigin handskriftir öllu þessu fyrrskrifuðu til fullnaðarstaðfestu og vitnisburðar hann undirskrifa sama stað, ár og dag sem fyrr greinir.

Ólafur Jónsson eh
Einar Einarsson eh
Sigurður Ingimundarson meh

Jón Jónsson meh
Ólafur prestur Gíslason meh
Bjarni Jónsson eh

Seðill sýslumannsins í Dalasýslu Bjarna Péturssonar uppá aflausn Jóns Jónssonar frá Dönustöðum í Laxárdal

Þó svo sé að Jón Jónsson á Dönustöðum hafi ekki ánægilega eftir lögum and-svarað og fullnægju gjört þeim áburði sem Þóra Guðbrandsdóttir hefur hann borið um barnsfaðerni, þá er eg þó kóngdómsins vegna samþykkur því að soddan hans forsómun og laga aðgjörðaleysi standi honum ekki fyrir heil-ögum fríheitum. *Actum* Hjarðarholti í Laxárdal anno 1673 23. október. (Hér hefur undir skrifað) Bjarni Pétursson eh.

Þessi hér næst fyrir ofan skrifaður seðill sýslumannsins Bjarna Péturssonar, Jóni Jónssyni að Dönustöðum útgefinn uppá hans heilög fríheit, er hér orðrétt útskrifaður eftir sínum handskriftuðum *original*. Hvörju til staðfestu að vér undirskrifum vorar eigin handskriftir hér að neðan er hann sáum og hér við samanlásu. Skálholti *anno* 1673 11. desembermánaðar.

Ólafur prestur Gíslason eh

Bjarni Jónsson eh

In nomine domini amen!

Anno 1674 29. júní að Þingvallar Skálholtsstiftis prestastefnu þessir heiður-legir Skálholtsstiftis prófastar og prestar til dómsálita og atkvæðis nefndir af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni og *magister* Þórði Þorlákssyni, séra Torfi Jónsson að Gaulverjabæ prófastur í Árnesþingi, séra Guðbrandur Jónsson prófastur í Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu, séra Halldór Jónsson að Reykholti prófastur í Pverárþingi að sunnan, séra Hannes Björnsson, séra Jón Grímsson, séra Ólafur Gíslason, séra Þórður Þorleifsson, séra Jón Halldórsson, séra Oddur Árnason, séra Grímur Ingimundarson, séra Árni Halldórsson, séra Páll Gunnarsson, séra Þórður Bárðarson, séra Jón Jónsson, séra Sigurður Gíslason, séra Guðmundur Bjarnason, svo vítt sem kennidóminum ber eftir kóng *maystets mandatis* að stiktisins málum aðgjöra og nálægir kennimenn treystu sér til úrráða.

Kom þar fyrst fram úr Ísafjarðarsýslu að norðan hórdómsbrotsmál bréflega meðkennt af Magnúsi Jónssyni í Vigur, eftir hans bréfs *copiu* Ástríði hans ektakvinnu tilskrifðu frá Vigur á Ísafjarðardjúpi 1674 3. febrúar, til Holts í Önundarfirði, handskriftuðu að rétt *coperuð* sé eftir handskrift Magnúsar Jónssonar í Vigur af Þorleifi Magnússyni að Haga á Barðaströnd 1674 8. mars. En af því þessi útskrift var ekki framar vottuð en nú er skrifað sýndist kennidóminum sem ekki fullkomlegt lagaskjal til ástæðu málsins. Framar hafði faðir Ástríðar Jónsdóttur ektakvinnu Magnúsar Jónssonar, heiðurlegur kennimann séra Jón Jónsson að Holti í Önundarfirði, prófastur í Ísafjarðarsýslu að sunnan, bréflega í sendibréfi sínu framborið fyrir biskupinn *magister* Brynjólf Sveinsson vegna dóttur sinnar Ástríðar Jónsdóttur að hennar ektamaður Magnús Jónsson hafi barnsfaðerni framhjá sinni ektakvinnu Ástríði Jónsdóttur meðgengið, og óskar því hennar vegna skilnaðardóms þeirra í milli, *datum* þess bréfs Holti í Önundarfirði 1674 27. febrúar. Ástríður Jónsdóttir hefur einninn sömu meiningar biskupinum skrifað, *datum* sama stað 28. febrúar 1674.

En með því biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson treysti sér ekki til svo marga né röksama kennimenn til að fá að tólf kennimanna dómur uppfylltist, sem honum þótti hæfa í þvílíkum hjónaskilnaðarmálum, einkum í þessu harðindaári og óbyggðarsveitum, þar ekki er í þeim parti Ísafjarðarsýslu meir en sjöttardómfært sem málið er tilfallið, en prestum úr öðrum héruðum bágt og óhægt þangað saman að koma til dómsatkvæðis og ei annað sýnilegra en þetta mál mundi hrekjast lengur en skemur ef það skyldi svo upp á óvissa von og bón prestasamkomu á Vestfjörðum setjast í biskupsins fjærlægd. Því tók hann það ráð upp, eftir því sem hann vissi í vors herra kóngs ríki utanlands fyrir lög tíðkast og haldast, þess konar málum úr héruðum undir *capituls* dóma að stefna, og skrifaði því eftir fyrirskrifaðri undirréttingu stefnubréf þeim báðum, Magnúsi Jónssyni og Ástríði Jónsdóttur, kallandi þau bæði hingað til þessarar Þingvalla prestastefnu með öll þau gögn og vitni sem hvort hefði sínu máli til sóknar og varna, á þennan dag 29. júní, svo framt sem þetta mál yrði ekki í héraði sáttsamlega með góðri samvitsku beggja þeirra í milli forlíkað, hvar þó skyldi fyrst alúðlega og innilega viðleitað vera af náungum þeirra eða þeim sem þau bæði þar til nefndu og útfelldu, *datum* þessa biskupsins stefnubréfs Skálholti 1. apríl 1674. Skikkaði og tilskildi biskupinn að séra Jón Jónsson faðir Ástríðar léti það tímanlega birta og upplesa fyrir Magnúsi Jónssyni við votta, tveimur mánuðum fyrir þennan alþingistíma og presta-stefnu, og senda vottað og handskrifað hingað aftur að svo hafi yfir Magnúsi Jónssyni lesið verið.

Nú kemur þetta *citatiu* bréf aftur undir þessa prestastefnu, svo búið sem það var sent, óupplesið yfir Magnúsi og óhandskrifað. Skrifar nú séra Jón Jónsson frá Holti í Önundarfirði 10. júní með þessu *citatiu* bréfi að það hafi til sín komið sjálfa krossmessu um kvöldið í vor og hafi tíminn hlaupinn verið

uppá hvörn það var stílað, því þá hafi staðist rétt á dagstæðum tveimur mánuðum til Pétursmessu. Því hafi sér ei sýnst uppá sig hafa þetta bréf fyrir Magnúsi að lesa. Hafi hann öngan sér nálægan haft sem fær verið hafi þetta að sér að taka, sér sjálfum ómögulegt þar til að gefa vegna þyngstu ófærðar, þó líf hefði viðlegið. Að morgni hafi hann sent til Magnúsar Magnússonar að Eyri í Seyðisfirði og beðið hann bréfið að lesa eður lesa láta, en þá var hann ekki heima, síðan fengið mann úr Dýrafirði til þessa erindis og tvo votta með honum. Þeir hafi orðið aftur að snúa vegna fjúks og ófærða. Því hafi þetta svo hindrast og ekki framkvæmst kunna. Nú sé enn sem áður ástætt fyrir sinni dóttur Ástríði að hún vogi sér ekki né treystist að gefa sig aftur til ektaskapar við Magnúsi Jónssyni í Vigur, og ekki þori hann í neinn máta henni það að ráðleggja, því sér sýnist það stór voði og háski, hennar náungum og velviljuðum lítist óráðlegt henni það upp að taka. Beiðist hann því auðmjúklega og alvarlega að fyllileg ályktun gjörist um þeirra aðskilnað og að þetta framleggist fyrir *synodum* nú í sumar svo hún sem fyrst frí og frjáls verði, hvað hann viti ei annars en allareiðu sé bæði eftir Guðs lögum og manna.

Sömu meiningar skrifaði nú Ástríður Jónsdóttir biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni til 15. júní 1674, staður ónefndur, og sendandi þar með inntak úr bréfsþósti Magnúsar Jónssonar, yfirskrifaðan hvítasunnu annars dags kvöld, undirskrifaðan að rétt *coperaður* sé af Bjarna Brynjólfssyni, Sigurði Hallssyni 1674 14. júní, staður enginn tilgreindur.

Sýndist nálægum kennimönnum þetta mál öngvan veginn svo undirbúið að svo stöddu að þeir voguðu endilegan dóm á þetta mál að leggja að ófyrirkölluðum Magnúsi Jónssyni og hans bréfum ekki *in originali* framlögðum, sjáandi sér ekki óhætt hans vörnum ef til hefði undan að skjóta. Stefnir því þessi samankomna *synodus* þeim báðum aftur, Magnúsi Jónssyni og Ástríði Jónsdóttur, undir næstkomandi *synodum* sem hér á Þingvelli haldin verður *anno* 1675, næstadaginn eftir Pétursmessu og Páls þann 30. júní, með öll sín skjöl og varnir á báðar síður sem til sóknar og varnar þurfa og þéna eða þeirra beggja hvors fyrir sig löglega umboðsmenn sem hingað leggi þeirra lögfullt umboð til sóknar og varnar, svo framt sem þetta mál sættist ekki né forlíkast þeirra á milli fyrir meðalgöngu beggja vina eða tilkallaðra sex manna af báðum, þriggja af hvors hendi, með beggja þeirra ljúfum vilja og óneyddri samvitsku. Fáist það ekki að svo forlíkist, semjist og niðurleggist þá skikkar *synodus* að séra Jón Jónsson láti lesa þetta atkvæði með þessari stefnu yfir Magnúsi Jónssyni við votta, með tilteknum degi, stað og ári, að í hans nálægð upplesið hafi svo hann hafi mátt heyra, og sendist svo af vottum handskrifað undir næstkomandi *synodum* í tilteknum stað og tíma. Framar sá ekki nálæg *synodus* sér fært í þetta sinn úr að gjöra þessu máli svo að lögum forsvanlegt væri.

2. Bar fram heiðurlegur kennimann séra Halldór Jónsson að Reykholti, prófastur í Borgarfirði að sunnan, hórdómsmál tilfallið Ingibjörgu Jónsdóttur á

Arnarhöfða á Akranesi framhjá sínum ektamanni veikum og karlægum, Jóni Jónssyni á Kjaranstöðum, opinbert með barneign, meðkennt og afleyst, í hvört hún hefur fallið með Rafni Guðmundssyni, í fyrsta sinn einfalt, hvar uppá hún sátt orðin er við sinn ektamann eftir þar um gjörðu sáttarbréfi, *dateruðu* 2. janúar 1674 að Kjaranstöðum á Akranesi, með undirskrift þeirra sóknarprests séra Jóns Grímssonar og Sæmundar Árnasonar lögréttumanns. Leggur maðurinn það til að hann taki hana ei aftur til hjónabands við sig og að sínum vilja öldungis óneyddum væri hann við hana skilinn. Óskaði prófasturinn dóms-atkvæðis af *synodo* uppá þeirra hjónabandsskilnað, hvar uppá kennimennirnir svara að eftir fyrrskrifuðu mannsins svari séu þau sundur dæmd og aðskilin, samt henni ekki leyfilegt án æðra yfirvalds leyfis sig aftur að gifta, eftir hjónabands *articula*.

3. Kom fram bréf undirskrifað af séra Jóni Jónssyni að Fellsmúla, *daterað* 19. júní 1674, hvar inni hann í ljósi lætur að Jón Ólafsson, skólagengin persóna, *expectans dimitteraður* frá Skálholtsskóla með heiðurlegum vitnisburði, hafi leitað til ektaskapartilmæla til dóttur sinnar Margrétar (hvörrar ráð spjallað er með einföldu frillulífi og barneign). Skrifar presturinn sig hafa þeirri málaleitun tekið með því móti Jóni Ólafssyni verði það ei til hindrunar framvegis uppá sína embættisvon. Athuguðu kennimennirnir kóng *majestets Christiani 4ti recess, libri 1, articuli 32, folio 35*, um prestvígða menn, að ei til ekta megi taka legnar kvenmanna persónur. Virði nokkur sína persónu svo lítuls að sig hér í mót hneykslissamlega dirfi og forsjái, missi eftir löglegan *process* þar fyrir sitt kall. Sýndist kennimönnunum ekki framar áherðandi en *recessins* orð útskýra og ekki *recessinn* meina nema presta þá sem kall hafa fengið, á meðan kóng *majestet* gjörir þar ei skýrari skikkun á um *expectantes*. Þar fyrir að svo komnu virtist þeim líðanlegt að Jón Ólafsson mætti út um löglega köllun vera þó hann þessa persónu til ekta tæki og *ordinerast*, með því hann hefur annars heiðurlega og góða vitnisburði forskuldað, þó til þeirra kalla sem *attestati* ekki tilstunda. Hvað þeim virtist líðanlegt meðan kóngsvaldið gjörir þar ekki aðra skikkun á, þó hér með ekki almennilega lagareglu úrgjörandi, að því heldur verði athuguð persónanna leiligheit og *circumstantiæ*, þá svo tilfellur, en sýndist skikkanlegt að minnsta kosti umliði tólf mánuðir frá þeirra hjónabandi til þess Jón Ólafsson kall *asserterar* og fari um hans köllun allt skikkanlega eftir *ordunni*.

4. Frambar prófastur í Árnesþingi, séra Torfi Jónsson að Gaulverjabæ, meðkenningarbréf Vigfúsa Jónssonar að Laufásholti úr Rangárþingi, þeirrar meiningar að hann nú á þessu ári leitaði Guðrúnar Andrésdóttur að Sóleyjarbakka í Ytrahrepp og fékk þá framkvæmd að með samþykki giftingarmanna framför kaup og lýsingar þeirra í milli, en á meðan hafi sér óvitanda upp komið meinbugir þeirra á milli í þann máta að þessi Guðrún Andrésdóttir hafi verið öðrum og þriðja að frændsemi við þá konu er hann hafði brotlegur við orðið með barneign nærri fyrir 40 árum, hvað þá hann heyrði framkoma hafi

Expectanti
leyft að ekta
legna persónu

hvorki presturinn séra Erasmus Pálsson hjónabandið með þeim staðfest, ei heldur hann sjálfur þeim ráðahag framfylgju, hvar fyrir hann nú leiti nú góðra ráða og álits að hann megi laus verða frá þessum ráðahag við fyrrnefnda persónu Guðrúnu Andrésdóttur ef þeir meinbugir sannir reynast sem nú almennilega rómast þeirra í milli, *etc.* Datum þessa bréfs Gaulverjabæ í Flóa, Jónsmessu sjálfa 1674. Undirskrifað nafn, Vigfús Jónsson. Votta undirskrifaðir Gísli Pálsson meh, Beinteinn Ólafsson meh, Klemens Filippusson meh, Erlendur Kolbeinsson meh.

Var atkvæði *synodi* að með því þessir meinbugir svo berast og teljast á þennan hátt: Magnús Jónsson, Þórdís Magnúsdóttir, við hvörri Vigfús Jónsson barnið átti, öðru megin Þuríður Jónsdóttir, Andrés hennar sonur, Guðrún Andrésdóttir, til hvörrar Vigfús leitaði og sér keypti. Svo ber Þórður Þorsteinsson með eigin hendi 20. júní 1674. *Item* telja svo þessa ætt Halldóra Snorradóttir og Jón Magnússon, *datum* Miðfelli í Ytrahrepp 1674 20. júní. Þar hafa undirskrifað Páll Bjarnason og Björn Jósefsson. Fyrir þessa ofanskrifaða framborna og talda meinbugi dæmist trúlofun þeirra Vigfúsar Jónssonar og Guðrúnar Andrésdóttir laus og þau hvort við annað skilin að ektaskaparmáli og hvoru fyrir sig heimilt sér annars eiginorðs að leita og játa að Guðs lögum og manna.

5.¹ Prófastur í Rangárþingi, séra Þorleifur Jónsson í Odda, lét bréflega frambera tilfallið mál í hans prófastsdæmi, Guðmundar (Æsusonar kennds) og Guðlaugar er hingað á alþing í fyrra komið hafi, hvörju svo tjáist varið að Guðmundur þessi var eigingiftur en Guðlaug ekkja og hafi þau saman tekið og hlaupið sín í milli, og hann hlaupið frá sinni konu, og hlupu svo bæði þessi Guðmundur og Guðlaug vestur á Vestfirði, og haldið svo saman vel þrjú ár eða lengur. Viku svo austur aftur með nokkurs háttar vitnisburði að ekki hafi menn þar vestra vitað að þau hafi börn sín í milli átt. Nú leitar prófasturinn *synodi* atkvæðis um þeirra aflausn. Ályktaðist að þau tæki opinbera aflausn á þeirri sóknarkirkju sem þau voru sóknarmenn og hvaðan þau sig tóku, hann fyrir ókristilega *desertionem* móti Guðs lögum og manna og bæði þau fyrir skammlegar samfarir og sambúð móti sjötta Guðs boðorði, en kóng *majestets recess* Christiani *qvarti* skikkar veraldlegu yfirvaldi fyrir framan að vera að soddan persónur skilji svo langt að ei þurfi grunsöm vera þeirra óleyfileg samför. Því skulu þau og lofa undir aflausnina. En presturinn ávísi sýslumanninum og prófastinum ef þau gjöri ekki síðan að um skilnaðinn.

6. Frambar prófasturinn séra Þorleifur Jónsson Skúmstaðarkirkju sóknarmanna vegna, eftir þeirra sjö undirskrifaðra kvörtunarbréfi *dateruðu* Skúmstöðum 1614 4. júní, hvar inni þeir tjá sína stóra þörf og nauðsyn og langvaranlega þörfun á víni og bakstri til sinnar sóknarkirkju Skúmstöðum, hvar fyrir þeir hindrist oftast en skyldi sínum friheitum ná hjá sínum sálu-

1 5: vantar í handrit

sorgara, með því fleira sem þar að hnígur, biðjandi prófastinn þetta sinna vegna lagfæra. Þar undirskrifuð nöfn Þorleifur Símonsson meh, Tómas Guðmundsson meh, Diðrik Þorsteinsson meh, Gísli Árnason meh, Árni Guðmundsson meh, Ólafur Filippusson meh, Sæmundur Oddsson meh.

Athugaði nú *synodus kóng majestets Christiani qvarti recess*, 1. bókar, *articulum* 60, *paginam* 100, hvar eð tilsegist, að skuli af lénsmanni og biskupi nokkuð víst til víns og brauðs að ætla og leggja eftir stærð sóknanna, en þar sem svo er gjört skulu þeir pligtugir vera sem það inntaka að svara til verði nokkur brestur eður klögun þar uppá að ekki sé til þarfa látið. Nú er vitanlegt að hér í landi hafa kirkjutúndir þar tillagðar verið, en fjárhaldsmenn kirkna-staðanna hafa þær kirkjutúndir víðast uppborið, en misjafnlega kirkjurnar til víns og brauðs og annara þarfinda forsorgað. Því ályktar *synodus* með fullu dómsatkvæði að þar sem slíkur brestur sannprófast, að ekki sé tillagt vín og brauð til þarfa, tilsegi prófasturinn kirkjunnar fjárhaldsmönnum að svo sé tilfallið, en gjörist þá ekki að innan hálfis mánaðar eður sex vikna eftir innan héraðs, mánaðar utan héraðs, tveggja mánaða utan fjórðungs eftir vegalengd, þá hafi prófastur fulla heimild að taka svo mikið af kirkjutúnd og fái í hendur fullveðja sóknarmanni til að kaupa inn og forvara vín og bakstur til vöktunar kirkjunni og sókninni til þarfar, og kirkjuverjaranum fyrir hirðuleysi þau fríheit forbrjóti, en þar forföll tilkoma séu sanngjarnlega álitin, þar sem ekki veldur forsómun né hirðuleysi.

7. *Item* bar séra Þorleifur Jónsson fram nauðsynjaerindi Jóns Bárðarsonar frá Brekku í Mýrdal í Skaftafellssþingi, hvörjum *in causa pendente* (skrifar prófasturinn) þungt þyki að af sínum presti (séra Vigfúsi Ísleifssyni) sé frá heilögu *sacramenti* útsettur og úr kór úr sæti vísað, maðurinn undirréttar fyrir orð uppá sig hermd og svarin, meiningar þeirrar að hann segði lygi hann hefði samþykkt túnvallarmæling, að hún hefði gjörð verið af hans leigumála til nágrannans. Leggur séra Þorleifur til að gott væri *pro æqvo et bono* þetta að álíta samvitskunnar vegna. Prófastur þessa manns, séra Magnús Pétursson, bar þessum manni ærlegan og fróman vitnisburð um alla sína hegðan og breytni um allan sinn aldur, og svo öllum þeim sem menn til vita. Nú þó svo langt sé komið sem komið er í veraldlegri lögsókn, samt Guðs vegna og samvitskunnar, hvör mál kóng *majestets ordinantia* befalar biskupinum að sér að taka, vegna kynningar þessa manns, og hann sýnir á sér guðhræðslumerki, ályktar *synodus* að hann sé tekinn með opinberri áminning að gæta sinna orða til heimuglegrar aflausnar og prestinn skyldugan það án hindrunar að gjöra og láta sér þar ekki frábægja neinna manna fortölur, sem fyrst þessi maður sinna kristilegra fríheita af honum leitandi verður.

8. Frambar Helgi Vigfússon vegna síns föðurs séra Vigfúsa Helgasonar bréf hans *daterað* Lundum í Stafholtstungu 1674 23. júní, hvar inni hann séra Vigfús framber að hann ekki hafi fengið á fyrirfaranda ári, af séra Birni Snæbjörnssyni á Staðarstað, í sitt tillag sem honum var gjört hér í fyrra í

synodo, utan helminginn eitt hundrað, en sínum sendimanni hafi afsagt verið meir út að láta honum til handa í því nafni en eitt hundrað á ári. Er *synodo* vitanlegt að Páll Stígsson höfuðsmaður skrifaði biskupinum að gjöra þessi tillög með sannsýni og góðum hentugleikum af bestu *beneficiis* eftir staðanna formegun. Hyggur *synodus* að svo muni varið vera *proportione* Staðarstaðar, Hítardals og Stafholts uppá formegun, gæði og inntektir sem niður var sett í fyrra að Staðastaður leggi út 2 hundruð þar Hítardalur leggur til 1½ hundrað en Stafholt 10 aura þarfandi uppgefnum kennimönnum til uppheldisnota, og því blífur *synodus* enn nú við það atkvæði sem í fyrra var hér um gjört, tilsegjandi séra Birni Snæbjörnssyni það greiðlega og góðmannlega af Staðastað út að láta og uppfylla það sem brast í fyrra í gagnlegum aukum, þarflegum þeim sem þiggja á en sér meinfangalausum, það fyrsta vitjað verður, en vilji hann þar eigi viðsnúast er að gjöra, hvörs vér viljum ekki tilgeta, þá setur þessi prestastefna þetta mál og sitt álit til kóngsvaldsins fullmektugs atkvæða, háeðla herra *gouverneurs* fullmektugs landsfógeta í hans fjærlægð, en syni séra Vigfúsar, Helga Vigfússyni, skyldast hér eftir að ganga síns föðurs vegna.

9. Óskaði heiðurlegur kennimann, séra Guðbrandur Jónsson prófastur í Ísafjarðarsýslu að norðan og Strandasýslu, hvörninn hann skyldi með fara um Vatnsfjarðarstað, hvör honum er af kóng *majestet* Friderico *tertio* háloflegrar minningar náðugast veittur og *collationeraður* með útgefnu opnu bréfi eftir sinn sáluga föður heiðurlegan vellærðan kennimann séra Jón Arason, prófast í Ísafjarðarsýslu, annaðhvort eftir hans dauðlegan afgang eður viljuga uppgjöf að afstöðnu náðarárinu eftirlifandi ekkju móður séra Guðbrands, eftir *ordinantiunni* og kóng *majestets privilegiis*, þar hans háeðla *excellents* herr *gouverneurs præsents* er ekki til vonar, ei heldur hans fullmektugur landsfógeti inn í landið kominn, þar staðurinn er nú hart nær fyrir ári fallinn, en fjærlægð hans frá Bessastöðum löng og sóknarinnar nauðsynjar líða ei langa dvöl né burtveru. Virtist *synodo* séra Guðbrandi óhætt, eftir kóng *majestets* náðarbréfi, að afstöðnu náðarárinu staðinn að sér að taka, eftir þess stíl og *ordu*, en þó til virðingar og æru við lénsherrann og hans fullmektugan sæmilegt að leita *consens* til *collationis honoris et reverentiae ergo*, og leiti þess bréflega þegar hann þarf nauðsynlega vestur aftur að víkja, sé landsfógetinn ekki þá til landsins kominn.

10. Birti biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson sitt uppgjafarbréf, gjört og samið við eruverðugan herra *magister* Þórð Þorláksson, af kóng *majestet* tilsettan og skikkaðan Skálholtsstiftis biskup, uppá uppgjöf Skálholtsstaðar og stiftis og embættisþunga, vegna sinna elliburða, tilfallins kvilla og veikleika sem hann sérdeilis í vetur tilfallið hefur og enn nú viðhelst, með þeim kostum og *conditionibus* sem þeir hafa sín í milli ásæst og umsamið, hvörjir í þetta bréf voru innfærðir og upplesnir, og enn að nýju endurnýjaðir og staðfestir í nærveru heiðurlegra kennimanna á þessari Skálholtsstiftis

prestastefnu, hvar til nálægir kennimenn þeim báðum hvorum í sinn stað, bæði frávíkjanda og viðtakanda, Guðs góðrar náðar og blessanar óskuðu, og svo þeir báðir hvor öðrum af hug og hjarta. Kvaddi svo biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson með góðum óskum og þakklæti þessa stiftis samfund og *synodum*, hvort sem sér auðnaðist eður ekki hér oftar að *præsidera*, með ástar og kærleiks handabandi við þennan heiðurlegan kennidóm.

Allt þetta hér áður í tíu fyrirfarandi póstum framfór á þessari Skálholtsstiktis Þingvallar prestastefnu með samþykki og forlagi biskupanna beggja, *magisters* Brynjólfs Sveinssonar og *magisters* Þórðar Þorlákssonar, með heiðurlegra nálægra kennimanna ráði, vitund, vilja og samþykki, áliti og atkvæði, og til sanninda hér um lét biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson sitt nafn hér undir handskrifa, en *magister* Þórður Þorláksson setti sína eigin handskrift og fyrrskrifaðir virðuglegir prófastar og prestar sínar handskriftir til fullnaðarstaðfestu og sannindavitnisburðar uppá allt áðurskrifað. Sama stað og ár, degi síðar en fyrr greinir.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh	Þórður Þorláksson mpp
Torfi Jónsson mpp	Guðbrandur Jónsson mm
Halldór Jónsson eh	Jón Grímsson meh
Sigurður Gíslason eh	Jón Halldórsson eh
Þórður prestur Þorleifsson meh	Ólafur Gíslason eh
Jón Jónsson meh	Páll Gunnarsson meh
Oddur prestur Árnason mpp	Þórður Bárðarson mpp
Árni Halldórsson eh	Grímur Ingimundarson mpp
Séra Hannes Björnsson	

Nokkur álit og dómar biskupsins *magisters Brynjólfs Sveinssonar í visitatiu*

Álit um ofmörg kirkjukúgildi og ónauðsynlegar hálfkirkjur

Anno 1650 þann 23. ágúst að Mýrum í Dýrafirði óskaði séra Jón Jónsson að af kirkjunnar fríðum peningabunga nokkru létta mætti fyrir annað dautt ábyrgðarminna *inventarium*, eftir því sem Jón sálugi Magnússon hafði undirbúið og tilætlað, með því kóngleg *majestet* hefur með opnu bréfi til leyfis lagt að soddan ofurþungt ábyrgðar *inventarium* mætti kirkjunum til gagns afleggjast. En með því að prestanna uppheldi er nú fyrir stuttu komið og dæmt uppá kúgildaleigur hálfar, þá er að óttast að bændur finnst megi þeir eð sem flestum kúgildum fækka vilji og síðan fáu eða öngvu prestunum útsvara. Því virðist biskupinum vandamikið að játa undan kirkjunni þeim peningum, af hvörjum presturinn á uppheldi að hafa, fyrr en sanngjarnlega er útgjört hvörju bændur vilja lofa út að svara í matarverði, þar presturinn ekki situr. Lofaði séra Jón Jónsson uppá Mýrakirkju og séra Torfi Jónsson uppá Núpskirkju ævinlega fyrir sig og sína eftirkomendur, eignarmenn fyrrskrifðra kirkjustaða Mýra og Núps, að af Mýrakirkju skyldi árlega leggjast presti til uppheldis hundrað og fjörutíu álnir en af Núpskirkju 80 álnir þegar hann sæti ekki á kirkjunum, en fæða hann og fæða láta hvört sinn er hann embættar. Skylt og að unna honum setu er setið getur og vill, en halda þá sjálfir tillaginu. En hvör sem ei vill sitja skal nægjast með áskilið tillag.

Vonar og biður biskupinn að sú fróma heiðurskvinna Ragnhildur Stein-dórsdóttir vilji og Guðs vegna álíta það ómak sem fátækir kennimenn hljóta að hafa til Sæbóliskirkju, þó ekki þurfi sú kirkja kúgildalausnar við, samt og áður þá vildi hún þeirrar kirkju vegna prestsuppheldið forþetra, þá hann ekki situr, svo hann mætti þar af uppbera 10 aura, með öllu sama skilyrði sem áður var um hinar kirkjurnar skilið, hvar uppá hann óskar af henni með tíðinni skriflegs andsvars, svo tillag prestsins verði af þessum kirkjum hálf þriðja hundrað, þá ekki er setið. En ónauðsynlegar hálfkirkjur, sem er Hjarðardalur og Alviðra, virðist biskupinum afleggjast eiga og tífundast sem aðrar bændajarðir, eftir þar um útgefnu kónglegrar *majestets* bréfi, og lausaféð leggjast

Léttirs óskað
á fríðum
peningabunga
kirknanna
fyrir annað
dautt
inventarium

Um
ónauðsynlegar
hálfkirkjur

eiga til alkirknanna sem dæmt hefur verið. Sömuleiðis og þessara hálfkirkna jarðir öllum títundum títundast eiga sem annað bóndagóts eftir áðurskrifuðum dómi, hvar uppá biskupinn lofar forsvarsmönnum kirknanna yfirvaldsins tilhlutunar þegar þeir málið sérdeilis frambera.

Handsöluðu nú biskupinum þann vitnisburð eftirskrifaðir menn, Gísli Jónsson, séra Jón Jónsson, séra Bjarni Arnórsson, Þorvaldur Björnsson, Torfi Jónsson og Björn Sveinsson, að þeir vel vissu fyrir full sannindi að hálfkirkjan að Alviðru væri aldeilis ónauðsynleg sökum nálægðar og góðs vegar millum kirkjunnar að Núpi og Alviðru, og lofuðu þar við að standa hvar sem framkæmi. Slíkt hið sama var og borið um Hjarðardals hálfkirkju.

Nú að öllu þessu fyrirsildu og höldnu sem fyrrskrifað stendur milli forverjaranna Mýra og Núps kirkna, sem og Sæbólskirkju, um tillag og útsvar af þessum kirkjum á eina og biskupsins vegna sóknarpresta þessara kirknasókna á aðra síðu, leyfir biskupinn og í té lætur að af fríðum ábyrgðarpeningum þessara kirkna Núps og Mýra sé svo mikið létt og burt selt sem ekki kemst niður á eignir kirknanna og bændur verða sjálfir sínar jarðir undir að leigja fyrir það *inventarium* sem kirkjurnar nauðsynlega viðþurfa, þó svo að það *inventarium* sem í staðinn kemur fyrnist aldrei né úrgangi, og blífi jafnan við þá virðing sem fyrst er ákomin, en hvað spjallast sé rétt heimt af eignarmönnum jarðanna.

Játaði nú séra Jón Jónsson, eftir forlagi Jóns sáluga Magnússonar, að 10 kúgildi skyldu standa eftir af Mýrakirkju kúgildum óseld og þar til hundruð og fimmtán aurar í færleikum. Þá reiknast að seljist kúgildi 24. Þar uppí gjalda erfingjar sáluga Jóns Magnússonar kirkjunni að Mýrum til ævinlegrar eignar jörðina Paralátursfjörð, 6 hundruð að dýrleika, fyrir níu kúgildi, frí tollver fyrir áttært skip með öllum vergögnum, ristum, stungu, búðargjörð og því öðru sem nauðsynlega meðþarf í Skálavík í Minnabakkalandi, fyrir 5 kúgildi, eina klukku keypta fyrir 50 vættir og einn hökul, hvort tveggja þetta innskrifað í fyrri *visitationis* máldaga, keyptur hökullinn fyrir 22 vættir. Hvort tveggja þetta kirkjunni goldið fyrir 11 hundruð, sem er klukkan fyrir 7 hundruð en hökullinn fyrir 4 hundruð. *Summa* þess alls sem nú á kirkjan, fyrir sín 24 kúgildi, er 25 hundruð, og skal ætíð svo gott að virðingu og gagnlegt til nauðsynja sem nú er innskrifað, hvar uppá biskupinn hafði handsöl við séra Jón Jónsson að ævinlega haldast skyldi fyrir hann og hans eftirkomendur, eignarmenn jarðarinnar að Mýrum. En biskupinn handsalaði séra Jóni þar á mót fullkominni lausn á fyrrskrifuðum 24 kirkjukúgildum Mýrakirkju, svo sem héðan af úr Mýrakirkju máldaga úrskrifuð væri og vera skyldi ævinlega héðan af, en þetta aftur í staðinn innskrifað með fyrrskrifaðri prestsskyld.

Álit um þá sem forfallalaust heima sitja og ei vilja koma nær söfnuðurinn er *visiteraður*

Anno 1656 14. ágúst að Melgraseyri. Þeir sem mótþróanlega hafa forfallalaust heima setið og boðin fengið en ekki komið, eiga eftir *recessnum* kóns Christians 4ða straffast svo sem fyrir helgibrot, en með því óvíst er hvort almúginn þetta veit, þá lýsti því nú biskupinn í söfnuðinum og bað að láta útberast, en tilsegir prestinum að næsta embættisdegi gjöra þeim hér um opinbera áminning og lýsa fyrrskrifuðum vítum.

Álit um málefni Jóns Auðunarsonar sem vanryktaður var um falsbréf

Anno 1656 13. dag september. Að Kvennabrekku *in visitatione ordinaria* um Vestfirðingafjórðung kom fyrir biskupinn *magister* Brynjólf Sveinsson Jón Auðunarson, hvör frá heilögu *sacramenti* og kristilegum fríheitum útistaðið hefur síðan anno 1649 til þessa fyrir þá sök að mál hefur að honum borist um falsbréf, sem ályktað hefur verið, og snerti land millum Jörfa og Saurstaða, Vatnshorns og Leikskála í Haukadál, hvört bréf sá er skrifaði hefur kennt Jóni Auðunarsyni, að af Jóns forlagi skrifað hafi. Hafa um það mál ýmsir dómargengið, bæði á alþingi og í héraði, sem alþingisbækurnar nóglega útvísa. Einninn hefur Jón Eggertsson svarið að þetta bréf fengið hafi af Jóni Auðunarsyni.

Og þó Jón Auðunarson hafi eitt og annað fundið að héraðssókn og dómi, svo mikið sem undirbúningi málsins viðvíkur, hvað biskupinn hjá sér leiðir með því þeir sem í hlut eiga heyra ekki að lögum undir hans lögsögu, þá hefur þó svo á alþingi ályktast um höfuðsökina að alþingismenn kallast ekki bót sjá í máli Jóns Auðunarsonar, og enn síðar hefur lögmáður þessa fjórðungs með þeim lögréttumönnum sem hann þar til nefnt hefur ályktað Jóni Auðunarsyni refsing til 13 marka og hann undir hana réttækan, og að hann væri ærulaus ef hann gjörði ekki grein eður skýrslu á fyrrskrifuðu falsbréfi, hvaðan hann það fengið hefði. Stendur svo allt svo búið um þetta mál aðgjörðalaust á allar síður, en Jón hefur kristilegra fríheita leitað bæði hjá sínum sóknarpresti og prófastinum, einninn af biskupinum í næstu umreið og nú í þessari, þó svo hann vill ekki opinbera aflausn fyrir það falsbréf taka í þann máta að hann þar af valdur sé eður verið hafi, hvorki í verki né samvitund, en hefur þó ekki aðburði haft þessu máli af sér að hrinda að lögum. Í næstu *visitatiu* tilsagði biskupinn honum að koma til Þingvalla prestastefnu næstkomandi um alþingistímann anno 1654, þegar seinasti alþingisdómur gekk, en hann kom þar ei og segist forföll haft hafa.

Spurði nú biskupinn Jón Auðunarson að hvort hann hefði nú fyrir hendi

Um aflausn Jóns Auðunarsonar sem var kenndur við falsbréf

nokkuð skjállegt fyrir sig að bera sem þetta mál í sjálfu sér af honum bera kynni, viljandi það nú meðtaka og þess meining hér innfæra ef til væri. En Jón sló því undan nú að sinni neitt þess háttar fram að leggja. Biskupinn bauð honum opinbera aflausn til reiðu, án meira ómaks, vildi hann í söfnuðinum opinberlega meðkenna sig lögfallinn að oftskrifuðu falsbréfsmáli og vildi þar fyrir afbiðja það hneyksli sem þar af hefði mátt í söfnuðinum verða. En hann kvaðst ekki ganga að þeim kostum. Nú þó málið hafi alltof lengi undandregist til endilegra aðgjörða, bæði fyrir andlegum og veraldlegum, með því og Jón sjálfur hefur að nokkru leyti forsómað á alþingisprestastefnu að áknýja, því setur nú biskupinn þetta mál fyrst til prófs og rannsaks til héraðsprestastefnu hér í Dalasýslu, þar sem prófastinum og prestunum sýnist hentugast og á þeim tíma sem þeim samankemur, og taki þar saman allt það sem þeir vita tilfallið í þessu máli og kemur við fríheit Jóns til fyrirgreiðslu og kynningar Þingvalla prestastefnu kennimönnum sem málinu eru ókunnugir. Lofaði Jón Auðunarson biskupinum nú með handsölum til þeirrar héraðsprestastefnu að koma með slíkt sem hann gæti fyrirgreitt til sinna fríheita úrlausnar, en prestarnir sendi það sem hér gjörist það fyrsta mögulegt er til Skálholts til undirvísunar og umþenkingar, og dæmi svo Jón Auðunarson með málinu undir næstkomandi alþingisprestastefnu að Þingvöllum.

Fór allt þetta fram að nærverandi og áheyrandi Jóni Auðunarsyni í viðurvist hans sálusorgara heiðurlegs kennimanns séra Jóns Ormssonar, Magnúsar Jónssonar, Odds Eyjólfssonar, Jóns Vigfússonar og Þorleifs Árnasonar, hvörjir til sanninda hér um settu sínar handskriftir hér undir, sama stað, ár og dag er fyrr greinir. (Undirskrifuð nöfn.) Séra Jón Ormsson meh, Jón Auðunarson meh, Magnús Jónsson meh, Oddur Eyjólfsson, Þorleifur Árnason, Jón Vigfússon meh.

Álit um Þorstein Jónsson er sagður var að misboðið hefði föður sínum

Biskup spyr
eftir um rykti
og orðróm
hvort satt
muni

Anno 1656 14. september. Að Sauðafelli spurði biskupinn almennilega hvort nokkuð hneykslisrykti væri meðal þessara þinga safnaðar uppkomið sem kirkjunnar vandlæting ætti í eður yfir að segja. Nafnkenndi biskupinn þar til Snóksdalssókn sérdeilis, einkum það sem viðveik þeim orðróm sem flogið hafði af viðskiptum þeirra feðga í Hlíð, í þann máta að sonurinn hafði mátt sínum föður (og vel ef ekki er móðurinni með) að misbjóða, sem ekki heyrir kristnum mönnum að dylja eður hylla, enn síður að gjöra, og svöruðu nærverandi sóknarmenn að ryktið hefði þeir heyrt en ei vissi þeir hvað satt væri. Því spurði biskupinn sér í lagi þá dánúmenn, séra Jón Ormsson að Kvennabrekku og Jón Gíslason að Hóli í Hörðudal, sem nú voru báðir til þessa safnaðar aðkomnir, hvort þeir vissu ekki neitt framar um að bera hér úti

en ryktið óvíst alleinasta, og svöruðu þeir til báðir hvor um sig að heyrta hefði lýsing Jóns Björnssonar í Hlíð, föður Þorsteins, að hann lýsti að sinn son Þorsteinn hefði hlaupið inn í skálann eftir kórðahníf, að yfirstöðnu nokkru orðakasti þeirra í milli, og í svip hlaupið aftur að sér með hnífurinn nakinn og til skaðræðis reiddan, en Jón hefði slegið af sér lagið svo hnífurinn hefði komið út undir höndina, svo ekki hefði skaði af orðið. Þessu bera þeir að Jón Björnsson lýst hafi, en ekki undireins fyrir báðum, hvörn vitnisburð þeir nú handsöluðu biskupinum og séra Jóni yngra Ormssyni við að standa og staðfesta ef þyrfti.

Tilsagði nú biskupinn þeirra feðga þingapresti þennan lýsingar vitnisburð að birta föðurnum í viðurvist tveggja ærlegra manna og taka vottað hvörju hann svaraði, og ef hann gengur í gegn þá sér ekki biskupinn annað en þeir sanni sinn vitnisburð hvor fyrir sínu yfirvaldi. Skal þó ekki forsómast að taka fleiri vitnisburði uppá þá lýsing sem fást kunna. Var það tillagt prestinum að gjöra með góðra manna ráði og aðstoð. Slíkt hið sama skal gjörast ef hvorki neitar hann né viðgengur. En gangi hann við lýsingunni sýnist biskupinum öndvert málið. En þó hvort sem er tilsegir biskupinn prestinum að halda syninum til opinberrar aflausnar fyrir ókristilegt tilræði við föður sinn móti fjórða og fimmta Guðs boðorði, en meðtaka föðurinn ef hann ekki harðlega á móti gengur.

Og að svo í sannleika framfarið hafi sem fyrrskrifað er setja áðurskrifaðir dánumenn ásamt öðrum skrifandi sóknarmönnum sínar handskriftir hér undir, sama stað, ár og dag sem fyrrskrifað er. (Undirskrifuð nöfn.) Séra Jón Ormsson meh, Jón Gíslason meh, Magnús Þórðsson meh, Gísli Ólafsson meh, Bjarni Pétursson meh.

Um giftumál Ketils Vermundssonar

Anno 1656 17. september að Bæ í Borgarfirði *in visitatione ordinaria* um Vestfirðingafjórðung kom fyrir biskupinn Ketill Vermundsson frá Stórugröf í Stafholtstungum og téði fyrir honum sitt málefni, hvörju hann segir svo sé varið sem eftirfylgir, að hann leitaði til ekta Sölvarar Jónsdóttur, dóttur Jóns Jónssonar í Efranesi og Guðnýjar Ólafsdóttur Jóns ektakvinnu, og náði þar jáorði foreldranna til og stúlkunnar svo að trúlofun gekk fram þeirra í milli föstudaginn fyrstan í vetri í fyrravetur *anno* 1655, nærverandi sóknarprestinum séra Sigurði Oddssyni er að með þeim gjörði í viðurvist þessara manna, Þórðar Ólafssonar, Kjartans Ólafssonar, Jóns Jónssonar frá Arnbjargarlæk, Gísla Jónssonar, Guðna Freysteinssonar og Þorkels Jónssonar, með fullnadarhandsölum sínum bæði við foreldrana og stúlkuna í fyrrskrifaðra manna viðurvist. Síðan hafi þar uppá þrjár opinberar lýsingar gengið í kristilegri kirkju og ekki segist hann fornumið hafa að faðirinn hafi neitt lagaforboð gjört á framkvæmd þess ráðahags, hvorki um lýsingatímamann né heldur eftir, en þó hafi

festingin hindrast frá fyrirskrifuðum tíma allt til þessa. Segist Ketill Vermundsson sig til festingar hafa boðið þrisvar opinberlega í söfnuðinum síðan lýsingar afgengu og það nærveranda föðurnum í fyrsta sinn, en hann hafi afsagt það að leyfa. Líka einninn leitast eftir orðsökum við hann hvar fyrir þessi tálman og hindran gjörðist, en öngvar löglegar fengið að vita hingað til, utan tilslátt um óefndar lofanir nokkrar sem Ketill segir Jón sjálfur megi greina. Óskar hann nú af biskupinum góðra aðgjörða til framkvæmdar og endalyktar þessa máls. En með því Jón, stúlkunnar faðir, var nú ekki persónulega nálægur sýndist biskupinum ekki ráðlegt endilegan úrskurð á þessu máli að gjöra fyrr en hann væri til andsvara, munnlegra eður bréfflegra, kallaður. Lofaði því sem fyrst mögulegt væri af þessum Jóni bréfflega orðsaka að krefjast, hvar fyrir hann festing og framkvæmd þessa ráðahags hindraði.

Og til sanninda að svo hafi Ketill þetta mál framborið, en biskupinn svo tilsvarað sem nú skrifað er, settu nærverandi dánumenn sínar handskriftir hér undir til vitnisburðar, sama stað, ár og dag sem fyrr greinir. (Undirskrifuð nöfn.) Torfi Jónsson prestur mpp, Oddur Eyjólfsson meh, Hannes Björnsson meh, Þorleifur Árnason meh, Jón Vigfússon meh, Gísli Sigurðsson eh.

Sendibréf Jóni Jónssyni tilskrifað um fyrirfarandi framburð Ketils Vermundssonar *anno* 1656 8. október

Brynjólfur Sveinsson að Skálholti heilsar frófum manni Jóni Jónssyni að Efranesi með góðum farsældaróskum, hér með auglýsandi að í minni heimreið úr *visitatiu* um Vestfirðingafjórðung kom fyrir mig í Bæ í Borgarfirði Ketill Vermundsson, tjáandi slíkt um sín mál við yður sem hér fyrir framan skrifað stendur. Vona eg þér, sem sagðir eruð skynsamur maður, munuð ekki mál þetta fyrir lítilvægar né léttar orðsakir að hégóma gjöra vilja. Því bið eg og vona að þér látið tilleiðast að hindrunarlaus framkvæmd mætti ske á ektaskaparstaðfestu þessa manns við dóttur yðar, sem eg merki að öndverðu ásett hefur verið og undirbúið. Því einn erlegur dánumaður heldur sín orð og handsalaða gjörninga en briggðar ekki að stórsakalaus, en sé þess enginn kostur af yður eður þeim sem þér eigið svari fyrir að halda, þá beiðist eg þeirra orðsaka vottaðra eður af yður handskrifaðra sem standa skuli fyrir þessum ráðahag, svo hann megi ekki að lögum þeirra vegna framkvæmast. Hefi eg beðið séra Sigurð Oddsson þetta bréf fyrir yður að birta og við yðar andsvári aftur að taka og skilvíslega til mín að koma, en eg vona að þér munuð sem skynsamur maður láta skynsemina fram yfir kappið við yður ráða. Hér með yður og yðar Guði befallandi. Skálholti 1656 8. október, yðar velviljaður¹ Brynjólfur Sveinsson.

1 *yðar velviljaður*: í handriti er skammstöfunin y:WW

Svar Jóns Jónssonar uppá ofanskrifað

Þetta bréf var lesið yfir Jóni Jónssyni við Stafholtskirkju í annað sinn, svo hann fyrirbauð séra Sigurði eins og fyrr að fullgjöra hjónabandsgjörning með Katli Vermundssyni og sinni dóttur Sölvöru að svo komnu, því að Ketill hefði tekið sauð frá Jóni Jónssyni í Kvíum í fyrra. Skrifað í Stafholti 1. mars 1657. Sigurður Oddsson eh, Halldór Helgason meh, Starri Árnason meh, Jón Vigfússon meh, Finnbogi Jónsson meh.

Orðsakir Jóns Jónssonar uppá áðurskrifaða hjónabandshindrun

Anno 1657 þann 4. maí að Skipaskaga á Akranesi kom Jón Jónsson frá Efranesi í Stafholtstungum til fundar við biskupinn *magister* Brynjólf Sveinsson þess erindis að tjá fyrir honum þær orðsakir sem hann þykist með réttu hafa til að hindra hjónabandsgjörning sinnar dóttur við Ketil Vermundsson, hvör hans dóttur Sölvöru hafði keypt en ekki fastnað, og með því faðir stúlkunnar, áður nefndur Jón Jónsson, hafði festinguna hindrað, með því hann hafði ekki leyfi tilgefði, þá hafði biskupinn áður bréflaga honum befalað að leggja fram skriflegar orðsakir, hvar fyrir hann þessa hjónabandsuppyrjan hindrar. Þess vegna leggur hann nú þessar eftirfylgjandi sakir fram munnlega.

Í fyrstu segir Jón Jónsson að Ketill Vermundsson hafi tekið tvævetran hrút frá Jóni Jónssyni sem bjó á hálfum Kvíum, haft hann og hirt með sínu fé. En maðurinn hafi lýst og leitað eftir sá er sauðinn átti, frá Bartholomæimessu og til þess vetur var kominn, þann *datum* skrifaðist 1655.

Í annan máta sagðist Jón ekki neitt frá þeim gjörningi kunna að segja sem Ketill segir þeirra hafi á millum farið um sinn hjónabandsgjörning í trúlofuninni, þó að Ketill vænist þar að vottum og telji upp þessa menn með nöfnum, séra Sigurð Oddsson, Þórð Ólafsson, Kjartan Ólafsson, Guðna Freysteinsson, Porkel Jónsson og Jón Jónsson bróðir Porkels, sakir þeirra tengda og frændsemi sem þessara persóna á millum er við þessar persónur, Ketil Vermundsson og Sölvöru Jónsdóttur. Fyrst reiknar Jón Guðna Freysteinsson og Porkel Jónsson mægða Katli, því sína systur Ketils eigi hvor þeirra. Þriðji Jón Jónsson bróðir Porkels, fjórmenningsur að frændsemi, að svo talinni ætt fyrir sér: Matthildur Hrólfsdóttir, Tumi sonur hennar, Jón Tumason, Jón Jónsson. Af annari hálfu Rannveig Hrólfsdóttir, Þórður hennar sonur, Guðrún Þórðardóttir, Ketill sonur Guðrúnar. Í öðru lagi segir Jón Jónsson Þórð Ólafsson svo skyldan Sölvöru Jónsdóttur, að svo talinni ætt: Vigfús Jónsson, Ingibjörg Fúsadóttir og Þórður sonur Ingibjargar. Af annari hálfu Ólafur Jónsson, bróðir Fúsa, Guðný Ólafsdóttir og Sölvör dóttir Guðnýjar. Segir Jón og einninn Kjartan sinni dóttur svo skyldan vera: Halla Ólafsdóttir, séra Ólafur og Kjart-

an. Í aðra ættina Þorlaug Ólafsdóttir, systir Höllu, Karítas dóttir Þorlaugar og Guðný hennar dóttir og Sölvör.

Allt þetta fyrir framan og ofan skrifað hefur skrifað verið að forlagi og fyrirsögu Jóns Jónssonar í Efranesi, föður Sölvarar, í erlegra manna viðurvist er sín nöfn til vitnisburðar uppá allt áðurskrifað hér undir skrifa ásamt Jóni Jónssyni, sama stað og dag sem fyrr segir. (Undirskrifuð nöfn.) Jón Jónsson meh, Páll Gíslason meh, Oddur Eyjólfsson meh, Þorleifur Árnason meh, Sveinn Árnason meh.

Álit um kvensvift sem haldið var frá sínum fríheitum sökum þess hún hafði ei sína kynning

Anno 1667 2. september að Hvammi í Hvammssveit aðspurði biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson héraðsprófastinn séra Ketil Jörundsson hvort það væri nokkuð sérlegt tilfallið í þessu prófastsdæmi sem sérlegra aðkvæðis virtist meðþurfa og kennidóminum bæri úti að segja, hvað prófasturinn sagðist ei minnast tilvera, annað² en það sem áður væri framkomið um samveru Odds Þorleifssonar og Þóru, hvörja hann hefur lengi í nálægð við sig haldið, þó einatt hafi áminntur verið af prestunum þar sem hann hefur flakkað, þó ekki hafi áunnist.

Um fríheit
þeirra manna
er menn vita
ógjörla deili á

Annað um kvensvift í Fagradal sem nokkra stund hefur fyrir utan kristileg fríheit verið af því hún hefur ei sína kynning með sér haft þaðan úr sveit sem hún er, svo menn vita ógjörla deili á henni og hennar háttalagi. Sýndist biskupinum svo hljóta að standa sem komið er meðan ekki fást löglegri meðöl, utan í lífsnauðsynjum konunnar mun hún meðtekin verða ef hún þess kristilega leitar.

Álit um fríheit Þorbjarnar Einarssonar er borið hafði uppá Jón Ólafsson tvefalda barneign í hórdómi

Sóknarmaður
fyrirbýður
presti að taka
mann til
aflausnar

Anno 1671 8. ágúst að Kvennabrekku. Sóknarpresturinn séra Þorleifur Jónsson af biskupinum aðspurður hvort þar gengi líðanlega og kristilega til í hans söknum að Kvennabrekku og Vatnshorni, bar hann fram að tilfallið væri þvílíkt málefni að í Vatnshornskirkjusókn í heyrn samankomins safnaðar hefði maður nokkur að nafni Þorbjörn Einarsson sér fyrirboðið að taka til kristilegra fríheita, heimuglegrar aflausnar og *sacramentis* Jón Ólafsson búanda að Giljalandi í Vatnshornssókn. Spurði presturinn Þorbjörn fyrir hvörjar sakir að

2 annað: í handriti stendur *áður* og hefur skrifari fípast vegna væntanlegs *áður* rétt á eftir

Þetta forboð gjörði, hvar til að Þorbjörn svaraði að væri fyrir tvefalda barneign í hórdómi með Gunnu konu sinni, eftir hennar sögn, en tjáist hann muni ei geta þau orð bevisað uppá sína konu að svo stöddu, en konan brjáluð að rænu og skikkun að mönnum sýnist, svo varla sé að svo stöddu eftir hennar orðum að taka. Þorbjörn þessi fávís og einfaldur, annars meinlaus það prestinum er vitanlegt. Jón Ólafsson, sem borinn er, líka einfaldur, annars og svo meinlaus. Segist presturinn með ráði safnaðarins hafa tekið Jón Ólafsson til heimuglegrar aflausnar eftir þennan áburð, en leitar nú ráða til biskupsins hvörnir hann skuli höndla með fríheit Þorbjarnar nú framvegis.

Að svo stöddu og óprófuðu máli virtist biskupinum skikkanlegast að presturinn veitti Þorbirni opinbera áminning fyrir framhleyptni sína á þessu forboði manninn til *sacramentis* og aflausnar að taka, hvað óskikkanlegt er að viðgangist í söfnuðinum að einn og sérhvör megi forbjóða prestum að meðtaka til kristilegra fríheita einn og sérhvörn sem þeim verður í sinni við, að óprófuðu máli og ósöttum í alla staði fyrir veraldlegum rétti, því sérhvör einn skal sína sök fyrst sækja fyrir sínum réttum yfirdómara, fyrr en gripið sé í því lík óskikkanleg forboð, hvör að aldeilis eiga af að takast, því að ósöttum og óprófuðum málum ber öngum frá kristilegum fríheitum að halda fyrr en sökin fellur honum á hendur.

Að óprófuðum málum haldist enginn frá sínum kristilegum fríheitum

Álit um málefni Sveinbjarnar Árnasonar og Þóru Guðmundsdóttur hljóðandi um hálfvætt fiska

Anno 1671 10. ágúst *visiteruð* kirkjan að Hjarðarholti í Laxárdal og aðspurður prófasturinn séra Eiríkur Vigfússon hvörnir tilgengi í hans sök og umdæmi, hvar til hann svaraði að yfir sínu sóknarfólki hefði hann ekki að klaga, en í prófastsdæminu vissi hann ekkert sérlegra tilfallið það hann þyrfti fram undir biskupsins *visitatiu* að bera, að undanteknu því sem farið hefði í millum Sveinbjarnar Árnasonar í Fagradal ytra og hans votta, Guðrúnar Hafursdóttur, Guðrúnar Brandsdóttur, Sesselju Hallsdóttur og Eyvarar Jónsdóttur, við Þóru Guðmundsdóttur ektavinnu Guðmundar Ólafssonar, þá verandi í Fagradal innra, nú í Stóraholti í Saurbæ og Staðarhólskirkjusókn, hvört mál eð rís af hálfvætt fiska er Sveinbjörn kallar sig Þóru Guðmundardóttur afhent hafa á heimilinu og hún hafi viðtekið eður viðtaka látið, en hún neitar, og berst á hana að hún hafi sagst Sveinbjörn ei séð hafa um þann tíma en aftur játað því sama, og þar uppá skuli eidar á hana framfluttur verið hafa eftir undangengnum dómi. Þar eftir hafi hún eiðvættin ávarpað á þingi með óheyrilegum orðum, hvör prófasturinn tjáir að ei séu skrifleg sér í hönd komin og því kunni hann þau ei skilvíslega að greina, en tjáir að þau séu þó uppá hana svarin. Vísar þar fyrir um frekari undirréttir til hennar sóknarprests séra Jóns Loftssonar að Hvoli í

Saurbæ. Stendur svo þessi Þóra fyrir utan kristileg fríheit og það til frekara rannsaks af séra Jóni Loftssyni.

Anno 1671 11. ágúst *visiteruð* Maríukirkja að Hvoli í Saurbæ og presturinn séra Jón Loftsson af biskupinum aðspurður hvort allt gengi til kristilega, líðanlega og stórhneykslalaust í hans sóknum Staðarhólskirkju og Hvals, hvar til presturinn svaraði að eigi væri sér vitanlega það neitt tilfallið í sínum sóknum sem hann þyrfti fyrir biskupinn til ákæru að færa eður frambera, utan einasta mál Þóru Guðmundsdóttur ektakvinnu Guðmundar Ólafssonar, áður búanda að Innra-Fagradal, nú að Stóraholti í Staðarhólskirkjusókn, sem rís af neitun hennar á viðtöku hálfrar fiskavættar af Sveinbirni Árnasyni í Ytra-Fagradal, að hans sögu þangað fluttrar og henni í mannsins fráveru tilsagðrar og af hendi látinnar, hvörju hún skal neita og neitað hafa, og þar tillagt að hún hefði Sveinbjörn ekki á þeim tíma séð, þó aftur á hana berist að hún það meðkennt hafi að hún hann séð hafi, og það bera vottar hvoru tveggja neitun og meðkenning, Guðrún Hafursdóttir, Guðrún Brandsdóttir, Sesselja Hallsdóttir og Eyvör Jónsdóttir, og hafa eið hér um á þingi unnið, en hún skal neita ei að síður. Þar að auki berst uppá hana af mörgum vottum að hún hafi svo talað um hinar kvenpersónurnar fyrrskrifaðar fjórar, sem vitnisburðina höfðu gefið, að þær lygi allar sína vitnisburði og þó þær sverji þá ljúgi þær þá samt og áður, og ef þær sverji þá gefi þær sig djöflinum.

Þetta berst að Þóra Guðmundardóttir hafi talað opinberlega á Staðarhóls manntalsþingi *anno* 1669, laugardaginn næstan fyrir hvítasunnu, og fyrir þau orð tjáist að ektamanni Þóru Guðmundardóttur Guðmundi Ólafssyni hafi til Staðarhólsþings stefnt verið af Rögnvaldi Sigmundssyni í umboði Þórarins Narfasonar, ektamanns Eyvarar Jónsdóttur, og á þeim orðum sakir gefnar. Hafi svo mál þetta til þings komið og þessi orð þá eftir útgefnum vitnisburðum uppá Þóru Guðmundsdóttur svarin verið. En sá dómur er nú ei fyrir hendi, né heldur formið eiðstafsins sem þau vitni svarið hafa. Tjáist að þessi Þóra sé að sönnu skynjandi sinnar sálar velferðar og annara hluta, einninn í sinni umgengni prestinum ei vitanlega óryktuð að öðru og fyrir utan þetta mál áður í meðallægi eftir almennilegum hætti klók og auðmjúk, en nú fornemist að af þessu máli sé kapp og þrályndi heldur að henni komið sem presturinn þykist fornema á hennar samtali í heimuglegum áminningum, og líka nokkuð áður sjaldkvæm sóknarkirkjuna að sækja um nokkurn tíma.

Ráðleggur biskupinn prestinum framvegis við hana að fara í kristilegum áminningum með hógværð og hugarlátlega, að hún sjálf ekki hindri sig né hneyksli söfnuðinn fyrir kapp og þrjótsku sakir, heldur gefi sig á Guðs náð og sannleikans meðkenning með auðmýkt og lítillæti, biðjandi Guð og menn um fyrirgefning á því henni hefur mátt á verða í þessu máli og annars. En vilji hún þessu ei hlýða, þá má presturinn og á eftir kónglegar *maystets* bréfi til að segja sýsluvaldinu að hann vinni ei á með kristilegum áminningum fyrir þrjótsku og þverúðar sakir, mun það þá sína skyldu vita og rækja eftir þar um

Prestur segi
til veraldlegu
yfirvaldi þá
hann vinnur
ei á með
sínun
áminningum

útgefinni kónglegri befallingu. Framar þóttist biskupinn ei kunna í þetta sinn hér úti úr að ráða meðan þetta mál er ei framar rekið né rannsakað.

Álit um andsvar uppá áburð Bjarna Péturssonar er hann bar uppá séra Þórð Jónsson

Anno 1643 8. ágúst, að Eyri í Bitru, samankomnir sóknarmenn úr Bitru, Þór-ólfur Árnason, Einar Illugason, Björn Björnsson, Loftur Filippusson, og úr Prestsbakkakirkjusókn Bjarni Pétursson, aðspurðir af biskupi *in visitatione ordinaria* hvern vitnisburð þeir vildu sínum presti séra Þórði Jónssyni gefa í lærdómi og lífnaði, utan kirkju og innan, eftir sínu prestlegu embætti. Bar Bjarni Pétursson uppá prestinn, séra Þórð Jónsson, að hann hefði upp af skriftastól staðið skriftaða þessa menn, Jón Jónsson, Guðrúnu Bjarnadóttur, Halldór Brandsson, Rönku¹ Jónsdóttur, á móti Vilborgu Þormóðardóttur er þá leitaði *sacramentis* og skriftar. Hafi presturinn þá gengið inn úr kirkjunni og inn að eldstó að drekka tóbak, hvað hann hafi drukkið, síðan inn aftur gengið og skriftað Bjarna Þórirssyni, Valgerði Aradóttur og Vilborgu Þormóðsdóttur. Meðkenndist séra Þórður sjálfur að hann stundum hefði tóbak drukkið fyrir embætti á embættisdögum, jafnvel heima á staðnum. Setur biskup það mál til prestastefnu og prestinn til undanfæris fyrir áburð Bjarna fyrir prófasti, svo framt sem sá áburður er nýtur persónunnar vegna innan Maríumessu síðari. En venjulega tóbaksdrykkju fyrir embætti vill biskupinn *multera* láta í fyrsta sinni og öngvaneginn líðast söfnuðinum til hneykslunar, befallandi prófastinum séra Einari Sigurðssyni hér úr að skera með þeirra góðra kennimanna ráði sem hann fær og nefnir til dóms, að stafa prestinum svofelldan eið að hann í það sinn er Bjarni segir ekki hafi til tóbaksdrykkju upp af skriftarstólum staðið eður í það sinn það drukkið, en fallist hann að máli dæmi dómur hvört straff þar skuli á vera, þá og þar sem prófasturinn má viðkoma á þessu ári.

Framar klagar Bjarni Pétursson þar uppá að síðan milli jóla og allraheilagræmessu hið fyrra árið, anno 1641, hafi hann *sacramentis* og innargöngu á mis farið, en leitað þar eftir sunnudaginn fyrstan í vetri anno 1642, hvorki áður né síðan, en það sinn er hann leitaði frávísað. Úrskurðar biskup að með því hann hefur ei löglega áminntur verið sérdeilis sem að lögum bar, en langsamleg foröktun má ekki í söfnuðinum líðast, þá sé hann í þetta sinn opinberlega áminntur en heimuglega afleystur og lofi ei oftast svo lengi heilagt *sacramentum* að forsóma. En héðan í frá ef soddan ber til haldist eftir kóng *maystets mandatis* um þá er sér fráhalda hálf tóbak eða heilt ár *etc.* og séu áminntir áður undan. Vilji ei aðgjöra, haldist frá *sacramenti* til opinberrar aflausnar.

Þriðja lagi kom fram um bænadaga forsömun að fáir hefðu haldnir verið á

Um
tóbaksdrykkju
presta fyrir
embætti

Venjuleg
tóbaksdrykkja
fyrir embætti
multerist

Um þá er
sjaldnar en
skyldi leita
sacramentis

3 Rönku: í handriti *Ragnku*

Um þörfun
embættis á
Bakkakirkju

Þessu ári. Þrjá alls meðkennir presturinn sig haldið hafa, einn heim á Eyri, annan á Melum, með þeim langa frjádegi er hann segist í Vík haldið hafa. Sýnist biskupinum mikil óræksla vera heim á sjálfum staðnum, er prestur býr, predikanir að forsóma, hvort sem koma fleiri eður færri, viljandi einninn sú forsómun komi undir prófastsins dóm eftir þeim hætti sem áður er sagt og straffist tilbærilega og alvarlega til eftirdæmis.

Fjórða lægi um þörfun embættis á Bakkakirkju móts við framburð Ólafs Nikulássonar, segir presturinn sig ei mann til vera á vetrartíma Bakkakirkju og Eyrar að jafnaði að þjóna, hver afsökun hvað mikið gilda eigi komi og einninn fyrir sama dóm. Handsalaði presturinn séra Þórður Jónsson biskupinum þar að mæta er prófastur honum tilsegði með sínar afbatanir, gögn eður vitni sem hans máli kynni til bata að koma, en þó að það væri í nálægum sveitum þessu prófastsdæmi, vegna prestafæðiss, þegar hann fær þar um tímanlega ávísun skilvísa um stund og stað.

Um vín og bakstur er prestur segir vanti á Eyrarkirkju befalar biskupinn prófastinum án dvalar undir votta að krefja kirkjuverjarann þess og annara nauðsynja kirkjunnar eða standi sjálfur í ábyrgð með því honum er embættið befalað. Vilji kirkjuverjari ekki viðsnúast bífalar biskupinn sóknarmönnum að leggja sínar tíundir til kirkjunnar en fá ekki eignarmanni. En hann standi sínu yfirvaldi til rétta, hvað sem áfátt verður, ef þrjótuskast.

Actum Eyri í Bitru að vitni þeirra er sín nöfn hér undirskrifa. (Undirskrifuð nöfn.) Þórður Jónsson meh, Finnur Jónsson meh, Bjarni Gissursson meh, Böðvar Steindórsson meh.

Álit og andsvar uppá spurning séra Jóns Magnússonar um lasleg staðarhús og annað fleira

Anno 1647, að Holti í Öfundarfirði, kom fram séra Jón Magnússon að Eyri í Skutulsfirði fyrir biskupinn *magister* Brynjólf Sveinsson í hans *visitatione ordinaria* um Vestfjörður og frambar þessa eftirfylgjandi *articula*.

Formaður
sækist um
staðarspjöll

1. Um húsin staðarins er séra Jón sagði lasleg og ei nærri fær, hvörnin séra Jón skyldi þar með fara, svaraði biskupinn að eftir réttinum virtist honum að séra Jón ætti að sækja sinn formann um staðarspjöll og séra Ólafur Jónsson mundi skyldast til að svara fyrir niðslu þá er skeð hefur í hans tíð og jafnvel hans formanns, þar kvinna Ólafs var einasta erfingi séra Sigmundar, hafi séra Ólafur ekki áfrýjað fyrir sínu yfirvaldi, sérdeilis ef séra Ólafur gengur ei frá með eiði að hann hafi nokkuð í arf tekið sinnar konu vegna eftir séra Sigmund eða séra Sigmundur hafi bætt á við sína dóttur fram yfir það sem henni var talið á giftingardegi, eða hafi séra Ólafur af húsum nokkuð burtflutt. En hafi séra Ólafur ekki efni mun hann þó þurfa góða viðleitni að hafa að kirkjan verði skaðlaus í einhvörn máta, því hún á ekki síns að missa. Um *inventarium*

svarast að með því *visitatiu* bókin skrifar tölu en ekki virðing mun óhægt eftir að ganga, nema svo að sérhvört nafn mæti sínu nafni. En sé síðan virt og uppskrifuð sú virðing. En virt sé hvör *materia* fyrir sig, tré, kopar, eir, járn. En hvað óbrúkanlegt er af kirkjunnar *inventario* tilsegir biskupinn séra Jóni að láta virða og selja kirkjunni til gagnsemdar eftir kónglegrar *maystets* bréfi.

Óbrúkanlegt
kirkjunnar
inventarium
seljist henni til
nytsemdar

2. **Um messuklæðalán af annari kirkju til annarar.** Hvort klukka, kaleikur eða messuklæði megi ljást til Eyrar frá Kirkjubóli? Svar, ef það fæst með góðvild Kirkjubólsmanna er vel, en lagaskikkun þar á að gjöra vill biskupinn ei fyrr en eining er þar á komin og stiktið.

3. **Um fríðra kirkjunnar peninga verslun.** Fríða peninga kirkjunnar má enginn án kóngsvaldsins samþykkis burtu fá.

4. Maríulíkneski stendur ekki í *visitatiu* bókum, en hafi kirkjan það átt má leysast sem annað óbrúkanlegt *inventarium* kirkjunni til gagnsemdar.

5. **Kirkjubót eyði ei hennar innstæðu.** Tvö geldfjárhundruð hjá séra Ólafi skipar biskup aftur kirkjunni, því kirkjubótin má ei eyða hennar innstæðu.

Actum Holti í Önundarfirði þann 23. ágúst *ut supra*.

Álit um skylduembættisgjörð í Bíldudal af prestinum í Otrardal

Anno 1642 21. ágúst *in visitatione ordinaria* um Sunnlendingafjórðung á Innra-Hólmi á Akranesi kom fyrir mig eruverðug *matrona* Guðrún Magnúsdóttir og tjáði að presturinn í Otrardal vildi heimta meiri skyldur og kaup af hálfkirkjunni í Bíldudal en verið hefði í hennar saliga föðurs, Magnúsar saliga Jónssonar, og ektamanns Hinriks sáluga Gíslasonar tíð, sem er meir en í næstu 40 ár, eða leggja af alla þjónustu ella. Athugaði eg *visitatiu* bók herra Gísla Jónssonar sem heldur hálfkirkjan í Bíldudal eigi Auða-Hrísdal, 12 ær og 2 kýr. En í Vilkinsmáldaga finn eg ekki þá hálfkirkju, vitandi því hana ekki eiga framar en *visitatiu* bókin heldur. Sömuleiðis hef eg lesið útskriftarbréf með innsiglium Jóns Gíslasonar prests og Ólafs Jónssonar, skrifað í Saurbæ á Rauðasandi 14. apríl anno 1569, í hvörju þeir meðkennast sig séð og yfirlésið hafa svolátandi bréf orð eftir orð sem hér fyrirskrifuð standa, meðal hvorra bréfa eitt hljóðar á þennan hátt:

Prestur heimtar
meira kaup en
verið hefur að
fornu fari

Öllum góðum mönnum, sem þetta bréf sjá eður heyra, senda Halldór prestur Sigurðsson, Ari Vermundarson kveðju Guðs og sína, kunnugt gjörandi að eg nefndur Halldór prestur sá og yfirlas opið bréf herra Jóns biskups Halldórssonar með hans heilu og ósköddu hangandi innsigli, hvört eð svo greindi máldaga hálfkirkjunnar í Bíldudal. *In primis* að kirkjuprestur í Otrardal skal syngja til áðurnefndrar kirkju í Bíldudal annan hvorn dag helgan og hinn fjórða hvörn dag fyrri, skal þar lúkast 2 merkur offurs. Skal takast heima

kirkjutíund og lýsistollar allir, smátíundir allar þær er minni eru en skiptitíund. Skal öll kirkjutíund og prestsfjórðungur af Bíldudalseyri lúkast til kirkjunnar í Bíldudal og allar smátíundir og lýsitollar. Lagði Grímur Auðunarson kirkjunni í Otrardal 5 kýr og eitt hross í móti áðurgreindum máldaga þráttnefndrar Bíldudalskirkju. Viljum við áðurgreindir menn, Halldór prestur og Ari, sverja svofelldan máldaga kirkjunnar í Bíldudal ef þarf og til sanninda hér um settu fyrrnefndir menn sín innsigli fyrir þetta bréf, er gjört var í Haga á Barðaströnd *in octava nativitatis beatæ Mariæ virginis anno 1387.*

Hálfkirkjur
ónauðsynlegar
afdæmdar

Sömuleiðis hef eg athugað alþingisdóm, hvör eð dæmir prestinum hálfar kúgildaleigur fyrir sitt starf. *Item* enn dóm herra Odds sáluga Einarssonar og Þórðar Guðmundssonar lögmanns, þar af eru dæmdar allar hálfkirkjur um Borgarfjörð sem eigi virðist nauðsyn til. *Item* hefi eg heyrt þess háttar meiningar dóm gengið hafa á Bessastöðum.

Þar fyrir að öllu þessu innvirðilega skoðuðu sýnist mér Bíldudalskirkja nokkuð meiri tiltölu eiga til prestþjónustunnar frá Otrardal en þær aðrar hálfkirkjur fyrir hvörjar ekkert hefur til prestssetursins innrunnið vegna þeirra 5 kúa og eins hross sem bívísast lagt hafi verið til Otrardalskirkju, svo því síður sé prestinum í sjálfræði þar frá sig enn annars staðar að taka, nema hann færi lögleg skjöl að þeir peningar séu ei inkomnir.

Prestur
skyldaður að
sitja við sömu
kjör og verið
höfðu nema
réttara bevísi

Þar fyrir að svo fyrirkomnu álit eg og úrskurða í herrans nafni að prestur í Otrardal sé skyldugur Bíldudalskirkju til þarfinda og nauðsynja að þéna, án sérdeilis forsómunar Otrardalskirkju, nema hann sýni bréflega og innsiglaða biskupsskikkun að hún hafi afskikkuð verið, en hann hafi fyrir sitt ómak hálfar leigur af þeim kúgildum sem í *visitatiu* bókinni standa, en kaupið haldist um fjórðung preststíundar, nema hann geti annað sannara bevísað, og til sanninda hér um set eg mína handskrift hér fyrir neðan. *Datum ut supra.* Brynjólfur Sveinsson eh.

Um þann mann sem nærri heilt ár hafði ei komið til sinnar sóknarkirkju

Anno 1652 24. ágúst að Saurbæ á Kjalarnesi. Sóknarpresturinn séra Jón Odds-son klagar yfir einum manni, Þórði Þorleifssyni að nafni, að hann ekki hafi vitjað sóknarkirkjunnar til Guðs orða heyrnar eða *sacramentisins* meðtöku síðan í fyrrasumar, sunnudaginn næstan fyrir Maríumessu fyrri og þingmaríumessu þessa árs, en aftur þann 1. ágúst sem var 7. sunnudagur eftir *trinitatis* hafi hann aftur komið og vitjað sinna fríheita, hvör presturinn meðkennir sig undandregið hafa fyrir þessa forsömun og það hann hafi ekki neina skjallega orðsök eður forföll sér til afsökunar í ljósi látið. Að þessum framburði fullnast prestinum vottar, Magnús og Eyjúlfrur Ísleifssynir, og þeir fleiri sem sín nöfn hér undir skrifa til þessa vitnisburðar, óskandi að biskupinn vilji hér tilhlutast

eftir sínu embætti og ráðleggja hvað til skuli við þennan mann gjöra framleiðis, hvar til biskupinn svaraði að svo framt sem sú forsómun bívísaðist, sem fyrrskrifuð er, og eigi kæmi nein vottuð forföll af hendi Þórðar, þá skyldi presturinn halda honum undir opinbera aflausn fyrir Guðs orða forsmán og forsómun *sacramentisins*, móti þriðja Guðs boðorði eftir kónglegrar *ordinantiu* hljóðan, að einna helst Guðs orða foraktarar skuli frá kvöldmáltíðarinnar *sacramenti* haldast. *Item* í öðrum stað að þeir sem forsóma að meðtaka *sacramentið* um hálf t. ár eður heilt skuli undir opinbera aflausn fráhaldnir vera. Skal hann þó svo framt til aflausnarinnar meðtakast að hann sýni auðmýktar og iðranar merki á sér og svari vel um, annars sé við hann höndlað eftir kónglegrar *maystets reformatiu* og þeim prestadómi sem gekk á Þingvöllum um *anno* 1639, hvörn dóm biskupinn meinar prófastinn hafa.

Guðs orða
foraktarar og
þeir eð hálf t. ár
eður meir
forsóma að
meðtaka Kristi
kvöldmáltíð
taki opinbera
aflausn

Um trúlofaðar persónur sem sundur voru dæmdar

Anno 1652 25. ágúst að Reynivöllum í Kjós. Framkom Jón Jónsson á Hurðarbaki, sem fyrir meir en hálfu þriðja ári trúlofast hafði til hjónabands við Guðrúnu Oddsdóttir og ein lýsing afgangin á Meðalfelli, en eftir trúlofunina hafi hún fengið fásinni, rænuleysi, iðjuleysi og þverúð, sem sá prestadómur hermír er gekk 1650 13. ágúst að Kálfatjörn, hvörjum framburði Jóns til auglýsingar og styrkingar prestarnir skrifa í dóminum fram hafi komið bréf þriggja konunnar bræðra, Páls, Jóns og Ingimundar Oddssona, í hvörju þeir tilskrifti prófastinum séra Gísla Bjarnasyni að hún Guðrún Oddsdóttir þeirra systir hafi orðið veik eftir nefnda trúlofun við Jón og sé enn með rænuleysi, iðjuleysi og þverúð, og það sama tilskrif til prófastsins hefur undirskrifað séra Jón Oddsson, séra Einar Ólafsson og Hákon Bjarnason. Slíkt hið sama segi og einninn séra Jón Oddsson hennar sóknarprestur, að hún sé með þeirri fásinnu, rænuleysi, þverúð og ógeði við Jón Jónsson hvörjum hún hafði trúlofast. Virðist prestunum í sama dómi að Jón Jónsson framleiði skjallegar bevísingar innan næsta mánaðar um konunnar veikleika, að hann þvílíkur sé að hún ei til hjónabands hæf eður fær sé, og láti þær bívísingar fyrir sýslumanninum Ormi Vigfússyni og prestinum séra Einari Illugasyni sínum sóknarpresti og séra Jóni Oddssyni hennar sóknarpresti framkoma í greindan tíma, og að þeim framkomnum dæma þeir Jón skyldugan með þolinmæði að bíða inn til þess tíma jafnlengdar á hvörjum hann sér greinda konu trúlofaði, og þar í milli dæma þeir giftingarmennina skylduga góðra ráða og meðala að leita henni til bóta, hvörja ef hún öðlast, dæma þeir þau skyldug hjónabandið að láta fullgjöra. En vilji ei bót á verða dæma þeir Jón skyldugan bívísing að færa fyrir sýslumanni og sóknarprestinum að hennar veikleiki samur sé, og að þeirri bívísing framkominni þá trúlofun þeirra uppbrugðna og lausa og hvort við annað réttilega skilin, frí og frjáls hvort frá sinni trúlofun eftir 7du grein hjónabands *articulanna*. En fallist Jóni bevísingar að leiða innan næsta

Um konu þá er
rænuleysi fékk
eftir trúlofun

mánaðar virðist þeim þetta mál aftur koma verða til dóms og lengri frestur skilnaðarins vera verði heldur en áður greinir, eftir því sem mönnum þá samankemur. Þessi dómur dæmdur af séra Stefáni Hallkelssyni, séra Einari Illugasyni, séra Hallgrími Péturssyni, séra Ámunda Ormssyni, séra Einari Ólafssyni og séra Jóni Oddssyni, en samþykktur af prófastinum séra Gísla Bjarnasyni.

Eftir dóminum hefur Jón Jónsson tekið vitnisburð Hákonar Bjarnasonar, Sigurðar Núpssonar, Hinriks Gunnarssonar, Gísla Jónssonar, Guðmundar Mikilssonar, *anno* 1650 26. ágúst að Borg á Kjalarnesi, hvar inni þeir votta og samþykkilega álykta að hún Guðrún Oddsdóttir sé nú enn með rænuleysi og þverúð á þeim efnum sem hjónabandsefnunum viðvíki, því að hún segi sig öngva hugsun þar á hafa. Því virðist þeim hún að svo stöddu í öngvan máta til hjónabands hæfileg vera. Þar undir þeirra manna handskriftir. Sýslumaðurinn Ormur Vigfússon skrifar þar utan á 1. september 1650. Þetta blað hafi hann séð og fyrir það hann viti ekki sínu embætti viðkoma þar neitt um að álíta, og þó hann misgruni ekki vottanna undirskriftir, þá víki hann því frá sér, hvað vottur er að Jón hafi vitnisburðina fyrir sýslumanninn viljað framleiða þó hann hafi þeim frá sér vikið. Framar hefur séra Einar Illugason hér uppá skrifað *anno* 1650 1. september að Reynivöllum að þessara manna vitnan hafi hann séð og taki fyrir gilda í þessu efni um konunnar veikleika. En bæði biskupinn og séra Einar þekkja handskriftir séra Jóns Oddssonar á vitnisburðunum og hér af augljóst að Jón hafi viljað prestadóminum fullnægju gjöra í framleiðslu vitnisburðarins fyrir þeim persónum sem dómurinn tilnefnir.

Nú hefur hann fram yfir ákveðinn tíma beðið meir en hálft annað ár, en tjáðist af hennar sóknarpresti séra Jóni Oddssyni hún væri enn með rænuleysi og fásinni, hvörja meðkenning biskupinn tók hér nú handsalaða af séra Jóni. Þar fyrir í herrans nafni að svo stöddu sem nú skrifað er segir biskupinn og úrskurðar þessar persónur, Jón Jónsson og Guðrúnu Oddsdóttir, með ráði og samþykki hans sóknarprests séra Einars Illugasonar, laus og aðskilin sín í milli frá þeirri trúlofun sem þeirra á milli framfarið hefur og Jón sig með frelsi í heilagan meinlausan hjúskap samanbinda mega eftir Guðs orða fríheitum og kónglegar *maystets* og kirkjunnar lögum. Þó skal Jón fyrr en hann leitar til annars hjónabands skyldugur vera að láta lýsa þessari sundursögn sinnar fyrri trúlofunar að sóknarkirkju Guðrúnar Oddsdóttur í söfnuðinum, fyrst trúlofuninni hefur og í söfnuðinum lýst verið.

Um þá menn sem framhjá kirkju reisa um embættistímann

Anno 1666 22. ágúst að Stað á Ölduhrygg, prófasturinn séra Björn Snæbjörnsson af biskupinum aðspurður hvort allt tilgengi stórhneykslalaust bæði í hans prófastsdæmi og svo í sókninni, einkum í þeim málum sem kenni-

dóminum bæri með að hafa, Guðs dýrð og sálnanna velferð snerti, hvar til prófasturinn svaraði að sér vitanlega gengi flestallt stórkastalaust til, bæði í sókninni og hans prófastsdæmi, utan það helst að nokkrir menn mættu finnast sem brjóta hvíldardagana, farandi framhjá kirkjunni fyrir eða um embættis-tímann með klyfjaáburð stundum, stundum án hans, þó framhjá ríðandi. Ráðlagði biskupinn að þeir sem að þvílíku uppvísir yrði við votta, þá sendist vitnisburðirnir sóknarpresti þeim, úr hvörs sókn þeir eru, og tilsegist þeim presti þvílíkum mönnum undir opinbera aflausn eða skarpa áminning að halda eftir sinni góðri samvitsku og málavöxtum, og segi til yfirvaldinu þar sem þeim virðist viðþurfa helgibrotssektarinnar vegna. Annað kvaðst prófasturinn ekki minnast það hann þyrfti í þetta sinn að kæra.

Um þá menn er framhjá embættisgjörð ríða eða ferðast

Anno 1642 að Strönd í Selvogi. Þótti biskupinum tilheyrilegt að kirkjan njóti nokkurs af sínum rekum, sérdeilis þegar stórhöpp á land bera, svo hún megi það hafa til uppheldis sér sjálfri til byggingar og sínum *ornamentis* til endurbætingar.

Biskup vill að kirkjur njóti nokkurs af sínum rekum

Sama degi og stað kom fram séra Jón Pálsson, klagandi sitt uppheldisleysi í Selvogspingum, þar hann segist fengið hafa af Hákoní Björnssyni og Sigurði Hákonarsyni árlega eitt hundrað í sitt kaup fyrir þann fjórðung sem þeir hafa með haft til forsvars sem kirkjuverjarar að Strönd, en af þremur hlutum sem hann meinar Grími Einarssyni fyrirskar bera þykist hann þar á mót varhluta orðið hafa, fyrr en nú í fardögum meðkennir hann sig fengið hafa 3 hundruð af parti Gríms Einarssonar. Óskar því leiðréttingar að sá brestur megi nú framvegis lagfærast. Bauð biskupinn Grími Einarssyni hvörn þann kost er hann vildi, semja það við prestinn sanngjarnlega svo hann héðan af uppbæri fullar tölur af hendi Gríms í móts við Sigurð Hákonarson, sem er 3 hundruð árlega móti því einu sem Sigurður útlætur, svo 4 hundruð verði til samans það báðir útgjalda af kirkjunnar inntekt, eða eiga undir löglegum dómi annars, því að af Guðs orði og kónglegrar *maystets ordinantiu* sýndist honum prestinum bera ærlegt uppheldi fyrir sína þjónustu. En með því Grímur er veraldleg persóna virtist biskupi prestsins mál falla undir veraldlegan lagadóm, sérdeilis þar sökin sjálf er í sinni náttúru veraldleg og líkamleg, sem er eftir *ordinantiunni* gjeldsag, eða um skuld síns kaups og uppheldis sem presturinn meinar Grími bera að svara. Samdist það með hvors tveggja ljúfum vilja og lostugu jáyrði séra Jóns Pálssonar og Gríms Einarssonar, að Grímur skyldi árlega greiða séra Jóni fyrir sinn part 3 hundruð og skyldi þar með kvittur og ákærulaus svo lengi sem honum auðnaðist nefndum Selvogspingum að þjóna, svo fyrir öll þeirra fyrirfarandi skipti sem nú tilkomandi, að því fyrirskrifuðu höldnu, og þeir nú héðan af vinir og velsáttir á báðar síður hvor öðrum til vilja og aðstoðar í öllum mögulegum og kristilegum efnum. Fór þessi gjörningur allur fram með ljúfu sjálfræði hvors tveggja, án alls fylgis og sérdeilis tillagna biskupsins hvorugri persónunni til áþyngdar, og til sanninda hér um settu þeir

Prestur klagar sitt uppheldisleysi

Prestur hafi ærlegt uppheldi

Prestmál fellur undir veraldlegan dóm

báðir, Grímur Einarsson og séra Jón Pálsson, sín handskriftuð nöfn hér að neðan ásamt öðrum góðum mönnum er við þennan gjörning staddir voru. *Actum* Strönd í Selvogi anno 1642 6. ágúst. Jón Pálsson prestur meh, Grímur Einarsson meh, Hallur Árnason, Indriði Jónsson eh, Pétur Gissursson eh, Gunnar Magnússon eh, Stefán Ólafsson.

Um þá menn er ekki vilja hlýða lestri á sinni sóknarkirkju, þó nálægir, þá presturinn annars staðar embættar

Um þá er lestur forsóma á helgum degi *Anno* 1652 þann 21. ágúst að Seltjarnarnesi undirvísaði presturinn séra Stefán Hallkelsson biskupinum að nokkrir væri þeir sem ekki vildi vitja kirkjunnar þeim tímum sem prestinum bæri á öðrum kirkjum að embætta og lesið væri á heimakirkjunni, þó nálægir séu, og prestur hafi þá áminnt Guðs orða lestri að hlýða. Tilsagði biskupinn nú prestinum að gjöra þeim alvarlega áminning enn eitt sinn, en vildi þá ekki leiðréttast skyldi hann þeirra nöfn, sérhvörs, upp-teikna, og það registur senda í Skálholt.

Um þá er ei vilja koma til sinnar sóknarkirkju þá biskup *visiterar*

Anno 1652 23. ágúst að Brautarholti á Kjalarnesi óskaði biskupinn kvöldinu fyrir af kirkjubóndanum Hákon Bjarnasyni og sóknarprestinum séra Jóni Oddssyni að sent væri í sóknina tímanlega svo að hún hér að kirkjunni samankomin væri að dagmálum. Hafði og sent verið á báðar hendur tímanlega þennan morgun, en nú sem komið var fram undir hádegi voru ekki til kirkjunnar komnir nema þessar persónur: Árni Pálsson og hans dóttir yngsta Kristín, *item* piltur frá Esjubergi, Tumi Sveinsson, Katrín Bjarnadóttir og þaðan, Ingi-björg Ívarsdóttir frá Móum. Og með því söfnuðurinn með sinni forsómun hindraði þá þjónustugjörð vill biskupinn við Guð og yfirvaldið, einninn söfnuðinn, afsakaður vera, en tilsegir prestinum séra Jóni Oddssyni opinberlega áminning að gjöra hér í söfnuðinum um þetta og annað Guðs orða forakt og hirðuleysi á sinni eigin sálhjálpi, röksamlega og alvarlega út af Guðs orði, og finnist þá nokkrir sem illa tilsvara, tilsegist að láta uppteikna þeirra orð og andsvar undir votta og senda handskriftað í Skálholt til herra yfirvalds úrskurðar. Áminningin sé og uppskrifuð og send í Skálholt, og sé þeim trátsugu haldið frá *sacramentinu* til frekari skýrslu en þeim heimugleg aflausn veitt sem vel undir taka og lofa betran.

Prestadómur um *impotentia* mál Egils Egilssonar og Vigdísar Magnúsdóttur

Anno 1650 8. maí á Setbergi voru þessir heiðurlegir kennimenn til dóms og álita nefndir af prófastinum séra Þorláki Bjarnasyni, séra Vigfús Illugason, séra Björn Snæbjörnsson, séra Sigurður Jónsson, séra Guðmundur Jónsson, séra Vigfús Helgason og séra Ásmundur Eyjólfsson, um það hjónabandsmál er þar framkom, hvörju svo var háttað að Vigdís Magnúsdóttir klagði það til síns ektamanns Egils Egilssonar að hann ekki skylduatlot með holdlegu samræði sér veitt hafi eftir réttri hjónabandsreglu síðan hann hana festi. Var maðurinn hér persónulega fyrir vorum dómi og meðkennir hennar sögu sanna að vera, en þó frambar að hann fyrir festinguna og á því sama kvöldi er þau samankomu með öllum karlmannskröftum verið hafi. Athuguðum vér hjónabands *articulana* um soddan efni, hvörjir eð skikka þvílíkum persónum til samans að vera í 3 ár ef þeirri persónu sem brestinn hefur kunni með einhvörju móti á þessum tíma hjálpað að verða. Því dæmum vér áðurgreindar persónur Egil Egilsson og Vigdís Magnúsdóttur skyldug til samans að búa í réttri hjónabands tryggð og eftirlæti hvort við annað í næstu eftirkomandi 3 ár og manninn skyldugan góðra ráða að leita á tilteknum tíma eftir *articulans* innihaldi. Samþykkti þennan dóm með áðurtéðum prestum prófasturinn séra Þorlákur Bjarnason og setti sitt nafn ásamt þeirra hér fyrir neðan.

Um *impotentia*
mál

Annar prestadómur um sama efni

Anno domini 1654 þann 2. maí á Setbergi í Eyrarsveit á settri prestastefnu nefndi prófasturinn séra Þorlákur Bjarnason þessa heiðurlega kennimenn, séra Vigfús Illugason, séra Sigurð Jónsson og séra Guðmund Jónsson, til að sjá, heyra og álíta það klögumál er Vigdís Magnúsdóttir hafði fyrir sér klagð til síns ektamanns Egils Egilssonar, sem er þetta, að hann ekki skylduatlot með holdlegu samræði sér veitt hefði þau þrjú ár sem þeim var með dómi skikkað saman að vera í réttri hjónabands tryggð og eftirlæti hvort við annað. Voru þau bæði af prófastinum hingað á þennan stað og dag *citeruð*, eftir hvörri *citativu* þau nú bæði persónulega hingað komin voru og bar hún fram enn nú hið sama. *Item* í annan máta, að hann hefði aldrei þeirra hjónabandsatlota við sig leitað til holdlegs samræðis utan það fyrsta kvöld sem hún í sæng til hans gekk og hafi hann þá ekki í það sinn til þeirra efna hæfur verið, þó sig að því borið hefði, en höfðu þó í hálf tveim árin til prestadómsins saman verið, en á öllum þessum þremur árum sem þeim var tilsett saman að vera hafi hann aldrei holdlegs samræðis til sín leitað eftir hjónabands skylduatlotum utan eitt sinn, og hafi hún hann umbeðið í það sinn við sig að líða þó vegna veikleika

kynni honum þar um ekki gegna, svo sem hún segir vott þar til verið hafa þann að hún hefur í þeim veikleika í þrjár vikur legið þar eftir.

Leituðu prestarnir eftir við hana hvort hún hefði ekki vitnisburði góðra manna þar hún verið hefur vistföst um þennan tíma, hljóðandi um hennar ytri sýnilega breytni og hegðan við hann um áðurgreindan tíma, og bar hún fram vitnisburðarblað með undirskriftuðu nafni Ólafs Hannessonar svolátandi sem eftirfylgir:

Svofelldan vitnisburð berum við Ólafur Hannesson og Steinunn Björnsdóttir Vigdís Magnúsdóttir, þann tíma er hún hjá okkur var til vista, heyrðu við aldrei hana við sinn ektamann deila eður vond orð honum gefa það yfir máta væri eður honum mætti ósæmd að verða, svo og urðum við eigi annars vör en þau sama rúm hefðu. En hvað eg hvörsdaglega og Steinunn formerktum á hennar umgengni við sinn ektamann eður viðmóti sem henni bar honum að veita þótti okkur heldur kalt vera þó meinlaust væri. Kunnum við eigi frekara hér um að bera á meðan þau hjá okkur voru. Til merkis skrifa eg mitt nafn hér undir *anno* 1654.

Segist Vigdís þar hjá Ólafi á hans bæ verið hafa það fyrsta ár eftir prestadóminn, hvörn sinn framanskrifaðan framburð áðurskrifuð Vigdís handsalaði prófastinum séra Þorláki Bjarnasyni og lofaði með eiði að staðfesta ef yfirvaldið sér tilsegði.

Hér á mót aðspurði prófasturinn ásamt prestunum hvaða vörn eður afbötun Egill Egilsson framleggði á móti þessari klögun og ákæru Vigdísar, en hann hafði hér á mót ekki aðrar varnir en það að hann enn nú uppá nýtt meðkennir og framber það hann með fullum mannskröftum til hjónabands skylduatlota sé og verið hafi að sinni hyggju, þó það ekki fram við hana komið hafi, og segist hann meina orðsök þar til vera og verið hafa þá kælu sem hann af henni jafnlega fornumið þykist hafa, bæði fyrir prestadóminn og síðan. En af því að prestarnir komu ekki til samans fleiri en áður nefndir eru og eigi heldur afsökun af þeirra hendi eður lögleg forföll, því kunnum vér ekki í þessu sinni fullkomlega ályktun hér um að gjöra, heldur setjum vér þetta mál eftir því sem það er nú samanskrifað af beggja hendi til þess eruverðuga herra biskups *magisters* Brynjólfs Sveinssonar, að hann með sínum próföstum og prestum hér um álykti og dæmi á næstkomandi alþingi eftir því sem honum sýnist rétt vera, hvörju þeirra byrji sína sögu og framburð að sanna með eiði, svo og að þeim eiði unnum mætti löglegur dómur ganga um það hvort þeim beri heldur að aðskiljast eftir Guðs orði og kónglegu lögmáli eður og saman að vera framvegis, og eru persónurnar svo vel sem vær þess óskandi að málið mætti eigi lengur aðgjörðalaust til meiri vanda undandragast. En allt svo lengi virðist oss þau hljóti sem önnur kristileg hjón saman að vera, og að þetta allt ofanskrifað sé í sannleika og vér hér um ásamt prófastinum samþykkir séum, setjum vér vor nöfn hér undir í sama stað, ár og dag sem fyrir ofan skrifað stendur.

Þriðja prestaálit og vitnisburður um sama efni

Anno 1654 24. ágúst að Helgafelli hafði prófasturinn séra Þorlákur Bjarnason tilsett almennilegan prestasamfund og voru þar þá til samans komnir úr prófastsdæminu þessir kennimenn, séra Björn Snæbjörnsson, séra Vigfús Illugason, séra Jón Brandsson, séra Ásmundur Eyjólfsson, séra Jón Sigurðsson, en ókomnir voru eftir miðjan dag séra Vigfús Helgason, séra Guðmundur Jónsson og séra Grímur Narfason, hvörjum með áðurkomnum tilsagður hafði verið þessi prestastefnudagur.

Bar prófasturinn fram álit gengið á Setbergi annan maí 1654 með undirskriftum nöfnum séra Vigfúsar Illugasonar, séra Sigurðar Jónssonar og séra Guðmundar Jónssonar, sem þá til staðar komu á prestastefnuna en hinir hindruðust. Hljóðaði álitith um klögumál Vigdísar Magnúsdóttur til hennar ektamanns Egils Egilssonar, að hann hefði henni aldrei holdleg atlot veitt í holdlegu samlagi eftir ektaskaparins rétti að Guðs lögum, og voru þar báðar persónurnar á þeim samfundi. Téðist að þeim með dómi hefði settur verið þriggja ára frestur góðra meðala að leita og í hjónabandstryggð saman að vera. Bar hún það fram að hann hefði aldrei til þeirra atlota við sig hæfur verið að fremja holdlegt samræði, þó hann hafi þar að borið sig. Og af því að prófasturinn leitað hafði hennar kynningar um ærlega höndlan við þennan hennar mann og friðsamlega sambúð, þá hafði hún framlagt vitnisburð hjónanna í Bár, Ólafs og Steinunnar, en ekki fleiri annara manna, um þeirra sambúð um eitt ár. En Egill hafði þá öngvar varnir í móti lagt, nema meðkennt sig með fullum mannskröftum verið hafa og vera að sinni hyggu, þó eigi fram við hana komið hafi sökum kælu er hann þóttist af henni fornumið hafa.

Nú af því að þessir kennimenn voru nú að staddir sem eigi voru í fyrra álitu, sem að eru þessir, séra Björn Snæbjörnsson, séra Jón Brandsson, séra Ásmundur Eyjólfsson og séra Jón Sigurðsson, þar fyrir girntist prófasturinn sem allra fyrst yrði úttalað um þetta málefni, hvort þau saman vera skyldu eður aðskilja. Og þó því hefði verið til biskupsins áður vísað varð þar um eigi aðgjörð á fyrirfaranda alþingi. Því list oss hér nærverandi kennimönnum fullkomlega skyldugt og nauðsynlegt að þessar persónur fái sinn ærlegan vitnisburð, sér í lagi hvort um sig, um breytni og hegðan til máls og gjörða, og þar með sér í lagi um fróm, ástarsöm og guðleg atvik innbyrðis þeirra beggja í milli í hjónabandssambúðinni, og þeir dugandis manna vitnisburðir séu komnir til prófastsins séra Þorláks Bjarnasonar síðast á allraheilagramessu næstkomandi, og hvort þessara persóna sem skjallegru vitnisburði hefur bæði um fróma útvertis hegðan sem og sambúð í hjónabandinu á þeim tímum þau saman verið hafa, sverji fullan eið fyrir sýslumanni Snæfellsnessýslu, vafalaust eftir þess fyrsta framburði, hvors um sig sem eiðurinn befalaður verður, og séu þar með að lögum skilin.

Hvort sem skjallegru vitnisburði fær skal sverja

Þetta vort fullkomlegt álit sé prófasturinn skyldugur að opinbera þeim báðum áðurnefndum persónum sem fyrst verða kann. En þessir vitnisburðir áðurnefndir og persónanna eiður séu teknir í viðurvist og náveru prófastsins eður þeirra þingaprests séra Vigfúsar Illugasonar. (Undirskrifuð nöfn.) Þorlákur Bjarnason meh, Vigfús Illugason meh, Björn Snæbjörnsson meh, Jón Brandsson meh, Ásmundur Eyjólfsson meh, Jón Sigurðsson meh.

Álit um máldagaskrár kirknanna

Um gamlar
máldagaskrár

Virðist biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni athugandi hvort þessar kirknanna máldagaskrár sem framlagðar eru séu riktugar, órasúraðar og innsiglaðar í sínum *originali* eða ekki, þó transskriftirnar séu innsiglaðar, að við *originalinn* samanlesnar séu. Því sé undir alþingisdóm borið hvað gilda skuli slíkar höfuðskrár, eða séu þær ei til, þá útskriftirnar, einkum ef þær bera ei né geta að höfuðskrárnar hafi verið innsiglaðar á héraðsþingum, sýnist ekki þar um fullkomlega dæmt verða sem gilda skal yfir allt stiftið, einkum þar ei vottast að þeir hafi fyrirkallaðir verið sem í móti hafa átt, sérdeilis þar sem ítökin finnast hvorki í Vilkinsbók Skálholtskirkju né *visitatiu* bók herra Gísla Jónssonar. Þetta er biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar álit um þvilk efni. Til merkis og vitnisburðar undirskrifuð nöfn og handskriftir, Skálholti 1673 22. desember. Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh, Ólafur prestur Gíslason eh, Bjarni Jónsson eh.

Álit biskups um uppheldi séra Þorleifs Magnússonar

Anno 1645 4. september áminntur presturinn að Sandfelli á kristilegan, kennimannlegan, siðsaman og friðsaman lifnað, svo ei megi með réttu yfirkлага eftir Guðs orði, sínum eigin eiði og kónglegrar *maystets ordinantiu*.

Klagar hann fyrst það að ei hafi hann af Hofskirkju náð sínum launum, sem er hálfum leigum af kirkjunnar kúgildum.

2. Klagar hann til Sigmundar Jónssonar að hann haldi og hafi haldið sinni tíund það ár er biskup næst umreið, í öngvu sínu frelsi, en nú í vor ógilda boðið, að mati prófasts og sýslumanns umboðsmanns, hvörja hann segist ei meðtaka viljað hafa. *Item* að heytolla sína fjóra hafi hann ei fengið af greindum Sigmundi.

Um þær sóknir
sem ei geta
forsorgað sinn
prest eður það
ei vilja

Frambar séra Þorleifur tvö bréf herra Odds, eitt *daterað* 10. júlí 1614, annað 17. ágúst 1629, bæði með hans eigin handskrift, annað með hans *signeti*, þeirrar meiningar, þar prestarnir fá ei svo mikið uppheldi sem þeim nægi og þeir megi vel viðhjálpast, þá treysti hann sér ei til að fá þangað nokkurn prest og verði þeir þá að útvega hann sjálfir. *Item* hvörninn kunni

nokkur prestur að þjóna þar sem hann fær hvorki vist né veru, né tilheyrilegt uppheldi.

Þriðja bréf herra Gísla Oddssonar, skrifað 6. ágúst 1632 með hans handskriftuðu nafni, að hann biður séra Þorleif Magnússon og séra Sigmund að þjóna Meðallandsþingum með þessum orðum: Þó með því móti að það (sóknarfólkið) vilji sjálft veita honum (prestinum) ánægjanlegt uppheldi, því það er skylda þeirra sem Guðs orð elska og það vilja gjarnan hafa, að þeir virði Guðs orð og embættið svo mikils að þeir veiti þeim án möglunar það líkamlega sem af góðu hjarta niðursáir þeim því andlega. Annars er mér ekki vítalaust né vandalaust (skrifar herra Gísli) eftir Guðs orði og *ordinantiunni* að skikka þangað nokkum prest ef hann þarf að líða stóra neyð síns uppheldis vegna og svo gott sem fara að hrakningi. Lofar biskupinn að bera þetta mál séra Þorleifs fram fyrir þá sem í hlut eiga. Sandfelli *ut supra*.

Prestadómur um máldaga Skeggjastaðakirkju

Öllum mönnum sem þetta bréf sjá eður heyra sendum vér, Oddur Þorkelsson, Snorri Hallsson, Einar Magnússon, Stulli Finnbogason, Jón Magnússon, Hallur Högnason, prestar Skálholtsbiskupsdæmis, kveðju Guðs og vora, kunnugt gjörandi eftir lausnarans fæðing 1587, daginn næstan eftir uppstigningardag, að Ásbrandsstöðum í Voknafirði vorum vér í dóm nefndir af séra Þorvarði Magnússyni prófasti í Múlaþingi að skoða, rannsaka og fullnaðardóm á að leggja, hvörja magt eður afl oss virtist eftir lögum hafa mega það mál er séra Þorvarður Magnússon þar frambar og dóms á beiddist, sem var um máldaga kirkjunnar á Skeggjastöðum, hvort hann skyldi nýtur og myndugur eða sú ítala heimtast mega sem hann inniheldur. Kom þar fram sami máldagi, í hvörjum svo stóð, meðal annara orða: Skal hver bóndi lúka eyrir á hvörju ári og hvör fiskimaður fjórðung fiska presti til fæðu, þeir sig gjöra til vers og ríða ei heim að kvöldi, í milli Stapaár og Skoruvíkur.

Nú af því svo vottar lögmálið: Þjóðum vér leggið svo hvörs manns mál sem bréf þeirra votta. *Item kóngsins ordinantia*: Prestarnir skulu halda prestagardana með allri rentu og því þar tilliggur eftir því sem forðum daga verið hefur. Sókninni skal fylgja það góts sem henni hefur hér til daga tillagst og að gömlum rétti tilheyrir. *Item* það með órétt er frákomid án dóms og laga skal með lögum afturkomast.

Því að heilags anda náð til með oss kallaðri, að svo prófuðu og fyrir oss komnu fyrir áðurskrifaðar greinir, dæmdum vér með fullu dómsatkvæði fyrrgreindir menn áðurnefndan máldaga Skeggjastaðakirkju nýtan og myndugan, og hvörn bónda skyldugan að gjalda eyrir en vervistarmenn fiskafjórðung presti að Skeggjastöðum til fæðu eftir því sem máldaginn hljóðar í greindu takmarki, því þar kom fram vitnisburður séra Einars Magnússonar og séra Halls Högnasonar að þeir hefði séð þennan máldaga í Skálholts *registri* svo-

hljóðandi sem hér vottar. Samþykkti þennan vorn dóm fyrrnefndur valdsmann og setti sitt innsigli með vorum innsiglum fyrir þetta dómsbréf, skrifað á Kirkjubæ laugardaginn næstan fyrir *visitationem Mariæ* á sama ári sem fyrr segir.

Að þetta sé orðrétt *copia* af þeim dómi sem liggur á Skeggjastöðum með þremur hangandi innsiglum vottum vér undirskrifaðir menn. Hallur Árnason meh, Magnús Guðmundsson meh, Pétur Gissursson meh.

Álit biskups og prófasts að presturinn í Möðrudal megi taka sína ektakvinnu til heimuglegrar aflausnar og *sacramentis*

Anno 1651 22. ágúst að Kirkjubæ tilspurði biskupinn prófastinn séra Ólaf Einarsson hvort hann vissi nokkurt tilefni til prestastefnu í héraði, bjóðandi sig þar til ef þörf væri, hvar til prófasturinn ansaði, hann vissi þar ekki sérdeilis nauðsyn neina til vera, því það mál er séra Rögnvaldur Ormsson framborið hafði fyrst fyrir prófastinum og nú í umreiðinni við biskupinn kom þeim ásamt að ei væri svo vafið að prestastefnu útkrefði, sem er hvort hann mætti ekki sjálfur meðtaka sína kvinnu til aflausnar og heilags *sacramentis* í þeirri nauðsyn sem sá öræfastaður Möðrudalur er staddur. Því virðist þeim báðum, biskupinum og prófastinum, að presturinn í Möðrudal þessi eða annar mætti með góðri samvitsku sína ektakvinnu til heilagrar aflausnar og *sacramentis* meðtaka sem sérhvörn annan sinn sóknarmann og hún líka með góðri samvitsku það af sínum ektamanni þiggja, svo sem af sínum réttum sóknarpresti, því heilagt hjónaband niðurbrýtur ekki né mótstendur Kristi innsetningu, hvorki aflausnarinnar né *sacramentis*. Þó vilja þeir hér með ekki almennilega reglu hér um gjöra öllum prestum vegna skikkanlegs vana í landinu, heldur álitandi þess staðar sérdeilis forföll og nauðsyn, en annars staðar athugandi *non tam qvod licet, qvam qvod decet*, eftir postulans orðum.

Bænhúsið í Sandvík álíta þeir nauðsynlegt vegna fjarska vegar og eignarmennina því skylda uppi að halda. Vilji þeir ei þessu hlýða sé kallað undir héraðsprestastefnudóm. En fáist ei af þeim að heldur sé óskað aðgjörða veraldlegs valds vegna framkvæmdar Guðs dýrðar, þó þeim virðist sektafallið vera fallið til fátækra.

Annað sérlegt var prófastinum ekki vitanlegt í héraðinu tilfallandi.

Item frambar biskupinn fyrir prófastinn séra Ólaf Einarsson inntak og meining þeirrar *supplicatiu* sem í sumar var af honum og herra Þorláki samantekin og handskriftuð, hvar inni óskað var að þeir kennimenn sem sig forsæju í einföldu frillulífisbroti mættu náð og viðrétting fá hér í landi án útsiglinga eður stórkostnaðar fram yfir hóf, sem til forna hefur verið, af höfudsmanni og biskupi til samans, samþykkilega, svo framt sem þeir annars

Prestur sem
er í fjærlægð
við aðra
presta taki
sjálfur konu
sína til
heilags
sacramentis

Bænhús vegna
fjarska vegar
nauðsynlegt
álitandi

Inntak úr
supplicatiu
um presta sem
sig forsjá í
frillulífi

hafa góðan vitnisburð sóknarinnar, með héraðsprófastsins umsjón og undirskrift, og verða þar eftir *commenderaðir* af biskupinum, hvörs óskað var sérdeilis vegna þeirrar orðsakar að köllin og plátsin eru allvíða svo aum og fátæk að ekki fást duganlegir prestar þeim að þjóna, utan annaðhvort séu tilteknir þvílíkir eða ólærðir. Aðspurði biskupinn prófastinn hvort ekki væri í þessu prófastsdæmi Múlasýslu nokkur pláts svo uppheldislítill að örvænt sé að nokkur dugleg persóna vilji sig þar til gefa sem vegna lærdóms og lifnaðar mætti annars úrkosti eiga, hvar til prófasturinn séra Ólafur Einarsson svaraði að hann vel vissi hér í sýslu þessi eftirfylgjandi pláts svo uppheldislítill vera sem fyrrskrifað er, að ekki mundi alfær persóna tilfást sem í skóla til prests lært hefði og annars úrkosta nokkurs von ætti, að til þjónustu staðfestast mundu vilja, sem er Skeggjastaðir á Ströndum, Möðrudalur á Fjalli, Hofteigur í Jökulsdal, Ásþingaprestur í Fellum skuli klaustrið frátakast, Eiðabíng, Seyðarfjörður, Mjóifjörður, Klifstaðir í Loðmundarfirði, Berufjarðarströnd, Háls, Hof í Álftafirði og Þvottá. Þessi pláts nefnir prófasturinn til í sýslunni biskupinum ei ókunnug að fátækt í þann máta sem áður er skrifað, og því samþykkir hann þessa biskupanna *supplicatiu* og með þeim auðmjúklega óskar vægðar á strangasta rétti um þær kennimannspersónur sem í einföldu frillulífisbroti sig forsjá, svo hér í landi mætti uppreisn ná sem til skammra stunda skeð er vegna fátæktar persónanna, landsins og plátsanna, og til sanninda hér um handsalar hann að sitt nafn megi hér undir skrifa. Kirkjubæ *ut supra*. Ólafur prestur Einarsson handsalaði.

Fátækustu
staða nöfn í
Austfjörðum
og Múlaþingi

Um málefni Magnúsar Árnasonar og Steinunnar Árnadóttur, sem og um kirkna *inventarium* og kristsfjárjarða bygging

Anno 1651 28. ágúst að Skriðuklausturskirkju í Fljótsdal var þetta eftirfylgjandi fyrir erlegum manni Gísla Magnússyni klausturhaldara sama staðar og sýslumanni í Múlaþingi framborið af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinsyni.

Fyrst hvort honum væri það nokkuð í sýslunni kunnugt sem honum með prestunum bæri yfir að taka með prestastefnudómi tilfallið hér í sýslunni, hvar til hann svaraði að ei væri það neitt sérlegt utan hvað áhrærði málefni Magnúsar Árnasonar og Steinunnar Árnadóttur, sem áður er komið fyrir prestastefnu á Egilsstöðum og henni dæmt til eiðs, en eftir eiðinn skyldi þau samanbúa 3 ár skikkanlega sem þar tilhæfir, en að liðnum þeim árum skyldi málið aftur undir rannsak koma og hún fullkominn eið vinna fyrir sýslumanni að bæði nú og fyrr væri hún af Magnúsi ósnortin í þeim aðburðum og atvikum sem milli karlmanns og kvenmanns fara til holdlegs samræðis og sé það skuggalaust. Skyldi sá eiður fyrir prestastefnu koma og þau síðan sundur dæmd, hvað bisk-

upinn nú býður sýslumanninum að framkvæma svo vítt sem eiðatökuna áhrærir, en síðan setur biskupinn málið undir héraðsprestastefnudóm.

Í annan máta frambar biskupinn nauðsyn þessarar sýslu kirkna, að flestallar vantar af sínu *inventario*, því lausa sérdeilis innan kirkju, úr því sem herra Gísli Jónsson hefur innskrifa látið í sína *visitatio* bók, *anno* 1576. Heldur biskupinn að til dóms og laga beri að sækja hvort kirkjurnar skuli ei síns *inventarii* heimting eiga að erfingjum þeirra sem staðina haldið hafa mann eftir mann upp eftir hvör við sinn sala þar til hittir þann tíma er undangengið hefur, og meinar þá veraldlegu sækjast eiga fyrir veraldlegum, andlega fyrir andlegum dómi, því honum virðist ótilbærilegt að kirkjurnar án dóms og laga missi. Hefur því prestinum til sagt undir dóm og lög að bera og óskar af sýslumanninum dómsatkvæðis uppá þá veraldlegu en prófastinum uppá þá andlegu svaramenn, og heldur þann *process* sem næst *ordinantiunnar* og annara kónglegra bifalninga formi ganga, viljandi fyrir forsömun sína við kirkjurnar afsakaður vera en þykir ei minna vert en kirkjurnar hafi dóminn fyrir sitt ef missa skyldi.

Um kristsfjárjarðir
fjárjarða
bygging

Um kristsfjárjarðir hér í Múlasýslu auglýsti biskupinn fyrir sýslumanninum að biskupinn hefði byggingarráð jafnlega haft allt til þessa eftir því sem þeirra bréf þar um gjörð hljóða, bæði herra Odds og herra Gísla Oddssonar, eftir hvörri formi biskupinn vill og byggja, og svo lengi þar við standa þar til kóngleg *maystet* sjálf gjörir aðra skikkun á. Óskar að eigi séu dómarmennir í héraði á móti sínum eða fyrri biskupa bréfum, viljandi sig við þau halda. Þykir biskupinn eigi vita hvað hreppstjórnar eigi með bygging á þeim jörðum, því þegar eftir kóngsbréfi var tilkall veitt að þessar jarðir skyldu leggjast til Viðeyjar, og það var hreppstjórnunum í valdi að veita forsvar jörðunum svo ekki frá hreppunum gengi, þá gátu þeir skotið öllu því forsvari frá sér til biskupsins. Því vill biskup það enn svo lengi hafa þar til yfirvaldið gjörir þar enn aðra skikkun, fyrst hans formenn hafa svo haft. Þó vildi biskup sjá að allt sanngjarnlega gangi til á báðar síður, að ekki væri ofmjög sælst á hreppunum og ei heldur ofþyngt á jörðunum fram úr máta.

Fór allt áður skrifað fram að Skriðu í viðurvist frómra manna er sín nöfn hér undir til vitnisburðar setja, og óskar biskupinn að eruverðugur maður, Gísli Magnússon, vilji einninn sitt nafn hér undir skrifa. (Undirskrifuð nöfn) Einar Jónsson prestur eh, Halldór Jónsson meh, Sigurður Hákonarson meh, Helgi Grímsson mpp, Pétur Bjarnason mpp, Pétur Þórðarson mpp, Jón Árnason meh, Árni Halldórsson meh.

Andsvar biskupsins uppá framburð Magnúsar Árnasonar og Steinunnar Árnadóttur

Anno 1651 9. september *in visitatione* að Eyðölum í viðurvist heiðurlegra og frómra manna, séra Höskuldar Einarssonar, séra Þórarins Eiríkssonar, séra Jóns Höskuldssonar, séra Eiríks Bjarnasonar, séra Henriks Jónssonar, *item* Sigurðar Hákonarsonar, Einars Hjörleifssonar lögréttumanns, Halldórs Jónssonar, Péturs Bjarnasonar, Péturs Þórðarsonar og Helga Grímssonar. Aðspurði biskupinn þau Magnús Árnason og Steinunni Árnadóttur hvörsu með þeim í þeirra hjónabandsmálum samist og leiðrést hefði síðan næst er þau voru fyrir prestastefnudómi á Egilsstöðum, þar eð þeirra mál kom til skoðunar og ályktaður var sá frestur með sambúð sem þar frekar umgreinir. Svaraði Magnús Árnason til þessarar biskupsins spurningar að ekkert hefði síðan um þau efni með þeim leiðrést, heldur stæði það allt í sama lagi sem þá var. Framar aðspurði biskupinn Magnús Árnason hvort þau Magnús og Steinunn hans kona hefðu síðan þá prestastefnu samanbúið og samrekkst sem venjulegt er hjónum að gjöra, hvar til hann svaraði að saman hefðu þau verið en ei þóttist hann gjörla minnst hvort þau hefðu samrekkst nema fyrstu tvö árin eftir prestastefnu, því hann sagðist vera orðinn svo sem vinglaður í því máli. En Steinunn Árnadóttir frambar að hún hefði við Magnús Árnason samrekkst full þrjú ár eftir oftskrifaða prestastefnu, eitt í Ásunnarstöðum, annað á Kleif, þriðja á Hallormsstöðum, skjótandi sinni breytni við hann til þess vitnisburðar sem heimiliskviðarvitni greindra bæja bera.

Framar aðspurði biskupinn Steinunni Árnadóttur, konu Magnúsar, hvort Magnús Árnason hennar maður hefði um áðurskrifaðan þriggja ára sambúðartíma aldrei getað sér að karlmanni orðið til líkamlegs samræðis sem milli karlmanns og kvenmanns er títt að eðlilegu holds samblandi, hvar til Steinunn Árnadóttir svaraði að það hefði Magnús Árnason aldregi getað, þó hann stundum þar viðleitað hafi. Þar með lýsti hún því að hún hefði honum kvenmannlegu atlota aldrei synjað til þess þeirra samverknaðar. *Item* lýsti hún að hún væri af Magnúsi Árnasyni klár meyja, aldeilis óspillt, og aldrei hafi hún skyldugra atlota honum synjað. Þetta allt áðurskrifað handsalaði biskupinn með eiði að staðfesta, hvörn biskupinn tilsagði henni að vinna fyrir sýslumanni þessarar sýslu, erlegum manni Gísla Magnússyni, svo sem biskupinn hefur áður við hann talað og innskrifa látið að Skriðuklaustri, og vinni eiðinn á þingi svo að Magnús Árnason eða hans forsvarsmenn megi nærstaddir vera og fá vitund þar af. Sendi sýslumaðurinn síðan þennan eið undir prestastefnudóm og gangi svo endilegur dómur um þeirra skilnað, svo framt sem þeim heiðurlegum kennimönnum virðist sem oss þetta eiðsinntak skuggalaust.

Allt áðurskrifað fór fram með samþykki fyrrnefndra frómra manna sem viðstaddir voru og sínar handskriftir hér undir til fullkomlegs vitnisburðar

Impotentia
mál

Vide supra
pag. 103

setja. *Actum* Eyðölum *ut supra*. (Undirskrifuð nöfn) Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh, Höskuldur prestur Einarsson meh, Þórarinn Eiríksson, Jón Höskuldsson eh, Eiríkur Bjarnason meh, Hinrik Jónsson meh, Sigurður Hákonarson meh, Einar Hjörleifsson eh, Halldór Jónsson eh, Pétur Bjarnason mpp, Pétur Þórðarson mpp, Helgi Grímsson mpp.

Andsvar biskupsins uppá málefni Ketils Eiríkssonar er haldinn var frá *sacramenti*

Anno 1651 11. september að Berunesi kom fram fyrir biskupinn Ketill Eiríksson og tjáði þar að sér væri haldið frá kristilegum fríheitum síðan fyrir jól í vetur er hann meðtók *sacramenti* af séra Þorleifi Magnússyni í Sandfelli. Segist nú vera heimilismaður á Breiðabólstað í Hornafirði í Kálfafellskirkjusókn og sendur hingað á Berufjarðarströnd til sjóróðra. Segist vitjað hafa kristilegra fríheita síðan hann seinast meðtekinn var til séra Þorleifs tvisvar við Hofskirkju og einu sinni við Sandfellskirkju og ekki fengið. Frambar þessi Ketill nú vitnisburði margra manna þeirra sem til hans hafa vitað í Örafum, hvörja biskupinn nú opinberlega upplás. *Item* erlegs manns Bjarna Oddssonar hjá hvörjum hann segist vistfastur verið hafa í fjögur ár. En vitnisburð séra Vigfúsar Árnasonar segist hann haft hafa og sýnt séra Þorleifi en ekki aftur af honum fengið. Segist hann einninn óskað hafa vitnisburðar séra Þorleifs og öngvan fengið, og sökum þess að hann hafði öngvan vitnisburð frá sínum seinasta sálusorgara sem vera átti séra Þorleifur segist hann ekki meðtekinn verið hafa af séra Sigurði Bjarnasyni. Óskar af biskupinum leiðréttingar á þessu sínu vankvæði, hvar til biskupinn svarar að hann skuli með Guðs hjálp hans vegna krefjast skjals af séra Þorleifi, því hann honum sinnar meðkynningar synji og fresti hans sáluhjálparefnum, svo að það sem gjörist skal með Guðs hjálp komast til séra Sigurðar Bjarnasonar hans þingaprests. Þangað til verður hann með þolinmæði að bíða, nema falli honum krankleiki til svo hann þurfi prest að sækja láta. Tilsegir biskupinn séra Guðmundi Jónssyni honum heilagt *sacramenti* að veita. En sem hann aftur í sína vist kemur mun annaðhvort augljóst orðið hjá séra Sigurði hvort nokkur hindrun sé á hans fríheitum eður engin og er þetta minnandist í *visitatiu* í Örafum.

Vide infra
pag. 401

Til vitnis uppá allt áðurskrifað setja nærverandi dánumenn sínar handskriftir hér undir. Að Berunesi *ut supra*. (Undirskrifuð nöfn) Guðmundur prestur Jónsson meh, Eiríkur Bjarnason meh, Sigurður Hákonarson meh, Halldór Jónsson meh, Helgi Grímsson mpp, Björn Hermannsson handsalaði, Árni Halldórsson eh.

Álit biskupsins um ofsa og óróa Járngerðar Einarsdóttur,
item um stúlku lítt talandi og skilningslitla
sextán vetra

Anno 1651 21. september að Kálfafelli í Fellshverfi frambáru fyrir biskupinn í þessari *visitatiu* nokkrir menn og kvinnur í sókninni ákæru um ofsa og óróa þeirrar kvensviftar Járngerðar Einarsdóttur með vondu orðbragði, sem þeim sérdeilis konunum þótti sínum samvitskum ekki bærilegt að heyra. Sérdeilis kærði Þorsteinn Henriksson og hans kvinna Vilborg Bjarnadóttir, *item* Þormóður Ólafsson og hans kvinna Sigríður Bjarnadóttir, en aðrir nálægir sóknarmenn aðspurðir af biskupinum hvort þeir hefðu við slíkan óróa Járngerðar að orðspori varir orðið, játuðu og lýstu því að þeir meintu þar tilhæfi meira en minna. *Item* auglýsti sóknarpresturinn séra Sigurður Bjarnason að hann hefði oft og tíðum áminnt hana að gjöra bót og betran á því líku óskapi, sturla hvorki né hneyksla þar með söfnuðinn, og það bar söfnuðurinn með prestinum. Tilsagt prestinum að hafa skarpa umsjón um hennar hagi ef hún kann í þing-ánni innleiksa að verða framleiðis og verði uppá hana slíkur órói, blót eða bakvask vottfast sé alvarlega haldin frá kristilegum fríheitum. En presturinn hjálpi sínum sóknarbörnum að koma henni undir veraldlegt straff.

Ofsafull og
óróasöm kona
er sett út af
sacramenti

Um Guðfinnu Þorbergsdóttur, 16 vetra að aldri lítt talandi og skilningsveika að merkja, tilsagt prestinum hér í Hornafirði að yfirheyra hana í fjögra eður fimm helstu sóknarmanna viðurvist og teikna upp spurningar og andsvör, og virðist prestinum með fimm dánumannanna samþykki það ei of fjærlegt hennar vitsmunum sé í herrans nafni meðtekin. Annars sendist þetta handskriftað og uppskrifað í Skálholt og mun hún sem annað ungbarn við sinn skírnarsáttmála hólpín blífa þar til Guð gefur leiðrétting á frekari vitsmunum. En til huggunar og trúarstyrkingar sé hún af kennimönnunum með handanna uppáleggingu blessuð, en foreldrar og forsvarsmenn áminntir með hógværd henni að undirvísa. Fór allt áðurskrifað fram í viðurvist frómra manna sem sín nöfn til vitnisburðar hér undirskrifa, Kálfafelli *ut supra*. Sigurður Bjarnason eh, Sigurður Hákonarson eh, Halldór Jónsson meh, Pétur Bjarnason mpp, Helgi Grímsson mpp, Jón Árnason meh, Árni Halldórsson meh.

Hvörnin
höndla skal
með fáfród
ungmenni

Álit biskups um málefni Katrínar Ófeigsdóttur
er í nálægð var hjá barnsföður sínum,
item um Ketil Eiríksson

Anno 1651 23. september að Hofi í Öræfum kom fram fyrir biskupinn málefni Katrínar Ófeigsdóttur, hvörju svo varið er að hún nú fyrir hálfu öðru ári er opinber orðin að frillulífisbroti einföldu með Bjarna Sigmundssyni og þar

uppá opinberlega aflausn meðtekið. Var þá að vistarferli á Hnappavöllum þar sem maðurinn var og þaðan fór hún til hjáleigunnar Fagurhólsmýrar. En nú í vor er hún komin hingað til Hofs. Prestinum hefur þótt vandi um svo nálæga vist hennar hér, bæði þess að Bjarni Sigmundsson á hér kirkjusókn, ef þess sökum mætti með þeim samanslá, og svo þess vegna ef nokkur annar vandasamur orðrómur uppá hana eflast mætti fyrir þessa hennar hérveru í sókninni, hvörs vegna presturinn séra Þorleifur Magnússon meðkennir að hann gjarnan viljað hafi að hún þessa Hofssókn fjærlægðist og þar um hafi hann sýsluvaldsins umboðsmanni, Einari Þorsteinssyni, ávísun gjört að hann eftir sinni embættisskyldu góðar aðgjörðir hefði, hvörju presturinn segir Einar svo gegnt hafi að hann tilsagði í vor hér á Hofi að hann gjarnan gjöra skyldi það hans embætti áhrærði. Síðan þykist biskupinn formerkt hafa eftir erlegs manns tilsögn að Einar muni skriflega eftirlátið hafa þá sína tilsögn að hann tilsegði þessari Katrínu úr Hofssókn að víkja. Presturinn hefur henni haldið frá friheitunum síðan í vor, þar fyrir að honum virtist þessi Katrín ekki aðgjöra sínum áminningum né sýslumannsins umboðsmanns tilsögn. Hún aftur á mót segist viðleitað hafa að koma sér inn í Sandfellssókn en ekki fengið. Það meðkenndi satt vera bæði séra Þorleifur og nálægir sóknarmenn.

Spurði nú biskupinn Þorleif Magnússon og þessa nálæga sóknarmenn, Árna og tvo Jóna Eiríkssyni bræður, *item* Sigurð Bjarnason og Guðmund Egilsson og Árna Eiríksson, hvort þeir hefði merkt eða fornumið nokkra hneykslun eður misþenking í þessum söfnuði upprisa um lauslegt lífarni millum þessa Bjarna Sigmundssonar og Katrínar Ófeigsdóttur síðan þau tóku seinast opinbera aflausn á frillulífi sín á milli, hvar til bæði presturinn og allir fyrrskrifaðir menn svöruðu nei, að það ekki heyrt né formerkt hefði. Í annan máta aðspurði biskupinn alla áðurskrifaða menn hvort þeir heyrt hefði nokkurn misþanka eður órykti á Katrínu liggja um samfarir við aðra menn nokkra hér í sókn, hvar til bæði presturinn og þeir svöruðu að síðan Katrín varð opinber að því seinasta frillulífi með Bjarna Sigmundssyni þá hafi þeir það hvorki heyrt né fornumið. Nú leitar hún kristilegra friheita en séra Þorleifur skýtur til biskupsins hvörju hann skuli henni hér um gegna. Biskupinn meðkennir að þrjótka móti sínum yfirmönnum andlegum eður veraldlegum í öllu góðu og kristilegu setji sérhvörn út af sjálfu verki meðan eigi aðgjörast, en með því hér virðist henni ekki sérdeilis þrjótka heldur framkvæmdarleysi hennar jafnvel umollað hafa að hún sig annars staðar ekki útrýmt hefur, sýnist biskupinum tilvægjandi svo hún til friheitanna takist. En þó tilsegir nú biskupinn henni að gjöra allt sitt til svo hún komist úr þessari sókn að næstkomanda vori, vissra þó heimuglegra orðsaka vegna, svo enginn vandasamur misþanki megir af hennar hérveru aftur kvikna, hvörju hún biskupinum með handsölum lofaði í prestsins og áðurnefndra og undirskrifaðra manna viðurvist. Lofuðu nærstaddir sóknarmenn hana þar til að styrkja.

Í annan máta birti biskupinn séra Þorleifi Magnússyni góðum mönnum

hjáverandi málefni Ketils Eiríkssonar sem eftir honum var samantekið í þessari *visitatiu* að Berunesi 11. september, og óskaði nú að séra Þorleifur framleggði þær orðsakir hvar fyrir hann hefur honum synjað heilags *sacramentis* og síns vitnisburðarseðils síðan hann veik héðan úr hans þingá í sókn Sigurðar Bjarnasonar, svo þær orðsakir mættu hér innsetjast *in specie* og sér í lagi, hvar til séra Þorleifur svarar að orðsök hvar fyrir hann hér umfrestað hafi sé sú að Ketill Eiríksson hafi við sína sóknarkirkju hér að Hofi vandan munnsöfnuð haft bæði Michaelismessu og annan dag jóla fyrir og eftir embætti. Annað það að þessi Ketill Eiríksson hafi ekki viljað fyrirgefa sínum húsbónda Henrik Þormóðssyni er ganga vildi til skrifta og bauð þessum Katli sína hönd uppá fyrirgefningarbón kristilega, en hann vildi ekki sína hönd honum aftur gefa né neinu góðu þar til gegna. Þriðja það að prestinum virðist hann lítt grundvallaður í sínum barnalærdómi. Hvörja af þessu orðsökum sem bívísingar þarf við tilsegir biskupinn séra Þorleifi að búast við að bívísa, og sannist þessar orðsakir Katli á hendur, þar með og ef svo prófast (hvað biskupinn vill öngvanveginn undir stól stingist) að hann hafi slegið sinn húsbónda Hinrik Þormóðsson eður í annan máta honum misþyrmt, þá taki Ketill opinbera aflausn, hvört andsvar biskupinn lætur nú uppskrifa og senda séra Sigurði Bjarnasyni eftir sinni lofan á Berunesi.

Um mál Ketils Eiríkssonar

Sá sem slær eður misþyrmir húsbónda sínum taki opinbera aflausn

Fór allt fyrrskrifað fram að Hofi í viðurvist frómra manna er sín nöfn hér til vitnisburðar undirskrifa. Þorleifur Magnússon prestur meh, Árni Eiríksson eh, Jón Eiríksson handsalaði eldri, Jón Eiríksson yngri handsalaði, Guðmundur Egilsson handsalaði, Sigurður Bjarnason handsalaði, Eiríkur Árnason meh, Sigurður Hákonarson meh, Halldór Jónsson eh, Helgi Grímsson mpp, Pétur Þórðarson mpp, Jón Árnason meh.

Álit biskupsins um heimtun á kirkjutúndum og legkaupum

Anno 1651 27. september. Aðspurði biskupinn nálæga ábúendur staðarins að Hofi í Öraefum hvort að nokkur brestur væri á því sem sóknarmennirnir ætti kirkjunni að gjalda. Andvaraði þar til Jón Eiríksson að það vaðmál sem kirkjunni gildist í sínar túndir gengi ekki út í kaupstöðum fyrir vín og bakstur, hvar til biskupinn svaraði að þeir sem kirkjutúndirnar meðtæki í vaðmáli eður þrjónasaum skyldu hafa þær á þing og láta sex menn meta hvort gilt eða ógilt virtist og taka þá virðing handskriftaða. En hvar sem ógilt verður metið tilsegist eignarmönnum eður þeirra umboðsmönnum að kalla þá til laga sem ógilt gjalda um rangar greiðslur og túndarhald. En sé gilt metið og vilji kaupmaður ei meðtaka býður biskupinn að láta kaupa fyrir dalagjald 9 álfnum dalinn, hvað hann vill láta sinn umboðsmann vita. *Item* til sagt eignarmönnum staðarins eða umboðsmönnum þeirra að þar sem legkaup gjaldast eiga en

Kirkjutúnd metist á þingi

Legkaup
innheimtist
með álögum
löglegum

gjaldast ekki, að líða ekki þann ósið kirkjunni og hennar tilkomandi umboðsmönnum til ævinlegs skaða, heldur alvarlega til dóms og laga inn að heimta með löglegum álögum vilji þeir sjálfir ei um forsómun þar fyrir standa. *Actum Hofi ut supra*. Til vitnis frómra manna handskriftir hér undir. Jón Eiríksson yngri handsalaði, Sigurður Hákonarson meh, Halldór Jónsson eh, Helgi Grímsson eh, Pétur Þórðarson mpp, Jón Árnason meh.

Alþingisdómur um hálf Hafrafell dæmt bóndaeign, *item* um Áskirkju *inventarium*

Anno 1663 29. júní. Kom biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson í lögréttnu og baðst leiðréttingar um það löglagt mál við Bjarna Eiríksson sem hann frambar, sem er um það fé sem kirkjan að Ási austur í Austfjörðum hefur misst, en *visitatiu* bók herra Gísla sáluga Jónssonar ákvarðar að fylgt hafi anno 1576. *Item* lýsingarbréf Eiríks bónda Snjólfssonar anno 1566, hvör þá var eignarmaður staðarins Áss og fjárhaldsmaður þeirrar kirkju. Var svo hér til svarað af lögmönnum báðum, herra Þorleifi Kortssyni og herra Sigurði Jónssyni, sem og lögréttunni allri með fullu dómsatkvæði, að Heggstaðadómur genginn anno 1566 og Húsatóftadómur genginn árinu seinna, *item* anno 1592 alþingissamþykkt uppá fyrrnefnda dóma, að þeir kirknahaldarar eigi hvör að sínum sala og forverjara, og hvör eigi sókn að öðrum sem fyrr hafa haldið og sá svari þeim peningum sem eyðst hefur fyrir og fé hefur. Krafðist og beiddist herra biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson af Bjarna Eiríkssyni í lögmanna og þingmanna heyrn allra þeirra peninga kvikra og dauðra sem Áskirkju vantar á greinda *visitatiu* bók og lýsingarbréf Eiríks Snjólfssonar, bjóðandi sig til meðtöku á fyrnefndum fjám en fyrirbjóðandi hald og meðferð á hédan af, einnin forsómun og undandrátt sér og nefndri kirkju til skaða, бага og hindrunar, undir þau álög og fésektir sem framast mega ásegjast að lögum, og sé herra biskupinn Brynjólfur Sveinsson hér með afsakaður að svo stöddu, en Bjarni Eiríksson segist gjarnan þeim peningum svara skuli þegar hann þá meðtekur af sínum forverjurum.

Um
Hafrafell

Anno 1664 29. júní var upplesinn dómur í lögréttnu á Öxarárþingi lögmönnum og lögréttumönnum áheyrandi, að hálf Hafrafell í Austfjörðum nú hundruð að dýrleika er dæmd bóndaeign í héraði. *Datum* þess dóms 1663, yfirdómara Magnúsi Einarssyni í umboði sýslumannsins Þorsteins Þorleifssonar. Þótti lögmönnum og lögréttnu þessi dómur standa mega að svo prófuðu nema önnur sterkari skjöl kæmi þau honum hrinda megi.

Álit biskups og prófasts um uppheldi séra Guðbrands Jónssonar *capellans* að Hofi í Voknafirði

Anno 1672 28. ágúst *visiteruð beati Johannis baptistæ* kirkja að Vallanesi og héraðsprófasturinn heiðurlegur kennimann séra Stefán Ólafsson að Vallanesi aðspurður af biskupinum hvort honum væri nokkuð vitanlega tilfallið í þessari hans sókn eða héraðinu, það sem biskupinum bæri með kennidóminum eftir *ordinantiunni, recessinum* og öðrum kónglegum *mandatis* að sér að taka til athuga og atkvæða eftir kennimannlegs embættis skyldu, hvað prófasturinn kvað sér ei vitanlegt vera, utan hvað nú framkom úr Hofskirkju *visitatiu* í Voknafirði framborið af heiðurlegum kennimanni séra Vigfúsi Árnasyni anno 1672 11. ágúst um það vandræði sem honum þótti sér tilfallið sökum sýnilegs veikleika séra Guðbrands Jónssonar, hvör séra Vigfúsi hefur um nokkur ár í *capellans* stétt þjónað með soddan móti að séra Vigfús tók hann til sín norðan úr Hólastifti, frá sínum föður séra Jóni Bersasyni að Sauðanesi, hvört séra Guðbrandur var fyrst *ordineraður* og lögteinn í *capellans* stétt, en séra Vigfús Árnason af föðurlegri ást og rækt við dóttur sína Helgu, ektavinnu séra Guðbrands tók hann með henni heim til sín sökum vanheilsu hennar, og framfærði þau svo bæði svo lengi sem þau lifðu saman, en brúkaði hans *capellans* þjónustu sér til aðstoðar í sínum elliburðum allt hingað til, meðan séra Guðbrandur þótti þar fær til, hvað allt skeði með leyfi biskupsins.

Nú tjáir séra Vigfús vanheilsu séra Guðbrands sókninni framvegis að þjóna, hvað á honum auðsýnilegt er og sóknarmenn einninn báru að hann mun þar ei fær verða. En séra Vigfús ekki heldur fær sókninni að þjóna sökum elli hans og veikleika, en tjáir sér þó ómáttugt bæði séra Guðbrand og annan *capellan* að halda. Þetta nú svo framborið vegna séra Vigfúsar af biskupinum við prófastinn séra Stefán Ólafsson til góðra ráða, hvörju hér skyldi verða tilsvarað. Athugað og yfirvegið þótti svo horfa báðum biskupinum og prófastinum sem ei mundi með lagaréttarskyldu dæmast þessa héraðs prestum uppheldistillag út að leggja séra Guðbrandi, þess vegna að eigi er sannprófað að hann sé að lögum hingað kallaður í þetta stifti, þó það hafi liðið verið af biskupinum fyrir góðvild við séra Vigfús, en ástarrækt hans við dóttur sína, að hann tæki séra Guðbrand með henni og brúkaði hans þjónustu meðan hún lifði og hann var tilfær, þó svo að biskupinn hyggur að séra Vigfús Árnason hafi séra Guðbrandi *capellans* bréf útgefið, því biskupinn meðkennir það hafi aldrei fyrir sig komið svo hann hafi þar sína staðfestu uppá skrifað, alleinasta í sendibréfi leyft og liðið svo mætti vera meðan svo stæði um þeirra efni. Því sýndist nú biskupinum og prófastinum fyrst vera á að leita af séra Vigfúsi og séra Guðbrandi hvort ei mætti önnur ráð finnast séra Guðbrandi til hjálpar, fyrst af föður hans séra Jóni Bersasyni, og svo með hans ráði og meðalgöngu af Hólastiftisprestum, hvört séra Guðbrandur var í öndverðu kjörinn, *ordi-*

neraður, innsettur og lögkominn, en ekki að lagarétti viðskilinn öðrum en nú er skrifaður, og þar virtist fyrst áleitandi, en yrði þess enginn kostur að greiddist fyrir uppheldi séra Guðbrands með þessu, þá skyldi koma til þessa héraðs prestastefnu hvort séra Guðbrandi sæist með nokkrum rétti eða skyldu nokkur uppheldistillags von eða ei. Eigi að síður vildi þó biskupinn og prófasturinn séra Guðbrandi allt hið besta tilleggja við heiðurlega kennimenn þessa héraðs, að þeir vildu Guðs og kristilegs kærleika vegna láta sér eynd og nauðsyn þessa kennimanns til hjarta ganga og honum nokkra uppheldisbjörg í té láta eftir því sem Guð sérhvorjum í brjóst blési, ef og þegar þess væri tímanlega og tilbærilega leitað. Framar varð hér ei úrráðið þessu vandræði í þetta sinn en nú er skrifað.

Skikkun prófastsins séra Gísla Bjarnasonar um kirkjutúndir

Kennist eg undirskrifaður að séra Gísli Pálsson aðspurði mig nær hann var nýkominn til Hvalsness á því næst umliðna ári 1652 hvort hann með réttu skyldugur væri að forsorga söfnuðinum Hvalsneskirkju fyrir víni og bakstri, þar hann ekki meðtekið hefði kirkjutúndir á því sama vori sem hann meðtók Hvalsnes. En með því eg undirskrifaður undirstóð eftir kirkjunnar lögum og biskupanna viðgengnum samþykktum að kirkjutúndir skuli kirkju fylgja, hvort þær eru meiri eða minni, og enginn kirkjunnar haldari megi þær með sér hafa eða burt taka þá hann víkur frá kirkjunni, hvorki prestur né leikmaður. Þar fyrir skikkaði eg og befalaði séra Gísli Pálssyni út að heimta af sínum forverjara Jóni Guðmundssyni kirkjutúndir þær sem á því sama vori tilféllu. En fyrrnefndur Jón Guðmundsson renni til heimtanar um þær kirkjutúndir af hans forverjara, því enginn kirkjuhaldari er skyldugur að forsorga kirkjunni fyrir víni og bakstri nema kirkjutúndir fylgi. Þó bifalaði eg séra Gísli Pálssyni að sú mín skikkun mætti komast til umsjónar yfirvaldsins sem *jus patronatus* hefði yfir kirkjunni. Þessari minni skikkun sem gjörð var fyrir ári umliðnu vík eg nú til míns eiginlegs yfirvalds, herra biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar og bið hann eftir réttlætinu álíta með úrskurð að álykta og með útgefinni handskrift að samþykkja. Stað þann 4. dag júlí *anno* 1653. Gísli Bjarnason eh.

Andsvar biskupsins hér uppá

Þetta sama álit prófastsins heiðurlegs séra Gísla Bjarnasonar um kirkjutúndir, að þær með réttu kirkjunum fylgja eigi, hefi eg undirskrifaður lesið og yfirvegið, eftir gömlum og ungum kirkjulögum metandi, og virðist mér það

löglegt og skjallett í allan máta, ályktandi og úrskurðandi að allar tíundir í þessu stifti sem að fornu hafa kallast *portio ecclesiae* séu og vera eigi kirkjunnar eigin eign ef þær skulu óræntar vera, meinandi þær ei mega frá þeim takast *sine sacrilegii crimine*. Til vitnis hér uppá er mín handskrift. Skálholti 1653 15. júlí. Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh.

Vatnsfirði 14. ágúst 1647

Anno 1647 þann 14. ágúst að Vatnsfirði kom fram Snæbjörn Torfason eftir handsalaðri bifalningu hans föður séra Torfa Snæbjarnarsonar, tjáandi veiki og forföll hans í þjónusturgjörðinni fyrir tilfallinn heyrnarbrest, að hann öldungis heyrnina misst hefur. Leitar þar fyrir ráða og tilhlutunar biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar í hans *visitatione ordinaria* um Vestfirðinga-fjórðung. Höfðu og sóknarmennirnir þessum nauðsynjum sínum til biskupsins úrræða skotið, sem það bréf gjör vottar er Snæbjörn Torfason framlagði, en biskupinn veik því máli hingað til Vatnsfjarðar til þeirra úrræða er hann með ráði og samþykki prófastsins séra Jóns Arasonar og annara hér nærstaddra presta og lærðra manna kunni hentugust finna. Athuguðu þeir nú á báðar síður stórnauðsyn sóknarinnar til heyrnar prestsins, sérdeilis í skriftamálum, hjónabandsundirbúningum, guðfeðgina andsvörum og öðrum þvílíkum hlutum embættisins sem undirbúast þurfa með spurningum og andsvörum, skuli rétt eða hættulaust framfara, og virtist oss öllum öngvaneginn svo búið standa mega né aðgjörðalaust framfara.

Er oss augljóst af *ordinantiunni* að í þvílíkum efnum, veikleika og forföllum prestanna, eiga kapellánar að takast, og virðist oss eigi hættulaust þar frá að víkja. En í annan stað er fátækt þessarar kirkju og lítil inntekt af sókninni sem öldungis bægir frá þessari reglu, svo varla er uppheldi einum presti. Þar með hefur séra Torfi sjálfur umráð þeirrar kirkju með því jörðin er hans eign. Virtist oss því hart hann þar út af að spenna, sérdeilis þar hann fyrir Guðs álag enn og fyrir sína missjón hindrast í embættinu, hvar inni hann hefur lengi þjónað meir en 30 ár. Framar eru aðrar kirkjur svo fjarlægjar, sem eru hinar næstu Vatnsfjörður og Snæfjöll, að oss virðist ómöguligt allar nauðsynjar þeim prestum að bifala svo oss fyrir Guði sé forsvaranlegt. Því láti biskupinn með ráði prófastsins og annara góðra manna það ráð sem hættuminnst þótti að leitast við svo kapellán fengist og honum leggðist sitt kaup. Lofaði biskupinn þar til að leggja sérlega tvö hundruð meðan þessi nauðsyn yfirstæði og hann ætti um Skálholtsstígti og dómkirkjuna að sjá. Skyldu þau takast af hans tíundum um Ísafjardarsýslu og gjaldast til góðrar greiðslu. Snæbjörn Torfason lofaði uppá sinn föður að hann árliga leggði af sínum munum kapelláninum hundruð meðan sá tími yfirstendur. Prófasturinn séra Jón Arason lofaði í sama máta árliga að gefa sinn kvot móts við aðrar þessar kirkjur fimm aura og svo lofaði biskupinn uppá Stað í Grunnavík, Holt í Önundarfirði, Hrafnseyri og

Selárdal, óttandist ekki uppá guðhræðslu þessra presta að eigi muni þeirra tillag eftirliggja í slíkum sálnanna nauðsynjum. Lofaði biskupinn þessu fyrir prest-unum að birta og fá þeirra handskrift hér uppá, svo vissar verði greiðslurnar. En um það sem þá brestur til fullkomlegs tillags uppá fimm hundruð setur biskupinn til guðhræðslu sóknarmannanna það til að leggja sem ábrestur, svo framt sem þeim er nokkuð umhugað um sína sálarvelferð. Skal Guðs kristni nú af þeirra ávöxtum þekkja þeirra trú og munu opnast hér úti hugskotshjörtu margra, hvörsu rétttrúaður sérhvör er sem trúa þykist af þessu ölmusuverki. Vil eg einninn umbiðja og áminna að hindra nú eigi fyrir þessa lítilræðis sakir þjónustu sinnar sáluhjálpar og hefur sú sókn fyrir sér loflig dæmi þess góða gamla manns Andrésar Bjarnarsonar, hvör af sinni gamalli guðhræðslu hefur í elli sinni lofað hér til að leggja næsta ár tuttugu álnir meðan Guð honum líf og efni þar til vinni og þess þarf við. Þessar og aðrar þvílíkar eru þær velgjörðir sem Kristus Jesús vill minnst á sínum dómstóli á síðasta degi við sín blessuð börn.

Biðjum vér og áminnum séra Torfa að hegða sér við þennan tilætlaðan kapellán bróðurliga og innilega og vekja ei meiri vanda en möguligt er í embættinu, heldur svæfa og græða það hann má með góðri samtvitsku, hvörs vér til hans treystum, bífalandi Guði nú þetta efni og guðhræðslu þeirra frómu manna sem hér eiga hlut í að eiga. Vill bæði biskupinn og prófasturinn héðan af fyrir Guði og góðu yfirvaldi afsakaðir vera ef eigi verður þetta nauðsynjaefni fyrir nokkurs manns hindrun svo framkvæmt sem hér er tilætlað og sá ábyrgðarhluti sem tilfellur hjá þeim sem hindrun gjörir. En vér óskum að Guð almáttugur taki í brott allar hindranir sem bægja Guðs orða framgang og mannanna sáluhjálpar, hans náð hér um vér allir bífalaðir nú og ævinlega uppá allt áðurskrifað. Setti biskupinn ásamt prófastinum séra Jóni Arasyni, séra Tumasi Þórðarsyni, séra Erlendi Einarssyni, Torfa Jónssyni og Snæbirni Torfasyni sínar undirskriftir hér undir til fullkomligrar staðfestu *ut supra*.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Tumas Þórðarson eh
Torfi Jónsson eh

Jón Arason eh
Erlendur Einarsson meh
Snæbjörn Torfason eh
Andrés Bjarnarson meh

Vatnsfirði 18. ágúst 1650

Heiðarligur og vellærður kennimaður séra Jón Arason prófastur í Ísafjarðarsýslu hefur bæði í sendibréfum og munnliga áhrætt eftir munnligri umkvartan sumra hvörra (að hans sögn) Langadalsstrandar sóknarmanna, um forföll séra Torfa Snæbjarnarsonar þeirra sóknarprests, sem honum að herrans vilja tilfallin eru af eyrnadeyfu og heyrnarleysi, hvar af að merkja er eftir orðtón

þeirra sumra hvörra að eigi þykjast með góðri samvitsku með hans þjónustu geta nægjast látið, þar þeir ekkert munnlega geti honum um sín efni undirvísað svo andsvar fái, þeir sem ekki eru skrifandi. Nú segist prófasturinn hafa óskað að þessir er sig hér upp um bæru tæki sína umkvörtun skrifliga saman svo hún mætti af þeim handskriftuð fyrir leggja þá biskupinn um *visiteraði*, ef ske mætti að nokkur leiðrétting mætti síðan þar uppá fást, hvað þeir hafi ekki viljað gjöra. En með því biskupinum virðist þetta mál svo horfa að með dómi ætti séra Torfi sitt uppheldi af að leggja ef þar kæmi, fyrst hann sjálfviljugur vill önganveginn af því standa. Þar með er þessi sókn svo fátæk að lítið meira en 3 hundruð reiknast öll prestlig inntekt eftir því sem nú er og séra Torfi hefur með vottum skrifliga frá sér gefið. Hvar af presturinn á allt sitt uppheldi að hafa, þar fátækum uppgjafarpresti eru fimm hundruð gjörð til framfæris. Virðist biskupinum næsta ómöguligt nokkurn frjálsan kennimann við þann sult að binda, sér og ekki lög til að neyða séra Torfa meira til að leggja en prestsinntektirnar tilhrökkva, eigi heldur vill sóknin af sínum munum fram yfir einfaldar skyldur tilleggja, hvörs þó í næstu *visitatiu* var leitað öllum til hægðar með þeirri eftirlátssemi og góðvild að þeir vildu til uppheldisins leggja sem menn vita öngva skyldu til vera, sem var biskupinn og helstu prestar hér á Vestfjörðum, með því móti að sóknin vildi eitt hundrað til styrkingar leggja sér sjálfri til þjónustueflingar fyrst þeir þóttust við þjónustu séra Torfa lítt una mega, en vissu örbrigð og fátækt uppheldisins. En þess var enginn kostur af þeirra hendi og ekki annars en að kalla og heimta prestinn sem nú er tíðast *etc.* Svo var því góðu áformi af þeim afslegið að ekki varð af annars prests innsetningu. Svo varð það úr að ráðast að fá séra Tumas á Snæfjöllum fyrir bórnarstað að heyra skriflamál og meðtaka fólk, vitja sjúkra og þá þjónustu að fremja til hvörrar helst þykir eynaskilninganna viðþurfa, þá hann gat viðkomið. En með því vegalengdin er mikil og næsta bágt frá Snæfjöllum inn í þingána eður til Kirkjubólsskirkju svo að vitja að vel ánægi í hvört sinn þörf vinnur, þess og annars að nokkurneginn haldist með séra Torfa og séra Tumasi, fyrir hvörjar orðsakir veit eg ógreiniliga. Hefur séra Tumas undantalist því ómaki, hvar til eg meðkenni að ekki bar til nein lagaskylda heldur var það gjört til frúnar veikra samvitska í velvild séra Torfa af meðaumkun í hans veikleika, en ekki það hann væri lögligur *capellan* í þeirri sókn. Því átti bróðurliga og hugarlátliga við hann að höndla, ekki með stríðu eða *pro autoritate*.

En fyrst svo er nú komið og sóknarmenn kvarta um þessi vanefni, leggja þó ekkert skjalligt frá sér svo þar uppá prestastefnudóm byggja megi, þykir mér ekki forsvaranligt uppá óvissuvon þeirra viðstöðu dómi fram að hleypa og eiga undir skafti hvörjum þeir síðar meir viðsnúast, hafandi grunað þeir munu í slíðar sínar ganga mega sem ekki vilja skrifliga frá sér leggja, en siga oss á prófastinum og mér í þessu vandamáli, hvört eg brást við að meðtaka skrifligt hér í Vatnsfirði svo þar uppá mætti andsvar séra Torfa forheyrast og síðan prestastefnudómur ágjörast, en það kom ekki fram né neitt eftirtakanligt

af þeirra hendi. Og með því ákærendurnir voru engir fyrir um þjónustubörfnunina, þó hún vera mætti, sýndist mér hvorki prófastinum né mér færiligt að gjöra okkur að *actoribus* þeirra vegna og dæma þó líka og sækja. Því get eg ekki lagadóm um þetta mál viðkomið þó gjarnan vildi hér mætti góð leiðrétting á verða, hvar um eg bið fróma sannsýna menn mig afsakaðan að hafa, því mér þykir nauðsynlegt að undirlag slíkra mála sé löglig og ástæðan föst fyrr en dóminum sé áskellt, en þekki nokkurneginn geðsmuni almúga þessa lands er gjarnan skrafar hvasst en stendur laust, ef áreynir, vil því ekki æru mína, embætti né dóma undir því eiga hvörsu þeir munu reynast sem hér um skrafa en vilja ekki neitt skilmerkiligt í skrifti og handskriftum eftirleggja.

Því skýt eg þessu vandamáli til næstkomandi prestastefnu á Þingvöllum *anno* 1651. Krefst þangað og beiðist skrifligrar og skjalligrar ákæru Kirkjubólskirkju sóknarmanna af þeim sem ákæra, handskriftaðrar, en af þeim hand-salaðrar er ekki sjálfir skrifa, ef hér skal nokkur alvarlig leiðrétting ágjörast og sé þetta meir en varaskrækur. Sömuleiðis óska eg og beiðist skrifligrar afbötunar séra Torfa á móti ef hann hefur það nokkuð, hvar fyrir hann ekki þykist skyldugur allar prestskyldur af að leggja í þessari nauðsyn sóknarinnar, svo langt sem þær hrökkva alfærum kennimanni til uppheldis, viljandi með Guðs hjálp þar og þá með helstu kennimanna ráði, jafnvel sjálfum höfuðsmanninum til umráða spurðum, slíkt úr ráða sem Guð gefur náð til, svo framt sem sóknarmennirnir skriflig skjöl frá sér gefa en ekki ella.

En á meðan hér gjörist ekki að bið eg séra Tumas Guðs vegna og safnaðarins stærstu nauðsynjum breyskra manneskja að gegna fyrir tilbæriligan jöfnuð af séra Torfa eftir þess fátæka kalls umkomulitlum efnum. Einnin bið og áminni séra Torfa að umgangast við séra Tumas vinsamlega og kærlega og svo hvorn við annan, og slá niður því öllu sem hingað til hefur mátt þeim milli falla, hvar til eg bið prófastinn til að hlutast. En alla þá þjónustu þyki mér séra Torfi gjöra mega í nauðsynjum meðan betri ráð fást ekki sem hann veit með góðri samvitsku sig réttlíga forstanda og getur votta viðhaft að réttlíga framið hafi. En um sérdeilis *casus* og veikar samvitskur þykir mér honum vandamikið án annars kennimanns aðstoðar. Önnur ráð hefi eg engin að þessu sinni en nú er skrifað, fyrst ekki var betur undirbúið af sókninni. Bið eg heiðarligan kennimann séra Jón Arason að láta þetta bréf birtast bæði fyrir séra Torfa og sóknarmönnum, svo hvor tveggju megi tímanlega sitt málefni samantaka og það skýrlega uppskrifað og handskriftað, svo það skilvíslega undir áðurskrifaða prestastefnu koma megi af beggja hendi. Hér með er eg oss alla góðum Guði bífalandi *amen*. Vatnsfirði úr *visitatiu anno* 1650 18. ágúst.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Þorleifur Jónsson meh

Jón Arason eh
Sigurður Árnason meh
Halldór Eiríksson mpp

Selárdal 28. ágúst 1650

Anno 1650 28. ágúst að Selárdal í Arnarfirði fyrst *visiteraður* söfnuðurinn er samankom eftir *ordinantiunni*. Yfirheyrð ein persóna er ei kunni grein á sinni kristilegri trú, hvorki í lestri né skilningi, að nafni Ingibjörg Þórðardóttir. Virtist mönnum um tvítugsaldur eður meir, því hún sjálf kunni þar ei grein á að gjöra. Hreppstjórar umbeðnir að reyna til hvort ei mætti leiðréttast, annars vísað prestinum séra Páli að frambæra hennar efni á þingi, með því hún fékk og að umgengninni stirðan vitnisburð.

Secundo. Forlíktar tvær konur, Þórdís Jónsdóttir og Guðríður Diðriksdóttir, um hvörjar sóknin bar rykti að langvaranlega deilur og agg hefði heyrt ala sín í milli. Lofuðu báðar kristilegri forlíkun, spekt og hógværð framvegis, með handsölum við biskupinn, og sættust þar uppá sín í millum í sóknarprestssins og safnaðarins viðurvist, en prestinum tilsagt vel að gæta, hvað trúlega héldist. Skyldi hann og ef fleiri væri viðriðnir við þessa óvild með sama hætti forlíka nú um sinn með þvílíkum fastmælum.

Tertio. Útvaldir þeir meðhjálparar eftir *forordningunni* af séra Páli Björnssyni með biskupsins samþykki, Jón Ívarsson, Narfi Jónsson, Lífjarn Hannesson, til styrktar þeirra úrræða er sama kóng *maystets forordning* ákveður. Skyldi það og koma til sýslumannsins samþykkis og þeir síðan fullmyndugir til þess embættis.

Lesinn, lýstur og staðfestur síðasti reikningur Selárdalskirkju eftir því sem hann var næst innskrifaður 1647 og það allt til í vörslu séra Páls Björnssonar er þá var til, eftir því sem þá var samið og gjört um gamalt og óbrúkanlegt *inventarium* kirkjunnar af Þorleifi Jónssyni skólameistara í Skálholti, Sigurði Árnasyni, Halldóri Eiríkssyni, Jóni Ívarssyni, Narfa Jónssyni, Lífjarni Hannessyni.

In primis einn blár hökull, fóðurlaus af raski, með ísaumuðum krossi gömlum, 5 aurum. Sjö permentsbækur, ein stór, sex smáar, ein pappírsbók, allar í hundrað, keypti Þorleifur Jónsson fyrir fjóra ríkisdali. Eina lestrabók á perment keypti Halldór Eiríksson 5 aurum. Þrjár smáar bækur og ein þýsk keypti Þorleifur Jónsson 5 aurum, en söngbók á perment keypti Þorleifur Jónsson 5 aurum. En permentsbók keypti Eiríkur Vigfússon fimmtán álnum.¹ Var allt nú í dölum afgreitt séra Páli Björnssyni þetta bókaverð, *summa* hálfur áttundi ríkisdalur.

Item voru virt búsgögn kirkjunnar smá og stór, tvö hundruð þrjátígi og tvær álnir. Amboð með tinkönnu fjörutíu og hálf fjórða alin. Skip með ólarfærum 2 hundruð og 15 aurar. Eldsgögn níutígi álnir. Slopp hefur séra Páll meðtekið er séra Halldór lofaði, en *portionis* reikning ekki framar en næst var

1 *fimmtán álnum*: strax á eftir er strikað yfir *borgaði strax*

skrifað. Tilsagt séra Páli að gangast eftir hjá erfingjum séra Halldórs frá þeirri *kvittantiu* er hann væntist, hvör enn er ekki framkomin. Séra Páll Björnsson gjörir svofelldan reikning síðan hann tók við hálfum 1645: fastagóts reiknaðist eitt hundrað hundraða, 30 og 2 hundruð. En lofar fyllilegum reikningi handskriftuðum eð fyrsta í Skálholt. Lagði séra Páll til kirkjunnar eitt altaris-klæði af hringofnu lérefsti blámerktu og altaris sparlök með lérefst af sama dúk, til samans í 10 aura. *Item* lofaði séra Páll Björnsson kirkjunni í Selárdal flugiels hökli af þrykktu flugieli grasgrænu með saumuðum krossi af gullvír og silfri, í þann máta, ef honum auðnaðist hér á staðnum burt að kallast skyldi kirkjan hökulinn eiga fyrir utan reikning. Annars væri það mál enn ótalað. Biblía kirkjunnar virt 1 hundrað.

Actum Selárdal í viðurvist frómra manna er sín nöfn hér undirskrifa, ár og dag *ut supra*.

Páll Björnsson meh
Sigurður Árnason meh
Eiríkur Vigfússon eh
Lífegjarn Hannesson meh

Þorleifur Jónsson meh
Halldór Eiríksson meh
Jón Ívarsson meh
Narfí Jónsson meh

Skarði á Skarðsströnd 25. ágúst 1671

Anno 1671 25. ágúst *visiteruð* Mariæ kirkja að Skarði á Skarðsströnd og fyrst aðspurður virðuglegur maður Eggert Björnsson, kóng *majestets* sýslumaður í Barðastrandarsýslu, hvort honum væri nokkuð í hans sýslu vitanlega tilfallið sem kennidóminn snerti og biskupinum bæri yfir að taka, hvað hann kvað sér ei vitanlegt vera, utan hvað viðvíkur aflausn Jóns Úlfssonar, hvör fyrir svagnar samviskur manna um galdramál og misgrun á honum var húðstrýktur eftir dómi á næst umliðna Öxarárþingi, en skal nú á sér merkja láta að hann vildi öngvu uppá sig játa, sem hann hafði og látið af sér heyra í refsingunni á alþingi að hann saklaus væri, hvörju ef hann áfram heldur þverúðarlega setur biskupinn atkvæði um hans friðheit til prófastsins heiðurlegs kennimanns séra Páls Björnssonar úrræða og ályktunar, þar bæði Jón Úlfsson og vottarnir sem svarið hafa eru fyrir hendi og málið er fallið og kunnugast er. Annað kvaðst velnefndur Eggert Björnsson ekkert hafa í þetta sinn fram að bera það kennidóminum viðkæmi.

Síðan voru upplesnar fjórar fyrirfarandi *visitatiur* kirkjunnar að Skarði á Skarðsströnd, sem innskrifaðar voru *anno* 1647, 1650, 1653 og 1656, og enn að nýju staðfestar í öllum sínum greinum og *articulis* svo sem í sérhvört sinn framkom. Það allt er til í vörslum og varðveitslu virðuglegs manns Eggerts Björnssonar sem þá var skrifað kirkjunni fylgjandi, bæði af því forna og nýja *inventario*, og öllu því sem hann og hans forfeður hafa tillagt, og það allt

forlíkt sem áður var skrifað úr *visitatiu* bók herra Gísla Jónssonar vanta, með þeim hlutum sem Eggert hefur þar fyrir sett og umfram *visitatiu* bókina finnst hér fyrir framan í þessa bók uppteiknað, svo ekkert uppábrestur að eigi sé til eða annað jafngott hjá Eggert, nema hvað fynast hefur mátt í skikkanlegri brúkun. *Portio* var reiknuð 1650 og reiknaðist kirkjan þá Eggert skyldug um 2½ hundrað og þrjá aura. Eru nú síðan til þessa liðin 21 ár, en samist hefur með biskupinum og Eggert Björnssyni að nýu aurar skyldu kirkjunni til besta árlega í *portionis* reikning falla að auk víns og baksturs. Reiknast það um næstu 21 ár 9 hundrað og 9 aurar. Þar af tekst áðurskrifuð kirkjunnar skuld 2½ hundrað 3 aurar. Verður þá eftir kirkjunnar *portio* 6 hundrað 16 aurar. Nú hefur Eggert Björnsson látið kirkjuna að nýju uppbyggja af góðum kostum og sterkum viðum, sex stafgólf þiljuð að öllu og loft yfir 2 fremri stafgólfum, þiljað og svo að framan og fjalatröppur upp að ganga. Lagt til hurð fyrir kirkjuna í tvennu lagi með járnum. Þessa bygging tjáir Eggert Björnsson sig svo mikið kostað hafa sökum bágra og langra flutninga, að hann þykist ekki í haldinn þó sér viðboðin væri 1 hundrað hundraða. Því þykist biskupinn ekki kunna kirkjuna þar í móti að mæta, ekki heldur svo mikið að virða. Því stendur kirkjan í stórri skuld við Eggert svo óvíst er hvort í hans tíð betalast. En hann um *portionem* meir en kvittur um sína tíð með því tilskildu að kirkjan og hennar *inventarium* sé velforvarað fyrir þeim spjöllum sem við má verja. En hvað kirkjan má skyldug verða fram yfir tíð Eggerts stendur til eftirkomandi reiknings í millum biskupsins og Eggerts eftirkomenda þeirra sem þá eiga við að mælast. Gömlu kirkjuviðirnir hafa metnir verið 2 hundrað 13 álnir. Gömlu biblíuna sem metin var fyrir 3½ dal má Eggert eignast og að sér taka uppá fyrirskrifaðan reikning, því soddan bækur eru prestsins en ei kirkjunnar *inventarium*, honum en eigi henni til góða.

Fór allt fyrirskrifað fram í viðurvist heiðurlegra manna er sín nöfn til vitnis hér undirskrifa sama stað, ár og dag sem fyrr greinir.

Halldór Jónsson eh
Ólafur Ásmundsson eh
Ólafur Gíslason eh
Egill Helgason mpp

Eggert Björnsson meh
Bjarni Einarsson eh
Páll Jónsson eh

Odda á Rangárvöllum 25. ágúst 1668

Anno 1668 25. ágústu *visiteruð* Nicolaskirkja að Odda. Aðspurður heiðurlegur kennimann séra Þorleifur Jónsson hvort ekki sérlegt væri í hans prófastsdæmi Rangárþingi tilfallið það sem biskupinum bæri til að hlutast og honum væri mögulegt í þessari umreið að leiðrétta, hvar til prófasturinn séra Þorleifur svaraði að það væri helst um Eirík Oddleifsson að Úlfssstöðum í

Eystri-Landeyjum og Krosskirkjusókn, hvör sig hafði trúlofað kvenpersónu og þrjár lýsingar afstaðnar, en annan dag hvítasunnu hafði hann óskað af sínum sóknarpresti séra Eiríki Þorsteinssyni sig við hana saman að vígja, en presturinn taldist undan í það sinn með því ekki var sunnudagur, óskandi umlíðingar til næstkomandi sunnudags. Síðan hafi Eiríkur þessa kvenpersónu opinberlega í kirkjunni fest og haft hana síðan heim til sín og að sögn með henni samrekktt. Stendur svo allt hingað til svo búið, að þau eru enn ei sam-anvígð svo menn viti. Þetta bar séra Þorleifur fram á Þingvöllum á presta-stefnu í sumar. Leist þá prestunum að Eiríkur tæki fyrir þessa dirfsku og hneykslissamlegt tiltæki opinbera aflausn, bæði fyrir þriðja og ef svo reynist sjötta boðorða brot. Þar við blífur biskupinn enn, að svo prófuðu, en veit ei prestanna skyldu undir veraldlegt straff að draga eða dæma.

Annað frambar prófasturinn um Merkur mál, að Guðný Ólafsdóttir þar vistföst hafði barn alið nærri fyrir árið eður meir og föður að lýst Hallvarð nokkurn, hvör nú er með eiði að lögum frágenginn, bæði verki og barni. Stendur svo að hún hefur öngvan annan barnsföður lýst síðan eiðurinn var unninn, en prófasturinn óskar biskupsins atkvæðis, hvörninn með hennar fríheit fara skuli meðan svo stendur, einkum þar systir hennar Guðrún Ólafsdóttir hafi fyrir sér tjáð að hún væri með öngruðu geði og sorgfullri samvisku í þessum hennar vandræðum. Svaraði biskupinn að hann vogaði ekki til að ráðast svo bráðlega stórnauðsynjalaust hana til opinberrar aflausnar að taka, heldur óskaði að prófasturinn vildi einhvörn tíma við hana tala og fyrir henni umtelja eftir því sem Guð honum kennir og hann sér hennar samvitskulagi varið vera.

Í annan máta óskaði biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson af heiðurlegum kennimanni séra Þorleifi Jónssyni síns vitnisburðar um allan þann tíma sem hann hefur til hans vitað, yngri og eldri, hvörn prófasturinn gaf biskupinum heiðurlegan og ærlegan í allan máta. Slíkt hið sama biskupinn prófastinum, þakkandi hvor öðrum fyrir góða og bróðurlega umgengni og náungasamlega aðstoð í embættinu, og svo því öðru sem þeirra persónu mætti til velvildar vera, befallandi svo hvor annan góðum Guði og orði hans náðar, til eilífrar velferðar í Jesú nafni, *amen*!

Í þriðja lagi voru upplesnar tvær fyrirfarandi *visitatiur* Oddakirkju og aftur yfirvegnar og samþykktar eftir því sem nú í seinna sinn skrifað var, því hin fyrri er skrifuð var í tíð séra Snæbjarnar Stefánssonar 1641 hefur í nokkrum pörtum með yfirvaldanna samþykki umbreyst eftir því í hinni seinni er skeði í tíð séra Þorleifs Jónssonar 1662 hér fyrir framan skrifuð finnst. Það er allt til í vörslu og varðveitslu séra Þorleifs Jónssonar sem þá var kirkjunni til eignar skrifað, bæði af honum meðtekið og líka tillagt, svo nú vantar ei á *visitatiu* bók herra Gísla Jónssonar að ei sé annaðhvort meðtekið eða forlíkt. Þar fyrir að því jafngóðu til skila höldnu er séra Þorleifur og hans erfingjar kvittir um eftirtal á því sem *visitatiu* bókin Oddakirkju eignar. *Portio ecclesiae* var næst

1662 3 hundruð 108 álnir, þar upp í hefur presturinn tillagt uppá kirkjuna tjórutunnu eina, tekin í 1 hundrað og 20 álnir. Stendur þá eftir af hinni fyrri *portione* 2 hundruð 88 álnir, en þessi sex ára *portio* er síðan hefur fallið til þessa stendur til reiknings það yfir hefur vín og bakstur kirkjunni til besta, til þarflegra nauðsynja, *actum ut supra* í viðurvist þeirra manna er sín nöfn hér undirskrifa.

*Portionis
restans*

Björn Jónsson eh
Guðmundur Gíslason meh

Þorleifur Jónsson meh
Ólafur Gíslason eh

Neðra-Hvoli 10. september 1668

Anno 1668 10. september *visiteruð sancti Mariæ et Olai* kirkja að Neðra-Hvoli í Hvolshrepp. Aðspurður presturinn séra Gísli Bárðarson að sinnar sóknar háttalagi í kristilegum eignum og bar sínum sóknarmönnum góðan og kristilegan vitnisburð, utan þeirri fátíðu manneskju Þorbjörgu Jónsdóttur í Skúmstaðasókn, hvör í langa tíma hefur sig haldið frá Guðs orði og öllum kristindómi, og þó áminnt verið hafi því að öngvu sinnt. Tilsagði biskupinn prestinum að taka skýra vitnisburði kunnugra og trúanlegra manna um hennar háttalag, með öllum kringumstæðum, einkum og sérdeilis hvort þeir hyggi henni það ósjálfrátt eður ekki, sem næst og glöggvast að verður komist, en ei að síður áminna hana að láta umbiðja að Guð vilji henni aftur snúa á réttan veg, senda svo vitnisburðina til Skálholts. Allt annað tjáði presturinn í sínum sóknnum líðanlegt að sínu viti.

Sömu leiðis bar erugöfugur sæmdarmann Þorlákur Arason prestinum góðan vitnisburð. *Item* báru biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni velnefndur Þorlákur Arason og séra Gísli Bárðarson heiðurlegan og ærlegan vitnisburð í allan máta fyrr og síðar, befallandi hann svo góðum Guði og orði hans náðar og svo hvörjir aðra með þakklæti fyrir góða og ærlega umgengni.

Síðan upplesnar Hvolskirkju *visitatiur* tvær sem innskrifaðar 1641 og 1662, með undirskriftum erlegra handskriftum. Það allt er til af fornu og nýju *inventario* innan og utan kirkju, kviku og dauðu, sem þar var í hvort sinn meðkennt, meðtekið og svo tillagt af Vigfúsa Gíslasyni og Katrínu Erlendsdóttur, nú í vörslum og varðveitslu virðulegs manns Jóns Vigfússonar eldra, hvör með staðarins eign hefur kirkjunnar fjárhald, svo að öllu því sem þau hafa tillagt, Vigfús og Katrín, við magt höldnu sýnist þessa kirkju ekki á *visitatiu* bók herra Gísla Jónssonar vanta, að ei sé með því fullkomlega forlíkt. *Portio* um tíð Vigfúsa Gíslasonar og Katrínar Erlendsdóttur öll niðurfallin fyrir kirkjubót þá sem Katrín hefur gjöra látið.

Óskaði biskupinn að presturinn héldi að barnalærdómsins lestri og skilningi, það framast mögulegt væri. Stendur svo allt nú sem fyrr er skrifað.

Fór allt fyrrskrifað fram að Stórolfshvoli í viðurvist erlegra manna er sín nöfn til vitnis hér undirskrifa.

Þorlákur Arason eh
Gísli Bárðarson eh
Þórður Bárðarson eh

Ólafur Gíslason eh
Björn Jónsson meh

Skeggjastöðum 4. ágúst 1657

NB *Ibidem postridie*. Bar séra Marteinn Jónsson fram að sá piltungur Ólafur Lafransson sem hjá honum var vistaður frá einmánuði um veturinn og fram á langt áliðið sumar hafi strokið frá sér á náttarþeli með leynd við sig fyrir utan allt orðlof, seðil og vitnisburð, en á meðan hann var, dyggðarlítill til þjónustu, hollustu, svörull og illorður. Meinar presturinn hann suður á land kominn, því hann sé þaðan ættaður, sonur Lafrans Gunnarssonar, hvað hann lætur biskupinn vita vegna hans friðheita, hvar sem sá drengur ílengist. Þetta er prestsins framburður um hann í þetta sinn, að vitni þeirra manna sem hér undirskrifa sín nöfn, Skeggjastöðum *ut supra*.

Árni Halldórsson eh
Gísli Sigurðsson eh
Sigurður Guðnason eh

Þorleifur Árnason mpp
Björn Stefánsson eh

Hofi í Vopnafirði 16. ágúst 1657

Anno 1657 16. ágúst að Hofi í Vopnafirði eftir *visitatiu* safnaðarins og kirkjuþjónustuna þar, þann 12. sunnudag eftir *trinitatis*, forlíktust þeir erlegu menn Þorgrímur Guðmundsson vegna sín og síns sonar Sigurðar Þorgrímssonar á eina síðu, en Jóhann Villemsson og hans son Villem Jóhannsson við þá báða á aðra, að fyrir þá misklíð sem þeirra hafði í millum fallið í drykkjuskap í Vopnafjarðarkaupstað þann 26. júlí að kvöldi dags, er skeð hafði ei án handatilkæpta eður álaga þeirra fedga við Þorgrím og son hans, fyrir utan nokkra sök sem þeir hefði nú frá að segja. Bað Jóhann Villemsson Þorgrím um forlát á því sem sér hefði þar úti mátt misvinnast við hann eður hans son Sigurð, en biskupinn vegna Villems Jóhannssonar bað Þorgrím um fyrirgefning á því sem hann hefði í þann tíma við hann misgjört og hans son Sigurð Þorgrímsson, hvað Þorgrímur nú hvorum í sinn stað eftirlét og fyrirgef bæði sinna og síns sonar vegna, Jóhanni fyrir sig en biskupinum vegna Vilhjálms með fullnaðarhandsölum, svo að öll þessi óeining og klamarí skyldi hér með dauð og magtarlaus í allan máta, svo sem aldrei tilfallið hefði, og þeir allir sín í milli

öngvu síður eftir en áður, heldur öllu heldur vinir og vel sáttnir, lofandi hvorir öðrum kristilegum kærleika og friðsamlegri umgengni bæði utan öls og innan það framast mögulegt er, og hvorugir aðra án löglegra orðsaka ýfa. Lofaði Þorgrímur að vera fyrir framan við sinn son Sigurð, því hann var nú ekki persónulega nálægur, að þetta allt af honum stætt og stöðugt haldast skyldi.

För þessi sátt og sáttmáli fram fyrir meðalgöngu biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar og prófastsins séra Vigfúsar Árnasonar í viðurvist frómra manna með fullnaðarhandsölum nefndra manna í milli. Vottar hér að séra Sigfús Tómasson, Hjalti Jónsson og Ólafur Jónsson, Páll Höskuldsson og Guðlaugur Guðmundsson, Árni Halldórsson og Gísli Sigurðsson, hvörjir allir ásamt Þorgrími Guðmundssyni sín og síns sonar vegna, Jóhann Villemssyni, Villem Jóhannssyni, settu sínar handskriftir hér undir til fullkomlegrar staðfestu uppá allt áðurskrifað er framfór sama stað, ár og dag sem fyrr greinir.

Jóhann Villemsson
Villum Jóhannsson eh
Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Sigfús Tómasson meh
Ólafur Jónsson eh
Páll Höskuldsson eh

Þorgrímur Guðmundsson eh
Vigfús Árnason eh
Hjalti Jónsson eh
Árni Halldórsson mpp
Gísli Sigurðsson meh
Gunnlaugur Guðmundsson meh

Kirkjubæ í Tungu 23. ágúst 1657

Heiðarlegum og erlegum mönnum séra Henrik Jónssyni að Eiðum og Þorleifi Eiríkssyni þess sama staðar hálfis eiganda og ábúanda, mínum elskulegum vinum, óska eg undirskrifaður náðar af Guði fyrir Jesúm Kristum.

Hér með ávísandi að með því eg merki sumartíðir vilja styttest og álíða, en mikið eftir af leiðinni, þá þykist eg verða nokkrar lykkjur og króka af að taka þó eg mér ásetta hér ytra báðum megin fljótsins að koma, hvörju eg nú fyrir mér sný tímans vegna, meinandi þessu megin upp eftir og svo fyrir fljótsbotn að ríða, þar fyrir ef svo má tilbera sem má ske heyrta hafi, að nokkur ágreining eður óeining hafi mátt ykkar á millum falla sú ekki sé öldungis klárt eður hreint úttöluð eður niðurstætt, þá vilda eg þið kæmuð báðir til Vallaness þegar þið vitið mig þar að kominn, en eg vona verða muni með herrans hjálpi um aðra helgi en nú er, lítt fyrri eður eftir sem ástænt, en eg kann ekki að ákvarða, heldur munu þið spurt fá ef eftirstundið. Vilda eg þið þá kæmuð með það allt vottað og bevísað sem ykkur ber í milli, svo það mætti þar þá skoðast og rannsakað að minnsta kosti, eða vildi svo tiltakast, lagfærast og niðurstættast ykkar í milli eða á einhvörn vissan veg snúast með Guðs ráði og góðra manna tillögum, en prestastefnu hefi eg ekki þar fyrir kunnað að setja hér uppá, af því að mál ykkar hefur ekki fyrir mér skjállega kært verið, né heldur prófastinum sem hann mér sagt hefur. Hér með er eg ykkur og alla oss góðum Guði trúlega

befalandi, bið hvorn ykkar sem bréfið fær hinum að birta það fyrsta, svo báðir viti sig í tíma hér um að hugsa. *Valete*. Að Kirkjubæ í Tungu 23. ágúst 1657.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh

Citatia kennimanna í Múlasýslu til prestastefnu á Egilstöðum á Völlum 1663 1. september

Heiðurligum vellærðum kennimönnum séra Vigfúsi Árnasyni prófasti í Múlaþingi og öðrum heiðurligum kennimönnum í Múlasýslu óskar undirskrifaður náðar af Guði fyrir Jesúm Kristum í fulltingi heilags anda, hér með yður heiðurligir menn elskuligir bræður ávísandi að eftir forlagi vors yfirvalds, einkum herr *excellents* herr Henrik Bjelkis vors virðugliga lénsheerra, er nauðsynligt að prestastefna sé haldin í þeim stöðum sem við má koma um þau stórnaudsynjaerindi sem þessu landi og andligri stétt hér í stígti viðvíkja, sem og það fleira sem í héraðinu má tilfallið hafa úrlausnar og aðkvæða vert. Þar fyrir bið eg yður alla og líka vel tilsegi saman að koma að Egilstöðum á Völlum til þessarar ásettrar prestastefnu þann 1. september, sem er þriðjudaginn næstan eftir 11. sunnudag *trinitatis*, til þeirra álita og úrræða sem Guð vill náð tilgefa að framkvæmd verði. Og með því hér liggur magt á að ei forsómist né undir höfuð leggist, þá sé öllum og sérhvörjum alvarliga befalað þetta erindi að rækja og öngva forsómun fyrir að taka, sem hvör vill fyrir yfirvaldinu síðar bikenndur verða. *Item* tilsegist þeim sem prestastefnumál hafa að kæra eða verja í nefndan stað og dag tímanliga að koma með sín skjöl og vitni til sökna og varna sem hæfir, vilji þeir úrgreiðslur á þeim fá svo þeir hafi ekki síðar meir uppá undandrátt og lagaleysi að kæra.

Bið eg heiðurligan kennimann séra Stefán Ólafsson að Vallanesi þessari *citatiu* sem fljótast suður í Breiðdal að koma, en séra Halldór Eiríksson suður í Berufjörð og Álftafjörð og Stöðvarfjörð. *Item* bið eg séra Stefán að koma öðru *exemplari* um Suðurfjörðu, Fáskrúðsfjörð, Reyðarfjörð og Norðfjörð. Séra Eirík Ólafsson að Kirkjubæ bið eg að koma einu *exemplari* um Norðurfjörðu, Borgarfjörð og Loðmundarfjörð og til Hjaltastaðar, hvað svo er meint að prestar í fjörðunum hjálpi hvör frá sér til síns nágranna svo að bréfin komist það fyrsta möguligt er um alla Múlasýslu, svo rúmliga að allir megi til nefndrar prestastefnu rúmliga komast. Hér treysti eg yður til og einkum umbið, framar þessu yður og oss alla Guði befallandi í Jesú nafni *amen*.

Skrifað að Hofi 1663 16. ágúst. Bið eg prestana að handskrifa þessi bréf með degi og *dato* nær hvör meðtekur. Yðar velviljaður allttíð.¹

Vigfús Árnason ehBrynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh

1 Yðar velviljaður allttíð: í handriti yyy vv at með hendi biskups

Hofi í Vopnafirði 3. ágúst 1669

Anno 1669 3. ágúst *visiteruð* allra heilagra kirkja að Hofi í Voknafirði og prófasturinn séra Vigfús Árnason aðspurður hvörninn framfæri bæði í sókninni og í hans prófastsdæmi. Kvaðst hann ei neitt sérlegt minnst sem hann þyrfti fram að bera utan tilfallið hórdómsmál í Héraði í Áskirkjusókn, Bjarna Steingrímssonar á Hafrafelli við Þórunni Hildibrandsdóttur. Hann maðurinn giftur en hún ógift, að reynist svo að þessi maður vilji ekki eða hafi viljað þá konu sér af hendi láta, þó hann af sínum sóknarpresti séra Einari Jónssyni þar um áminntur verið hafi. Virðist prófastinum athugavert hvörninn með skuli fara. En með því biskupinum sýndist málið sér nú ókunnugt, þar svo vífandi aðkemur, prófasturinn kveðst og ekki bréflega ávísun af prestinum fengið hafa hvörninn öllum þessum málsvexti með öllum sínum *circumstantiis* háttað sé, þá sýndist báðum ráðlegast að þetta tilfelli settist til prestastefnu sem haldast skyldi í Héraði að Egilstöðum í þessari biskupsins *visitatiu* reið með Guðs hjálp að forfallalausú mánudaginn næstan eftir ellefta sunnudag eftir *trinitatis*, sem er næstadaginn fyrir Bartholomei messudag, að þetta mál þá þangað með þeim öðrum sem í þessu héraði eru tilfallin og kennidóminum ber úr að greiða framkomi og til lykta leiðist, sem Guð gefur náð til.

Þó er áður ályktað um þvílík mál að sóknarpresturinn eftir sinni embættisskyldu áminni þvílíkar persónur trúlega til sannrar iðrunar og yfirdrep-skaparlausrar yfirbótar, en sú er réttar yfirbótar fyrsta trappa að skiljast við glæpi og öll tilefni sem þangað mega draga. Verði þar við aðgjört er vel, en sé það ekki eftir allar löglegar áminningar undangengnar og sannprófaðar, þá mun tilsegjast eiga sýsluvaldinu eftir kóng *maystets missives* bréfi útgefnu 1650 3. maí. En þetta og hvað annað sem tilfallið er prestastefnu vert setur biskupinn með prófastsins ráði og samþykki þangað í fyrirskrifaðan stað og dag.

Síðan voru upplestar Hofskirkju *visitatiur* sem gjörst hafa í biskupsins tíð 1641, 1645, 1648, 1651, 1654, 1657, 1660, 1663, og enn að nýju samþykktar og staðfestar í öllum sínum greinum og *articulis* sem þær hér framan í bókinni innskrifaðar finnast, hvör undir sínu *dato*. Það allt er til í vörslum og varðveitslu séra Vigfúsar Árnasonar, sem áður skrifað verið hefur, bæði af fornu *inventario* af honum meðteknu og því nýja af honum tillögðu, og kaupmanninum Bartholomeus Jenssyni gefinni málaðri brík yfir altari og altaris-klaði sem í næstu *visitatiu* var innskrifað. En þá gleymdist inn að skrifa, hvað nú leiðréttist, að hann hefur gefið Hofskirkju tvær sterkar og vænar látúns-pípur á altari steypar, vógu til samans báðar lakar fimmtán merkur og fylgja þær kirkjunni að auka hennar *inventarium*.

Fimm hundruð útlögð af prestinum fyrir ábyrgðar *inventarium* er áður innskrifað og skrifast enn, og presturinn um þau kvittur.

Portio reiknaðist næst *anno* 1663 kirkjunni til besta hjá prestinum 11 hundruð, 14 aurar og 4 álnir. Síðan um sex ár til þessa af fasteigninni fyrir utan Bustarfell og Torfastaði árlega 70 álnir, er um sex ár 3½ hundrað. Það samanlagt við fyrri skuldina gjörir nú *portionem* hjá prestinum 15 hundruð 40 og 4 álnir. En lausafjártúndir falla niður fyrir vín og bakstur.

NB hjálmur
2 hundruð

Hér í mót hefur prófasturinn séra Vigfús Árnason kirkjunni lagt þetta. Látið steypa, auka og forbetra gamlan kirkjunnar koparhjálmm, sem virtur hafði verið 5 aurar, en þessi nýi útfluttur með sex pípum, vóg 17 merkur, tekinn vegna kirkjunnar með samþykki séra Vigfúsar Árnasonar fyrir 2 hundruð.

Item hefur séra Vigfús látið endurbæta kirkjuna og forkirkjuna að Hofi, keypt til borð og viði marga, látið heim flytja og smíða, og reiknaðist sú *summa* fyrir utan fæðið 12 hundruð og tuttugu álnir. Fæði mannanna sem smíðað og tilbúið hafa kirkjuna reiknast til samans eins manns fæði í 20 og 2 vikur, 10 álnar hvörja viku, til saman 1 hundrað og tíutíu álnir. Reiknast kirkjubyggingar kostnaður prestsins allur til samans 14 hundruð, hjálmurinn að auk 2 hundruð, en kirkjan átti þar í 5 aura, svo hefur presturinn með honum tillagt 15 hundruð og 15 aura. Og reiknast nú kirkjan prestinum skyldug um 40 og 6 álnir og séra Vigfús Árnason hér með að öllu innskrifuðu *inventario* við makt höldnu og kirkjunni vel varðveittri fyrir handvömmum um allan *portionis* reikningsskap Hofskirkju fornan og nýjan hingað til áfallinn, sem og hans erfingjar kvittir og ákærulausir, hvar uppá biskupinn hafði við prófastinn séra Vigfús Árnason fullnaðarhandsöl.

Allt þetta áðurskrifað fór fram í heiðurlegra og ærlegra manna viðurvist, hvörjir ásamt biskupsins handsölum og eigin handskrift séra Vigfúsar Árnasonar settu sínar eigin handskriftir hér undir til fullkomlegrar staðfestu og vitnisburðar uppá allt áðurskrifað, sama stað, ár og dag sem áður greinir.

Tilsagt séra Vigfúsi Árnasyni með fyrsta til dóms og laga inn að kalla það Hofskirkju vantar uppá *visitatiu* bók herra Gísla Jónssonar, vilji hann ekki sjálfur fyrir þögn og forsömun svarandi verða. *Actum ut supra*.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh
Ólafur Jónsson eh
Þorsteinn Gunnarsson meh
Pétur Jónsson meh

Vigfús Árnason eh
Sigfús Vigfússon meh
Jón Ólafsson meh

Citatiu bréf prestunum í Múlapingi til prestastefnu að Egilstöðum á Völlum þann 23. ágúst 1669

Heiðurlegum kennimönnum, próföstum og prestum í Múlapingi, mínum elskulegum bræðrum í drottni, óska eg undirskrifaður náðar Guðs og góðrar farsældar í vorum herra Jesú Kristo *amen*. Hér með yður heiðurlegir kenni-

menn, elskulegir bræður í drottni, vinsamlega ávísandi, að þar eg nú fyrir náð drottins svo langt áleiðis leiddur er að eg hingað í Voknafjörð er kominn, þá uppá það að þessi mín reisa verði ekki aldeilis forgefins um þetta Múlaþing og Austfirðingafjórðung, þar ske má að eitt eða annað tilfallið sé sem kennidómsins ráða meðþurfi til leiðréttingar, vil eg mig þar öngvanveginn úti í hlé draga, svo mikið sem mínu embætti viðvíkur, eftir veiku megni, og þar fyrir hefi eg ásett, að herrans ráði, héraðsprestastefnu að halda að Egilstöðum á Völlum í Fljótsdalshéraði mánudaginn næstan eftir ellefta sunnudag *trinitatis*, sem er næsta daginn fyrir Bartholomei *apostoli*, þann 23. ágúst á þessu sumri 1669, með samþykki héraðsprófastsins heiðurlegs kennimanns séra Vigfúsar Árnasonar, til þeirrar fyrirgreiðslu og úrræða sem herrans náð vill gefa. Því bið eg yður alla, heiðurlegir kennimenn, prófastar og prestar í Múlaþingi, í nefndan stað og dag saman að koma og þar héraðsprestastefnu að halda um þau mál sem í héraðinu tilfallin eru og kennidóminum ber atkvæði á að leggja og þangað koma eða leggjast, og sérhvörn prest í sínum sóknnum til þessarar prestastefnu að segja, svo þeir sem nokkur andleg mál hafa viti sig þangað með þau að koma skjállega og löglega undirkomin til sókna og varna uppá þá úrlausn sem heilögum anda vill tilgefa. Bið eg sérhvörn kennimann þessu bréfi frá sér sem fyrst að koma og svo hvörn af öðrum viðstöðulaust, svo sem allra fljótast mætti um alla sýsluna komast, og handskrifti sérhvör prestur þá meðtekur og komi svo öll *exemplaria* til prestastefnu aftur. Hér með er eg yður elskulegir bræður náðinni drottins befallandi.

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh

Hofi í Vopnafirði 11. ágúst 1672

Anno 1672 11. ágúst *visiteruð omnium sanctorum* kirkja að Hofi í Vopnafirði. *Visiteraður* kirkjusöfnuðurinn og spurður eftir sóknarprestsins og *capellansins* kynningu í lærdómi og lifnaði, hvörn allir báðum þeim báru heiðurlegan og ærlegan í allan máta. Sömuleiðis prestarnir sókninni kristilegan og góðan. Kváðust hvorugir vita neitt í þessari sókn tilfallið vera stórvægilegt sem biskupinn þyrfti fyrir prestastefnu að halda, utan hvað viðvíkur uppheldi séra Guðbrands Jónssonar, hvör hér hefur þjónað séra Vigfúsi Árnasyni nokkur ár í veikleika sinnar kvinnu, dóttur séra Vigfúsar, Helgu, hvör hjón hennar foreldrar tóku hingað uppá foreldralegan kærleika í hennar veikleika norðan úr stifti frá föður hans séra Jóni Bersasyni að Saudanesi. Og forsorguðu þau hjá sér, en séra Guðbrandur þjónaði séra Vigfúsi svo sem í *capellans* þénustu á meðan með leyfi biskupsins, en nú tjáist séra Guðbrandur mjög sjóndapur og mjög heilsuveikur, svo séra Vigfús treystir honum ekki til framvegis nægilega í því þjónustuerfiði í sókninni að blífa, einkum á vetrardag og harðri veðráttu,

svo langa og erfiða veginn sem sækja er, sjáandi ei annað fyrir en að hann muni sjálfur þurfa annan *capellan* sér að kalla, elliveiki sinnar vegna og veikleika séra Guðbrands, þar ei má við svo búið lengur en til vetrar standa, en treystir sér ei til að annast bæði hann og þann sem kallaður verður. Hvar fyrir biskupinn setti það vandræði séra Guðbrands til kennidómsins ráða að næstkomandi prestasamfundum, hvar sem verður í Héraði í þessari umreið, með prófastsins og prestanna samþykki.

Síðan upplesnar og staðfestar 9 fyrirfarandi *visitatiur* allra heilagra kirkju að Hofi og þær samþykktar í öllum sínum greinum og *articulis*, sem skrifaðar og handskrifaðar voru *anno* 1641, 1645, 1648, 1651, 1654, 1657, 1660, 1663, 1669. Það allt til í vörslum og varðveitslu séra Vigfúsar Árnasonar bæði af fornu og nýju *inventario* af honum meðteknu og tillögðu sem þá hefur í sérhvört sinn skrifað verið. Hitt vantar enn sem áður vantaði úr *visitatiu* bók herra Gísla Jónssonar. Tilsagt enn séra Vigfúsi inn að kalla af erfingjum síns formanns eða segja til yfirvaldinu, sem *jus conferendi* hefur yfir staðnum, vilji hann annars um þögn og forsömun við kirkjuna afsakaður vera. *Portio ecclesiae* reiknaðist hjá séra Vigfúsi næst í þann máta að hann hafði til besta hjá kirkjunni ofgildið 46 álnir, síðan til þessa um þrjú ár af fastaeignum árlega 70 álnir fyrir utan Bustarfell og Torfastaði, reiknast um þrjú ár 1 hundrað 15 aurar. Þar af falla niður 46 álnir sem presturinn átti að kirkjunni næst, svo reiknast nú *portio* hjá séra Vigfúsi kirkjunni til besta 1 hundrað 44 álnir. Allt annað stendur sem fyrrskrifað er. *Actum* Hofi í Voknafirði. *Anno et die ut supra* í viðurvist erlegra manna er sín nöfn hér undirskrifa.

NB skuld
kirkjunnar
við prestinn
1 hundrað
44 álnir

Vigfús Árnason eh
Einar Einarsson eh
Ólafur Ásmundsson eh

Ólafur Gíslason eh
Bjarni Jónsson eh
Bjarni Einarsson mpp

Af Suður- og Vesturlandi 1652

In nomine domini

Anno 1652 11. ágúst *visiteruð* sóknin og kirkjan að Arnarbæli í Ölvesi. Kom fátt fólk í tíma þó boð fengi af séra Jóni Daðasyni kvöldinu fyrir og um morguninn snemma. Þeir eð komu gjörðu grein á sinni kristilegri trú. Var áminntur söfnuðurinn að iðka lestur barnalærdómsins, sérhvör húsbóndi í sínu húsi, svo að í venju mætti komast skilmerkileg grein lestrarins millum spurninga og andsvara, og þar um beðinn séra Jón Daðason þessu fram að fylgja. Upplesinn kirkjunnar máldagi hinn fyrsti er skrifaður var *anno* 1642 og hann svo aftur staðfestur sem þar var innskrifað. *Portio ecclesiae* stendur til reikningsskapar til bítalings klukkunnar sem fyrst var skrifað. Fór allt áðurskrifað fram í viðurvist frómra manna er sín nöfn hér undirskrifa. *Actum ut supra*.

Jón prestur Daðason meh
Halldór Jónsson eh
Helgi Grímsson eh

Álfur Gíslason eh
Jón Ólafsson meh
Halldór Jónsson meh

Óskaði séra Jón Daðason að biskupinn vildi tilhlutast að sú óeining og kæla NB
sem langa stund verið hefur í millum Jóns Jónssonar í Þorlákshöfn og Árna
Pálssonar leggjast niður, annaðhvort með réttum lagavegi eða kristilegri for-
líkun, án langs undandráttar, hvar til erlegir menn Álfur Gíslason og Halldór
Jónsson lögréttumenn, báðir búandi í Ölvesi, sögðu fulla þörf vera til að
hlutast, skyldi vel og hneykslislaut framfara í hreppnum og sóknunum.
Lofaði biskupinn svo til að sjá að þeir kölluðust báðir á hans fund og við að
leitast um kristilega forlíkun þeirra á milli það fyrsta hann fær því viðkomið
og aftur kemur úr þessari *visitatiu*. En takist það ekki sér hann ei annað ráð en
setja þeim vissan dag að deili sín málefni út að lögum. En takist það eigi, að
setja prestastefnu um þeirra fríheit. *Item* frambar séra Jón Daðason að óeining
væri nokkur í milli hjónanna á Hjalla, hvar á hann óskar einninn biskupsins
tilhlutunar að forlíkast mætti, því hann þykist þar á þreystast, og þessa þörf
báru einninn sömu lögréttumenn, Álfur Gíslason og Halldór Jónsson. Til vitnis
þeirra handskriftir *ut supra*.

Álfur Gíslason eh

Halldór Jónsson meh

Anno 1652 13. ágúst að Hjalla í Ölvesi *in visitatione ordinaria* var upplesinn
máldagi Hjallakirkju sem hann var samanskrifaður undir votta í fyrstu bisk-
upsins *visitatione anno* 1643 3. ágúst og engin greiðsla fyrirgjörð á því sem
þá þótti vant og tilsagt var kirkjuna vanta eftir máldögum. Enginn reikningur
heldur staðinn á *portione ecclesiae*, enginn svaramaður kirkjunnar vegna, né
neinn greiði í té látinn af eignarmannanna hendi, þó biskupinn nú enn undir
votta krefðist og beiddist löglegs svaramanns undir þessa *visitationem* til
löglegrar fyrirgreiðslu, bæði uppá reikning *portionis* og það *inventarium* sem
enn nú vantar kirkjuna uppá *visitatiu* bók herra Gísla Jónssonar og annan
tilbærilegan *visitatiu* greiða, en þar kom enginn fram sem þessu gegndi vegna
kirkjunnar fjárhaldsmanns, Eggerts Björnssonar, eða hans umboðsmanns,
Hákonar Gíslasonar, beggja forríkra, því leiguliðinn Ásgrímur Guðmundsson
tilsagði að hann ekki meðhefði reikning kirkjunnar nema taka hennar tíundir og
svara fullan reikningskap umboðsmanni Eggerts, fyrst Þorleifi Magnússyni og
þá Hákonu Gíslasyni, og sér ekki framar þar um bífalað utan fæða prestinn af
þremur kvíldum sem hann hefur hálfar leigur af þar fyrir. Því stendur enn nú
allt í sama máta og stóð *anno* 1646 og þá var innskrifað, greinalaut og hirðu-
laust, og því miður nú ennþá sem lengur er. Vill biskupinn afsakaður vera um
forsómun við kirkjuna síns embættis vegna, en ábyrgist eignarmanni eða
umboðsmanni það allt sem kirkjan má af bíða þessu hirðuleysi. Viljandi hennar

vegna fullan og allan aðgang að þeim eiga, bæði um *inventarium* sem hana vantar og *portionis* reikningsskap, frá seinustu biskupskvittun inn til þessa, auk þeirrar minnkunar sem honum þykir sér gjörð vera í greiðaleysi af þeirra hendi, hvörs vegna hann ferðast nú erindislaust frá þeirri kirkju, hvörju hann lýsir nú í frómra manna heyrn og náveru er sáú og vissu þetta nú svo vera.

Í sóknina var sent af biskupsins forlagi að sem flest sóknarfólk kæmi til kirkjunnar nú í dag um dagmálabil að yfirheyrast í sínum barnalærdómi eftir *ordinantiunni*, en komu alls tveir, þó biskupinn eftirbiði fram undir hádegi. Því varð ekki heldur af sóknarinnar *visitatiu*, hvað þeim sé ábyrgt er forsómuðu, en biskupinn vill þar um og einnin afsakaður vera sem tilsegja lét og eftirbeðið hefur.

Til sannindavitnis uppá allt áðurskrifað eru handskriftuð nöfn undirskrifaðra manna. *Actum Hjalla ut supra.*

Helgi Grímsson eh
Árni Halldórsson mpp
Þorlákur Arviðsson eh

Halldór Jónsson eh
Ásgrímur Guðmundsson meh

Eftir fyrrskrifaðan tíma komu nokkrir fleiri af söfnuðinum og voru yfirheyrðir í sínum kristilegum lærdómi. Reyndist í meðallagi að kunnáttunni en sýndi þó á sér guðhræðslumerki við áminninguna. Sóknin gaf prestinum góðan vitnisburð uppá hans embætti og umgengni. *Item* voru í sama stað áminnt hjónin á Hjalla til hjónalegs kristilegs kærleika, að undirslá allri kælu og varast tilefni til allrar sturlunar hvort við annað, með bægi og viðsjá á því öllu sem til óeiningar mætti þeirra á milli horfa, hvörju þau hvort í sinn stað með handsölum innbyrðis lofuðu, það framast þeim mögulegt væri. Og með því hvorugt gaf öðru neinar sérdeilis sakir forlíktust þau með handsölum sín í milli í biskupsins og sóknarprestsins séra Jóns Daðasonar viðurvist, lofandi sína fyrstu trú að minnast og hvort við annað kristilega að búa það frekast mögulegt væri. Hér undirskrifa þeir eð við voru, biskupinn og séra Jón Daðason. *Actum Hjalla ut supra.*

Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh

Jón prestur Daðason meh

Anno 1652 þann 21. ágúst *visiteruð* sóknin og söfnuðurinn að Seltjarnarnesi og yfirheyrður og áminntur. Komu fáir, en þeir nokkrir hvörjir sem komu lítt að sér, sérdeilis í skilmerkilegum lestri. Tóku þó flestallir áminningunni góðfúslega. Prestinum séra Stefáni tilsagt að gjöra áminning þeim sem eigi komu og boðin fengu, látandi þá vita þar útí sína eigin þörf, yfirvaldsins befalling og það straff sem viðliggur ef forsmán fylgir. En hinum fáfróðu innilega umsjón að veita það mögulegt er til leiðréttingar. Bar söfnuðurinn prestinum góðan og heiðarlegan og presturinn söfnuðinum meinlausan vitnisburð, nema

svo mikið sem þessu fáfræði sem nú framkom viðvíkur. Og það annað sem presturinn eftir á sér í lægi biskupinum undirvísaði að nokkrir væri þeir sem ekki vildu vitja kirkjunnar þeim tímum sem prestinum bæri á öðrum kirkjum að embætta og lesið væri á heimakirkjunni, þó nálægir séu og prestur hafi þá áminnt Guðs orða lestri að hlýða. Tilsagði biskupinn nú prestinum að gjöra þeim alvarlega áminning enn eitt sinn, en vildi þá ekki leiðréttast skyldi hann þeirra nöfn sérhvörs uppteikna og það registur senda í Skálholt. Annað kom ekki fram í þessari *visitatiu*.

Upplesinn kirkjunnar máldagi og *visitatiur* sem skrifað var 1642 og 1646, og það allt til í varðveitslu séra Stefáns Hallkelssonar sem þá var í sérhvört sinn í kirkjunnar eign skrifað og stendur svo allt með sama slag sem þá var innskrifað og handskrifað, nema til hafa lagst síðan tvær tinpípur er tillagði Eggert Eggertsson og Marteinn Pétursson, vega báðar saman 14 merkur. Fór allt fyrrskrifað fram að Nesi í viðurvist frómra manna sem sín nöfn hér undirskrifa. *Actum ut supra*.

Pípur tillagðar

Stefán Hallkelsson prestur meh

Halldór Jónsson eh

Þorlákur Arviðsson eh

Anno 1652 22. ágúst *visiteruð* sóknin og söfnuðurinn að Gufunesi og yfirheyrður í sínum kristilegum barnalærdómi og reyndist í meðallagi í lestrinum en tók vel áminningunni. Tilsagt prestinum séra Einari Ólafssyni að áminna fólkið að ei forðaðist *visitatiurnar* og að venja fólkið greinilega við að lesa *catechismum* eftir spurningum og andsvörum. Presturinn bar söfnuðinum meinlausan og söfnuðurinn prestinum góðan vitnisburð. Upplesinn kirkjunnar máldagi sem innskrifaður var anno 1642 og það eina til sem þá var innskrifað, framar ekki. Tilsagt enn hið sama að kalla til dóms og laga það ávantar eftir *visitatiu* bókinni. Fór allt fyrrskrifað fram í viðurvist frómra manna sem sín nöfn til vitnisburðar hér undirsetja. *Actum ut supra*.

Einar Ólafsson prestur meh
Þorlákur Arviðsson eh

Halldór Jónsson eh
Árni Halldórsson eh

Anno 1652 23. ágúst að Brautarholti á Kjalarnesi bauð biskupinn *magister* Brynjólfur Sveinsson sig til að *visitera* sóknina að Brautarholti eftir *ordinantiunni*, lýsandi því sínu erindi kvöldinu fyrir og óskaði af kirkjubóndanum Hákonu Bjarnasyni og sóknarprestinum séra Jóni Oddssyni að sent væri í sóknina tímanlega svo að hún hér að kirkjunni samankomin væri að dagmálum. Hafði og sent verið á báðar hendur tímanlega þennan morgun, en nú sem komið var fram undir hádegi voru ekki til kirkjunnar komnir nema þessar persónur, Árni Pálsson og hans dóttir hin yngsta Kristín. *Item* piltur frá Esju-

bergi, Tumas Sveinsson, Katrín Bjarnadóttir og þaðan, Ingibjörg Ívarsdóttir frá Móum. Og með því söfnuðurinn með sinni forsömun hindraði þá þjónustugjörð vill biskupinn að Guð og yfirvaldið og einninn söfnuðinn afsakaður vera. En tilsegir prestinum séra Jóni Oddssyni opinberlega áminning að gjöra hér í söfnuðinum um þetta og annað Guðs orða foragt og hirðuleysi á sinni eigin sáluhjálp, röksamlega og alvarlega út af Guðs orði. Og finnst þá nokkrir sem illa umsvara tilsegist að láta uppteikna þeirra orð og andsvar undir votta og senda handskrifað í Skálholt til herra yfirvalds úrskurðar. Áminningin sé uppskrifuð og send í Skálholt og sé þeim trátsugu haldið frá *sacramentinu* til frekari skýrslu, en þeim heimugleg aflausn veitt sem vel undir taka og lofa betrun.

Presturinn var aðspurður hvort nokkuð sérlegt væri í sókninni sem framar þyrfti við biskupsins tilhlutunar, hvörju presturinn neitaði sér vitanlegt vera utan almennilegt, utan hvað viðviki ágreining milli Árna Pálssonar og Sveins Sveinssonar um sauðarmál og kveðling þar út af, að Sveini hafi eiður dæmdur verið og fallist. Tilsagt og einninn prestinum að *visitera* sóknina og yfirheyra grandvarlega söfnuðinn í barnalærdóminum. En um málið mannanna sem fyrrskrifað er óskar biskupinn að sýslumaðurinn láti sem fyrst til endingar úttalast. Áminntir þeir fáeinir sem komu til Guðs ótta og kristilegs lifnaðar.

Item voru upplesnar þær fyrri biskupsins *visitatior* 1642, 1646, 1649 og staðfestar í sínum greinum og *articulis* sem þá var sérhvör innskrifuð og handskrifuð. Eftir áðurskrifaðan tíma komu nokkrir af söfnuðinum, lásu sinn *catechismum* og meðtóku biskupsins áminning góðlátlega. Fór allt áðurskrifað fram í viðurvist frómra manna er sín nöfn hér undirskrifa. *Actum ut supra*.

Jón Oddsson prestur meh
Halldór Jónsson eh

Hákon Bjarnason meh
Helgi Grímsson eh

Anno 1652 27. ágúst. Þeir fáir sem komu af söfnuðinum yfirheyrdir í barnalærdóminum og reyndist vel, bæði viðurkenningunni lærdómsins og meðkenningu áminningarinnar, sem voru þessir, Sigurður Guðmundsson, Þorvaldur Rafnsson og hans sonur Sigurður, Narfi og Guðmundur Ólafssynir. En eftir lesturinn seint í áminningunni kom Nikulás Illugason. Fleiri komu ekki þó tilsagt væri að safnast að sóknarkirkjunni um dagmálabil í dag. Því tilsegir biskupinn prestinum séra Hallgrími Péturssyni að gjöra þar um opinberlega áminning í söfnuðinum að fólkið hér eftir gegni *visitatiumum* þegar því verður tilsagt og í þann tíma sem því tilsagt verður. Nálægir menn báru prestinum og presturinn sókninni góðan vitnisburð, svo meðkennt var á báðar síður að ekkert sérlegt misferli væri í sókninni sér vitanlega tilfallið. Fór allt fyrrskrifað fram að Saurbæ við Hvalfjarðarströnd í viðurvist frómra manna sem sín nöfn hér undirskrifa.

Einninn tilsagt prestinum að ef nokkrir eru sem illa eður af skætingi

umsvara í söfnuðinum fyrrskrifaðri áminningu að hann þeirra nöfn og svör skriflega við votta upptaki og sendi í Skálholt. Annað kom ekki fram í sóknarinnar *visitatiu* um sinn.

Upplesinn Saurbæjarkirkju máldægi sem hann var innskrifaður 1644 15. ágúst og samanborinn við skriflega meðtöku séra Hallgríms Péturssonar eftir séra Ólaf Böðvarsson, og ber það saman sem það var innskrifað að til væri, nema nokkrir smámunir sem eru tvö met, undirhluti af glóðarkeri og í staðinn annars koparshjálmis er komin látúnsþípa. Annað stendur nú í varðveislunni séra Hallgríms sem þá var innskrifað, en það vantar sem þá var skrifað að vantaði og ekki aðgjört svo menn viti af séra Ólafi eftir fyrrskrifaðri skipun biskupsins til dóms og laga að kalla það á *visitatiu* bókinda vantar, því hvorki er það komið né liggur dómur á kirkjunni um það sem vantar á neinn hátt. Því tilsegist nú séra Hallgrími það til dóms og laga við erfingja séra Ólafs að áhræra, vitandi ei betur en þeim beri svörum að halda fyrir síns föðurs forsömun síðan honum var tilsagt inn að kalla, því hann heldur ótilbærilegt að kirkjan missi sitt fyrir forsömunar eða líðunar sakir þess er af henni uppheldi hefur, en framar vill öðrum þóknast en henni, utan séra Hallgrímur vilji sjálfur fyrir þá umlíðun eður forsömun kirkjunni svara. Sama er og um reikning kirkjunnar að hann vill hann af erfingjum heimta til réttis reikningsskapar. En *portio* síðan séra Hallgrímur meðtók stendur til reikningsskapar til lengri tíma og nokkru nemur. Fór allt áður skrifað fram að vitni fróðra manna er sín nöfn hér undirskrifa. *Actum ut supra*.

Vantar

Hannes Björnsson eh
Þorlákur Eiríksson eh

Hallgrímur Pétursson prestur eh
Árni Halldórsson eh

Anno 1652 þann 31. ágúst átti sóknin saman að kallast til yfirheyrslu í lærdóminum og áminnast til kristilegra hluta, en kom ekki að öndverðum miðjum aftni þó tilsagt væri að miðmunda. Sveinn Árnason alleinasta kom og Bjarni Jónsson í Hamrakoti. Tilsagt prestinum séra Auðuni Jónssyni með hógvæð að láta síðan betrast í því líkum efnum að fólkið láti sig viljugt finna að koma í *visitatiu* biskupanna til sóknarkirkjunnar, því það á að vera hið helsta biskupanna embætti viðurkenning safnaðanna að heyra, til iðranar og guðhræðslu að áminna, kennimannlega blessan yfir söfnuðinn að leggja, vitnisburðinn prestsins af sókninni og sóknarinnar af prestinum að taka, innfallandi tilfelli er nokkur eru að meðtaka og leiðrétta, síðan einnir kirknanna viðhald að skoða, hvað presturinn séra Auðun skal í áminningunni söfnuðinum ávísa, en þetta þraut nú hér að sinni því söfnuðurinn kom nú eigi saman.

Auglýstur og upplesinn Hvanneyrarkirkju máldægi sem hann skrifaður var anno 1642. Það allt til í vörslum Páls Gíslasonar sem þá var kirkjunni til eignar tilskrifað, en það ekki innkallað sem vantaði á *visitatiu* bókinda. Tilsagt Páli Gíslasyni enn nú til dóms og laga að kalla það ávantar af *inventario* kirkjunnar.

Skírnar-
mundlaug

ar úr *visitatiu* bók herra Gísla Jónssonar, nema hann vilji sjálfur í fullu svari við kirkjuna standa. Á hann við sinn sala en þeir við sinn þar til kemur að þeirri tíð sem *visitatian* var skrifuð. Síðan hefur Páll til kirkjunnar lagt til reikningsskapar væna skírnarmunnlaug af messing nýja, kostaði hálfan annan ríxdal. Allt annað sem fyrr var skrifað. Fór þetta fyrrskrifað fram að Hvanneyri í viðurvist þeirra frómra manna er sín nöfn til vitnisburðar hér undirskrifa. *Actum ut supra.*

Séra Auðun Jónsson meh
Þorlákur Eiríksson meh

Páll Gíslason eh
Halldór Jónsson eh
Hannes Björnsson eh

Kirkjunni
sett

Anno 1652 6. september upplesinn og auglýstur Akrakirkju máldægi sem hann varð innskrifaður *anno* 1642 eftir Vilkinsmáldaga og *visitatiu* bók herra Gísla Jónssonar og tilsögn leiguliða í fráveru forsvarsmanna kirkjunnar. Meðkennir Finnur Sigurðsson eignarmaður staðarins að fasteign og ítök kirkjunnar haldist sem fyrr hafa skrifuð verið, sem og sóknarbærir. *Item* lofar hann nú biskupinum með handsölum að kirkjan skuli eignast allt það lausafé sem *visitatiu* bók herra Gísla Jónssonar inniheldur, *dateruð* 1574, sem er 11 kúgildi og fjögur hundruð þar til. *Item* setur hann nú kirkjunni fyrir það gamla *inventarium* sem úrgengið var fyrir hans tíð, einn dúk ofinn af bláum og rauðgulum tvinna til hökuls og grófgrænn til undirfóðurs. *Item* silkiborða í kringum hökulinn og krossefni svo hökullinn verði alfær. *Item* léreft til slopps svo hann og alfær verði. Svo eru með þeim gömlu til kirkjunnar komin tvenn messuklæði alfær. *Item* hefur hann tillagt hvítan silfurkaleik með patínu, vegur 7 ríxdali og 1 ort nýr. Tvær tinkertapípur nýjar vega til samans á bismaran hálfu tíundu mörk, hengipípu af látúni, altarisklæði með blárent léreft og brún þar til af indíanskú. Fjórar klukkur eru til smáar, lofar Finnur að láta umsteypa svo tvær vænar verði. *Item* lofar hann kórbjöllu og altarisklæði öðru. Glóðarker af kopar er tillagt af Finni fyrir hitt gamla. *Item* lofar Finnur forlíkun kirkjunni fyrir tvo koparhjálma, en tekur að sér brotin, og fyrir vond tjöld og bækur eftir gamalli vísu létтар og góðar. *Item* enn fyrir slopp og munnlaug, og að því tillögðu er uppfyllt registur *visitatiu* bókarinnar og Finnur Sigurðsson fyrir þetta kirkjunnar *inventarium* með þakklæti kvittur. Kirkjan í sjálfri sér sterk og nýuppgjörð af Finni Sigurðssyni, 6 stafgólf með nýrri súð, standþil bak og fyrir, hurð á járnum með læsing og góðri skrá, tveir glergluggar. Lofar hann að gjöra kirkjuna alferðuga með þil og hvað annað er óbúið með altari og predikunarstól af góðum kostum. *Item* hefur hann lagt til kirkjunnar skriðbyttu, og að öllu þessu fullgjörðu sem skrifað er skal Finnur Sigurðsson um allan *portions* reikning hingað til dags fyrir sig og sína forfeður kvittur og ákærlaus. Fór allt áður skrifað fram að Ökrum í viðurvist frómra manna sem sín nöfn til vitnisburðar hér undirskrifa. *Actum ut supra.*

Inventarium
kvitt

Portio kvitt

Finnur Sigurðsson mín eigin handskrift
Árni Halldórsson mpp

Halldór Jónsson eh
Hannes Björnsson eh
Þorlákur Eiríksson eh

Sama stað og dag eftir það biskupinn hafði óskað af Finni Sigurðssyni að senda boð í sóknina að hún að þessari kirkju saman kæmi nú í kvöld til að gjöra grein á sinni kristilegri trú og taka áminning til kristilegrar iðranar og guðlegs lifnaðar ástundunar með kennimannlegri blessan af biskupinum, svo sem í nokkrum öðrum söfnuðum skeð hefur, hvörs vegna biskupinn beið hér á Ökrum þennan dag til enda. En sem nú virtist miður aftan kominn voru hingað ekki aðrir komnir en Kári Eiríksson og Einar Jónsson, hvörjir áður voru fyrir þá biskupinn kom, því að tjáist að karlmannafólkið sé heiman riðið í réttir, svo þar fyrir varð ekki af þessari þjónustugjörð. Tilsagt sóknarprestinum séra Jóni Brandssyni bæði að halda uppi skilmerkilegum lestri og skilningi *catechismi* í sínum sóknnum eftir greinarmun spurninga og andsvara, og þar að auki að undirvísa fólkinu að forðast ekki *visitatiu* biskupanna þegar tilsagt verður að sóknarfólkið til kirkjunnar komi, hvort sem er sýknt eður heilagt, svo sem nú tekur allvíða til að ganga að nær því forgefins er það ómak í landinu, því biskupinn tilsegir að ef hér verður ei aðgjört þá muni hann tilneyðast það hirðuleysi fyrir háyfirvaldi að klaga, hvað hann vill þó ei fyrr en í seinasta máta sínum landsmönnum til óhróðurs gjöra. Vonandi hér muni leiðrétting með hægra móti ágjörast.

Sóknarpresturinn gaf söfnuðinum og sérdeilis kirkjunnar forsvarsmanni að Ökrum, Finni Sigurðssyni, góðan og loflegan vitnisburð, og nærverandi sóknarmenn og þar til Bjarni Tyrfingsson úr Krossholtssókn prestinum heiðarlegan í lærdómi, lifnaði og sérlegri ástundan embættisins. Fór allt fyrrskrifað fram að Ökrum í frómra manna viðurvist sem sín nöfn til vitnisburðar hér undirskrifa. *Actum die et loco ut supra.*

Finnur Sigurðsson mín eigin handskrift
Einar Jónsson meh
Halldór Jónsson eh
Hannes Björnsson eh
Árni Ólafsson meh

Þorlákur Eiríksson
Jón Brandsson meh
Kári Eiríksson meh
Bjarni Tyrfingsson meh

Anno 1652 9. september *visiteraður* söfnuðurinn að Staðarstað á Ölduhrygg. Þeir fáir af mörgum sem komu, er prestinum og samankomnum sóknarmönnum virtist ei meir en áttundi partur eður minna, sérdeilis af kvenfólki og ungmönnum er allfátt komu, þó presturinn séra Björn Snæbjarnarson kvöldinu fyrir sendi fjóra sína heimilismenn í fjórar álfur sóknarinnar, tilsegjandi fólkinu hér í dag að kirkjunni komnu að vera hið síðast jafnnærri báðu hádegi og dagmála. Þeir sem komu reyndust í viðurkenningu barnalærdómsins sumir

í góðu lægi uppá kunnáttu lestursins, sumir nokkuð miður, en þó allir meðtóku góðmannlega kristilega áminning biskupsins. Presturinn bar söfnuðinum stórhneykslalausán en söfnuðurinn prestinum góðan og heiðarlegan vitnisburð. Voru svo hvorir tveggja af biskupinum með bæn og blessan herrans náð bifalaðir.

NB Sá *casus* um foreldranna hindrun að Krossum er ei vilja samþykkja gifting sonar síns við þá persónu sem hann eiga vill, en hafa þó öngvar sérlegar orðsakir í ljós látið, stendur til viðræðu við prófastinn. Þó var þeim öllum tilsagt hingað til Staðar í kvöld að koma fyrir biskupinn fyrr en hann héðan riði, svo hann forheyrja mætti hvað sérhvorir fyrir sér hafa, en fyrirboðið að þau til samans haldi eða haldin séu þar til ræðst á annan hvorn veg um þeirra hjónaband, og þetta allt í heyrn og viðurvist safnaðarins.

Upplesinn og auglýstur máldægi Staðarkirkju á Ölduhrygg sem hann innskrifaður var 1642 og enn aftur staðfestur 1646. Stendur nú svo allt í vörslum séra Björns Snæbjarnarsonar sem hann meðtók og af honum og vottum handskrifað var 1649, hvör meðtaka nú var og einninn upplesin. Vanta 2 hundruð í köplum á *visitatiu* bók herra Gísla Jónssonar, eftir hvörri saligi séra Guðmundur Einarsson hefur lofað út að svara. Því tilsegist séra Birni inn að kalla það sem hér útf eða annars vanta má á fyrrskrifaða *visitatiu* bók eftir samanburði hennar við afhendingu erfingja saliga séra Guðmundar, svo eftir henni allur sá reikningur klarerist, því séra Guðmundur hefur undirbundist eftir þeirri *visitatiu* bók út að svara sem hans eigin handskrift og vottanna útvísar 1646 í biskupsins *visitatiu* bók. *Item* vantar reikningskap *portionis* um tíð séra Guðmundar, hvað kirkjan hefur þar fyrir uppborið þegar afreiknað er nauðsynlegt vín og bakstur. Þann *portionis* reikning vill biskupinn kirkjunnar vegna af erfingjunum útheimta láta sem hann séra Guðmundi saliga áður hefur tilsagt við að búast og handskriftir góðra manna útvísa að hann ekki mótmælt hefur. *Item* vantar það er séra Guðmundur saligi lofaði *anno* 1642 að láta landamerki staðarins og staðarins jarða eftir eignar eður hefðar vitnum komast í Skálholt. Þeirrar fyrirgreiðslu óskar og einninn biskupinn af erfingjum séra Guðmundar.

Fór allt fyrrskrifað fram að Staðarstað í viðurvist frómra manna sem sín nöfn til vitnisburðar hér undirsetja. *Actum ut supra*.

Björn Snæbjörnsson meh
Árni Halldórsson mpp
Jón Sigurðsson meh

Halldór Jónsson eh
Hannes Björnsson eh
Þorlákur Eiríksson eh

Íslensk þýðing á boðunarbréfi biskups 29. júní 1660

Virðulegum og hæstvirtum kennimönnum og prestum Skálholtsstiftis, elskulegum bræðrum í Kristi, sem og deiluaðilum, hverra deilur varða kristinrétt og viðkoma þessari ásettu prestastefnu undir dóm, samkvæmt almennu boði eða til sátta, heilsa ég öllum. Ég leita auðmjúklega ásjár þess sannleiksanda sem í ræðum og góðum verkum dæmir og skipar oss að vera í forsæti fyrir vorri tilætlaðri prestastefnu, og bið yður af heilum hug, heiðvirðu menn, elskulegu kennimenn og presta stiftisins, samstarfsmenn og bræður í Kristi, um að koma til Þingvallakirkju á þessum fæðingardegi fyrstu postula og píslarvotta Rómar síðdegis þá hringt er lögþingisklukku í sjöunda sinn. Einnig bið ég yður um að meta þau mál sem leysa skal eftir kirkjurétti í góðri trú og dæma huglátlega af hófsemi, varkárni og réttlæti eftir því sem hægt er, en með slíkum hætti hæfir prestum að vera öðrum fordæmi. Þá bið ég yður *etc.*, sem eiga mál að sækja eða verja, sem skulu af þessari prestastefnu metast og dæmast, að vera viðstaddir á téðum stað og stund með vitnisburði og önnur trúverðug gögn, og flytjið hér mál yðar af guðrækni og hógværd, og væntið úrlausnar sem heilagur andi vill tilgefa. Friður Guðs, sem sigrar alla skynsemi, varðveiti hjörtu og skilning vorn í Jesú Kristi herra vorum *amen*. Þingvallakirkju 29. júní. Yðar einlægur af heilum hug, Brynjólfur Sveinsson.³

Copia af opnu bréfi biskupsins sáluga magisters Brynjólfs Sveinssonar til útróðrarmanna í Þorlákshöfn

Heilsan í Guði frómir menn er útróa í Þorlákshöfn með góðum óskum. Læt yður kunnugt að mér er til eyrna komið að sumir hvörjir af yður vilji ei gjalda prestinum þann fisk sem honum dæmdur var fyrir sína prestlega embættisgjörð þar um vertíðartímann, sláandi því til að yðar húsbændur hafi yður það ei bifalað, hvörs vegna prestinum mikið fyrir þykir sig þangað að ómaka, hvar til eg veit hann ei skyldugan fyrir ekkert. Þar fyrir býð eg yður og befala einum og sérhvörjum sem þar í Þorlákshöfn útrær til sjóar, hvort heldur þeir eru annra menn eða sjálfs síns, prestinum séra Jóni Daðasyni, hvör um þennan vertíðartíma yðar réttur sóknarprestur er, að greiða og gjalda einn gildan fisk þjónustugjörðinni til uppheldis. *Item* kirkjunni þar annan, svo hún megi við magt haldast og uppbyggjast eftir hentugleikum, eftir því sem dómur gjörður þar um hljóðar, annars mun eg yður bifala sóknarkirkjuna Hjalla að sækja og jafnvel tiltala láta, sem þeim er dóma ei halda vilja. Vonandi þér munuð nú

1 Sjá hér á bls. 231.

Þessa báða fiska greiðuglega gjalda, Guðs orði og embættisgjörðinni til við-
halds og uppbyggingar. Hér með yður góðum Guði befallandi, Skálholti 1649
þann 5. febrúar, (undirskrifað nafn) Brynjólfur Sveinsson Ragnheiðarson eh.

Til Hendrik Bielke

Kónsbréf um
þá sem ei vilja
gjöra að
áminningum
presta

Vi Frederik den tredje med Guds nåde Danmarks, Norges, Vendes og Gottes
konung og synderlig gunst tilforne. Efter som Vi kommer udi nådigst forfaring
at en del forhædede og hårdnakkede mennesker på vort land Island sig ufor-
svarligen skal underslå lidet eller intet agte om præsternes påmindelse og
kirkens disciplin, da efterdi sådan foragt billigen høyt bør at straffes bede Vi
eder og nådigst ville at sysselmændene sammesteds på Vore vegne alvorligen
tilholdes at de sådanne ugudelige mennesker som her udinden skyldige
befindes andre til afsky tilbørligen straffe. Der med ske Vor vilje, befalendes
eder Gud. Skrevet på Vort slot København den 3. maj *anno* 1650. Under vort
signet, Frederik.

Þetta er rétt *kopium* af þeirri útskrift þessa Friðriks þriðja bréfs sem skrifuð
er í bók Torfa Erlendssonar, handskriftuð af þremur vottum, meðkennum vér
undirskrifaðir.

Ólafur Gíslason meh

Jón Gíslason meh

Afskrift af kónsbréfi um skyldur kennimanna

